ALÞINGISTÍÐINDI

1947

SEXTUGASTA OG SJÖUNDA LÖGGJAFARÞING

C

UMRÆÐUR

UM

FALLIN FRUMVÖRP OG ÓÚTRÆDD

REYKJAVÍK 1951
BORGARPRENT

Efnisskrá C-deildar.

	Bls.
Almannatryggingar:	
Frv. HermG	179
Frv. SkG o. fl.	281
Áburðarverksmiðja	152
Barnavernd og ungmenna	465
Beitumál	92
Bifreiðaskattur o. fl.	285
Bindindisstarfsemi	586
Brunatryggingar á Akureyri og Siglufirði	180
Dýrtíðarráðstafanir (frv. EOl o. fl.)	369
Faxaflóasíld	90
Fiskiðjuver í Höfn í Hornafirði	640
Fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit:	
Frv. meiri hl. fjhn. Nd.	410
Frv. SigfS	1
Fjárlög 1948 (fyrra frv.)	107
Heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir	468
Héraðshæli	280
Húsaleiga	648
Hvíldartími háseta á botnvörpuskipum	97
Iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð	68
Iðnskóli í sveit	702
Kjötmat o. fl.	151
Landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum	284
Landsbókasafn	151
Landshöfn í Höfn í Hornafirði	555
Landshöfn í Þórshöfn	64
Menningarsjóður	709
Menntaskólar (frv. HV og PZ)	497
Nýjar síldarverksmiðjur	296
Orlof	180
Raforkulög	295
Reykjavíkurhöfn	447
Ríkisborgararéttur	155
Ræktunarlönd og byggingarlóðir	153
Síldarbræðsluskip o. fl.	633
Sjúkrahús o. fl.	634
Skipaafgreiðsla í Vestmannaeyjum	708
Skyldueintök til bókasafna	151
Stóribúðaskattur	706
Striðsgróðaskattur	445
Symfóníuhljómsveit Íslands	476
Sölugjald af jörðum	608
Ullarverksmiðja í Hafnarfirði	456
Útfarir	473
Útrýming villiminka	310
Útsvör	167
Vegalagabreyting	495
Veiting prestakalla	264
Verbúðir	260
Vinnumiðlun	55
Þurrkvi við Elliðaárvog	86
Ölgerð og sölumeðferð öls	187
Öryggi verkamanna við vinnu	263

Lagafrumvarp fellt.

Fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit (frv. SigfS).

Á 5. fundi í Nd., 13. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt á l. nr. 70 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit (þmfrv., A. 20).

Á 9. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Forseti (BG): Útvarpsumræðum þessum verður hagað þannig, að hver flokkur fær 45 mín. til umráða, 25 mín. í fyrri umferð, en 20 mín. í þeirri síðari. Röð flokkanna við báðar umferðir verður þessi: Sameiningarflokkur alþýðu, sósialistafl., Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur, og Alþýðuflokkur. Fyrstur tekur til máls hv. 6. þm. Reykv., Sigfús Sigurhjartarson, og talar af hálfu Sameiningarflokks alþýðu.

Flm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Háttvirtu hlustendur. Ég hef leyft mér að flytja frv. um breyt. á 12. gr. laga um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit. Þessi grein laganna fjallar um hlutverk viðskiptanefndar, og er það m. a. að úthluta innflutnings- og gjaldeyrisleyfum. Til leiðbeiningar nefndinni í þessu starfi setti Alþingi þessi fyrirmæli: „Sé úthlutun við það miðuð, að verzlunarkostnaður og gjaldeyriseyðsla verði sem minnst. Reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu. Skal þetta gilda jafnt um kaupmannaverzlanir og samvinnuverzlanir og miðað við það, að neytendur geti haft viðskipti sín þar, sem þeir telja sér hagkvæmast."

Svo mörg eru þau orð. Ekki hljóma þau illa. En með hliðsjón af fenginni reynslu og því, að nú hefur verið horfið að því ráði, sem fyrr hefði átt að vera upp tekið, að skammta allmargar vörur til neytenda, hef ég leyft mér að leggja til, að löggjafinn bæti við þessi fyrirmæli eftirfarandi orðum:

„Meðan fleiri eða færri vörutegundir eru háðar skömmtun til neytenda, skulu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til verzlana eða iðnfyrirtækja fyrir hinni skömmtuðu vöru vera í samræmi við afhenta skömmtunarseðla þeirra til viðskiptanefndar. Komi í ljós, að verzlun eða iðnfyrirtæki hafi í byrjun skömmtunartímabils haft óeðlilega litlar birgðir, skal veita henni fyrirfram leyfi eftir nánar tilteknum reglum.

Viðskiptamanni skal heimilt, ef verzlun eða iðnfyrirtæki hefur eigi nægilega mikið af tiltekinni skömmtunarvöru til að fullnægja eftirspurn, að afhenda verzluninni skömmtunarseðla sína og fela henni að annast útvegun vörunnar fyrir sig, enda ber þá að veita henni innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til þess."

Ég skal nú rekja meginrök fyrir þessari brtt.

Ég geri ráð fyrir, að í orði kveðnu séu allir sammála um, að rétt sé og skylt að gera sérhverjum þegn frjálst að velja sér verzlun, velja um, hvort hann vill heldur verzla við kaupfélag eða kaupmann og þá hvaða kaupfélag eða hvaða kaupmann, þeirra er til næst. Enginn efi er á því, að allur almenningur gerir sér þess ljósa grein, hvað hagsmunum hans hentar bezt í þessu efni, og fái hann frelsi til að velja, munu vissulega skapast verzlunarhættir, sem hagkvæmir eru jafnt einstaklingunum sem þjóðarheildinni.

Á undanförnum áratugum hefur þjóðin verið að velja milli kaupmanna og kaupfélaga, og það orkar ekki tvímælis, að frelsið til að velja milli þessara aðila hefur leitt til stórbættra verzlunarhátta. Nú standa sakir þannig, að 26 þúsundir manna hafa gerzt félagar þeirra kaupfélaga, sem mynda SÍS. Vörusala kaupfélaganna er í samræmi við þessa félagatölu, þ.e.a.s. hvað matvöruna snertir. Það hefur sem sé komið í ljós, að Sambandið flytur inn vegna þessara félaga rúmlega helminginn af allri þeirri kornvöru, sem til landsins flyzt, og milli 40 og 50% af sykri. Þessar tölur þýða, að því sem næst helmingur þjóðarinnar óskar að fela kaupfélögunum að útvega sér matvörur, hinn helmingurinn kýs kaupmannaverzlun fremur.

En þetta var um matvöruna. Öðru máli gegnir, þegar farið er að athuga aðrar nauðsynjavörur almennings, svo sem vefnaðarvörur, búsáhöld, skófatnað, rafknúin heimilistæki, byggingarvörur, ávexti, hreinlætisvörur o. fl. Þá kemur í ljós, að af þessum vöruflokkum flytur SÍS inn um 15%, en heildsalarnir um 85%.

Þegar þessar staðreyndir eru athugaðar, verður ekki komizt hjá að spyrja: Getur það verið, að helmingur þjóðarinnar óski að fela kaupfélögunum að útvega sér matvörur, en aðeins sjöundi hver maður vefnaðarvörur, búsáhöld, skófatnað, heimilisvélar, byggingarefni o. s. frv.? Það er mjög ósennilegt.

Þá vaknar næst sú spurning, hvor þessara vöruflokka sé betri mælikvarði á vilja fólksins. Hvort eru það heldur 50% þjóðarinnar eða 15%, sem vilja verzla við kaupfélög fremur en kaupmenn?

Félagatala SÍS bendir til þess, að 50% sé réttari mælikvarði. En þó er það annað, sem styður þessa

skoðun enn betur. Aðstaða Sambandsins og heildsalanna til að flytja inn matvörur hefur frá upphafi vega og allt til þessa dags verið jöfn. Engar hömlur hafa verið lagðar á innbyrðiskeppni þeirra um þessar vörur. Bæði kaupfélög og kaupmenn gátu því fullnægt viðskiptavinum sínum á þessu sviði. Hér gat almenningur gengið frjáls til verzlunar og valið milli kaupfélaga og kaupmanna.

Hvað vefnaðarvöru, búsáhöld, skófatnað og aðrar slíkar vörur snertir, gegnir öðru máli. Í meir en áratug hafa allir þessir vöruflokkar verið háðir raunhæfum innflutnings- og gjaldeyrishömlum. Voldugar nefndir hafa af náð sinni úthlutað þessum leyfum. Niðurstaða þessara voldugu nefnda hefur orðið þessi: Sambandið skal fá 15%, þegar heildsalarnir fá 85%.

Af þessu hefur leitt, að kaupfélögin hafa sumpart alls ekki getað fullnægt eftirspurn félaga sinna hvað þessar vörur snertir, og sumpart orðið að ganga framhjá sínum eigin samtökum, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, og kaupa þær hjá heildsölum, og er hvorugur kosturinn góður, þó svo að segja hvert einasta kaupfélag hafi orðið að sæta báðum.

Samvinnumenn hafa þrásinnis borið fram kröfu um að fá hlut sinn réttan í þessu efni. Á aðalfundi SÍS, sem haldinn var á Blönduósi 1946, var mál þetta tekið til rækilegrar meðferðar. Forstjóri Sambandsins, herra Vilhjálmur Þór, bar þar fram svo hljóðandi tillögu:

„Fundurinn lýsir yfir þeim skilningi, að aðeins með frjálsri og haftalausri verzlun verði bezt leystar verzlunarþarfir fólksins í landinu.

Því beinir fundurinn þeirri ákveðnu áskorun til Alþingis og ríkisstjórnarinnar, að öll höft á innflutningsverzlunum, sem ekki eru óumflýjanleg vegna millirikjasamninga, verði strax felld úr gildi.

Meðan einhver innflutningshöft eru við lýði, gerir fundurinn þá kröfu, að úthlutun innflutningsleyfa, hvað Sambandið og samvinnufélögin snertir, verði í hlutfalli við innflutningsmagn þeirra á matvöru, sem ekki hefur verið takmarkað að undanförnu."

Þessi tillaga var samþ. með shlj. atkv.

Vilji samvinnumanna kemur þarna skýrt í ljós. Þeir kjósa jafnréttisaðstöðu við aðra innflytjendur. Sú jafnréttisaðstaða fæst, ef innflutningurinn er frjáls. Hins vegar er samvinnumönnum ljóst, að bæði erlendar og hérlendar ástæður valda því, að ekki getur verið um frjálsa millirikjaverzlun að ræða, og er þá að taka þann kostinn að gera þá **kröfu,** eins og sambandsfundurinn orðaði það, að hlutdeild þeirra í heildarinnflutningi matvörunnar verði lögð til grundvallar fyrir innflutningsleyfum annarra vöruflokka.

Þegar frumvarpið um fjárhagsráð var til meðferðar á síðasta þingi, þótti mér rétt og skylt að bera fram þessar kröfur samvinnumanna, og það því fremur, sem það kaupfélag, er ég var fulltrúi fyrir á SÍS-fundinum, Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, hefur mjög orðið fyrir barðinu á hinum ranglátu reglum, sem fylgt hefur verið um úthlutun innflutningsleyfanna. Ég flutti því svo hljóðandi brtt. við hina áðurnefndu 12. grein:

„Samvinnufélög skulu eiga kost á að fá að minnsta kosti sömu hlutdeild í heildarinnflutningi vefnaðarvöru, búsáhalda, skófatnaðar og byggingarefnis, sem þau hafa á matvöruinnflutningi á hverjum tíma, enda séu engar hömlur lagðar á matvörukaup þeirra."

Vel hefði mátt ætla, að þessi tillaga sigldi hraðbyri gegnum þingið, svo marga játendur sem samvinnustefnan á þar. Það er sem sé ekki annað vitað en að þrír þingflokkar með 32 þingmenn telji sig fylgjendur þess, að þjóðin verzli á samvinnugrundvelli. Ég á að sjálfsögðu við Alþfl., Framsfl., og Sósfl. Samvinnumenn gátu því vænzt, að kröfur þeirra um skýlausan rétt yrðu ekki fyrir borð bornar.

En margt fer öðruvísi en ætlað er. Einróma kröfur SÍS-fundarins áttu ekki formælendur á Alþingi utan flokks sósíalista, nema hv. þm. S-Þ., Jónas Jónsson, og hv. 2. þm. N-M., Halldór Ásgrímsson.

Það ræður nú af líkum, að háttv. þingmenn Framsfl., sem margir höfðu greitt hinni einróma kröfu SÍS-fundarins atkvæði norður á Blönduósi, þurftu að gera einhverja grein fyrir því, hvernig þeir gátu greitt atkvæði **gegn henni** á Alþingi. Hv. fyrri þm. Árn., Jörundur Brynjólfsson, reið á vaðið og gerði grein fyrir atkv. sínu með þessum orðum:

„Um afgreiðslu þessa máls er samkomulag milli stjórnarflokkanna. Það samrýmist ekki þeim stjórnarsamningi að lögfesta þessa brtt. Framkvæmd málsins, sem brtt. er um, verður í höndum fjárhagsráðs, og í trausti þess, að þar verði gætt réttlinda samvinnumanna, segi ég nei."

Hæstv. menntmrh., Eysteini Jónssyni, — en hann á sem kunnugt er sæti í stjórn SÍS, — þótti rétt að gera einnig grein fyrir sínu atkvæði. Hann gerði það með þessum orðum:

„Eins og hv. fyrri þm. Árn., Jörundur Brynjólfsson, tók fram, er mál þetta afgr. með samningi milli stjórnarflokkanna og í sambandi við önnur mál. Hefur orðið samkomulag um það orðalag á niðurlagi 1. tölul. 11. gr., sem greinir á þskj. 820. Framkvæmd þessa máls verður á valdi fjárhagsráðs. Og í trausti þess, að samvinnufélögin njóti þar fulls réttar, svo sem ráð er fyrir gert í frv. og brtt. á þskj. 820, þá segi ég nei."

Framsóknarmenn flestir eða allir, sem greiddu atkv. gegn till., vitnuðu til fyrirvara þeirra Jörundar og Eysteins. Slíkt hið sama gerðu sumir Alþýðuflokksmenn. Á aðalfundi Sambands ísl. samvinnufélaga, sem haldinn var á Þingvöllum á síðasti. sumri, voru þessi mál ýtarlega rædd. Allir voru á einu máli um, að kaupfélögin hefðu enga leiðréttingu fengið á sínum málum hvað innflutninginn snerti. Traust háttv. framsóknarmanna á framkvæmd fjárhagsráðs hafði orðið sér til skammar. Um þetta efni segir svo í fundargerð SÍS-fundarins:

„Helgi Þorsteinsson framkvæmdastjóri hafði framsögu um innflutnings- og gjaldeyrismál. Lýsti hann í glöggu máli og með talandi tölum, hversu afskipt kaupfélögin hefðu að undanförnu verið um innflutning til landsins á ýmsum vöruflokkum, miðað við innflutning þeirra á skömmtunarvörum, sem að mestu hefðu verið frjálsar. Í lok ræðu sinnar lagði hann fram tillögu, sem hér fer á eftir, og voru meðflutningsmenn að till. ýmsir kaupfélagsstjórar:

„Fundurinn telur núverandi grundvallarreglur viðskiptaráðs fyrir leyfisveitingum með öllu óviðunandi og að þær — að því er til kaupfélaganna tekur — miðist alls ekki við raunverulegar þarfir félagsmanna þeirra. Virðist mjög aðkallandi, að bót verði ráðin á núverandi ástandi við leyfisveitingar á yfirstandandi ári.

Það er því eindregið álit fundarins, að sanngjarn innflutningur fyrir kaupfélögin á vefnaðarvörum,

skófatnaði, búsáhöldum, rafknúnum heimilistækjum, byggingarvörum alls konar, ávöxtum og nýlenduvörum, hreinlætisvörum og hráefnum til iðnaðar fáist ekki nema því aðeins, að leyfisveitingar til kaupfélaganna á þessum vörum verði nú miðaðar við sölu félaganna á skömmtunarvörum árin 1944 og 1945 og síðan áframhaldandi í sömu hlutföllum og félögin selja þessar vörutegundir (þ.e. skömmtunarvörurnar) árlega."

Auk framsögumanna tóku til máls Þorsteinn Jónsson og Eysteinn Jónsson. Tillagan var því næst samþ. í einu hljóði."

Rétt útskrift úr gerðabók Sambandsins er staðfest af *Magnúsi Guðmundssyni*.

Í ræðu þeirri, er Eysteinn Jónsson flutti, skoraði hann á alla fundarmenn að gera allt, sem þeir gætu, hver innan síns stjórnmálaflokks, til að tryggja kaupfélögunum réttlæti í innflutningsmálunum. Trú hans á það, að fjárhagsráðið eða viðskiptanefnd þess léti samvinnufélögin njóta fulls réttar, eins og hann orðaði það á síðasta þingi, virtist vera farin að dvína, og ef marka má Tímann, hefur hún ekki hjarnað við síðan. Tíminn hefur þrásinnis ritað um þetta mál í sumar og hefur átalið stjórnina harðlega fyrir að veita kaupfélögunum ekki þann rétt, sem þeim bæri. Fulltrúar Framsfl. í fjárhagsráði, Hermann Jónasson, formaður flokksins, og Sigtryggur Klemenzson, hafa að því er Tíminn skýrir frá tekið innflutningsmál samvinnufélaganna upp á þeim vettvangi án þess að fá nokkru um þokað hvað framkvæmdina snertir. Sem dæmi um skrif Tímans um þetta mál má taka forsíðugrein, er birtist 2. þessa *mánaðar*. Fyrirsögnin var:

„Deilan í sambandi við skömmtunar- og innflutningsreglurnar.

Tryggja verður neytendum fullt frelsi til að verzla þar, sem þeir telja sér hagkvæmast.

Á að gera neytendur ofurseldari verzlununum en áður samtímis því, að kaupgeta þeirra fer minnkandi?" Síðan segir Tíminn:

„Eins og áður hefur verið sagt frá hér í blaðinu, samþykkti meiri hluti fjárhagsráðs (Sigtryggur Klemenzson, Hermann Jónasson og Finnur Jónsson), þegar bráðabirgðaskömmtunin var ákveðin, að úthlutun innflutningsleyfa yrði bundin við afhendingu skömmtunarseðla. Með þessu var neytendum tryggt, að þeir gætu haft viðskipti sín þar, sem þeir teldu sér hagkvæmast að verzla. Jafnframt var svarti markaðurinn nokkurn veginn útilokaður. — Minni hluti fjárhagsráðs (Magnús Jónsson og Oddur Guðjónsson) undi ekki þessari ákvörðun og skaut málinu til ríkisstjórnar. Meiri hluti ríkisstjórnarinnar (Bjarni Benediktsson, Emil Jónsson og Jóhann Þ. Jósefsson) frestaði að taka ákvörðun um málið. Fjárhagsráð hófst síðan handa um að setja skömmtunarreglur til frambúðar, og lögðu þeir Hermann Jónasson og Sigtryggur Klemenzson þá til, að áðurgreindar tillögur yrðu teknar upp í þær. Meiri hluti fjárhagsráðs vísaði þá tillögunni frá, en Hermann og Sigtryggur vísuðu þá málinu til ríkisstjórnarinnar, og hefur meiri hluti hennar ekki viljað taka þær til greina."

Tíminn hefur birt langa og ýtarlega greinargerð, er þeir Hermann og Sigtryggur létu fylgja með tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar, og segir þar svo m.a.:

„Tillögur okkar snerta framkvæmd sjálfra skömmtunarákvæðanna beinlínis. Það er hætt við og raunar víst, að meiri vörubirgðir verði til en vörukönnun tilgreinir. Liggja til þess mjög augljós rök, sem ekki er þörf að tína til. Ef reglur okkar ná ekki samþykki, er augljóst, að seljendur fá svigrúm til að selja vörur á svörtum markaði án þess að heimta skömmtunarseðla. Ef reglur okkar gilda, er þetta ekki framkvæmanlegt nema seljandi vinni framtíðaratvinnu sinni tjón, og það mundu fæstir kjósa.

En meginrök okkar fyrir tillögunum eru þó önnur. Það er auðsætt, að jarðvegur fyrir ískyggilegan svartan markað á aðfluttum vörum er að skapast í landinu. Þessu veldur:

1. Þjóðin hefur vanizt mikilli neyzlu á innfluttum vörum.

2. Kaupgeta er mikil í landinu hjá mörgum. Skyndilega verður að draga stórlega úr innflutningi, er veldur vöruskorti.

Í skömmtunarreglunum, eða samtímis því að þær eru settar, ber því að setja ákvæði, sem fyrirbyggja svo sem verða má ógnir svarta markaðarins fyrir þjóðina. Skömmtun, án þess að slíkar varúðarráðstafanir væru gerðar, væri glapræði. Þegar hörgull verður á vörum, fær sá, sem leyft er að flytja vörurnar inn og hefur þær á boðstólum, vald yfir peningamálum neytandans, sem ósamboðið er frjálsu þjóðfélagi. Neyzluvörur verða fluttar inn miðað við brýnustu þörf neytenda. Þessar vörur skiptast milli góðra verzlana, þeirra, sem eru í meðallagi, og hinna, sem eru lélegar. Neytendur kaupa vörur *sennilega fyrst þar, sem þær eru ódýrastar*, en að síðustu verða þeir að kaupa þær þar, sem þær eru dýrastar og lélegastar, því að í önnur hús er ekki að venda. Valdboðið um innflutningsleyfi kemur frá stjórnarvöldunum og viðheldur þessu skipulagi án þess að neytendur fái nokkru um það ráðið. Ef reglur okkar verða teknar í gildi, er neytendunum hins vegar afhent dómsvaldið um það, hverjir selja beztar vörur og ódýrastar, og jafnframt frjálsræði um það, hvar þeir verzla, eins og ætlazt er til samkv. 12. gr. laganna. Jafnframt er svarti markaðurinn heftur. — Neytendur geta þá eflt þær verzlanir, sem selja beztar og ódýrastar vörur, og jafnframt lagt niður okurstofnanir, sem eru hvort tveggja í senn, lélegir þjónar neytendanna og þjóðarbúsins í heild, vegna lélegra innkaupa. Með þessu *móti er hlutskiptunum snúið við*. Án okkar reglna eru neytendur fjárhagslega á valdi innflytjendanna, ef okkar reglur hins vegar gilda, eru innflytjendurnir þjónar neytendanna og tilvera þeirra er háð því, hvernig þeir reynast neytendunum.

Innflytjendur, sérstaklega formælendur frjálsrar samkeppni, ættu að vera ánægðir með þetta skipulag, sem reist er á grundvelli samkeppninnar, þar sem hver verzlun ber sitt úr býtum í samræmi við verðleika.

Það mætti fleira um þetta segja, sem verður þó látið ósagt að sinni. Eitt viljum við þó taka fram að lokum: Það er fyrirsjáanlegt, að innan skamms verður að gera stórfelldar ráðstafanir til lækkunar á dýrtíðinni, þar sem þjóðin öll verður að færa fórnir. Það væri hættuleg byrjun að ganga þannig frá *reglum um skömmtun og innflutning*, að neytendur væru ofurseldari innflytjendum en nokkru sinni fyrr, samtímis því, að kaupgeta þeirra færi minnkandi. Hitt mundi flestum þykja sanni nær, að veita neytendum samtímis fullt frelsi til að nota kaupgetu sína sem bezt með því að gera þeim mögulegt að verzla þar, sem þeir fá bezta og ódýrasta

vöru fyrir fjármuni sína. Án þess að fjölyrða meira um þetta, viljum við vekja alveg sérstaka athygli ríkisstjórnarinnar á þessum þætti málsins, vegna þess hve hann er stórvægilegur.“

Þetta voru röksemdir Hermanns Jónassonar og Sigtryggs Klemenzsonar fyrir þeim tillögum, sem þeir hafa flutt í fjárhagsráði. Ég hef nú leyft mér að taka þær upp í frumvarpsformi, því ég tel, að með því að lögfesta þær verði fullnægt þeim kröfum, sem tveir aðalfundir SÍS hafa borið fram fyrir hönd allra samvinnumanna í landinu. Um rök fyrir þessu læt ég nægja að vísa til þess, sem ég hef áður lesið úr því, sem Tíminn hefur birt um þetta mál. Aðeins vil ég bæta því við, að með því að flytja málið inn á Alþingi er ég að verða við beiðni Eysteins Jónssonar, þeirri er hann bar fram á SÍS-fundi í sumar, að vinna að framgangi þess eftir því, sem í mínu valdi stendur. Þetta tel ég mér skylt að gera, m. a. vegna þeirra sex þúsund Reykvíkinga, sem mynda það kaupfélag, sem ég hef verið fulltrúi fyrir á SÍS-fundum. Þeir hafa þrátt orðið að ganga bónleiðir frá búðum sínum, er þeir hafa spurt um vefnaðarvörur, búsáhöld, skófatnað, heimilisvélar o. fl. þess háttar, vegna þess að SÍS hefur ekki getað útvegað félaginu þessar vörur og kaupmenn hafa greiðari aðgang að heildsölum en kaupfélagið. Hlutskipti Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis hefur sem sé verið hið sama og annarra kaupfélaga, að selja matvörur fyrst og fremst. Á þeim er sem vera ber lægst álagning allra vara, en sala þeirra vöruflokka, sem álagningarhærri eru, hefur fyrst og fremst orðið hlutskipti kaupmannanna, þakkað verði þeim reglum, sem gilt hafa og gilda um úthlutun innflutningsleyfa.

En hvernig stendur á því, að svo erfitt reyndist að kippa þessu í lag? Er það ekki svo sem sjálfsagt, að skipta eigi innflutningnum milli SÍS annars vegar og heildsalanna hins vegar í réttu hlutfalli við skiptingu þjóðarinnar í samvinnumenn og samkeppnismenn á sviði verzlunarmálanna? Rétt er að veita því athygli, að framsóknarmenn halda því fram, að stjórnarsamningurinn geri beinlínis ráð fyrir, að í framkvæmdinni sé þannig skipt, og orðalag 12. greinar laga um fjárhagsráð skýra þeir svo, að einnig samkvæmt henni beri að úthluta innflutningsleyfum í samræmi við endurtekna réttlætiskröfu SÍS-fundanna. En þrátt fyrir allt þetta og þrátt fyrir þátttöku þeirra í ríkisstjórn, þrátt fyrir ráðherradóm Eysteins Jónssonar, sem er meðlimur í stjórn SÍS, hefur þeim ekki tekizt að fá hlut samvinnumanna réttan.

Takið eftir hinni einkennilegu verkaskiptingu, sem átt hefur sér stað í þessu máli. Fulltrúar Framsfl. í fjárhagsráði bera fram kröfur samvinnumanna. Fulltrúi Alþfl., Finnur Jónsson, tekur undir þær. Fjárhagsráð fellst á þær gegn atkvæðum Sjálfstfl. Minni hluti fjárhagsráðs, sjálfstæðismennirnir Magnús Jónsson og Oddur Guðjónsson, unir ekki þessum úrslitum. Þeir áfrýja málinu til ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin stöðvar málið. Ráðherrar Sjálfstfl. eru í samræmi við afstöðu fulltrúa sama flokks í fjárhagsráði, en þeir fá í lið með sér hæstv. viðskiptamálaráðherra, Emil Jónsson. Þannig stendur fulltrúi Alþfl. í ríkisstjórn gegn fulltrúa Alþfl. í fjárhagsráði — Emil gegn Finni Jónssyni.

Fulltrúar Framsfl. í fjárhagsráði taka málið upp á ný. En nú ber svo við, að þeir virðast standa þar einir. Fulltrúi Alþfl. ljær þeim nú ekki lengur lið, og niðurstaðan er, að allt stendur enn við hið sama. SÍS fær að flytja inn 50% af matvörunni, heildsalarnir annað eins, en Sambandið aðeins 15% af þeim vörum, sem arðvænlegast er að flytja inn, en heildsalarnir 85%. Hvaða öfl eru hér að verki? Hverra hagsmuna er verið að gæta?

Ekki þeirra 26 þúsunda, sem eru meðlimir sambandsfélaganna. Ekki þess helmings þjóðarinnar, sem hefur falið sambandsfélögunum að annast matvöruverzlunina fyrir sig. Samkv. opinberri skýrslu voru 222 heildsölufyrirtæki starfandi í landinu á síðastl. ári. Þar af 207 í Reykjavík. Það þarf engum getum að því að leiða, að þessir 222 heildsalar hafa sótt fast að fá sem mest af innflutningnum til landsins í sínar hendur. Það er nú eitt sinn þeirra starf. Og ríkisvaldið hefur dæmt. Það hefur sagt: Af þeim vörum, sem hagkvæmast er að verzla með, skuluð þið fá 85%, samvinnumenn aðeins 15%.

Hér er komið að merg málsins. Ríkisstjórnin berst fyrir hagsmunum 222 heildsala gegn hagsmunum 26 þúsund samvinnumanna.

Ef til vill spyr nú einhver, hvort frumvarp mitt breyti þessu, ef að lögum verður. — Já, vissulega mundi það breyta þessu. Samkv. því mundu kaupfélög og kaupmenn fá innkaupaheimildirnar beint í sínar hendur. Kaupfélögin mundu að sjálfsögðu fela sínum eigin samtökum, SÍS, innflutning þeirra vara, sem þau fengju leyfi fyrir.

En kaupmenn, hvað mundu þeir gera?

Mundu þeir fela 222 heildsölum að annast innflutninginn? Ekki er það sennilegt. Þeir mundu ugglaust taka samvinnumenn sér til fyrirmyndar, mynda sitt eigið innkaupasamband og þar með spara sér og þjóðinni stórfé. Baráttan fyrir frjálsu vali milli kaupmanna og kaupfélaga er því ekki aðeins barátta fyrir réttlæti til handa samvinnumönnum, heldur og barátta fyrir réttlæti handa þeim, sem vilja verzla við kaupmenn, og barátta fyrir því að leysa smásalana af klafa heildsalanna.

Þetta er hagsmunabarátta þjóðarinnar gegn hagsmunabaráttu 222 heildsala.

Mér hefur þótt rétt að færa þessa baráttu inn á vettvang Alþingis og því flyt ég nú í frumvarpsformi þær tillögur, sem framsóknarmenn hafa barizt fyrir án árangurs á öðrum vettvangi. Mér þótti rétt að gefa þingflokkunum kost á að ræða málið í áheyrn alþjóðar, svo að ekki fari á milli mála, hverjir berjast fyrir hagsmunum hinna 222 heildsala gegn hagsmunum þjóðarinnar. Þingflokkunum var að venju boðið upp á samkomulag um þessar umræður. Framsfl. svaraði játandi, að hann vildi samkomulag um umræðurnar. Alþfl. svaraði neitandi. Sjálfstfl. svaraði neitandi. Sósialistaflokkurinn varð því að krefjast umræðnanna, og fara þær nú fram samkv. kröfu hans og í skjóli þess réttar, sem þingsköpin veita.

Herra forseti. Ég legg til, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Forseti (BG): Hv. 6. þm. Reykv. (SigfS) lauk máli sínu. Hann mælti af hálfu Sameiningarflokks alþýðu — Sósialistafl. Tekur nú til máls hv. þm. V-Húnv., Skúli Guðmundsson, og talar f.h. Framsfl.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er fram borið af hv. 6. þm. Reykv. (SigfS). Það fjallar um breyt. á l. um fjárhagsráð, sem samþ. voru á Alþ. s.l. vor. Þegar það mál var

til meðferðar hér í deildinni á síðasta þingi, bar þessi sami hv. þm. (SigfS) fram brtt. við frv. Við það tækifæri flutti hann ræðu, sem hann sjálfur hefur orðið svo hrifinn af, að hann hefur látið prenta hana í grg. þess frv., sem hér liggur fyrir, til þess að tryggja það, að hún kæmi tvisvar í þingtíðindunum. Aðalefni þessarar ræðu hans var lýsing á því, hvað illa hefði verið búið að kaupfélögunum í landinu, að því er snerti úthlutun innflutningsleyfa, á þeim árum, sem hans flokkur, Sameiningarfl. alþýðu — Sósialistaflokkurinn, var þátttakandi í stjórn landsins, en þá stjórn studdi hv. 6. þm. Reykv. eftir mætti. Mun sízt ofmælt það, sem hann sagði í ræðu sinni um þetta. En það er eftirtektarvert, að áhugi hans og flokksbræðra hans fyrir leiðréttingum í þessu efni og raunar fleirum vaknar þá fyrst, þegar þeir eru farnir úr ríkisstjórninni. Meðan þeir sátu þar, varð ekki vart neinna umbóta á þessu sviði eða tillagna frá þeim um þær, hvorki í ríkisstjórn né á Alþ., heldur stefndi þá allt í öfuga átt og til vaxandi ranglætis í þessum efnum.

Brtt. sú við frv. um fjárhagsráð, er hv. 6. þm. Reykv. flutti á síðasta þingi, var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Samvinnufélög skulu eiga kost á að fá að minnsta kosti sömu hlutdeild í heildarinnflutningi vefnaðarvöru, skófatnaðar og byggingarefnis, sem þau hafa í matvöruinnflutningi á hverjum tíma, enda séu engar hömlur lagðar á matvörukaup þeirra.“ Þessi till. hv. 6. þm. Reykv. var felld hér í Nd., enda var hún svo klaufalega orðuð, að ekki var unnt að samþykkja hana. Hún var alls ekki samhljóða þeirri till., sem samþ. var á aðalfundi S.Í.S. á Blönduósi í fyrra og hv. 6. þm. Reykv. talaði um í ræðu sinni áðan. Samkv. niðurlagi till. mátti engar hömlur leggja á matvörukaup samvinnufélaganna. Þetta var ekki fært að setja í lög, því að búast mátti við því, eins og nú þegar er komið á daginn, að óhjákvæmilegt gæti orðið að leggja hömlur á matvörukaup til landsins yfirleitt, og þá hlutu samvinnumenn og félög þeirra að sjálfsögðu að búa við þær hömlur eins og aðrir. Það er alkunnugt, að hlutur samvinnufélaganna hafði verið gerður minni en sanngjarnt var við skiptingu innflutningsins á undanförnum árum, sérstaklega af þeirri ríkisstjórn, sem studd var af hv. 6. þm. Reykv. En þó að allmargir þm. sæju nauðsyn þess að rétta hlut félaganna, gátu þeir ekki samþ. till. hv. 6. þm. Reykv. á síðasta þingi, vegna þess hvernig hún var úr garði gerð. Í stað þess var þá samþ. brtt. frá meiri hl. fjhn. við 12. gr. frv. um fjárhagsráð, sem samkomulag varð um milli stjórnarflokkanna og stefndi að auknu réttlæti í úthlutun innflutningsleyfa, eins og ég mun leiða rök að.

Nú flytur hv. 6. þm. Reykv. aftur till. um breyt. á l. um fjárhagsráð, og í þetta sinn hefur hann betur til vandað, því að nú tekur hann til flutnings till., sem fram hefur komið í fjárhagsráði frá fulltrúum Framsfl. þar, þeim Hermanni Jónassyni, hv. þm. Str., og Sigtryggi Klemenzsyni lögfræðingi, og ber hana hér fram með litlum breyt. Í stað þess að bera fram sína gömlu till. frá því í vor, hefur hv. 6. þm. Reykv. þannig farið í smiðju til sér færari manna og tekið þaðan til flutnings skynsamlega gerða till.

Um till. þeirra Hermanns og Sigtryggs er gott eitt að segja, og vel getur komið til mála að setja slík ákvæði beinlínis í lögin um fjárhagsráð, eins og hv. 6. þm. Reykv. leggur til, ef menn að athuguðu máli komast að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt sé að gera lagafyrirmælin enn ákveðnari og gleggri en þau eru nú. En annars hef ég litið svo á, að lögin um fjárhagsráð væru svo glögg að því er þetta atriði snertir, að þar væri bæði samvinnumönnum og öðrum tryggt réttlæti í úthlutun innflutningsleyfa og það frelsi, sem unnt er að hafa í þeim efnum, eins og hagur þjóðarinnar er nú, ef aðeins er farið eftir lögunum við framkvæmd þessara mála. Og vitanlega verður að gera ráð fyrir því, að þessi lög eins og önnur verði framkvæmd.

Flestir munu á einu máli um það, að æskilegast væri að hafa frjálsa og haftalausa verzlun. Þá gætu allir viðskiptum sínum eftir því, sem þeir teldu sér hagkvæmast hverju sinni, þá gæti eðlileg og heilbrigð samkeppni átt sér stað milli þeirra, sem fást við viðskipti til landsins og vörusölu innanlands, og þá mætti ætla, að það hæfasta héldi velli. En því er ekki að heilsa, að þjóðin geti búið við fullt frelsi í þessum efnum, eins og fjárhagsástæður hennar og viðskiptaástandið í heiminum er nú. Meira að segja fyrir 2—3 árum, þegar Íslendingar áttu innieignir hjá öðrum þjóðum, sem námu hundruðum milljóna króna, þótti ekki fært að aflétta gjaldeyrisviðskiptahömlunum. Á þeim árum var þó yfirstjórn viðskiptamálanna hér hjá flokki, sem hefur frjálsa verzlun mjög framarlega á sinni stefnuskrá. Það getur því enginn vænzt þess, að nú, þegar allar innieignir landsmanna erlendis eru gersamlega til þurrðar gengnar, sé hægt að afnema viðskiptahöftin, enda hefur enginn treyst sér til þess að bera fram till. um það. En jafnsjálfsagt er hitt, að haga yfirstjórn og framkvæmdum á verzlunarsviðinu þannig, að landsmenn fái að njóta svo mikils frjálsræðis sem unnt er, innan þeirra viðskiptamúra og varnargarða, sem óhjákvæmilegt er að hafa.

Nú hefur reynzt óhjákvæmilegt að taka upp skömmtun á mörgum helztu nauðsynjavörunum, og þá er mjög þýðingarmikið og í alla staði sjálfsagt, að mönnum verði gefinn kostur á að kaupa hinar skömmtuðu vörur á þann hátt, sem þeir telja sér hagkvæmast, og hjá þeim fyrirtækjum, sem þeir óska að skipta við hverju sinni. Um þetta ættu allir að geta sameinazt, a. m. k. allir þeir, sem aðhyllast nokkurt frelsi í verzlun og viðskiptum.

Það var fyrst og fremst með þetta fyrir augum, sem meiri hl. fjhn. Nd. bar fram brtt. sína við 12. gr. frv. um fjárhagsráð á síðasta þingi. Tillaga þessi var samþ. af þingmönnum stjórnarflokkanna og frumvarpsgreinin afgreidd með þeirri breytingu. Ég vil nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér síðari málsgrein 12. gr. laganna um fjárhagsráð, er hefur að geyma ákvæði um úthlutun innflutningsleyfa. Þessi lagaákvæði eru þannig:

„Sé úthlutun leyfanna við það miðuð, að verzlunarkostnaður og gjaldeyriseyðsla verði sem minnst. Reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu. Skal þetta gilda jafnt um kaupmannaverzlun og samvinnuverzlanir og miðað við það, að neytendur geti haft viðskipti sín þar, sem þeir telja sér hagkvæmast að verzla“.

Þannig hljóða lagafyrirmælin. Þar er m. a. ákvæði um það, að reynt skuli að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup

gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu.

En hverjir eiga að dæma um þetta, og hverjir eru þar færastir um að dæma? Ég tel, að það séu notendur vörunnar, sem þurfa að kaupa útlenda varninginn. Það er fyrst og fremst **þeirra** hagsmunamál að gera sem bezt kaup hverju sinni, með tilliti til vörugæða og vöruverðs, og því verður að gera ráð fyrir, að þeir geri sér yfirleitt far um að leita sem hagkvæmastra viðskipta. Ekki sízt er mikilsvert fyrir alla landsmenn að reyna að ná sem beztum kaupum eins og nú er ástatt, þegar skömmtun er upp tekin á mörgum helztu nauðsynjum, og menn þurfa að gæta þess að fá sem bezt fullnægt þörfum sínum og heimila sinna með þeim innkaupaheimildum eða svokölluðum skömmtunarseðlum, sem þeir fá í hendur. — Enda er það ljóst af því, sem segir í framhaldi lagagreinarinnar, sem ég las, að til þess er ætlazt, að það séu notendur vörunnar, sem dæmi um það, hverjir geri hagkvæmust innkaup og selji vörur sínar ódýrastar í landinu. Í niðurlagi greinarinnar eru fyrirmæli um það, að úthlutun innflutningsleyfanna skuli við það miðuð, að neytendur geti haft viðskipti sín þar, sem þeir telja sér hagkvæmast að verzla.

Um það ætti ekki að þurfa að deila, að þetta lagaákvæði sé í alla staði eðlilegt og sjálfsagt. Heimilisfaðir, sem fær í sínar hendur skömmtunarseðla handa sér og fjölskyldu sinni fyrir ákveðið tímabil í senn, á auðvitað sjálfur að ráða því, hjá hvaða verzlun innlendri hann kaupir skömmtunarvörurnar. Hann á að hafa frjálsræði til þess að ganga á milli búða og leita fyrir sér, kynna sér það, hvar hann getur gert bezt kaupin, og þegar hann er kominn að niðurstöðu um það, á hann samkvæmt lögunum að geta keypt vörurnar þar, sem hann telur sér hagkvæmast að verzla.

Tillögur þeirra Hermanns Jónassonar og Sigtryggs Klemenzsonar, sem þeir hafa flutt í fjárhagsráði, eru byggðar á þessum lagafyrirmælum og í fullu samræmi við þau. Þar er lagt til m. a., að mönnum sé heimilt að afhenda ákveðinni verzlun skömmtunarseðla sína og fela henni að útvega viðkomandi vöru, ef þeir telja sér það hagfelldara en að kaupa gegn seðlunum vörur, sem þá kunna að vera fyrirliggjandi hjá einhverri verzlun. Þetta virðist vera heppileg leið og í fullu samræmi við bæði anda og bókstaf laganna.

Verði þessi aðferð notuð, er þar með fyrirbyggt, að menn neyðist til að kaupa gegn skömmtunarseðlunum vörur, sem þeir eru óánægðir með, en liggja í birgðum hjá einhverri verzlun, e. t. v. fyrir það, að þær hafa þótt óhentugar og dýrar. Í stað þess geta menn samið við aðrar verzlanir um útvegun á vörum gegn seðlunum og þannig tryggt sér útvegun á því, sem þeir hafa mesta þörf fyrir, sé það á annað borð fáanlegt, og með svo góðum kjörum sem völ er á.

En þótt ég telji tillögur þeirra Hermanns Jónassonar og Sigtryggs Klemenzsonar, sem hv. 6. þm. Reykv. hefur borið hér fram í frumvarpsformi, skynsamlegar og í fullu samræmi við ákvæði gildandi laga, þá er ekki þar með sagt, að ekki sé hægt að benda á aðrar aðferðir við framkvæmd laganna, sem geti leitt til viðunandi niðurstöðu. — Að sjálfsögðu geta menn látið í ljós þann vilja sinn að skipta við ákveðna verzlun einnig með öðru en því að afhenda henni skömmtunarseðla sína fyrirfram og panta hjá henni vörur gegn þeim. Ef t. d. 100 menn eða 500 menn senda fjárhagsráði yfirlýsingu um það, að nú óski þeir að hafa sín aðalviðskipti hjá einhverjum nafngreindum kaupmanni eða einhverju ákveðnu kaupfélagi, þá fæ ég ekki betur séð en þeir hafi lagalegan rétt samkv. lögunum um fjárhagsráð, eins og þau eru nú, til þess að fá vilja sínum fram komið. Þannig getur verið um fleiri en eina aðferð að ræða til að ná því marki, sem stefnt er að með ákvæðum laganna.

En á það vil ég leggja áherzlu, að þeir menn, sem gagnrýna tillögur framsóknarmanna í fjárhagsráði og andmæla þeim, skýri þá jafnframt fullgreinilega frá því, hvernig þeir vilja framkvæma lögin að þessu leyti, hvaða aðferð þeir vilja hafa, sem leiði til þeirrar niðurstöðu, að menn geti haft viðskipti sín þar, sem þeir telja sér hagkvæmast að verzla, eins og í lögunum segir.

Þegar rætt er um vöruinnflutning til landsins og skiptingu vörunnar milli verzlana í landinu og landsmanna, er ástæða til að vekja athygli á þeirri miklu samfærslu viðskiptanna á einn stað, sem orðið hefur nú síðustu árin. Viðskiptin hafa dregizt til Reykjavíkur að mestu leyti. Árið 1938, síðasta árið fyrir styrjöldina, komu rúml. 62% af innfluttum vörum á land í Reykjavík, en hinn hlutinn, tæp 38%, var fluttur frá útlöndum beint til annarra verzlunarstaða hér á landi. En skv. verzlunarskýrslunum 1944 fór 90% af innfluttum vörum það ár til Reykjavíkur, en aðeins 10% samtals til allra verzlunarstaða utan höfuðstaðarins. Þessi mikla breyting mun, a. m. k. að verulegu leyti, hafa orðið af styrjaldarástæðum. En þótt nú sé liðið á þriðja ár frá stríðslokum, hefur lítil breyting orðið á þessu enn sem komið er. Árið 1945 hafði Reykjavík um 88% af innflutningnum og sennilega svipað hlutfallslega 1946, en skýrslur um skiptingu innflutningsins það ár eru enn ekki komnar.

Hér þarf að verða breyting. Að vísu er margt fólk nú orðið búsett í Reykjavík og þeim byggðum sunnanlands, sem ekki er óeðlilegt að telja á viðskiptasvæði Reykjavíkur, en þó eru enn svo margir af landsmönnum utan þeirra byggðarlaga, að það er mjög fráleitt, að þeir fái aðeins $1/_{10}$ eða $1/_{9}$ hluta af innflutningnum beint frá útlöndum til sinna verzlana. Það er áreiðanlega réttlætismál, sem fjárhagsráð og viðskiptanefndin ætti að gefa gaum, að það fólk, sem býr á Austurlandi, Norðurlandi og Vesturlandi og einnig á sumum stöðum sunnanlands, eins og t. d. Vestmannaeyjum, fái þær útlendu vörur, sem það kaupir, fluttar beint til verzlunarstaða í þessum landshlutum, ef það óskar þess og það er framkvæmanlegt, en þurfi ekki að kaupa meginhlutann af vörunum hjá reykvískum innflytjendum. — Með þessu er engan veginn sagt, að það eigi að binda menn við að verzla á ákveðnum stöðum eða við ákveðnar verzlanir. Þó að verzlunin og verzlunarstaðir utan Reykjavíkur fái réttan sinn hlut, þá má búast við, að landsmenn hvaðanæva að geri alltaf töluverð kaup hér í Reykjavík, því að hingað til höfuðstaðarins eiga margir erindi og tíðar ferðir. Hins má þá einnig geta, að Reykvíkingar kaupa aftur á móti töluvert af vörum í öðrum landshlutum á sumarferðalögum sínum. Eins og áður er að vikið, hefur fyrir nokkru verið tekin upp skömmtun á mörgum helztu nauðsynjavörunum. Um það munu flestir sammála, að þess hafi verið full þörf, og hefði raunar þurft að gerast fyrr. Að vísu hefur

um mörg undanfarin ár verið skömmtun á fáeinum vörutegundum, en nú síðast, áður en nýju skömmtunarreglurnar gengu í gildi, var aðeins **sykurinn** skammtaður — og danska smjörið. Vafalaust hefði það verið heppilegra, að viðtækari skömmtun hefði verið hafin áður en gjaldeyrisástæðurnar voru orðnar svo erfiðar sem þær eru nú.

Miklar takmarkanir á innflutningi erlends varnings og þar með fylgjandi nauðsynjavöruskömmtun eru afleiðingar af því m. a., að gálauslega og óviturlega hefur verið farið með mikinn hluta þeirra miklu fjármuna, sem þjóðin eignaðist á stríðsárunum. Fyrir nokkrum dögum kom lýsing á háttalaginu í viðskiptamálunum í þingskjali hér á Alþingi. Einn af þm. Sameiningarflokks alþýðu, Sósialistaflokksins flutti þá þáltill. varðandi skömmtunina, og í grg. með till. er m. a. vikið að því, hvernig haldið hafi verið á fjármálunum og viðskiptamálunum á undanförnum árum, þegar flokkur þessa hv. þm., Sameiningarflokkur alþýðu, Sósialistaflokkurinn, var þátttakandi í ríkisstjórn. Í þessari lýsingu á viðskiptalífinu talar þm. um „afglapalegan innflutning," sem sé „einna ápekkastur því, er aflasæll en útúrdrukkinn maður ráfar á lokadaginn milli verzlana og kaupir alls konar óþarfa, leikföng, skran og skartgripi, en gleymir hinu, sem heimili hans má ekki án vera."

Ekki er nú lýsingin fögur, — en því miður allt of nálægt því rétta, enda komin frá þm. úr einum af fyrrv. stjórnarflokkum, sem fóru með völd á þeim árum, þegar gjaldeyrissóunin var afskaplegust, og sennilega eru þeir færastir um að lýsa þessu, sem sjálfir voru þátttakendur í ráðleysinu og öflugastir stuðningsmenn þess. Þannig gloppast stundum upp úr hv. þm. Sameiningarflokks alþýðu, Sósialistaflokksins viðeigandi lýsingar á þeirra eigin verkum, meðan þeir fóru með völdin, en því miður bólar enn allt of lítið á iðrun og afturhvarfi í þeim herbúðum. Annars gera þeir Sameiningarflokks alþýðu, Sósialistaflokks-menn sér far um að koma þeirri skoðun inn hjá fólki, að þeir hafi eitthvað hreinni skjöld í gjaldeyrismálunum heldur en fyrrv. samstarfsflokkar þeirra í ríkisstjórn. Í blaði sínu halda þeir því fram, að þeir hafi viljað leggja allar gjaldeyrisinnistæðurnar á nýbyggingarreikning, um þær mundir, sem þeir fóru í stjórn. Ekki er þetta nú í góðu samræmi við frásögn Alþingistíðindanna. Skömmu eftir að fyrrv. ríkisstjórn kom til valda, haustið 1944, lagði hún fyrir þingið frv. til l. um nýbyggingarráð. Í því frv. var lagt til, að 300 millj. kr. af innieign landsmanna erlendis skyldu lagðar á nýbyggingarreikning. Frv. fór til fjhn. í þinginu og fulltrúi Framsóknarflokksins þar bar fram till. um, að í stað 300 millj. yrðu 450 millj. króna lagðar á nýbyggingarreikninginn. Þetta sést á þskj. 524 frá því þingi. Allir hinir nefndarmennirnir, fulltrúar þáverandi stjórnarflokka, og þar á meðal fulltrúi Sameiningarflokks alþýðu, Sósialistaflokksins, lögðust **gegn** þessari brtt. og skiluðu saman nál. á þskj. 525, þar sem lagt var til, að frv. yrði samþ. óbreytt. Síðan greiddu hv. Sameiningarflokks alþýðu, Sósialistaflokksþingmenn atkv. á **móti** þessari brtt. okkar framsóknarmanna, eins og aðrir stuðningsmenn þáv. ríkisstjórnar.

Ég skal ekkert segja um það, hvort þeim Sameiningarflokks alþýðu, Sósialistaflokksmönnum tekst nú 3 árum síðar að telja einhverjum í þeim flokki trú um, að þeir hafi viljað leggja meira af gjaldeyriseignunum á nýbyggingarreikning. En skjalapartur Alþingistíðindanna, sem er óruggasta heimildin um tillögur manna á Alþingi, vitnar gegn þeim í málinu.

Þjóðin getur ekki lengur hagað innkaupum sínum á sama hátt og einn af hv. þm. Sameiningarflokks alþýðu, Sósialistaflokksins segir, að hún hafi gert á þeim árum, sem hans flokkur átti ráðherra í ríkisstjórn, en ég vitnaði í lýsingu hans hér áðan. Nú er stríðsgróðinn farinn. Hann hefur að visu ekki allur eyðzt til fánýtra hluta, en allt of stór hluti hans eyddist þannig, án þess að nokkur varanleg verðmæti kæmu í staðinn. Nú er ekki úr öðru að spila en því, sem vöruframleiðsla landsmanna á sjó og landi gefur í aðra hönd. Það verða menn að láta sér nægja. Af því leiðir, að eyðslan verður að minnka mjög verulega, bæði hjá fjölmörgum einstaklingum og því opinbera.

Það mál, sem hér er til umræðu, þ.e.a.s. endurbætur á okkar viðskiptakerfi, er raunar aðeins einn þátturinn í því umbóta- og viðreisnarstarfi, sem hér þarf að hefja nú þegar, ef okkar endurreista lýðveldi á að komast hjá þungum áföllum. Það verður að taka upp nýja stefnu í atvinnumálum, fjármálum og viðskiptamálum, til þess að þjóðin geti lifað efnalega sjálfstæð, frjáls og óháð. Til þess að tryggja þjóðinni í heild viðunandi tekjur og öllum sæmilega afkomu, þarf að auka framleiðsluna á sjó og landi og gera hlut þeirra, sem framleiðslustörfin vinna, tiltölulega betri en hann er nú. Með því móti einu er hægt að gera framleiðslustörfin eftirsóknarverðari en önnur, svo að þeim fjölgi, sem þar að vinna, en um leið og það gerist, má vænta aukinnar framleiðslu og þar með aukinna tekna fyrir þjóðarbúið í heild.

Allur þorri manna mun nú loks hafa komið auga á það, að við Íslendingar verðum þegar í stað að lækka til mikilla muna kostnaðinn við framleiðslu á vörum okkar, bæði þeim, sem fluttar eru úr landi, og þeim, sem notaðar eru innanlands. Við getum ekki vænzt þess að geta selt útflutningsvörur okkar fyrir miklu hærra verð á heimsmarkaðinum heldur en aðrar þjóðir krefjast fyrir jafngóðar eða svipaðar vörur. Það verður ekki með nokkru móti hjá því komizt lengur að lækka framleiðslukostnaðinn. Enginn telur það lengur færa leið að borga mismuninn á kostnaðarverði og söluverði útflutningsvörunnar með milljónatugum úr ríkissjóði, eins og gert er þetta árið. En um leið og horfið er frá því bráðabirgðaúrræði, lækka vitanlega tekjur þeirra manna, sem vinna að framleiðslunni. Útvegsmenn, sjómenn og aðrir, sem framleiða vörur til sölu á erlendum markaði, fá minna en áður fyrir sína vinnu. — En þessir menn eiga ekki einir að taka á sig þær byrðar, sem því eru samfara að koma aðalatvinnuvegunum á réttan kjöl. Slíkt væri fráleitt og hið mesta ranglæti. Laun og tekjur annarra manna í landinu þurfa líka að miðast við tekjurnar af framleiðslunni og breytast með þeim. Hér þarf að skapa eðlilegt samræmi í tekjum manna bæði innbyrðis hjá einstökum stéttum og milli þjóðfélagsstéttanna. Þetta má gera t. d. með því að ákveða hlutfallstölur tekna hjá stéttunum, mismunandi eftir því, hvernig störf þeirra eru, hvað þau eru erfið og vandasöm og hverja þýðingu þau hafa fyrir þjóðfélagið. Eftir að þetta hlutfall væri ákveðið, sem ætti að gerast með samkomulagi stéttanna eða fulltrúa þeirra, ef þess er kostur, þá ættu tekj-

urnar að breytast til hækkunar og lækkunar með vissu millibili, eftir því hve miklar heildartekjur landsmanna eru af framleiðslunni. Með þessari aðferð er hægt að skipta þjóðartekjunum sanngjarnlega. Eftir að slíkt fyrirkomulag væri upp tekið, væri það allra hagur, þegar vel árar og framleiðslustarfsemin er í blóma, og á sama hátt mundu þá erfiðleikar lakari áranna dreifast á alla landsmenn í sanngjörnum hlutföllum, en ekki bitna að mestu leyti eða eingöngu á einstaklingunum eða vissum hóp manna í landinu. — En þegar þessar hlutfallstölur yrðu ákveðnar, þyrfti vel að gæta þess að gera hlut fiskimannanna, sem vinna þau störf við framleiðsluna, er mest erfiði og áhætta fylgir, svo ríflegan, að þau verk séu eftirsóknarverð. Það stoðar lítið að fá ný skip og báta, ef menn fást ekki til þess að sækja sjóinn, vegna þess að önnur léttari og áhættuminni vinna er betur borguð. Þannig þarf einnig að búa að bændum og öðrum, sem vinna framleiðslustörfin í sveitum landsins, að þau verði eftirsóknarverð. Meðaltekjur þeirra, sem vinna að framleiðslunni á sjó og landi, þurfa að vera meiri en t. d. skrifstofumanna og annarra, sem vinna létta vinnu. Það eru vafalaust fleiri menn við skrifstofustörf og ýmiss konar kaupsýslustarfsemi heldur en þarf að vera, og eitthvað af þeim ætti fremur að snúa sér að öðrum viðfangsefnum. Þar með er ekki sagt, að ekki þurfi einhverjir að vinna á skrifstofum og fást við kaupsýslu. Og þó að bæði mér og öðrum þyki stundum gott að geta fengið bíl á leigu, þá eru þeir sjálfsagt óþarflega margir mennirnir, sem hafa atvinnu af því að aka fólki um göturnar hér í Reykjavík. Svona mætti lengi telja. En það er ekki nóg að tala um þetta og skrifa um það. Ástandið breytist ekki við það eitt. Það eina, sem hér kemur að gagni, er að koma tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu í það horf, að menn hafi meira upp úr því **fjármunalega** að vinna nauðsynlegustu störfin heldur en hin, sem ónauðsynlegri eru. Með því, en ekki með prédikunum einum, fá þessi störf það aðdráttarafl, sem þau þurfa að hafa. Það þarf að skipa málunum þannig hér á landi, að margir menn og dugandi telji sér það vænlegra til fjár og frama að stunda fiskveiðar á miðunum umhverfis landið eða að rækta jörðina heldur en að komast einhvers staðar til sætis í skrifstofustól eða að fást við ýmiss konar þarflitið kaupmang.

Viðfangsefnin eru fleiri, sem hafa legið óleyst lengur en skyldi og ekki má lengur skjóta á frest. Eyðsla ríkisins og bæjarfélaganna má ekki fara fram úr ákveðnu marki miðað við þjóðartekjurnar, ef landsmenn eiga að geta risið undir sköttunum og álögunum. Snemma á árinu 1945 var samþ. hér á Alþ. ályktun, þar sem skorað var á þáv. ríkisstjórn að undirbúa löggjöf um skyldur og réttindi opinberra starfsmanna. Þá var nýlokið setningu nýju launalaganna, en við undirbúning og samþykkt þeirra hafði verið vanrækt að setja ákvæði um réttindi og skyldur starfsmannanna. Sú ríkisstjórn, sem fékk þessa þál. í hendur og átti að fara eftir henni, vanrækti þetta undirbúningsstarf, þótt hún væri við völd hátt á annað ár eftir að till. var samþ. á Alþ., eða að minnsta kosti minnist ég þess ekki að hafa séð neinar till. frá henni um þetta. Í stað þess tók hún að borga sumum fastráðnum starfsmönnum ríkisins mikið fé fyrir aukavinnu eða yfirvinnu, sem svo er nefnd, og munu þær aukagreiðslur í vissum tilfellum hafa hlaupið á tugum þúsunda til viðbótar fullum launum skv. nýju launal. Er það eitt af mörgum óleystum verkefnum, sem núv. hæstv. ríkisstjórn fékk í hendur, að kippa þessu máli í viðunandi lag.

Þá samþykkti Alþ. einnig í marzmánuði 1945 till. til þál. um athugun á starfskerfi og rekstrargjöldum ríkisins. Var stjórninni falið að láta framkvæma þessa athugun í því skyni að leita að möguleikum til þess að draga úr hinum gífurlega kostnaði við ríkisreksturinn. Till. var flutt af fjvn. þingsins. Fylgdi henni ýtarleg grg., þar sem birtar voru skýrslur, er sýndu, hversu stórkostlega kostnaðurinn við rekstur ríkisins hafði aukizt síðustu árin. En það fór eins um þessa samþykkt þingsins og hina, sem ég nefndi áðan. Þeir, sem áttu að fara eftir samþykktinni, gerðu það ekki, en alltaf fór eyðslan hraðvaxandi. Ég hef nýlega lagt fram fyrirspurn hér á Alþ. til hæstv. núv. ríkisstjórnar um það, hvað hún hafi aðhafzt í þessum efnum. Mér hefur borizt til eyrna, að hæstv. stjórn hafi þegar látið hefja þessa athugun, en um það fást væntanlega upplýsingar innan skamms, þegar fyrirspurn minni verður svarað.

Eitt af því, sem ekki verður komizt hjá að taka til meðferðar og lagfæringar í sambandi við niðurfærslu dýrtíðarinnar, eru **húsnæðismálin,** einkum í stærstu kaupstöðunum. Í þeim er nú og hefur verið síðustu árin mesta ófremdarástand, sérstaklega hér í Reykjavík. Þar eru annars vegar margir húseigendur, sem hafa verið hart leiknir af ákvæðum húsaleigulaganna, en að hinu leytinu eru líka margir, sem hafa hrifsað til sín óeðlilega mikinn gróða í sambandi við byggingar eða sölu nýrra húsa í skjóli þeirrar eftirspurnar eftir íbúðum, sem verið hefur. Þetta má ekki svo til ganga framvegis og þarf þess ekki heldur. Það er áreiðanlega hægt að byggja íbúðarhús, viðunandi að gæðum, fyrir miklu lægra verð en verið hefur á flestum þeim húsum, sem hér hafa verið byggð síðustu árin. Aðeins þarf að komast hjá því að borga meira en sannvirði fyrir efnið til þeirra, og þó sérstaklega að viðhafa meiri hagsýni og betri vinnubrögð við byggingarframkvæmdirnar heldur en gert hefur verið. Óhófið og óþarfaeyðslan þarf að hverfa á því sviði eins og öðrum.

Dýrtíðarvandamálið er margþætt, en það krefst skjótrar úrlausnar. Of lengi hafa menn þar vikið sér undan því, sem gera þurfti. Ég hef rætt hér nokkuð um það mál, vegna þess hvað það er nátengt því, sem hér liggur fyrir. Ef ekki tekst að draga úr verðbólgunni og lækka framleiðslukostnaðinn, svo að útflutningsframleiðslan geti þrifizt, þá verður ekki hægt að kaupa til landsins þær nauðsynjar, sem við þurfum að fá frá öðrum þjóðum, og þá er tómt mál að tala um skiptingu innflutningsins. Þess vegna er nú óhjákvæmilegt að lækka framleiðslukostnaðinn, svo að aðalatvinnuvegurinn geti staðizt og framleitt útflutningsvörur fyrir það verð, sem fáanlegt er fyrir þær erlendis. Um leið þarf að minnka eyðsluna hjá því opinbera og öðrum og gæta meiri hagsýni við opinberar framkvæmdir en gert hefur verið. Þá er og réttmætt að taka til almenningsþarfa hæfilegan skerf af þeim stórgróða, sem safnazt hefur hjá einstaklingunum á verðbólguárunum. Nauðsynlegt er að koma á sanngjarnri skiptingu þjóðarteknanna, eins og ég hef hér áður talað um, og gera þýðingarmestu störfin, fram-

leiðslustörfin, svo eftirsóknarverð, að ekki skorti menn til að gegna þeim. — Jafnframt öllum þessum nauðsynlegu ráðstöfunum þarf að gera mönnum mögulegt að fá sem mest fyrir þær tekjur, sem þeir fá í hendur, með því að hafa verzlunina svo frjálslega sem unnt er, þó að innflutningshöft og vöruskömmtun sé hvort tveggja óumflýjanlegt nú fyrst um sinn. Menn þurfa að leita vandlega fyrir sér, reyna að finna beztu viðskiptastaðina og hafa frjálsræði til þess að gera kaupin þar, sem þau bjóðast bezt. Þetta er svo sjálfsagður hlutur, að um það ætti ekki að þurfa að verða neinn ágreiningur, enda að þessu stefnt með áðurnefndum ákvæðum fjárhagsráðslaganna frá síðasta þingi.

Takist að fá samkomulag um þær nauðsynlegu aðgerðir í atvinnumálunum, fjármálunum og viðskiptamálunum, sem ég hef hér nefnt, þarf engu að kvíða. Ef skynsamlega er á haldið, geta allir Íslendingar haft nóg að bíta og brenna, svo framarlega sem harðæri af völdum náttúrunnar steðjar ekki að. Við þurfum að vísu að hafa mikil viðskipti við aðrar þjóðir, en telja má, að við höfum sjálfir fullt hús matar. Óflun matvæla úr sjó og af landi eru okkar höfuðatvinnuvegir. Við höfum líka mikið af góðu íslenzku efni í klæði handa landsmönnum. Hér þarf því ekki að óttast skort brýnustu lífsnauðsynja, ef menn vilja fara skynsamlega að ráði sínu. En það er skortur þessara brýnustu lífsnauðsynja, fæðis og klæða, sem nú ógnar fjölda manna í öðrum löndum.

Það frv., sem hér er til umr., fer nú væntanlega til þingnefndar til athugunar. Ég tel víst, að hv. þingdm. séu sammála um það, að skylt sé að fara eftir ákvæðum fjárhagsráðslaganna, m. a. því fyrirmæli, að skiptingu innflutningsins verði þannig fyrir komið, að menn geti haft viðskipti sín þar, sem þeir telja sér hagkvæmast að verzla. — E. t. v. telja einhverjir aðra leið að því marki eins greiðfæra og góða eða jafnvel betri en þá, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og ef aðrar till. um framkvæmd laganna koma fram, þá er sjálfsagt að taka þær til athugunar.

Forseti (BG): Hv. þm. V.-Húnv. lauk máli sínu. Næstur tekur til máls hv. 2. þm. Rang., Ingólfur Jónsson, og talar af hálfu Sjálfstfl.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. 6. þm. Reykv. hefur flutt brtt. í frv.formi við 12. gr. l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit. Svo mikilvægt finnst kommúnistum þetta frv., að þeir hafa óskað eftir útvarpsumræðum um það. Með frv. þessu, ef að lögum verður, telja kommúnistar, að vernda megi þjóðina fyrir hinu ímyndaða heildsalavaldi, sem þeir gera svo oft að umræðuefni.

Heildsalavald og Landsbankavald eru hugtök, sem ýmsir stjórnmálamenn hafa á hellanum. Þeim finnst þetta tvennt, sem aðeins er til í þeirra eigin höfðum, en ekki í veruleikanum, vera sá voði, sem þjóðinni stafar mest hætta af. Sú var tíðin, að Íslendingar áttu engan banka. Þá var hér ekkert innlent fjármagn og lánastarfsemi og framkvæmdir engar. Þá var verzlunin í höndum erlendra manna, sem högnuðust vel á viðskiptum við landsmenn, en fluttu allan gróðann út úr landinu. Á þeim tímum var íslenzka þjóðin fátæk og bjó við frumstæð lífsskilyrði. Það þóttu mikil tíðindi og góð, þegar dugmiklir athafnamenn komu hér á fót banka fyrir landsmenn. Fjármagn bankans var lítið til að byrja með, en ekki leið á löngu áður en hann gat lánað landsmönnum til skipakaupa og annarra framkvæmda. Bankinn varð til þess að flýta fyrir því, að verzlunin komst að öllu leyti í innlendra manna hendur. Innlendir kaupsýslumenn tóku að keppa við erlendu kaupmennina, og lauk þeirri viðureign, eins og kunnugt er, á þann hátt, að hinir erlendu kaupmenn þoldu ekki samkeppnina og hættu að reka verzlun hér á landi. Það kom fljótt í ljós, eftir að Íslendingar fóru sjálfir að annast um öll viðskipti innanlands og utan, að hagur þjóðarinnar breyttist mjög til batnaðar.

Þjóðin var nú ekki lengur mergsogin og féflett eins og áður tíðkaðist. Almenningur fékk hagstæð viðskipti, og hagur þjóðarinnar blómgaðist. Ýmsar framfarir fóru nú að gerast í landinu, og vorhugur og sjálfstæðisþrá vaknaði. Íslendingar höfðu kastað af sér þeim fjötrum, sem héldu þjóðinni í fátækt og aðgerðaleysi. Frjáls verzlun, frelsi í hvers konar athöfnum og framkvæmdum, sem til heilla horfðu, var ráðandi í landinu.

En þótt mikið hafi áunnizt, eru samt mörg verkefni óleyst. Enn er landið ekki ræktað nema að litlu leyti. Enn er afl fallvatnanna að litlu leyti notað. Enn þá eru mörg verkefni til sjós og lands fyrir menn til athafna og mikilla framkvæmda. Þjóðin stenzt því ekki við að hefta allar athafnir og framfaraviðleitni. Það er hættulegt að draga úr mönnum kjark og sjálfsbjargarhvöt með því að prédika stöðugt vonleysi og hrun. Kaupsýslumennirnir hafa mikið og vandasamt hlutverk að leysa. Eins og störf þeirra voru þýðingarmikil um það leyti, sem verzlunin fluttist inn í landið, svo eru þau það einnig enn í dag.

Íslendingar eiga eftir að kynna framleiðsluvörur sínar víða um lönd og útvega markaði fyrir þær. Til þess þarf á hverjum tíma ötula og vel menntaða kaupsýslumenn, sem hafa lagni og hæfileika til að koma vörum landsmanna í gott verð. Íslenzka þjóðin er háðari innflutningi en margar aðrar þjóðir. Framleiðsla okkar er svo einhæf, að við hljótum ávallt að flytja til landsins margs konar iðnaðarvörur og annað, sem við getum ekki framleitt hér.

Hér á landi er tiltölulega fjölmenn stétt manna, sem annast innflutning hinna ýmsu vara. Margir innflytjendur hafa sýnt dugnað og árvekni í starfi sínu. En eins og oft vill verða, þar sem margir eiga hlut að máli, verða oft ýmis mistök, sem spilla áliti stéttarinnar. Duglegir kaupsýslumenn, sem leggja sig fram til þjónustu fyrir almenning og vinna störf sín samvizkusamlega, innan þess ramma, sem löggjafinn setur, vinna þjóðnýt störf og verðskulda ekki þær svívirðingar, sem stöðugt koma frá vissum flokkum og mönnum.

Það hefur verið oft deilt um það, hvernig deila skuli innflutningnum. Ýmsir menn hafa kvartað undan því, að S.Í.S. fái ekki rétta hlutdeild í honum. Hafa framsóknarmenn oft og nú loks kommúnistar talið, að hlutur S.Í.S. sé fyrir borð borinn, ef miðað er við þann fjölda, sem vill hafa viðskipti sín við kaupfélögin. Því hefur oft verið haldið fram, að við sjálfstæðismenn viljum ganga á rétt S.Í.S. Þetta er hreinasta fjarstæða. Við sjálfstæðismenn styðjum samvinnuverzlun. Enda er vitað, að mörg þúsund sjálfstæðismenn um land allt eru félagsmenn í

kaupfélögunum. En við sjálfstæðismenn höfum alltaf talið, að öryggi almennings og góð og heilbrigð viðskipti fengjust helzt með því, að verzlunin væri frjáls, og þeir, sem mestan dugnað sýna og bezt kjör bjóða, hafi möguleika til að starfa.

Við sjálfstæðismenn viljum ekki einræði, hvorki í verzlunarháttum né öðrum greinum.

Það þóttu góð tíðindi, sem bárust frá aðalfundi S.Í.S. 1946. Á þeim fundi var samþykkt till., sem bar algerlega heim við stefnu okkar sjálfstæðismanna í verzlunarmálum. Fundurinn lýsti því sem stefnu sinni, að vinna bæri að því að gera verzlunina í landinu frjálsa.

Mun forstjóri S.Í.S., Vilhjálmur Þór, hafa beitt sér fyrir tillögunni og fengið hana samþykkta. Þótt núverandi ástand, þar sem um skömmtun á ýmsum nauðsynjavörum er að ræða, leyfi ekki frjálsa verzlun, munu þó þeir, sem vilja stefna að frjálsri verzlun svo fljótt sem möguleikar leyfa, vilja stuðla að því, að eins mikið frelsi ríki í verzlunarmálunum og unnt er, við þær aðstæður, sem við nú búum við.

Ég býst því við, að frv. það, sem hér um ræðir og hv. 6. þm. Reykv. og fulltrúi framsóknarmanna hafa lýst, sé ekki borið fram eftir ósk eða vilja S.Í.S.

Hugtakið frjáls verzlun og þetta frv. er svo ólíkt, að það getur á engan hátt samrýmzt frelsisunnandi hugsunarhætti. Frv. hv. 6. þm. Reykv. er byggt á höftum og ófrelsi. Hv. flm. þykist vera að vinna fyrir kaupfélögin með flutningi frv. Hann hefur einnig sagt, að það tryggi hagsmuni og frelsi almennings. Meiri fjarstæðu mun sjaldan hafa verið haldið fram hér í sölum Alþingis.

Ég mun sanna, að hagsmunir fólksins eru fyrir borð bornir, ef farið verður eftir till. hv. flm., og kaupfélögin geta á engan hátt hagnazt á því, þótt frv. þetta verði samþykkt.

Í 12. gr. l. um fjárhagsráð, innflutning og verðlagseftirlit stendur þetta orðrétt, — með leyfi hæstv. forseta:

„Úthlutun innflutningsleyfanna sé við það miðuð, að verzlunarkostnaður og gjaldeyriseyðsla verði sem minnst. Reynt verði eftir því sem frekast er unnt að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu. Skal þetta gilda jafnt um kaupmannaverzlanir og samvinnuverzlanir og miðað við það, að neytendur geti haft viðskipti sín þar, sem þeir telja sér hagkvæmast að verzla.“

Þessi ákvæði laganna, sem ég nú las, tryggja hagsmuni almennings. Þessi grein tryggir það, að neytandinn fær vöruna á hverjum tíma með þeim beztu kjörum, sem fáanleg eru.

Nú, þegar gjaldeyrir þjóðarinnar er mjög takmarkaður, er meiri nauðsyn en nokkru sinni fyrr að úthluta innflutningsleyfum samkvæmt þessari lagagrein og tryggja með því, að gjaldeyrinum verði vel varið. Í landi samvinnunnar, Svíþjóð, hefur sú regla gilt, að láta þá fá innflutningsleyfi, sem gera bezt innkaup. Svíar eru nægilega miklir fjármálamenn til að sjá, að sú regla er hagkvæmust. Með því móti er unnið gegn dýrtíðinni í landinu. Með því að nota þá reglu sparast erlendur gjaldeyrir, um leið og neytendum er veittur sá mikilsverði og eftirsótti réttur að kaupa góðar vörur með vægu verði.

Hér í landi hefur þessi regla enn ekki verið framkvæmd, þrátt fyrir ákvæði laga um fjárhagsráð og innflutningsverzlun. Til þess liggja þær ástæður, að með setningu laganna var ákveðið að leggja viðskiptaráðið niður. Það dróst að vísu í nokkra mánuði, en þar sem viðskiptaráðsmenn vissu, að þeir áttu að hætta störfum, og gerðu ráð fyrir, að það yrði miklu fyrr en raun varð á, þótti þeim ekki taka að vinna eftir nýjum reglum við úthlutun innflutningsleyfa og héldu sér því við þær reglur, sem áður giltu um þessi efni. Þegar viðskiptaráðið hætti, var viðskiptanefndin skipuð. Síðan er ekki langur tími, enda hefur hún enn lítið veitt af innflutningsleyfum, eins og kunnugt er.

Það höfðu allir gert ráð fyrir því, að viðskiptanefndin starfaði í samræmi við 12. gr. l. um fjárhagsráð og innflutningsverzlun, þangað til fulltrúar Framsfl. í fjárhagsráði komu með nýjar till. sem starfsgrundvöll fyrir nefndina, sem hv. 6. þm. Reykv. hefur borið fram í frumvarpsformi.

Fulltrúar Framsfl. í fjárhagsráði munu þó ekki hafa ætlazt til, að till. þessar væru fram bornar á hæstv. Alþ. Ef svo hefði verið, hefðu framsóknarmenn flutt þær inn í þingið sem sitt áhugamál. En hv. 6. þm. Reykv. tók þessar till. upp og hugsaði sér að nota þær sem sprengjur á stjórnarherbúðirnar. En sú tilraun hv. 6. þm. Reykv. mun bregðast, og verða það óneitanlega vonbrigði fyrir kommúnista. Með tillögum þessum er lagt til, að bætt verði við 12. gr. áðurnefndra laga, að á meðan fleiri eða færri vörutegundir eru háðar skömmtun til neytenda, skuli innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til verzlana og iðnfyrirtækja fyrir hinni skömmtuðu vöru vera í samræmi við hina afhentu skömmtunarseðla þeirra til viðskiptanefndar. — En sagan er ekki öll sögð. Því samkvæmt till. er viðskiptamönnum heimilt að afhenda skömmtunarseðla sína fyrirfram, ef vörurnar eru ekki fyrir hendi hjá viðkomandi verzlunum. Afleiðingin af þessu verður sú, að verzlanir gera það, sem í þeirra valdi stendur, að safna skömmtunarseðlum, til þess að fá út á þá innflutningsleyfi. Stórum hluta viðskiptamanna er því ætlað að gera kaup að óséðu, í trausti þess, að sú verzlun, sem seðlana fékk, geti síðar látið viðskiptamennina fá það, sem þeim hentar. En takist það ekki, hafi nú önnur verzlun hentugri vörur, ódýrari og betri vörur að bjóða en sú, sem fékk seðlana fyrirfram, er réttur neytandans lítill orðinn. Því hann getur ekki keypt þá vöru, sem hann helzt kýs, af því að önnur verzlun hefur fengið skömmtunarseðlana. Það mundi einnig valda ósamræmi að veita innflutningsleyfi út á skömmtunarseðla, sem látnir hafa verið fyrir innlendar vörur, svo sem fataefni og innlenda skó. Hin mikla eftirspurn eftir skömmtunarseðlum, ef að þessu ráði væri horfið, mundi leiða til þess, að ýmsir reyndu að gera þá að verzlunarvöru. Má vera, að ýmsum detti í hug að vinna bug á dýrtíðinni með því að stuðla að slíkri verzlun.

Hv. flm. segist flytja þetta frv. til að tryggja hagsmuni almennings og í nafni samvinnunnar. Ég hef bent á, að frv. mun ekki vera flutt eftir ósk framsóknarmanna, þótt þeir hafi borið upp sams konar till. í fjárhagsráði. Ég hef sannað, að þessar till., ef að lögum verða, vinna gegn hagsmunum fólksins og samrýmast ekki sjálfsákvörðunarrétti manna. Í öllum löndum er upp tekin vöruskömmtun og hefur víðast verið frá byrjun styrjaldarinnar. En engin þjóð hefur notfært sér þann visdóm, það rétt-

læti, sem hv. kommúnistar og nokkrir framsóknarmenn þykjast sjá í till.

Eins og áður er sagt, hafa ýmsir kvartað undan því, að Sambandið fái ekki innflutningsleyfi í réttu hlutfalli við viðskiptamannafjöldann. Þær kvartanir eru ekki á rökum reistar, því S.Í.S. hefur mætt skilningi og velvild innflutningsyfirvaldanna á hverjum tíma, sem og réttmætt er. Að S.Í.S hefur fengið *næg* innflutningsleyfi, sést bezt á því, að það hefur ekki notað öll þau innflutningsleyfi, sem kaupfélögin hafa fengið, og kaupfélagsstjórar sambandsfélaganna því farið með mikið af innflutningsleyfum til annarra innflytjenda og fengið vörur hjá þeim.

Ef Sambandið hefði verið afskipt við veitingu *innflutningsleyfa*, ætti þetta sér ekki stað. Eða trúir hv. 6. þm. Reykv., að kaupfélagsstjórar sambandsfélaganna afhendi öðrum innflytjendum en Sambandinu *innflutningsleyfi*, af því að þeir bjóði ódýrari og betri vörur en Sambandið? Má vera, að hv. 6. þm. Reykv. vantreysti núverandi stjórnendum S.Í.S. til þess að hafa Sambandið samkeppnisfært í innkaupum. Má vera, að hann hafi flutt frv. þetta þess vegna og það sé ástæðan fyrir því, að hann hefur ekki óskað eftir, að 12. gr. l. um fjárhagsráð *og innflutningsverzlun* verði framkvæmd eins og hún er nú.

Ég hef alltaf haldið, að S.Í.S. væri samkeppnisfært með verð og vörugæði. *Ég hygg* því, að þetta dulbúna vantraust hv. 6. þm. Reykv. á Sambandið sé ástæðulaust með öllu. En hvað sem því líður, er augljóst, að S.Í.S. hefur ekki verið afskipt við úthlutun innflutningsleyfa.

Íslendingar eru fámenn þjóð og hafa ekki efni á að eyða tíma og orku í látlausar deilur. Þeir, eins og aðrar þjóðir, eru verzluninni háðir, og skiptir miklu um afkomu almennings, að viðskipti öll séu hagstæð. Það er því nauðsynlegt, að í landinu starfi dugandi og samvizkusamir kaupsýslumenn. Heilbrigð og eðlileg samkeppni þarf að þróast, ef hagsmunir almennings eiga að vera tryggðir. Við stöndumst ekki við því að færa verzlunina á eina hönd og kasta allri samkeppni fyrir borð.

Þegar 12. gr. l. um fjárhagsráð og innflutningsverzlun kemur til framkvæmda, mun þróast hér heilbrigð og eðlileg samkeppni til hagsbóta fyrir *almenning*. Með því móti verður unnið gegn dýrtíðinni í landinu. Á þann hátt verður fyrir því séð, að ekki fari meiri erlendur gjaldeyrir fyrir hverja vörutegund en nauðsynlegt er. Með því móti verður hagur almennings bezt tryggður, og þau mistök, sem óneitanlega hafa stundum átt sér stað í innflutningi ýmissa vara, munu ekki endurtaka sig.

Þegar unnið er eftir þessum reglum, fá þeir innflutningsleyfi, sem gera hagkvæmust og bezt innkaup. Þeir einir standast samkeppnina, sem til þess *vinna*. Á þann hátt verður komið í veg fyrir, að þeir menn geri kaupsýslu að atvinnu sinni, sem ekki eru starfi sínu vaxnir.

Ef hv. 6. þm. Reykv. og aðrir kommúnistar meina það, að hér á landi sé hættulegt afl, sem kallað er heildsalavald, ættu þeir að standa með þeim, sem vilja framkvæma þá stefnu í innflutningsmálum, sem ég nú hef lýst, og skapa þannig réttláta samkeppni í vöruvöndun og verðlagi. Þá gætu kommúnistar með réttu sagt, að þeir væru að vinna fyrir almenning í landinu og vildu koma í veg fyrir það, að fámenn stétt manna auðgist án verðleika.

Skömmtun á *nauðsynjum* manna hlýtur að valda óþægindum og ýmiss konar erfiðleikum. Það munu því flestir óska þess, að tímarnir breytist og skömmtunin verði *afnumin*. Um *stundarsakir* eru gjaldeyrisástæður þjóðarinnar þannig, að ekki verður komizt hjá því að hafa skömmtun á flestum erlendum vörum.

Ýmsir eru áhyggjufullir og horfa með kvíða til framtíðarinnar. Efast sumir um, að þjóðfélagið okkar lítla og fámenna standi af sér þá ólgu og brotsjói, sem yfir heiminn ganga á sviði fjármála- og viðskiptalífs. En íslenzka þjóðin hefur eigi að síður mikla möguleika og jafnvel meiri möguleika en nokkru sinni fyrr til þess að vera efnalega *sjálfstæð og veita þegnum sínum góð lífskjör*.

Miklum hluta af þeim gjaldeyri, sem þjóðin átti í erlendum bönkum, hefur verið breytt í nýtízku tæki til sjós og lands. Þessi tæki eru ekki enn farin að gefa arð nema að litlu leyti. En á næstu mánuðum og árum mun árangurinn verða meiri en ýmsir hafa gert sér grein fyrir, ef við berum gæfu til að tryggja atvinnulífið og láta atvinnutækin ganga.

Í sveitir landsins er komið mikið af vélum og tækjum, og bændur hafa hug á að hagnýta sér nútímatækni. Eigi að síður vantar fjölda bænda dráttarvélar og önnur tæki, af því að erlendar verksmiðjur hafa ekki afgreitt á undanförnum mánuðum nema brot af þeim pöntunum, sem borizt hafa frá Íslandi.

Enda þótt gjaldeyrir sé nú takmarkaður, verður ekki hjá því *komizt* að flytja til landsins á næsta ári mikið af landbúnaðarvélum, svo að landbúnaðurinn, annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, verði færari um að leysa sitt mikilsverða hlutverk í þjóðfélaginu.

Á næsta ári munu Íslendingar eiga 35 nýja togara, og auk þess gömlu togaranna, sem flestir eru nú í sæmilegu *standi*. *Ef ekki hefðu* verið gerðar ráðstafanir til kaupa á togurunum, væru framtíðarhorfur okkar í fjármálum ekki glæsilegar nú. Togararnir færa björg í bú og skapa mikinn gjaldeyri. Vélbátar, verksmiðjur og frystihús, sem nauðsynleg eru í sambandi við útgerðina, munu einnig eiga drjúgan þátt í að skapa hér góða tíma, ef þannig verður að atvinnuvegunum búið, að þeir beri sig fjárhagslega. En það er það mikilvægasta og þýðingarmesta, að atvinnuvegirnir séu ekki reknir með tapi. Að þeir, sem leggja sig fram við atvinnurekstur, beri meira úr býtum en þeir, sem ekkert eiga á hættu, en taka laun sín hjá öðrum.

Verzlun, vöruskömmtun og margt annað, sem rifizt er um, eru aukaatriði, ef þannig er að atvinnuvegunum búið, að þeir geta ekki þrifizt, því þeir eru undirstaðan og þeir máttarstólpar, sem öll þjóðfélagsbyggingin hvílir á.

Nú stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd, að atvinnulíf þjóðarinnar er lamað. Vélbátar nýkeyptir til landsins og önnur atvinnutæki, sem kostað hafa þjóðina stórfé, eru ekki í notkun, af því að eigendur þeirra þola ekki að tapa meiru en þeir hafa nú gert. Það er augljóst, að ekki má lengur dragast að koma framleiðslunni á traustan grundvöll. Það er vitað, að þetta er erfiðleikum bundið, en eigi að síður verður Alþ. og ríkisstjórn að hafa leyst þessi *mál* fyrir n. k. áramót. Atvinnutækin eru til í landinu, og er það mikils um vert. Það má einnig segja, að verð afurðanna sé ágætt.

Skilyrði til þess að afla gjaldeyris og tekna í þjóðarbúið eru því fyrir hendi, ef ekki eru gerðar hærri kröfur til framleiðslunnar en atvinnuvegirnir þola.

Það er ljóst, að við verðum að færa tilkostnaðinn við framleiðsluna niður. Allar stéttir þjóðfélagsins verða að taka höndum saman og lækka kröfurnar. Stórra fórna þarf ekki að krefjast, — það teljast ekki stórar fórnir, þótt menn slaki á kröfunum, til þess að atvinnuvegirnir megi ganga.

Aðalatriðið er, að allir taki þátt í því, sem gera þarf, og að réttur grundvöllur verði fundinn í þessu efni.

Kommúnistar hafa leynt og ljóst reynt að slá ryki í augu almennings og telja mönnum trú um, að hægt væri að selja íslenzkar vörur mun hærra verði en gert hefur verið. Hafa þeir leyft sér að nefna hæstv. utanrrh. landráðamann, sem vinni gegn íslenzkum hagsmunum og noti ekki þau tækifæri, sem bjóðast við sölu íslenzkra afurða. Blekkingarstarfsemi kommúnista ætti öllum að vera ljós. Þeir slá þessum fjarstæðum fram vegna þess, að þeir vinna að upplausn og vilja ekki, að atvinnuvegir Íslendinga og efnalegt sjálfstæði þróist. Þeir vita, að aðeins með því að upplausnarástand ríki getur þeim tekizt að halda hér uppi flokksstarfsemi og nokkrum hóp manna til fylgis við sig.

Og nú, þegar kommúnistar búast við, að stjórnarflokkarnir séu að því komnir að semja um lausn málanna, reyna þeir af veikum mætti að flytja mál hér í Alþ., sem hæstv. ríkisstjórn hefur ekki verið sammála um, en meiri hluti hennar mælti gegn. Þetta er tilraun til að spilla nauðsynlegu samstarfi núverandi stjórnarflokka.

Í heiminum takast nú á tvær stefnur, annars vegar einræði og harðstjórn kommúnismans og hins vegar stefna lýðræðis og mannréttinda. Ljóst er, að kommúnistar hér á landi, eins og kommúnistar annarra landa, eru háðir erlendu valdi og verða að hlýða fyrirskipunum frá erlendu stórveldi. Málstaður Íslands er því ekki aðalatriðið í þeirra augum.

Þótt lýðræðisflokkana í landinu greini á um stefnur í innanlandsmálum, er þó eitt víst, að þeir hafa það sameiginlegt að vilja, þegar á reynir, þjóna hagsmunum Íslands. Sú stund er upprunnin, að þessir flokkar, þrátt fyrir misjöfn sjónarmið á ýmsum málum og þrátt fyrir deilur, sem oft hafa verið illvígar, verða nú að sameinast um það að koma framleiðslu þjóðarinnar á traustan grundvöll. Eitt er víst, að mestur hluti íslenzku þjóðarinnar, fólkið í landinu, á ekki aðra ósk heitari en þá, að þessir flokkar, með góðri forustu, vinni nú heiðarlega saman að því að vernda sjálfstæði þjóðarinnar, efnalega og andlega.

Verði sú ósk uppfyllt, náist slík samvinna, munu allir erfiðleikar verða yfirstignir og yfir þjóðina koma nýir blóma- og velgengnistímar.

Forseti (BG): Hv. 2. þm. Rang. lauk máli sínu. Tekur nú til máls hæstv. viðskmrh., Emil Jónsson, og talar af hálfu Alþfl.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Þetta frv. á þskj. 20, sem hér er til umr., fer fram á það í stuttu máli, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til verzlana og iðnfyrirtækja fyrir skömmtunarvörum skuli veita þessum innflytjendum í samræmi við afhenta skömmtunarseðla þeirra til viðskiptanefndar.

Þegar innflutningurinn getur ekki verið frjáls, er það ávallt mikið vandamál, hverjum skuli veita leyfi til innflutnings og eftir hvaða reglum. Gildir þá einu, hvort um skömmtunarvörur er að ræða eða aðrar vörur, sem ekki eru skammtaðar til neytenda, ef ekki er hægt að láta flytja þær inn eins mikið og óskað er eftir. Hafa ýmsar reglur verið uppi í því sambandi, t. d. hin svokallaða „höfðatöluregla“ og „kvótareglan“, sem báðar hafa verið framkvæmdar nokkuð á undanförnum árum. „Höfðatölureglan“ fer í þá átt að miða innflutningsleyfin hlutfallslega við þann viðskiptamannafjölda, sem á bak við innflytjandann stendur, og hefur mest verið fram haldið af kaupfélögunum og forsvarsmönnum þeirra, sem hafa haldið því fram, að innflutningurinn skyldi miðast við félagatölu kaupfélaganna annars vegar og mannfjölda utan kaupfélaganna hins vegar, og skyldi innflutningur til kaupfélaga og annarra skiptast í sömu hlutföllum. — „Kvótareglan“ aftur á móti, sem mest hefur verið farið eftir á undanförnum árum, miðar innflutningsleyfin við innflutning undanfarinna ára, þannig að hver innflytjandi fái sama eða svipaðan hundraðshluta af leyfunum eins og hann áður hafði af innflutningnum að meðaltali um nokkur ár.

Báðar þessar reglur hafa til síns ágætis nokkuð — og báðar sína galla.

Báðar þessar reglur hafa þann mikla kost, að þær eru tiltölulega auðveldar í framkvæmd, það er hægt að reikna út, nokkuð nákvæmlega, hvað hverjum ber samkvæmt þeim, svo um þá hlið málsins þarf ekki að deila. „Kvótareglan“ hefur hins vegar þann annmarka, að hún heldur innflutningnum í svo rígföstum skorðum, að þar verður vart nokkru um þokað. Þeir, sem einu sinni eru komnir þar að, standa báðum fótum fast í jötu, og nýir menn komast ekki að. Þetta er augljós galli, sem gerir það að verkum, að margir hafa — með réttu — orðið óánægðir og þykir sinn hlutur fyrir borð borinn. Höfðatölureglan aftur á móti hefur þann ókost, að það er svo um marga meðlimi kaupfélaganna, að þó að þeir hafi megnið af viðskiptum sínum þar, vilja þeir þó hafa frjálsræði til að verzla einnig annars staðar, ef þeim finnst að því hagur fyrir sig, — og þetta frjálsræði hafa þeir vissulega og notfæra sér margir. Höfðatalan ein gefur því ekki fullkomlega rétta mynd af viðskiptunum.

Eins og af þessu má sjá, er hvorug þessara reglna þannig, að ekki megi út á setja og með rökum, þó að báðar hafi ýmsa kosti, eins og lýst hefur verið.

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð, var þetta mál mjög til umræðu og brotið upp á ýmsum leiðum, sem fara mætti. Niðurstaðan af þeim bollaleggingum varð sú, sem lýst er í stjórnarsamningnum þannig:

„Ríkisstjórnin leggur áherzlu á, að innflutningsverzluninni verði hagað svo, að verzlunarkostnaðurinn verði sem minnstur. — Reynt verði eftir því, sem frekast er unnt, að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu, hvort sem þar er um að ræða einstaklinga eða félög.“

Eins og sést af þessari yfirlýsingu, er hér farið inn á alveg nýjar brautir. Í stað þess, sem gömlu reglurnar miðuðu áður við ýmist viðskiptamannafjölda eða fyrri ára innflutning, er nú ákveðið að veita þeim leyfin fyrst og fremst, sem hagkvæmust innkaup gera og telja sig geta sýnt fram á, að

þeir selji vöruna við ódýrustu verði til neytenda. Enginn mun geta haldið því fram með rökum, að þetta sá óeðlileg eða ósanngjörn regla sem meginregla, en það verður þó að segjast, að einnig hún hefur sína galla. Gallinn við þessa aðferð er sá, að hún er erfið í framkvæmd. Þó er þetta mjög misjafnt, eftir því hvaða vöruflokka er um að ræða. Í ýmsum tiltölulega stórum vöruflokkum, þar sem gerð vörunnar og vörugæði liggur nokkurn veginn fast, gera þessir örðugleikar ekki vart við sig, t. d. við ýmsar byggingarvörur, sement, járnvörur, timbur, ýmsar matvörur, kornvörur o. fl., ýmsar útgerðarvörur, kol, salt, olíur o. þ. h. En ýmsar iðnaðarvörur, t. d. vefnaðarvara, skófatnaður o. fl. þ. h., verða erfiðari viðfangs, þar sem þarf að meta vandséðan *gæðamun til verðs. Þó er þetta regla, sem í flestum* tilfellum ætti að vera hægt að hafa hliðsjón af, að minnsta kosti, og í mörgum tilfellum að fara alveg eftir, og ef hægt reynist að vinna bug á þeim agnúum, sem eru á framkvæmd hennar, er um það fullt samkomulag með stjórnarflokkunum, að heppilegri leið sé vart unnt að finna og sanngjarnari, bæði frá því sjónarmiði að spara sem mest gjaldeyri — gera heppilegustu innkaupin — og frá sjónarmiði neytandans, að fá vöruna fyrir sem ódýrast verð. Þau verzlunarfyrirtæki, sem standa á gömlum merg og hafa sitt dreifingarkerfi í bezta lagi, hafa þá mesta möguleikana til ódýrra innkaupa og sölu, en hins vegar eru nýir kraftar ekki útilokaðir, ef þeir hafa upp á eitthvað gott að bjóða og ódýrt.

Þann stutta tíma, sem fjárhagsráð og viðskiptanefnd hafa enn starfað, hefur engin reynsla á þetta kerfi fengizt af þeirri einföldu ástæðu, að starf þeirra að þessu leytinu til er ekki komið í fastar skorður. Ég fyrir mitt leyti hefði því haldið, að svo marga kosti sem þetta kerfi hefur fram yfir þau gömlu, sem áður hefur verið farið eftir, yrði að reyna það til hlítar áður en farið er að hyggja á breytingar, og að ekki væri rétt að binda hendur þeirra aðila, sem um þetta eiga að fjalla, áður en nokkur reynsla er af því fengin umfram það, sem í upphafi hefur verið gert með sjálfri meginreglunni. Komi það í ljós, að einhverjir agnúar eða örðugleikar verði á framkvæmdinni, þá er að athuga þá, þegar þar að kemur, en ég tel rétt og sjálfsagt að gera tilraunina fyrst.

Breytingartillaga sú, sem hér liggur fyrir í frumvarpsformi, gerir hins vegar ráð fyrir, að hér verði á gerð sú breyting nú þegar að því er skömmtunarvörur snertir, að innflutningsleyfin verði miðuð *við skilaða skömmtunarseðla, og flutningsmaður tel*ur, að það sé hinn réttasti og þægilegasti mælikvarði á ódýr viðskipti. — Því ber að vísu ekki að neita, að úthlutun leyfa samkvæmt þeirri reglu væri handhæg og þægileg í framkvæmd, en hitt þarf ekki nauðsynlega að vera fyrir hendi, að þessu fylgi hin ódýrustu innkaup. Það er nú einu sinni svo, að menn eru meira og minna bundnir í sinni verzlun, bæði af vana, kunningsskap og ýmsu öðru, þannig að það fer alls ekki ævinlega saman, að menn geri kaup sín þar, sem varan er seld ódýrustu verði, þó að það hins vegar sé líklegt í mörgum tilfellum. Ég tel því engan veginn tryggt, að meginreglunni verði ávallt fullnægt með ákvæðum frumvarpsins, enda sjálfsagt ekki það, sem fyrir flutningsmönnum vakir fyrst og fremst, eins og ég mun koma nánar að síðar.

Hins vegar er rétt að taka það fram hér, að samvinnumenn hafa oft á fundum sínum í S.Í.S. og víðar talið sig afskipta um innflutning á vefnaðarvörum, búsáhöldum, skófatnaði o. fl. Hafa komið fram frá þeim tillögur til úrbóta í þessu efni. Hefur undir þessar till. verið tekið á Alþ. af samvinnumönnum þar bæði í Framsóknarflokknum og öðrum þingflokkum, og ég býst við, að þegar gengið var frá þeirri meginreglu um innflutningsverzlunina, sem ákveðin var í stjórnarsamningnum, þar sem þeir áttu að fá innflutningsleyfin, sem ódýrustu innkaupin gerðu og lægstan hefðu dreifingarkostnaðinn, þá hafi það vakað fyrir þessum mönnum fyrst og fremst að tryggja hag samvinnufélaganna, þar sem þeir hafi trú á því, að þessi skilyrði uppfylltu þau bezt. Og ég hefði því haldið, að bezt væri fyrir þessu máli séð á þann hátt, að yfirburðir samvinnufélaganna hefðu fengið að koma í ljós og innflutningurinn þá af sjálfu sér, samkvæmt þessari reglu, meira og meira færzt til þeirra.

Nú hafa hins vegar fulltrúar Framsfl. í fjárhagsráði ekki viljað bíða eftir því, að reynsla fengist af þessari aðferð, sem ákveðin er í stjórnarsamningnum, og borið þar fram till. nákvæmlega samhljóða þessari — efnislega — sem hér liggur fyrir.

Ríkisstjórnin í heild hefur ekki enn tekið afstöðu til till., hvorki með né móti, en eins og ég hef áður lýst, hafði ég þá skoðun og hef enn, að æskilegast hefði verið, að nokkur reynsla fengist af hinu nýja fyrirkomulagi, áður en farið er að gerbreyta því.

Hv. frsm., Sigfús Sigurhjartarson, sagði, að fulltrúi Alþfl. í ríkisstjórn hefði staðið gegn fulltrúa Alþfl. í fjárhagsráði.

Út af þessu vil ég aðeins segja þetta: Þegar ríkisstjórnin ákvað að fresta að sinni að taka ákvörðun um að breyta stjórnarsamningnum að þessu leyti, var það gert á sameiginlegum fundi ríkisstjórnarinnar, fjárhagsráðs og viðskiptanefndar. Allir viðstaddir alþýðuflokksmenn, þar á meðal Finnur Jónsson, og fulltrúi flokksins í viðskiptanefnd voru á einu máli um þetta, og var um það enginn ágreiningur milli Finns Jónssonar og mín.

Af þessu hafa kommúnistar fundið lyktina. Þeir telja sig hafa fundið það út, að ekki væri enn komið samkomulag um afgreiðslu málsins í ríkisstjórninni, enda hefur frá því verið skýrt í blöðum. Þeir telja þá sínum málstað bezt borgið á þann hátt að ganga á lagið, freista þess, hvort ekki er hægt að skapa varanlega sundurþykkju innan ríkisstjórnarinnar út af málinu, kannske með þeim árangri, *að svo alvarlegur brestur kæmi í stjórnarsamstarfið*, að örðugt yrði úr að bæta. Þetta — og þetta eitt er það, sem fyrst og fremst vakir fyrir þeim herrum. Ef það hefði verið áhugi fyrir málum samvinnumanna og kaupfélaganna, sem réði gerðum þeirra, hvers vegna báru þeir þá ekki fram till. í þessa átt, þegar þeir höfðu bezta aðstöðuna til þess og þeir sjálfir voru í ríkisstjórn, — þegar „kvóta"-reglan var aðalúthlutunarreglan? En það var hún í þeirra stjórnartíð. Hvers vegna fara þeir fyrst á stað með málið eftir að numin hafði verið úr gildi sú úthlutunarregla og tekin upp önnur, sem hafði í sér fólgna möguleika fyrir aukningu kaupfélaga-innflutningsins, svo framarlega sem þau gátu sýnt yfirburði í vöruverði?

Já, hvers vegna? Það örlar ekki á áhuga hjá þeim fyrir þessu máli fyrr en þeir eru komnir úr stjórninni og eftir að hið nýja kerfi kom fram og þar

með verstu hindruninni fyrir vexti kaupfélaganna hafði verið rutt úr vegi.

Og það þarf ekki að fara í neinar grafgötur til að leita að hvötum þeim, sem þessu hafa ráðið. Þetta er ekki fyrst og fremst barátta fyrir auknum innflutningi kaupfélögunum til handa. Nei, það er barátta fyrir auknum erfiðleikum stjórninni til handa.

Þeir vita sem er, að það standa fyrir dyrum hörð átök í okkar litla þjóðfélagi, átök um það, hvort beitt skuli raunhæfum aðgerðum til að koma efnahags- og atvinnumálum okkar á réttan kjöl. Þeir vita, að þessi barátta verður háð milli kommúnistaflokksins — í þrengstu merkingu — annars vegar og allra annarra flokka hins vegar. Þeir vita líka, að úrslit þeirrar baráttu geta orðið örlagarík, ekki einasta fyrir íslenzku þjóðina, heldur einnig fyrir þeirra pólitísku starfsemi í landinu. Þess vegna hafa þeir fundið upp þetta herbragð til að reyna að tvístra liðinu á síðustu stundu. Því að þeim er fullljóst, að takist flokkunum þremur, sem nú standa að ríkisstjórninni, að halda saman í þeirri baráttu, er tryggt, að ósigur kommúnista verður mikill. Því aðeins hafa þeir von, að þeim takist að deila liðinu og koma af stað innbyrðis sundurlyndi.

Mér er mætavel ljóst, að það ber mikið á milli í stefnumálum flokkanna þriggja, sem að stjórninni standa, og að það er auðvelt verk að vekja þar ágreining; en fyrir mér liggur málið þannig, að eitt sé nú nauðsynlegast af öllu, sem allt annað verði að víkja fyrir í bili, og það er að fá skynsamlega lausn þessara vandamála, efnahags- og atvinnumála þjóðarinnar, þannig að framleiðslustarfsemin geti haldið áfram ólömuð og utanríkisverzlun okkar haldið í horfinu og aukizt.

Í þessu sambandi tel ég það nánast algert aukaatriði, hvort það mál, sem hér liggur fyrir, verður leyst nú, eða hvort heldur verður kosið að bíða með það þangað til séð verður, hvort hinar nýju reglur um innflutninginn, sem felast í stjórnarsamningnum, leysa það af sjálfu sér á næstunni. Að láta það, eða hvernig það verður leyst, ráða úrslitum hinna þýðingarmestu mála — teldi ég óforsvaranlegt. Á engu ríður þjóðinni meira nú en að standa saman um aðalmálin og láta allt annað, sem deilum getur valdið, bíða á meðan.

Ég tel víst, að framsóknarmenn hafi borið fram þessa till. í fjárhagsráði vegna þess, að þeir hafi talið það öruggustu leiðina fyrir kaupfélögin og S.Í.S. til þess að auka innflutningshlutfall sitt í þessum vörum, enda má telja líklegt, að í framkvæmd mundi þessi aðferð gefa svipaða raun og höfðatölureglan. Sjálfstæðismenn hafa á hinn bóginn ávallt talið sínum hag bezt borgið og sinna umbjóðenda með „kvótareglunni", þar sem öllu er haldið í óbreyttum hlutföllum frá því, sem verið hefur. Alþfl. telur hins vegar, að æskilegasti mælikvarðinn, sem leggja beri á innflutninginn, sé verðlagið, bæði innkaupsverðið og verðið til neytenda. Þess vegna lagði hann til, að þetta yrði tekið upp í stjórnarsamninginn, og inn á það var gengið af báðum flokkunum, Framsókn og sjálfstæðismönnum, sem meginreglu. Reynslan á svo eftir að skera úr um það, hvernig þetta fyrirkomulag gefst. Ég fyrir mitt leyti tel, að finnist á þessu heppilegt form í framkvæmd, sé enginn vafi á því, að það muni verða þjóðinni fyrir beztu. Þá fær sá innflutnings- og gjaldeyrisleyfin, sem bezt innkaup gerir og tekur minnst fyrir dreifinguna til neytandans.

Með réttu hefur verið að því fundið, að eins og fyrirkomulagið var á innflutningsverzluninni og tilhögun álagningar, virtist svo sem möguleikarnir til verzlunarhagnaðar væru mestir hjá þeim innflytjanda, sem lakast keypti inn, þ. e. a. s. dýrustu verði, því að honum var leyfð hæsta álagning í krónum. Var það almannaskoðun orðin, að með þessu væru innflytjendur litt hvattir af hálfu hins opinbera til þess að hugsa um að kaupa sem ódýrast inn og þeir beinlínis verðlaunaðir, sem dýrt keyptu. Ég skal ekkert um það segja, hvort eða hve mikil brögð hafi verið að því, að menn féllu fyrir þessari freistingu, en það breytir engu um það, að freistingin var beinlínis þannig lögð fyrir menn með opinberum aðgerðum. — Einnig þennan agnúa á hið nýja fyrirkomulag að geta útilokað.

Á þessum síðustu og erfiðustu tímum, þegar draga verður úr allri gjaldeyriseyðslu eins og frekast má, hefur það vissulega mikið að segja, að innflytjendur séu hvattir til að kaupa sem hagkvæmast inn, og að þeir finni hvöt hjá sér til þess að gera það þannig, að þeir verði látnir sitja fyrir, sem bezt innkaupin gera. En á þetta hefur mjög skort, eins og kunnugt er.

Í verzlun þeirri, sem hv. flm. þessa frv., Sigfús Sigurhjartarson, stjórnar, KRON, er mér til dæmis sagt, að fáist lúxuskaffibollar, sem kosta um 100 kr. parið, eða 12 manna kaffistell á 1500 krónur. Þegar þessir 100 kr. bollar eru bornir saman við það, að hér í bæ hafa nú á sama tíma fengizt bollar fyrir 3—4 kr. parið, þá sést, að á þessu er geipimunur. Það skal að vísu játað, að þessir síðarnefndu bollar voru úr allt öðru efni, og einnig hitt, að það getur vel verið, að 100 kr. bollarnir séu 100 kr. virði út af fyrir sig, en ég tel þó, að lúxusbollarnir hefðu átt að bíða þangað til búið var að tryggja, að nóg væri til af hinum.

Mér hefur einnig verið tjáð, að hv. þm. selji í sömu búð postulínsvasa og glerkýr fyrir allt að 1000 kr. stykkið, og bendir þetta til þess, að einnig hann og sú verzlun, sem hann stjórnar, hafi fallið fyrir þeirri freistingu að taka til sölu þær vörur, sem mestan hagnað gefa, án tillits til þarfa neytandans og hvað honum hentar bezt, og fyrst svona er um hið græna tréð, hversu mun þá farið um hitt?

Nei, það veitir sannarlega ekki af, að innflytjendum sé fyrst og fremst haldið að nauðsynjavörukaupum og að því að gera þau á sem hagkvæmastan hátt fyrir þjóðarheildina, og þeir verðlaunaðir með auknum leyfum, sem það gera, en ekki hinir, sem dýrast kaupa.

Þegar veiting innflutningsleyfa verður miðuð við verðlag, hlýtur það að verða hvöt hjá hverjum innkaupanda til að gera eins hagkvæm kaup og möguleikar standa frekast til, enda virðist það svo sjálfsagt, að ekki er umtalsvert.

Allt í allt get ég ekki séð annað en kosti við þetta fyrirkomulag og að sjálfsagt sé að sjá nú til, hvernig það reynist. — Ég vil þó ekki fyrir mitt leyti standa á móti því, að málið fái venjulega þinglega afgreiðslu og verði vísað til nefndar, og mun ég því greiða atkvæði með því, að málinu verði vísað til 2. umr. og n.

Forseti (BG): Hæstv. viðskmrh. hefur lokið máli sínu, og er þar með lokið fyrri umferð. Hefst nú síðari

umferðin, og tekur fyrstur til máls hv. flm., 6. þm. Reykv., Sigf. Sigurhjartars., sem talar af hálfu Sósfl.

Flm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Ég þarf í rauninni ekki að svara miklu þeim ræðum, sem haldnar hafa verið. Ég ætla að byrja með ræðu hv. þm. V.-Húnv., Skúla Guðmundssonar, kaupfélagsstjóra frá Hvammstanga. Hann hafði margt um það að segja, hve illa búið var að kaupfélögunum í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Það er alveg rétt, og um það er í raun og veru ekkert annað að segja. Hann gat um till. þá, sem ég flutti á síðasta þingi og er áður búinn að skýra frá. Hann sagði, að till. hefði verið svo illa orðuð, að ekki hefði verið hægt að una við hana þess vegna. Ekki minntist hann á þetta í fyrra, þá fann hann ekkert að orðalaginu. Ef brennandi áhugi hefði verið fyrir hendi, hefði verið hægt að víkja við orðalaginu og færa það, sem klaufalegt var, til hins betra. Það var gert ráð fyrir frjálsum innflutningi á matvörum, en þannig hefur það verið um langt skeið, með þeim árangri, sem við báðir þekkjum. Kaupfélögin hafa náð í sínar hendur um helmingi allrar verzlunar í landinu með þessar vörur.

Þótt hann talaði fallega um till. mínar nú, sló hann úr og í og vildi sýnilega tryggja sér opnar bakdyr. Hann talaði um það, að gálaust hefði verið farið með gjaldeyri, og vitnaði í því sambandi í grg. hv. 2. landsk., Katrínar Thoroddsen. Þar er þessu rétt lýst, og ég hef engu við það að bæta. Það er fjarri því, að ég ætli að fara að verja gjaldeyrismeðferðina. Hv. þm. hélt því fram, að við sósialistar hefðum ekki viljað leggja meira en 300 millj. kr. undan til nýsköpunarframkvæmda. Sannleikurinn er sá, að sósialistar kröfðust þess, að allar innstæðurnar í árslok 1944, eða 580 millj. kr., yrðu lagðar á nýbyggingarreikning. Það voru varfærir menn úr Alþfl., sem vildu binda samningana við 300 millj. Svo er það hins vegar rétt, að við þann samning var staðið. Hv. þm. V.-Húnv. hefur sjálfur nokkra reynslu í þessum efnum, því að hann var til þess neyddur að greiða atkv. á móti till. minni á síðasta þingi. Það er nú einu sinni svo, að fjármálum þjóðarinnar er ekki hægt að stjórna í samráði við heildsalana, og það má furðulegt heita, ef hv. þm. V.-Húnv. er tornæmari en ég hvað þetta snertir.

Annars hafði hv. þm. ekkert sérstakt að athuga við till. mína, nema þá það, að ég hefði farið í smiðju til annarra. Í því sambandi get ég ekki stillt mig um að vitna í kvæði Stephans G. Stephanssonar:

„Hugði ei sannleik hóti betri
hafðan eftir Sankti-Pétri
heldr en ef svo hending tækist —
húsgangurinn á hann rækist."

Sannleikurinn er ekki lakari, þótt framsóknarmenn beri hann fram.

Þá var það hv. 2. þm. Rang., Ingólfur Jónsson. Hann sagði, að það væri bara ímyndun, að til væri nokkurt heildsalavald. Hinir 222 heildsalar — þar af 207 í Reykjavík — eru alveg valdalausir! Og það er heldur ekkert bankavald til! Að maðurinn skuli ekki verða heimsfrægur fyrir að láta út úr sér annað eins og þetta! Svo sagði hv. þm., að sjálfstæðismenn væru samvinnumenn. Hvenær hefur nú það verið samþykkt í Sjálfstfl.? Hæstv. viðskmrh. dró þetta víst í efa. [Eyða í hndr.]. .... og segja við kaupfélag eða kaupmann: Vilt þá flytja inn vöru, sem ég þarf? Ég veit ekki, hvað felst í ákvæðum l., ef ekki þetta. Í 12. gr. l. um fjárhagsráð stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Reynt verði, eftir því sem frekast er unnt" (tveir varnaglar) „að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu." Það á að **„reyna" þetta eftir því sem „frekast er unnt"**. Því er ekki búið að reyna þetta? Hvers vegna hefur ríkisstj. ekki fylgt þessu fyrirmæli og reynt þetta? Það ber öllum saman um, að þetta hafi ekki verið reynt. Nú liggja fyrir upplýsingar frá hæstv. viðskmrh. um, að á þessu séu verulegir erfiðleikar. Og það er hverju orði sannara. — En ég segi ykkur satt, að neytendum sjálfum er miklu betur trúandi til þess að gera upp á milli þeirra, sem selja á hagkvæmustu verði og gera hagkvæmust innkaup, og hinna, sem gera það ekki, heldur en pólitískri n., þó skipuð væri fulltrúum fjögurra þingflokkanna. Þetta verður ekki sízt ljóst, þegar rifjað er upp, að á síðasta þingi hefur hæstv. viðskmrh. lesið upp bréf frá viðskiptamanni, þar sem er áberandi óhróður gegn vissum stjórnmálaflokki. Það er sannað á Alþ., að slíkir starfsmenn eru í samræmi við vilja hæstv. viðskmrh. Og manni skilst, að einhverjir slíkir menn eigi að standa nálægt málunum, þegar skera á úr um það, hverjir flytji inn ódýrasta vöru og hafi hagkvæmastan innflutning fyrir neytendur. En alþýða manna trúir ekki á réttdæmi slíkra manna eða þeirrar n., sem á um þetta að fjalla. Hún trúir betur, að almenningur viti full skil á því, hvar hann á að verzla. Og þá getur hann, þegar hann veit það, keypt inn nauðsynjavörur sínar eins og gert er ráð fyrir í þáltill.

Þá kom hv. þm. að því, að það væri augljóst, til hvers þessi þáltill. væri flutt, nefnilega til þess að sprengja stjórnarsamvinnuna. Ja — að stjórnarsamvinnunni standa nú, eftir því sem fram hefur komið, samvinnumenn. Framsfl. leggur höfuðáherzlu á samvinnustefnu í verzlunarmálum. Alþfl. hygg ég líka. Og nú er upplýst hér við umr., að allur Sjálfstfl. — allur saman með tölu — séu samvinnumenn(!). Og svo á þessi till. að vera flutt til þess að sprengja stjórnarsamvinnuna(!). Sér er nú hver spekin, sem þeir menn hafa yfir að ráða, sem halda slíku fram(!). — Svo fullyrti þessi hv. ræðumaður, 2. þm. Rang., að kaupfélögin hefðu ekki verið afskipt um innflutningsleyfi, þau hefðu fengið nógan innflutning og hefðu ekki yfir neinu að kvarta. Það er nú svo. Hvað ætli hæstv. menntmrh. segi um það? Ég vænti þess, að hann kannske segi eitthvað um það nú á eftir, hvort það er rétt eða rangt, sem forstjóri S.Í.S. hefur gefið mér upp, að S.Í.S. fái 15% af innflutningnum af vefnaðarvörum, skófatnaði, byggingarvörum og ýmsum vörum, sem eru mestar álagningarvörur, en 50% af innflutningnum af matvörum, sem minnst álagningin er á. Ég vænti, að sá hæstv. ráðh. upplýsi, hvort þetta er rétt eða rangt og hvort honum finnst þetta réttlát skipting. — Svo kom löng útskýring á því, að „almenningur yrði að fórna," og að það væri ekki nokkurt vit í að leggja nokkrar hömlur á starfsemi heildsalanna. Hv. 2. þm. Rang. sagði, að það mætti láta almenning dæma um, hvar vörurnar eru beztar, en að almenningur yrði að fórna. Svona var upphafið og endirinn á ræðunni og öll ræðan. Og svona var ræða hæstv. fjmrh. líka, enda gerast ræður hans þunnar í seinni tíð.

En hvernig er svo að málunum staðið? Það er staðreynd, að í landinu starfa nú 222 heildsalar, sem hafa mikil völd. — Ég er nýbúinn að líta yfir skattframtöl í Reykjavík fyrir síðasta ár. Þau segja manni margt, t. d. það, að í Reykjavík hafi talið fram 8321 aðilar, sem komust í eignarskatt. Nettó eignir þessara manna voru metnar á fasteignamatsverði og reyndust vera 402,7 millj. kr. Svo var athugað, hvað 200 eignahæstu framteljendurnir ættu af þessu. Þeirra nettó eignir voru samtals 103 millj. kr. M. ö. o., þannig er eignaskiptingin í Reykjavík nú, að 200 menn eiga einn fjórða hluta af öllum skattskyldum eignum í bænum, en 8121 aðilar eiga hina þrjá fjórðu hlutana. Þetta er eignaskiptingin í Reykjavík. — Ég held, að þeir hafi dálítil völd, þessir 200 ríku. — Á sama ári eru nettó tekjur 22820 einstaklinga og félaga 504 millj. kr., þ. e. þeirra allra, sem telja fram tekjur í Reykjavík. Þeir 200 ríku telja fram þar af 36 millj. kr. nettó tekjur. Þetta þýðir, að hinir 200 ríku hafa meðaltals nettó tekjur 180 þús. hver. En af framteljendunum í Reykjavík er það þannig stór fjöldi, rúmlega 22 þús. framteljendur, sem hafa í árstekjur að meðaltali um 20 þús. kr.

Ég vil benda á, að þessir 200 ríku menn og þeir 222 heildsalar hafa völd í þessu landi. Þeir hafa baráttutæki eins og Morgunblaðið. Útgefandi þess er Árvakur h.f., þ. e. félag árvakurra manna innan stéttar eignasterkra manna, sem berst fyrir hag stéttarinnar. Þeir eiga líka Vísi, þeir ríku. Það er líka baráttutæki fyrir Sjálfstfl. og stjórnina. Og Sjálfstfl. berst með hnúum og hnefum fyrir þessa stétt, stétt þeirra ríku. Þess vegna er upphafið á ræðu fulltrúa þess flokks: Ekki má skerða hag heildsalanna og hag kaupmannanna, — og niðurlagið: Það má til að skerða svolitið tekjur lægst launuðu stéttanna. — En þeir eiga líka ítök í Framsfl., þeir ríku og heildsalarnir. Sá flokkur var baráttuflokkur bænda og samvinnumanna, og er það að mörgu leyti enn. En heildsalarnir eiga þar ítök. Þess vegna er það, að þegar þetta mál er rætt hér, þá stendur hv. þm. V.-Húnv. hér og talar þannig, að hann er jú meðmæltur hag neytenda, en heldur opnum bakdyrum til þess að geta hlaupið út um þær í þessu máli. Hinir 200 ríku eiga sannarlega fulltrúa innan Framsfl. Hvar stendur sá flokkur nú? Hann vill láta þyngja kjör landbúnaðarins. Og á Alþ. er hann tvíræður út af hagsmunum neytenda, þorir þar í hvorugan fótinn að stíga. Því að heildsalarnir geta snúið í kringum sig þm. þess flokks og bannað þeim að taka þá afstöðu, sem umbjóðendur þeirra þó gera kröfu til þeirra um. Og svo segja þeir, að almenningur verði að fórna.

En hvernig er nú krafan til orðin um, að allir eigi að fórna, einnig þeir lægst launuðu? Orsökin til þeirrar kröfu er auðsæ. Það er lögmál allra alda, að hinir ríku vilji ríkari verða. Hinir 200 ríku hér í Reykjavík vilja fá meiri auð og völd. Hvernig geta þeir það? Það er ekki hægt, nema á kostnað hinna stéttanna, — það er eins víst og að tveir og tveir eru fjórir. Það er ákaflega hagkvæm aðferð fyrir hina ríku að reyna að koma því til leiðar, að minnkuð verði svolitið kjör hjá lægst launuðu stéttunum. Við þekkjum enn þá atvinnurekandann í Reykjavík, sem sagði, þegar hann varð að láta undan kröfum launþega: „Já, biðið þið bara, þangað til atvinnuleysið kemur.“ Hvað þýðir atvinnuleysi lakast launuðu stéttanna? Það þýðir, að eignir færast á færri og færri hendur, þeir ríku verða ríkari. Ef á að skerða kjör þeirra lægst launuðu, þá verður margur báturinn og margt húsið, sem færist frá snauðum til ríks. — Íslenzk alþýða þarf að gera sér ljóst, að núverandi ríkisstjórn fylgir þeirri stefnu, sem berst fyrir hagsmunum eignastéttanna. Og alþýðan þarf að standa saman gegn baráttu eignastéttanna fyrir því að gera hina ríku ríkari, gegn hinum 222 heildsölum. — Bið ég svo hæstv forseta afsökunar, ef ég hef notað eitthvað ofurlítið lengri ræðutíma en mér bar.

Forseti (BG): Nú lauk máli sínu hv. 6. þm. Reykv. Hann hefur talað 3 mínútum of lengi, og bætist sá ræðutími við hjá öðrum stjórnmálaflokkum.

Næst tekur til máls hæstv. menntmrh., EystJ, talar af hálfu Framsfl. og hefur 15 mínútur til umráða.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég ætla fyrst að minnast með nokkrum orðum á það, sem hv. 6. þm. Reykv. hefur sagt. Það er satt, að innflutningur er þannig á sumum hinum þýðingarmestu vörum, að S.Í.S. hefur 15% af innflutningnum, en heildsalar og aðrir kaupmenn 85%, og það þótt matvöruinnflutningurinn skiptist nokkurn veginn jafnt á milli S.Í.S. annars vegar og kaupmanna hins vegar. — En þessi hv. þm. gleymdi bara að taka fram, að þær tölur eru miðaðar við það tímabil, þegar hann og hans flokkur studdi ríkisstjórnina. Og þetta hlutfall versnaði stórkostlega á þeim árum fyrir S.Í.S., þegar þessi hv. þm. studdi ríkisstjórnina, frá því sem áður hafði verið.

Þessi hv. þm. segir, að Helgi Þorsteinsson hafi lýst því með talandi tölum, hversu afskipt kauplögin hefðu verið um innflutning til landsins á ýmsum vöruflokkum, miðað við innflutning á skömmtunarvörum. En þessar tölur áttu við árin 1945 og 1946, þegar þessi hv. þm. studdi ríkisstjórnina af mesta kappi. — Hv. þm. segist flytja þessa till. af áhuga fyrir framgangi kaupfélaganna. En hvers vegna sat hann þá á fundi S.Í.S. og var með allt annarri stefnu í málinu? Hvers vegna flutti hann þá ekki slíka till. sem þessa á Alþ., þegar hann hefði fremur átt að hafa aðstöðu til að koma henni í gegn, þar sem hann studdi þá ríkisstjórnina? Þá þagði þessi hv. þm. í þessu máli. — Nú gæti einhver sagt, að hann hefði ekki getað komið þessari till. fram í samvinnu við aðra flokka. Það er annað mál, hvort menn geta komið sínum áhugamálum fram í slíkri samvinnu, eða hvort þeir reyna að nota öll tækifæri til þess að þoka sínum málstað til sigurs. En gerði þessi hv. þm. það í þessu máli eða Sósfl., meðan hann studdi ríkisstjórnina? Nei. Þeir hreyfðu þessu ekki í ríkisstjórninni. Og þeir voru fjandmenn S.Í.S., þegar þeir sáu sér tækifæri til þess. — Það er þægilegt að hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri, eins og þessi tungumjúki hv. þm., sem síðast talaði hér. En stundum geta óheilindin legið svo berlega fyrir, að orðið geti nokkuð óþægilegt.

Þá vil ég víkja að málinu, sem fyrir liggur til umr. Þessi till. er sniðin eftir till. þeirra Sigtryggs Klemenzsonar og Hermanns Jónassonar í fjárhagsráði.

Hv. fulltrúi Sjálfstfl. sagði, að S.Í.S. þyrfti ekkert að kvarta, það hefði fengið nóg innflutnings-

leyfi. En sannleikurinn er sá, að kaupfélögin í landinu hafa orðið að kaupa af heildsölunum fyrir 10 til 20 millj. kr. á ári, af því að þessi félög hefur vantað innflutningsleyfi til þess að geta flutt inn vörur í réttu hlutfalli við aðra, miðað við að fullnægja þörfum sinna viðskiptamanna.

Svo fengum við þessar upplýsingar, að sjálfstæðismönnum þætti vænt um S.Í.S. og kaupfélögin. Það eru nýjar fréttir. Við höfum ekki orðið varir við þessa hluti. Það kann að standa til bóta. En fram að þessu hafa málin staðið öðruvísi, því miður.

Hv. þm. sýndi ekki fram á, að þessi regla, sem hingað til hefur verið höfð hjá fjárhagsráði, væri óheppileg, en sagði, að mönnum væri ætlað að afhenda seðlana fyrir fram. Það er ekki rétt. En mönnum er frjálst að gera það. Og hann sagði, að það samræmdist ekki sjálfsákvörðunarrétti manna að afhenda þannig skömmtunarseðlana. En samrýmist þá betur sjálfsákvörðunarrétti manna að verzla við þá, sem yfirvöldin segja, að þeir skuli verzla við? Nei. — Við erum að ræða vandamál. Við verðum sjálfsagt að hafa innflutningshöft enn um langa hríð. Og þá verðum við að sjá til þess, að verzlunin færist ekki aðeins milli kaupfélaga og kaupmanna, heldur einnig milli kaupmanna innbyrðis, eftir því, hverjir uppfylla bezt það ákvæði fjárhagsráðsl. að flytja inn hagkvæmastar vörur og selja við sem ódýrustu verði. Við verðum að leggja okkur fram til þess, ekki aðeins vegna neytenda, heldur líka vegna þeirra, sem krafizt geta að fá að njóta sín, ef þeir geta útvegað betri og ódýrari vörur en aðrir. Ég vil ekki segja, að sú leið, sem hv. 6. þm. Reykv. bendir á, sé eina leiðin að þessu marki. Við erum fúsir til þess að athuga allar till., sem koma fram til þess að leysa úr þessu vandamáli, sem ríkt hefur í þessum efnum og ríkir enn. Viðvíkjandi stjórnarsamningnum, þá er nú ágallinn sá í þessu tilliti, að það er eftir að finna formið fyrir framkvæmdinni á þessu. Og það getur farið alveg eftir forminu fyrir framkvæmdinni, hvort þessi ákvæði ná tilgangi sínum eða ekki, þ. e. a. s. að þeir sitji fyrir innflutningi, sem geta útvegað beztar og ódýrastar vörur til landsins. — En hvernig á að dæma um þetta? Á að kaupa allar vörur í hverri innflutningsgrein fyrir sig á sama tíma fyrir eitthvert tímabil og ef einn innflytjandi kemur með beztar vörur, á hann þá að fá allan innflutning til landsins í þeirri grein? Svona má spyrja. Og ef einhver sýnir fram á, að hann geti selt betri vörur og við hagkvæmara verði en aðrir, á hann þá að fá einhvern hluta innflutningsins á þeim vörum, en ekki allan innflutninginn, og þá hvern hlut? Og hvar er mælikvarðinn um þetta? — Við Framsfl.-menn álítum bezt að láta neytendur sjálfa dæma um það, hverjir sýni fram á, að þeir flytji inn og selji ódýrastar og hentugastar vörur, þannig að neytendur kunni bezt að sjá hag sínum borgið. Á þeirri hugsun teljum við bær till. byggðar, sem urðu að ákvæðum l. um fjárhagsráð. — Það er ákaflega nauðsynlegt, að menn geri sér grein fyrir, hvernig þessu fyrirmæli l. um fjárhagsráð geti orðið fyrir komið í framkvæmd, þannig að það náist, sem menn ætluðust til með þessum ákvæðum. Það hefur verið sagt, að ákvæðið um afhendingu skömmtunarseðlanna fyrir fram væri mörgum þyrnir í augum. En það er vegna þess, að menn byrja með svo misjafnan vörulager, þegar skömmtunin er sett á fót.

Ég skal svo loks víkja fáeinum orðum að afstöðunni til þeirra ákvæða, sem sett voru um þessi efni í stjórnarsáttmálann. — Eins og hæstv. viðskmrh. tók réttilega fram, fengu Framsfl.-menn ekki inn í stjórnarsáttmálann þau ákvæði um þessi efni, sem þeir vildu helzt, og þetta, sem sett var, var eins konar miðlunarvegur, og enn fremur það, sem sett var um þessi efni í l. um fjárhagsráð. Það er ekki höfðatöluregla og heldur ekki kvótaregla. En það er gott, að verzlunin geti orðið sem frjálsust að því leyti, að menn sitji fyrir um innflutningsleyfi, sem sýnt geta fram á, að þeir geti gert innkaup á hagkvæmustu vörum og selt vörurnar ódýrast. En okkur hefur sýnzt, að sú leið, sem flutt hefur verið till. um af Framsfl.-mönnum í fjárhagsráði, sé heppilegasta og skemmsta leiðin, sem líkleg er til þess að ná þessu marki.

Það er um meðferð þessara mála að segja í ríkisstjórn og fjárhagsráði, eins og hæstv. viðskmrh. tók fram, að þar hafa þessi mál ekki fengið endanlega afgreiðslu. Þeim till., sem hér eru fluttar í sambandi við skömmtunarreglur, var vísað frá, en það var til athugunar að miða innflutningsleyfi a. m. k. að verulegu leyti við afhendingu skömmtunarseðla. Nú hefur þetta verið tekið upp í fjárhagsráði og ekki bundið við skömmtunarseðla, heldur í sambandi við það, að setja þarf reglur um úthlutun innflutningsleyfa handa undirdeild í fjárhagsráði, sem sér um úthlutun leyfanna. Það er skammt komið um undirtektir í þessu efni og eftir að sjá, hvort till. um aðrar reglur koma, sem þyki betri eða a. m. k. viðunandi. Ég hef fylgt þessari leið í ríkisstj., eins og okkar menn gerðu í fjárhagsráði í sambandi við skömmtunarreglurnar. Og mun ég gera það, ef það kemur til ríkisstj., en verður ekki afgert áður í fjárhagsráði. — En afstaða mín í þessu máli fer mikið eftir því, hversu horfir á hverjum tíma um framkvæmd fjárhagsráðslaganna. Og hvernig sem um málið fer, undirstrika ég það, að afstaða mín og minna flokksmanna í þessu máli, hvort sem er í fjárhagsráði eða ríkisstj. eða á Alþ., verður ætíð miðuð við að fá sem mesta leiðréttingu á því ranglæti, sem átt hefur sér stað um skiptingu innflutningsins. Og við reynum að halda þannig á málunum, að fá sem mest fram í því efni. Fyrir okkur er þetta enginn leikur eða pólitískt áróðursmál eins og fyrir hv. 6. þm. Reykv. Fyrir okkur er þetta blákölð alvara. — Við fluttum ekki till. í þessa átt, þegar við vorum í stjórnarandstöðu. Hvers vegna ekki? Það var af því, að við vildum komast eins langt og við gætum gegnum samninga í viðskiptaráði, af því að við töldum frekar von um að geta fengið eitthvað fram í réttlætisátt með því móti heldur en með því að flytja till. um þetta á Alþ., sem við vissum, að mundi verða drepin, eins og andinn var þá í garð Framsfl. frá stjórnarflokkunum, ekki sízt Sósfl. En hitt vil ég segja, að baráttunni verður haldið áfram, baráttunni, sem ég vil kalla baráttuna fyrir verzlunarfrelsi, sem er um það, að menn geti valið, hvar þeir hafa viðskipti sín, ekki aðeins milli kaupfélaga og kaupmanna, heldur og milli verzlana, og þeirri baráttu mun verða haldið áfram, þangað til almenningsálitið er orðið svo sterkt, að réttlát leiðrétting fáist á því ástandi, sem nú hefur ríkt.

Forseti (BG): Hæstv. menntmrh., Eysteinn Jónsson, hefur lokið máli sínu. Tekur þá til máls hv.

7. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, og talar af hálfu Sjálfstfl.

Jóhann Hafstein: Það hefur kennt nokkuð margra grasa í umr. í kvöld, eins og reyndar oft vill verða hér í þingsölunum, og ekki sízt, þegar útvarpað er umr. Þetta leyndi sér ekki, þegar fulltrúi kommúnista var hér áðan að rýna í skattskrána og glíma við heildsalana, sem eiga Morgunblaðið og Vísi og allan Sjálfstfl., eins og hann komst að orði. Það er að vísu svo með Morgunblaðið, Vísi og Sjálfstfl., að þessir aðilar eru ekki svo hamingjusamir að geta sótt línu og lausafé út fyrir landsteinana, en samt held ég, að það sé að skjóta yfir markið að tala um, að hinir fáu heildsalar eigi stærsta stjórnmálaflokk landsins með húð og hári. Mig langar líka, að þau séu einnig til menn, sem heita heildsalar, í Kommúnistafl., og ekki dekrað svo lítið við suma þeirra, m. a. vildu kommúnistar á sínum tíma endilega gera einn þessara voðalegu heildsala, hann var að vísu kommúnisti, að stórri stjörnu í nýbyggingarráði, sem átti að standa fyrir hinum miklu nýsköpunarframkvæmdum fyrrv. stjórnar.

Reyndar þarf það engan að undra, þótt menn séu ekki á eitt sáttir, þegar rætt er um verzlunar- og viðskiptamál, því að satt að segja er í þeim málum ríkjandi mjög mikill skoðanamunur milli þingfl.

En það er nú samt annað en ágreiningurinn, sem eftirtektarverðast er við þessar umr., sem sé alveg hið gagnstæða, hversu fulltrúar flokkanna hafa lýst sig sammála um það, sem telja má veigamesta undirstöðuatriði viðskiptamálanna, — að frjáls verzlun og samkeppni fái að njóta sín. Ræðumenn hafa talað um frelsi til að velja, að jafnrétti fáist, ef innflutningur er frjáls, að frjáls og haftalaus verzlun sé æskilegust o.s.frv. Má með sanni segja hvað þessu viðvíkur, að „allar vildu meyjarnar með Ingólfi ganga.“

Hv. flm. þessa frv., sem hér liggur fyrir til umr., segir líka í grg. fyrir frv., að ástæða hans fyrir flutningi málsins sé sú, að aðalfundur S.Í.S. hafi gert samþykkt, sem lýsi yfir, „að hann teldi æskilegt, að innflutningur til landsins væri frjáls, svo að kaupfélögin gætu tekið þátt í frjálsri samkeppni um vörukaup við kaupmenn,“ — og nú ætlar hv. flm. með þessu frv. að skrá sig á skútuna í baráttunni fyrir frjálsri verzlun og samkeppni!

Ég verð að segja, að þar bættist frjálsri verzlun nýr liðsmaður og úr þeirri átt, sem sízt var að vænta. Mér hefur fundizt, að Sósfl. hafi ekki farið neitt dult með þá stefnu sína, að hann vildi ríkiseinoka verzlunina — eins og svo margt annað. Nú kemur hv. 6. þm. Reykv., Sigfús Sigurhjartarson, og segir ástæðuna fyrir málflutningi sínum vera þá, að hann vilji taka undir frambornar kröfur um frjálsa verzlun og samkeppni í landinu. Það spillir náttúrlega ekki fyrir, að bak við þennan nýja liðsmann frjálsrar verzlunar skuli svo standa ekki ómerkilegri aðili en S.Í.S. með aðalfundarsamþykkt sinni.

Það er nú ekki einungis, að Sigfús Sigurhjartarson sé að reynast S.Í.S. góður liðsmaður með flutningi þessa frv., eftir því, sem hann segir, því að það vantar ekki heldur umhyggjuna fyrir hv. þm. Str., sem nú er fjarri góðu gamni, þegar hv. 6. þm. Reykv. er farinn að annast framburð mála hans hér í þinginu. En flm. hefur ekki gert lítið úr því, hvert hann sótti fóstur það, sem í frv. hans felst, þar sem hann hafi tekið upp tillögu Hermanns Jónassonar og Sigtryggs Klemenzsonar, er þeir fluttu í fjárhagsráði við ákvarðanir þar um viðskiptamál og vöruskömmtun.

Það skyldi vera, að finna mætti einhvern leynipráð í þessum málatilbúningi hv. 6. þm. Reykv., sem gæfi til kynna, að ástæðurnar og tilgangurinn með flutningi þessa máls væri ekki alveg jafneinlægur og flm. vill vera láta.

En hvað sem því líður, þá er okkur boðað þetta frv., eins og ég hef vikið að, með þeim rökum, sbr. grg. (sem er að vísu að mestu sótt til Hermanns og Sigtryggs fyrir utan endurprentunina á eigin ræðu þingmannsins frá í fyrra), að „innflytjendur, sérstaklega formælendur frjálsrar samkeppni, ættu að vera ánægðir með þetta skipulag (þ. e. a. s. sem frv. ráðgerir), sem reist er á grundvelli samkeppninnar,“ eins og þar segir. Það er því látið heita svo, að stefnt sé að því að efla frjálsa verzlun og samkeppni.

Ég vil nú spyrja hv. þdm.: Ef hér væri borið fram frv. til l., sem raunverulega fæli í sér fyrirmæli um frjálsa verzlun á samkeppnisgrundvelli, — hverjir mundu þá líklegastir til þess að drepa slíkt frv. eða rísa gegn því?

Ég held, að það sé ekki líklegt, að það færi mikið fyrir þm. Sjálfstfl. í þeirri aðstöðu, — þar sem hér væri um að ræða yfirlýst stefnu- og baráttumál flokks þeirra frá öndverðu. En mér þykir ekki ólíklegt, að þar kynni að bóla á 6. þm. Reykv. og hans flokksbræðrum — þessum yfirlýstu frelsisskerðingarmönnum, sem hafa gert átrúnaðinn á valdbeitingu þess opinbera gagnvart þegnunum að sinni trúarjátningu. Það verður því að skoðast með varúð, fyrirliggjandi frv. hv. 6. þm. Reykv., þótt því fylgi fögur orð og fjálglegar yfirlýsingar.

Sigfús Sigurhjartarson furðaði sig á þeim ummælum Ingólfs Jónssonar, að sjálfstæðismenn vildu styðja heilbrigða samvinnuverzlun, og spurði, hvenær Sjálfstfl. hefði tekið þá stefnu. Einnig heyrðist mér á hæstv. menntmrh., að samvinnufélagsskapurinn hefði mætt litlum skilningi hjá Sjálfstfl. Það vill svo til, að ég hef hér milli handanna stefnuskrá Sjálfstfl. í síðustu alþingiskosningum, en þar er m. a. þessi stefnuyfirlýsing, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Sjálfstæðisflokkurinn er fylgjandi frjálsri verzlun einstaklinga og félaga — er mótfallinn ríkisrekstri og einkasölum. Flokkurinn telur óþvingaða samvinnuverzlun eðlilega og telur, að einkaverzlun og samvinnuverzlun eigi að starfa í frjálsri samkeppni á jafnréttisgrundvelli.

2. Sjálfstæðisflokkurinn telur nauðsynlegt, að afnumin verði öll höft á innflutningsverzluninni, eins fljótt og ástæður leyfa, svo að innflytjendur geti keppt um að útvega landsmönnum sem beztar vörur með sem lægstu verði.“

Þetta er engin ný stefnuyfirlýsing, en í samræmi við fyrri landsfundaryfirlýsingar og kosningastefnuskrár flokksins.

Efni frv. þess, er hér liggur fyrir, er nú þegar verulega rakið í umr., — og sýndi hv. 2. þm. Rang. með glöggum rökum fram á, að yrði slíkt frv. sem þetta að l., væri beinlínis að því stefnt að afnema allt frjálsræði í verzlun og viðskiptum og binda neytendurna á haftaklafa.

Það eru tveir þættir varðandi efni þessa frv., sem mér skilst, að það hljóti að standa eða falla

með eftir mati hv. þm., — enda hafa þessir tveir þættir málsins mjög blandazt inn í umr., — þó e. t. v. ekki eins greinilega og vera þyrfti:

Í fyrsta lagi: Er efni þessa frv. samrýmanlegt stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í verzlunarmálum, sem lögfest er í l. um fjárhagsráð?

Í öðru lagi: Mundi þessi nýja regla, sem þetta frv. stingur upp á, hvað sem öðru líður, verða til þess að innleiða réttlátari skiptingu innflutningsins milli aðila verzlunarinnar í landinu, sem þá einnig byði neytendum upp á betri aðstöðu og meira sjálfræði en verið hefur?

Gildandi ákvæði l. um *fjárhagsráð o. fl.* varðandi innflutningsverzlunina og vörusölu í landinu fela í sér þrjú aðalatriði, sem að er stefnt:

1) Gjaldeyrissparnað,
2) Vöruvöndun,
3) Minni verzlunarkostnað.

Ákvæði frv. hv. 6. þm. Reykv. stangast við öll þessi aðalatriði, sem nú skal sannað.

Þó að menn séu mjög *mismunandi ánægðir* með skömmtunina hér, eins og sjálfsagt alls staðar, er gripa hefur þurft til slíkra neyðarráðstafana, þá er þó sannast, að menn eru óánægðir af mjög mismunandi rökum.

Þarfir fólksins eru svo mjög misjafnar eftir aldri, tekjum, atvinnu og búsetu í landinu, að þótt ýmsum finnist innkaupaheimild sú, sem skömmtunarseðlarnir veita, ekki svara til lífskjara þeirra, sem þeir hafa vanizt, þá eru ýmsir, sem mundu ekki undir venjulegum kringumstæðum kaupa allt það magn, sem skömmtunarseðlarnir heimila. Í því felst, að talsvert af skömmtunarseðlum mundi aldrei verða framvísað og þannig fyrnast.

Ef hins vegar verzlanir hefja smölun á skömmtunarseðlum til þess að tryggja sér á þann hátt innflutningsleyfi, — *og slík smölun yrði fyrsti ávöxtur* þessa frv., sem hér liggur fyrir, — mundu seðlarnir flestir eða allir koma í leitirnar, verða að innflutningsávísun og stuðla þannig að því að innflutningurinn yrði meiri en ella og þar af leiðandi meiri gjaldeyriseyðsla.

Það er t. d. áætlað, að skömmtunarreitir þeir, sem gefa rétt til kaupa á fatnaði, vefnaðarvöru og búsáhöldum, mundu einir fela í sér kröfu um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi að upphæð 25—30 millj. kr. í erlendum gjaldeyri. Má af þessu vel marka, að hverju yrði stefnt. Ég veit, að hv. flm. þessa máls hér er enginn gjaldeyrissparnaðarmaður, en þeir eru nú fleiri í þjóðfélaginu, sem vita og skilja, að í þeim efnum er nú mikil þörf mikils sparnaðar.

Ég kem þá að öðru atriðinu, — áhrifum þessa frv. á vöruvöndunina. Flm. segja, að skömmtunarseðlarnir komi þar fram, sem varan sé bezt og ódýrust, og þess vegna tryggi það ódýrust og bezt innkaup erlendis frá að gera þá að gjaldeyrisávísun og innflutningsheimild.

Það er nú í fyrsta lagi ekki víst, þó að aðila hafi tekizt í eitt skipti að gera góð innkaup, þá takist honum það alltaf, — og hvað sem því líður, *þá verður ekki í því argazt*, því að eftir að skömmtunarseðillinn er orðinn að innflutningsheimild, er það hann einn, sem sker úr. En miklu meira máli skiptir hitt, að frv. þetta gerir ráð fyrir, að afhenda megi skömmtunarseðlana fyrir fram til verzlana, sem þá sé falið að gera innkaup út á þá. Með þessu móti verður sú spurning aðalatriði, hver verður drýgstur smalamaður í hirzlum heimilanna að skömmtunarseðlum. Og mér er alveg ómögulegt að sjá annað en það sé alveg sitt hvað að vera duglegur að safna skömmtunarseðlum eða vera góður innflytjandi, og vöruvöndunarviðleitni, sem stefna ber að af hálfu stjórnarvalda, rokin út í veður og vind með að tengja þetta tvennt saman.

Það hefur eitthvað verið talað um svartan markað hér í umr. Ég sé ekki annað en ef þetta frv. næði fram að ganga, að þá væru sjálfir skömmtunarseðlarnir orðnir bezta svartamarkaðsvaran, og er þá skammt öfganna milli að hafa lifað hér í allsnægtum við meiri innflutning en nokkru sinni — taka síðan upp *strangasta skömmtunarkerfi* með þeim viðbótarágætum, að sjálfir skömmtunarseðlarnir yrðu allsherjar uppboðsvara, sem ávísun á gjaldeyri og innflutning.

Þá er þriðja aðalatriði gildandi l., að úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa sé við það miðuð, að verzlunarkostnaður sé sem minnstur.

Við höfum nú eina aðalskömmtunarskrifstofu ríkisins í Reykjavík, sem ýmsum þykir þegar nógu viðamikil, — og hún með sín útibú og umboðsmenn annars staðar. En þegar ætti að fara að framkvæma þetta frv. hér, sem gerir ráð fyrir að neytendur skili fyrir fram seðlum í verzlanir, þá er hver einstök verzlun orðin að skömmtunarskrifstofu, þar sem bókfæra þarf innlagða seðla og síðan skammta í smáslumpum út á þá, eftir því sem pantanir berast — *misjafnlega greiðlega, oft í minni* pörtum o. s. frv. Ekki mundi þetta draga úr verzlunarkostnaði, heldur smáþrýsta á kröfu verzlananna um, að við álagningu mætti taka tillit til þessa umstangs — og fengi þá neytandinn að lokum að borga brúsann. — Þetta læt ég nægja til sönnunar því, að till., sem hér liggur fyrir frá hv. 6. þm. Reykv., vinnur gegn öllu í senn, gjaldeyrissparnaði, vöruvöndun og minni verzlunartilkostnaði.

Ég kem þá að því atriðinu, hvort frv. þetta, ef að l. yrði, mundi líklegt til þess að innleiða meira réttlæti en nú ríkir um skiptingu innflutnings milli kaupfélaga eða S.Í.S. og annarra heildverzlana og skapa þannig neytendum meira kaupfrelsi en verið hefur.

Hvers vegna þessa vantrú á kaupfélögum og Sambandinu? Hvers vegna að ráðgera, að hlutur samvinnuverzlunarinnar sé svo mjög fyrir borð borinn eftir tímabil í verzlunarsögunni, þegar mjög mikið frjálsræði hefur ríkt um innflutning á fjöldamörgum helztu vöruflokkum og innflutningur verið með einsdæmum mikill? Hv. þm. V.-Húnv. talaði að vísu um hina „afskaplegustu" gjaldeyrissóun. Við það vil ég aðeins gera þá athugasemd hér, að samkv. skýrslu fjárhagsráðs var um eða yfir 80% af gjaldeyrisforða þjóðarinnar, eins og hann var mestur í nóvember 1944, varið til nýsköpunarframkvæmda, sem nú eru undirstaðan undir góðum afkomumöguleikum í framtíðinni. Það er satt, að innflutningurinn var mikill og áreiðanlega of mikill á sumu.

En hefur Sambandið dregizt eitthvað aftur úr heildverzlunum undanfarin ár? Þarf að rétta hlut þess nú með alveg spánnýju haftakerfi, sem á sér engan sinn líka, þar sem við þekkjum til í heiminum? Ég held alls ekki, og það er hrein fjarstæða úr lausu lofti gripin hjá þm. V.-Húnv., að í tíð fyrrv. stjórnar hafi allt stefnt í öfuga átt og til vaxandi ranglætis, eða „hallað á ógæfuhliðina", eins og hæstv. menntmrh. komst að orði.

Það er engin ástæða til að troða hér upp með barlóm og kveinstafi fyrir hönd samvinnuverzlunarinnar. Þetta veit allur almenningur, sem veit, hvar vörurnar hafa fengizt. Það vita líka þeir, sem vita, hvar ónotuð gjaldeyris- og innflutningsleyfi eru, og líklega einnig þeir, sem vita betur en ég um það, hvort Sambandinu hafi kannske gengið betur en öðrum að fá yfirfærslur nú á síðustu tímum gjaldeyriserfiðleika. Rétt er, að þingnefnd athugi þessi atriði og önnur slík, sem koma til álita í þessu máli.

Því er haldið fram, að þar sem Sambandið hafi flutt inn rúm 50% af öllu haframjöli og rúgmjöli, en innflutningur á þessum vörutegundum frjáls, þá sanni þetta, að um það bil helmingur landsmanna vilji eiga skipti við þessi samtök og S.Í.S. eigi því að fá 50% innflutningsins á öllum öðrum vörum.

Ég held, að flm. hafi kallað þetta „kröfu um skýlausan rétt." En hefur flm. t. d. nokkuð athugað, hvort eitthvað af mjölinnflutningnum hafi ekki e. t. v. farið í skepnufóður. Og ekki geri ég ráð fyrir, að hann ætlist til, að sá „kvóti" skapi kröfur á aðrar vörur, eins og t. d. vefnaðarvörur og rafmagnsvörur, nema þá vera skyldi mjaltavélar handa kúnum, sem þá væru orðnar eins konar meðlimir í neytendasamtökunum.

Mér sýnist einnig, að í grg. frv. standi, að innflutningur á strásykri hafi verið jafnfrjáls og haframjölinu. Samt segir þar, að Sambandið hafi ekki flutt inn nema 33% af þessari vörutegund. Hvernig stendur á þessum 17% mismun, miðað við haframjölið — og var þó hvort tveggja frjálst? Flm. hefði mátt reyna að skýra þetta. Annars er þetta svo mikil hringavitleysa, að af því að einhver aðili hafi verzlunarsambönd í haframjöli og innflutning í samræmi við það, þá eigi hann einnig að hafa hlutfallslega sama innflutning í öðrum vöruflokkum, sem hann hefur allt önnur verzlunarsambönd í, — fyrst og fremst af því, að mismunandi þarfir neytenda og staðhættir kalla á svo mismunandi tegundir vara til hvers konar nota og neyzlu á hverjum stað.

Svona „hundalogik" má auðveldlega snúa við og segja: Þar sem heildsalar hafa um 50% af haframjölsinnflutningnum á móti S.Í.S. eiga þeir kröfu til að fá innflutningsleyfi í sömu hlutföllum t. d. fyrir landbúnaðarvélum, en mér skilst, að S.Í.S. hafi haft þann innflutning að mestu með höndum. Og ekki var sá tónn í skýrslu framkvæmdastjóra véladeildar S.Í.S. á síðasta aðalfundi, að Sambandið ætlaði að afsala sér einhverju af þeim innflutningi, en þar segir þvert á móti: „líður varla langur tími, þar til Sambandið getur fengið, með stuttum afgreiðslutíma, frá I.H.C. allt það af landbúnaðartækjum, sem þörf er fyrir hér á landi, ef nógur gjaldeyrir verður fyrir hendi til þess."

Hv. þm. V.-Húnv. skilur þetta áreiðanlega mæta vel, því að ef ég man rétt, var það Árni frá Múla, sem sannfærði þennan þm. um það í umræðum um svipaðan draug og hér er upp kveðinn, þ. e. „höfðatölureglunа", að Skúli Guðmundsson gæti ekki með neinum rétti heimtað sama „kvóta", af höfuðfötum og Árni Jónsson, þó að höfuðin væru jafnmörg á báðum, þ. e. a. s. eitt á hvorum, — en Skúli lagði það í vana sinn að ganga berhöfðaður, — hafði m. ö. o. ekki þörf fyrir höfuðfat, þótt hann hefði höfuð. Þannig getur mætavel verið, að ýmsir viðskiptavinir kaupfélaganna, sem hafa góða lyst á rúgmjöli og annarri matvöru, kæri sig kollótta um rafmagnsvarning, t. d. ef ekkert rafmagn er nú þar, sem þeir búa.

Þá er vitnað til þess, að kaupfélögin hafi verið neydd til þess að kaupa af heildsölum, þar sem þeir hafi haft innflutningsleyfin, en S.Í.S. eða kaupfélögin ekki. Tíminn hefur birt mjög villandi skýrslur um þetta atriði eftir einum framkvæmdastjóra S.Í.S.

Því er m. a. haldið fram, að kaupfélögin hafi verið neydd til þess á árinu 1946 að kaupa frá heildverzlun vefnaðarvörur fyrir tæpar 3 milljónir króna, af því að kaupfélögin hafi skort innflutningsleyfi fyrir vörunni. Til að mæta þessari upphæð ætti ekki að þurfa leyfi fyrir meira en ca. helmingnum eða hálfri annarri milljón.

Nú get ég upplýst það, að kaupfélög hafa keypt af aðeins einni heildverzlun hér í bænum árið 1946 vefnaðarvöru, — sem þau hafa lagt inn innflutningsleyfi fyrir að upphæð 511 þús. kr. eða rúma ½ milljón!

Þarna vantaði kaupfélögin ekki leyfin. Þetta var engin nauðungarverzlun, aðeins einfaldlega, að þau báðu heildverzlunina að útvega sér vöruna út á leyfi, sem þau áttu.

Af hverju fóru þau ekki til S.Í.S.? Ég ætla ekki að svara þeirri spurningu, — menn finna svarið. En um þennan vefnaðarvöruinnflutning sagði Tíminn m. a.: „Sannar þetta betur en nokkuð annað tilkall félaganna til aukinnar hlutdeildar í innflutningnum."

Og Sigfús Sigurhjartarson lætur ekki standa á sér. Hann segir: „Ástandið í þessum málum þarf að breytast. Það má ekki hefta kaupfélögin í þessum efnum. Það verður að gera þeim kleift að flytja inn vefnaðarvöru, búsáhöld og fleiri slíkar vörur, engu síður en matvöru." Nei, það má ekki „hefta" kaupfélögin, og það á að „gera þeim eitthvað meira kleift," — en hver var að hefta, og hver gerði þeim ekki kleift að flytja inn fyrir leyfi, sem þau höfðu, en kusu af einhverjum ástæðum að afhenda heildsölum, svo milljónum skipti?

Það, sem hér hefur verið drepið á, verður að nægja að þessu sinni til að sýna, að með öllu er ástæðulaus sú umkvörtun, að rétta þurfi hlut samvinnuverzlunarinnar um innflutning frá því, sem verið hefur, með einhverjum nýjum reglum. Er að vísu margt í þessu sambandi, sem þörf er gaumgæfilegrar rannsóknar á í þingnefnd, en alveg efast ég um, að þessi málatilbúningur komi til með að reynast í þökk kaupfélaganna. Reyndar vita þá líka allir, að það er ekki af góðvildinni einni saman, sem málið er flutt.

Hitt er svo ljóst, að aðilar verzlunarinnar hafa mjög ólíka aðstöðu til þess að safna að sér skömmtunarseðlum fyrir fram, og mundi því leiða til mesta misréttis að láta þá segja til um innflutningsskiptingu milli kaupmanna og kaupfélaga eða kaupmanna innbyrðis, sem einnig geta haft mjög misjafna aðstöðu að þessu leyti.

Fyrir neytendur horfir framkvæmd þessarar till. í frv. 6. þm. Reykv. þannig við, að innleiddir væru eins konar nýir átthaga- eða verzlunarfjötrar, þar sem þeir, sem afhent hefðu fyrir fram skömmtunarseðla sína, hefðu þar eftir ekki í önnur hús að venda en sömu búðina — sama fyrirtækið og veitt hefur skömmtunarseðlunum móttöku.

Frjálsræðið, sem hv. þm. hafa gert sér svo tíðrætt um í kvöld, er bezt tryggt í viðskiptamálum með frjálsu samkomulagi samvinnuverzlunarinnar og

kaupmannaverzlunarinnar, innan þeirra takmarka, sem aðstaða þjóðarinnar í heild skapar á hverjum tíma, — og einmitt á grundvelli yfirlýstrar stefnu ríkisstjórnarinnar í verzlunarmálum, sem nú er lögfest í 12. gr. l. um fjárhagsráð.

Forseti (BG): Hv. 7. þm. Reykv. (JóhH) hefur lokið máli sínu, og tekur nú að síðustu til máls hv. þm. Ísaf., Finnur Jónsson. Hann talar fyrir Alþfl.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Háttv. hlustendur. Óskir Sósfl. um útvarpsumr. um þetta mál vekja efalaust furðu landsmanna. Innflutningur á öðrum vörum en matvörum er því sem næst enginn, og hefur málið því litla þýðingu. Hins vegar bíða allir landsmenn með óþreyju eftir því, að eitthvað verði gert í atvinnu- og dýrtíðarmálunum, og er það að vonum. Ég mun því ekki ræða frv. þetta í einstökum atriðum, heldur víkja að afstöðu Sósfl. til höfuðmála dagsins, þó með hliðsjón af frv. því, sem til umræðu er.

Alþ. hefur setið að þessu sinni mánaðartíma. Árangurs af störfum þess er beðið með meiri eftirvæntingu um allt land en nokkru sinni fyrr. Það er öllum orðið ljóst, að gjaldeyrisforði þjóðarinnar er þrotinn og hvorki landið sjálft né verzlunarstéttin getur lengur staðið í skilum með erlendar skuldbindingar og vörukaup. Inn á við er ástandið þannig, að vísitala framfærslukostnaðar hækkar óðfluga, og væri hún nú um 390 stig, ef hún væri ekki greidd niður með margra milljóna framlagi úr ríkissjóði.

Í byrjun vetrarvertíðar neyddist Alþ. til þess, vegna verðbólgunnar, að taka fyrir hönd ríkisins stórkostlega ábyrgð á útfluttum bátafiski, til þess að koma útgerðinni af stað. Þessi ábyrgð veldur ríkissjóði útgjöldum svo mörgum milij. kr. skiptir. En þó er síður en svo, að hún hafi stöðvað hækkun á dýrtíðinni, og þrátt fyrir hana hafa bátasjómenn borið lakari hlut frá borði en flestar aðrar stéttir þjóðfélagsins. Um útveginn er það á allra vitorði, að fjöldi bátaútvegsmanna er svo illa farinn eftir lélega vetrar- og vorvertíð og misheppnaða síldarvertíð, að eigi er unnt að hreyfa skipin.

Skipverjar hafa eigi fengið hin lágu laun sín greidd, og allt er á kafi í sjóveðskröfum og skuldum.

Togararnir eru nær einu fleyturnar, sem sækja sjóinn, því ekkert má út af bera með afla þeirra og sölur, svo útgerðin fari á bólakaf í skuldir. Ef markaður féllí úr hámarksverði, sem togararnir selja nú fyrir í Bretlandi, mundi sækja í stöðvun, eins og hjá vélskipaflotanum, einnig hjá þessum mikilvirku aflaskipum okkar.

Allt erfiði og auður hyrfi þá í dýrtíðar- og verðbólguhítina, þrátt fyrir það þó að togararnir njóti enn í mörgu til útgerðar sinnar hins lága verðlags í Bretlandi, gagnstætt bátaflotanum, sem býr að öllu við hið háa verðlag hér heima.

Samhliða þeim erfiðleikum og þeirri stöðvun, sem þegar er komin eða vofir yfir útgerðinni, hefur vegna skorts á gjaldeyri stórkostlega verið dregið úr öllum innflutningi til landsins.

Reynt hefur verið eftir mætti að halda uppi innflutningi á útgerðarvörum og byggingarvörum svo og hráefni til ýmiss konar iðnaðar, en margir eru nú að vinna úr síðustu birgðum sínum; og meðan eigi er unnt að afla aukins gjaldeyris, er engin von til, að úr þessu verði unnt að bæta.

Komi ekki eitthvað alveg óvænt fyrir, hlýtur gjaldeyrisskorturinn því að valda atvinnuleysi í iðnaði og byggingarvinnu, á sama hátt og verðbólgan stöðvar útgerðina, nema því aðeins, að horfið verði að því að leita fyrir um lán erlendis til að fleyta okkur yfir örðugleikana, sem þó verður að telja neyðarúrræði.

Eftir birtingu skýrslna fjárhagsráðs um þessi mál, er þetta orðið öllum heiiskyggnum landsmönnum ljóst. Aðeins eitt blað, Þjóðviljinn, aðeins einn flokkur, kommúnistarnir í Sameiningarflokki alþýðu, hafa rengt þessa skýrslu og hamra á því dag eftir dag, að hér séu engin gjaldeyrisvandræði. Þeir leyfa sér að fullyrða, að skýrslur fjárhagsráðs séu falsaðar og rangar.

Nú er það öllum þeim vitað, sem einhver viðskipti hafa við bankana, að yfirfærslubeiðnir, innheimtur og ábyrgðarbeiðnir með fullum leyfum liggja vikum og mánuðum saman óyfirfærðar. Enn fremur vita allir forustumenn opinberra stofnana um hinn óskaplega gjaldeyrisskorts. Halda þeir Þjóðviljamenn, að bankarnir geri öllum viðskiptamönnum sínum slík óþægindi að gamni sínu eða þeim til bölvunar?

Ég hef nú um skeið haft sérstök kynni af hinum stórkostlegu gjaldeyrisvandræðum. Ég fullyrði, að skýrslur fjárhagsráðs séu í öllu sannleikanum samkvæmar, og ég óttast, að gjaldeyrisskorturinn geti leitt til fullrar stöðvunar á yfirfærslum innan skamms, ef ekki verður gripið til annarra ráðstafana en þegar hafa verið reyndar.

Í vandræðum sínum horfa menn að vonum til Alþ. og ríkisstjórnar og spyrja: Hvenær koma fram till. um að bæta úr dýrtíðar- og verðbólguvandamálunum? Nú þegar Alþ. hefur setið heilan mánuð, eru margir orðnir óþolinmóðir. Það líður senn að vertíð. Hver dagur er dýrmætur. Sjómennirnir þurfa að ráða sig í skiprúm. Fólkið, sem vinnur við hraðfrystihúsin, bíður. Iðnaðarmennirnir og byggingarverkamennirnir, sem eru að missa atvinnu sína vegna gjaldeyrisskorts, vona, að úrlausn finnist, svo útgerðin fari á stað, til þess að afla gjaldeyris.

Þeir eru fáir, sem eru þannig settir, að lífsþægindi þeirra og afkoma sé eigi undir því komin, að úrlausn fáist sem skjótast í þessu vandamáli. Óskir allra landsmanna ættu að fara saman í þessu efni. En svo er þó ekki. Það er frá þessu undantekning. Forsprakkar Kommúnistaflokksins, sem gengur hér á Alþ. undir nafninu Sameiningarflokkur alþýðu, gera allt, sem þeir geta, til þess að telja þjóðinni trú um, að hér sé allt í lagi. — Þeir segja: „Hér er enginn gjaldeyrisskortur.“ „Ríkisstjórnin er að búa til kreppu í landinu til þess að fá átyllu til að fá lán hjá Bandarikjunum“, o. s. frv.

Þetta eru þeirra svör, þegar þeir eru spurðir, hvað þeir vilji gera til þess að bægja voða dýrtíðar og verðbólgu frá dyrum almennings. Sem stjórnarandstöðuflokki ber kommúnistum að krefjast aðgerða af ríkisstjórninni í dýrtíðar- og atvinnumálum. En þetta hafa þeir alveg svikizt um, og í því skyni að hylja þessi svik sín og villa almenningi sýn, bera þeir svo fram ýmiss konar fjarstæður, eins og t. d. þá, að ríkisstjórnin sé að búa til kreppu í landinu!!! til þess að skapa sjálfri sér og öðrum vandræði. Hver trúir þessu? Enginn.

En það er eftirtektarvert að hinir kommúnistisku forsprakkar Sameiningarflokks alþýðu eru einu mennirnir í landinu, sem einskis krefjast af ríkisstjórninni í dýrtíðarmálunum. Og þeir gera meira,

þeir neita því, að alþýðu manna stafi nokkur hætta af verðbólgunni og dýrtíðinni eða gjaldeyrisskortinum, sem þeir segja, að sé enginn.

Sér er nú hver stjórnarandstaðan. Verðbólga og dýrtíð eru að sliga atvinnuvegina og hafa þegar valdið talsverðri stöðvun. Það sjá allir hættuna, sem framundan er. Það mætti e. t. v. ásaka ríkisstjórnina fyrir seinagang í þessum málum, og að minnsta kosti lægi nærri, að flokkur, sem kallar sig verkalýðsflokk, sæti sig eigi úr færi með það.

„Atvinna handa öllum" hefur lengi verið helzta hagsmunamál verkalýðsins, og kröfur til ríkisstjórnar í hverju landi um að uppfylla það skilyrði hafa verið sameiginlegar fyrir jafnaðarmenn og kommúnista. En nú eru forsprakkar kommúnista hérna fallnir frá þessu. Hér á Alþ. minnast þeir hvorki á atvinnu- né dýrtíðarmál, og ef einhver annar gerir það, harðneita þeir, að nokkur þörf sé úrbóta.

Það verður ekki annað séð en að þeir séu ánægðir með, að allt færi hér í kaldakol vegna dýrtíðar og verðbólgu. Hvað búast þeir við, að upp úr því mundi spretta? Væri það slíkur jarðvegur eymdar og volæðis, sem þeim mundi bezt henta? Margt bendir á, að svo sé.

Nokkru áður en Alþ. kom til funda, fór það að spyrjast, að ástandið í dýrtíðar- og gjaldeyrismálunum væri svo alvarlegt, að ríkisstjórnin væri farin að láta athuga, á hvern hátt unnt væri að bæta úr því. Þá ruku þeir til, hinir kommúnistísku forsprakkar Sameiningarflokks alþýðu og fóru í flugvélum, jeppum og öðrum farartækjum um allt landið til þess að æsa menn upp — gegn hverju? — Gegn því, ef einhverjar hugsanlegar till. kynnu að koma frá ríkisstjórninni til þess að bæta úr dýrtíðar- og atvinnumálunum.

Hvað sannar þessi þögn forsprakka kommúnista um dýrtíðarmálin, síðan Alþ. kom saman, og þessi hatrammi mótþrói gegn hugsanlegum tillögum?

Hann sannar, að forsprakkar flokks þessa, Sameiningarflokks alþýðu, stjórna honum ekki lengur sem íslenzkum verkamannaflokki. Þar eru önnur sjónarmið efst á baugi. Heilbrigð íslenzk stjórnarandstaða hefði fyrst og fremst krafizt þess af ríkisstjórninni, að hún legði tafarlaust fram till. í dýrtíðarmálunum til þess að tryggja atvinnu almennings í landinu, og að þær till. væru miðaðar við það, að hagsmunum hinna vinnandi stétta væri vel borgið.

Og vitanlega hefur hæstv. ríkisstjórn þetta mál í athugun. En það verður að segjast, að hér er um meira vandamál en svo að ræða, að fram úr því verði ráðið í einni svipan.

Frá því stríðið hófst og æ síðan hefur hver ríkisstjórnin af annarri haft þetta mál á stefnuskrá sinni, en dýrtíðin og verðbólgan hafa vaxið jafnt og þétt, og enginn hefur ráðið við neitt. Alltaf hefur verið bjargazt af með bráðabirgðaráðstöfunum, en nú verður ekki séð, að neitt slíkt dugi lengur. Nú verður að hefjast handa.

Á þessum erfiðu tímum erum við svo heppin að hafa ríkisstjórn, sem stór meiri hluti landsmanna ber traust til og vonar, að leysi þann vanda, sem fyrir höndum er, á réttlátan og viturlegan hátt. Við erum einnig svo heppin, að við höfum nú miklu betri skipastól en nokkru sinni fyrr, við erum vel búnir að mönnum, vélum og verksmiðjum til veiða og til að verka aflann.

Alþfl. átti á sínum tíma þá till., að lágmark nýbyggingarreiknings var ákveðið 300 millj. kr. Þeirri upphæð hefur verið varið til að búa okkur undir framtíðina. Fulltrúar Sósfl. höfðu í samningum ekki krafizt neins lágmarks, heldur vildu samþykkja ótiltekna upphæð. Við getum því horft björtum augum á framtíðina, takist okkur að kveða niður dýrtíðar- og verðbólgudrauginn. Að því mun vilja vinna mikill þorri manna úr þeim flokkum, er nú standa að hæstv. ríkisstjórn, og fjöldinn allur af kjósendum Sameiningarflokks alþýðu. Að minnsta kosti sá hluti þess flokks, sem metur atvinnu og velferð íslenzkrar alþýðu með íslenzkum augum og frá íslenzku sjónarmiði.

Framferði þessa flokks og mótþrói hans gegn því, að hafizt verði handa í dýrtíðar- og verðbólgumálunum, eru bein svik við kjósendur flokksins, og þeir sjá nú, að forusta hans hefur brugðizt, og kjósendurnir munu snúa við henni baki. Þetta munu þeir hafa fundið sárlega, sendimenn Sósfl., sem fóru um landið í fundahöld áður en Alþ. hófst, en fengu hvergi neinar undirtektir undir mál sitt.

Umræðurnar um mál það, sem hér er á dagskrá, sýna ljóslega, hve stjórnarandstaðan er hugmyndasnauð og lætur sér í léttu rúmi liggja, á hverju veltur.

Vegna hins tilfinnanlega skorts á gjaldeyri hafa, síðan fjárhagsráð tók til starfa, verið skorin niður innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir öllum vörum nema brýnustu lífsnauðsynjum. Og í þessu hefur verið gengið lengra en æskilegt hefði verið, vegna gjaldeyrisleysis. Hv. flm., 6. þm. Reykv., Sigfús Sigurhjartarson, upplýsir í grg. fyrir frv. sínu, „að álagning á matvöru er svo lág, að það sé rétt um það bil, að matvöruverzlanir beri sig," en hins vegar verulegur hagnaður að verzla með vefnaðarvöru, skófatnað og búsáhöld. Eins og nú hagar til er ekkert eða sama sem ekkert flutt inn af hinum síðar nefndu vörum, og hefur því flutningur þessa frv. bókstaflega enga þýðingu, hvorki fyrir kaupfélög né kaupmenn. Enda er tilgangur frv. sá einn að reyna að vekja deilur milli stjórnarflokkanna, í þeirri von, að úrlausn dýrtíðarmálanna, sem þarf að sitja fyrir öllu, dragist á langinn.

Hv. flm. og flokksmenn hans segjast bera frv. þetta fram af umhyggju fyrir samvinnufélögunum almennt, en sú umhyggja hefur ætíð verið blandin. Má þar til sanninda nefna, að þau tvö ár, sem þeir sátu í ríkisstjórn og höfðu góða aðstöðu til að hafa áhrif á gang slíkra mála, hreyfðu þeir þessu aldrei. Hins vegar gerðu þeir nokkrum sinnum kröfu fyrir sérinnflutningi og sérhagsmunum fyrir KRON og létu jafnframt getið, að þá skipti engu, þó að slík sérréttindi fyrir innflutningi KRON yrðu tekin af kvóta annarra kaupfélaga innan S.Í.S., en ekki af innflutningskvóta kaupmannanna. Áhuginn fyrir réttindum samvinnumanna var ekki meiri en þetta.

Í sambandi við launadeilur Dagsbrúnar báru fulltrúar Sósfl. fram kröfur um þetta í ríkisstjórn, og á fundi ríkisstjórnarinnar 5. jan. 1945 ítrekuðu þeir enn þessi sérréttindi handa KRON og gerðu þau beinlínis að skilyrði fyrir því, að þeir féllust á hinn svo nefnda veltuskatt. Hagsmuni samvinnufélaganna almennt létu þeir sig engu skipta; það mál var þeim óviðkomandi. Enda er frv. þetta heldur eigi borið fram af flm. í þeim tilgangi að sjá hagsmunum samvinnumanna í landinu borgið, heldur af öðrum ástæðum, — þeirri staðreynd, er ég hef skýrt frá.

Ummæli þessi byggi ég á reynslu minni af samstarfi við þá hv. þm. Sósfl., hv. 4. landsk., Brynjólf Bjarnason, og hv. þm. Siglf., Áka Jakobsson, þau rúmlega tvö ár, sem við sátum saman í ríkisstjórn. En hún var sú, að peningar, stöður og völd handa flokksstofnunum og flokksmönnum gengu fyrir um öll hagsmunamál almennings og fyrir hagsmunum kjósenda flokksins. Hugsjónir og stefnumál Sósfl. var aðalsöluvarningur hans meðan hann tók þátt í ríkisstjórn.

Er aðeins fátt eitt komið í ljós í þeim málum enn þá, og sést minnst af því í ríkisstjórninni, en skýrist betur og betur jafnskjótt og athuguð eru fyrirtæki þau, er undir þessa ráðherra heyrðu.

Kemur þar til greina hvert fyrirtækið af öðru, einkum þau, er heyrðu undir hv. þm. Siglf. (ÁkJ). Bygging nýju síldarverksmiðjanna, landssmiðjan, flugvöllurinn í Reykjavík og fiskiðjuver ríkisins ásamt fleiru. Hvert eitt þessara fyrirtækja á sér í ráðherratíð Áka Jakobssonar langan lista gegndarlausrar fjársóunar, sem öllum blöskrar að heyra um, hvað þá þegar öll eru lögð saman.

Sósfl. á Alþ. er kunnugt um það, að verið er að láta fara fram sérstaka athugun á ýmsum þessara fyrirtækja, og býst flokkurinn við, að niðurstaða þeirrar athugunar verði bráðlega birt. Þetta finnst þeim félögum fyrirkvíðanlegt, sem von er, og nú reyna þeir með öllum ráðum að koma í veg fyrir, að þetta verði. Og eina ráðið, sem þeir sjá til þess, er að reyna að komast aftur í ríkisstjórn. Þess vegna neita þeir með öllu, að hér séu nokkur gjaldeyrisvandræði, þó að vitanlegt sé, að yfirfærslur til útlanda séu að stöðvast vegna gjaldeyrisskorts. Þess vegna neita þeir með öllu, að hér séu nokkur vandræði vegna dýrtíðar og verðbólgu, þótt vélbátarnir séu stöðvaðir, togararnir neyðist til að hætta, ef markaðsverð lækkar í Bretlandi, og byggingarvinna og annar iðnaður sé að stöðvast vegna skorts á gjaldeyri. Þeir eru að bíða eftir því, að allt fari í strand, og þá kemur þeirra tími, að þeir halda. Þeir hafa stjórn Alþýðusambandsins. Alþýðusambandið ætla þeir að nota sem vopn, ekki til þess að vinna að hagsmunum meðlima þess, heldur til þess með einhverjum ráðum að komast á ný inn í ríkisstjórn. Þangað telja þeir sig þurfa að komast á ný, til þess að breiða yfir fyrri gerðir sínar og til þess að þjóna sínum herrum, sem ekki eru af íslenzku bergi brotnir. Slík verzlun með verkalýðssamtökin nær engri átt. Það er full ástæða til þess að vara verkamenn við henni og skora á þá að vera vel á verði gegn því, að kommúnistum takist slík skemmdarstarfsemi. Gömul og ný óstjórn, fjármálaspilling og sukk fengi þá að njóta sín til fullnustu, ef kommúnistar kæmust á ný í ríkisstjórn. Þetta er ævintýrið, sem þá dreymir um. En hvaða stjórnmálaflokkur mundi vilja hjálpa þeim til að gera það að veruleika?

Ég hef nú lýst gjaldeyrisástandinu, og það er svart, útlitinu fyrir atvinnuvegunum, og það er svart, og ég hef lýst kommúnistaforsprökkunum hér á Alþ., og fyrirætlanir þeirra og framferði eru svartar. En þar eð ég er sá síðasti, sem talar hér í kvöld, get ég ekki látið hlustendur ganga til svefns með allan þennan sorta fyrir augum.

Við höfum, Íslendingar, oft þurft að þola þjáningar og harðrétti, en við höfum þrátt fyrir allt rétt okkur úr kútnum hverju sinni. Í þetta skipti erum við, svo sem ég áður sagði, betur búnir út í lífsbaráttuna en nokkru sinni fyrr. Okkur er engin vorkunn. Við erum frjálsir. Skipin okkar, nýju tækin okkar og vélarnar bíða þess að vinna fyrir okkur.

Við þurfum engan volæðissöng að hefja, en okkur er nauðsynlegt að horfa á staðreyndirnar og hegða okkur samkvæmt þeim.

Við þurfum að halda áfram þeirri stefnu, sem ríkisstjórnin og fjárhagsráð hafa tekið upp, að takmarka innflutning við hið allra nauðsynlegasta, vegna atvinnuveganna.

Við þurfum að ráðast gegn verðbólgu og dýrtíð með almennum ráðstöfunum, sem hver landsmaður tekur þátt í eftir efnum og ástæðum. Og þar hefur Alþýðusambandið sérstaka hlutverk að vinna að sjá um, að þeir, sem mesta hafa burðina, taki stærstu byrðarnar.

Við þurfum að efla útflutningsframleiðslu okkar á sjávarafurðum svo mjög sem unnt er.

Við þurfum að nota fossaaflið og hitann í iðrum jarðar til stórfelldra virkjana og iðnaðarframkvæmda. Og við þurfum að þvo af okkur kommúnistasortann.

Með því að vakna nú þegar til dáðríkra starfa til þess að bæta úr gjaldeyrisskortinum og ráða bót á dýrtíðinni og verðbólgunni, með því að horfast í augu við sannleikann, nota þann manndóm, hyggindi og náttúruauðæfi, sem þjóðinni eru gefin, getum við á skömmum tíma sigrazt á öllum hindrunum og látið rætast hina beztu drauma um bjarta framtíð þjóðarinnar. — Góða nótt.

Forseti (SB): Hv. þm. Ísaf., Finnur Jónsson, hefur nú lokið máli sínu. — Þá er lokið þessari útvarpsumr. og þar með 1. umr. þessa máls.

Atkvgr. um málið er frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 10. fundi í Nd., 30. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 2. des., utan dagskrár, mælti

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Þann 13. okt. s.l. var útbýtt hér í þessari hv. d. frv. til l. um breyt. á l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, og þann 28. s. m. er svo málið tekið fyrir í útvarpsumr., og 30. okt. er málinu vísað til hv. fjhn. Þar sem nú er alllangt liðið síðan málinu var vísað til n., vildi ég óska þess að fá upplýsingar um meðferð málsins í hv. n. og óska þess, að hún gefi út nál. og afgreiði málið til 2. umr.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Formaður fjhn. er nú ekki viðstaddur, en ég vil gefa þær upplýsingar, að á síðasta fundi fjhn. var málið rætt, en svo er málum háttað, að form. fjhn. var fjarverandi framan af þingi, og var afgreiðslu málsins því frestað, svo að hann gæti kynnt sér málið, og verður þess nú ekki langt að bíða, að það verði afgr.

Á 32. fundi í Nd., 15. des., utan dagskrár, mælti

Sigfús Sigurhjartarson: Það var 2. þessa mánaðar, að ég spurðist fyrir í hv. d., hvað liði nál. um 20.

mál d., sem er frv. til l. um breyt. á l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit. Þessari fyrirspurn var mjög vel tekið af forsvarsmanni hv. fjhn. Það hefur komið fram ágreiningur í n., hún hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, minni hl. n. hefur gefið út nál. á þskj. 177, dagsett þann 10. þ. m., en í dag er 15. des. Nú vil ég spyrjast fyrir um það, hvað líði áliti meiri hl. n., og enn fremur bera fram ósk um, að það mætti koma sem fyrst, svo að hægt sé að taka málið til umr. í d.

Ásgeir Ásgeirsson: Sem form. n. hef ég ekki annað að segja en að n. hefur afgr. þetta mál, og frsm. hefur verið tilnefndur fyrir hönd meiri hl. n., og gengur þetta því sinn vanagang, án þess að hægt sé að segja um það, hvaða dag álit meiri hl. n. komi.

Á 50. fundi í Nd., 3. febr., utan dagskrár, mælti

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Á öndverðu þingi flutti ég frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit. Þessu frv. var vísað til hv. fjhn. d. 30. okt., og þar dvaldist því alllengi. En 2. des. gerði ég fyrirspurn um, hvað málinu liði, og fékk þá mjög greið svör hjá n. og loforð um, að hún tæki málið til afgreiðslu, sem hún og gerði, því að 10. des. hefur minni hl. n. skilað nál., en meiri hl. hefur enn ekki skilað áliti. Nú vil ég leyfa mér að spyrjast fyrir um, hverju þessi dráttur sæti, og fari svo, að álit meiri hl. komi ekki næstu daga, þá verð ég að bera fram þá ósk við hæstv. forseta, að hann taki málið á dagskrá, þó að álit meiri hl. komi ekki, svo að málið geti fengið þinglega meðferð.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég hef litið meira að segja en síðast, þegar n. var spurð, því að n. er klofin í málinu og frsm. meiri hl. er ekki viðstaddur nú, en ég geri ráð fyrir, að það líði ekki langur tími, þangað til álit kemur fram.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég vil leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá hv. form. n., hver er frsm. meiri hl. Sá eini nm., sem ekki er hér viðstaddur nú, hefur neitað því við mig, að hann hafi verið kjörinn frsm.

Ásgeir Ásgeirsson: Mér er einnig kunnugt um það, að sá nm., sem ekki er hér viðstaddur nú, hefur færzt undan því að vera frsm. meiri hl., en ég skal ekkert um það segja, hvort einhver annar tekur þetta að sér.

Á 56. fundi í Nd., 13. febr., utan dagskrár, mælti

Sigfús Sigurhjartarson: Ég vildi leyfa mér að spyrjast fyrir um 20. mál, frv. til l. um breyt. á l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit. Minni hl. fjhn. skilaði um þetta frv. áliti 10. des. Meiri hl. hefur ekki enn þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir skilað áliti. Ég hlýt nú að snúa mér til hæstv. forseta og fara þess á leit við hann að fá þetta mál tekið á dagskrá, þó að álit meiri hl. skorti, því að sjálfsögðu ber að stuðla að því, að málið fái þinglega meðferð. Ég sé enga ástæðu fyrir svo gífurlega löngum drætti.

Forseti (BG): Ég mun tala við form. fjhn. um þetta atriði.

Á 66. og 67. fundi í Nd., 1. og 2. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 4. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 20, n. 177).

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég get að mestu látið nægja að vísa til nál. okkar í minni hl. fjhn. á þskj. 177. Það er nú orðið svo langt síðan það kom fram, að hv. þdm. hefur gefizt góður tími til að kynna sér það, sem þar segir um málið. Það hefur nokkuð verið rætt og ritað um þetta mál opinberlega, og í þeim ræðum og ritsmíðum hefur farið svo fyrir mörgum, að þeir hafa í sambandi við þetta mál tekið að ræða um, hvernig skipta ætti innflutningnum milli kaupmanna og kaupfélaga og túlka skoðanir sínar um það, hvort hagkvæmara væri fyrir landsmenn, að verzlunin væri rekin af kaupmönnum og kaupfélögum. En um það eru vitanlega skiptar skoðanir. Ég fæ þó ekki séð, að það komi þessu máli við, og mun ekki hefja deilur um það hér. Ég tel alla hafa rétt til þess að hafa sína skoðun í því efni, og finnst mér því ástæðulaust að gera það hér að deiluatriði. — En um það hef ég ákveðna skoðun. Ég tel, að tilveruréttur kaupmanna og kaupfélaga fari eftir því, eða eigi að fara eftir því, hvort eða að hve miklu leyti menn vilja hafa skipti við þessa aðila. Ef 100 menn í einhverjum landshluta vilja skipta við kaupmenn, þá eiga þeir að fá það, og ef hins vegar aðrir 100 menn vilja skipta við kaupfélög, þá er enginn að banna þeim það. Og allir þessir viðskiptamenn eiga að geta fært sig milli búða eftir því, sem þeir sjá sér hagkvæmt í það og það skipti. Þetta sjónarmið hljóta allir frjálslyndir menn að geta viðurkennt, og frv. fjallar einmitt um þetta frelsi manna. Það er um þau sjálfsögðu réttindi mönnum til handa, að þeir megi sjálfir ákveða það og ráða því, hvernig þeir haga kaupum á þeim vörum, sem þeir samkv. ákvörðunum skömmtunaryfirvalda eiga að geta fengið á hverjum tíma. En meðan lög eru þannig framkvæmd að stjórnskipuð ráð og nefndir ráða öllu um skiptingu innflutnings milli verzlana, og innflutningur er mjög takmarkaður, þá hafa viðskiptamennirnir ekki þessi sjálfsögðu réttindi.

Það er óþarft og óviðeigandi að vera með ágizkanir um, hvort það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir í frv., mundi frekar verða til hagsbóta fyrir kaupmenn eða kaupfélög. Úr því fær reynslan ein skorið.

Eins og fram kemur í nál., er það aðeins undirritað af tveimur nm. Hinir nm. hafa enn ekki skilað áliti, og má ef til vill álykta af því, að þeir séu raunar ekki á móti frv., þótt þeir hafi ekki undirritað nál. með okkur hinum á þeim tíma, þegar það var út gefið. Enda þykir mér ólíklegt, að margir séu á móti því, að menn fái frelsi til þess að kjósa sér sjálfir viðskiptastaði án forsagnar yfirvalda.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. V.-Húnv., að meiri hl. fjhn. hefur enn ekki skilað áliti. Það á m. a. rætur sínar að rekja til þess, að nýlega hefur verið haldinn fulltrúafundur bæjar- og sveitarfélaga um þessi mál, og hefur sá

fundur gert till. til ríkisstj. um málið, og hefur n. verið skipuð til að athuga þær. Þar sem engin úrslit eru fengin, þá höfum við viljað bíða eftir því að heyra álit n. og till. fundarins, en það er þó vitað, að á þessum fundi var engin samþykkt gerð um það, að leggja bæri skömmtunarseðla til grundvallar leyfisveitingum, eins og þetta frv. leggur til. Við teljum slíkt fyrirkomulag óheppilegt, því að það hefur í för með sér smölun á seðlum og mun jafnvel stundum þurfa að veita viðbótarleyfi umfram áætlun, ef slíkt fyrirkomulag yrði tekið upp. Gætu þessi leyfi orðið allmikil og truflað allt leyfisveitingakerfið. Alþ. hefur afgr. þetta mál í hendur ríkisstjórnarinnar og fjárhagsráðs, og hygg ég, að svo verði bezt ráðið. Um hitt skal ég ekki segja, hvort skömmtunarseðlaaðferðin verður þægilegri fyrir kaupmenn eða kaupfélög, en ég tel líklegt, að við það mundi verzlunin dragast mjög til Reykjavíkur. Við teljum ríkisstj. eiga að ráða fram úr þessu, og get ég lagt hér til munnlega að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Mér þykir hlýða að gera grein fyrir afstöðu minni til frv. á þskj. 20 og enn fremur nál. á þskj. 177. Hv. þm. V.-Ísf., form. fjhn., hefur skýrt afstöðu okkar, en ég vildi koma nokkru nánara inn á viðhorf mitt til málsins.

L. um fjárhagsráð eru ný og þá auðvitað líka 12. gr., sem frv. þetta miðar til breytinga á. Eðlilegast er, að l. um fjárhagsráð fengju að sýna sig nokkuð í framkvæmd, áður en farið væri að gera breyt. eins og þessa. Frv. sjálft er að efni til eins og till. Hermanns Jónassonar og Sigtryggs Klemenzsonar, sem borin var fram í fjárhagsráði í sept. 1947, áður en tekið var að framkvæma 12. gr. l., en sú till. var byggð á gamalli fundarsamþykkt S.Í.S. á s. l. sumri.

Flm. hefur ekki sýnt fram á, að skortur hafi orðið á skömmtunarvörum eða öðrum vörum nokkurs staðar á landinu, sem stafi af því, hvernig 12. gr. l. um fjárhagsráð er orðuð nú.

Ef till. verður samþ., skapast það ósamræmi, að tvenns konar reglur eiga þá að gilda um veitingu innflutningsleyfa. Annars vegar yrðu skömmtunarvöruleyfi, sem færu eingöngu eftir skilyrðum skömmtunarmiðum, en hins vegar allar aðrar vörur, er færu þá eftir hinni almennu reglu um leyfisveitingar, eins og þær eru nú. L. um fjárhagsráð segja, að veiting leyfa skuli miðast við gjaldeyrissparnað og hver selji vörur sínar bezt og ódýrast. Sýnist ástæðulaust, að við veitingu leyfa fyrir skömmtunarvörum megi ekkert tillit taka til þess tvenns, heldur aðeins til miðanna, sbr. orðalag frv. „skulu" í 1. málsgr. 2. línu.

Ef frv. yrði að l., mundi verða stórfellt kapphlaup milli verzlana innbyrðis um miðana. Það kom einnig fram við úthlutun epla samkvæmt stofnauka fyrir jólin, að kaupfélög og verzlanir auglýstu í útvarpinu eftir slíkum stofnauka og lofuðu fríðindum í staðinn. Þá var þetta frv. aðeins komið fram, en yrði það að l., má nærri geta hvernig færi. Ef veiting leyfa er beinlínis harðbundin við miðana, eins og frv. ætlast til, yrði það slík hvatning til verzlana að smala saman miðum, að skapa mundi auglýsan rugling og óheilbrigði, ekki síst þegar lítið er á, hve leyfi eru naum fyrir mörgum tegundum og því mikið keppikefli að ná í miða fyrir þeim.

Auk seðlakapphlaups munu hljótast af frv., ef það yrði að l., óeðlilegir verzlunarhættir, sem yrðu öllum almenningi til stórtjóns. Framkvæmd frv. mundi leiða til þess, að mikill fjöldi manna legði alla miða sína fyrir fram inn til ákveðinnar verzlunar. Ættu þeir, sem það gerðu, þá mikið á hættu um það, hvernig með miðana yrði farið, og mundi slíkt skapa neytendum vandræði og öryggisleysi, sem sjálfsagt er að forðast. Reglan á að vera: Vara gegn seðli, eins og alls staðar tíðkast. Hvergi nokkurs staðar í þeim löndum, sem við þekkjum og skömmtun hefur verið, er innkaupaheimild verzlana miðuð við skömmtunarseðla, eins og hér er gert ráð fyrir.

Á bls. 5 í frv. 6. þm. Reykv. er tekið upp það, sem þeir Hermann Jónasson og Sigtryggur Klemenzson tala um svartan markað. Skömmtun á nauðsynjavörum var fyrst tekin upp á stríðsárunum, og gafst þá vel. Það, sem af er, verður að segja hið sama um nýja skömmtunarfyrirkomulagið. Ekki er vitað, að borið hafi á svörtum markaði, og væri algerlega óverjandi að setja lagaákvæði, sem mundu leiða af sér margs konar vandræði, eins og áður hefur verið bent á, til að forðast hættu, sem alls ekkert hefur borið á, þótt möguleikar kynnu að vera fyrir því, að hún gæti komið í ljós síðar. Þörf slíkra aðgerða gegn svörtum markaði er ekki til nú, og þótt slíkt fyrirbrigði kæmi upp, mundi verða gripið til allt annarra ráðstafana.

En frv. 6. þm. Reykv., ef að l. yrði, gæti leitt til annars, sem jafna má við svartan markað, en það er, að skömmtunarseðlar fari að ganga kaupum og sölum meðal manna innbyrðis eða verzlana annars vegar og neytenda hins vegar. Sú hætta er auglјós og mikil, einkum ef þrengist um innflutning, sem allt útlit er á. Nægir í því sambandi að minna á, hvernig gjaldeyrisleyfi gengu kaupum og sölum á krepputímanum.

Ég vildi með þessum fáu orðum taka undir till. hv. þm. V.-Ísf. Lögin eru ekki það gömul, að vert sé að breyta þeim strax. Það er rétt, að það komi betur í ljós, hvernig þau verða í framkvæmd, áður en farið er að breyta þeim. Ég er sannfærður um, að þessi breyting yrði jafnslæm bæði fyrir kaupfélög og kaupmenn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég verð eindregið að mælast til þess, að atkvgr. verði frestað til næsta fundar. Ég sé, að enginn er viðstaddur af hæstv. ráðh., og eftir þeim upplýsingum, sem ég fæ, eru ekki líkur til, að þeir geti mætt á þessum fundi d., og það eitt út af fyrir sig er, hygg ég, ærin ástæða til, að málinu sé nú frestað.

Forseti (StgrSt): Út af tilmælum hv. þm. V.-Ísf. verður atkvgr. a. m. k. frestað um sinn. Það kann að vera, að þeir, sem vantar nú, komi síðar á fundinn.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 8. marz, var frv. aftur tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Einar Olgeirsson: *Herra forseti. Það er búið að tefja þetta mál lengi með því, að meiri hl. fjhn.*

hefur ekki skilað um það áliti. Síðan var það þó tekið fyrir án nál. meiri hl. og rætt, en atkvgr. frestað samkv. ósk hæstv. forsrh. Ég álít, að ekki geti gengið, að fá ekki fram í dagsljósið álit hv. þdm., og rétt er, að a. m. k. komi fram ástæðan fyrir því, að atkvgr. er nú aftur frestað, því að það er hægt að drepa mál með svona töfum, þótt annars væri meirihlutafylgi fyrir því í deildinni.

Forseti (SB): Ég skal upplýsa það, að hv. þm. V.-Húnv., sem er annar hv. þm., er skipar minni hl. fjhn., er utanbæjar, og hefur hann óskað þess, að atkvgr. yrði ekki látin fara fram um þetta mál, á meðan hann er fjarverandi. Reynt mun verða að taka málið fyrir til atkvgr., þegar er hann kemur aftur.

Einar Olgeirsson: Ég vildi aðeins spyrja hæstv. forseta, hvort ég megi treysta því, að fundur verði í Nd. á morgun og þetta mál þá tekið fyrir.

Forseti (SB): Ég get aðeins sagt það, að atkvgr. verður látin fara fram eins fljótt og hægt er. Hinu get ég ekki svarað, því að ef aðkallandi störf liggja fyrir Sþ., þá ganga fundir þar fyrir, og getur forseti Nd. ekki við það ráðið, en sem sagt, atkvgr. verður eins fljótt og unnt er.

Á 71. fundi í Nd., 9. marz, utan dagskrár, mælti

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég kveð mér enn hljóðs utan dagskrár vegna 20. máls, sem er frv. til l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit. Ég þarf ekki að rekja þá sögu hér, hve treglega gekk að fá meiri hl. fjhn. til þess að skila áliti um málið; því hefur raunverulega aldrei verið skilað, en forseti varð við þeirri beiðni d. að taka málið á dagskrá, þótt nál. væri ekki fyrir hendi, og umr. um málið stóðu stutta stund og var skjótt lokið. Síðan hefur málið tvívegis verið á dagskrá og eftir eindreginni ósk forseta verið tekið af dagskrá og atkvgr. ekki farið fram, og nú er það ekki sett á dagskrá. Ég vil fara þess á leit við forseta, að hann taki þetta mál á dagskrá og atkvgr. megi ganga um það, til þess að menn sjái, hvort þingvilji er fyrir því eða ekki. Mér finnst þessi dráttur ekki afsakanlegur. Þetta er ekki hæstv. forseta að kenna, hann hefur ekki tafið málið, en mér finnst sjálfsagt að taka málið á dagskrá.

Forseti (BG): Það mun rétt vera, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni, að 20. mál hefði tvisvar verið tekið af dagskrá á fundum undanfarið. Ég hef ekki stjórnað þeim fundum, en þó mun það hafa verið ósk frá frsm. minni hl. fjhn., að atkvgr. færi ekki fram meðan hann væri fjarverandi, en hann hafði fjarvistarleyfi til þess að hverfa heim til sín um helgina. En hvað sem því líður, sé ég mér ekki fært að taka þetta deilumál til atkvgr. öðruvísi en áður sé tilkynnt á prentaðri dagskrá, að málið komi til atkvgr. Verður það tekið á dagskrá á næsta fundi d. og atkvgr. þá látin fara fram.

Einar Olgeirsson: Ég vil eindregið mælast til þess við forseta, að næsti fundur d., þegar málið yrði tekið á dagskrá, yrði haldinn í dag. Það var í gær af þeim forseta, sem þá var, lofað, að þetta mál skyldi tekið fyrir, strax og tækifæri gæfist. Væri auðvelt að láta fara fram atkvgr. um þetta mál, ef forseti tilkynnti, að hún yrði klukkan 3 og þessum fundi þá frestað og settur nýr fundur til þess að láta fram fara atkvgr. um þetta mál. Það fara nú í hönd fundir í Sþ. og því slæmt, ef þetta mál fengi ekki afgreiðslu í dag, því að þetta er aðeins 2. umr. málsins.

Forseti (BG): Eins og ég gat um áðan, eru vandkvæði á þessu — hér er um deilumál að ræða, klofna n. — nema tryggt sé, að allir þdm. hafi fengið að vita, að atkvgr. fari fram, og það verður naumast tryggt með öðru móti en gefin verði út prentuð dagskrá, og get ég ekki séð, að málinu geti stafað nein hætta af því, þó að þessi atkvgr. fari fram nokkru síðar, t. d. kl. 3 á morgun, þegar búið er að koma út prentaðri dagskrá.

Einar Olgeirsson: Ég vil geta þess út af orðum hæstv. forseta, að hér í d. vantar nú sem stendur ekki nema 5 þm., sem á annað borð mundu mæta, og ætti að vera hægur vandi að láta þá vita, sem ekki kynnu að heyra ákvörðun hæstv. forseta.

Hvað prentaðar dagskrár snertir, berast þær ekki svo ört út, að það sé tryggt, að þm. fái þessa vitneskju í tíma. Það mætti því vel hafa fund í dag, og sé þingvilji fyrir þessu máli, sem almennt virðist óttazt af ríkisstj., er ekki rétt að láta málið ekki komast áfram vegna þess, að það sé tafið fyrir því. Það er búið að tefja svo mikið fyrir þessu máli, sem er þó eitt fyrsta mál þingsins, að ástæða er til að ganga úr skugga um, hvort þingvilji er fyrir því eða ekki.

Forseti (BG): Ég vil neita því, að ég hafi átt hlutdeild í að tefja þetta mál. Ég mun reyna að sjá svo til, að fundur verði haldinn í Nd. á morgun, en get ekki ákveðið tímann núna. Vona ég, að hv. viðkomandi þm. geti sætt sig við þetta. Hitt kann ég betur við, að alls forms sé gætt í sambandi við atkvgr. málsins og fundarboðun.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég tók eftir því í morgun, að þetta mál vantaði á dagskrána, og hringdi strax á skrifstofuna til þess að láta vita af því, en hún áleit, að þetta stafaði af einhverri vangá. — Mér sýnist sífellt bætast við af þeim þm., sem hefur vantað í d., ég held það vanti ekki nema 4 þm. Og ef fundurinn verður ekki haldinn fyrr en klukkan 3 í dag, geta þm. fengið vitneskju um hann eins vel og ef dagskrá er prentuð.

Ég hef aldrei viljað ásaka forseta í þessu máli. Hann hefur gert allt, sem hann hefur getað, til þess að flýta fyrir því. En ég vil eindregið mælast til þess, að forseti sjái sér fært að taka málið á dagskrá í dag.

Á 72. fundi í Nd., 10. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. frá meiri hl. fjhn. um að vísa frv. til ríkisstj., felld með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JóhH, JPálm, JS, PO, SB, SEH, SK, StJSt, StSt, ÁÁ, EmJ, FJ, GTh, HB.

nei: HermG, JG, JörB, KTh, LJós, PÞ, SigfS, SG, SkG, StgrSt, BÁ, EOl, EystJ, GÞG, HÁ, HelgJ.

BG greiddi ekki atkv.

3 þm. (JJ, ÓTh, ÁkJ) fjarstaddir.
Brtt. 177,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frvgr. (verður 1. gr.) samþ. með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SG, SkG, StgrSt, BÁ, EOl, EystJ, GÞG, HÁ, HelgJ, HermG, JG, JörB, KTh, LJós, PÞ, SigfS.
nei: SB, SEH, SK, StJSt, StSt, ÁÁ, EmJ, FJ, GTh, HB, IngJ, JóhH, JPálm, JS, PO.
BG greiddi ekki atkv.
3 þm. (ÁkJ, JJ, ÓTh) fjarstaddir.
Brtt. 177,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 16:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SkG, StgrSt, BÁ, EOl, EystJ, GÞG, HÁ, HelgJ, HermG, JG, JörB, KTh, LJós, PÞ, SigfS, SG.
nei: SEH, StSt, GTh, HB, IngJ, JóhH, PO, SB. StJSt, ÁÁ, EmJ, FJ, JPálm, JS, BG greiddu ekki atkv.
4 þm. (SK, ÁkJ, JJ, ÓTh) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:5 atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mig langaði bara til að spyrja hæstv. forseta, hvort þetta frv. muni vera löglega flutt samkvæmt 19. gr. þingskapa. Þar stendur, að lagasmíðum skuli jafnan fylgja stutt grg. Ég sé, að þessu er ekki fylgt, og vildi ég gjarnan fá skýringu hæstv. forseta á þessu.

Forseti (BG): Það er því til að svara, að grg. fylgdi frv. í upphafi, en er nú sleppt í uppprentun, og þess vegna liggur hún ekki hér fyrir.

Á 73. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 471).
Enginn tók til máls.
Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 74. fundi í Nd., 16. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:9 atkv. og afgr. til Ed.

Á 79. fundi í Ed., s.d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 81. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9:7 atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 471, n. 612 og 622).

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Mál þetta hefur verið fyrir löngu rætt, áður en það kom inn á Alþ., og auk þess í Nd., áður en það kom til þessarar hv. d. Hv. dm. hafa því hlustað á málflutninginn. Hér á þessum stað hygg ég, enda virtist svo við 1. umr., að d. hafi skapað sér skoðun á málinu, og þarf ég því ekki að hafa um það mörg orð.

Í fjhn. hefur ekki getað orðið samkomulag um málið. Hv. þm. Str. og hv. 4. landsk. þm. vildu samþ. frv. eins og það lá fyrir, en meiri hl. n. vildi leita álits fjárhagsráðs, áður en nál. væri samið. Þessu var hraðað svo, að n. barst bréf frá fjárhagsráði í dag, dagsett í dag, þar sem því er lýst yfir, að fjárhagsráð hafi ekki getað orðið ásátt um málið og því skotið því til ríkisstj.

Við í meiri hl. óttumst, að verði þetta að l. nú, þá leiði það til alls konar brasks með seðla og að hver reyni að ná sem mestu til sín af seðlum. Það getur farið svo, að eins framtak verði meira enn annars og óhlífnum aðferðum beitt, er leiði til illvígrar keppni bak við tjöldin. Við í meiri hl. töldum því betur farið, að frv. væri fellt, heldur en að lagt væri út á þessa hálu braut.

Eins og ég sagði strax, ætla ég ekki að rekja þetta mál ýtarlega í langri ræðu, enda tími þingsins orðinn knappur. D. verður að skera úr um það, hvað hún álítur rétt í málinu.

Frm. minni hl. (Hermann Jónasson): Hv. frsm. meiri hl. gat þess, að þetta mál hefði verið mikið rætt. Hvað sem öðru líður, er það rétt, og ég býst við, að ekki verði bætt við neinum nýjum atriðum, sem d. ekki þekkir. Ég get því látið mér nægja að vísa til nál. minni hl., þar sem lagt er til, að frv. verði samþ., og er það í samræmi við þá skoðun, sem ég hef áður haldið fram. Frekari umr. verða svo ekki af minni hendi, nema tilefni gefist til.

Forseti (BSt) Þá er umr. lokið. — Er sérstök ósk um það, að atkvgr. verði frestað?

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vildi mælast til þess, að hæstv. dómsmrh. fengi að vera viðstaddur atkvgr.

Forseti (BSt): Atkvgr. verður frestað um stund og vil ég biðja alla hv. dm. að vera nærstadda, svo að þeir heyri, ef ég hringi, því að atkvgr. fer fram, þegar hæstv. dómsmrh. hefur lokið ræðu sinni í Nd.

ATKVGR.
1. gr. felld með 9:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrA, ÁS, BK, BrB, HV, HermJ, PZ, BSt.
nei: SÁÓ, ÞÞ, BBen, EE, GJ, GÍG, JJós, LJóh, PM.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Sigurjón Á. Ólafsson: Mér skilst, að við myndun stj. hafi þetta mál verið uppi og samið um, að ekki yrði gerður ágreiningur um það. Nú hefur stjórnarandstaðan flutt þetta mál til þess að koma á ósátt og setja stjórnina í vandræði, og segi ég því nei.

Páll Zóphóníasson: Þar sem ég tel brot á sönnu lýðræði, að menn fái ekki að verzla þar, sem þeir vilja verzla, segi ég já.

Forseti (BSt): Með þessari atkvgr. er málið fellt, því að í 1. gr. frv. felst aðalinnihald þess.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Vinnumiðlun.

Á 4. fundi í Nd., 8. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 frá 1935, um vinnumiðlun (þmfrv., A. 14).

Á 5. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég get verið stuttorður um þetta mál. Þetta frv. var flutt á síðasta þingi og var samþ. í þessari d. og var komið til n. í Ed., en tími vannst ekki til þess að ljúka afgreiðslu þess vegna þess, hvað áliðið var.

Efni þessa máls er, að það er lagt til, að hlutaðeigandi bæjarstjórnir kjósi meiri hl. í stjórn vinnumiðlunarskrifstofanna, eða 3 menn af 5, í stað þess, að þær kjósa nú aðeins 2 menn af 5. Að öðru leyti er lagt til, að fyrirkomulagið, sem er á stjórn skrifstofanna, haldist og að verkalýðssamtökin tilnefni einn mann og vinnuveitendur einn. Það, sem ég tel mæla með þessu, er það, að vinnumiðlunarskrifstofur eru bæjarfyrirtæki. Bæjarsjóður borgar 2/3 kostnaðar, og starfsemi þeirra er yfirleitt algert bæjarmál. Ég hef þess vegna talið eðlilegt, að bæjarstjórnir ráði á hverjum tíma þessum stofnunum. Þess vegna hef ég flutt þetta frv., og vænti ég, að það fái eins góðar undirtektir og í fyrra.

Ég óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til heilbr.- og félmn.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég vil á sama hátt og þegar þetta frv. kom fram í fyrra vara við því að samþ. það, af því að það er óeðlilegt. Fyrir utan þau rök, sem ég færði fram, þegar málið var til umr. hér í þd., vil ég geta þess, að með löggjöf um fjárhagsráð er gert ráð fyrir, að fjárhagsráð þurfi að hafa náið samstarf við vinnumiðlunarskrifstofur um land allt, til þess að ekki skapist atvinnuleysi í sambandi við þann óhjákvæmilega samdrátt, sem hlýtur að verða í sambandi við gjaldeyrisskortinn, þó að ekki sé annað. Ég tel þess vegna eðlilegt, að ríkisvaldið, sem kostar vinnumiðlunarskrifstofurnar að nokkru, hljóti að hafa þar fulltrúa, og ég vil skjóta því til n., sem með þetta mál fer, að hún athugi það vel og leiti um það álits fjárhagsráðs. Ég vænti, að það komi í ljós, að fjárhagsráð býst við að geta átt náin samskipti við vinnumiðlunarskrifstofur um land allt, og vænti þess, að þá þyki eðlilegt, að stj. eigi fulltrúa í þessum stjórnum, þótt ekki sé nema einn af fimm á hverjum stað.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég get engan veginn verið sammála hæstv. forsrh. um það, að til þess að samvinna geti orðið á milli vinnumiðlunarskrifstofanna og fjárhagsráðs, þurfi stj. að eiga fulltrúa í stjórnum vinnumiðlunarskrifstofanna. Ég veit ekki annað en að það hljóti að vera jafnþægilegt fyrir fjárhagsráð að eiga samvinnu við stjórnir vinnumiðlunarskrifstofanna, þó að bæjarstjórnirnar hafi þar meiri hluta. Þetta eru svo augljós rök, að ég er undrandi á því, að hæstv. forsrh. skuli hafa á móti þeim rökum.

Ég hef ekkert á móti því, að fjárhagsráð skoði þetta frv., en mér þykir skörin fara að færast upp í bekkinn, ef Alþingi þykist ekki geta afgr. l. um fjárskyld efni, án þess að þau séu send til fjárhagsráðs. Það er þá búið að setja nokkurs konar yfir-Alþingi, og er dálítið einkennilegt að heyra slíkt frá forsrh. Ég veit, að fjárhagsráði er ætlað mikið starf, og skal ekki gagnrýna það, en tel það mjög einkennilegt, ef það á að taka upp þann sið að vísa þingmálum til fjárhagsráðs til ályktunar. Ég endurtek það, sem ég sagði í upphafi, að þetta er hreint bæjarmál og bæjarstjórnirnar eiga þess vegna að kjósa meiri hl. í þessar stofnanir. Það leiðir af sjálfu sér, að bæjarstjórnirnar yrðu jafnfúsar og áður til samvinnu við stj.

Ég vil líka ítreka það, sem ég sagði á síðasta þingi um þetta mál, að ég hygg, að gengið hafi verið það langt í sentraliseringu ríkisvaldsins, að nú sé mál að snúa til baka, að ganga lengra inn á þá braut að fá bæjarstjórnum og sveitarfélögum meira vald, en auka ekki stöðugt vald ríkisins. Ég held, að nú sé kominn tími til þess að snúa við. Við sjáum afleiðingar þess, að allt er dregið á einn stað. Ég held, að afleiðingarnar sýni sig m. a. í því, að sífellt eykst flótti fólksins frá landsbyggðinni og í stóru kaupstaðina, sérstaklega til Reykjavíkur. Ég held ekki, að fólkið uni í bæjunum, ef völdin eru tekin af þeim, og vil, að þeirri óheillastefnu sé ekki haldið lengur, sem gengið hefur fyrir sig.

Ég vil benda á, að í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir, að kosið sé til þriggja ára. Þetta var þannig í fyrra, en nú þarf að breyta því í tvö ár, því að það er miðað við bæjarstjórnarkosningar.

Ég vil ítreka ósk mína um það, að hv. d. taki þessu máli með skilningi.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég vildi ekki endurtaka hér í d. þær ástæður, sem ég færði fram í fyrra, en benti aðeins á það til viðbótar, að fjárhagsráð þyrfti að hafa samskipti við vinnumiðlunarskrifstofurnar.

Þau rök, sem ég áður hef fært, voru þau, að ríkissjóður kostaði þessa starfsemi, eins og fram er tekið, og vinnumiðlunarskrifstofurnar hafa með

höndum að miðla vinnu, ekki eingöngu bæjarvinnu, heldur líka opinberri vinnu, vinnu ríkisins, sem til fellur á starfssviði hverrar vinnumiðlunarskrifstofu um sig. Af þessari ástæðu taldi ég eðlilegt, að stj. hefði einn fulltrúa í stjórn þessara stofnana. Ég er þeirrar skoðunar, að ekki sé verið að taka nokkur völd af bæjarfélögunum, þar sem þau kjósa tvo menn og verkalýðs- og vinnuveitendasamtökin kjósa sinn manninn hvort.

Út af því, sem flm. sagði, að sér fyndist skörin vera farin að færast upp í bekkinn, þegar fjárhagsráð væri orðið eins konar yfir-Alþingi, fyrst leita þyrfti ráða til þess út af því máli, sem hér er til umr., þá veit ég, að hv. þm. N-Ísf. er svo þingvanur, að hann veit, að frv. eru oft send til einnar stofnunar og annarrar til umsagnar og álits. Að mínu viti er þetta frv. svo skylt verkefnum fjárhagsráðs, að mér þótti eðlilegt að leita þangað. Fjárhagsráð er ekki frekar yfir-Alþingi en bæjarráð Reykjavíkur, en þangað þykir eðlilegt að senda mál, sem það fjallar um. Ég ætla því, að í þessu atriði sjái flm., að hann hefur byggt á nokkuð miklum misskilningi eða fljótfærni.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar, nema tilefni gefist til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 14, n. 114 og 123).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta mál var afgr. hér í fyrra, en fékk ekki úrslitaafgreiðslu í hv. Ed. Það þarf því ekki að orðlengja um það hér nú, því að það var raunar útrætt hér í fyrra. Heilbr.- og félmn. hefur klofnað varðandi þetta mál, og vill meiri hl. samþykkja frv., en minni hl. vill vísa því frá. Það er náttúrlega matsatriði, hvort í stjórn vinnumiðlunarskrifstofunnar á að vera 1 maður skipaður af ríkisstj. eða þrír tilnefndir af bæjarfélaginu, en meiri hl. hefur lagt til, að hlutur bæjarfélaganna í stjórn skrifstofanna verði meiri, enda er það ekkert einsdæmi, að ríkið styrki stofnanir án þess að eiga fulltrúa í stjórn þeirra, má þar t. d. nefna fræðsluráð. Núverandi fyrirkomulag er til þess bezt fallið að koma pólitískum fleygum inn í starfsemi skrifstofanna, eins og reynslan hefur sýnt. Má í því sambandi minna á, er Reykjavíkurbær setti upp sína vinnumiðlunarskrifstofu, þá var flutt frv. um, að ríkið skyldi skipa fulltrúa í stjórn skrifstofunnar, til þess að skrifstofan yrði ekki algert bæjarfyrirtæki. Síðan hafa tvær skrifstofur verið starfandi, og mætti sameina starfsemi þeirra með því að samþykkja þetta frv. Að lokum held ég, að það sé ofrausn við fjárhagsráð að vísa þessu máli frá hér á Alþ. í trausti þess, að málið verði athugað í fjárhagsráði. Ég held, að gangur mála yrði hér þunglamalegur, ef slíkan hátt ætti að viðhafa. Ég álít, að ekki þurfi að tefja þetta frv., þótt fjárhagsráð óski annarra breyt. á l. um vinnumiðlun, því að þær breyt. geta síðar fram komið. Tel ég því ekki rétt að fallast á rök minni hl.

Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er aðeins ein breyt. gerð á gildandi l., sem sé sú, að hlutaðeigandi bæjarfélag skuli kjósa 3 fulltrúa af 5 í stjórn vinnumiðlunarskrifstofu á viðkomandi stað í stað tveggja áður, en ríkisvaldið hafi þar engan fulltrúa. Rökin, sem færð eru fyrir þessari breyt., eru þau, að vinnumiðlunarskrifstofurnar séu bæjarfyrirtæki og því eigi bæjarstjórn á hverjum stað að skipa stjórnarmeirihl. skrifstofanna. Þetta fær ekki staðizt. Í l., sem nú gilda, segir svo um hlutverk vinnumiðlunarskrifstofanna, með leyfi hæstv. forseta. Í 4. lið segir, að hlutverk skrifstofanna sé „að fylgjast með atvinnuháttum, eftir því sem auðið er, og safna skýrslum og gögnum í því augnamiði", og í 5. lið „að aðstoða við atvinnuleysisskráningar og láta fram fara atvinnuleysisskráningar eftir fyrirmælum bæjarstjórnar eða atvmrh." Og í 7. lið, svo að ég nefni hann líka, segir enn fremur, að hlutverk skrifstofanna sé „að halda uppi innbyrðis sambandi á milli vinnumiðlunar í kaupstöðum og milli kaupstaða og sveita, eftir því sem við verður komið." Þessar tilvitnanir í gildandi l. sanna ótvírætt, að einu rökin, sem fram eru borin fyrir þessu frv., fá ekki staðizt, og er þá í raun og veru allt sagt, sem um frv. þarf að segja. Með tilliti til þess, að löggjafinn hefur ákveðið, að ríkissjóður skuli greiða ⅓ skrifstofukostnaðarins og auk þess allan póst- og símakostnað, eða talsvert meira en ⅓ alls kostnaðar, þá held ég það enga ofrausn af hálfu löggjafans að ætla ríkisvaldinu einn fulltrúa af fimm í stjórn skrifstofanna. Ef hv. flm. vill vera sjálfum sér samkvæmur, hefði hann átt að breyta líka ákvæðinu um kostnaðinn, þannig að bærinn greiddi allan kostnaðinn. Það er bæði ranglátt og óheilbrigt, að ríkið greiði kostnað við stofnanir án þess að hafa nokkra íhlutun í stjórn þeirra.

Þó að við í minni hl. n. getum ekki fallizt á þær breyt., sem hér um ræðir, þá teljum við mikla þörf á að athuga og endurbæta löggjöfina um vinnumiðlun, sem nú mun vera orðin að minnsta kosti 10 ára. Í l. um fjárhagsráð, nr. 70 1947, 8. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Fjárhagsráði er heimilt að leggja fyrir vinnumiðlunarskrifstofur landsins að láta fara fram skrásetningu verkafólks almennt eða í einstökum starfsgreinum á þeim tíma og eftir þeim reglum, er fjárhagsráð ákveður." Þetta var í sjálfu sér skynsamlegt ákvæði, því að það getur verið mjög nauðsynlegt að láta gera slíka skrá, þegar skipuleggja á hina ýmsu atvinnuvegi. En það er annað, sem ekki hefur verið aðgætt við þessa lagasetningu, og það er að vinnumiðlunarskrifstofurnar geta ekki tekið þessa skráningu að sér, eins og löggjöf um þær er nú háttað. Þessu til sönnunar má benda á, að vinnumiðlunarskrifstofurnar ná ekki til allra stétta, auk þess mun þær skorta heimild til þess að krefjast nauðsynlegra gagna til slíkrar allsherjarskráningar. Þetta mál mun nú vera til athugunar í fjárhagsráði, og eftir því sem ég hef heyrt, þá hefur þm. Ísaf. verið falið að athuga þetta mál og þá með það fyrir augum, að löggjöfinni um vinnumiðlunarskrifstofurnar verði breytt í þá átt, að þær geti annazt umræddra skráningu. Þar sem vitað er um þessa athugun í undirbúningi, teljum við í minni hl. n. ekki ástæðu til að hrapa að þeirri breyt., er hér er ráðgerð, og leggjum til, að málið verði afgr. með þeirri rökst. dagskrá, sem nú liggur fyrir.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég vil strax láta það koma fram, að það er of vægt að orði komizt í nál. minni hl., að fjárhagsráð hafi þetta mál, er hér er til umr., til athugunar, því að mér hefur þegar verið falið að leggja fyrir ráðið till. um breyt. á l. um vinnumiðlun. Ástæðan fyrir því, að fjárhagsráð telur breyt. á þessari löggjöf svo brýna, er sú, að mikill skortur er á upplýsingum um vinnuafli í landinu og skiptingu þess milli atvinnuveganna. Það eina, sem nú er hægt að styðjast við í þessu efni, eru 10 ára gömul manntöl. Auk þess sem þessi manntöl eru 10 árum á eftir tímanum og þar af leiðandi algerlega villandi, þá verður eigi unnið úr þeim nema á mjög löngum tíma. Það er ekki til nokkur annar vísir að vinnuhagskýrslum en þessi gömlu manntöl, og verður það að teljast alveg óviðunandi. Fjölmennar þjóðir, eins og t. d. Bretar, leggja svo mikla áherzlu á vinnuhagskýrslur, að þeir geti vitað um, hvað margir menn starfi í hverri grein næstum því daglega, og má af því marka, hvort jafnfámennri þjóð sem við Íslendingar erum er ekki nauðsyn að geta fylgzt með sínu vinnuafli.

Nú er verkefni fjárhagsráðs að hlutast til um að hagnýta vinnuaflið eins vel og mögulegt er, en eitt fyrsta skilyrðið til þess er að vita eitthvað um það, hvar það er og hvernig það skiptist milli hinna ýmsu atvinnuvega. Þessar upplýsingar er líka sýnu erfiðara að fá, þegar fólksflutningar eru eins miklir milli byggðarlaga eins og raun ber vitni. Ástandið í gjaldeyrismálunum sýnir, að nauðsynlegt er að efla útflutnings-atvinnuvegina, og þar af leiðandi verður að beina vinnuaflinu til þeirra. En auk þess veldur nýsköpunin og hin mikla vélanotkun, sem henni fylgir, bæði til lands og sjávar, breyttu viðhorfi og annarri skiptingu á vinnuaflinu. Af þessum ástæðum er brýn nauðsyn, að hér verði gerðar nákvæmar vinnuhagskýrslur á sama hátt og hjá öðrum þjóðum.

Nú var í upphafi ráðgert, að vinnumiðlunarskrifstofurnar önnuðust þessa skýrslugerð, en við nánari athugun kom í ljós, að þær höfðu ekki nægilegt valdsvið til þess að óbreyttri löggjöfinni. Ef athugað er starf vinnumiðlunarskrifstofunnar í Reykjavík, þá kemur í ljós, að þau verkefni, sem hún leysir, eru að gera skrá um þá, sem atvinnulausir eru, ráða menn í störf hjá bænum og úthluta atvinnubótavinnu, þegar þannig er ástatt. En þessi starfsemi getur ekki leyst þau verkefni, sem ráð er fyrir gert í fjárhagsráðsl., til þess er valdsviðið of lítið og ýmsir erfiðleikar, sem stafa af miklum fólksflutningum og breyttum atvinnuháttum. Hins vegar held ég, að það sé heppilegra og mundi koma fyrr að gagni að auka valdsvið þessara stofnana, svo að þær gætu innt þessi störf af hendi, heldur en setja á stofn nýjar skrifstofur til þess. Auk þess er sannarlega nóg skriffinnska fyrir í okkar landi. Hvað viðvíkur því, sem frsm. meiri hl. n. gerði að umtalsefni, þá vil ég geta þess, að ég hef fengið upplýsingar bæði hjá forstöðumanni vinnumiðlunarskrifstofunnar og ráðningarstofunnar. Forstjóri ráðningarstofunnar sagði, að sú stofnun hefði nóg að gera með það starf, sem henni væri ætlað, eins og starfsliðið væri nú. Hins vegar gaf forstjóri vinnumiðlunarskrifstofunnar mér upplýsingar um, hverju þyrfti að breyta í núverandi löggjöf um þessa stofnun, til þess að hún gæti tekið umrædd störf að sér, eftir þeirri reynslu, sem fengizt hefur. Það má geta þess í sambandi við þetta mál, að Reykjavíkurbær er nú að safna skýrslum um ástandið í atvinnumálum bæjarins, en bæjarstjórnin hefur ekki séð sér fært að láta vinnumiðlunarskrifstofuna annast þá skýrslugerð, heldur falið það hagfræðingi sínum með aðstoð sérstakrar n. Þetta sýnir, að bæjarstjórn hefur ekki talið það í verkahring eða á valdi vinnumiðlunarskrifstofu bæjarins.

Ég vil að lokum taka undir það með 4. þm. Reykv., að það er brýn þörf á að endurskoða þessi l., sem nú eru orðin 10 ára án nokkurrar endurskoðunar þrátt fyrir gjörbreytingu á atvinnuháttum þjóðarinnar. Þær endurbætur, sem gerðar verða á l., verða að miða að því, að þessar stofnanir geti gert vinnuhagskýrslur, sem hægt verði að nota sem grundvöll til þess að hagnýta eins og bezt verður á kosið vinnuaflið í landinu, og það má ekki rjúfa sambandið milli þessara stofnana og ríkisvaldsins, heldur verður að tryggja, að það geti verið sem allra nánast. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, vinnur að því að rjúfa það samband, sem fyrir er milli þessara stofnana og ríkisins, í stað þess að það samband þarf að treysta betur. Mér er ljóst, hvaða hvatir liggja til grundvallar þessu frv., en þær eru ekki réttmætar. Ég tel því illa farið, ef það músarholusjónarmið, sem felst í frv., verður ofan á í þessari hv. d.

Umr. frestað.

Á 24. fundi í Nd., 25. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst í öðru orðinu þakka meiri hl. n. fyrir skjóta og góða afgreiðslu þessa máls. Þess utan vil ég leyfa mér að svara nokkrum orðum ræðu hv. þm. Ísaf., er hann flutti hér í gær.

Hv. þm. Ísaf. upplýsti, að sér hefði í fjárhagsráði verið falið að gera uppkast að till. um breyt. á l. um vinnumiðlun og að slík breyt. væri fjárhagsráði nauðsynleg, til þess að unnt væri að láta vinnumiðlunarskrifstofurnar annast allsherjar skýrslusöfnun um vinnuafl í landinu á hverjum tíma. Ég vil ekki vefengja það, sem þessi fjárhagsráðsmaður segir um þetta, en ókunnuglega koma mér þessar fréttir fyrir augu. N., sem hefur um málið fjallað, sendi fjárhagsráði frv. til álita, en það hafði ekki meiri áhuga fyrir því en svo, að það sendi enga umsögn, og mér er kunnugt um það af viðræðum við form. fjárhagsráðs, að hann taldi þetta mál í engu snerta fjárhagsráð, og birtist það álit m. a. í því, að ráðið sendi enga umsögn. Ég sé ekki betur en þessi afstaða fjárhagsráðs stangist nokkuð á við upplýsingar hv. þm. Ísaf., að honum hafi verið falið að gera uppkast um breyt. á l. um vinnumiðlun.

Hitt vil ég alveg vefengja, sem hann sagði, að það sé rétt, að það sé ekki hægt að hafa fullt gagn af vinnumiðlunarskrifstofunum, nema l. sé breytt. Enn fremur er það fjarstæða, að samvinna geti ekki tekizt milli fjárhagsráðs og vinnumiðlunarskrifstofanna, þó að ríkið eigi ekki fulltrúa í stjórn þeirra. Það hlýtur að velta á miklu fyrir þessar skrifstofur og bæjar- og sveitarfélögin, að góð samvinna takist við fjárhagsráð, svo að vinnuaflið verði sem bezt nýtt.

Ég skal ekki fara langt út í ræðu hv. þm. Ísaf. Hann er ekki viðstaddur hér við þessa umr. En varðandi það, sem hann talaði um, að það væri ein-

kennileg hvöt, sem lægi á bak við flutning þessa máls hér á þingi, þá vil ég segja, og ég hef lýst því áður, að það, sem fyrir mér vakir með þessu máli, er fyrst og fremst, að bæjarfélögin, sem bera meginhluta kostnaðarins af þessum stofnunum, fái aukin og eðlileg völd yfir þeim. Ég hef bent á, að sú stefna sé ekki æskileg, sem hefur verið uppi undanfarin ár, að ríkið geri hlut bæjarfélaganna minni til ihlutunar um sín mál. Í annan stað hefur ríkið gengið svo á tekjustofna sveitar- og bæjarfélaga, að þau hafa varla neitt við að styðjast nema útsvörin, og tel ég það ranga stefnu. Ég held, að það beri að stefna að því að auka rétt bæjar- og sveitarfélaga og fá þeim nýja, aukna tekjustofna. Þetta eru þær hvatir, sem liggja bak við flutning þessa máls af minni hálfu. Hv. þm. Ísaf., minn góði félagi, getur haft sína skoðun á því, hvaða *músarholusjónarmið* ég hafi í þessu máli. Ég dreg ekki í efa, að hann láti í hverju máli *stjórnast af háleitum* hugsjónum. Ég þykist vita, hvaða hugsjónir honum eru efst í huga í þessu máli. Ég læt honum eftir að trúa, að það sé háleitt markmið, sem hann berst fyrir í þessu máli. Hann getur gjarnan talað um músarholusjónarmið í sambandi við flutning þessa máls, en það breytir í engu þeim staðreyndum, sem ég hef lýst, og vænti ég því, að d. taki málinu vel eins og á síðasta þingi, þegar það var samþ. með verulegum meiri hl., og samþykki þess vegna ekki þá rökst. dagskrá, sem minni hl. n. hefur borið fram.

Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru nokkur orð í tilefni af ræðu hv. þm. N-Ísf. Hann taldi þetta frv. fjárhagsráði óviðkomandi og ástæðulaust að senda það þangað til umsagnar og hins vegar, að fjárhagsráð hefði enga umsögn sent. Það er rétt, fjárhagsráð sendi enga umsögn. Um það, af hverju það stafar, skal ég ekki segja. Ég tel það ekki lofsvert, að þeir aðilar, sem Alþ. telur ástæðu til að leita umsagnar hjá, svari ekki, heldur er það miklu fremur ámælisvert. Eins og ég drap á í gær sem frsm. minni hl., þá er gert ráð fyrir því í fjárhagsráðsl., að fjárhagsráð geti falið vinnumiðlunarskrifstofunum viss verkefni, svo sem að safna skýrslum um vinnuafl í landinu. Þess vegna var eðlilegt, að ráðinu væri sent frv. um breyt. á gildandi l. til umsagnar. Hitt er annað mál, að fjárhagsráð hefur ekki talið þetta atriði skipta sig máli. Það stendur hins vegar óhaggað, að fjárhagsráð hefur til athugunar l. um vinnumiðlun og till. um breyt. á þeim, og er ástæðulaust að draga í efa að svo sé.

Hv. þm. vefengdi mjög, að ekki væri hægt að hafa það gagn af vinnumiðlunarskrifstofunum, sem ætlazt er til í l. um fjárhagsráð, að l. óbreyttum. Ég vil benda hv. þm. á, að í l. um fjárhagsráð er gert ráð fyrir, að þessum skrifstofum sé falið að safna skýrslum um atvinnuskiptinguna um land allt. Ég sýndi hins vegar greinilega fram á í gær, að eins og löggjöfin er nú, þá hafa vinnumiðlunarskrifstofurnar alls ekki nægilega heimild til að safna slíkum upplýsingum. Þær geta engar upplýsingar heimtað af iðnrekendum, engar af útgerðarmönnum, engar af öðrum en þeim, sem hafa í þjónustu sinni verkamenn í þessa orðs þrengstu merkingu. L. ná aðeins til kaupstaða, en skýrslur þarf að fá um landið allt. Það er ótvírætt, að eins og löggjöfin er nú, þá getur fjárhagsráð ekki notað vinnumiðlunarskrifstofurnar til að koma upp greinargóðri atvinnustatistik, eins og gert er ráð fyrir í löggjöfinni. Þess vegna er það, að við í minni hl. leggjum til, að þetta tækifæri verði notað til að minna á, að löggjöfina þarf að endurskoða, ef ákvæði fjárhagsráðsl. eiga að verða framkvæmanleg að þessu leyti. Á því er dagskráin byggð, og það verður ekki hrakið.

Í þessum umr. hafa af hálfu hv. frsm. meiri hl. og hv. flm. ekki komið fram nein ný rök fyrir réttmæti þessa frv., réttmæti þess að svipta ríkisvaldið öllum áhrifum á stjórn vinnumiðlunarskrifstofanna, þó að það greiði ⅓ af rekstrarkostnaði þeirra. Einu rökin voru þau, að þessar skrifstofur séu bæjarstofnanir einvörðungu, eða a.m.k. fyrst og fremst. Það er búið að sýna fram á, að þetta er rangt. Þetta eru ekki bæjarstofnanir. Það segir í l., að þær eigi að úthluta atvinnubótavinnu, sem styrkt sé af bænum og ríki. Þetta getur ekki verið, að bæirnir eigi eingöngu að úthluta atvinnubótavinnu, sem kostuð er af ríkinu. Þetta eru því að verulegu leyti ríkisstofnanir, og þess vegna borgar ríkisvaldið verulegan hluta af kostnaðinum. Þess vegna er ekki til of mikils mælzt, að ríkisvaldið fái einn af fimm í stjórnina. Einu rökin, sem flutt hafa verið, fá því ekki staðizt. Það er mjög sæmilega séð fyrir áhrifum bæjanna, þar sem þeir kjósa tvo menn af fimm í stjórn og aðrir tveir eru líka tilnefndir af aðilum úr bænum. Það eru því fjórir af fimm stjórnarfulltrúum úr bænum, og þá er sízt of mikið, að ríkisvaldið fái einn af fimm, þó að formaður sé, einkum þegar tillit er tekið til þess, að ríkið borgar verulegan hluta af kostnaðinum.

Ég leyfi mér því að vænta þess, að Alþ. samþykki hina rökst. dagskrá, því að sú breyt., sem fram á er farið í frv., er ástæðulaus, óeðlileg og ranglát og líka sérstaklega af því, að svo stendur á, að fjárhagsráð hefur ákveðið að gera uppkast að breyt. á l. Mun það leggja fram till. um viðtækar breyt., og er fyrir það enn síður ástæða til að hrapa að breyt. nú. Það er skynsamlegast að bíða eftir þeim breyt., sem munu koma frá fjárhagsráði, áður en langt líður.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Mér finnst fjöllin hafa tekið jóðsótt, þegar svo er komið, að til þess að hægt sé að framkvæma l. um fjárhagsráð, þurfi að breyta l. um vinnumiðlunarskrifstofur. Með hinni merku löggjöf um fjárhagsráð á að skipuleggja og umskapa okkar atvinnurekstur og þjóðlif á velflestum sviðum, og nú á ekki að vera hægt að framkvæma þetta nema með því að breyta löggjöfinni frá 1935. (**GÞG:** Að þessu leyti). Þetta er dálítið dæmi um, hvernig smáatriði geta ruglað gersamlega dómgreind mætra manna. Ég hafði ekki við því búizt, að jafngreindur maður og hv. 4. þm. Reykv. notaði þessi rök fyrir afstöðu sinni.

Það er misskilningur hjá honum, að ég hafi vefengt, að fjárhagsráð hafi gagn af vinnumiðlunarskrifstofunum, en ég held því fram, að það hafi af þeim jafnmikið gagn, þó að bæjarstjórnirnar hafi þar meiri hluta. Það er það. Ég hef aldrei verið því mótfallinn, að vinnumiðlunarskrifstofurnar hafi nána samvinnu við ríkisvaldið og stofnanir þess. Ég tel eðlilegt, að sú samvinna haldist, þó að hún hafi ekki verið mikil undanfarin ár. En það eru engin rök gegn því, að bæjarfélögin, sem borga ⅔ kostnaðarins, megi kjósa meiri hl. stjórnarinnar.

Hv. þm. benti á, að vinnumiðlunarskrifstofurnar gætu alls ekki heimtað upplýsingar um ástand vinnuaflsins í sjávarútvegi, landbúnaði, iðnaði o.s. frv. Það má vera, en ég vil benda á, að það eru aðrar stofnanir starfandi, sem hafa það hlutverk að veita þar allar upplýsingar, Landssamband iðnaðarmanna og Félag íslenzkra iðnrekenda hafa skrifstofur, sem undanfarin ár hafa haft á reiðum höndum nákvæmar upplýsingar um, hvernig ástand iðnaðarins er á hverjum tíma, hve margt fólk er í hverri iðngrein, hvernig atvinnuhorfur eru þar o.s. frv. Það er því óþarfi að búa til nýja stofnun eða fela þetta starf vinnumiðlunarskrifstofunum, vegna þess að fjárhagsráð getur með einu bréfi fengið þær upplýsingar frá stofnun, sem er til og starfar í landinu. Það er ótrúlegt, að jafngreindur maður og hv. frsm. minni hl. viti þetta ekki. Ég get búizt við, að Búnaðarfélag Íslands og fleiri samtök landbúnaðarins geti gefið ýmsar upplýsingar varðandi landbúnaðinn í þessu efni. Líka er kunnugt, að sjávarútvegurinn hefur sín skipulögðu samtök, sem stunda m. a. margs konar upplýsingastarfsemi viðvíkjandi þeirri atvinnugrein, bæði Fiskifélag Íslands og Landssamband ísl. útvegsmanna. Þetta vita allir, og það þýðir ekki að telja mönnum trú um, að það þurfi að fela vinnumiðlunarskrifstofunum að afla þessara upplýsinga. Auk þess geta vinnumiðlunarskrifstofurnar fengið upplýsingarnar frá þessum aðilum, ef það þykir henta betur. Nei, þessi mótbára er ekki mikilvæg. Það ber því allt að sama brunni með rök gegn þessu máli, að þau eru harla veigalítil, og er því ástæðulaust að samþykkja dagskrána, sem hér hefur verið flutt fram af hv. minni hl.

Ég skil varla þessa hörðu andspyrnu frá hv. minni hl. og sumum hv. þm. úr ákveðnum stjórnmálaflokki. Þeir segja öðrum þræði, að þetta sé smábreyt., en hinum þræðinum, að þetta sé þvílíkt stórmál, að allt velti á, að ekki sé að því hrapað.

Hvaða rök eru þetta? Ég fæ ekki betur séð en þetta reki sig hvort á annars horn.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Ég veit, að þingið mun sjá, hvað er kjarni þessa máls, nú eins og í fyrra, og vænti þess, að það fari sína leið nú eins og þá.

Frsm. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði í ræðu hv. þm. N-Ísf., sem ég vildi minnast á. Hann dró raunar einnig í efa enn á ný, að ekki væri hægt að framkvæma hina miklu löggjöf fjárhagsráðs án þess að breyta jafnlítilmótlegri löggjöf og vinnumiðlunarlöggjöfinni. En þessa firru er ég búinn að hrekja svo oft, og ætla ég ekki að endurtaka það enn.

Hv. flm. taldi alveg ástæðulaust yfirleitt að vera að gera ráð fyrir, að sérstakar stofnanir eins og vinnumiðlunarskrifstofurnar önnuðust þessa atvinnuskráningu. Það væri ekkert annað en að leita til þeirra stofnana, sem þegar eru fyrir hendi: Fiskifélags Íslands, Landssambands iðnaðarmanna, Landssambands íslenzkra útvegsmanna, Búnaðarfélags Íslands og fleiri stofnana. En hv. þm. fer hér villur vegar, hér skjátlast honum. Þessar stofnanir hafa ekki tæmandi upplýsingar yfir atvinnuskiptinguna. Fiskifélagið veit ekki, hve margir menn fást við sjávarútveg, Búnaðarfélagið heldur ekki um atvinnuskiptinguna innan landbúnaðarins, og Landssamband iðnaðarmanna hefur enn síður nokkrar tæmandi upplýsingar. Mér er mjög vel kunnugt um þetta, þar sem ég hef fengizt við slíkar athuganir og veit, að þessar stofnanir hafa ekki nægilega glöggar upplýsingar um þessi atriði. Í þessu sambandi má geta þess, að bæjarstjórn Reykjavíkur taldi nýlega ástæðu til að afla sér upplýsinga um atvinnuskiptinguna í bænum, — hvers vegna skyldi bæjarstjórnin ekki hafa farið þessa einföldu leið, að skrifa einhverju félaginu til þess að fá þessar upplýsingar? Bæjarstjórnin setti sérstaka nefnd til þess. Af hverju? Af því að hún vissi, að þessar upplýsingar eru ekki fyrir hendi hjá þeim stofnunum, sem þm. nefndi. Þótt ég hafi mjög takmarkaða trú á meiri hl. bæjarstjórnar Reykjavíkur, held ég þó ekki, að hún væri að skipa sérstaka nefnd, ef það nægði að skrifa þessum stofnunum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 25. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 3. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Forseti (BG): Hv. þm. N-Ísf. hefur kvatt sér hljóðs og talar um fundarsköp.

Sigurður Bjarnason: Ég vil benda hæstv. forseta á, að allmargir þingmenn eru ókomnir til fundar, og beina þeim tilmælum til hans, hvort hann sjái sér ekki fært að fresta atkvgr. eilítið.

Forseti (BG): Atkvæðagreiðsla fer fram eftir hálftíma, það virðist vera nægur tími þangað til að safna saman liði.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 123, frá minni hl. heilbr.- og félmn., samþ. 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PO, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HelgJ, JG, JörB, BG.

nei: SigfS, SB, SG, SEH, StSt, ÁkJ, EOl, GTh, HB, IngJ, JóhH, JPálm, JS, KTh, LJós.

4 þm. (ÓTh, SK, HermG, JJ) fjarstaddir.

2. Landshöfn í Þorshöfn.

Á 22. fundi í Ed., 20. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um landshöfn í Þorshöfn (þmfrv., A. 124).

Á 23. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Flm. (Björn Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. á þskj. 124 um landshöfn í Þorshöfn. Fyrir tveimur árum flutti ég í Nd. frv. um sama efni í aðalatriðum. Var það fyrsta frv., sem flutt var á Alþ. um landshöfn. Síðar á sama þingi, 1945, kom fram frv. um landshöfn í Hornafirði og enn síðar frv., sem mþn. í sjávarút-

vegsmálum hafði samið um landshöfn í Njarðvíkum við Faxaflóa. Það frv. varð samþ. á Alþ. og afgr. sem l., en hin landshafnafrv. voru afgr. á þann veg, að samþ. var í Nd. dagskrártill. frá sjútvn. deildarinnar svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í trausti þess, að ríkisstj. geri ráðstafanir til, að fram fari á komandi sumri nauðsynlegar rannsóknir á byggingu landshafnar í Hornafirði, á Snæfellsnesi, í Þórshöfn og á öðrum þeim stöðum, þar sem nýbyggingarráð telur nauðsyn á bættum hafnarskilyrðum vegna fiskveiða, og jafnframt verði gerðar tillögur um byggingu og rekstur fiskvinnslustöðva og verbúða á þessum stöðum, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Þrátt fyrir áskoranir um að láta framkvæma þessa rannsókn leið sumarið 1946, án þess að nokkuð væri rannsakað um þetta. Vegna þess að rannsóknin var ekki framkvæmd sumarið 1946, eins og til var tekið, þótti mér ekki fært að hreyfa þessu máli á þinginu í fyrra, en nú virðist sannarlega tími til kominn að taka fullnaðarákvörðun um hafnargerðina, og er frv. þetta flutt samkv. ítrekuðum áskorunum.

Nú er það vitað mál, að nokkrir staðir á landinu þarfnast mjög hafnarbóta og sumir svo mjög, að kallazt getur brýn nauðsyn. Mér virðist því rétt, að látið væri athuga, hvaða hafnir gengju fyrir og hverjar yrðu látnar bíða betri tíma, þar sem nú eru slæmir tímar til framkvæmda. Ég hef ekkert heyrt um þetta mál frá hæstv. ríkisstj. né vitamálastjóra, og varð það einnig til þess, að mér virtist ekki tímabært í fyrra að hreyfa málinu á nýjan leik. Hv. þm. vita, hvað vakti fyrir mþn. í sjávarútvegsmálum, þegar hún samdi frv. um landshöfn í Njarðvíkum, og ég hygg, að ég þurfi ekki að fara mörgum orðum um þá augljósu þörf, sem er á góðri höfn í Þórshöfn. Sums staðar kringum landið eru mjög góð fiskimið, sem minna eru notuð en skyldi, því að þörfin fyrir að nota miðin vel hefur stóraukizt með vaxandi skipastól, og það, sem vakti fyrir þessari mþn. í sjávarútvegsmálum, var, að reynt væri að skapa skilyrði til þess að nota mætti hin góðu fiskimið sem bezt. Á þeim stöðum, þar sem hafnir vantar tilfinnanlegast, eru smáþorp, sem eru of fámenn og fátæk til þess að rísa undir stórfyrirtæki eins og hafnargerðum, og má þar sérstaklega benda á Rif á Snæfellsnesi, Þórshöfn og Höfn í Hornafirði. Í kringum þessi þorp eru fámennar sveitir og sýnt, að aldrei verður byggð höfn þarna af þeim, sem þar búa, og þess vegna er eðlilegt og sjálfsagt, að ríkisvaldið hlaupi hér undir bagga og byggi hafnir, sem verða mundu stöðum þessum mikil efnahagsleg lyftistöng og þjóðarheildinni efnahagsleg stoð, er tímar líða.

Hvað snertir Þórshöfn, þá eru einhver beztu fiskimið landsins í grennd við hana. Togarar stunda veiðar beggja vegna Langaness, og meðan stríðið hamlaði ekki togaraveiðum Englendinga, sóttu þeir mjög á þessar slóðir, og sama máli gegndi um skip margra annarra þjóða. Bátaútvegur á staðnum hefur einnig fært greinilegar sönnur á, að þarna eru góð fiskimið, en höfnin er ekki nógu góð til þess að stórir bátar geti sótt þaðan sjóinn, eins og æskilegt væri, en bátar þeir, sem frá Þórshöfn róa, eru litlir og geta því ekki sótt langt til hafs. Engar tölur eru til um það, hvað aflast mundi, ef bátarnir væru það stórir, að þeir gætu sótt út og austur fyrir Langanes, en hins vegar má gera sér nokkra hugmynd um þetta af því, að á öðrum tug þessarar aldar byrjuðu aðkomusjómenn að setjast að á Skálum, sem eru austan á Langanesi norðarlega, þrátt fyrir hin verstu skilyrði, og myndaðist þar þorp, sem á tímabili hafði nokkuð á þriðja hundrað íbúa. Var þá lagður þangað sími um langan veg og 2. fl. símastöð starfrækt um mörg ár. Auk þess fólks, sem tók sér fasta bólfestu á Skálum, héldu þar til allmargir sjómenn frá Austfjörðum um sumarmánuðina ár hvert og stunduðu þaðan sjóróðra.

Skálar eru einhver hinn ömurlegasti staður á landi hér, þar sem byggð hefur myndazt. Samgöngur á landi eru afar erfiðar vegna fjarlægðar frá öðrum byggðum bólum og vegur einhver hinn versti og alls ófær bílum. Mjög er þar þokusælt og skilyrði til ræktunar slæm. Þó er sá ókosturinn verstur, að þar er engin höfn, aðeins óvarin stórgrýtisleiðing fyrir opnu hafi. Var því ekki um aðra sjósókn að ræða en handfærafiski á smákænum, sem setja varð á land eftir hvern róður. Urðu því margir landlegudagar, jafnvel á sumrum. Við upp- og framskipun vara varð að nota þessa litlu báta, og voru skipaafgreiðslur því aðeins mögulegar, að brimlaust væri með öllu, en þegar eitthvað var að veðri, urðu skipin að fara þaðan óafgreidd. Þessir erfiðleikar voru svo miklir og þreyttu svo mjög íbúa þorpsins, að eftir 1930 byrjuðu fólksflutningar þaðan til annarra staða. Fækkaði fólkinu eftir það ár frá ári, og nú er svo komið, að allt fólk er burt flutt og staðurinn lagður í eyði.

Eina ástæðan, sem var til myndunar þorpsins, var því nær óbrigðul aflavon, hvenær sem komizt varð á sjó, og má af því sjá, að til mikils væri að vinna, ef örugg höfn yrði byggð á Þórshöfn, því að fyrir 20—30 lesta báta eða þaðan af stærri væri auðvelt að sækja sjó austur fyrir Langanes. En meðan ekki er hægt að gera út frá Þórshöfn nema smábáta, er leiðin allt of löng á þau ágætu mið.

Fyrir utan hin ágætu fiskimið báðum megin Langaness er það að öðru leyti um Þórshöfn að segja, að þar eru mjög góð og nær ótæmandi ræktunarskilyrði. Hafa allir, er þar búa, meiri eða minni túnrækt og smábúskap, sem er og mun verða mikill og ómetanlegur stuðningur fyrir efnalega afkomu þeirra. Skammt frá Þórshöfn má fá vatnsafl, sem tiltölulega auðvelt væri að virkja, og hefur það verið athugað og mælt af verkfræðingum.

Eins og tekið er fram í grg. með þessu frv., hafa Austfjarðabátar oft stundað þorskveiðar frá Þórshöfn á sumrum og aflað vel. Er enginn efi á því, að aðkomubátum mundi mjög fjölga, ef þar yrði gerð örugg höfn, og mundi sú framkvæmd þess vegna hafa þýðingu fyrir miklu fleiri menn en þá, sem búa þar á staðnum.

Þórshafnarkauptún var til skamms tíma hluti af Sauðaneshreppi hinum forna, en er nú orðið sérstakur hreppur með röskum 300 íbúum. Er auðsætt, að svo fámennu sveitarfélagi er algerlega um megn að leggja út í svo kostnaðarsamt fyrirtæki sem fullkomin hafnargerð hlýtur að verða. Framkvæmd hennar er því algerlega háð því, að sjálft ríkið kosti þetta mannvirki að öllu leyti, enda njóti það og að sjálfsögðu þeirra tekna, sem það gefur. Má gera ráð fyrir því, að fyrst í stað vanti allmikið til þess, að tekjur af höfninni geti staðið undir vöxtum og afborgunum af þeim hluta stofnkostnaðarins, sem umfram verður venjulegt framlag ríkisins til slíkra mannvirkja, því að blómlegt atvinnulíf og mikil fólksfjölgun getur ekki orðið á svipstundu, hvorki

þar né annars staðar. En það er sannfæring mín og trú, að þegar frá líður, muni höfnin bera sig vel fjárhagslega og gefa þjóðarheildinni auk þess miklar óbeinar tekjur.

Enda þótt ég telji hafnargerð á Þórshöfn mjög mikið nauðsynjamál, bæði fyrir héraðið og þjóðarheildina, og vænti því, að frv. þessu verði vel tekið, þá geri ég mér ekki von um, að hv. Alþ. sjái sér fært að leggja fram nú þegar svo mikið fé sem til hafnargerðarinnar þarf. Hins vegar sé ég ekki, að fjárskortur í bili eigi að verða frv. þessu að falli. Samþykkt þess mundi til að byrja með aðeins þýða það, að ákveðið væri af Alþ., að á þessum stað eigi að byggja höfn á kostnað þjóðfélagsins í heild, og væri það alveg hliðstætt því, sem gert er í brúa- og vegalögum, þar sem ákveðið er, að ríkið kosti byggingu tiltekinna brúa og vega, þegar fé verði veitt til þess í fjárlögum, án þess að ákveðið sé í upphafi, hvenær það skuli gert. Þann hemil mundi Alþ. einnig hafa að því er snertir fjárveitingu til landshafnar á Þórshöfn og öðrum þeim stöðum, þar sem slíkar hafnargerðir kunna að verða ákveðnar.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta frv., en leyfi mér að vænta þess, að því verði vel tekið. Legg ég til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 12. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 124, n. 325).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 124 er einnig um landshöfn. Ég geri þó ráð fyrir því, að ekki verði eins miklar umr. um það, því að n. er óklofin og hefur ekki tekið efnislega afstöðu til málsins í nál., eins og var um Hornafjörð.

Í umsögn vitamálastjóra og samtali við hann kom það fram, að þannig er ástatt á Þórshöfn, að fyrir utan hafnarsvæðið liggur malarrif, og ef unnt er að grafa skurð gegnum þetta malarrif, mundi það minnka kostnaðinn stórkostlega, hvort sem héraðið eða ríkið ætti í hlut. Það þótti því eðlilegast, að fyrir lægju fullkomnar upplýsingar um, hvort hægt væri að grafa slíkan skurð. Hins vegar þótti það ekki eðlilegt, að þessi rannsókn yrði kostuð af fátækum hafnarsjóði, bæði vegna þess, að það mundi verða honum ofviða, og eins vegna þess, að þetta mundi, ef vel gengur, spara ríkissjóði, sem á að greiða 40% af mannvirkjunum, fé.

Í bréfi frá hafnarmálastjóra, sem prentað er með nál. sem fskj. II, er kostnaðaráætlun, og er þar gert ráð fyrir því, að þessi tilraun muni kosta um 80.000 kr. Það er því um það að ræða að leggja fram þá upphæð. N. hefur samþ. að leggja til, að þessi rannsókn verði kostuð af ríkissjóði, en síðan skiptist kostnaðurinn milli aðilanna, ef sýnt þykir, að hægt sé að halda verkinu áfram, og er þá viðbótarkostnaður áætlaður 200.000 kr.

Það hefur því orðið samkomulag í n. um að leggja það til, að frv. verði afgr. með rökst. dagskrá, sem er að finna á þskj. 325 og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Með því að upplýst er, að kostnaður við byggingu hafnarmannvirkja á Þórshöfn mundi verða allverulega lægri, ef takast mætti að grafa skipaskurð í gegnum malarrif, sem liggur fyrir utan fyrirhugað hafnarsvæði, enda líkur til, að þetta sé framkvæmanlegt, og í trausti þess, að ríkisstj. láti eins fljótt og því verður við komið gera slíka tilraun, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Vitamálastjórinn upplýsti, að ekki væri hægt að gera þessa tilraun í ár, vegna margvíslegra verkefna, sem Grettir þyrfti að leysa af hendi, en það yrði gert eins fljótt og auðið væri.

Um þetta mál hefur einnig verið leitað umsagnar annarra aðila, m. a. Fiskifélags Íslands, sem gefið hefur almennt svar um skoðanir sínar á landshöfnum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, með því að hér er ekki um efnislega afgreiðslu að ræða. N. leggur til, að málið verði afgr. með þeirri rökst. dagskrá, sem liggur fyrir á þskj. 325.

Björn Kristjánsson: Það kann að þykja skrýtið, að ég hef fallizt á þessa meðferð máls þessa, þar sem lagt er til að vísa frv. frá. Ástæðan er sú, að meðan n. fjallaði um málið, barst henni skrifleg umsögn vitamálastjóra, auk þess sem hún átti tal við hann, og gat hann þess, að sér hefði dottið í hug ný lausn á þessu máli, sem sé að grafa í gegnum malarrif það, sem liggur fyrir utan hafnarsvæðið. Þar sem þetta var nýtt og stórkostlega þýðingarmikið og hefur það í för með sér, ef vel tekst, að þetta verður miklu ódýrara, þótti mér rétt að fallast á að fresta efnislegri afgreiðslu málsins.

Ég vil taka það skýrt fram, að mér hefði verið kærast, að frv. hefði fengið samþykki þessarar hv. d., en þar sem þess var enginn kostur og n. viðurkenndi, að það væri ekki eðlilegt, að hafnarsjóður Þórshafnar kostaði tilraunina, vildi ég vinna það til fyrir þessa viðurkenningu, að málinu væri frestað. Mér þótti svo mikils virði að fá þessa viðurkenningu, að ég féllst á þetta.

Þetta vildi ég láta koma fram, áður en gengið er til atkvæða.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 325, frá sjútvn., samþ. með 9 shlj. atkv.

---

3. Iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð.

Á 11. fundi í Sþ., 21. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð (þmfrv., A. 42).

Á 8. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 42 borið fram frv. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð, og vil ég nú gera stuttlega grein fyrir því.

Um aldaraðir hefur landbúnaðurinn verið aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, og þegar endurreisn hófst með þjóðinni eftir margra alda vesaldóm og kúgun, þá voru honum þegar sköpuð skilyrði fyrir þróun, eftir því sem hægt var. Þá var lagður grundvöllur að Búnaðarfélagi Íslands og sérstökum mönn-

um falin stjórn þessara mála, fyrst búnaðarmálastjóra og síðar landnámsstjóra, en ríkissjóður hefur staðið undir kostnaði, sem af þessu hefur leitt, og á síðari árum hafa svo bætzt við margir ráðunautar. Allt þetta hefur ríkissjóður stutt með fjárframlögum. Um síðustu aldamót rís svo upp allöflugur sjávarútvegur, og framfarir í þeim atvinnuvegi hafa orðið ennþá stórstígari en á sviði búnaðarmálanna, og er hann nú af alþjóð viðurkenndur sá atvinnuvegur, sem efnahagsleg afkoma þjóðarinnar veltur á. Alþingi hefur stutt hann með ríflegum fjárframlögum, og enginn ágreiningur hefur verið um að standa undir árlegum kostnaði af fiskifélögum, fiskimálastjóra og margvíslegri tilraunastarfsemi í þágu fiskveiðanna. Í skjóli þessara tveggja aðalatvinnuvega hefur svo vaxið upp þriðji atvinnuvegurinn, sem nú er einnig orðinn þriðji aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, en það er iðnaðurinn. Mér virðist, að honum hafi ekki verið gert eins hátt undir höfði og hinum tveim fyrrnefndu, og er það ein meginorsökin til þess, að ég flyt nú þetta frv. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð. Ég hygg, að á iðnaðinum velti nú einnig afkoma þjóðarbúsins að allverulegu leyti og að mikið sé undir því komið, að honum sé fullur sómi sýndur.

Ég skal nú fara nokkrum orðum um frv. sjálft. 1. kafli fjallar um yfirstjórn þeirra mála, sem lögin fjalla um, og er ætlazt til, að þau skuli heyra undir ráðherra þann, sem með iðnaðarmál fer. Ráðherra skal skipa iðnaðarmálastjóra og setja honum erindisbréf, og skal hann (iðnaðarmálastjóri) fara með störf þau, sem honum eru ætluð í lögum þessum. Þessu er svipað varið og með raforkumálastjóraembættið. Ég hef talið heppilegt, að iðnaðarmálastjóri væri vélaverkfræðingur að menntun og væru laun hans eftir 3. flokki launalaganna, eins og laun vegamálastjóra, vitamálastjóra o.fl. Auk þessa hef ég lagt til, að ráðherra skipi 3 manna framleiðsluráð iðnaðarmálastjóra til aðstoðar. Það skal skipað til 4 ára í senn þannig: Einn er skipaður samkv. tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, annar samkv. tilnefningu rannsóknaráðs ríkisins og sá þriðji án tilnefningar, og skal hann vera formaður ráðsins. Að vísu verða nokkur útgjöld fyrir ríkissjóð að greiða þessum mönnum laun, en hins vegar má gera ráð fyrir, að á móti komi nokkrar tekjur. Iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð eru ráðunautar ríkisstjórnarinnar í iðnaðarmálum. II. kafli frv. fjallar um verksvið þessara aðila. Ég hef í fyrsta lagi hugsað mér, að iðnaðarmálastjóri hafi yfirumsjón með öllum iðjuverum ríkisins, og undirbúi hann tillögur og áætlanir um ný iðjuver, er ríkissjóður lætur reisa, svo og um endurbætur eða stækkanir iðjuvera, sem starfrækt eru af ríkissjóði eða styrkt með lánum, framlögum eða á annan hátt. Ég hygg, að að þessu væri mikil bót, því að þessi maður bæri ábyrgð á ýmsu því, er enginn sérstakur hefur hingað til verið sérstaklega ábyrgur fyrir. Ég vil leyfa mér að minna hér á það, að mikið hefur verið deilt á yfirumsjón síldarverksmiðjanna fyrir öll þau mistök, er þar hafa átt sér stað, enda sízt að furða, og verður slíkt ekki þolað öllu lengur. Sérstaklega hefur verið deilt á þáv. ráðh., en öllum hlýtur að vera ljóst, að ráðh., af hvaða flokki sem er, getur ekki haft yfirumsjón með slíku, en hans sök var, að hann skipaði ekki í þetta embætti mann, sem væri vandanum vaxinn. Ef sérstakur maður hefði á hendi yfirumsjón með þessum málum og embætti hans væri fast embætti, þá kæmi í þetta miklu meiri festa. Ég þarf ekki að lýsa öllum þeim mistökum, sem orðið hafa vegna reiðuleysis þessara mála og hve mikið þau hafa kostað ríkissjóð. Þök hafa hrunið og geymar sigið, svo að verðmæti hafa spillzt og eyðilagzt, en ekki hefur verið mögulegt að láta neinn sæta ábyrgð vegna þessara mistaka, og er slíkt óviðunandi, því að það ber sorglegan vott um það, að yfirstjórn þessara mála er ekki í höndum ábyrgra aðila, og má ekki lengur við svo búið standa, og hefði trauðla farið svo illa, ef öðruvísi og betur hefði verið fyrir þessum málum séð, og geta má nærri, hvort kostnaðurinn hefði ekki verið aðeins lítið brot af þeim miklu mistökum, sem átt hafa sér stað í þessum efnum, en þau hafa skapað ríkissjóði stórkostleg fjárútlát.

Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að benda á, að í þau 25—30 ár, sem þessi iðjuver hafa verið starfrækt af ríkisins hálfu, hafa einstaklingar, sem reka verksmiðjur eða siglingar, talið það vera hag, að komið yrði hér á auknu eftirliti. Þetta er annar hluti þess verkefnis, sem gert er ráð fyrir, að iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð hafi samkvæmt þessu frv. — Það má teljast nauðsynlegt, að eitthvert eftirlit sé haft með iðjuverum ríkisins og jafnframt þeim iðjuverum, sem ríkið styrkir eða kostar að einhverju leyti með fjárframlögum, og á sama regla að gilda, hvort heldur kostnaðurinn er borinn af bæjum eða einstaklingum. Þetta mundi skapa mun meira rekstraröryggi en eins og nú háttar. Iðnaðarmálastjórinn undirbyggi allar áætlanir um ný iðjuver, áður en byrjað væri á byggingarframkvæmdum, svo og stækkun þeirra og endurbætur. Það ætti að tryggja, að kostnaður við þessar framkvæmdir færi ekki helming fram úr áætlun, sem oft hefur komið fyrir.

Sameiginleg verkefni iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs eru að annast rannsóknir á skilyrðum til fullkominnar hagnýtingar á öllum þeim hráefnum, sem landið á yfir að ráða, hvort heldur er úr lofti, jörðu eða sjó. Geri ég ráð fyrir, að þessar rannsóknir fari fram á vegum Atvinnudeildar háskólans og Fiskifélagsins. Væri hér því ekki um neinn teljandi aukakostnað að ræða, þar sem þessar stofnanir eru þegar fyrir í því augnamiði m. a. að framkvæma svipaðar rannsóknir og hér er átt við. — Í öðru lagi skulu þau gera tillögur árlega til ríkisstj. um heildartilhögun á sviði iðnaðarmála með það fyrir augum, að eðlileg og holl hlutföll haldist á milli atvinnuvega þjóðarinnar um skiptingu á vinnuafli, rekstrarfé, fjárfestingu og opinberri aðstoð. Til þess að þessari skipan verði komið á, þurfa nákvæmar upplýsingar að liggja fyrir um atvinnuvegi þjóðarinnar í heild.

Iðnaðurinn er nú þegar svo stór og þýðingarmikill atvinnuvegur eða atvinnugrein, að ekki er hollt, að hann sé lengur algerlega óskipulagður. Stefnan hefur verið sú, að þótt landbúnaðurinn eigi eftir að aukast, þá þarf mun færra fólk við þá starfsemi en áður fyrr vegna þeirrar skipulagningar, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum á þeim málum, og aukinnar notkunar véla við landbúnaðarstörfin. Þá þurfa aðrir atvinnuvegir að taka við því fólki, sem þar losnar. Þess vegna er hér lagt til, að þessi starfsemi verði skipulögð, m. a. til þess, að ekki fari fram kapphlaup á milli atvinnuveganna um vinnuaflið. — Þá er lagt til, að framleiðslunni sé beint að þeim greinum, sem hagfelldastar eru fyrir

þjóðina og samrýmast bezt þörfum hennar á hverjum tíma. Eins og nú háttar, er það hending ein, hvort vinnuaflinu er beitt að hagkvæmum viðfangsefnum, en það er mjög nauðsynlegt, að því sé beitt þar, sem þess er mest þörf. — Þá er í þriðja lagi lagt til, að hendi sé ekki sleppt af neinum afurðum okkar fyrr en þær hafa verið svo vel nýttar, að þær skili landinu sem mestum gjaldeyri, ef út eru fluttar, en spari hins vegar gjaldeyri, ef þær eru seldar innanlands. Í sambandi við þetta vil ég benda á, að ef ýmis hráefni eru athuguð, sem unnin eru hér úr sjó og flutt eru út lítt eða ekkert unnin, þá er það bersýnilegt, að mun betur mætti vinna úr sumum þeirra en nú er gert, og get ég tekið hér sem dæmi lýsið, sem getur verið glöggt dæmi um það, hvernig unnið hefur verið undanfarið og hvað megi vinna úr hinum ýmsu hráefnum, sem þjóðin aflar. 1929 er framleitt meðalalýsi, sem lætur nærri að vera 49% af þorskalýsisframleiðslu landsmanna, 1933 er það komið upp í 89% og nú upp í 95%, auk þess sem nú er 30% betri nýting lifrarinnar. Er allt það aukna fé, sem hér hefur fengizt, komið inn fyrir aðgerðir iðnaðarins. En nú eru vísindin komin á hærra stig og möguleikar eru á því að skilja öll vitamínin úr lýsinu og herða það síðan og nota til sápugerðar og fá þannig margfalt verð fyrir það. Þetta er mjög athyglisvert rannsóknarefni fyrir atvinnudeildina. Sama er að segja um fiskimjölið. Þar fara hráefni forgörðum fyrir tugi þúsunda, að ég segi ekki milljónir króna á ári hverju. Nú er hugsanlegt að breyta mjölvinnslunni þannig, að í stað þess að þurrka hausa og bein, er líklegt, að vinna megi eggjahvituna sér úr mjölinu. Þetta er svo stór tekjuauki, að vert er, að þetta sé athugað ýtarlega. — Sama er að segja um fiskroðin. S. l. ár verkaði ein verksmiðja í Danmörku fiskroð fyrir 5—6 milljónir króna. Ég veit eftir lauslega athugun á þessu, hver óhemju stoð slík verkun yrði iðnaðinum. Ég veit um eitt skip, sem veiddi hákarl, að hann var svo lítt verkaður, að meginhluta skrokksins var hent. Enn sem komið er þekkist hákarl hér ekki öðruvísi en kæstur, og er þá venjulega nótaður með brennivíni. Það er mikið verðmæti í hákarlsskrokknum, og sé skrápurinn klofinn, þá má hagnýta hann í þvottaskinn, skinn í stólsetur, bílsæti og bókband. Þá má minna á það, að alls konar úrgangur rennur burt frá síldarverksmiðjunum, sem í felst geysilegt verðmæti til áburðar. Hagnýting þessa fiskúrgangs ætti að geta sparað stórlega innflutning tilbúins áburðar.

Hér gerist vart þörf að minnast á niðursuðuvörurnar. Nú er t. d. byrjað að hagnýta þunnildin, sem síður hefur verið að kasta. Sama er að segja um fiskþurrkunina. Hún þarf að taka miklum endurbótum. Ríkisstj. hefur skipað nefnd til þess að taka það mál til ýtarlegrar rannsóknar.

Líkt er varðandi fiskumbúðirnar, sem tekið hafa miklum stakkaskiptum hin síðari ár. Til skamms tíma hefur ekki verið hægt að geyma beitusíld í frystihúsunum nema um eins árs tíma, og hefur orðið að fleygja beitusíld árlega fyrir tugþúsundir króna. Nú hafa tilraunir, sem gerðar hafa verið, að vísu aðeins í smáum stíl enn, leitt í ljós, að geyma má beitusíld í 3 ár, án þess að nokkur skemmd eigi sér stað. Síldin er þá geymd í sérstökum umbúðum. Slíkur iðnaður á skilið að fá aðstoð til framkvæmda. — Þetta og líkt mætti lengi rekja.

Í sambandi við landbúnaðarvöruna má benda á, að hún er að mestu flutt út óunnin, og hefur hún verið fjárhagslegur baggi á ríkinu. Á sama tíma og landbúnaðarvaran er flutt út óunnin, eru fluttar inn unnar landbúnaðarvörur úr íslenzkri ull. Hér þarf því nauðsynlega rannsóknar við, hvernig gera megi innlendu landbúnaðarvöruna verðmætari. 1945 voru um 160 smálestir af húðum og skinnum fluttar út og gáfu af sér um 3 milljónir króna. Gærurnar eru fluttar út óunnar, og mér hefur verið sagt, að erlendis sé framleitt úr þeim svitaskinn í karlmannahatta. Nú skilst mér, að selja megi allar íslenzkar gærur í þann iðnað, og það er enginn vafi á því, að það er hægt að hafa miklu meira upp úr íslenzku skinnunum en nú er gert. Sama er að segja um íslenzka kjötið. Ég ritaði 1939 greinarkorn um spaðfrystingu dilkakjöts. Það þótti víst heldur lítið til þeirrar hugmyndar koma þá, en nú hef ég heyrt, að þessi siður hafi verið upp tekinn allvíða. Til útflutnings fæst gott verð fyrir spaðfrysta kjötið — og mun hærra verð fyrir úrvalið. Sama er að segja um niðursuðuvörurnar. Kjötbúðingur, sem framleiddur var hér á landi og seldur til meginlandsins, fékk svo góða dóma, að mig hefði ekki dreymt um það. Líkt er að segja um annað í þessu sambandi, t. d. herðingu og görfun vamba. Úr vömbum eru búnar til kventöskur, sem er hrein lúxusvara. Mjög margt fleira mætti drepa á, t. d. áburðarvinnslu úr þara og þangi, sem vafalaust á mikinn rétt á sér, og loks get ég getið þess, að mér hefur nýverið borizt fyrirspurn um útvegun á 150 smálestum af fjallagrösum, en þau eru mjög eftirsótt til límgerðar, og liggur í þeim stórkostlegt verðmæti. Að vísu veit ég ekki um möguleika á að útvega 150 smálestir fjallagrasa, en þannig liggja mörg auðæfi í skauti náttúrunnar. Verkefnin eru ótæmandi að hagnýta auðsuppsprettur landsins.

Þá er þess brýn þörf, að framleiðslan sé endurbætt eins og hægt er, þannig, að fylgzt sé nákvæmlega með öllum nýjungum í iðnaðinum. Meðferð iðnaðarvörunnar er afar stórt atriði, og engu að síður er það mikilsvert, að atvinnurekendum sé leiðbeint um þær helztu nýjungar, sem fram koma hverju sinni. Það hefur geysilega þýðingu fyrir afkomu iðnaðarins, og eftir því sem vinnuaflið er dýrara, er þörf enn frekari skipulagningar, að sem fæst fólk þurfi við framleiðsluna og sem mest sé unnið vélrænt. Síldarverksmiðjurnar hafa t. d. sparað bæði fólk og tíma með því, að sett hafa verið upp flutningsbönd, sem flytja síldina frá skipunum í þrærnar. Fiskiðjuverin hafa einnig komið upp þessum útbúnaði hjá sér, og flutningsbönd eru nú í flestum frystihúsum landsins. Að vísu hefur það viljað brenna við, að þessum útbúnaði hafi verið komið fyrir af handahófi, og er hér sem víðar þörf fyrir, að mönnum sé leiðbeint af kunnáttu um fyrirkomulag slíkra hluta.

Varðandi verðmæti hráefnanna komi rannsóknir á vegum atvinnudeildarinnar, og síðan verði þeim tilraunum haldið áfram til endurbóta. Það er mest aðkallandi að finna leiðir til endurbóta á framleiðslunni, og lagt er til, að eitt aðalverkefni þessarar stofnunar verði, að meiri rækt verði lögð við vinnslu úr innfluttum hráefnum sem innlendum. Þetta atriði ber að athuga mjög nákvæmlega. Það væri hægt að spara mikinn gjaldeyri með því að fullvinna ýmsar þær vörur hér heima, sem venja hefur verið að kaupa inn fullunnar. Frekari hagnýting útfluttrar og inn-

fluttrar vöru er hlutur, sem mun spara okkur mikinn erlendan gjaldeyri.

Þá er bygging iðjuvera og stækkun eldri iðjuvera. Fjárhagsráð mun að vísu hafa með þetta að gera, en það er miklu æskilegra, að framleiðsluráðið hafi um þau mál að fjalla, enda er það hvergi tryggt, að fjárhagsráð hafi nægilegt vit á þessum málum. T. d. hafa komið hér fram raddir um það að selja ýmis iðjuver ríkisins, og má hér minna á verksmiðjuna á Norðfirði, og það er vitanlegt, að það iðjuver er hvergi sambærilegt við mörg þeirra iðjuvera, sem einstaklingar eiga, og er því vafaatriði, hvort ekki sé réttara að selja en gera því mikið til úrbóta. Nú er vitað mál, að sum af iðjuverum ríkisins hafa stórtapað, á meðan sambærileg fyrirtæki í eigu einstaklinga hafa stórgrætt. Má hér t. d. minna á landssmiðjuna. Á rekstri hennar hefur orðið stórkostlegt tap undanfarin ár, á meðan önnur hliðstæð fyrirtæki voru með hæstu skattgreiðendum, t. d. vélsmiðjan Héðinn, sem er, að ég held, hæsti skattgreiðandinn í Reykjavík eins og stendur. Þegar svona er ástatt, þá er það verkefni þessarar stofnunar, sem gert er ráð fyrir í frv. að á stofn verði sett, að gera úrbætur á slíkum rekstri, og það er alls ekkert ólíklegt, að niðurstaðan yrði sú t. d. með landssmiðjuna, að réttast væri að leggja hana niður. Sama er að segja um síldarverksmiðjurnar. Þar er um stórkostleg töp að ræða, og það er meir en að ríkissjóður tapi. Það er stór hluti tekinn af sjómönnum líka og jafnvel þótt líklegt sé, að þeir fengju meira í arð, ef annað fyrirkomulag væri á þeirri starfsemi. Til þess að hægt sé að starfrækja þessar athuganir nákvæmlega, þarf að framkvæma allýtarlegar skýrslusafnanir. Gert er ráð fyrir í 7. gr. frv., að hægt verði að fá slíkar skýrslur með aðstoð hagstofunnar og annarra stofnana, sem safna skýrslum. Ef iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð verða ekki sammála um afgreiðslu máls til ríkisstj., ber hverjum aðila fyrir sig að gera henni grein fyrir því, í hverju ágreiningurinn er fólginn og hvernig atkvæði féllu um málið í ráðinu. Skulu sérálit aðilanna síðan send með málsskjölunum til ríkisstj.

Þá eru í III. kafla frv. teknar fram þær skyldur, sem hvíla á fyrirtækjum eða stofnunum að láta í té upplýsingar, er ráðinu geta að gagni komið, og um skyldur Atvinnudeildar háskólans og annarra stofnana, sem starfræktar eru fyrir fé úr ríkissjóði, að veita framleiðsluráði alla nauðsynlega aðstoð við rannsóknir og tilraunir. Þá er lagt til, að ráðherra setji nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja, um framkvæmd þessara laga, m. a. ákvæði um gjöld fyrir veitta aðstoð til iðjuvera.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég geta þess, hvers íslenzkir iðnaðarmenn eru yfirleitt megnugir. Ég leyfi mér þá fyrst að benda á hin nýju glæsilegu húsakynni í Reykjavík. Ég vil einnig benda á það verk, sem unnið var í skipinu Laxfoss. Það var þannig af hendi leyst, að það var sambærilegt við það, sem erlendar skipasmíðastöðvar gera bezt. Íslenzkir iðnaðarmenn hafa framkvæmt hreinustu listaverk í þessum efnum og unnið af þeirri snilld, að margir hafa dáðst að. Um verðið er hins vegar það að segja, að það er mál, sem leysa á á öðrum vettvangi. Ef íslenzkir iðnaðarmenn hefðu sömu aðstöðu og erlendir, þá veit ég, að ekki þarf að óttast verðið. Ég legg svo að endingu til, að málinu verði vísað til hv. iðnn., og vænti þess, að formaðurinn taki málið fyrir eins fljótt og mögulegt er. Ég vildi óska þess, að málið gæti fengið afgreiðslu á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til iðnn. með 9 shlj. atkv.

Á 64., 65., 66., 67. og 68. fundi í Ed., 18., 19., 20., 23. og 24. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Ed., 27. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 42, n. 346 og 349).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Máli þessu var vísað til iðnn. þann 23. okt. s.l., og hefur það síðan legið til athugunar hjá n. N. hefur haldið fimm fundi um málið og sent það til umsagnar Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi útvegsmanna, Búnaðarfélagi Íslands, rannsóknaráði ríkisins og fjárhagsráði. Allar þessar stofnanir voru beðnar að segja álit sitt um málið, og hafa þær allar sent n. álit og umsagnir um málið, að undanteknum tveim aðilum, Landssambandi ísl. útvegsmanna og fjárhagsráði. Ég var satt að segja alveg hissa á því, að fjárhagsráð skyldi ekkert segja um þetta mál. Það kann að vera, að það, sem þessu veldur, sé að þessi stofnun hefur geysilega mikið að starfa og margt kalli þar að, sem brýnni nauðsyn sé að afgreiða og athuga en þetta mál. En allir þeir aðilar, sem sent hafa álit og umsagnir um málið, ljúka upp einum munni um málið og mæla með frv., en leggja til, að nokkrar smábreytingar verði á því gerðar. N. hefur talið rétt að láta umsagnir þessara aðila fylgja nál.

Þrátt fyrir það að allir þessir aðilar, sem ég nefndi, legðu eindregið til, að frv. yrði samþ., gat n. ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hl. iðnn., hv. þm. N-M. (PZ) og hv. 6. landsk. þm. (StgrA), hefur skilað sérálíti Meiri hl. vill afgreiða frv. með þeim breytingum, sem prentaðar eru á þskj. 346, en hér er um að ræða samræmingu vegna óska nokkurra aðila, sem sendu álit á málinu og óskuðu breytinga á frv.

Það verður ekki um það deilt, að iðnaðurinn er nú þegar stór þáttur í atvinnulífi þúsunda manna á Íslandi, sem byggja afkomu sína á þessari atvinnugrein. Það má nú telja, að iðnaðurinn vegi salt á móti hinum aðalatvinnuvegum þjóðarinnar, og hann vex og eykst með árunum. Því er vart hægt að neita, að það er mjög aðkallandi, að þessum atvinnuvegi sé sýnd meiri rækt af hálfu þess opinbera en hingað til, og að hann sé settur á bekk með landbúnaði og sjávarútvegi, og virðist svo vera, að sjálfsagt sé, að skipaður verði iðnaðarmálastjóri, engu síður en búnaðarmálastjóri og fiskimálastjóri. Ég rakti þetta allýtarlega í framsöguræðu minni með málinu, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara að endurtaka það hér, og skal ég ekki fara út í það hér að nýju. En ég bendi hér á það, að þeir menn, sem með iðnaðarmálin fara í landinu, telja það brýna nauðsyn, að frv. þetta verði samþ.

Þær breyt., sem meiri hl. n. hefur gert á frv., eru:

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „vélaverkfræðingur“ í 1. mgr. komi: verkfræðingur.
      Það þótti of þröngt sniðið að einskorða þetta við vélaverkfræðinga, að þeir einir gætu hlotið

starf iðnaðarmálastjóra, en hér koma til greina vélaverkfræðingar og efnaverkfræðingar. Till. hefur og borizt frá Landssambandi iðnaðarmanna um það, að væntanlegur iðnaðarmálastjóri hafi sérþekkingu í iðnaði, en skipun hans verður á valdi ráðh., sem gefur út reglugerð um málið, og er ekki ástæða til þess að binda þetta ákvæði frekar.

b. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Skal það skipað til 4 ára í senn: einum að fengnum tillögum frá Landssambandi iðnaðarmanna, öðrum að fengnum tillögum frá Félagi ísl. iðnrekenda og þeim þriðja án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins.

Þetta er önnur skipan en gert var ráð fyrir í frv., en þar var gert ráð fyrir, að ráðh. skipaði 3 manna framleiðsluráð iðnaðarmálastjóra til aðstoðar, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, annan skv. tilnefningu rannsóknaráðs ríkisins, og þann þriðja án tilnefningar. Þessi breyting virðist vera eðlileg, að hver fyrr greindra aðila fái að hafa fulltrúa í ráðinu, því að málið snertir þá mjög mikið. Ég hef sem flm. frv. rætt þessa breytingu við rannsóknaráð ríkisins, og hefur það fallizt á þessa breytingu, enda er það á valdi ráðh. að skipa formann ráðsins úr rannsóknaráði ríkisins. Meiri hluti er því með þessari breytingu.

2. Við 5. gr.

a. Upphaf 1. tölul. orðist svo: Að stuðla að rannsóknum á skilyrðum, — í stað þess „Að annast rannsóknir á skilyrðum," eins og segir í frv. Er gert ráð fyrir, að Atvinnudeild háskólans annist slíkt sem hingað til og að hún hafi áhrif á, hvað rannsakað er á hverjum tíma.

b-, c- og d-liðirnir eru breyt., sem miða í þá átt að skilja í sundur hugtökin iðja og iðnaður. Landssamband iðnaðarmanna hefur ef til vill mjög réttilega bent á, að þessi hugtök séu ekki nægilega skilgreind í frv., og hefur n. því þótt rétt að gera þessar orðalagsbreytingar.

e. Töluliður 3. d orðist svo: Að hvetja til tilrauna til endurbóta á hinum ýmsu sviðum iðju og iðnaðar.

f- og g-liðurinn eru til samræmingar við þessa breytingu.

3. Við 7. gr. Þar er aðeins um umorðun að ræða, en hún er um hlutverk framleiðsluráðs að hafa heildaryfirlit yfir iðju- og iðnaðarmálin í landinu, og þótti n. rétt að umorða gr.

4. brtt. n. er efnisbreyting, að við 8. gr. frv. bætist ný mgr., er orðist svo: Upplýsingar um tæknilegt fyrirkomulag og skipulagningu einstakra fyrirtækja, er iðnaðarmálastjóri, starfsmenn hans eða framleiðsluráð kunna að komast að í starfi sínu, en ekki hefur verið opinbert almenningi, skal fara með sem einkamál og gæta þagnarskyldu um. — Meiri hluti iðnn. varð sammála um að setja þetta inn í n.

Ég hef átt viðtöl við hæstv. iðnmrh. um frv. þetta, og hefur hann lagt eindregið til, að það nái fram að ganga. Hann er og sammála þeim mönnum, sem telja, að frv. þetta verði til bóta iðnaðinum, nái það fram að ganga, og að með því sé fengið skipulag um framtíðarlausn þessara mála. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um málið.

Hv. minni hl. n. mun gera grein fyrir sinni sérstöðu, og gefur það mér kannske tilefni til að ræða málið nokkru nánar. En fyrir hönd meiri hl. iðnn. legg ég til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem meiri hl. n. gerir ráð fyrir á þskj. 346.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Þegar iðnn. fór að athuga þetta frv., þá kom það greinilega í ljós, að töluvert miklum hluta og jafnvel mestum hluta af þeim málefnum, sem frv. þetta fjallar um og framleiðsluráði og iðnaðarmálastjóra er ætlað að fjalla um eftir frv., er nú eftir öðrum l. ætluð önnur meðferð. Og það, sem við í minni hl. n. höfum alveg sérstaklega við þetta frv. að athuga, er það, að það sé ekki nógu vel undirbúið að því leyti til, að það er ekki samið í samræmi við önnur l. eða ekki lagt til, að öðrum l. sé breytt til samræmis við það, eftir því sem þessi l. yrðu, ef frv. væri samþ. Á ég þar við tvenn lög. Annars vegar ákvæði l. um rannsóknaráð ríkisins, sem er II. kafli í l. um náttúrurannsóknir. — Og réttast væri að leiðrétta það í dagskrártill., að þar eru l. nefnd l. um rannsóknaráð ríkisins, en ætti að standa þar l. um náttúrurannsóknir. — En rannsóknaráð ríkisins á að vinna að eflingu rannsókna á náttúru landsins, samræma slíkar rannsóknir og safna saman niðurstöðum þeirra. Undir starfsemi þessa ráðs heyrir það að hafa eftirlit með öllum rannsóknum, sem gerðar eru á náttúru landsins, og öllu þar að lútandi. Og undir iðnaðardeild, sem er undirdeild Atvinnudeildar háskólans, heyrir að annast rannsóknir í þágu iðnaðar, svo sem rannsóknir hráefna og annars þess háttar hér á landi. Ef ætlazt er svo til, að komið sé upp nýrri stofnun, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., sem fyrir liggur, sem sjái um þetta að öllu leyti og taki þetta í sínar hendur, þá þarf að skipa rannsóknaráð ríkisins með öðrum hætti og breyta verkefni þess. Hér virðist mér eiga með ákvæði þessa frv. að taka af rannsóknaráði ríkisins talsvert af því verkefni, sem því samkv. gildandi l. er ætlað að hafa. Og ég fæ ekki séð, að það sé nokkur meining í því að setja þannig tvenn l., sem geri ráð fyrir, að það séu tveir aðilar, sem hafi þessi verkefni með höndum. — Hin l., sem mér finnst þetta frv. rekast á, eru l. um fjárhagsráð. En með þeim l. er búið þegar að taka fram fyrir hendurnar á rannsóknaráði ríkisins, þar sem það á nú ekkert að gera, að því er mér skilst, nema fjárhagsráð vilji, því að fjárhagsráð á að hafa yfirumsjón með því, að innflutningur til landsins og stofnun nýrra fyrirtækja í landinu sé í fullu samræmi við áætlun, sem það gerir um það, hvernig þjóðarbúskapnum sé bezt fyrir komið. Það segir sig sjálft, að ef sett er rannsóknaráð eða framleiðsluráð, sem hefði þau verkefni, sem frv. talar um að framleiðsluráð eigi að hafa, en ekki fengi svo að flytja inn þau efni, sem þyrfti, fyrir fjárhagsráði, sem væri þar eitthvað á öðrum línum, þá mundi þar koma fram „konflikt," svo að ekkert væri hægt að gera. — Við í minni hl. n. teljum, að það þurfi að skipa iðnaðarmálunum sterkari og starfsamari yfirstjórn heldur en nú er. Og vil ég í því sambandi benda á það, að þessi hugsun, að skipa iðnaðarmálastjóra, er ekki ný. Hún hefur komið fram áður. En að samþykkja ákvæði frv. að þessu lútandi er hið sama og að skapa fleiri en einn tígulkóng í sömu spilum, og þá er ekki víst hvernig fer.

Þess vegna er það okkar till., sem erum í minni hl. iðnn., að ríkisstj. taki þetta mál allt til meðferðar

og láti endurskoða þetta frv. með hliðsjón og tilliti til þessara tveggja laga, sem ég hef nefnt, annars vegar l. um náttúrurannsóknir og hins vegar l. um fjárhagsráð, og samræmi þetta þrennt þannig, að ekki komi fram árekstrar, þegar á að fara að framkvæma öll þessi l. Ég gæti lesið upp gr. bæði úr l. um náttúrurannsóknir og úr l. um fjárhagsráð og svo gr. úr þessu frv., sem hér liggur fyrir, sem sýna, að öllum þeim aðilum, sem þessi þrenn ákvæði taka til, er ætlað í raun og veru að vinna það sama verk. Og í því er ekkert vit. Þess vegna leggjum við til, að málið verði afgreitt með rökst. dagskrá, sem prentuð er á þskj. 349. — En eins og ég áðan sagði, er þar vitnað í II. kafla í l. um náttúrurannsóknir, sem heitir „Um rannsóknaráð ríkisins," og í dagskrártill. er orðalagið þannig, að þessi kafli er nefndur lög um rannsóknaráð ríkisins, sem þyrfti að leiðrétta og setja þar í staðinn: lögum um náttúrurannsóknir. Ég vil leyfa mér að skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki mætti skoða það sem leiðréttingu að setja þarna inn „náttúrurannsóknir" í staðinn fyrir „rannsóknaráð ríkisins".

Ég get alveg búizt við því, að einhverjir segi, að ég sé að fjandskapast við iðnaðinn með afstöðu minni í málinu. En slíkt læt ég mér alveg í léttu rúmi liggja. Það eina, sem fyrir okkur vakir, sem viljum láta athuga þetta mál betur, er að koma á þetta framtíðarskipulagi að vel athuguðu máli.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Ég skal undirstrika það, að ég tek rökst. dagskrána ekki sem neinn fjandskap við iðnaðinn. Ég læt mér yfirleitt ekki detta í hug, þó að menn hafi mismunandi skoðanir á málum, að það skapist af neinum fjandskap, svo að það var ekki ástæða til þess fyrir hv. þm., sem síðast talaði, að gera ráð fyrir neinu slíku frá mér.

Ég sný mér þá að því, sem hv. 1. þm. N-M. færði fram sem aðalástæðu fyrir því, að hann gæti ekki verið með þessu frv., að ákvæði þess gripu svo mikið inn í verksvið fjárhagsráðs annars vegar og hins vegar inn í verksvið rannsóknaráðs ríkisins. En ég vil spyrja þennan hv. þm. að því, hvað það sé yfirleitt af lögum hér á landi nú, sem ekki gripa inn í verksvið fjárhagsráðs. Ég held, að það gangi jafnvel svo langt, að fjárl. sjálf gripi svo inn í verksvið fjárhagsráðs og geti skapað slíka árekstra við starfsemi fjárhagsráðs, að það sé alveg vafasamt, hvort Alþ. verður ekki að lúta vilja þessarar stóru og miklu stofnunar, sem fjárhagsráð er. (**PZ:** Það er ekki vafi á því, að það verður að gera það). Ef því l. um fjárhagsráð standa óbreytt, þá verður erfitt að semja lög, sem ekki rekast eitthvað á ákvæði l. um fjárhagsráð. Ég býst jafnvel við, að það væri óhætt að afnema allt Búnaðarfélagið ef til vill, ef það ætti að ganga út frá því, að fyrirmæli í l. mætti ekki rekast á l. um fjárhagsráð, ef það vildi beita þeim til hins ýtrasta. — Að sjálfsögðu á þessi stofnun, framleiðsluráð, að starfræksjast í því fulla trausti, að samkomulag verði við fjárhagsráð um viturlegar framkvæmdir. Og ég er viss um, að ef árekstur yrði út af því, að fjárhagsráð beitti um of sínu valdi eftir l. um það ráð, hvort sem það væri viðvíkjandi afgreiðslu fjárlaga eða öðru, þá yrði sannarlega að breyta l. um fjárhagsráð, svo að þeir, sem í því ráði væru, gætu ekki lagt dauða hönd á málefni og framkvæmdir í landinu. — Ég álít því þessa röksemd hv. 1. þm. N-M. ekki koma til greina. — Við skulum hugsa okkur t. d. raforkuráð. Ef þessi hugsun, sem hv. 1. þm. N-M. var með, ætti að ganga eins og rauður þráður í gegnum það, hvaða lagaákvæði ættu að gilda í landinu, hvort þau l. gripu að einhverju leyti inn í l. um fjárhagsráð eða ekki, þá yrðu lagaákvæði um raforkuráð fremur hart úti, því að raforkuráð verður að gera till. um verklegar framkvæmdir á raforkumálasviðinu, og þessar till. verða allar að leggjast fyrir fjárhagsráð. Fjárhagsráð getur neitað um framkvæmd á þessum till. En ég er ekki viss um, að hv. 1. þm. N-M. vilji þrátt fyrir það afnema l. um raforkuráð. Kannske hann vildi það? En ég veit þó, að meiri hl. hæstv. Alþ. vill ekki gera það. Nákvæmlega sama á að gilda um framleiðsluráð. — Ég tel því, að þessi mótbára hv. 1. þm. N-M. hafi ekki við nein rök að styðjast.

Þá kem ég að því, hvort þetta frv. rekst á ákvæði laga um rannsóknaráð ríkisins. Hér er í brtt. frá meiri hl. n. gert ráð fyrir, að breytt verði orðalagi á frv. til þess að fyrirbyggja, að þessi skilningur verði á l., ef frv. verður samþ., enda er annars staðar tekið fram, að samvinna eigi að vera ekki aðeins við þessa stofnun, heldur margar aðrar stofnanir landsins, svo sem hagstofuna.

Ég verð að halda, að hv. frsm. minni hl. iðnn. hafi ekki kynnt sér frv., þó að hann sé búinn að hafa það til athugunar allangan tíma. Verkefni iðnaðarmálastjóra á að vera tvíþætt samkv. frv. Í fyrsta lagi á hann samkv. 4. gr. að undirbúa till. og áætlanir um ný iðjuver, sem ríkissjóður lætur reisa eða leggur fram styrk til að koma upp, svo og um endurbætur eða stækkanir iðjuvera, sem starfrækt eru af ríkissjóði eða hann styrkir með lánum, framlögum eða á annan hátt. Nú vildi ég leyfa mér að spyrja hv. minni hl. n.: Hefði hann talið það alveg einskis virði, að slíkur aðili hefði verið fyrir hendi, þegar verið var að undirbúa byggingu síldarverksmiðjanna á vegum ríkisins? Ætli það hefði ekki verið hægt að beina skeytum sínum til hans um sígandi lýsisgeyma, um fallandi geymslur o. fl., sem kostað hefur ríkissjóð milljónir? Ætli það hefði ekki verið meiri trygging fyrir því, að slíkar framkvæmdir hefðu verið vel undirbúnar, ef það hefði verið gert af manni, sem hefði haft eitthvert vit á þessum málum og ábyrgð gagnvart ríkissjóði, heldur en með því að afhenda þennan undirbúning sem aukavinnu til manna, sem voru, ef ekki fullkomlega hlaðnir störfum, þá áreiðanlega fullhlaðnir launum úr ríkissjóði fyrir ýmis störf? Ætli það hefði ekki verið réttara að fela þetta aðila, sem bæri ábyrgð gagnvart ríkissjóði á sinn hátt eins og húsameistari ríkisins ber ábyrgð á sínu sviði? (**PZ:** Ábyrgð hans er ekki mikils virði). Svo mikils virði þó, að ekki hefur þótt ástæða til að víkja honum úr embætti. Svo hefur hann verið verðlaunaður í fimm ár með 10 þús. kr. aukagreiðslu fyrir ákveðið verk. Og hvað sem út af fyrir sig má segja um verk húsameistara ríkisins, þá verður því ekki neitað, að húsameistari ríkisins hefur á þeim tíma, sem hann hefur starfað fyrir landið, gert mikið og unnið mörg verk, sem hefði kostað miklu meira að láta vinna, ef það hefði átt að kaupa þá vinnu út með öðrum hætti, enda þótt húsameistari sé sjálfsagt breyskur eins og við allir og ekki almáttugur. En ég álít miklu heppilegra að fela þetta manni, sem hefur það fyrir ákveðið lífsstarf, heldur en að fela það manni, sem annan daginn kannske blandar

tóbak í nefið á þjóðinni og hleypur svo í annað starf og hefur svo mjög takmarkaða ábyrgð gagnvart þjóðinni.

Þar að auki er ætlazt til þess, að iðnaðarmálastjóri hafi yfirumsjón með öllum framkvæmdum viðkomandi iðjuverum fyrir hönd ríkisins. — Það gæti verið, að þetta ákvæði mundi fyrirbyggja það, að menn hefðu 6 stunda vinnu á sólarhring. — Þessi maður á enn fremur að veita bæjar- og sveitarfélögum og einstaklingum aðstoð viðkomandi sömu framkvæmdum eins og hann á að hafa yfirumsjón með fyrir hönd ríkisins. Einn einstaklingur, sem ekki hafði möguleika til að snúa sér til svona aðila, varð fyrir því óhappi, að sá maður, sem hann sneri sér til, hafði gert þau mistök, sem kostuðu hlutaðeiganda hálfa millj. kr. á einu ári. — Ég hygg, að það sé mjög mikil skammsýni að halda, að það fé, sem færi í að launa svona embættismann, ef þetta yrði að l., margborgaði sig ekki fyrir þjóðina, þó að ekki væri vegna annars en þessa síðast talda þáttar af starfinu.

Svo er einn þáttur hinna sameiginlegu verkefna iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs að annast rannsóknir á skilyrðum til fullkominnar hagnýtingar á öllum þeim hráefnum, sem landið hefur yfir að ráða. Það má segja, að þetta sé að nokkru starf rannsóknaráðs. En eins og lagt er til að gr. þessari verði breytt, þá er ekki verið að taka þetta af rannsóknaráði, heldur miklu frekar að stuðla að því, að þetta verði gert í samráði við þann mann, sem á að bera ábyrgð á þessum málum öllum og hafa heildareftirlit um þessi mál í landinu. Þetta tel ég til bóta.

Síðan eiga iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð að gera árlega till. til ríkisstj. um heildartilhögun á sviði iðnaðarmála með það fyrir augum, sem tekið er fram hér í gr. En í sambandi við þetta bendi ég á, að að því leyti sem þetta snertir fjárhagsráð, þá held ég, að þetta sé styrkur fyrir fjárhagsráð við störf, því að vitanlega yrðu þessar till. að fara til fjárhagsráðs, alveg eins og till. frá raforkuráði ganga nú til fjárhagsráðs, áður en þær eru samþ. af Alþ. Og ég vil benda á, að fjárhagsráð hefur þegar ákveðið að taka slíkan mann í sína þjónustu, án löggjafar og án nokkurrar ábyrgðar. Ég veit ekki betur en að fjárhagsráð hafi sett upp sérstaka deild til þess að vinna algerlega fyrir sig, einmitt um þessi mál, til að athuga, hvernig eðlilegast sé að skipta bæði byggingarefni og vinnuafli til bygginga. Ég átti síðast tal við þennan mann í morgun, og hann sagði, að það væri fullt starf fyrir sig að gera þetta, svo að ég sé ekki, að það sé mikill aukakostnaður, sem yrði við það í þessu efni, þó að frv. væri samþ. En það veltur náttúrlega alveg á því, hve góður maður og hæfur væri valinn í stöðu iðnaðarmálastjóra, hvernig starfið væri leyst af hendi, alveg eins og gildir um t. d. búnaðarráðunauta. Í ráðunautarstarf getur valizt handónýtur maður, en hins vegar getur líka valizt í það maður, sem vinnur á við tvo eða kannske marga.

Eftir frv. ber iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráði að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð framleiðslunnar með því, sem sagt er í a-, b-, c- og d-liðum 3. gr. frv. Ég veit ekki til, að þetta heyri undir rannsóknaráð í dag. Ég held, að það geri það ekki, og ég álít, að þessi ákvæði kæmu ekki til með að rekast á ákvæði l. um rannsóknaráð ríkisins.

Ég hef haft náið samband við rannsóknaráð um samningu þessa frv., og þar hafa ekki komið fram þau sjónarmið, sem fram komu hjá hv. frsm. minni hl. n., nema síður sé. Þar að auki liggur hér fyrir umsögn frá ráðuneytinu. Og ég skora á hv. minni hl. n., ef hann getur, að benda á eitthvað, ef það finnst í þessari umsögn, sem styðji hans sjónarmið í málinu.

Samkv. 4. gr. frv. eiga iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð að stuðla að því, að ekki sé fluttur inn fullunninn varningur, ef unnt er og hagkvæmt að vinna hann hér á landi, heldur sé hann fluttur inn á því stigi, sem hann er ódýrastur, en þó hæfur til að vinnast að fullu í íslenzkum iðjuverum. Þetta eru verkefni, sem ekki heyra undir rannsóknaráð ríkisins á nokkurn veg. Og mér skilst, að þetta heyri ekki undir neina stofnun, nema ef það er innflutningsnefnd. En að sjálfsögðu hefði innflutningsnefnd alveg stórkostlegan styrk að því að hafa aðila eins og hér er gert ráð fyrir til ráðuneytis um þessi mál. Þessi þáttur starfsemi þessara aðila, sem frv. gerir ráð fyrir, yrði einn veigamesti þátturinn í að skapa gjaldeyri fyrir landið ásamt því, ef hægt væri að selja okkar framleiðsluvörur sem mest unnar út úr landinu, að flytja inn í landið vörur, sem við þyrftum að borga sem minnst fyrir, til þess að geta unnið þær hér heima til fullnustu. — Ég er undrandi yfir því, ef hv. minni hl. iðnn. vill halda fram, að þetta heyri undir starfssvið rannsóknaráðs.

Í fimmta lagi eiga iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð eftir frv. að fylgjast með framleiðslu, eftirspurn og sölu á íslenzkum iðnaðarvörum á hverjum tíma, svo og með innflutningi á sams konar vörum, gæðum þeirra og verði. — Ég veit ekki til þess, að nein sérstök stofnun hafi með höndum að fylgjast með þessu, ekki heldur rannsóknaráð. — Og í sjötta lagi eiga þessir aðilar að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir íslenzkar iðnaðarvörur utan lands og innan. Ég veit ekki heldur til þess, að þetta heyri undir rannsóknaráð ríkisins.

Í sjöunda lagi eiga eftir frv. verkefni þessara aðila að vera að gera tillögur til ríkissti. um ný iðjuver, sem hagkvæmt þykir að reist verði á kostnað ríkissjóðs. Ég hygg, að það sé ekki litið verkefni að sjá um, að ekki verði flanað út í að reisa ný iðjuver að óathuguðu máli. En sannleikurinn er, að það hefur verið gert ákaflega mikið að því. Um það hafa ráðið sérhagsmunasjónarmið einstakra héraða, hvar settar hafa verið síldarverksmiðjur niður í landinu. Fleira má telja. Nú er reipdráttur um það, hvar setja beri upp fiskiðjuver í landinu. Og ég held, eftir því, sem fram hefur komið, að um það, hvar hafi verið settar verksmiðjur, hafi ekki alltaf ráðið það sjónarmið, hvar hentugast væri að setja þessar stofnanir upp, heldur hitt, hverjir hafa sótt það fastast að fá þetta sett upp hjá sér vegna sérhagsmuna héraðanna. — Ég vil leyfa mér að benda á, að það er komið upp nú, sem einhvern tíma hefði þótt merkilegt mál, og það hefur verið mjög um talað, að ekki sé víst, að rétt sé að setja upp síldarverksmiðjur með þeim vélaútbúnaði, sem nú er notaður, heldur taka upp allt aðrar og breyttar aðferðir. Það væri kannske ekkert lítið atriði í málinu, að maður væri eins og iðnaðarmálastjóri, sem hefði það fyrir lífsstarf m. a. að kynna sér hinar beztu aðferðir á þessu sviði og öðrum slíkum. Sannleikurinn er sá, að verkefnin eru svo margvísleg, að eng-

inn einn maður kemst yfir það, sem þessum aðilum er eftir frv. ætlað að inna af höndum. En hitt er annað mál, hvort ekki er hægt að byrja þetta starf með einum manni, en auka svo við starfsliði eftir því, sem þætti borga sig fyrir landið sjálft. En slíkt verður að vera undir mati Alþ. og ríkisstj. á hverjum tíma.

Enn fremur eiga þessir aðilar að hafa með höndum eftir frv. að gera till. um sölu iðjuvera ríkisins, ef hagkvæmara þykir, að þau séu starfrækt af öðrum aðilum. Það má segja, að þetta, að selja iðjuver ríkisins, heyri undir ráðuneytið á hverjum tíma. En það er ekki hægt að ætlast til þess, að ráðuneytið hafi sérþekkingu á þessum málum, heldur yrði það að styðjast við till. þeirra manna, sem ráðh. á hverjum tíma velja til þess að segja álit sitt um þessi mál. Og ég álít heppilegra, að ákveðin stofnun og ákveðinn umboðsmaður hafi með það að gera að gera þessar till., heldur en að hafa það þannig, að leitað sé í þessum efnum til einnar stofnunar í dag og annarrar á morgun, sem kannske hafa þá sérstakra pólitískra hagsmuna að gæta.

Svo á það eftir frv. að vera hlutverk iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs að athuga ársreikning og fjárhagsáætlanir iðjuvera ríkisins og gera till. til úrbóta, ef sýnt er, að fyrirtækin séu starfrækt með tapi. Mér finnst þetta ekki alveg einskis virði. Ekkert af þessu gerir rannsóknaráð ríkisins. Sé það nú t. d. raunverulega svo, að þau stórkostlegu iðjuver sem síldarverksmiðjur ríkisins eru, séu rekin með tapi, og ef það skyldi nú vera þriðja árið, sem þær eru reknar með stórtapi, þá álít ég ekki ástæðulaust að gera gangskör að því að reyna að koma þeim í hagkvæmari rekstur. Reikningar þeirra benda til þess, að rekstri þeirra þyrfti að haga á annan hátt, af hverju sem það stafar. Ekki þarf að tala um landssmiðjuna. Hefði kannske ekki verið hagur að því, að hún hefði verið undir sterkari stjórn heldur en verið hefur?

Ég tel algerlega röng rök hv. minni hl. n., sem hann færir fram til stuðnings því, að samþykkja beri rökst. dagskrána, og algerlega byggð á röngum forsendum. Ég vænti þess því, að hún verði felld, en frv. samþ.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara mjög mikið út í að ræða efni þessa frv. í einstökum atriðum, heldur vil ég aðeins segja nokkur orð til þess að undirstrika af minni hálfu það, sem að vísu kom mjög greinilega fram í framsöguræðu hv. frsm. minni hl. nefndarinnar (PZ).

Sá ágreiningur, sem er fyrir hendi innan n., stafar engan veginn af því, að nm. séu ekki sammála um það, að ástæða væri til og réttmætt að veittur væri meiri stuðningur af hálfu ríkisvaldsins til iðnaðarmála í landinu heldur en gert hefur verið. Það fór beinlínis fram atkvgr. um það í n. að frumkvæði form., hvort n. væri ekki „principielt" með því, að slíkur stuðningur yrði veittur, sem frv. gerir ráð fyrir, og ég man ekki betur en að allir nm. greiddu atkv. með því. Ágreiningur er því aðeins um það, að þótt nm. telji, að það sé rétt að veita þessari vaxandi atvinnugrein meiri stuðning heldur en gert hefur verið, þá álítum við í minni hl., að það sé ekki sama, með hverjum hætti það sé gert, og það því síður sem þetta mál er svo þýðingarmikið. Og við álítum, að iðnaðinum sé gerður meiri greiði með því að láta það dragast um eitt ár að koma heildarskipun á þessi mál heldur en ef nú yrði sett um þau ný löggjöf, sem mundi sýna sig í framkvæmd, að væri slíkum annmörkum háð, að gagn af henni yrði ákaflega lítið eða jafnvel ekki neitt.

Eins og hv. frsm. minni hl. hefur þegar bent greinilega á, eru í þessu frv. ákvæði, sem rekast mjög á aðra löggjöf, sem þegar er sett, og mundi slíkt leiða til þess, að þegar iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð iðnaðarins færu að starfa samkv. þessum l., ef frv. yrði samþ., yrðu störf þessara stofnana áreiðanlega mjög torveld, og mér er nær að halda, að þeir árekstrar, sem hlytu að koma í ljós milli þessarar stofnunar og þeirra annarra stofnana, sem þegar eru fyrir hendi, og þó sérstaklega fjárhagsráðs, mundu leiða til þess, að sáralítill árangur — eða miklu minni árangur heldur en æskilegt hefði verið — næðist af starfsemi þessarar stofnunar. Hins vegar er það alveg augljóst, ef frv. verður samþ. og farið yrði að framkvæma ákvæði þess, að sett yrði upp stofnun, sem yrði mjög umfangsmikil, og mér finnst alveg fráleitt það, sem hv. frsm. meiri hl. sagði í sinni ræðu, að hægt mundi að byrja þetta með einum starfsmanni, þ. e. iðnaðarmálastjóra. Vil ég t. d. benda á það, sem talað er um, hvað eigi að verða sameiginleg verkefni iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráðs samkv. 2. tölul. 5. gr. frv., — en þar segir svo — með leyfi hæstv. forseta: „Að gera árlega tillögur til ríkisstjórnarinnar um heildartilhögun á sviði iðnaðarmála með það fyrir augum:

a. að eðlileg og holl hlutföll haldist á milli atvinnuvega þjóðarinnar um skiptingu á vinnuafli, rekstrarfé, fjárfestingu og opinberri aðstoð;
b. að framleiðslunni sé beint að þeim greinum, sem hagfelldastar eru fyrir þjóðina og samrýmast bezt þörfum hennar á hverjum tíma."

Er þetta aðeins nokkur hluti af þeim verkefnum, sem þessari stofnun eru ætluð — og sé ég ekki, að hægt sé að gera þetta nema með fjölda starfsmanna, bæði skrifstofufólki og alls konar tæknilegum ráðunautum, enda benti hv. frsm. meiri hl. á það og vildi færa það sem rök fyrir því, að þetta yrði ekki kostnaðarsamt, að fjárhagsráð hefði þegar sett upp sérstaka deild skipaða fagmönnum til þess að annast m. a. þessa hluti. En þrátt fyrir þetta mundi verða sett upp annað skrifstofubákn, ef frv. verður samþ., til þess að framkvæma þau verkefni, er þeirri stofnun eru ætluð, er frv. fjallar um, en eiga að miða að sama marki og fjárhagsráði er ætlað. Það eru einmitt slíkir árekstrar sem þessir, sem við í minni hl. teljum, að reyna beri að sneiða hjá, þegar sett yrði löggjöf um yfirstjórn iðnaðarmálanna, og að forðast með því þann aukakostnað, sem af því yrði að hafa þessi sömu verkefni á mörgum höndum og á mörgum skrifstofum. Hins vegar teljum við, að stefna beri að því, sem felst í dagskrártill. okkar, að ríkisstj. láti semja frv. um heildarskipun iðnaðarmálanna og aðstoð ríkisins við þau, er lagt verði fyrir næsta Alþ. Meining okkar með þessu er ekki sú að fella niður úr þessu frv. öll þau verkefni, sem það ætlast til, að iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð eigi að hafa með höndum, heldur að reynt verði að finna heppilega verkaskiptingu milli þessarar nýju stofnunar og þeirra stofnana, sem nú starfa að þessum verkefnum samkv. eldri l., til þess að tryggja, að þessi starfsemi

geti gengið með sem eðlilegustum hætti, og ná sem beztum árangri fyrir atvinnuvegi landsmanna.

Ég álít, að það sé síður en svo rétta leiðin, sem kemur fram í brtt. hv. meiri hl. n., sem miða allar að því að draga úr völdum hins væntanlega framleiðsluráðs, heldur eigi að skapa því sterkari aðstöðu til þess að leysa þessi verkefni af hendi heldur en í frv. felst, en til þess verður að breyta öðrum l., þ. á m. l. um fjárhagsráð, og tel ég nauðsynlegt að gera það. Hins vegar er það ekki á valdi n. að fara út í slíkt, enda þarf til þess meiri undirbúning heldur en hægt væri að framkvæma, áður en þessu þingi lýkur.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Það er út af ræðu hv. þm. Barð., frsm. meiri hl. n., sem ég vil reyna að leiðrétta ofurlitið og koma honum í skilning um hið rétta. Hann sagði, að það væru eiginlega engin l. til í landinu, sem fjárhagsráð gripi ekki inn í á einn eða annan veg, og vildi með því réttlæta samþykkt þessa frv., sem hann þó viðurkenndi, að fæli í sér ákveðin fyrirmæli um framkvæmd l., sem í meginatriðunum eiga að vera hin sömu og fjárhagsráði eru ætluð nú eftir lögum. Það er reginmismunur á þessu, og hann er sá, að þegar l. um fjárhagsráð voru sett, þá eru til mörg l., sem ráðið grípur inn í, en þá gilda síðustu l., en ef við aftur á móti samþykkjum þetta frv., þar sem m. a. er ætlazt til, að iðnaðarmálastjóri og framleiðsluráð iðnaðarins geri áætlun um, hvað eigi að flytja inn til þarfa iðnaðarins, sem l. um fjárhagsráð mæla fyrir, að það ráð eigi að sjá um nú, þá eru komnir tveir tígulkóngar í spilin, sem rekast hvor á annan. Og ef þessi yrði raunin á, væri hægt að segja, að þetta frv. væri samþ. í þeim tilgangi að gera fjárhagsráði ómögulegt að starfa að þeim verkefnum, sem því eru ætluð samkv. gildandi l. Þetta gerir að verkum, að það er algerlega útilokað að samþykkja þetta frv. eins og það liggur fyrir, nema eitt af tvennu vaki fyrir þeim, sem eru því samþykkir, sem sé að þeir geri það í þeim tilgangi að grafa undan fjárhagsráði og gera það óstarfhæft, af því að þeir vilja láta annan aðila taka við verkefnum þess. Hinn tilgangurinn gæti verið sá, að menn treysti því ekki, að ríkisstj. verði við þeim tilmælum, sem felast í rökst. dagskránni, að láta samræma ákvæði þessa frv. gildandi l., fella úr þeim, ef á þarf að halda, og skipta verkefnum milli viðkomandi stofnana, sem ætluð eru meira og minna sömu verk, þannig að þær rekist ekki á.

Hv. þm. Barð. var að tala um, að þörf sé á að fá iðnaðarmálastjóra, er verði ábyrgur maður og ráði yfir ýmsu á þessu sviði. Ég verð nú hins vegar að segja það, að ég legg ósköp lítið upp úr slíkum ábyrgðum. Ég geri t. d. lítið úr þeirri ábyrgð, sem hægt er að koma fram á hendur vegamálastjóra fyrir það að eyða fé úr ríkissjóði til þess að byggja brú, sem er eingöngu til afnota fyrir einn einasta mann og hans konu til þess að komast í sumarbústað þeirra. Og ég býst við, að hv. þm. Barð. sé sammála mér um það, að byggðar séu brýr í tugatali, sem lítil eða engin þörf er fyrir, samtímis því sem látið er ógert að byggja brýr, sem margfalt meiri þörf er á. Hver reynir að koma fram ábyrgð á hendur viðkomandi embættismanni, þ. e. vegamálastjóra, fyrir þetta? — Hver reynir að koma fram ábyrgð á hendur vitamálastjóra fyrir það, að bryggjugerð norður í landi, sem búið var að verja stórfé til, hafi mestöll molnað upp og orðið ónýt, af því að verkið var svo illa unnið? Þarna hafa fátækir menn verið blekktir til að ráðast í þessa bryggjugerð, og vitamálastjóri hefur lagt fyrir þá kostnaðaráætlun. Þeir hafa lagt fram 250 þús. og er þá komið helmingi hærra en áætlað var og mun þó enn eftir. Og síðan er viðbúið, að þeir verði nú að leggja fram fé til þess að gera við skemmdirnar, sem orsakazt hafa vegna vanrækslu opinberra starfsmanna. — Hver kemur fram með ábyrgð á hendur húsameistara ríkisins, sem rífur niður og eyðileggur fornar minjar úr kirkjunni á Bessastöðum og eyðir síðan hundruðum þúsunda í viðgerð á henni? Ég geri því ekkert úr ábyrgð opinberra embættismanna. Hitt er svo annað mál, að ef hv. þm. Barð. vill vera með í því að leggja vinnu í að koma fram með frv. um ábyrgð á hendur þeim verkfræðingum og öðrum opinberum starfsmönnum, sem gerast sekir um að gera rangar áætlanir um framkvæmdir og leika sér þannig að því að blekkja menn til að leggja fram fé til þeirra, sem svo krefjast margfalt hærri fjárframlaga heldur en ætlazt var til í fyrstu, — þá vil ég gjarnan vera með í samningu slíks frv.

Það, sem frá mínu sjónarmiði er hér um að ræða, er ekkert annað en það, hvort við viljum reyna að gera l. þannig úr garði, að þau komi að gagni í framtíðinni og verði árekstralaus við eldri l., eða gerum þetta frv. nú að l., þannig að um þau verði sífellt rifizt, og mætti segja mér, að kannske vilji sumir samþykkja frv. í þeim tilgangi einum að reyna að grafa undan fjárhagsráði.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil mótmæla þeim ummælum hv. frsm. minni hl., að það vaki fyrir þeim, sem vilja samþykkja þetta frv., og þá fyrst og fremst flm. þess og meiri hl. iðnn., að þeir vilji grafa undan fjárhagsráði, og fæ ég ekki skilið, hvaðan hv. þm. hefur ástæðu til slíkra fullyrðinga. Þetta telur hann, að sé önnur ástæðan fyrir flutningi málsins. — Hin ástæðan, sagði hann, að væri sú, að þessir menn mundu ekki treysta ríkisstj. til að greina í sundur og undirbúa nýtt lagafrv. um þetta efni og samræma ákvæði þess gildandi l. fyrir næsta Alþ. Ég vil sömuleiðis eindregið mótmæla þessu. Ég treysti ríkisstj. fullkomlega til þess að gera þetta, en vil benda á, að ég hef rætt þetta við iðnmrh., sem taldi, að engin ástæða væri til að afgreiða málið þannig, því að hann telur málið nægilega undirbúið til þess að bera það fram í því formi, sem frv. er nú, þar sem búið sé að senda það til þeirra aðila, sem hann mundi snúa sér til, ef rökst. dagskráin yrði samþ., og þeir hafi haft það svona langan tíma til athugunar.

Ég vil svo aðeins segja það í sambandi við ræðu hv. 6. landsk. þm. (StgrA), að ég hygg að þar gæti nokkurs misskilnings hjá honum um það atriði, að það þurfi að rekast á, t. d. það, sem á að framkvæma samkv. 2. tölul. 5. gr., því að tekið er fram í 8. og 9. gr. frv., hvernig samstarfið skuli vera milli þessarar stofnunar og þeirra, sem fyrir eru í landinu, einmitt til þess að þær þurfi ekki að vinna sömu verkin og ekki verði árekstrar milli þeirra. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta atriði, en er hissa á því að hv. l. þm. N-M. eða hv. 6. landsk. þm. skuli ekki hafa komið fram með ýmis af þessum atriðum í n., t. d. óskað eftir að breyta

eða fella niður einhver ákvæði úr frv., en ég hefði að sjálfsögðu verið og er reiðubúinn að ræða um slíka hluti. Mér dettur ekki í hug að halda, að hv. 6. landsk. þm. hafi andúð á málinu sjálfu, en hins vegar mætti segja mér, að eitthvað slíkt lægi á bak við hjá hv. 1. þm. N-M.

Ég vil svo að lokum benda hv. 1. þm. N-M. á það, að ég er sammála honum um að ýmislegt þurfi að gera til að tryggja frekari ábyrgð á hendur embættismönnum landsins heldur en nú er, — ekki aðeins fyrir mistök í verkum, heldur einnig fyrir að koma ekki nálægt verkum, sem þeim hafa verið falin og þeir taka fyrir full laun af ríkinu.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svohljóðandi skrifleg brtt. við rökstuddu dagskrána á þskj. 349, að í stað orðanna: „rannsóknaráð ríkisins" komi náttúrurannsóknir, — og þarf afbrigði fyrir till., þar sem hún er skrifleg.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 406) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður. Ég vil aðeins minna hv. frsm. meiri hl. n. á það, að það var óskað eftir því, að hæstv. iðnmrh. og hæstv. fjmrh. mættu á fundi í n., því að ef frv. verður samþ., þá hefur það mikinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð og ekki sjáanlegt, að nein vinna sparist í fjárhagsráði þrátt fyrir það. Þetta fékkst ekki, og það var ekki upplýst, hvað fjmrh. hefði sagt um fjáröflunarmöguleika. Hins vegar voru flutt meðmæli, munnleg þó, frá iðnmrh. Þó að ég hafi ekki farið inn á það og ætli mér ekki að gera nema að litlu leyti, þá er það augljóst, að ef setja á á stofn skrifstofu, sem á að ráða innflutningi iðnaðarvara og hvaða iðnaðarverksmiðjur skuli reistar og hafi enn fremur eftirlit með þeim verksmiðjum o. s. frv., þá er það ekki eins manns verk að sjá um það allt, heldur kemur þetta til með að verða stór skrifstofa með miklu starfsliði. Á henni getur verið full þörf, en þá á ekki að láta fjárhagsráð gutla við sömu störf og taka skrifstofumenn til þess. Það má vera, að ætlunin sé, að ákvæði fjárhagsráðsl. um þessi efni falli úr gildi, en þá á að láta slíkt koma greinilega fram.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins láta hæstv. forseta vita það, að hv. 1. þm. Reykv., sem ekki er við, hefur beðið mig að láta sig vita, er atkv. yrðu greidd um þetta mál. Hann er nú einn bankastjóri Landsbankans, þar sem hinir bankastjórarnir eru erlendis, og mun því, ef til vill, ekki hafa getað fylgzt með umr.

Forseti (BSt): Ég get ekki tekið tillit til þess, þótt menn séu að inna af hendi önnur störf í bænum. Þeir menn eru á sama kaupi hér og aðrir, og skv. þingsköpum eru þm. skyldir til að mæta á fundum og taka þátt í atkvgr. Á þessu vill nú verða misbrestur, og á þetta ekki við um þennan hv. þm. sérstaklega, en seint mundi ganga afgreiðsla mála, ef þannig þarf að eltast við einstaka hv. þm. Ég skal þó í þetta sinn fresta atkvgr. um stund. — [Atkvgr. frestað um stund].

ATKVGR.

Brtt. 406 samþ. án atkvgr.

Rökst. dagskráin á þskj. 349, svo breytt, samþ. með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA, ÞÞ, ÁS, BK, PZ, BSt.

nei: PM, SÁÓ, GJ, GÍG, LJóh.

HV, JJós greiddu ekki atkv.

4 þm. (BBen, BrB, EE, HermJ) fjarstaddir.

4. Þurrkví við Elliðaárvog.

Á 32. fundi í Ed., 15. des., var útbýtt:

Frv. til l. um þurrkví við Elliðaárvog (þmfrv., A. 183).

Á 34. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 1. landsk. flutt þetta frv. um þurrkví við Elliðaárvog. Frv. fer fram á, að ríkisstj. byggi þurrkví við Elliðaárvog og að til greiðslu kostnaðar við þetta verði ríkisstj. heimilað að taka allt að 15 millj. kr. lán, eftir því sem verkinu miðar áfram. Þá er ákveðið, að $^3/_5$ af þessu láni skuli endurgreiða af tekjum þurrkvíarinnar, en $^2/_5$ úr ríkissjóði sem styrk til fyrirtækisins. Í 3. gr. eru fyrirmæli um það, að leita skuli samkomulags við hafnarstjórn Rvíkur um afhendingu á nægilega stóru landi undir þurrkvína og þau mannvirki, sem ætla má, að komið verði upp í sambandi við hana, og heimild fyrir ráðh. að fresta byggingu kvíarinnar að nokkru eða öllu leyti, þar til samningar hafa tekizt um afhendingu á landi. Þá eru einnig í frv. ákvæði um það, hvernig skipa skuli stjórn þurrkvíarinnar, og að síðustu ákvæði um afhendingu mannvirkisins til hafnarsjóðs Rvíkur.

Mér þykir rétt að gera nokkru nánari grein fyrir þessu máli. Árið 1943 var borin fram hér á Alþ. þáltill. um skipun mþn. til að rannsaka skilyrði fyrir byggingu og starfrækslu fullkominnar skipasmíðastöðvar í Rvík. Þessi þáltill. var samþ. 12. apríl 1943, og 28. júní sama ár skipaði ráðh. n. þessa, með einum fulltrúa frá hverjum þingflokki. Í nóv. 1943 skilaði n. áliti — þetta nál. er í Alþt. 1943, þskj. 400 — og gerði þar ýtarlega grein fyrir málinu. N. var sammála um nauðsyn þess, að hafizt yrði handa í þessum efnum, og lagði til, að fyrst yrðu byggðar tvær þurrkvíar fyrir 400 og 6000 smálesta skip. Það var talið grundvallaratriði. N. lét í samráði við hafnarstjórn og hafnarstjóra velja land, og var það sameiginlegt álit að velja það við Elliðaárvog við ströndina fram undan Kleppi og nokkuð inn með voginum. Fyrst var athugað, hvort hægt væri að hafa þetta inni í sjálfri höfninni, en það sýndi sig að vera ómögulegt, og var þá bara um Elliðaárvog að ræða. Nú er einn ágalli á þessu, og hann er sá, að sjúkrahúsið Kleppur er svo nærri þessum stað. Rætt var við viðkomandi aðila um það, að sjúkrahúsið þyrfti að hverfa, ef stöðin yrði sett þarna upp, en það var álitið, að þess yrði þörf hvort sem væri, enda er nú komið á daginn, að

þarna er risið upp heilt þorp með 5—6 þús. íbúum. Það segir sig sjálft, að ekki er hægt að hafa geðveikrahæli inni í miðri borg.

Málið var borið fram á Alþ. 1943 og afgr. sem breyt. á hafnarl. Var ákveðið, að ríkissjóður greiddi $^2/_5$ af kostnaðinum við að koma mannvirkinu upp, en tryggði lán til þessara framkvæmda, sem næmi $^3/_5$ af kostnaðarverðinu. Síðan var rætt við hafnarstjórn Rvíkur, en hún treysti sér ekki til að ráðast í þessi mannvirki vegna aðkallandi framkvæmda inni í höfninni sjálfri, en kostnaður við þær er áætlaður um 8 millj. kr. Hér er um að ræða bátabryggjur, verbúðir og hafnarmannvirki fyrir hinn nýja togaraflota. Hafnarstjórnin taldi þetta svo aðkallandi, að ekki væri hægt að fresta því. Það er vegna þess, að hafnarstjórnin hefur ekki treyst sér til þess að ráðast sjálf í framkvæmdirnar við Elliðaárvog á næsta ári, að ég hef borið þetta mál fram. En það er vitað, að Alþ. veitir engan styrk til þess að bæta höfnina.

Mörgum þykir það kannske mikið að ætla 15 millj. kr. í þurrkví, en ég vil benda á, að þetta mannvirki er áraverk, sem verður að hefja, því fyrr því betur. Það er því ekki vert að láta sér bregða, þótt tölurnar séu háar. N. taldi skyldu sína að benda á, hvað þetta yrði dýrt og hve mikið land þyrfti, og hún miðaði ekki áætlanir sínar við daginn, heldur til frambúðar. Ef til vill hefur þessi stórhugur n. tafið framkvæmdir. En það var eðlilegt að segja sem var um kostnaðinn. Því er ekki að leyna, að það verður dýrt, en það er svo mikil nauðsyn fyrir framtíð Rvíkur og landsins, að það má ekki dragast miklu lengur. Nýlega samþ. Alþ. að heimila ríkisstj. að ábyrgjast 2,7 millj. kr. lán til þess að fullgera byggingu dráttarbrauta hér í Rvík, sem taka allt að 1500 smálesta þunga. Ég held, að enginn þm. hafi mælt gegn því, að þessi ábyrgð væri veitt, enda var þetta aðkallandi, svo að hægt væri að draga hér á land hinn nýja fiskiflota og hin minni flutningaskip, svo að ekki þyrfti að flytja viðgerðirnar út úr landinu. En ef þetta var nauðsyn, þá er sama nauðsyn fyrir hendi hvað stærri skip snertir, hinn nýja verzlunarflota, skip Eimskipafélagsins, er ekki komast í nýju dráttarbrautirnar, hvað sem að höndum ber. Ef það var óverjandi að hindra lausn þessara mála hvað snerti 1500 tonna skip og minni og stöðva þannig rekstur þeirra, þá er það ekki síður óverjandi að stöðva rekstur hinna stærri skipa.

Þá vil ég benda á það, að bygging þurrkvíar er frumskilyrði fyrir því, að unnt sé að koma hér upp skipasmíðastöð. Án þess verður þessum iðnaði ekki komið upp og iðnaðarmönnum tryggð sú mikla vinna, sem honum er samfara. Án þess er það ekki heldur tryggt, að útgerðarmenn þurfi ekki að senda skipin til annarra landa til þess að láta gera við þau. Alþ. hefur viðurkennt þessa nauðsyn með því að styrkja Reykjavíkurhöfn til þessara framkvæmda. Hér er ekki farið fram á aukastyrk. Í frv. er framlag ríkissjóðs bundið við $^2/_5$ af kostnaði þurrkvíarinnar, eins og ákveðið er í gildandi l. Því hlutfalli er ekki raskað í frv. Það er skýlaust rétt, að Reykjavíkurhöfn eigi að fá ábyrgð ríkissjóðs fyrir því láni, sem Reykjavíkurbær kynni að vilja taka, allt að $^3/_5$ kostnaðar. Þessi hlutföll hef ég ekki rakið í frv., svo að það ætti ekki að verða til trafala. Ég fer þess í stað fram á það, að Reykjavíkurbær hafi forgöngu, láti undirbúa málið og snúi sér síðan til ríkissjóðsins. Einkum er aðkallandi að afmarka það land, sem þarf að tryggja, til þess að þetta mannvirki komist upp. Það svæði sé ekki tekið til annarrar starfsemi og stöðvuð sé stækkun sjúkrahússins á Kleppi. Ef byrjað hefði verið á þessum mannvirkjum árið 1943, eins og ætlazt var til, hefði aldrei verið horfið að því að láta mörg hundruð þúsund krónur í að byggja Kleppsspítalann. Þá hefði fyrir löngu verið búið að stöðva verkið í stað þess að halda áfram byggingu þeirra bústaða, sem þar eru nú. Það mun líka sannast, að fyrr eða síðar verður að flytja sjúkrahúsið í burtu, þótt ekki komi þarna upp þurrkví. Við þetta bætist, að komið hefur til mála, að stórútgerðin í Rvík fái stórt svæði við Laugarnes, og menn eru meira og meira að komast á þá skoðun, sem n. lagði fram 1943, að flytja yrði afgreiðslu útgerðarflotans frá Reykjavíkurhöfn og inn í Elliðaárvog.

Ég hef gert ráð fyrir, að 15 millj. kr. þurfi til þess að koma upp þessu mannvirki. Þó skal ég geta þess, að ekki er gert ráð fyrir, að sjálf þurrkvíin kosti nema 8 millj., svo eru það tvær dráttarbrautir, sem áætlað er að kosti um 5 millj., en það er ekki nauðsynlegt, að þær komi strax. Þá er stifla, sem áætlað er að kosti eina millj. Enn fremur má gera ráð fyrir, að byggja þurfi varnargarð, en ég er ekki viss um, að hann þurfi að vera eins voldugur og hér er gert ráð fyrir, en það er áætlað, að hann kosti 4 millj. kr., og svo þarf að byggja bryggjur. Ein upphæðin er jöfnun á lóð og vegir. Þetta er ekki gert ráð fyrir, að þurfi að gera strax. Það er meira en 14.810.000 kr. Svo þótti okkur rétt að áætla 1½ millj. vegna hækkunar á vísitölunni, en með þeim ráðstöfunum, sem nú er verið að gera, ætti þess ekki að þurfa.

Ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að ræða málið frekar, en ég óska, að því verði vísað til sjútvn. að lokinni þessari umr. og vænti, að það fái afgreiðslu frá þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 183, n. 533).

Frsm. (Pétur Magnússon): Herra forseti. — Eins og hv. þdm. muna, var á fyrri hluta þessa þings samþ. þáltill., sem heimilaði ríkisstj. að taka lán fyrir Slippfélagið til þess að koma upp slipp hér í bænum. Þessi ábyrgðarheimild hefur verið notuð, og er óhætt að fullyrða, að þessi slippur, sem verið er að byggja í Vesturbænum, verði fullgerður á næsta sumri. Þegar hann er kominn upp, má segja, að bætt sé úr brýnni þörf fyrir skipaflota landsmanna, þó að það sé hvergi nærri að öllu leyti. Þessi slippur er ekki stærri en það, að honum er ekki ætlað að taka stærri skip en 1500 smálesta, og er þar með sæmilega séð fyrir þörfum togaranna í þessum efnum. En hins vegar eru mörg skip okkar, sem munu þurfa sams konar þjónustu og togararnir, og þeim skipum mun fjölga mjög á næstu mánuðum og árum. Ný skip, sem Eimskipa-

félagið og fleiri hafa fest kaup á, eru öll stærri en svo, að slippurinn í Vesturbænum geti tekið þau upp. — Í frv. á þskj. 183 er lagt til, að ríkissjóður láti að loknum nauðsynlegum undirbúningi byggja og starfrækja á sinn kostnað þurrkví við Elliðaárvog, ásamt nauðsynlegum skjólgörðum, bryggjum, vélum og áhöldum, og er ætlazt til, að þurrkvíin verði svo stór, að hún geti tekið a. m. k. 6000 smálesta skip.

Sjútvn. hefur haft þetta frv. til meðferðar, og ég hygg, að óhætt sé að segja, að nm. séu allir sammála um, að stefna beri að því, að þurrkví eigi að koma upp hér á landi. Hins vegar eru flestir nm. þeirrar skoðunar, að mál þetta sé enn ekki svo vel undirbúið, að rétt sé að setja strax um það löggjöf. Í frv. er svo ráð fyrir gert, að þurrkvíin verði sett inn við Elliðaárvog, og er það álit manna, að með því að hafa hana þar muni ekki hægt að starfrækja geðveikrahælið á Kleppi, þar sem það nú er, og mundi þurfa að flytja það. Ef til þess kemur, þá hefur sjúkrahúsið illu heilli verið stækkað mjög mikið nýlega. Þar með er þó ekki sagt, að byggingarnar þarna væru ónothæfar, en vitanlega þyrfti að breyta þeim mjög mikið. Enn þá hefur engin áætlun verið um þetta gerð, en vitað er, að geysikostnaðarsamt yrði að flytja þetta mikla hæli, og hlypi sá kostnaður vafalaust á mörgum millj. króna. Af þessum sökum þótti n. rétt að athuga, hvort ekki mundi hægt að finna annan hentugan stað fyrir þurrkvína, til þess að forðast þennan kostnað.

Enn er órannsakað, hvort hægt er að fá nægilegt fé til þessara framkvæmda og vafamál, hvort l. um þetta mundu nokkuð flýta fyrir málinu. Kostnaðaráætlanir, sem gerðar hafa verið, eru tæplega svo fullkomnar, að ekki þurfi að fara nánar yfir þær. Allt þetta hefur orðið til þess, að sjútvn. hefur orðið sammála um að vísa málinu frá með rökst. dagskrá, en hana er að finna á þskj. 533. Ég vil taka það fram, að orsökin til þess að n. leggur til, að málið sé afgr. þannig, er ekki sú, að hún telji frv. á þskj. 183 vitlaust, heldur aðeins það, að hún álítur, að það sé ekki tímabært.

Ég hef svo ekki fleiru við þetta að bæta, en legg til, að málið verði afgr. með áðurnefndri rökst. dagskrá.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Sem 1. flm. frv. á þskj. 183 vil ég lýsa því yfir, að ég er sammála því, sem hv. frsm. sagði. Síðan frv. kom fram í des. s. l. hefur sleitulaust verið leitað að öðrum stað fyrir þurrkvína, og hef ég átt þess kost ásamt verkfræðingi að athuga möguleika og till. um að hafa hana innan hafnarinnar. Útlit er fyrir, að þar sé hægt að koma upp þurrkví fyrir 8000 smálesta skip, og koma megi upp við hliðina á henni kví fyrir 2000 lesta skip, og mundi þetta spara eina dráttarbraut og mikið pláss, ásamt ótal mörgu fleiru.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni, en felli mig við, að málið verði afgr. á þann hátt, sem stungið hefur verið upp á.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 533 samþ. með 13 shlj. atkv.

5. Faxaflóasíld.

Á 12. fundi í Sþ., 22. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um ráðstafanir til hagnýtingar og markaðsöflunar fyrir Faxaflóasíld (þmfrv., A. 47).

Á 7. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Ég flutti frv. þessu samhljóða á síðasta þingi, ásamt hv. þm. Siglf. Það frv. komst til n., en dagaði svo uppi. Nú flytjum við þessir sömu þm. þetta frv. hér á ný. Aðstaða í þessum efnum hefur ekki svo breytzt, að ekki sé ástæða til að samþ. þetta frv., eins og einnig gilti í fyrra, þegar þetta mál var flutt.

Á undanförnum árum hefur oft verið mikil síldveiði við Faxaflóa, þó að þessari síldveiði hafi ekki verið gefinn sá gaumur sem skyldi. Nú á síðustu árum hefur þó veiðin þarna verið meiri en áður, og í fyrra bárust ógrynni af síld á land við Faxaflóa. Þá kom einnig berlega í ljós, að ráðstafanir hafa ekki verið gerðar nægilegar til þess að koma þessari vöru, Faxaflóasíldinni, í gott verð. Sú útgönguleið í þeim efnum, sem þá var valin eftir miklar bollaleggingar, var að senda síldina norður í bræðslu. En á því voru margir erfiðleikar. Leiðin norður er löng, og margir erfiðleikar aðrir voru í því sambandi. Það er vitað mál, að þó að Faxaflóasíldin sé ekki eins góð til sumra nota eins og Norðurlandssíldin, þá er hún þó verðmikil, ef hún kemst í sæmilegu ástandi á erlendan markað. Þessi síld er ekki eins feit og Norðurlandssíld, og er það kostur út af fyrir sig, sem gerir það að verkum, að hún mundi seljast betur til vissra nota heldur en Norðurlandssíldin. Ýmsir einstaklingar hafa gert tilraunir til þess að hagnýta þessa síld og koma henni í verð, t. d. Haraldur Böðvarsson á Akranesi, sem gerði hverja tilraunina á fætur annarri til þess að koma þessari síld í verð og varð töluvert ágengt. Aðrir einstaklingar hafa líka gert slíkar tilraunir. En tilraunir þessara einstaklinga í þessa átt hafa ekki verið samræmdar. — Fyrir stríð skapaðist mjög góður markaður fyrir Faxaflóasíld í Þýzkalandi, og voru fjöldamargir togarafarmar af þessari síld seldir þangað. Síldin var ísuð og síðan reykt. Og það var það, sem ég átti við áðan, er ég sagði, að þessi síld hefði kost fram yfir Norðurlandssíldina, að hún er ekki eins feit eins og síldin fyrir norðan og því hægt að reykja hana með góðum árangri. Og þess vegna var hennar mikið neytt erlendis.

Með þeim l., sem með frv. þessu er lagt til, að sett verði, er til þess ætlazt, að það verði létt af síldarútvegsn. áhyggjum vegna Faxaflóasíldarinnar. Það verður að viðurkenna það eins og það er, að síldarútvegsn. hefur að mörgu leyti vanrækt að sinna þessari síldveiði hér við Suðvesturlandið eins og skyldi. Má vera, að þar hafi valdið nokkru um, að n. hafi álitið, að með því að sinna meira um Faxaflóasíldina en gert hefur verið, mundi verða spillt fyrir markaðsmöguleikum fyrir Norðurlandssíld. En það virðist fjarri því, að svo mundi verða. Það virðist ekki vera erfiðleikum bundið að koma svo góðum mat í verð sem Norðurlandssíldin er, þó að meira væri að gert til að afla markaða fyrir og koma í verð Faxaflóasíldinni. — Ef málum væri svo fyrir komið eins og gert er ráð fyrir í þessu

frv., þá mundi vera hægt að samræma gerðir þeirra aðila, sem vildu beita sér fyrir að hagnýta sem bezt markaðsmöguleika, sem við höfum fyrir Faxaflóasíld, og einnig afla nýrra og betri markaða fyrir þessa síld. Og þó að nú sé lítil síldveiði við Faxaflóa sem stendur, þá er það ekki sönnun þess, að ekki sé nauðsynlegt, að sérstakar ráðstafanir séu gerðar til markaðsöflunar fyrir Faxaflóasíld. Síldin hefur brugðizt fyrir norðan líka, en samt hefur engum dottið í hug þess vegna að gera ekki ráðstafanir til þess að hagnýta síldina þar þegar hún kemur. Og það er ekki efa undirorpið, að síldin við Faxaflóa kemur, hvort sem það verður fyrr eða síðar.

Sem sagt, tilgangur þessa frv. er, að skipuð verði n. til þess að skipuleggja og undirbúa öflun og hagnýtingu markaða fyrir þá síld, sem veiðist í Faxaflóa og í hafinu í kringum Reykjanes og Snæfellsnes.

Ég vona, að hv. d. sýni þessu máli velvild, og legg til, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 47, n. 616).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Þetta frv. sendi sjútvn. fjórum aðilum til umsagnar: Síldarútvegsn., síldarverksmiðjum ríkisins, Fiskifélagi Íslands og stjórn Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Umsagnir bárust frá þremur. Fiskifélagið og síldarverksmiðjur ríkisins leggja afdráttarlaust á móti frv. Síldarútvegsn. er á móti frv., en telur þó, að það kunni að vera rétt að breyta l. þannig, að auka skyldur hennar og verkefni í sambandi við hagnýtingu og markaðsöflun fyrir Faxaflóasíld. Og einmitt í sambandi við þær ábendingar síldarútvegsn. hefur orðið samkomulag í n. um það, að frv. yrði afgr. með rökst. dagskrá, sem er á þskj. 616, þar sem ríkisstj. er falið að endurskoða l. um síldarútvegsn., en auk þess leggja síldarútvegsn. þær skyldur á herðar að annast frekar en nú undirbúning að því, að betur sé hægt að hagnýta Faxaflóasíldina heldur en nú er gert. Ég fyrir mitt leyti sem annar flm. þessa frv. tel, að að svo komnu máli sé sjálfsagt að fara að prófa, hvort síldarútvegsn. getur ekki leyst þetta verkefni þannig af hendi, að viðunanlegt megi teljast. Enn fremur er búizt við, að í framtíðinni verði lögð meiri áherzla á þetta mál, því að Faxaflóasíldin er nú meiri þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar heldur en áður. Í samræmi við þetta leggur n. til, að frv. verði afgr. með rökst. dagskrá sem er á þskj. 616.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 616 samþ. með 22 shlj. atkv.

6. Beitumál.

Á 61. fundi í Ed., 13. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 7. maí 1946, um beitumál (þmfrv., A. 338).

Á 62. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 17. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Sjútvmrh. hefur sent þessari d. frv. til l. um breyt. á l. um beitumál og óskað þess, að n. flytti frv. Efni frv. er það að koma á verðjöfnuði á beitu um allt land. Eins og nú er ástatt, þá er gert mikið að því að afla beitu til frystingar á Norðurlandi yfir aðalsíldveiðitímann, og er talið, að sá flokkur beitunnar sé dýrastur. Einnig er síðari hluta sumars aflað töluvert af síld í reknet hér í Faxaflóa, og er talið, að sá flokkur beitunnar sé ódýrari en sá fyrri. Í þriðja lagi er fryst mikið af síld, sem veidd hefur verið í Hvalfirði undanfarið ár og er enn að veiðast. Nú er það vitað, að ef ekki verður gerð verðjöfnun á þessari beitu, þá verður Hvalfjarðarbeitan ódýrari og gengur þá fyrst út. Hins vegar er ekki hægt að láta allar verstöðvar hafa not af þeirri beitu nema flytja hana til, sem mundi valda miklum kostnaði. Því þarf að heimila verðjöfnun á milli þessara þriggja flokka.

Sjútvn. hefur ekki enn tekið afstöðu til málsins og óskar eftir því, að þótt málinu verði ekki vísað til n., þá taki forseti ekki málið aftur á dagskrá nema í samráði við form. n. N. lofar því, að málið verði afgr. fljótt í n. Hver nm. tekur sér rétt til þess að koma með brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Þetta frv. er flutt af n. og engin till. hefur komið fram um að vísa því til n., enda virðist ekki vera þörf á því, þar sem form. n. hefur lýst því yfir, að n. muni taka það til nýrrar athugunar. Mun ég ekki taka það aftur á dagskrá, fyrr en tilkynning hefur komið frá form. n., ef það dregst ekki úr hófi fram, sem ég hef ekki ástæðu til að ætla, að verði.

Á 84. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Ed., 23. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 338, n. 519 og 572).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að vera langorður. Frv. þetta hefur verið rætt í sjútvn. og hún ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hl., hv. 4. landsk. og hv. þm. N-Þ., vill samþykkja það óbreytt, og munu þeir gefa út sérstakt nál. Sjútvn. ræddi við beitun. um þetta atriði og fékk skriflega umsögn frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands, og fiskimálastjóri hefur mætt á fundi n. Álit þessara aðila kemur fram í fylgiskjölum, og

ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að þeir séu allir sammála um, að ógerlegt sé að láta l. ná til þeirrar beitu, sem var seld á þessari vertíð. Auk þess er annað vandamál í sambandi við verðjöfnun. Ætla ég, að því verði ekki mótmælt, að meðalverð á síld mundi hækka. Þetta mundi ekki hvetja menn til að geyma beitu til næsta árs og ekki heldur til að afla nýrrar beitu. Meiri hl. n. lítur svo á, að nauðsynlegt sé, ef mögulegt er, að haga þannig frystingu í framtíðinni, að hægt sé að geyma beituna óskemmda ár frá ári. Og það liggja þegar fyrir upplýsingar um, að þetta er hægt með því að frysta í loftþéttum umbúðum. Meiri hl. leggur því aðaláherzluna á, að unnið sé að því nú þegar að afla slíkra umbúða. Mætti ef til vill bjarga miklu af þeirri beitu, sem ekki er seld. Ég vænti, að hæstv. ríkisstj. ljái þessu máli lið, svo að hægt verði fyrirvaralaust að afla slíkra umbúða til landsins, þar sem útgerðarmenn ættu þess kost að bjarga beitunni á þann hátt. Því er haldið fram, að nokkuð mikill vafi sé á, að menn vilji afla beitu á sumarvertíðinni til frystingar, vegna þess að vel geti komið til mála, að á næsta hausti verði ódýr beita við Faxaflóa. En við þessi skilyrði hafa útgerðarmenn alltaf orðið að búa meira og minna, að taka áhættu með beituöflun, hvað geymsluna snertir. Sú áhætta minnkar mikið með greiðum aðgangi að þeim umbúðum, sem við höfum talað um.

Ég hygg einnig, að minni hl. fallist á, að svo framarlega sem þeirra till. verða felldar í d., þ. e. að dagskráin verði felld, þá óski þeir þó eftir, til þess að eitthvað verði gert í málinu, að stigið verði þetta spor, sem ætti að verða til mikilla bóta, að afla réttra umbúða. Ég legg því til f. h. meiri hl., að hin rökst. dagskrá verði samþ.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég verð að segja, að mér virðist hafa orðið dálítið undarleg meðferð þessa máls. Þetta frv. á þskj. 338 er í raun og veru stjfrv., flutt af sjútvn. d. samkv. beiðni sjútvmrh. Sjútvn. hefur leitað umsagnar 3 aðila um þetta frv., eins og hv. frsm. meiri hl. gat um áðan, og allir þessir aðilar hafa mælt með því, að frv. þetta verði samþ. Samt sem áður snýst meiri hl. sjútvn. á móti málinu, og eru það allt stuðningsmenn stj. Leggja þeir til, eftir að búið er að draga afgreiðslu málsins alllengi, að málinu verði vísað frá með rökst. dagskrá. Aðeins ég, sem ekki er stuðningsmaður ríkisstj., og hv. þm. N-Þ. höfum tekið þann kost að mæla með framgangi frv. í samræmi við óskir þeirra aðila, sem þarna eiga fyrst og fremst hagsmuna að gæta, og samkv. mjög eindregnum tilmælum beitun. til sjútvmrh. og síðan beiðni hans til sjútvn. um það að flytja þetta frv.

Aðalrökin fyrir því að heimila þá verðjöfnun á beitusíld, sem felst í ákvæðum frv., eru þau, að vegna þeirra veiða, sem í Hvalfirði hafa verið tvö s. l. haust, sé mikil hætta á, að menn haldi áfram að reikna með því, að slíkar síldveiðar verði einnig næsta haust og áfram, og því verði engar ráðstafanir gerðar til að frysta síld til beitu yfir sumarvertíðina og á reknetjavertíðinni í Faxaflóa snemma að haustinu. Það mundi síðan leiða til þess, að ef svo færi, sem alltaf getur orðið, að síðan yrði lítil eða engin síldveiði í Hvalfirði eða annars staðar við Faxaflóa næsta haust og vetur, þá stæðu menn uppi, þegar vetrarvertíðin byrjaði, ef til vill með enga beitusíld. Ég held þetta sé of mikil áhætta, ekki aðeins fyrir þá einstaklinga, sem hlut eiga að máli, heldur líka fyrir þennan þýðingarmikla atvinnuveg þjóðarinnar í heild. Það er ætlazt til með þessu frv. að koma í veg fyrir slíka þróun þessa máls með því að heimila ráðh. að ákveða verðjöfnun þeirrar síldar, sem fryst yrði til beitu, þótt keypt hafi verið inn til frystingar með mismunandi verði. En það er vitað mál og fengin fyrir því reynsla, að sú síld, sem er keypt til frystingar á sumarvertíðinni fyrir norðan og fryst þar, en flutt síðan suður til notkunar, getur verið miklu dýrari en sú, sem veiðist hér fyrir sunnan, jafnvel dýrari en reknetjasíld og miklu dýrari en herpinótasíld, sem kynni að veiðast í Faxaflóa að haustinu og vetrinum. En þessi verðmunur mundi leiða til þess, að ef menn, sem kaupa dýra síld að sumrinu til frystingar, hafa ekki neina tryggingu fyrir því að geta selt hana fyrir kostnaði, þá mundu þeir ekki afla sér neinnar síldar til frystingar. Afleiðingin gæti orðið sú, að útgerðin stæði svo uppi í vetrarvertíðarbyrjun án þess að hafa svo sem nokkra síld til beitu.

Ég álít þess vegna, að þetta mál sé svo þýðingarmikið, að ekki sé rétt af þinginu að gefa sér ekki tíma til að afgreiða það, enda hefði verið nógur tími til að vera búinn að því, ef ekki hefði verið tafið fyrir því af mönnum, sem einhverra hluta vegna eru á móti því, að þessi háttur sé upp tekinn. Það kann að vera tvísýnt nú að koma málinu í gegn. En ég vildi þó, að gerð yrði tilraun til þess.

Hv. frsm. meiri hl. færði nú hér fram m. a. þau rök móti þessu, að eins og nú væri komið, mundi þessi lagasetning ekki geta verkað neitt, þó að þetta frv. yrði samþ. nú, væri ekki hægt að nota l. til verðjöfnunar á síld, sem menn nota þessa vetrarvertíð. Ég býst við, að það sé rétt. En þar með eru þá líka fallin þau rök, sem hann flutti fram, að af þessu mundi hljótast mikill kostnaður, vegna þess að verðjöfnun mundi verða látin ná til allrar síldar, sem nú er til og e. t. v. yrði ekki notuð og yrði eyðilögð, en heimtað fyrir hana verð og tekið tillit til þess í væntanlegri verðjöfnun. Hér eru þessi rök þá niður fallin. Þetta mundi ekki hafa nein áhrif til hækkunar á beituverðinu. En þrátt fyrir það, að heimildina sé ekki hægt að nota í þetta sinn vegna þess, hve mikill dráttur hefur orðið á málinu og langt er liðið á vertíð, þá álít ég engu að síður ástæðu til og jafnmikla nauðsyn, að þetta frv. sé samþ. nú, til þess að nota megi heimildina á næsta hausti, því að, eins og ég sagði áðan, ef engin heimild er til um þetta, getur farið svo, að ekki yrði séð fyrir neinni beitufrystingu í sumar eða haust og treyst eingöngu á herpinótaveiðina í Faxaflóa á næsta vetri. Og ef sú veiði bregzt, er engin beita fyrir hendi. Ef hins vegar heimild væri nú gefin og notuð, mundu menn ekki hafa af þessu þá áhættu, sem annars væri, og mundu gera svipaðar ráðstafanir og áður. Þær ráðstafanir, sem meiri hl. vill gera og felast í dagskrártill. á þskj. 572, eru hins vegar að mínu áliti alls ófullnægjandi fyrir þessa næstu vertíð. Ég fellst algerlega á það, að bezta úrræðið, sem er fyrir hendi í framtíðinni, sé að frysta síldina í loftþéttum umbúðum, til þess að hægt sé að geyma hana ár frá ári, og séu þannig alltaf tryggðar fyrirliggjandi nægar beitubirgðir,

án þess að fylgi sú áhætta, að síldin eyðileggist. En jafnvel þótt undinn yrði bráður bugur að því að útvega þessar umbúðir, sem þó engin trygging er fyrir með dagskránni, þá mundi það ekki koma að gagni fyrir beituöflun á næstkomandi sumri, því að vegna þeirrar áhættu og verðmismunar, sem á þessu er, eru mestar líkur til, að sú beituöflun færi að mjög litlu leyti fram á næsta sumri, heldur yrði treyst á næsta haust og vetur. Og ef hún brygðist, yrðum við jafnbeitulausir fyrir því. Sú ráðstöfun getur gilt fyrir framtíðina, þegar búið er að útvega umbúðir og vélar til að nota þær. En þó tel ég mikla hættu á, að síldar í þær umbúðir yrði ekki aflað í sumar, nema heimild til verðjöfnunar yrði nú samþ. og hægt yrði að beita henni þegar á næsta sumri og hausti. Ég vil þess vegna halda fast við það, að mikil þörf sé á því að samþ. þetta frv. og gefa ráðh. þá heimild, sem það felur í sér og styðst við meðmæli ekki aðeins beitunefndar, heldur líka annarra þeirra aðila, sem leitað hefur verið umsagnar um málið hjá. Og þær umsagnir fylgja hér með sem fskj. Það er sammála álit þeirra allra, að rétt sé og nauðsynlegt að setja heimildina. Og ég held að Alþ. ætti, þó að mjög sé áliðið tímans, að gera tilraun til að afgr. málið á þann hátt og koma þannig í veg fyrir þá hættu, sem annars kynni að hljótast af fyrir þennan aðalatvinnuveg landsmanna á þessu og næsta ári.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 527 samþ. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, GÍG, LJóh, PZ, SÁÓ, ÞÞ, EE, BSt.

nei: StgrA, ÁS, BK, BrB.

5 þm. (HV, HermJ, JJós, PM, BBen) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Bernharð Stefánsson: Þar sem ég tel alveg óhugsandi, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi og verði að l., en tel hins vegar ávinning í því, að dagskráin verði samþ., heldur en að gera ekkert í málinu, þá segi ég já.

Lagafrumvarp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

Hvíldartími háseta á botnvörpuskipum.

Á 3. fundi í Sþ., 6. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim l. (þmfrv., A. 7).

Á 4. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ekki nýtt hér í þingsölunum, eins og hv. þm. er kunnugt. Það var flutt hér í fyrra og rætt og skýrðar ástæðurnar fyrir því, að það var flutt. Ég sé ekki ástæðu til þess að halda hér langa tölu um þetta frv. vegna þess, hve þetta mál er mönnum kunnugt og því fylgir glögg grg. Ég vil aðeins segja það, að sjómennirnir sjálfir hafa sýnt sinn lifandi áhuga fyrir málinu og sent hingað til Alþ. áskoranir um að samþykkja frv., og liggja nú fyrir Alþ. áskoranir frá flestum starfandi togarasjómönnum í landinu.

Hér er um svo mikið réttlætismál að ræða, að það ætti skilið að fá fljóta og góða afgreiðslu í þinginu. Vil ég mælast til þess, að því verði að loknni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 30. jan., utan dagskrár, mælti

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að nota þetta tækifæri til þess að bera hér fram fyrirspurn til hv. sjútvn. þessarar hv. d., þar eð ég sé, að form. hennar, hv. þm. Ísaf., er hér viðstaddur. Ég flutti hér frv. til l. um breyt. á l. um hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum ásamt hv. 8. þm. Reykv. Þann 8. okt. var málinu vísað til hv. sjútvn. þessarar d., en síðan eru nú liðnir 4 mánuðir. Ég vil nú leyfa mér að spyrja form. n. um það, hvað afgreiðslu þessa máls líður, og ég vænti þess mjög eindregið að fá álit n. um málið, áður en langt um líður.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Það liggja nú nokkur mál fyrir hjá sjútvn., og eru þau á ýmsu stigi, ýmist í athugun eða hafa verið send til ýmissa manna til athugunar og umsagnar. Var ætlunin, að tekið yrði til óspilltra málanna að þinghléi loknu eftir nýárið, en af því gat ekki orðið sökum þess, að einn nm., hv. þm. Siglf., var ekki kominn og hefur ekki enn mætt til þings. En hv. þm. Siglf. hefur áhuga fyrir því að fá tækifæri til þess að fylgjast með þeim málum, sem fyrir n. liggja, og þess vegna hefur nokkur dráttur orðið á afgreiðslu ýmissa mála af n. hálfu. Okkur nm. fannst rétt að bíða þess, að hv. þm. Siglf. kæmi til þings, en ef til vill getur hv. 11. landsk. sagt, hvenær hv. þm. er von eða hvort flokkur hv. þm. hefur í hyggju að skipa annan mann í sjútvn. í hans stað.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ísaf. og form. sjútvn. fyrir svarið við fyrirspurn minni. Hvað við kemur fjarvist hv. þm. Siglf., þá get ég upplýst, að það hefur verið búizt við honum á hverjum degi, og á ég bágt með að skilja, að hann muni tefja mál það, sem ég spurði um, né önnur mál, sem fyrir hv. sjútvn. liggja.

Á 68. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 5. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 7, n. 388 og 405).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. Það stendur þannig á með þetta mál, að hæstv. forsrh. þarf alveg nauðsynlega að vera við umr., og vil ég fara fram á það við hæstv. forseta, að honum verði gert aðvart, áður en ég byrja mál mitt.

Þetta er ekki nýtt mál í d., og get ég af þeirri ástæðu verið fáorður. Frv. samhljóða þessu lá fyrir síðasta þingi, en var nú lagt fyrir aftur í þingbyrjun. Það hefur orðið langur dráttur á, að n. skilaði málinu af sér, en það á sínar orsakir eins og margt annað.

Frv. fékk þá meðferð á síðasta þingi, að meiri hl. sjútvn. lagði til, að það yrði felit, en minni hl., að það yrði samþ. óbreytt. Þannig fór það til 2. umr., en þeirri umr. varð aldrei lokið.

Um efni þessa máls þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Það er hv. þm. vel kunnugt, þar sem frv. hefur legið fyrir tveimur þingum, því síðasta og þessu þingi.

N. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Frv. var upphaflega sent til umsagnar þeim aðilum, sem mest eiga þarna hlut að máli, en það eru þeir, sem vinna á togurunum, og þeir, sem gera togarana út, m. ö. o. sjómannafélögin í Reykjavík og Hafnarfirði og Landssamband útgerðarmanna. N. barst aldrei svar nema frá Landssambandi út-

gerðarmanna, sem andmælti frv., Sjómannafélag Hafnarfjarðar hefur ekki sent sitt svar til n., en minni hl. n. hefur skýrt frá, að það hafi verið lagt fram á lestrarsal, en n. hefur aldrei fengið það í sínar hendur. Nú hefur borizt svar frá starfandi sjómönnum á togaraflotanum, sem eindregið leggja með, að frv. verði samþ. Hér standa þess vegna tveir aðilar á öndverðum meiði.

Sjútvn. hefur þess vegna álitið, að hér væri um nokkuð breytt viðhorf að ræða. Form. n. hefur rætt málið við hæstv. forsrh., sem þetta mál mun heyra undir, hvernig stj. mundi líta á það, ef því yrði vísað til stj. til athugunar, og mun hann hafa lýst yfir, að hann mundi láta slíka athugun fara fram, ef til kæmi.

Þeir menn í sjútvn., sem lögðu til á síðasta þingi, að frv. yrði felit, hafa nú fallizt á, að málið fari til rannsóknar eða athugunar hjá ríkisstj., og af þeirri ástæðu hafa fjórir nm. skilað áliti, þar sem lagt er til, að málinu verði vísað til ríkisstj. Minni hl. mun gera grein fyrir sínu máli, og að sjálfsögðu, eins og fram er tekið í hans nál., leggur hann til, að frv. verði samþ., en að öðru leyti mun hann gera grein fyrir sínu máli. Ég hef því ekki annað fram að bera f. h. meiri hl. n. en að óska þess, að málinu verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Ég get líka lofað því að vera stuttorður. Það fóru fram nokkrar umr., þegar málið kom úr n. í fyrra, þó að umr. yrði ekki lokið þá. Gerði ég þá grein fyrir minni afstöðu til málsins í allýtarlegu nál., sem ég skilaði þá, og er ekki ástæða til að endurtaka það, en ég vil aðeins drepa á höfuðatriðin, sem eru þau, að eins og nú standa sakir, eiga togaramenn að hafa 8 tíma hvíld á sólarhring, þ. e. a. s. þeir eru skyldir til að vinna 16 tíma á hverjum sólarhring. Höfuðrökin fyrir að leiðrétta þetta hvíla á þeirri staðreynd, að það eru engir aðrir menn í þessu landi, sem er upp á lagt að vinna annað eins og þetta. Þetta misræmi verður að leiðrétta.

Því hefur verið haldið fram, að sérstaklega stæði á með togaramenn, þó að þeir ynnu svo langan tíma, af því að þeir hefðu hlé á milli, og því væru togarasjómenn sjálfir ekki sérstaklega spenntir fyrir þessu máli, heldur væri verið að ýta málinu fram af pólitískum ástæðum. En eftir að málið var flutt á þingi í fyrra af sömu mönnum og flytja það nú, þá gekk bylgja um allan togaraflotann, og mikill hluti starfandi togaraháseta hefur sent áskorun til Alþ. um að lögfesta frv. um að hækka hvíldartímann úr 8 stundum í 12 stundir. Þar með er slegið föstu, að togaramenn telja þetta óhjákvæmilega nauðsyn og réttlætismál. Hitt þarf ekki að ræða, að það er óhæfa að ætlast til þess, að sjómenn á togaraflotanum vinni 16 tíma á sólarhring, þegar 8 tíma vinnudagur er viðurkenndur í landi, enda býst ég við, ef saman er borið það erfiði og vosbúð, sem fylgir þessu starfi, þá muni vera leitun á störfum hér á landi, sem eru jafnerfið og vosmikil eins og einmitt þessi störf eru. Gegn þessu hefur af hálfu útgerðarmanna, sem skrifuðu bréf til sjútvn. í fyrra, þegar þeir voru beðnir umsagnar um þetta mál, verið haldið fram, að þetta mundi íþyngja svo rekstri togaranna, að ekki væri hægt að leggja þetta á hann, eins og nú standa sakir. Í fyrsta lagi eru það ekki gild rök gegn málinu. Það er ekki enn þá reynt, hversu mörgum mönnum þyrfti að bæta við eða hvort það þyrfti að bæta mönnum við. Sumir draga í efa, að það þurfi að bæta við mönnum, vegna þess að vinnan nýtist betur, mönnum vinnist betur með 12 tíma hvíld en með 8 tíma hvíld. Ég býst við, að einmitt sá skriður, sem hefur komið á málið, síðan það var tekið upp í fyrra, hafi orðið þess valdandi, að ýmsir útgerðarmenn hafi farið að verða í mjög miklum vafa um, að rétt sé að hamast eins mikið á móti málinu eins og þeir virtust ætla sér að gera í fyrstu. Og þó að það þyrfti að fjölga á togurunum, sem getur ekki orðið nema 2—3 menn, þá er það atriði vitanlega ekki nægileg rök. Ef okkar útvegur þolir þetta ekki, þá verður að leysa það á annan hátt en að ætla þeim, sem þessi störf vinna, að leggja miklu meira á sig en aðrir gera. Það er því óhæfa að bera slíkt fram sem rök gegn 12 stunda hvíldartíma. Ég býst við, að flestir séu sammála um, að það sé ekki hægt að létta rekstur útgerðarinnar með því að leggja verkafólkinu, sem við hana vinnur, þær skyldur á herðar að vinna lengur en aðrir og lengur en hæfilegt er.

Þetta mál er því mannréttindamál, sem ekki er hægt að smeygja fram hjá sér. Það er ekki forsvaranlegt að búa þannig að mönnum, sem starfa við einn allra þýðingarmesta atvinnuveg þjóðarinnar, að þeir þurfi að vinna helmingi lengri tíma en almennt er viðurkennt við störf manna í landinu. Þetta er mannréttindamál, sem hlýtur að ná fram að ganga. Og ef maður ber saman undirtektir undir málið nú og í fyrra, þá sér maður, að það hefur þegar nokkuð áunnizt. Og þeir, sem vilja standa gegn málinu nú, geta verið vissir um, að þó að það verði nú felit, þá er það ekki búið að vera, það verður tekið upp aftur og aftur, og fylgi þess eykst, þar til gengið verður inn á þessa mannréttindakröfu sjómanna. Í fyrra afgr. sjútvn. málið á þann hátt, að ég var einn um að frv. yrði samþ. óbreytt. Sjálfstæðis- og framsóknarflokksmenn lögðu til, að það yrði felit, en fulltrúi Alþfl., hv. þm. Ísaf., var ekki við því búinn að taka afstöðu til frv. Frv. hafði áður verið sent til umsagnar sjómannafélögunum í Reykjavík og Hafnarfirði. Sjómannafélagið í Hafnarfirði tók það fyrir á fundi og samþykkti að lýsa fylgi við það, þó að sú ályktun bærist ekki í hendur n. Í umr. hér á Alþ. um þetta mál talaði enginn af hálfu Alþfl. En þetta hefur málið þó þokazt áfram, að nú hefur hv. þm. Ísaf., sem er fulltrúi flokksins í sjútvn., gengið það langt, að hann vill láta vísa málinu til ríkisstj. til athugunar. Hv. þm. Ísaf. kom þetta ráð ekki til hugar í fyrra. Þá taldi hann, að málið væri þannig og undirtektir, að óhætt væri að fella það. Nú er honum ljóst, að sú alda, sem gengur yfir flotann út af þessu máli, er það þung, að ekki tjáir að streitast á móti. Og nú er allt í lagi með að segja: Við erum með þessu máli, en það verður að athugast betur. — Þeir menn, sem í fyrra lögðu til, að málið yrði felit og eru enn þá andvígir því, geta fallizt á þá leið að vísa málinu til ríkisstj. Þar með er því komið fyrir kattarnef a. m. k. í bili. Hér er því ekki um annað að ræða en það að breyta forminu á að fella málið. Þess vegna gat ég ekki fallizt á að vísa málinu til ríkisstj. Ég tel

málið þrauthugsað. Sjómenn eru búnir að gera málið upp við sig og eru allir sem einn maður fylgjandi því. Hv. þm. eiga ekkert annað eftir að rannsaka en hug sinn um það, hvort þeir vilja synja sjómönnum um þau réttindi, sem verkamenn í landinu hafa fengið almennt viðurkennd, og hvort sjómenn eigi þannig að sitja við skarðari hlut heldur en almenningur í landinu. — Það verður fróðlegt að heyra, hvernig með þetta mál verður farið, og þótt svo fari enn, að þingmeirihlutinn vilji ekki fallast á að lögfesta 12 tíma hvíldartíma fyrir háseta á togurum, er ég viss um, að hér er aðeins um tímaspursmál að ræða, þar til hann sér sér ekki lengur fært að ganga gegn því, að þetta réttindamál sjómannastéttarinnar verði lögfest.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Það má segja, að l., sem sett voru um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, séu nokkuð einstök í sinni röð og eigi sér í raun og veru ekki neina hliðstæðu í íslenzkri löggjöf, því að það finnst hvergi nema í þessum l., að stétt manna sé löghelgaður hvíldartími. En þessi l. voru sett, þegar sjómannasamtökin og verkalýðssamtökin í landinu voru mjög veik og þegar sjómenn voru ofþjakaðir á togurum. Nú hefur þetta breytzt ákaflega mikið að því leyti, síðan þessi l. voru sett, að vinnutíminn í landinu er ákveðinn með frjálsum samningum í flestöllum greinum þannig, að samningar eru gerðir milli atvinnurekenda og verkamanna eða annarra launþega um 8 tíma vinnu á sólarhring, en stundum meira. Hins vegar hefur ekki orðið veruleg breyting á vinnutíma sjómanna, hvorki togaraháseta né annarra á þessum sama tíma. Ég hefði því að mörgu leyti óskað þess, að athugun sú, sem sett hefur verið í gang, hefði verið nokkuð víðtækari og næði til fleiri sjómanna heldur en togarasjómanna einna, vegna þess að á sama tíma sem vinnutími þeirra, er í landi vinna, hefur stytzt, hefur engin breyting orðið á vinnutíma sjómanna yfirleitt. Eins og sakir standa, stunda togarar ísfiskveiðar, og það er vitanlegt, að verulegur hluti háseta af þeim eru í landi, meðan aðrir sigla út með fiskinn, eða aðeins hluti af þeirri áhöfn, sem þarf á togarann, þegar hann er við veiðar hér við land, þannig að þeir geta þannig hvílzt á milli, og kemur þetta nokkuð upp á móti styttingu vinnutímans hjá öðrum stéttum. Hins vegar er nokkur hætta á því, að ef togarar ættu að sækja á löng mið, eins og stundum kemur fyrir, þegar veitt er í salt, gæti vinnutíminn orðið nokkuð langur og því of mikil áreynsla lögð á sjómennina.

Ég spurðist því fyrir um í sjútvn., hvort ekki gæti náðst samkomulag innan n. um það, að n. flytti till. um skipun mþn. til þess að athuga yfirleitt vinnutíma og vinnukjör sjómanna, og undir þessa till. mína tók fulltrúi Framsfl. í sjútvn., hv. 2. þm. N-M. Þetta er orðið ákaflega mikið alvörumál, því að bæði lítur út fyrir, að vinnutími sjómanna sé óvenjulega langur miðað við annarra stétta og vinnukjörin alls ekki þannig, að þau séu sambærileg. Um þessa till. mína náðist þó ekki samkomulag, því að hv. þm. Siglf. skarst úr leik, þar eð hann taldi óþarft að gera athugun á vinnutíma nokkurra annarra sjómanna en togaraháseta og vildi samþykkja frv. eins og það liggur fyrir. Fulltrúar Sjálfstfl. í n., hv. 5. þm. Reykv. (SK) og hv. þm. Borgf. (PO), sem höfðu lagzt gegn málinu í fyrra, gátu hins vegar til samkomulags við okkur tvo aðra nm. fallizt á, að þessu máli yrði vísað til ríkisstj. til frekari athugunar — ekki til að svæfa það, því að ég hef rætt þetta mál við hæstv. forsrh. og hann hefur lofað, ef óskir kæmu fram um það frá n., að þetta mál yrði athugað, að það skyldi gert og þá væntanlega með skipun sérstakrar n.

Nú er það svo, að fyrir þessu máli virðist vera allmikill áhugi meðal sjómanna og að þeir vilji fá Alþ. til þess að setja um þetta löggjöf, án þess að þeir hafi beitt fyrir sig sínum samtökum í þessu máli. Hins vegar eru mótmæli gegn þessu mjög ákveðin af hálfu togaraeigenda, og telja þeir tormerki mikil á, að hægt sé að koma slíkum vinnutíma í framkvæmd. — Við erum nú að eignast nýja og stóra togara, og má vel vera, að sjósóknin breytist eitthvað af þeim ástæðum, en reynsla af því fæst ekki strax. Þeir, sem halda því fram, að nauðsynlegt sé að setja um þetta löggjöf, ættu því ekki að taka illa í, að þetta mál yrði tekið til sérstakrar athugunar. Ég vildi fyrir mitt leyti — án þess að ég tali þar fyrir munn n. eða meiri hl. hennar — mælast til þess við hæstv. forsrh., að hann gefi hér á þingfundi yfirlýsingu um það, á hvern hátt hann muni láta þessa athugun fara fram. Ég tel nauðsynlegt, að þetta mál sé mjög vel undirbúið og að reynt sé að komast að samkomulagi milli togarahásета og togaraeigenda um fyrirkomulag á vinnutíma á hinum nýju togurum. Eins og hv. þdm. er kunnugt, eru þetta ákaflega stórvirk tæki og nauðsynlegt, að þau séu rekin þannig, að þau beri sig og gefi arð í þjóðarbúið. Í öðru lagi er nauðsynlegt, að vinnutíma sé sem allra haganlegast fyrir komið með tilliti til heilsu þeirra, sem við þau vinna. Það er því síður en svo, að lagzt sé á móti málinu með því að vísa því til ríkisstj., heldur væri það því til mikils framdráttar, ef árangur þessarar athugunar yrði sá, að togarahásetar og togaraeigendur kæmu sér saman um vinnutilhögun á þessum stórvirku tækjum.

Hv. þm. Siglf. komst þannig að orði, að afstaða mín í fyrra til þessa máls hefði verið þannig, að ég vildi fella frv. Í það eina skipti, sem málið kom á dagskrá, eftir að málið kom frá n., ef það kom þá nokkurn tíma þaðan, var ég ekki viðstaddur og lét enga skoðun uppi um málið. Þá sagði hv. þm., að málið hefði þokazt nokkuð fram á leið með þeirri afgreiðslu, sem hér er fyrirhuguð á því, en á hinn bóginn hélt hann því fram, að verið væri að drepa málið með því að vísa því til ríkisstj. Þetta er dálítið einkennilegur málflutningur. Annaðhvort er málið drepið, og þá kemst það ekkert áfram, eða það fer til ríkisstj., og þar þokast það eitthvað áfram.

Ég hef þá öruggu trú, að málinu sé betur borgið á þann hátt, sem meiri hl. n. stingur hér upp á, heldur en að láta frv. koma nú til atkv. og þannig stofna því í þá hættu að verða felt. — Ég vil svo vænta þess, að hæstv. forsrh. gefi yfirlýsingu um það, að hann muni láta fara fram þá athugun í málinu, sem meiri hl. n. hefur óskað eftir.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Í nál. hv. meiri hl. sjútvn. á þskj. 405 er það réttilega eftir mér haft, að ég hafi lýst yfir, að ég

væri fús til, ef ósk um það kæmi fram, að láta fara fram nánari athugun á því máli, sem hér liggur fyrir, og ég gat þess um leið — eins og tekið er fram í nál. —, að sú athugun yrði væntanlega framkvæmd með skipun sérstakrar n. — Ég skal staðfesta þessi ummæli, sem eftir mér eru þarna höfð, og skal bæta því við, að ég skoða það svo, ef till. hv. meiri hl. sjútvn. yrði samþ. um að vísa málinu til ríkisstj., að það væri gert með þeim rökstuðningi, sem fram hefur komið við umr. hér og í nál., að ríkisstj. léti fara fram á málinu nánari athugun.

Ég mundi fyrir mitt leyti gera ráðstafanir til þess, eins fljótt og unnt væri, að fulltrúar frá sjómannafélögunum og útvegsmönnum auk annarra viðkomandi aðila yrðu þar kvaddir til ráða, og að reynt yrði að koma sér niður á þá lausn málanna, sem eftir þá íhugun þætti líklegust til, að málin yrðu á sem beztan hátt til lykta leidd fyrir alla aðila.

Það er alls ekki tilætlun mín, ef máli þessu verður vísað til ríkisstj., að svæfa það, heldur að láta fara fram á því þá athugun, sem ég hef hér á minnzt. Vildi ég vænta þess, að þeirri athugun lyki á þá lund, að annaðhvort yrði sett löggjöf um þessi atriði eða samkomulag næðist milli aðila, sem viðhlítandi væri fyrir sjómenn og ekki yrði til þess að stofna til óþæginda að nokkru leyti við rekstur sjávarútvegsins í landinu yfirleitt. Og að sjálfsögðu er þjóðfélagið sem heild og Alþ., sem á að gæta heildarhagsins, einnig áhugasamt um það, að lausn næðist í þessum málum, sem væri viðunandi fyrir alla. Virðist mér margt benda til þess, að það stefni smám saman í þá átt, að samkomulag fari stöðugt batnandi milli sjómanna og útvegsmanna um þessi mál, nú seinast, þegar samið var um kaup og kjör sjómanna á flutningabátum, en þá sömdu fulltrúar sjómanna og útvegsmanna um visst vinnutíma sjómanna á þessum bátum.

Ég vil mega vænta þess, að góð lausn á þessum málum gæti fengizt upp úr þessari athugun og þá sem allra fyrst.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um nauðsyn þess að stytta vinnutíma togaraháseta. Það hefur verið gert svo rækilega áður og einnig af frsm. minni hl., hv. þm. Siglf., að ekki þarf þar við að bæta. — Ég vil því aðeins segja örfá orð um störf n. og annað, sem fram hefur komið í málinu á þessu þingi. Frsm. meiri hl., hv. 5. þm. Reykv., gat um það í upphafi máls síns, að málið hefði legið lengi hjá n. og að það hefði raunverulega orðið mjög langur dráttur á meðferð málsins þar. Þetta er hreinskilnisleg játning og það eru fleiri sammála honum um það. Þetta mál hefur legið lengur en góðu hófi gegnir hjá n., og þess vegna kemur það síðar en skyldi fyrir þingið. — Út af ræðu hv. 5. þm. Reykv. og þó sérstaklega út af nál. meiri hl. furðar mig stórlega á, að hann skuli birta svo ósanna hluti sem hann gerir. Því er haldið fram af hv. meiri hl., að frv. hafi verið vísað til 3 aðila, þ. e. til sjómannafélaganna í Reykjavík og Hafnarfirði og Landssambands ísl. útvegsmanna, og að svör hafi borizt frá Landssambandinu, en ekki frá sjómannafélögunum. En sannleikurinn er sá, eins og áður hefur verið tekið fram, að sjómannafélag Hafnarfjarðar svaraði rækilega, enda neyddist frsm. meiri hl., hv. 5. þm. Reykv., til að viðurkenna, að rétt væri, en að þetta plagg hefði ekki borizt í hendur n., heldur hefði það aðeins verið lagt inn á lestrarsal. Þetta er því alls ekki sök sjómannafélags Hafnarfjarðar, heldur hljóta hér að vera önnur öfl að verki. Sjómannafélag Hafnarfjarðar hefur svarað skilmerkilega og tekið skelegga afstöðu með frv., en Sjómannafélag Reykjavíkur hefur ekkert látið frá sér heyra, og skal það enn einu sinni sagt hér, að í þessu kemur fram alvarlegt sinnuleysi félagsins varðandi mál sjómannastéttarinnar, sem á engan hátt er verjandi, svo að ekki sé meira sagt.

Hv. þm. Ísaf., sem á sæti í sjútvn., ræddi um orsakir þess, er l. voru sett í upphafi um hvíldartíma háseta. Kvað hann l. þessi einstæð í sinni röð, og að þau hefðu verið sett vegna þess, hve þessi stétt hefði verið illa sett og hversu vinnuþreki sjómanna á skipum hefði verið ofboðið. Ég vil nú ekki skilja ummæli hv. þm. á þann veg, að hann hafi viljað draga úr réttmæti þess, að þessum l. verði breytt, því að eins og hann kom síðar að, hafa orðið stórfelldar breytingar á vinnutíma þeirra, er í landi vinna, síðan þessi löggjöf var sett, og það svo, að 8 stunda vinnudagur er nú almennt viðurkenndur. Það virðist því full ástæða til, að þessum l. sé breytt og þau færð meira til samræmis við gildandi reglur hjá öðrum stéttum um þessi atriði, og það var með hliðsjón af þessu, sem frv. var flutt í fyrra og nú aftur í ár. — Það hefur verið orðað hér, að nauðsyn beri til að endurskoða vinnutíma sjómanna almennt, en ekki aðeins togaraháseta. Þetta er að vísu rétt, en staðreyndin er sú, að togarahásetarnir verða langharðast úti í þessum efnum. Önnur skip, sem til greina koma, eru trollskip upp undir 10 smál. Þau verða að koma inn á 5 daga fresti, og bátar á línuveiðum helzt vikulega, — og þótt þeir stundi ekki þá veiði nú, er alls ekki þar með sagt, að svo verði ekki í framtíðinni.

Hv. þm. Ísaf. minntist á nýju skipin og kvað nauðsynlegt, að þau skiluðu arði og að ekki mætti heldur ofbjóða sjómönnunum. Það er auðvitað rétt, að skipin verða að bera sig, en atriði nr. 1 er það, að sæmilega sé búið að þeim, sem á skipunum eru. Sjómennirnir sjá það bezt sjálfir, hvílík nauðsyn er að breyta hinu úrelta fyrirkomulagi um hvíldartímann á skipunum, og með tilkomu nýju skipanna hafa þær línur skýrzt mjög. Þess vegna hafa áhafnir nýju skipanna ekki verið neinar undantekningar um það að skora á Alþ. að samþykkja þetta frv.

Það hefur verið getið um það í þessu sambandi, að ekki sé þörf á að breyta til um hvíldartímann vegna þess, að sjómenn á ísfiskveiðum fái nú alltaf annað slagið að vera nokkra daga í landi, á meðan skipin sigla út með afla sinn. En vinnutíminn á sjónum er jafnlangur eftir sem áður, og verður þetta því ekki notað sem röksemd fyrir því að halda áfram í sama gamla farinu.

Hv. þm. Ísaf. drap á það, að togarasjómenn almennt mundu hafa sent áskorun til Alþ. um að samþykkja frv., en sú áskorun hafi ekki verið borin fram af samtökum sjómanna. Mér er ekki ljóst, hvað hv. þm. á við, ef hann vill draga úr því, að frv. sé flutt vegna almenns áhuga fyrir þessu máli. Ég get t. d. bent á það, að á Alþýðusambandsþingum hafa verið samþykktar ákveðnar áskoranir

til Alþ. um að beita sér fyrir því að stytta vinnutíma sjómanna. Það liggja því fyrir ákveðin tilmæli frá samtökum sjómanna um, að hvíldartíminn sé lengdur, enda þótt afstaða Sjómannafélags Reykjavíkur hafi verið sú, sem raun er á. Og ástæðan fyrir því, að frv. var flutt í upphafi, er sú, að stéttarsamtök sjómanna voru þessu máli fylgjandi. Eftir að frv. kemur fram, hefur það sannazt, að starfandi sjómenn eru einhuga um málið, því að fyrir Alþ. liggur áskorun allflestra togarasjómanna, sem starfandi eru í dag, um, að frv. verði samþykkt.

Það nál., sem hér liggur fyrir frá meiri hl. sjútvn., gerir ráð fyrir því, að frv. verði vísað til ríkisstj. Það hefur áður verið skýrt, að sumir af þeim nm., sem nú vilja fara þá leið, eru sömu mennirnir sem fella vildu frv. í fyrra, — og óvænt slær það mann, að varla getur það verið til þess að flýta fyrir afgreiðslu þess nú, að þeir vilja vísa því til ríkisstj.

Hv. þm. Ísaf. komst að þeirri gáfulegu niðurstöðu, að annaðhvort yrði málið drepið eða ekki drepið. Það er nú svo! Hins vegar eru ýmsar aðferðir til þess að drepa mál. — Hvort þessi till. um að vísa málinu til ríkisstj. hefur þau áhrif, er erfitt um að dæma. Hv. þm. Ísaf. virðist helzt komast að þeirri niðurstöðu, að málinu sé mestur greiði gerður með því að vísa frv. til ríkisstj. Ég er þar á annarri skoðun. Ég tel, að málið liggi svo skýrt fyrir, að ekki þurfi enn að hafa um það miklar vangaveltur. Það liggja fyrir í því svo ákveðin tilmæli sjómanna og samtaka þeirra, að ekki verður um villzt. Hvað andmælum útgerðarmanna viðvíkur, er ekki við öðru að búast, þeir hafa alltaf verið á móti velferðarmálum sjómanna, ég minnist þess ekki, eftir að hafa lesið ræður samflokksmanna hv. þm. Ísaf. um þetta mál endur fyrir löngu, að þeir teldu þörf á að leysa það með samkomulagi útgerðarmanna og sjómanna. Ég skal ekki mæla á móti því, að æskilegt væri, að slíkir samningar væru gerðir. En ég hef bara ekki trú á, að togarasjómenn hafi þessar kjarabætur sínar fram með samningum.

Hæstv. forsrh. gaf þá yfirlýsingu, að honum skilist að meiri hl. sjútvn. vilji með nál. fá því framgengt, að tími vinnist til að athuga málið betur, og ríkisstj. mundi vinna að slíkri rannsókn, ef samþ. yrði. Það er sjálfsagt gott að fá þessa yfirlýsingu frá hæstv. forsrh., og væntanlega yrði þar ekki látið staðar numið við orðin tóm. En eins og áður er sagt, þá liggur málið þegar svo ljóst fyrir, að þess vegna þarf það ekki til ríkisstj. að fara. Það hefur verið svo með mörg mál, sem fengið hafa þá afgreiðslu, að þau hafa lent í ruslakistuna og sofnað. Ég segi ekki, að svo mundi fara um þetta mál. Það munu verða tök á að sjá svo um, að það fái önnur afdrif, — og hefur réttilega verið á það bent, að hér er um mál að ræða, sem ekki verður þagað í hel. Og það mun ekki verða stöðvað, fyrr en sjómenn hafa fengið hinar sjálfsögðu kjarabætur, sem þeir óska eftir svo einhuga, hvort sem nál. meiri hl. sjútvn. verður samþ. eða ekki.

Ég vil leggja áherzlu á það ennþá einu sinni, að málið liggur svo ljóst fyrir, að það er engin ástæða til að tefja það með frekari vangaveltum, og vil því eindregið fara fram á það, að frv. okkar Sigurðar Guðnasonar nái fram að ganga, en málinu verði ekki vísað til ríkisstj.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. undirtektir hans í málinu og láta í ljós þá skoðun, að í höndum ríkisstj. sé því vel borgið.

Ég sé ekki, að flm. þessa frv. hafi mikla ástæðu til að ergja sig yfir till. n., þar sem líkur eru til, að frv. yrði felld hér í d., og hlýtur því að vera betur borgið á þennan hátt. Ég held sem sagt, að fyrir þá, sem vilja ná árangri í málinu, þá sé þetta bezta afgreiðslan, sem það getur fengið, að fenginni þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. forsrh. hefur gefið nú.

ATKVGR.

Till. frá meiri hl. sjútvn. á þskj. 405, um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 15:9 atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Fjárlög 1948 (fyrra frv.).

Á 4. fundi í Nd., 8. okt., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er nú liðin vika af þingi og frv. til fjárl. fyrir 1948 ekki enn komið fram. Hins vegar er svo fyrir mælt í stjskr., eins og allir vita, að frv. þetta skuli lagt fram í byrjun hvers þings, og hefur það hingað til verið venja. Ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hverju það sætir, að fjárlagafrv. er ekki komið fram fyrir Alþ. enn. Ég býst við, að þm. vilji fá skýringu á, hvernig á því stendur, að brugðið hefur verið út af þeirri venju, sem tíðkazt hefur hér.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Það hefur oft verið svo og er ekkert nýtt, að allra fyrstu daga þingsins hafi ekki verið lagt fram fjárlfrv. Ég hygg, að það hafi verið svo, að fjöldamörgum sinnum hafi liðið nokkrir dagar af þingi, áður en það hefur verið lagt fram. Hins vegar mun frv. koma bráðlega, og geri ég ráð fyrir, að það komi ekki seinna á þessu þingi en oft hefur verið áður.

Einar Olgeirsson: Það er mjög gott fyrir þm. að heyra, að fjárlfrv. komi yfirleitt fram. Hins vegar hefur það verið siður, að fjárlfrv. hefur verið frv. nr. 1, ég hygg öll þing, sem ég hef setið á, nema á einu eða tveimur. Það er því ekki rétt, að það hafi oft liðið á löngu. Það hefur komið fyrir, og þá þurfti sérstakra afsakana með, ef það hefur dregizt, þannig að ég held, að það verði ekki varið, að fjárlfrv. skuli ekki enn vera komið fram og að ekki skuli hafa heyrzt um ákveðinn dag, hvenær þm. megi vænta þess.

Á deildafundum 28. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1948 (stjfrv., A. 60).

Á 19. fundi í Sþ., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Eins og venja er til við 1. umr. fjárlaganna, mun ég hefja þessa ræðu með því að gefa yfirlit yfir afkomu s. l. árs.

Heildartekjur ársins 1946 hafa numið kr. 198649-912,59, en þær höfðu verið áætlaðar kr. 122419711 og hafa því farið rúmlega 76 og ¼ millj. fram úr áætlun, en gert hafði verið ráð fyrir tekjuhalla kr. 4987176. Einstaka tekjuliðir hafa farið fram úr áætlun svo sem hér segir: (Sjá töflu I).

Verðtollurinn reyndist ríkissjóði drýgstur tekjustofn, fór 27,2 millj. kr. fram úr áætlun, sem stafar af óvenju miklum innflutningi á vörum þetta umrædda ár. Vörumagnstollurinn fór 3,7 millj. fram úr áætlun af sömu ástæðu. Innflutningurinn nam 444,3 millj. kr.

Tekju- og eignarskatturinn fór 6,8 millj. kr. fram úr áætlun.

Veltuskatturinn, sem kom inn á árinu, 3,7 millj. kr., var aðeins fyrir síðasta fjórðung ársins 1945, því að fyrir hinum þrem ársfjórðungstekjum hans var gerð grein í rekstrarreikningnum fyrir árið 1945.

Innflutningsgjald af benzíni fór um hálfa millj. fram úr áætlun. Þá urðu og tekjur af rekstri áfengis- og tóbaksverzlana ríkisins miklu meiri en gert hafði verið ráð fyrir í fjárl. fyrir það ár, eða um 23,5 millj. kr. samtals.

Óvissar tekjur fóru mjög fram úr áætlun fjárlaga. Þar voru þær áætlaðar 100000 kr., en reyndust 6,8 millj. kr., og er mismunurinn aðallega fólginn í innborgun frá sölunefnd setuliðseigna og sölunefnd setuliðsbifreiða, sem hvort tveggja samanlagt nemur 5,5 millj. kr.

Aðrir tekjuliðir eru sumpart svo nærri því, sem áætlað var, eða skýra sig sjálfir samkvæmt rekstrarreikningnum, svo að ég geri þá ekki að sérstöku umræðuefni.

Rekstrarútgjöldin 1946 voru áætluð 127417000 kr., en auk þess er greitt samkv. heimildarl., sérstökum l. og þál. 6095000 kr., þannig, að sé þessum gjöldum bætt við gjöldin eins og þau voru ákveðin í fjárl., nema þau samtals 133512000 kr. Sé þessi upphæð dregin frá heildarútgjöldunum, sem urðu 170258000 kr., kemur fram mismunur 36,7 millj. kr., sem leita verður aukafjárveitingar fyrir.

Gjöldin hafa víða farið allmjög fram úr áætlun fjárl. og hafa umframgreiðslur reynzt mestar á eftirfarandi liðum: Dómgæzla og lögreglustjórn 2,5 millj. kr. Vegamál 7 millj. kr. Kennslumál 4,1 millj. kr. Landbúnaðarmál 1 millj. kr. Niðurgreiðsla á landbúnaðarafurðum 4,2 millj. kr. Hér við bætast svo útgjöld samkv. heimildarl., sérstökum l. og þál., er samanlögð nema rúmlega 6 millj. kr. Hin miklu umframgreiðsla til kennslumálanna virðist einkum stafa af hækkun vísitölunnar.

Ríkisbókhaldið hefur gert skýrslu um eignahreyfingar ársins 1946, og vil ég hér með drepa á niðurstöðutölur þeirrar skýrslu. (Sjá töflu II).

Endurgreiddu lánin nema kr. 2436000. Er þar Reykjanesrafveitan með stærsta upphæð, kr. 1176000, en hún er þannig til komin, að fé til hennar var lagt fram úr raforkusjóði. Hinar auknu lausa-

TAFLA I. **TEKJUR**

2. grein. Skattar og tollar.	Fjárlög	Reikningur	Umfr. fjárl.
Tekju- og eignarskattur	29.000.000.00	35.862.780.83	6.862.780.83
Stríðgr.skattur (hluti ríkissjóðs)	3.000.000.00	4.922.389.85	1.922.389.85
Veltuskattur (4. ársfj. 1945)		3.748.295.40	3.748.295.40
Vörumagnstollur	11.000.000.00	14.707.445.89	3.707.445.89
Verðtollur	35.000.000.00	62.285.488.46	27.285.488.46
Innfl.gjald af benzíni	1.000.000.00	1.499.314.83	499.314.83
Gjald af innl. tollvörum	1.800.000.00	2.548.468.16	748.468.16
Fasteignaskattur	600.000.00	623.485.50	23.485.50
Lestagjald af skipum	100.000.00	122.633.00	22.633.00
Bifreiðaskattur	1.200.000.00	1.669.760.30	469.760.30
Aukatekjur	1.100.000.00	1.510.834.71	410.834.71
Stimpilgjald	3.000.000.00	4.947.142.75	1.947.142.75
Vitagjald	600.000.00	718.025.60	118.025.60
Leyfisbréfagjald	100.000.00	155.972.49	55.972.49
Erfðafjárskattur	200.000.00	403.866.54	203.866.54
Veitingaskattur	800.000.00	1.965.807.53	1.165.807.53
	88.500.000.00	137.691.711.84	49.191.711.84
÷ Fellt úr eftirst. endurgr. tekjur o. fl.		1.125.572.53	÷1.125.572.53
	88.500.000.00	136.566.139.31	48.066.139.31

3. grein A. Tekjur af rekstri ríkisstofnana.			
Landssíminn	555.000.00		
Áfengisverzlunin	22.462.699.00	38.252.573.65	15.789.874.65
Tóbakseinkasalan	9.000.000.00	16.809.806.85	7.809.806.85
Ríkisútvarp og viðtækjaverzlun	1.564.778.00	2.264.663.75	699.885.75
Ríkisprentsmiðjan	224.000.00	305.028.13	81.028.13
Landssmiðjan	88.000.00		
Áburðarsalan		258.114.14	258.114.14
Grænmetisverzlun		47.907.72	47.907.72
÷ Halli:	33.894.477.00	57.938.094.24	
Póstmál	700.000.00	1.662.045.16	÷ 962.045.16
Landssíminn		1.623.494.40	÷2.178.494.40
Landssmiðjan		414.221.86	÷ 502.221.86
Ríkisbúin		244.405.54	÷ 244.405.54
Krónur	33.194.477.00	53.993.927.28	20.799.450.28
3. grein B. Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	10.000.00	1.650.45	÷ 8.349.55
4. grein. Vaxtatekjur	615.234.00	1.194.335.03	579.101.03
5. grein. Óvissar tekjur	100.000.00	6.893.860.52	6.793.860.52
Tekjur samtals	122.419.711.00	198.649.912.59	76.230.201.59
Rekstrarhalli skv. fjárl.	4.987.176.00		
	127.406.887.00	198.649.912.59	

Gjöld

		Fjárlög	Reikningur	Umfr. fjárl.
7. gr.	Vextir af lánum	1.144.568.00	1.232.599.19	88.031.19
8. —	Forsetaembættið	300.000.00	307.795.16	7.795.16
9. —	Alþingiskostnaður	1.515.576.00	2.681.957.00	1.166.381.00
10. — I	Stjórnarráðið	2.234.926.00	2.770.603.35	535.677.35
10. — II	Hagstofan	269.919.00	283.123.34	13.204.34
10. — III	Utanríkismál	1.194.400.00	1.798.557.03	604.157.03
11. — A	Dómgæzla og lögreglustjórn	7.816.765.00	10.343.526.40	2.526.761.40
11. — B	Opinbert eftirlit	790.989.00	734.480.77	÷ 56.508.23
11. — C	Innheimta tolla og skatta	3.173.385.00	4.129.606.69	956.221.69
11. — D	Sameiginlegur embættiskostnaður	825.000.00	809.467.23	÷ 15.532.77
12. —	Heilbrigðismál	10.216.817.00	10.210.705.48	÷ 6.111.52
13. — A	Vegamál	20.832.275.00	27.858.531.74	7.026.256.74
13. — B	Samgöngur á sjó	3.363.150.00	4.312.144.86	948.994.86
13. — C	Vitamál	6.618.650.00	6.876.857.54	258.207.54
13. — D	Flugmál	943.940.00	1.428.717.65	484.777.65
14. — A	Kirkjumál	3.002.587.00	3.156.003.54	153.416.54
14. — B	Kennslumál	21.834.891.00	25.983.235.20	4.148.344.20
15. — A	Söfn, bókaútgáfa og listir	2.188.084.00	2.232.350.49	44.266.49
15. — B	Rannsóknir í opinbera þágu	2.944.204.00	3.381.566.93	437.362.93
16. — A	Landbúnaðarmál	10.549.724.00	11.554.096.83	1.004.372.83
16. — B	Sjávarútvegsmál	898.500.00	905.043.92	6.543.92
16. — C	Iðnaðarmál	1.005.285.00	1.005.285.00	
17. —	Félagsmál	7.472.125.00	8.211.631.06	739.506.06
18. —	Eftirlaun og tillag til lífeyrissjóðs	3.771.127.00	5.078.858.77	1.307.731.77
19. — 1	Niðurgr. á landbv. til neyzlu innanl.	12.000.000.00	16.245.874.35	4.245.874.35
19. — 2	Óviss útgjöld	500.000.00	4.540.984.57	4.040.984.57
22. —	Heimildarlög		1.572.651.94	1.572.651.94
	Sérstök lög		2.158.961.54	2.158.961.54
	Væntanleg fjáraukalög		6.089.075.06	6.089.075.06
	Þingsályktanir		2.363.526.24	2.363.526.24
	Gjöld samtals	127.406.887.00	170.257.818.87	42.850.931.87
	Rekstrarhagnaður		28.392.093.72	
	Krónur	127.406.887.00	198.649.912.59	

TAFLA II. **20. grein. Eignahreyfingar.**

		Fjárlög		Reikningur	
	Inn:	Sundurl.	Samtals	Sundurl.	Samtals
I.	Fyrningar		749681.00		1311605.91
II.	Útdregin verðbréf		2025000.00		1027330.00
III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur frá árinu 1945		10000.00		903000.00
IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		50000.00		2435626.95
V.	Innborgaðar ýmsar innstæður				1170335.83
VI.	Tekin lán				5012756.73
VII.	Auknar lausaskuldir				10240855.16
VIII.	Innborgað fé til geymslu				3381769.05
	Krónur		2834681.00		25483279.63

	Út:	Fjárlög Sundurl.	Samtals	Reikningur Sundurl.	Samtals
I.	Afborganir lána:				
	1. Ríkissjóður:				
	a. Innlend lán	1572517.00		1634999.02	
	b. Dönsk lán	471330.00		507146.82	
	2. Lán ríkisstofnana:		2043647.00		2142145.82
	a. Landssíminn	400000.00		3762.21	
	b. Ríkisútvarpið	89100.00		89148.86	
			489100.00		92911.07
II.	Eignaaukning ríkisstofnana:				
	1. Póstur og sími	3000000.00		3047295.54	
	2. Ríkisútvarpið	1080000.00		1541766.13	
	3. Vegamál			1035407.93	
	4. Flugmál			4770478.25	
	5. Viðskiptaráð			746242.35	
	6. Áfengisverzlun			689199.89	
	7. Tóbakseinkasala			1024220.36	
	8. Viðtækjaverzlun			736203.43	
	9. Rannsóknarstöðin að Keldum			408141.50	
	10. Rannsóknarstofa háskólans			959090.25	
	11. Aðrar stofnanir			2070890.59	
			4080000.00		17028936.22
III.	Til bygginga á jörðum ríkisins og til jarðakaupa		200000.00		718387.03
IV.	Til viðbótarhúsnæðis ríkisspítalanna		2000000.00		2997956.55
V.	Til vitamála:				
	1. Bygging áhalda- og skrifstofuhúss	350000.00		847993.23	
	2. Til að kaupa nýtt vitaskip	350000.00		330721.67	
	3. Til nýrra vita	700000.00		549855.18	
			1400000.00		1728570.08
VI.	Til flugvallarg. í Vestmannaeyjum og á Ísafirði (sjá reikn. flugm.)		400000.00		
VII.	Til byggingar Menntask. í Rvík		500000.00		
VIII.	Til byggingar heimavistar við Menntask. á Akureyri		500000.00		500000.00
IX.	Til Sjómannask., byggingarkostn.		1000000.00		1800000.00
X.	Til bændask. í Skálholti, byggingarkostn.		1000000.00		50000.00
XI.	Til byggingar tilraunask.		250000.00		250000.00
XII.	Til byggingar íþróttak.sk.		200000.00		200000.00
XIII.	Til byggingar þjóðminjasafns		1000000.00		1000000.00
XIV.	Til kaupa á skóglendi		70000.00		
XV.	Til bygginga á prestssetrum		650000.00		1086606.14
XVI.	Til skólastj.búst. á Hólum		100000.00		100000.00
XVII.	Til lögb. fyrirframgreiðslna		10000.00		
XVIII.	Til byggingar Arnarhvols				1020314.67
XIX.	Til byggingar embættism.búst.				394276.65
XX.	Til byggingar dyrav.búst. við listas. Einars Jónss.				116966.33
XXI.	Til byggingar strandferðask.				2046743.05
XXII.	Til byggingar landshafna				1050000.00
XXIII.	Framl. til alþjóðab. og alþj.gjaldeyrissjóðs				649830.50
XXIV.	Keypt verðbréf				69500.00
XXV.	Veitt lán				8583350.39
XXVI.	Lán til bátab. innanlands				6933339.17
XXVII.	Auknar innst. og útist. kröfur				1815370.18
XXVIII.	Greitt af lausaskuldum				1413978.94
XXIX.	Greitt af geymdu fé				4285632.06
	Samtals		15892947.00		58074814.85

TAFLA III.

Sjóðsyfirlit 1946.

Inn:		
Sjóður 1. janúar		4415803.28
Tekjur skv. rekstrarreikningi		198649912.59
Eignahreyfingar skv. yfirliti		25483279.63
	Krónur	228548995.50
Út:		
Gjöld skv. rekstrarreikningi		170257818.87
Eignahreyfingar skv. yfirliti		58074814.85
Sjóður 31. desember		216361.78
	Krónur	228548995.50

skuldir, kr. 10,2 millj., eru að mestu yfirdráttur í Landsbankanum. 5 millj. lántakan er lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna síldarútvegsmanna 1945, 4 millj., og 1 millj., tekin að láni í Landsbankanum vegna fiskihafna, mun hafa farið í landshöfnina í Njarðvík. — Þær 58 millj., sem samkv. eignahreyfingaskýrslunni eru greiddar út, eru ýmist lánveitingar, greiðslur eldri lána eða framlög, sem auka eignir ríkisins eða ríkisstofnana. Meðal hinna veittu lána samkv. þessari skýrslu eru kr. 4000000, kreppulán til síldarútvegsmanna, sem áður getur, til nýbygginga í Höfðakaupstað kr. 900000, til tunnuverksmiðju kr. 746000 og til kaupa á skipaeik kr. 548000. Skipaeikin var keypt alls fyrir kr. 1460000, en hefur lítið verið notuð enn þá.

Hinar óvenju miklu útborganir á eignahreyfingunum hafa það eðlilega í för með sér m. a., að handbært fé ríkissjóðs hefur þorrið, eins og sést af sjóðsyfirlitinu (sjá töflu III), að sjóðurinn hefur lækkað úr kr. 4415803,28 í ársbyrjun niður í kr. 216361,78 í árslok. Á árinu 1946 og þó einkum á yfirstandandi ári hefur ríkissjóður orðið að greiða til ýmissa fyrirtækja, er Alþ. hefur stofnað, svo að milljónum skipti, vegna þess að þau föstu lán, sem heimilað hefur verið að taka í þessu skyni, hafa fengizt, nema eitt lán til framkvæmda landssímans, er tekið var 1946 og nam 6 millj. kr. Mun síðar verða nánar að því vikið, hversu þetta hefur ágerzt á yfirstandandi ári.

Í sambandi við það, er hér hefur sagt verið, þykir hlýða að gefa yfirlit um fjárhag ríkissjóðs við s. l. áramót. Ríkisbókhaldið hefur samið efnahagsreikning, sem ég vil leyfa mér að lesa upp í heild:

EIGNIR:				
I.	Sjóður hjá ríkisféhirði			216361.78
II.	Innistæður hjá:			
	Ýmsum		2091603.29	
	Sendiráðunum		322564.07	
	Sýslumönnum		15989.31	
				2430156.67
III.	Sjóðir			58734468.62
IV.	Verðbréf og kröfur v/ tekinna lána handa bönkum			15417585.00
V.	Ýmis verðbréf og kröfur			30731550.96
VI.	Ríkisfyrirtæki			90613461.16
VII.	Fasteignir			27160458.67
		Kr.		225304042.86
SKULDIR:				
I.	Innlend lán			24288470.85
II.	Dönsk lán			5267478.93
III.	Erlend lán vegna ríkisfyrirtækja			837729.00
IV.	Lausaskuldir			14935833.65
V.	Geymt fé			20398735.75
VI.	Höfuðstóll		131183700.96	
	Rekstrarhagnaður ársins		28392093.72	
				159575794.68
		Kr.		225304042.86

Viðvíkjandi eignalið III ber þess að geta, að þar sem reikningar margra sjóðanna hafa ekki borizt ríkisbókhaldinu ennþá, mun sá liður breytast allmikið, en ekki hafa þær breytingar áhrif á rekstrarreikninginn.

Af efnahagsreikningnum sést, að samanlagðar skuldir ríkissjóðs námu á þessum tímamótum 45,3 millj. kr. fyrir utan geymslufé og að hrein eign var 159.4 millj. kr. og hefur aukizt til muna á árinu, eins og eðlilegt er, þar sem rekstrarhagnaðurinn nam nærri 28,4 millj. kr.

Ég skal þá næst, að svo miklu leyti sem auðið er, gefa yfirlit yfir afkomu yfirstandandi árs. Er að sjálfsögðu aðeins um bráðabirgðatölur að ræða, sem geta breytzt verulega þegar fullnaðarskýrslur liggja fyrir. Heildartekjur ríkissjóðs námu í septemberlok kr. 147.272,349, — þar af eftirst. frá f. árum kr. 2.350.877.00. Þeir tekjuliðir, sem fyrirsjáanlegt er nú þegar, að fara munu verulega fram úr áætlun, eru tekju- og eignarskattur, stríðsgróðaskattur og ágóði af tóbaks- og áfengissölu. Tekju- og eignarskattur, ásamt tekjuskattsviðauka, er á fjárlögum þ. á. áætlaður 35 millj. kr., en tilfallið er á árinu, samkvæmt skýrslu innheimtumanna, 47,4 millj. kr., eða 12,4 millj. kr. fram yfir áætlun.

Stríðsgróðaskattur var áætlaður 6 millj. kr., þar

af í ríkissjóð 3 millj. kr., en tilfallið er á árinu 9,8 millj. kr. eða í ríkissjóð kr. 4,9, þ. e. 1,9 millj. meira en ráðgert er í fjárlögum í ríkissjóð.

Hagnaður Tóbakseinkasölunnar var í septemberlok orðinn 19,5 millj. kr., en var í fjárlögum áætlaður 15.5 millj. kr., og má því gera ráð fyrir, að óbreyttum ástæðum það sem eftir er ársins, að heildarhagnaðurinn verði um 25 millj. kr. og fari þessi tekjuliður því 9.5 millj. kr. fram úr áætlun. Veldur hér mestu um hækkun á útsöluverði tóbaks, sem framkvæmd var á árinu. Áfengissölugróðinn var á fjárlögum áætlaður 36 millj. kr., en var í septemberlok orðinn 31.6 millj. kr. Má ganga út frá, að þessi liður fari 5—6 millj. kr. fram úr áætlun um það er lýkur. Eins og kunnugt er, heimilaði síðasta Alþingi hækkun á þessu ári á vörumagnstolli um 200% og verðtolli um 65%, og var samkvæmt því vörumagnstollurinn áætlaður á fjárl. 17.4 millj. kr., en verðtollurinn 72.5 millj. kr. Þessi tollhækkun kom ekki til framkvæmda fyrr en um miðjan apríl s. l. Hins vegar var innflutningur mjög mikill allan fyrri árshelming og raunar lengur, bæði sökum framlenginga á innflutningsleyfum frá fyrra ári og sökum mikilla veitinga innflutningsleyfa fyrri hluta þessa árs. Allt um það var vörumagnstollurinn orðinn 14.3 millj. kr. í septemberlok og verðtollurinn 51 millj. krónur.

Vegna þess að búast má við, að mjög mikið dragi úr innflutningi það sem eftir er ársins vegna gjaldeyrisskorts, er fyrirsjáanlegt, að þessir tekjuliðir standast ekki áætlun. Vera má, að ekki muni miklu á vörumagnstollinum, en á verðtollinum má búast við 8—10 millj. kr. halla. Aðrir tekjuliðir fjáraganna flestir standast áætlun, en munu ekki fara fram úr áætlun svo að nokkru nemi. Af því, sem hér hefur verið sagt, er ljóst, að þrátt fyrir það, þó að halli verði á tollum, má telja nokkurn veginn víst, að heildartekjur ársins muni nema þeirri fjárhæð, sem fjárlög gera ráð fyrir, og fara sennilega allverulega fram úr áætlun.

Heildarútgjöldin námu í septemberlok rúmum 127 millj. kr., og er það 20 millj. kr. meira en á sama tíma í fyrra. Sjáanlegt er nú þegar, að ýmsir gjaldaliðir, svo sem vegamál o. fl., munu fara fram úr áætlun, en með því að allt er enn í óvissu um heildarútgjöldin, þykir ekki ástæða til að fara frekar út í það að svo stöddu, en auðvitað er hægt að láta Alþingi í té gleggri skýrslu um fjárhagsafkomuna, þegar lengra líður fram á veturinn. Það er þó full ástæða til að halda, að um nokkurn rekstrarhagnað verði að ræða á þessu ári, en hvort hann nægir til að jafna greiðsluhalla fjáraganna, tæpar 8 millj. kr., skal látið ósagt.

Samkvæmt yfirliti ríkisbókhaldsins, sem nær til 1. okt., og skýrslum sýslumanna um greiðslur í október hefur verið varið til niðurgreiðslu á neyzluvörum það sem af er árinu tæplega 23 millj. kr. Þar við bætast svo niðurgreiðslur á innlendu smjöri. Enn fremur er ekki hægt að fullyrða, hvað ógreitt kann að vera af áföllnum uppbótum, en þess er þó að vænta, að heildaruppbætur fari ekki fram úr áætlun. Ríkissjóður hefur í vaxandi mæli á þessu ári orðið að inna greiðslur af hendi vegna ýmissa framkvæmda, sem ekki eru í fjárlögum. Þar á meðal til þeirra framkvæmda, sem Alþingi hefur heimilað lántöku til, af því að ekki hefur reynzt kleift að útvega þau lán, sem til framkvæmdanna þarf, og því engin önnur úrræði verið fyrir hendi en að greiða úr ríkissjóði til þessara framkvæmda til að firra þær vanskilum eða stöðvun framkvæmdanna. Afleiðing þessa hefur orðið sú, að ríkissjóður hefur allt árið verið með yfirdreginn viðskiptareikning sinn í Landsbankanum.

Hér fer á eftir skrá yfir þær greiðslur, sem af framangreindum ástæðum hafa verið inntar af hendi úr ríkissjóði 1946 og 1947 til 1. okt. þ. á.:

Til byggingar strandferðaskipa	5248527.00
— byggingar Arnarhvols	2470315.00
— símaframkv. (1946)	6326000.00
— tunnuverksm.	839139.00
— framkv. í Höfðakaupst.	900000.00
— síldarniðursuðuverksm.	170000.00
— landshafna	2635310.00
— síldarverksm. ríkisins (afb. og vextir af skuldum)	1797760.00
— smíði fiskibáta innanlands	9011403.00
— lýsisherzluverksm.	589732.00
— Sviþjóðarbáta	1325015.00
— rafveitu Sigluf. (v/ábyrgðar)	728588.00
	Kr. 32041789.00

Ég skal nú víkja að fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Eins og hv. alþm. er kunnugt, hafa tekjur ríkissjóðs vaxið hröðum skrefum hin síðari ár. Þannig voru tekjurnar árið 1940 27.3 millj kr., en hækkuðu síðan ár frá ári, unz þær komust í 198.6 millj. kr. s. l. ár. Á yfirstandandi ári er útlit fyrir, að tekjurnar verði 210—215 millj. kr., sem meðal annars stafar af þeirri tollahækkun, sem lögfest var á síðasta Alþingi. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur til að finna orsakir þessarar þróunar. Hinar miklu erlendu gjaldeyrisinnistæður, sem söfnuðust fyrir á stríðsárunum, tiltölulega hátt verð á útflutningsvörum landsmanna, einkum síld og síldarafurðum, og hin stórkostlega verðþensla innanlands, með síaukinni kaupgetu almennings, hefur leitt af sér þann ofvöxt, sem hlaupið hefur í ríkisbúskapinn á síðari árum. Þetta ástand hefur þó ekki haft í för með sér halla á rekstri ríkisins fram að þessu. Þvert á móti hefur á undanförnum árum jafnan orðið nokkur tekjuafgangur, því að þrátt fyrir stöðugt vaxandi útgjöld, sem skapazt hafa að miklu leyti af verðbólgunni innanlands, hafa aðaltekjustofnar ríkisins, tekju- og eignarskattur, verðtollur og hagnaður af einkasölum, en þessar tekjulindir námu s.l. ár yfir 80% af heildartekjum ríkissjóðs, vaxið að sama skapi og af sömu ástæðum, verðþenslunni innan lands og aukinni kaupgetu. Hið alvarlega í þessu máli er, að atvinnuvegir landsmanna og þá einkum sjávarútvegurinn risa ekki lengur undir hinu háa innanlandsverðlagi, þannig að stöðvun hans, a. m. k. bátaútvegsins, er fyrir dyrum, nema til skjótra og róttækra aðgerða komi. Alþingi hefur að sjálfsögðu verið það ljóst fyrir löngu hvert stefndi, ef verðþenslan yrði ekki stöðvuð, en þær tilraunir, sem gerðar hafa verið til að halda dýrtíðinni niðri, hafa reynzt harla fánýtar, þrátt fyrir að varið hefur verið stórfé úr ríkissjóði í þessu skyni.

Við samning þessa frv. var lagt til grundvallar það verðlag, sem þá ríkti í landinu, og reiknað með vísitölu 310. Önnur leið var ekki fær, þar sem þá var ekki og er raunar ekki enn vitað, hvaða afstöðu

Alþingi mundi taka til dýrtíðarmálanna. Samkvæmt stjórnarskrá landsins er skylt að leggja fjárlagafrv. fram í byrjun hvers reglulegs Alþingis. Að vísu hefur þetta nú dregizt of lengi, eins og tekið er fram í aths. við frv. Hvílir nú meiri óvissa yfir afkomu þjóðarinnar og ríkissjóðs en oft áður, og því erfiðara að áætla tekjur og gjöld. Auk þess voru fjárlög þessa árs óvenju seint afgr. frá Alþingi, en það út af fyrir sig tefur undirbúning fjárlagafrv. Það frv. er fjmrh. skylt að semja á þann veg, að byggt sé á gildandi lögum, að því er varðar tekjur og útgjöld ríkisins. Hið sama má segja um verðvísitöluna. Hins vegar hlýtur frv. að taka stórfelldum breytingum hér á Alþingi, þegar teknar hafa verið ákvarðanir um óhjákvæmilegar ráðstafanir til bjargar atvinnuvegunum.

Skal nú vikið að einstökum tekjuliðum fjárlagafrv.

Samkvæmt ályktun Alþingis hefur verið skipuð nefnd til að endurskoða gildandi skattalög. N. hefur ekki lokið störfum sínum og vafasamt, hvort tími vinnst til að ganga frá nýjum skattalögum á þessu þingi á grundvelli þeirra till., sem n. kann að gera. Hefur því við samning fjárlagafrv. verið byggt á núgildandi skattalöggjöf og frv. um framlenging tekjuskattsviðaukans á næsta ári verið lagt fyrir hæstv. Alþingi. Áætlun fjárlfrv. er því byggð á núgildandi skattalögum og gert ráð fyrir sömu fjárhæð í frv. og var á þessa árs fjárlögum, 35 millj. kr. í tekju- og eignarskatt með tekjuskattsviðauka. Þessi tekjuliður varð 35.9 millj. 1946, en í ár rúmar 47 millj. kr. Þessi mikla hækkun stafar að líkindum að mestu leyti af hækkun vísitölu á s. l. ári, sem hefur í för með sér auknar tekjur að krónutali alls almennings í landinu, en skattanefndir munu og hafa orðið þess varar, að ýmsir hafi talið betur fram tekjur sínar en áður, og vilja rekja það til laganna um eignakönnun, sem sett voru á síðasta Alþingi.

Á þessu ári hefur ekkert atvinnuleysi verið, nema sem stafað hefur af vinnustöðvun út af kaupdeilum, og atvinnuskilyrði yfirleitt verið góð. Þetta á þó ekki við um sjávarútveginn, sem allar líkur benda til, að fari enn verr út úr þessu ári en árinu í fyrra. Togaraútgerðin mun varla bera sig á gömlu togurunum þrátt fyrir gott verð, sem hefur verið á ísvörðum fiski í Bretlandi, en hið háa verðlag innanlands og aflabrestur á síldveiðum mun gera það að verkum, að allur þorri bátaflotans verður rekinn með tapi á árinu. Það er því fyrirsjáanlegt, að hin rýra afkoma þessa atvinnuvegar mun draga allverulega úr skattgreiðslu þeirra, er hann stunda. Hins vegar hefur vísitalan hækkað enn á þessu ári, og með hliðsjón af því og hve mikið tekju- og eignarskatturinn fer fram úr áætlun í ár, þykir ekki óvarlegt að telja, að hann reynist svo sem ráð er fyrir gert í frv.

Stríðsgróðaskatturinn varð árið 1946 9.8 millj. kr., þar af 4.9 millj. kr. í ríkissjóð, og álagður stríðsgróðaskattur í ár nemur svo að segja sömu fjárhæð. Með hliðsjón af því, sem áður er sagt um afkomu sjávarútvegsins á árinu, hefur ekki þótt ráðlegt að hækka áætlunina frá núgildandi fjárlögum.

Vörumagnstollurinn var í septemberlok orðinn 14.2 millj. kr., en er í frv. áætlaður 12 millj. kr., og er þá gert ráð fyrir, að hækkun sú á þessum tolli, sem lögfest var á síðasta Alþingi, verði framlengd á næsta ári. Það er mjög erfitt að gera sér grein fyrir, hvað óhætt er að fara hátt með þennan tekjulið, þar sem vitað er, að mjög verður dregið úr innflutningi á næsta ári. Síðastliðið ár nam þessi tollur 14.7 millj. kr. Innflutningurinn var það ár meiri en nokkru sinni fyrr, eða 444.3 millj. kr. Tollhækkunin nær að vísu ekki til allra vörutegunda, en þó að innflutningurinn yrði helmingi minni á næsta ári eða meira, ætti þessi áætlun að geta staðizt.

Verðtollurinn var orðinn 51 millj. kr. í septemberlok, sem áður greinir, og engar líkur til, að hann nái áætlun fjárl., sem er 72,5 millj. kr. Í frv. er hann áætlaður 33 millj. kr. og þá ekki í þessu frv. gert ráð fyrir, að verðtollshækkun sú, er samþ. var á síðasta þingi og gildir til ársloka, verði framlengd eftir áramótin. Sú hækkun var gerð með sérstöku tilliti til þess, að tekin var upp í fjárl. við meðferð málsins á Alþ. upphæð til að standa straum af niðurgreiðslu á vörum, en þar sem engin slík upphæð er tekin upp í frv. þetta, þótti rétt að gera ekki ráð fyrir framlengingu á hækkun verðtollsins. Þessi tekjugrein er alveg háð innflutningnum og verðlagi á erlendum markaði, farmgjöldum og öðrum kostnaði, sem á vöruna leggst, áður en hún kemur til landsins.

Til glöggvunar hef ég látið gera skýrslu um hlutfallið á milli innflutningsverðmætis og verðtolls síðustu 5 árin, með þeim niðurstöðum, er hér greinir:

Ár	Innfl. 1000 kr.	Verðt. 1000 kr.	%
1942	247747	39384	15,9
1943	251301	33933	13,5
1944	247518	36106	14,6
1945	319772	48771	15,3
1946	443288	62285	14,1
			73,4

að meðaltali 14,68%.

Það er athyglisvert, hve litlu munar frá ári til árs á hlutfallinu á milli verðtolls og innflutnings. Lægst er það árið 1943 13,5%, en hæst 15,9% árið 1942, og meðaltal 5 áranna er 14,68%, eins og fyrr segir. Af þessu yfirliti má glögglega sjá, hver innflutningurinn þarf að vera að krónutali til þess að áætlunin standist, og sé til hægðarauka miðað við 15%, þarf innflutningurinn að nema 220 millj. til þess að verðtollurinn nái áætlun fjárlagafrv., 33 millj. kr. En hvaða líkur eru til, að svo mikill innflutningur verði á næsta ári? Það veltur að sjálfsögðu allt á því, hvaða útflutningsverðmætum við höfum úr að spila. Heildarútflutningurinn 1946 nam 291,4 millj. kr. Til septemberloka í ár var búið að flytja út fyrir 201 millj. kr. á móti 204,3 millj. kr. á sama tíma í fyrra. Líkur eru til að heildarútflutningurinn í ár verði ekki minni en 1946, og með tilliti til þess, að árið í ár er ekki gott aflaár og að allir nýju togararnir verði komnir í gagnið á næsta ári, er ekki ástæða til að halda annað en að útflutningsmagnið verði heldur meira á næsta ári, og er þá engin fjarstæða að gera ráð fyrir, að inn verði fluttar vörur að verðmæti fyrir 220 millj. kr., en það er helmingi lægra en árið 1946 og 27 millj. kr. minna en þegar hann var minnstur á undanförnum 5 árum, eða árið 1942. — Lækkandi verðlag á útflutningsvörunum getur að sjálfsögðu breytt þessari áætlun, en um það er erfitt að spá nokkru með neinum líkum.

Samkvæmt fyrrgreindum l. um breyting á tollskránni var vörumagnstollur af benzíni hækkaður úr 1 eyri á kg. í 20 aura og gert ráð fyrir á þ. á. fjárl., að hann mundi nema 5,8 millj. kr. Síðan þessi l. voru sett, hefur verið tekin upp skömmtun á benzíni, sem vafalaust hefur í för með sér minnkandi innflutning á þessari vöru. Með hliðsjón af þessu hefur þessi tekjustofn aðeins verið áætlaður 4 millj. kr. í frv.

Aðrir liðir frv. eru flestir áætlaðir eins og í fyrra, eða með mjög litlum breytingum, enda hefur reynslan sýnt, að þeir breytast lítið frá ári til árs, og þarf ekki að skýra það nánar.

Í till. póst- og símamálastjórnarinnar er gert ráð fyrir halla á rekstri póstsjóðs 940 þús. kr. og rekstrarhagnaði á símanum 87 þús. kr. Þessar till. hafa verið lagðar til grundvallar í fjárlagafrv. að því undanteknu, að lagt er til, að framlag til notendasíma í sveitum verði lækkað úr 1000000 kr. í 500 þús. kr. Var þar byggt á því, að vegna gjaldeyriserfiðleika mundi ósennilegt, að hægt væri á næsta ári að verja svo miklu fé til þessara framkvæmda, því að efnið, sem á þarf að halda og allt verður að kaupa frá útlöndum, er tiltölulega mikill hluti af kostnaðinum. Samkv. skýrslu póst- og símamálastjóra, sem nýlega var birt í útvarpinu, eru þegar komnir símar á 2000 sveitabýli. Það væri að sjálfsögðu ákjósanlegt að hraða þessum framkvæmdum sem mest, en þegar jafnvel brýnustu nauðsynjar eru nú skammtaðar og skornar við nögl vegna gjaldeyrisskorts, virðist verða að fara gætilega um framkvæmdir, sem þola bið, því að ekki verður á allt kosið, þegar vandræðin steðja að.

Fram að síðustu styrjöld var póstur og sími jafnan rekinn með nokkrum hagnaði, og mun tekjuafgangur þessara stofnana hafa nægt til viðhalds og endurnýjunar á eignum stofnananna. Árið 1940 varð halli á rekstri póstsjóðs og 2 síðustu árin hefur mikill halli orðið á rekstrinum, einkum árið 1946, en þá varð tapið kr. 1662045 á pósti og kr. 1623494 á símanum. — Tekjur póstsjóðs voru árið 1939 879 þús., en kr. 4321000.00 árið 1946 og hafa því fimmfaldazt á tímabilinu. Útgjöldin voru aftur á móti 724 þús. kr. 1939, en tæpar 6 millj. kr. 1946 og hafa því áttfaldazt á sama tíma. — Tekjur símans voru 1939 kr. 2824000.00, en 15.5 millj. 1946 og hafa því meir en fimmfaldazt. Útgjöldin voru rúmar 2 millj. kr. 1939, en 17.1 millj. kr. 1946 og hafa því meir en áttfaldazt á tímabilinu.

Sem stendur heldur ríkið uppi einkasölum á nokkrum vörutegundum: Tilbúnum áburði, grænmeti, viðtækjum, tóbaki og áfengi. Lögum samkvæmt er ekki gert ráð fyrir, að ríkissjóður fái neinar tekjur af áburðar- og grænmetisverzluninni, og tekjur af viðtækjaverzluninni eiga að renna til útvarpsins, og skulu þessi fyrirtæki því ekki gerð að umræðuefni hér.

Á fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að hagnaður af tóbaki verði 16.5 millj. kr., eða 1 millj. kr. hærri en í fjárl. þ. á. Samkvæmt reynslu þ. á. mætti búast við meiri hagnaði af tóbakseinkasölunni en ráð er fyrir gert, en vegna þess að tóbaksverzlunin útheimtir tiltölulega mikinn gjaldeyri, þótti ekki ráðlegt að áætla hagnaðinn nema 16.5 millj. kr., ef til þess þyrfti að koma, að draga yrði úr innfl. þessarar vöru vegna gjaldeyrisskorts. — Um áfengið gildir öðru máli. Það kostar tiltölulega lítinn gjaldeyri, en tollur og hin geysiháa álagning skapa hinn mikla hagnað, sem af þeirri verzlun leiðir. Það er því óhætt að reikna með þeim hagnaði af þessari vörusölu, sem gert er ráð fyrir í frv., að óbreyttum ástæðum. Hitt er svo annað mál, að áætlunin um hagnað af þessum 2 fyrirtækjum er byggð á gildandi verðlagi í landinu. Verði breyting á því í þá átt, að verðlagið lækki innanlands, er fyrirsjáanlegt, að ekki verður hægt að halda hinu háa verði á tóbaki og áfengi, sem reynzt hefur framkvæmanlegt í ár. Þess vegna verður óumflýjanlegt að endurskoða tekjuáætlun frv. að því er þessum stofnunum viðkemur, ef breytingar á innanlandsverðlagi til lækkunar ná fram að ganga á Alþingi.

Auk neftóbaksgerðar, sem Tóbakseinkasalan hefur haft með höndum í nokkur ár, og efnagerðar, sem rekin er á vegum Áfengisverzlunarinnar, sem hvort tveggja hefur jafnan verið rekið með nokkrum hagnaði, hefur ríkið starfrækt um alllangt skeið prentsmiðjuna Gutenberg og járnsmíðaverkstæði, sem nefnt hefur verið Landssmiðjan. Prentsmiðjan hefur jafnan skilað hagnaði, er nú orðið fjárhagslega öruggt fyrirtæki, enda verið prýðilega stjórnað frá byrjun. — Landssmiðjan hefur gefið lítið í aðra hönd þau ár, sem hún hefur verið rekin, enda illa að henni búið frá öndverðu. Fékk t. d. aldrei meira en 50 þús. kr. í stofnfé og hefur lengst af orðið að vinna með dýru lánsfé. Bjó um langt skeið við mjög lélegan húsakost, unz í það var ráðizt á stríðsárunum að byggja stórhýsi yfir hana og auka mjög verulega vélakost og áhalda, og má segja, að Landssmiðjan standi nú jafnfætis sambærilegum járn- og vélsmiðjum í Rvík að því er allan útbúnað snertir. En þetta hefur orðið dýrt, og skuldir fyrirtækisins eru nú um 3,9 millj. kr., auk þess sem ríkissjóður hefur nú þegar greitt upp í tap á skipasmíðastöðinni við Elliðárvog kr. 1650000.00. Enn fremur skuldar Landssmiðjan 682 þús. kr. í ógreidda skatta, sem óhjákvæmilegt verður að afskrifa. Það, sem verst hefur farið með fjárhag Landssmiðjunnar, er bygging skipasmíðastöðvarinnar, sem ráðizt var í árið 1945 fyrir atbeina fyrrv. atvmrh. Áka Jakobssonar. Starfrækslu skipasmíðastöðvarinnar er nú hætt og þessi viðskipti gerð upp með halla upp á 2,3 millj. kr., hvar af ríkissjóður hefur þegar greitt 1650 þús., eins og fyrr segir. — Í stöðinni voru byggðir 4 bátar, 66 lesta, og keypt efni í aðra 4 báta, sem ekki hefur verið notað, því að þegar sýnt var, hversu komið var hag Landssmiðjunnar, meðfram vegna þessara bátasmíða, lét núv. ríkisstj. hætta við frekari bátasmíðar þar. Er þetta furðulegt tap á ekki meiri rekstri. Hefur ráðh. sá, er Landssmiðjan heyrir undir, fyrirskipað rannsókn á þessu máli, sem ekki mun enn lokið. En þrátt fyrir það, þó að ríkissjóður greiði hið mikla tap, sem varð á bátasmíðinni, er langt frá því, að fyrirtækið sé komið á öruggan fjárhagslegan grundvöll. Hinar miklu skuldir, sem á því hvíla, munu torvelda samkeppni við hliðstæð einkafyrirtæki, sem bættu mjög fjárhag sinn á stríðsárunum. Það verður því skjótlega að taka ákvarðanir um framtíð þessa fyrirtækis, ef á annað borð sýnist ráðlegt að halda því áfram. En saga þessa fyrirtækis frá byrjun gefur ekki góða raun um, að ríkisrekstur á sviði stóriðnaðar henti vel í okkar þjóðfélagi.

Tvö ný fyrirtæki hafa verið stofnsett í fyrra og

í ár. Tunnuverksmiðjur ríkisins á Siglufirði og Akureyri, samkv. l. nr. 32 1946, og Trésmiðja ríkisins, samkv. ákvörðun ríkisstj. Tunnuverksmiðjunum er ætlað það hlutverk að hafa jafnan til nægar umbúðir um saltsíld og selja þær á kostnaðarverði, og er þess að vænta, að framleiðslan geti orðið svo ódýr, að hún standist samkeppni við erlendar verksmiðjur, en reynslan ein fær úr því skorið, hvort þetta tekst. — Á þessu ári keypti ríkissjóður vélar af trésmíðaverksmiðjunni „Akur" og leigði hús til starfrækslunnar til 5 ára. Var þetta gert af brýnni nauðsyn til þess að greiða fyrir byggingarframkvæmdum ríkisins, en reynsla undanfarinna ára hafði sýnt, að oft höfðu þessar framkvæmdir tafizt úr hófi fram vegna örðugleika á að fá smíðaðar hurðir og glugga og annað tréverk, sem nauðsyn krafði. Er þess að vænta, að ekki þurfi að verða tap á þessum rekstri.

Eins og frv. ber með sér, er gert ráð fyrir tæpum 900 þús. kr. tekjuhalla, en greiðsluhallinn áætlaður óhagstæður um því sem næst 20 millj. kr. Hækkun vísitölunnar hefur haft í för með sér, að svo að segja allir útgjaldaliðir fjárl. hækka enn. Við samning þessa frv. hefur athyglinni fyrst og fremst verið beint að því að taka inn á frv. öll lögboðin útgjöld og áætla þau eins nálægt sanni og unnt er. Hefur aldrei komið eins glöggt í ljós og við samning þessa frv., hve umfangsmikill ríkisbúskapurinn er orðinn og hve miklum tekjum ríkissjóðurinn þarf á að halda árlega til að geta staðið undir lögboðnum útgjöldum. — Það mun vera efalitið, að kostnaðurinn við ríkisreksturinn mun vera hlutfallslega meiri á voru landi en t. d. annars staðar á Norðurlöndum, og liggja til þess að sumu leyti eðlilegar orsakir, þar sem slíkur rekstur þarf að vera jafnmargþættur hjá smáþjóð sem fjölmennari þjóðum og margs konar útgjöld, svo sem til samgangna, pósts og síma, löggæzlu, heilbrigðismála, menntamála o. fl., hljóta að verða margfalt meiri í svo strjálbyggðu landi eins og Ísland er, með 1,3 íbúa á hvern ferkílómetra, heldur en í hinum þéttbyggðu löndum álfunnar. En margt bendir einnig til, að óhagkvæm löggjöf, einkum að því er snertir öflun teknanna, og úrelt og óhentug framkvæmd á ýmsum sviðum ríkisrekstrarins eigi einnig sinn þátt í að auka á kostnaðinn að ófyrirsynju. Hefur ríkisstj. nýlega skipað n. til að endurskoða rekstrarkerfi ríkisins og koma fram með till. til umbóta á því, sem væntanlega verður hægt að leggja fyrir Alþ. síðar í vetur. En í viðbót við þetta hefur löggjafarvaldið hin síðari ár mjög fært út valdsvið hins opinbera með margháttaðri löggjöf, sem hefur stórum aukin útgjöld í för með sér, sem óhjákvæmilega hlýtur að þyngja byrði skattgreiðendanna og atvinnuveganna, sem eiga að leggja ríkissjóðnum til nauðsynlegt rekstrarfé. Má þar til nefna hina nýju fræðslulöggjöf, l. um nýbyggðir í sveitum, aukin framlög til bygginga í kaupstöðum, raforkul. og síðast, en ekki sízt, l. um almannatryggingar. — Útgjaldaaukning vegna þessara l., sem öll hafa verið sett síðustu 2 árin, veitir á tugum millj., miðað við það verðlag, sem nú gildir.

Niðurstaðan af bollaleggingum mínum um fjárhagsgetu ríkissjóðs á næsta ári var því sú, að þegar búið var að leggja niður fyrir sér, hvaða tekjum mætti gera ráð fyrir og hver lögboðnu útgjöldin yrðu, var tiltölulega lítið eftir til ólögboðinna framkvæmda, þannig að ég sá mig knúðan til, til þess að frv. yrði ekki lagt fyrir hæstv. Alþ. með stórum tekjuhalla, að draga mjög úr framlögum til vegagerða, hafnargerða og skólabygginga, sem nánar skal vikið að síðar. Ríkissjóður hefur haft úr miklu fé að spila á undanförnum árum, og hefði sjálfsagt verið búmannlegra fyrir Alþ. og þingflokkana að leggja eitthvað af því fé til hliðar til þess að grípa til, þegar að kreppti. En þessi leið var ekki farin. Öllu handbæru fé ríkissjóðs og meiru til hefur nú verið eytt í margvíslegar framkvæmdir, bæði á sviði samgöngumála, heilbrigðis- og menntamála, svo að slíks eru engin dæmi til áður á voru landi, og þó að gott eitt megi segja um þessar framkvæmdir yfirleitt, þá hafa þær orðið dýrar, kostað stórfé og hið opinbera, með því að velta miklu af afgangsfénu út til almennings, stórum aukið verðþensluna í landinu og um leið aukið á þau vandræði, sem þjóðin á nú við að stríða. Á stríðsárunum var hér ekkert atvinnuleysi og er sem betur fer ekki enn, og þess er að vænta, ef nýsköpunin reynist eins og vonir standa til, að þeim vágesti sé bægt frá þjóðfélagi okkar næstu árin að minnsta kosti. En hér er mikill hængur á. Takist ekki að lækka verðbólguna innanlands, munu atvinnuvegirnir brátt komast í þrot og í kjölfar þess ástands, sem þá myndast, mun atvinnuleysið halda innreið sína, með öllum þeim alvarlegu afleiðingum sem því fylgir.

Um einstaka útgjaldaliði frv. vil ég segja þetta: Framlög til nýrra vegagerða eru áætluð 3 millj. kr. í stað 6,5 millj. á þessa árs fjárl. Er hér um mikla lækkun að ræða af ástæðum, sem áður eru greindar. Bílfærir vegir á landinu eru nú taldir alls 6200 km. og hefur stórum verið aukið við þá á síðari árum. Viðhald allra þessara vega kostar nú orðið mikið fé árlega. Þrátt fyrir að stórfé hafi verið varið til kaupa á nýjum vinnuvélum, hefur viðhaldskostnaður jafnan farið vaxandi frá ári til árs. Samkvæmt skýrslu vegamálastjóra er búizt við, að viðhaldið í ár komist upp í 13 millj. kr. Þetta er geysifé og full ástæða til að athuga, hvar á vegi við erum staddir í þessu máli. Nýir vegir útheimta aukið viðhald, svo að búast má við, að viðhaldskostnaðurinn vaxi jafnt og þétt. Leiðirnar á milli landsfjórðunga og um fjölbyggðustu sveitir landsins þarf að fullgera og halda greiðfærum, svo lengi sem hægt er, en vegagerðir á útkjálkum landsins og yfir fjallvegi, sem ekki eru færir nema 2—3 mánuði ársins vegna snjóþyngsla, eru framkvæmdir, sem auðugri þjóðir en við leyfa sér ekki, nema margfalt meiri flutningsþörf sé fyrir hendi en hér á sér stað um suma milljónavegina, sem byggðir hafa verið á seinni árum. — Ég hef áætlað framlagið í einu lagi, og munu hv. þm. skipta þessu fé í ótal staði, ef að líkindum ræður, en ekki þarf miklum getum að því að leiða, hve illa fé nýtist við að skipta því í 108 staði, eins og gert var á síðustu fjárl., í stað þess að beina fjármagninu árlega að þeim stöðum, þar sem samgönguþörfin er mest.

Sama máli gegnir einnig um hafnargerðir og lendingarbætur. Á núgildandi fjárl. eru veittar 6,3 millj. kr. til hafnar- og lendingarbóta á 65 stöðum á landinu. Hæsta fjárveitingin er 280500 kr. í stað, en minnsta 4300 kr. Á fjárlfrv. er aðeins gert ráð fyrir 3,5 millj. kr. til þessara framkvæmda, vegna þess að ekki muni verða nægar tekjur fyrir hendi, en

ég vildi mega leggja til, að þessu fé yrði varið til umbóta á þeim stöðum, þar sem þörfin er mest, í stað þess að dreifa því í allar áttir, eins og áður hefur verið gert.

Hin nýja fræðslulöggjöf er nú farin að segja til sín, þannig að 14. gr. B, menntamál, hefur hækkað úr 14,1 millj. kr. í fjárl. fyrir 1945 í 20 millj. kr. í fjárl. yfirstandandi árs. Við samning fjárlfrv. var reynt að fylgja sem mest till. fræðslumálastjórnarinnar að því er rekstur skólanna snertir, en lækkunartill. hafa mestmegnis beinzt að skólabyggingum. Þannig telur menntmrh., að nauðsyn muni bera til að leggja fram allt að 8 millj. kr. til barnaskólabygginga á næsta ári. Í frv. er gert ráð fyrir 3 millj. kr. auk 2,8 millj. kr. til byggingar héraðs- og kvennaskóla. Alls eru því áætlaðar tæpar 6 millj. kr. til skólabygginga á móts við 4,3 millj. kr. á fjárlfrv. fyrir 1947. Ég tel ekki, að með góðu móti sé hægt að leggja fram meira fé en frv. gerir ráð fyrir, enda er fyrirsjáanlegt, að draga muni úr innflutningi byggingarefnis á næsta ári, þannig að ekki er jafnvel líklegt, að hægt verði að vinna fyrir meira fé en frv. segir.

Til landbúnaðarmála er áætlað alls 16,3 millj. kr., en er í núgildandi fjárl. 16,1 millj. Af vangá hefur fallið úr frv. 500 þús. kr. framlag til Ræktunarsjóðs samkv. l. frá síðasta þingi, þannig að gera má ráð fyrir, að þessi liður verði 16,8 millj. kr. í fjárl. Flestum stærstu framlögunum hefur verið haldið óbreyttum frá því, sem nú er, nema framlag til vélasjóðs hefur verið lækkað úr 850 þús. í 200 þús. kr. og kostnaður við sauðfjárveikivarnir áætlaðar 4260000.00 vegna fjárskipta, er þegar hafa farið fram. Tillag til alþýðutrygginganna hækkar úr 18750 þús. kr. í 24,8 millj. kr. Stafar þessi hækkun af því, að III. kafli tryggingal. á að koma til framkvæmda á næsta ári, en á hinn bóginn sparast ríkissjóði við það allmikið fé, eins og getið er um í athugasemdum við frv. Áætlun Tryggingastofnuninnar var að vísu 3,8 millj. kr. hærri, með því að gert var ráð fyrir 3 millj. kr. aukaframlagi, og framlag til aukalæknisstarfa var áætlað 800 þús. kr. hærra en í frv. Ef til vill fer það svo, að áætlun frv. stenzt ekki að því er þennan lið snertir, og þá verður ríkissjóður að leggja fram það, sem á vantar, l. samkvæmt, en ég taldi ekki rétt að taka annað og meira í frv. en l. heimta, og greiðslan fyrir aukalæknisstörf, sem ekki mun vera samið um enn þá, hef ég ekki álitið, að þyrfti að vera meiri en sem svarar launum allra héraðslækna á landinu. Eins og um er getið í aths. við frv., er sú nýbreytni tekin upp samkvæmt ábendingu yfirskoðunarmanna landsreikninganna varðandi 18. gr., að felld er niður sundurliðun á eftirlaunum og styrktarfé, en aðeins heildarupphæðin tekin inn í 4 liðum. Vísast að öðru leyti til aths. Um aðra útgjaldaliði frv. vísast einnig til aths., enda skýra þeir sig flestir sjálfir.

Eftir því, sem fyrir liggur, má telja, að hagur ríkissjóðs reikningslega skoðað standi vel. Eignir hans hafa stórum aukizt síðustu árin. Skuldir eru að vísu um 30 millj. í föstum lánum, mest innlend lán, auk yfirdráttarins í Landsbankanum. Þó ber þess að gæta, að skuldbindingar ríkissjóðs eru fleiri nú en fram kemur í reikningum hans.

Fiskábyrgðarl. frá síðasta þingi voru sett til þess að tryggja viðunandi verð fyrir fisk vélbátaflotans á þessu ári, en útlit er fyrir, að með þeim verði ríkissjóði bundinn skuldabaggi, sem ætla má, að nemi varla minnu en 23 millj. kr., ef það, sem eftir er óselt af hraðfrystum fiski og hálfverkuðum fiski, selst fyrir það verð sem áætlað er. Þá á ríkið einnig ógreiddar nær 5 millj. kr. vegna ábyrgðar á ull vegna framleiðslu áranna 1943—1945. Hér er því að ræða um nær 30 millj. kr. útgjöld, sem ríkissjóður verður að standa straum af, en fyrir tekjum til að mæta þessum kröfum hefur enn ekki verið séð. Haft var fyrir augum, að afrakstur síldarverksmiðjanna í sumar mundi verða það góður, að af rekstrartekjum þeirra mætti fá fé til að mæta þeim halla, er af fiskábyrgðarl. kynni að leiða, en afkoma þeirra reyndist ekki svo góð, að neins sé þaðan að vænta í þessu skyni.

Eignakönnunin, sem lögfest var á síðasta þingi, getur orðið til þess að auka nokkuð tekjur ríkissjóðs á næsta ári, en fram að þessu hefur hún ekki borið annan árangur en þann, að seld hafa verið 1% ríkisskuldabréf fyrir 9,4 millj. kr., mest þannig, að fyrir þau hafa verið látin skuldabréf ýmissa tegunda, en ekki nema 1,7 millj. kr. í reiðu fé.

Ég vil loks minnast á ábyrgðir þær á lánum, sem ríkissjóður hefur á sig tekið samkvæmt ákvörðunum Alþ. Athugun, sem ég hef látið fram fara á þeim í fjárl., sýnir, að þær nema nú á lánum, sem þegar hafa verið tekin, 173 millj. kr., og er þó ekki meðtalin ábyrgð ríkissjóðs á Stofnlánadeild sjávarútvegsins né heldur skuldir síldarverksmiðja ríkisins. Alls hafa verið seld stofnlánadeildarbréf fyrir 14½ millj. kr. og skuldir síldarverksmiðjanna eru um 50 millj. kr., þar af vegna gömlu verksmiðjanna 7 millj. og þeirra nýju 40 millj. auk tveggja millj. til endurbyggingar á mjölhúsi á Siglufirði, og milli 1 og 2 millj. til lagfæringa og endurbóta.

Virðist að þessu athuguðu full þörf á því að takmarka meir en hingað til hefur átt sér stað heimildir Alþ. fyrir ábyrgðum af ríkisins hálfu, svo sem við verður komið.

Öllum mun vera það ljóst, að hið alvarlegasta, sem þjóðin á nú við að stríða á sviði framleiðslunnar og í atvinnulífinu yfir höfuð að tala, sé verðbólgan og afleiðingar hennar.

Við höfum nú betri tæknilega aðstöðu en nokkru sinni fyrr í sögu þessarar þjóðar til að hagnýta auðlindir landsins og bægja böli atvinnuleysisins frá dyrum landsmanna. Viðhorfið í sölu sjávarfurða er allt annað nú eftir þessa síðustu styrjöld og hagkvæmara en það var, þegar fyrri heimsstyrjöldinni lauk. Þá kom fljótt mikið verðfall afurðanna og margir bjuggust við, að svo yrði einnig nú þegar í stað að stríðinu loknu. En það er mjög á annan veg. Matarskorturinn í Norðurálfunni og víðar veldur því, að afurðir okkar eru í bili a. m. k. eftirsóttar og í mjög góðu verði á heimsmarkaðinum. Þetta haggar svo eigi þeirri sorglegu staðreynd, að innanlandsverðlag okkar er mikils til of hátt til þess að framleiðslan svari kostnaði þrátt fyrir tiltölulega hátt verð á hinum erlenda markaði. Togarafloti landsmanna selur nú daglega afla sinn í Englandi við góðu verði, og skara nýsköpunartogararnir þar fram úr af eðlilegum ástæðum. Mun það vera alþjóð manna gleðiefni, hversu vel sá áfangi á framfarabraut okkar í sjávarútvegsmálum byrjar, sem til var stofnað, þegar kaup þeirra skipa voru fest. Vetrarsíldveiðarnar, sem hófust á síðastliðnu ári, virð-

ast ætla að verða nokkur búbót, einnig á þessu ári, eftir því sem nú lítur út. Mætti svo fara, að ýmsir útgerðarmenn og sjómenn, sem brást sumaráthaldið á síld, fengju hag sinn nokkuð réttan í vetur við þessar veiðar, auk þess sem nú er allt útlit fyrir, að úr rætist með beitu til vetrarvertíðarinnar, en fyrir skömmu leit út fyrir mikinn beituskort.

Af hálfu ríkisstj. hefur verið og er starfað að því að fá sem bezta samninga við erlend ríki varðandi sölu afurða og kaup á lífsnauðsynjum okkar. Gömul viðskiptasambönd eru treyst og nýrra leitað. Að þessum málum er nú stöðugt unnið með atbeina sendiherra landsins erlendis og með sérstökum sendinefndum, þegar þess þarf við. Er þess og mikil þörf, að þessum málum sé gaumur gefinn og ekkert látið ógert til að tryggja sölu afurðanna. Ýmis viðskiptalönd okkar búa við erfiða gjaldeyrisaðstöðu og krefjast því af okkur jafnvirðisvörukaupa, ef þau eigi að kaupa íslenzkar afurðir. Þetta má líka gera, en þó aðeins að vissu marki. Öflun frjáls gjaldeyris fyrir meiri part afurðanna er nauðsyn, ekki sízt vegna þess, að flestar aðallífsnauðsynjar, er þjóðin þarfnast, krefjast greiðslu í frjálsum gjaldeyri. Gjaldeyrisforði þjóðarinnar hefur gengið til þurrðar fyrr en varði, og mjög tilfinnanlegur skortur á erlendum gjaldeyri er hér nú ríkjandi, og er það ærið áhyggjuefni, en þó engan veginn eins kviðvænlegt og hitt, sem vofir yfir, ef ekki finnast úrræði til úrbóta, að framleiðslu þeirra afurða, sem eru undirstaða gjaldeyrisöflunar þjóðarinnar, verði ekki haldið uppi. Þjóðinni er það lífsnauðsyn, að þeirri hættu sé bægt frá.

Mikil þörf er þess, að öll þjóðin geri sér ljóst, hvað við liggur í þessum efnum, og að samvinna Alþingis, ríkisstjórnarinnar og þjóðarinnar allrar náist til að vinna bug á verðbólgunni og þeim afleiðingum hennar, sem eru svo að segja að keyra um koll heilbrigt atvinnulíf í landinu. Þá mun brátt rætast úr gjaldeyrisskortinum og hagur alls almennings verða öruggari en hann er nú.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Fjárlagafrv. það, sem hér er til umræðu, ber þess merki, að breytingar eru að gerast á högum þjóðarinnar. Það ber að mörgu leyti merki óvissu þeirrar, sem ríkir um atvinnumál landsmanna og fjárhag ríkissjóðs, og er engin ástæða til að undrast það. En eins og hæstv. fjmrh. hefur tekið fram, verður það á valdi Alþingis, svo sem áður hefur tíðkazt, hverja afgreiðslu frv. þetta fær að lokum, og er mikið undir komið, að giftusamlega takist.

Það er nokkuð erfitt að átta sig á einstökum tölum, sem hæstv. fjmrh. hafði um hönd, en ef ég hef tekið rétt eftir, gerði hann ráð fyrir í sambandi við áætlun tolla um 220 milljón króna innflutningi til landsins. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því, að með því verðlagi, sem nú er í heiminum, mun innflutningsþörf okkar nema hátt á þriðja hundrað milljónum króna á ári. Er þá ekki gert ráð fyrir innflutningi á vörum, sem verðtollur er greiddur af, svo að neinu nemi, og getur það enn lækkað verðtollstekjur ríkisins, en í 220 milljón króna innflutningi yrði ekki unnt að flytja inn neinar vörur, sem verðtollur er greiddur af.

Hæstv. fjmrh. komst að orði á þá leið, að stóriðja á vegum ríkisins virtist ekki gefast vel. Ég vil í þessu sambandi minna á síldarverksmiðjur ríkisins, sem til voru fyrir stríðið og áður en byggðar voru hinar nýju undir forustu hinnar dæmalausu byggingarnefndar fyrrv. hæstv. atvmrh., Áka Jakobssonar. Síldarverksmiðjurnar voru búnar að borga sig og eignast nokkrar milljónir að auki. Allt öðru máli gegnir um Landssmiðjuna, einkum undir stjórn fyrrv. atvmrh., Áka Jakobssonar, og um ríkisrekstrurinn gildir það sama og um rekstur einstaklinga, að þar „veldur hver á heldur." Oft hefur ríkt mikil óvissa um tekjuöflun ríkissjóðs, og að þessu sinni er óvissan meiri en nokkru sinni fyrr. Hinar erlendu innistæður eru þrotnar og okkar vantar, með því útliti, sem enn er um sölu útflutningsafurða, sem liggja í landinu, allt að 90 milljónum króna í erlendri mynt til þess að hreinsa þau vanskil, sem við erum komnir í, og greiða ýmsar áfallnar skuldbindingar, svo og til þess að sjá okkur fyrir helztu nauðsynjum til vertíðarinnar, sem nú fer í hönd. Þrátt fyrir það, að skorin hafi verið niður öll leyfi fyrir nýjum innflutningi síðari hluta ársins, nema fyrir brýnustu lífsnauðsynjum og ýmsum vélum og áhöldum til framleiðslunnar, er svona komið með gjaldeyrinn. Vegna hinna miklu birgða, sem til voru í landinu, hefur þó ekki enn að neinu leyti sorfið að neinum til matar eða fata. Hins vegar er margs konar efni til iðnaðar og húsabygginga á þrotum, og veldur það tvímælalaust atvinnuleysi, ef ekki verður unnt að bæta úr þeim skorti. Hinir kommúnistisku leiðtogar Sósfl. hér á Alþingi halda því fram, að núv. ríkisstj. sé að búa til kreppu í landinu til þess að fá tilefni til að ráðast á launastéttirnar og heimta kauplækkun. Nú vita allir, að fjárkreppa og gjaldeyriskreppa valda fyrst og fremst ríkisstj. vandræðum og áhyggjum. Því að eins og von er til, krefjast menn af henni, að hún komi með tillögur um að leysa hvers konar vandræði, sem ekki er á valdi einstaklinga eða félagsheilda að leysa. Það mætti því vera undarlega gerð ríkisstj., sem hagaði sér eins og kommúnistar lýsa. Enda er það svo, að gjaldeyrisvandræði og fjárkreppa er ekki eingöngu íslenzkt fyrirbrigði. Viðskiptin í Evrópu og kaupgeta þjóðanna er lömuð eftir heimsstyrjöldina síðustu. Þjóðirnar, sem urðu fyrir þyngstu búsifjunum vegna ófriðarins, eru enn í sárum. Þær hafa ekki ráð á því að kaupa vörur annarra þjóða, sem eitthvað hafa til þess að selja, nema gegn vörukaupum, og öll viðskipti hafa farið úr skorðum af þeim sökum. Allir, sem lesa blöðin og hlusta á útvarpið, vita þetta. Eða er ekki daglega talað um Marshalláætlunina, þ. e. tillögur Marshalls utanríkisráðherra Bandaríkjanna um að lána ýmsum löndum í Evrópu samtals um 3000 milljónir dollara í vörum og peningum í því skyni að forða fjölda manns frá hungurdauða í bágstöddum löndum og líða fyrir viðskiptum? Öll stórveldin í Evrópu þurfa að grípa til sérstakra ráðstafana vegna gjaldeyrisskorts. Og nú er svo komið, að flestar þjóðirnar krefjast jafnvirðiskaupa í viðskiptum. Eru það þá nokkur undur, þó að gjaldeyrisskortur sé einnig orðinn hjá oss Íslendingum, sem lifum tiltölulega meira á því að verzla við aðrar þjóðir en nokkur önnur þjóð í Evrópu? Vissulega ekki. En hinu má þó ekki neita, að við höfðum getað treint okkur gjaldeyrisforðann, sem við eignuðumst í stríðinu, betur en við gerðum. En þótt svo sé, verður þeirri staðreynd ekki í móti mælt, að við höfum enn, þrátt fyrir gjaldeyrisskort okkar og vandræði annarra þjóða, meiri

möguleika en flestir aðrir til þess að lifa góðu lífi. Þótt nokkru af gjaldeyriseign okkar hafi verið varið miður en skyldi, höfum við notað mikinn hluta hennar til þess að búa okkur undir framtíðina. Þessi forsjálni getur fleytt okkur yfir örðugleikana, ef við viljum viðurkenna staðreyndir og lifa samkvæmt þeim. Ég hef fyrir nokkru í útvarpi héðan frá Alþingi lýst þessari skoðun minni og vil í því efni vitna til allra, sem mál mitt heyrðu, að íslenzka þjóðin hefur aldrei fyrr verið eins vel búin út í lífsbaráttuna. Það er því á hennar eigin valdi, hvernig eða hvort hún notar skipin, vélarnar, tækin og menninguna, sem hún hefur eignazt. Um alla Evrópu er enn skortur á matvælum. Við getum framleitt mikið af þeim. En við eigum í samkeppni við aðra og kaupgeta margra er lítil. Enn þá hefur ekki orðið verðfall á matvælum, en þó er nú svo komið, að við erum ekki samkeppnisfærir við aðra. Hvað mundi þá, ef verðfall kæmi á afurðir erlendis? Þetta er hinni innlendu dýrtíð og verðbólgu langmest að kenna. Og þetta getum og eigum við sjálfir að lagfæra, og ef hér verður atvinnuleysi, stafar það, þrátt fyrir hið háa markaðsverð erlendis, eingöngu af gjaldeyrisskorti og verðbólgu. Við getum bætt úr gjaldeyrisskortinum með því að koma aðalútflutningsvegi okkar, útgerðinni, á heilbrigðan grundvöll. Afkoma manna og atvinna er undir því komin, að þetta takist vel. Og alþýða manna í landinu, sem þarf að vinna fyrir sér, veit þetta og skilur, þótt hins vegar séu til einstaka fáráðlingar, sem þola ekki að heyra þennan sannleika nefndan, svo að þeir eigi úthverfist. Slíkir vesalingar fussa við hinum háu þörfum iðnaðarmanna og verkamanna fyrir gjaldeyri og kalla það „gjaldeyrisspangól". Daglega heyrist um fjölda manns, sem hafa í höndum lögleg innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, en fá ekki yfirfærslur hjá bönkunum vegna hins geipilega gjaldeyrisskorts. Þessir menn kvarta, sem von er til, yfir gjaldeyrisskortinum. Atvinna margra þeirra er í veði og ástvinir margra eru félítlir í útlöndum. Kommúnistablaðið Þjóðviljinn hefur heyrt kvartanir þessara manna, og ordabókarhöfundurinn, sem stjórnar blaði kommúnistaflokksins, tekur kvörtunum þessum þannig, að hann líkir hinum kvartandi mönnum við hunda og segir, að þeir reki upp „gjaldeyrisspangól". Sem betur fer er blað kommúnista eitt um það að sýna þeim, sem ekkert hafa unnið til saka annað en vanta gjaldeyri, slíkan vitnisburð. Hv. 2. þm. S-M., Lúðvík Jósefsson, fulltrúi flokks þess, sem svarar gjaldeyrissveltandi mönnum með slíku orðbragði, talar hér næstur á eftir mér og gefur þá væntanlega skýringar á þessu viðurstyggilega framferði flokksblaðs síns. — Í starfi mínu í fjárhagsráði hef ég kynnzt vandræðum margra manna í þessu efni, og þau eru vissulega ekki í flimtingum hafandi, svo sem kommúnistar láta sér sæma, þegar þeir geta ekki lengur neitað staðreyndum, eins og nú standa sakir. Efni eru engin til úrlausnar, en sú er bót í máli, og verður ekki nógsamlega haldið á lofti, að gjaldeyrisskorturinn þarf ekki að vera annað og meira en stundarfyrirbrigði meðan verðlag það helzt, sem nú er fyrir útflutningsvörur okkar á erlendum markaði, ef þjóðin ber gæfu til þess að bindast samtökum til þess að vinna bug á verðbólgunni og dýrtíðinni.

Samhliða gjaldeyrisskortinum hefur hin öra fjárfesting, sem átt hefur sér stað í framkvæmdum innanlands, valdið skorti á lánsfé. Á þessa hættu var bent í áliti hagfræðinganefndar, sem kom út síðastliðið haust, en þrátt fyrir það hefur því máli verið lítill gaumur gefinn. Ég vil því, með því að þetta efni er mjög skylt afgreiðslu fjárlaganna, fara um það nokkrum orðum. Fjárhagsráð tók til starfa í byrjun júlímánaðar í sumar. Þá var svo umhorfs, að mikil innflutnings- og gjaldeyrisleyfi voru í umferð, og hafði þó verulegur hluti þeirra verið framlengdur frá árinu 1946. Fyrsta verk fjárhagsráðs var að gera sér hugmynd um, hvernig ástandið væri í gjaldeyrismálum og byggingarmálunum. Leiddi bráðabirgðaathugun í ljós, að skortur gæti orðið á byggingarefni. Samkvæmt l. um fjárhagsráð var ákveðin skömmtun á byggingarefni um miðjan ágúst. Jafnframt var auglýst eftir umsóknum til þess að halda áfram eða hefja framkvæmdir. Streymdu umsóknir þessar brátt inn til fjárhagsráðs og var þegar tekið að vinna úr þeim. Voru umsóknir þessar flokkaðar í þrjá flokka eftir því, hve langt framkvæmdirnar voru á veg komnar, og enn fremur í sex flokka eftir tegundum framkvæmda: 1) íbúðarhús, 2) opinberar byggingar og framkvæmdir, 3) iðnaðarfyrirtæki, 4) framleiðslufyrirtæki, 5) verzlunarhús, 6) útihús. Enn fremur voru umsóknirnar flokkaðar eftir sýslum og kaupstöðum og síðan eftir landshlutum. Umsóknum þessum var í mjög mörgu ábótavant. Um margt það, er spurt var um, voru engar upplýsingar gefnar, og í öðrum atriðum voru þær oft rangar eða villandi. Eigi var unnt að koma við fullnaðarendurskoðun eða leiðréttingum á skýrslum þessum vegna þess hve tími var naumur og áliðið sumars. Var því það ráð tekið að láta byggingarfróðan mann endurskoða skýrslurnar í því skyni að reikna út efnisþörfina, svo að byggingarframkvæmdir yrðu eigi fyrir óþörfum töfum. Alls var sótt um leyfi fyrir 2599 byggingarframkvæmdum, er skiptust þannig:

Íbúðarhús	1863
Opinberar byggingar og framkvæmdir	210
Iðnaðarfyrirtæki	86
Framleiðslufyrirtæki	76
Verzlunarfyrirtæki	74
Útihús	290
Samtals	2599

Sementsþörf í byggingar þessar var áætluð um 45 þúsund smálestir, en sementsbirgðir og útgefin innflutningsleyfi voru aðeins um 15 þúsund smálestir. Í þessu sambandi verða menn að hafa í huga, að hér er eingöngu um að ræða þörfina 5 síðustu mánuði ársins. Engar byggingar eða framkvæmdir, sem lokið var við fyrri hluta ársins, áður en fjárhagsráð tók til starfa, eru hér með taldar. En á þeim tíma var búið að nota af því, sem flutt hafði verið inn, hér um bil 36 þús. smálestir af sementi. Fjárhagsráð veitti ný leyfi fyrir innflutningi á rúmum 6000 smálestum af sementi, þannig að allur innflutningurinn nemur samtals á árinu um 57 þús. smálestum. Vegna hins mikla gjaldeyrisskorts þótti eigi fært að veita meira á árinu. Jafnframt voru settar fastar reglur um úthlutun sements, til þess að tryggja það, að unnt væri að ljúka byggingum þeim, sem lengst voru komnar áleiðis, mjaka öðrum nokkuð áfram, en forða þeim, sem ekki voru byrj-

aðir, frá því að hefja byggingar, bæði til þess að þeir legðu ekki í óþarfa kostnað og í því skyni, sem áður segir, að nýjar byggingar eyðilegðu ekki möguleika, sem fyrir hendi voru til að ljúka byggingum, sem langt voru komnar, því að augljóst er, að heppilegast er fyrir alla að ljúka sem allra flestum byggingum á sem skemmstum tíma, en láta ekki fjöldann allan af byggingum í landinu stöðvast vegna efnisskorts. Fjárhagsráð er nú að láta gera skýrslu um byggingarframkvæmdirnar. Þeirri skýrslu er enn eigi lokið, en upplýsingar þær, sem ég hef í höndum, sanna það, er ég áður sagði.

1. Íbúðarhús. Alls voru í smíðum eða ráðgert að byggja að öllu eða einhverju leyti samkvæmt umsóknum íbúðarhús með 3154 íbúðum, og var áætluð sementsþörf til þeirra framkvæmda frá 15. ág. til ársloka 23855 tonn, þar af í Rvík. 840 hús með 1871 íbúð og áætlaðri sementsþörf um 13505 tonn. Íbúðarhús þessi skiptust þannig niður eftir flokkum, að í 3. flokki, þ. e. íbúðarhús, sem voru fokheld 15. ág. eða lengra komin, voru samtals 931 hús með 1601 íbúð og áætlaðri sementsþörf til að fullgera húsin um 4186 tonn, þar af í Rvík einni 518 hús með 1125 íbúðum og sementsþörf um 2795 tonn. Í 2. flokki, þ. e. íbúðarhús, þar sem að minnsta kosti kjallarabotn var steyptur 15. ágúst, en húsið ekki fokhelt, voru samtals 504 hús með 886 íbúðum og áætlaðri sementsþörf um 7363 tonn, þar af voru í Rvík 162 hús í þessum flokki, með 416 íbúðum, og sementsþörf um 3490 tonn. Í 1. flokki, þ. e. íbúðarhús, sem lítið eða ekkert var byrjað á 15. ág., voru samtals 428 hús með 666 íbúðum og áætlaðri sementsþörf um 12306 tonn.

2. Útihús (hlöður, fjós, safnþrær og annað þess háttar). Alls voru í byggingu eða ráðgert að byggja 290 útihús fyrir haustið 1947, og var sementsþörfin áætluð samkvæmt umsóknum 1945 tonn.

3. Opinberar byggingar og framkvæmdir. Alls voru í byggingu eða ráðgert að byggja að öllu eða einhverju leyti á þessu ári 210 opinberar byggingar, og var sementsþörf áætluð 8175 tonn og heildarkostnaður framkvæmdanna kr. 138181000.00, en kostnaður við að fullgera þessar framkvæmdir áætlaður kr. 82075000.00. Má þó þegar slá föstu, að allar þessar tölur um áætlaða sementsþörf og kostnað eru mjög ófullkomnar og yfirleitt allt of lágar, því að mjög víða vantaði í umsóknirnar allar upplýsingar varðandi þessi atriði. Þessar opinberu byggingar skiptast þannig eftir tegundum:

	Fjöldi framkv.	Sementsþörf 1000 kg.	Áætlaður heildarkostn. 1000 kr.
Hafnargerðir og vitabyggingar	34	1553	18844
Rafveitur	28	1055	33237
Vatnsveitur og hitaveitur	12	450	7565
Sjúkrahús	15	470	18605
Skólabyggingar	55	2677	39678
Félagsheimili og sundlaugar	41	1083	11461
Annað	25	887	8791
Samtals	210	8175	138181

4. Framleiðslu-, iðnaðar- og verzlunarfyrirtæki. a) Framleiðslufyrirtæki. Alls var ráðgerð nýbygging eða mjög stórfelldar viðbyggingar á 76 framleiðslutækjum, og var sementsþörfin til þessara framkvæmda áætluð 4303 tonn og heildarkostnaður kr. 47891000,00, en kostnaður við að ljúka framkvæmdunum kr. 29183000.00, þar af í Rvík og Hafnarfirði 14 fyrirtæki með sementsþörf 535 tonnum og áætluðum heildarkostnaði kr. 7279000.00, og er fróðlegt að bera það saman við verzlunar- og iðnfyrirtækin hér á eftir. En þess ber að gæta hér, eins og við opinberar byggingar og framkvæmdir og enn fremur iðnaðar- og verzlunarfyrirtæki, að allar tölur varðandi sementsþörf, en þó sérstaklega varðandi áætlaðan heildarkostnað og kostnað við að ljúka framkvæmdunum, eru mjög ónákvæmar og í flestum tilfellum allt of lágar, vegna þess að upplýsingar þær, er fjárhagsráði bárust þar að lútandi, voru ófullnægjandi og víða alveg sleppt. Framleiðslufyrirtækin skiptast þannig eftir tegundum, að hraðfrystihús voru alls í 1., 2. og 3. flokki 30 að tölu, fiskþurrkunar- og söltunarhús 12, niðursuðuverksmiðjur 2, fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur 8, síldarverksmiðjur 5, verbúðir og geymslur 7, slátur- og kjötfrystihús 6, mjólkurvinnslustöðvar 4 og ullarvinnslustöðvar 2. b) Iðnaðarfyrirtæki. Iðnaðarfyrirtækin voru í 3. flokki 31 að tölu, í 2. flokki 24 og í 1. flokki 31, eða samtals 86 og áætluð sementsþörf 3131 tonn, heildarkostnaður kr. 18740000.00, en kostnaður við að ljúka framkvæmdunum kr. 12035000.00. Af þessu voru í Rvík og Hafnarfirði 49 iðnaðarfyrirtæki, og var sementsþörf þeirra 2560 tonn og áætlaður heildarkostnaður 15463000.00 kr. Iðnaðarfyrirtækin skiptast þannig niður eftir tegundum: Dráttarbrautir og skipasmíðastöðvar voru samtals í öllum flokkum 7 að tölu, vélsmiðjur 5, bifreiðaviðgerðaverkstæði 11, matvælaiðnaðarverksmiðjur 7, vefnaðarvöruiðnfyrirtæki 3, netavinnslustöðvar 4 og ýmislegt 18. c) Verzlunarfyrirtæki. Verzlunarhúsin, sem eru í byggingu eða ráðgert að byggja á þessu ári, voru samtals 74 og áætluð sementsþörf 3702 tonn. Áætlaður heildarkostnaður nam kr. 25973000.00, en kostnaður við að ljúka framkvæmdum 21347000.00 kr. Skiptust þessar framkvæmdir þannig eftir flokkum, að í 3. flokki voru samtals 31 hús, í 2. flokki 16 og í 1. flokki 27. Af þessum verzlunarfyrirtækjum voru 34 í Rvík og Hafnarfirði, og var sementsþörf þeirra 2971 tonn, en áætlaður heildarkostnaður kr. 19470000.00 og kostnaður við að ljúka framkvæmdum kr. 15670000.00. Á þessu sést, að af 74 verzlunarhúsum í nýbyggingu voru 34 eða nær helmingur í Rvík og Hafnarfirði, en af 76 framleiðslufyrirtækjum aðeins 14 eða tæplega ⅛ hluti á sömu slóðum. Rannsókn á byggingum og byggingarframkvæmdum, sem gerð var eftir umsóknum þeim um fjárfestingarleyfi, sem ráðinu bárust, leiddi í ljós, að heildarsementsþörf landsins til áramóta frá 20. ág. mundi vera um 45111 tonn, en heildarsementsmagnið í landinu, þar með talinn væntanlegur innflutningur til landsins, aðeins um 20000 tonn. Var því það ráð tekið að synja og fresta til næsta árs þeim byggingarframkvæmdum, sem yfirleitt voru skemmst á veg komnar, þ. e. a. s. þeim byggingum, sem taldar eru undir 1. flokk. Hafði þetta þann kost í för með sér, að þó að sementsþörfin væri þannig skorin niður um rúman helming, þá þurfti ekki að synja eða fresta nema tæp-

lega 1/5 hluta þeirra byggingarframkvæmda, sem ráðgerðar höfðu verið á árinu, eða alls 479 byggingarframkvæmdum af 2599. Hvað snertir fjárfestingu til þeirra byggingarframkvæmda, sem ráðgerðar höfðu verið, skiptist hún þannig:

	Áætl. kostn. við að ljúka framkvæmdum ráðgert	leyft	synjað
	1000 kr.	millj.kr.	1000 kr.
1. Opinb. byggingarframkv.	82075	35.2	46893
2. Verzlunarfyrirtæki	21347	5.0	16478
3. Iðnaðarfyrirtæki	12035	5.3	6749
4. Framleiðslufyrirtæki ...	29183	16.0	13057
Samtals	144640	61.5	83177

Samtals hafa því verið leyfðar framkvæmdir fyrir um 60 millj. kr., en synjað eða frestað um fjárfestingarleyfi fyrir um 83 millj. kr., en báðar tölurnar eru þó raunverulega allt of lágar, þar eð viða vantar upplýsingar um kostnað. Þá vantar algerlega allar upplýsingar um kostnað við að ljúka þeim íbúðarhúsum, sem synjað var um fjárfestingarleyfi, fyrir 325 íbúðarhúsum öllum í 1. flokki, eða samtals 525. Hins vegar voru veitt leyfi fyrir um það bil 1/3 hluta af sementsþörf 103 íbúðarhúsa í sama flokki í þeim landshlutum, þar sem sementsástandið var bezt, þannig að ráð var gert fyrir, að mögulegt yrði að ganga frá grunni þessara húsa fyrir árslok 1947, með það þá sérstaklega fyrir augum, að fljótlegra yrði að hefja framkvæmdir að vori. Aftur á móti var synjað um nokkuð af því sementsmagni, sem þurft hefði til að ljúka við íbúðarhús í 2. flokki á þeim stöðum, þar sem sementsástandið var alvarlegast, og mun því láta nærri, að það sement, sem leyft var í hús í 1. flokki, vegi upp á móti því, sem synjað var um í 2. flokki, þannig að gera megi ráð fyrir því í áætlun á heildarkostnaði þeirra íbúðarhúsa, sem synjað var eða frestað til næsta árs, að það sé kostnaðurinn við að byggja upp þau hús, sem töldust til 1. flokks þann 15/8. Sé áætlað, að vísu mjög lágt, að íbúð í Reykjavík kosti um 120 þús. kr. að meðaltali og annars staðar á landinu um 100 þús. kr. að meðaltali, hefur þannig verið synjað um fjárfestingu á þessu ári: í Reykjavík 330 íbúðir á 120 þús. kr., eða um 40 millj. kr., og annars staðar á landinu 336 íbúðir á 100 þús. kr., eða 33 millj. kr., eða alls á öllu landinu um 72 millj. kr. Samanlagt hefur fjárhagsráð þannig synjað um fjárfestingu á þessu ári fyrir um 155 millj. kr., og er þó sú tala eingöngu lausleg áætlunarupphæð. Leyfð hefur verið bygging á um 2400 íbúðum af rúmum 3100, sem sótt var um. Enn fremur opinberar framkvæmdir og fleira. Mætti áætla kostnað við þetta samtals um 350 millj. kr. og er þó sennilega allt of lágt reiknað. Má af þessum tölum fá nokkra hugmynd um, hvers konar risabákn hér er um að ræða og hvað menn hafa ráðgert að leggja í af byggingarframkvæmdum án þess að gera sér grein fyrir, hverjir möguleikar voru fyrir hendi til þess að ljúka þeim. Er enn fremur hægt að mynda sér nokkra skoðun um það, hvers konar ástand hefði skapazt í byggingarmálum þjóðarinnar í heild, ef ekki hefði verið tekið í taumana með þeim afleiðingum, sem orðið hafa. Má gera ráð fyrir, að þá hefðu mörg hús og aðrar nauðsynlegar framkvæmdir stöðvazt hálfgerðar, eða rúmlega það, sem nú verður mögulegt að ljúka á þessu ári.

Þetta er lítil spegilmynd af hinni öru fjárfestingu, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og hefur farið svo vaxandi, að hún hefur vaxið bæði hinum einstöku lánsstofnunum og hinu opinbera langt yfir höfuð. Einstaklingarnir hafa keppzt við innbyrðis og það opinbera hefur keppt við einstaklingana um að festa sem allra mest fé á sem skemmstum tíma. Árangurinn hefur orðið sá út á við, að gjaldeyririnn er þrotinn, en inn á við sá, að mjög er nú orðið erfitt að fá peningalán og það til hinna allra nauðsynlegustu framkvæmda. Að þessu athuguðu er öllum ljóst, að við komumst ekki hjá því að breyta um stefnu. Sá tími, þegar hægt var að vísa á ríkissjóð til þess að taka ný og stór útgjöld, er liðinn. Sá tími, þegar unnt var að gefa ótakmörkuð gjaldeyrisleyfi, er liðinn. Sá tími, þegar bankarnir virtust hafa ótakmarkað fé til útlána, er liðinn. Þessum staðreyndum verður ekki neitað í neinni alvöru. Hins vegar hlýtur fulltrúi Sameiningarflokks alþýðu, hv. 2. þm. S-M., Lúðvík Jósefsson, sem talar hér næst á eftir mér, að neita þeim öllum, ef hann reynist trúr flokki sínum og þeirri stefnu, sem kommúnistar halda fram í blaði sínu viku eftir viku. Enn munu þeir, þrátt fyrir talandi staðreyndir, vera á uppboði og haga boðum sínum eftir því, við hverja þeir tala í þetta eða hitt skiptið. Þeir lofa öllum stéttum gulli og grænum skógum, hverri eftir sínum óskum. Ég heyrði í fyrrakvöld hv. 2. þm. S-M., Lúðvík Jósefsson, halda eina slíka uppboðsræðu á fundi Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Þar var útvegsmönnum lofað öllu fögru. Loforðin voru í 12 liðum, og þau voru gefin á fundi útvegsmanna, og þar kom hv. 2. þm. S-M. fram sem útvegsmaður og talaði eins og þeir vildu heyra. Sami hv. þm. er fulltrúi Alþýðusambands Íslands á stéttaráðstefnunni, og þar er annað hljóð í strokknum. Þar vill hann lækka áætlanir L. Í. Ú. um útgerðarkostnað niður úr öllu valdi og telur þær fjarri sanni. Í ræðu þeirri, er ég gat um áðan, var 12. liður loforð fyrir útgerðarmenn um að lækka vísitöluna stórlega, með því að lækka afurðaverð bænda, sem ræðumaður sagði, að væri reiknað út á „bandvitlausum grundvelli." Þetta er sú hlið kommúnista, sem snýr að útgerðarmönnum. Sú hliðin, sem snýr að bændum, er allt önnur. Þar er verðið aldrei nógu hátt. En engin stétt í landinu lifir á loforðum kommúnista. Fulltrúafundur L.Í.Ú. situr nú á rökstólum. Þar sitja menn af öllum stjórnmálaflokkum, og þar eru skoðanir mjög skiptar í ýmsum málum, en um eitt eru menn sammála, og það er, að með núverandi dýrtíð og verðbólgu séu engin starfsskilyrði fyrir útgerðina. Slíkt ástand torveldar mjög, að hægt sé að afgr. fjárlög, sem nokkurt vit sé í, og það verður að breytast. Menn horfa til ríkisstjórnar og Alþingis um tillögur til að bæta úr ástandinu, því að það er ekki á valdi neinna annarra að gera það, og mikill þorri kjósenda setur traust sitt og von sína á, að þeir þrír stjórnmálaflokkar, sem nú mynda ríkisstjórn, bindist samtökum um að leysa þetta mikla vandamál, samhliða því og afgreidd verða fjárlög í samræmi við það ástand, sem nú er í landinu. Menn vænta þess, að Alþingi geri skyldu sína í þessum efnum og það sem allra fyrst, því að óðum líður nú að vertíð og engan tíma má missa, svo að ekki hljótist

tjón af. Jafnvel þótt við Íslendingar finnum enn þá lítið til fjárkreppunnar, sem liggur eins og mara á mörgum hinum þjáðu þjóðum Evrópu, verðum við samt sem áður til þess að firra okkur vandræðum að athuga okkar gang bæði hvað snertir afgreiðslu fjárlaga og atvinnuvegi landsmanna. Við höfum betur ráð á því en áður. Við höfum eignazt ágæt framleiðslutæki. Við höfum eignazt margar góðar byggingar og mikil lífsþægindi. En þetta megum við ekki láta villa okkur sýn. Enn er margt ógert. Enn búa margir í heilsuspillandi íbúðum. Nóg eru verkefnin, við þurfum að starfa. Við verðum að koma fjármálum okkar og framkvæmdum í lag til þess að forðast atvinnuleysi. Við verðum að samræma framkvæmdir einstaklinga og almannavaldsins og við verðum umfram allt að koma aðalútflutningsframleiðslu okkar á heilbrigðan og samkeppnisfæran grundvöll. Þessi verkefni Alþingis eru mikil og vandasöm, og við skulum vona, að Alþingi beri gæfu til að leysa þau af hendi á þann hátt, sem þjóðinni er fyrir beztu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var eins og hv. þm. Ísaf. væri órótt út af því að vita, að ég ætti að tala hér á eftir honum. Ég mun ekki á neinn hátt misnota þá aðstöðu mína, en það kom í ljós við útvarpsumræður, sem fram fóru ekki alls fyrir löngu, að hv. þm. Ísaf. kann að notfæra sér það að vera síðasti ræðumaður, þegar enginn getur komið á eftir og svarað.

Þessi hv. þm. brá nú ekki vana sínum um sannleiksást. Hann reyndi að venju að kasta skít í fyrrv. atvmrh. og okkur sósialista yfirleitt og talaði um það, að Þjóðviljinn kallaði gjaldeyrishungrandi menn hunda, sem rækju upp gjaldeyrisspangól. Þetta er ámóta sannleikur og þegar þessi sami hv. þm. sagði, að á fundum okkar sósialista í sumar hefðu mætt svona 2—12 menn, en þessir fundir voru vel settir, og Þjóðviljinn hefur aldrei talað um þá menn, sem skortir gjaldeyri, sem hunda, er reki upp gjaldeyrisspangól.

Þessi hv. þm. kvartaði og yfir því, að ég í ræðu minni á fundi útvegsmanna hefði talað sem útvegsmönnum líkaði. Hv. þm. var á þessum fundi og hefur líklega ekki liðið sem bezt, þegar hann heyrði mig benda á leið út úr ógöngunum, en vissi með sjálfum sér, að hann og sú ríkisstj., er hann styður, er gersamlega ráðþrota. — Það er alrangt, að ég hafi viljað lækka afurðaverð bænda, og skal ég víkja að því síðar.

Fjárlfrv. það, sem hér liggur fyrir til umræðu, er á margan hátt glöggt dæmi um það ráðleysi og fálm, sem einkennir stefnu núv. ríkisstj. um allt það, sem varðar fjárhags- og atvinnumál þjóðarinnar. Það er fyrst þegar vika er liðin af nóvembermánuði og Alþingi hefur verið haldið aðgerðalausu í rúman mánuð, að sjálft fjárlfrv. er til 1. umr. Og þá var það þannig úr garði gert, samkvæmt eigin umsögn ríkisstj., að búast má við, að því verði að gerbreyta í stóru og smáu, þegar loks að því kemur, að stj. kemur sér saman um einhverja stefnu í atvinnu- og fjárhagsmálunum. En þó að fjárlfrv. stj., sem í sjálfu sér á þó að marka stefnuna í fjárhags- og atvinnumálum þjóðarinnar, sé þannig úr garði gert, þá gefur það nokkuð til kynna, hvað stj. hyggst fyrir og hvers konar till. frá henni megi vænta.

Í grg. frv. segir t. d., að gert sé ráð fyrir stórlega minnkandi innflutningi á vörum á næsta ári. Fjvn. hefur fengið þá skýringu á þessu, að reiknað sé með, að vöruinnflutningurinn á næsta ári verði aðeins helmingur þess, sem var á s.l. ári. Það er alveg augljóst mál, að slíkur stórfelldur niðurskurður getur ekki átt sér stað, nema kallað sé yfir þjóðina atvinnuleysi og lífskjör almenningi stórlega rýrð frá því, sem nú er. Svo naumur innflutningur mundi auðvitað gersamlega útiloka allar nýjar framkvæmdir, og áframhald nýbyggingarinnar í atvinnulífi landsins yrði þá endanlega stöðvað. Þannig niðurskurður á innflutningi er auðvitað með öllu ástæðulaus, því að gjaldeyrisöflun þjóðarinnar er, eins og nánar mun vikið að síðar, miklu meiri en sem þessu nemur á hverju ári, svo framarlega sem ætlunin er að halda framleiðslunni í gangi og selja framleiðsluvörurnar á því verði, sem hægt er fyrir þær að fá.

Í fjárlagafrv. stj. er gert ráð fyrir að skera stórkostlega niður allar verklegar framkvæmdir. Þannig er lagt til, að varið verði til nýrra þjóðvega tæplega helmingi þess, sem var í ár. Til brúargerða 1,0 milljón í stað 2,4 millj. í ár. Til hafnargerða 3,5 millj. í stað 6,3 í ár. Til byggingar barnaskóla, gagnfræðaskóla og húsmæðraskóla 5,8 millj. í stað 9,3 millj. í ár. Á sama tíma er hins vegar lagt til, að fjárveiting vegna embættisrekstrar ríkisins stórhækki á öllum sviðum. Til stjórnarráðsins er áætlað 5,2 millj. kr. í stað 4,3 millj. í ár. Til dómgæzlu og lögreglustjórnar, opinbers eftirlits og innheimtu 17,4 millj. í stað 14,2 millj. í ár. Ótalið er svo allt hið gífurlega embættisbákn og kostnaðurinn af því, sem komið hefur verið upp að undanförnu og virðist vera í fullum vexti og bæti við sig fólki og húsnæði á hverjum degi, sem líður. Það er ekkert smáræðis embættisbákn, sem heitir fjárhagsráð, með öllum undirdeildum, viðskiptan. með sínum undirn. og síðast en ekki sízt allt skömmtunarbáknið. — Það virðist ekki valda ágreiningi í ríkisstj. að þenja út embættisbáknið og gera það sífellt kostnaðarsamara. Útgjöld af því tagi þolir ríkið, og slíkar ráðstafanir koma víst ekki að sök í baráttu stj. við verðbólguna. En hins vegar er allur munur talinn á því að veita fé til þess, að verkamenn leggi vegi, byggi brýr og geri hafnir, slíkt leiðir til aukinnar verðbólgu að dómi stjórnarinnar.

Nú, þegar komið er fram í nóvembermánuð og fullur undirbúningur ætti að vera hafinn undir næstu vetrarvertíð, þá stendur ríkisstj. landsins rugluð og ráðlaus og horfir á stöðvun framleiðslunnar án þess að aðhafast nokkuð. Enn hefur stj. enga stefnu í þeim vandamálum, sem að steðja í atvinnumálum landsins, það ber fjárlfrv. glögglega með sér.

Núv. ríkisstj. hefur mikið af því látið, að hún mundi berjast gegn dýrtíð og verðbólgu. Hún hefur í þeim efnum enga stefnu haft, enda orðið til að auka dýrtíðina verulega. Hún sleit frið við verkalýðssamtökin í landinu og lagði marga tugi millj. í tollum á innfluttar vörur gegn mótmælum verkalýðssamtakanna. Sú ráðstöfun leiddi af sér mikla hækkun á dýrtíðinni og síðan kauphækkanir. Till. frá stj. gegn vaxandi dýrtíð hafa engar sézt, en hún hefur stórlega spillt fyrir samkomulagi á milli þeirra aðila í landinu, sem allar dýrtíðarráðstafanir verða að byggjast á. Þegar í sumar gerði Al-

þýðusamband Íslands tilraun til þess að koma á viðtölum milli fulltrúa frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Alþýðusambandsins um vandamál dýrtíðarinnar. Eftir nokkurt þóf tókst ríkisstj. að koma í veg fyrir beint samstarf þessara stærstu aðila dýrtíðarmálsins, með því að hlaupa fram fyrir skjöldu og kalla saman stéttaráðstefnuna svonefndu. 11. sept. kom stéttaráðstefnan saman til þess að fjalla um hið mikla dýrtíðarvandamál. Varla höfðu fulltrúar stéttanna á þessari ráðstefnu hafið hin eiginlegu störf, þegar ríkisstj. óskaði eftir því, að ráðstefnunni yrði frestað um óákveðinn tíma. Frá 16. sept. og þar til 7. nóv. hefur ráðstefnan ekki haldið almenna fundi, utan einn skyndifund, og hefur ríkisstj. þannig orðið þess valdandi, að störf stéttaráðstefnunnar hafa engin orðið. Úrræðaleysi ríkisstj. og pólitísk hræðsla hennar við fulltrúa stéttanna hafa einkennt framkomu hennar í þessu máli eins og fleirum.

Núv. ríkisstj. hefur frá upphafi talið það sitt höfuðhlutverk að boða þjóðinni óhjákvæmileik hrunsins og nauðsyn þess, að lífskjör almennings verði rýrð. Hún hefur hatazt við bjartsýni og framfarahug landsmanna og í rauninni haldið því fram, að slíkt þýddi aðeins dýrtíð og verðbólgu. Ríkisstj. hefur verið trú þessu höfuðhlutverki sínu. Hún hefur skipulagt áróður í útvarpi og blöðum, sem einbeitt hefur verið að því að drepa kjarkinn úr þjóðinni og flytja henni boðskapinn um hrunið. Ráðherrarnir hafa sjálfir gengið fram fyrir skjöldu í þessu efni og flutt margar útvarpsræður og skrifað langt mál í blöðin í þeim tilgangi að sanna þjóðinni óhjákvæmileik hrunsins. Utanrrh. flutti þannig langa ræðu í útvarpið, sem átti að sanna, að erlendar þjóðir vildu yfirleitt ekki kaupa íslenzkar afurðir og að minnsta kosti ekki fyrir nema helmingi lægra verð en við teljum okkur þurfa að fá. Niðurstaða ráðh. varð svo auðvitað sú, að óhjákvæmilegt væri, að við lækkuðum fiskafurðir okkar um helming, ef þannig mætti þá með einhverjum ráðum fá viðunandi þjóðir til að kaupa þær. Ráðh. gat þess auðvitað ekki, enda eflaust ekki vitað það, að þó öll vinnulaun við hraðfrystingu á fiski og öll vinnulaun sjómanna við að afla fisksins væru strikuð út eða sleppt með öllu, þá stæðu frystihúsin samt ekki undir öðrum kostnaði af rekstri sínum með því að selja pundið af frysta fiskinum á 6 d. eins og hann hélt, að væri heimsmarkaðsverð. Aðrir ráðh. hafa svo þrástagazt á því, að ekki sé hægt að selja afurðirnar og að verðið verði að stórlækka. Í sambandi við þetta eru svo sagðar kynjasögur um fjárfúlgur þær, sem ríkið þurfi að greiða með útfluttum sjávarafurðum í ár vegna fiskábyrgðarlaganna. Vísir segir, að greiða þurfi með fiskinum 70 millj. kr., en sjálfir ráðherrarnir segja marga tugi milljóna.

Jafnhliða þessum áróðri kemur svo fjárhagsráð stj. og þykist sanna með tölum algert neyðarástand í gjaldeyrismálum þjóðarinnar. Ráðh. koma svo hver á eftir öðrum með skýringarræður í útvarpið við skýrslu fjárhagsráðs og boða enn sem fyrr óhjákvæmileik hrunsins. Gjaldeyririnn er allur búinn, allur uppétinn, uppurinn hver eyrir og aðalskýringin er, að kommúnistar hafi eytt þessu öllu saman.

Það er ekki látið sitja við áróðurinn einan saman. Með ótrúlegustu ráðstöfunum er öllu athafnalífi landsmanna komið í slíkt öngþveiti, að furðulegt má telja. N. upp af n. er skipuð til þess að úthluta hinum margeydda gjaldeyri. Innflutningur er stöðvaður á nauðsynlegustu vörum til framleiðslu og atvinnulífs í landinu. Vitlausasta skömmtunarkerfi, sem sögur fara af, er komið upp, og leyfi þarf til allra hluta smárra og stórra. Og til þess að undirstrika alvöruna í hlutunum og hin föstu tök ríkisstj. á vandanum, er slíkri flækju komið á alla hluti, að nú getur t. d. bóndi úti á landi eða verkamaður í smáþorpi ekki fengið leyfi til þess að gera við húskofann sinn eða byggja við hann nema útfylltar séu flóknar skýrslur og þær sendar til Reykjavíkur til athugunar og umsagnar. — Þannig er með áróðri, nefndafargani, embættisbákni og hvers konar hindrunum reynt að lemja inn í þjóðina hrunið og vandræðin, og á þann hátt á að telja henni trú um, að óhjákvæmilegt sé, að allir verði að fórna.

En sjálfur sannleikurinn um ástandið er hulinn fyrir mönnum. Það er ekki sagt frá því um gjaldeyrismálin, sem mestu skiptir, og það er ekki heldur sagt frá því, hvernig í reyndinni hefur gengið að selja framleiðslu þjóðarinnar og við hvaða verði hún hefur verið seld. Það er ekki sagt frá þeim miklu möguleikum, sem þjóðin nú hefur til aukinnar framleiðslu, til meiri gjaldeyrisöflunar og til enn betri hagnýtingar á því, sem aflað er. Frá slíku er ekki skýrt. En á hinu er hamrað, að gjaldeyririnn sé upp étinn, að öllu sé eytt, og því er ekki gleymt, að kommúnistar hafi staðið fyrir eyðslunni. Hvað er hið sanna í þessu? Miklu af gjaldeyrisforða þjóðarinnar var ráðstafað til kaupa á nýjum framleiðslutækjum. Keyptir voru á milli 30 og 40 nýir togarar fyrir um 100 millj. kr., á annað hundrað fiskibátar, byggðar síldarverksmiðjur, hraðfrystihús víðs vegar um landið, fiskimjöls- og niðursuðuverksmiðjur, hafnir gerðar o. s. frv. Fyrir þessari ráðstöfun á allmiklum hluta af gjaldeyriseign landsins beittum við sósíalistar okkur. Þessi ráðstöfun heitir nú á máli ríkisstj. eyðsla, upp étinn gjaldeyrir o. s. frv., og reynt er á lævíslegan hátt að blanda þessu saman við þá raunverulegu eyðslu og í ýmsum efnum sóun á gjaldeyri, sem fram hefur farið og fer enn undir ráðsmennsku núv. stjórnarliðs. Ráðstöfun gjaldeyrisins til nýsköpunarinnar hefur reynzt þjóðinni giftudrjúg og mun þó eiga eftir að gera það betur. Nú þegar munu nýsköpunartækin standa undir um það bil helmingnum af gjaldeyrisöfluninni, og skarð mundi nú fyrir skildi, ef nýju tækin væru ókeypt og gömlu og lélegu tækin ættu ein að standa undir gjaldeyrisöfluninni. Það er furðulegt, að þeir menn og flokkar, sem hæddust að nýsköpunarframkvæmdunum og sífellt töldu öll tormerki á þeim, skuli ekki nú, þegar reynslan hefur sýnt sig, fyrirverða sig fyrir alla þá andspyrnu og ógagn, sem þeir sýndu nýsköpunarstefnunni í upphafi.

En jafnhliða því, sem sósíalistar beittu sér fyrir ráðstöfun gjaldeyris til nýsköpunarinnar, þá voru aðrir önnum kafnir að eyða gjaldeyri í óþarfa innflutning á skrani, í lúxusferðalög, í innflutning lúxusbíla frá Ameríku og innflutning efnis til byggingar skrauthýsa. Það voru sannarlega ekki sósíalistar, sem stóðu fyrir slíkri eyðslu, og það var ekki eftir óskum almennings í landinu, að slík eyðsla átti sér stað. Það verzlunarskipulag, sem felur 222 heildsölufyrirtækjum innflutning á vörum til landsins, leiðir af sér óhófsinnflutning, og það

sem verra er, að auk þess fylgir því skipulagi ólögmætur gjaldeyrisflótti úr landinu. Þannig hefur gjaldeyri þjóðarinnar verið og er enn beinlínis eytt eða skotið undan í stórum stíl, m. a. vegna þess verzlunarskipulags, sem núv. stjórnarflokkar standa fastast að og hafa alltaf ráðið öllu um. Þessi sannindi hefur ekki mátt segja þjóðinni, en hitt hefur þótt rétt, að tala um eyðslu sósíalista, um eyðsluna, sem fór í nýsköpunina.

Fjárhagsráð var ekki að skýra frá þeirri staðreynd, að aldrei hefur þjóðin aflað meiri gjaldeyris á einu ári en einmitt í ár. Það er líka látið liggja í láginni, að öll rök benda til þess, að gjaldeyrisöflunin verði meiri á næsta ári, ef framleiðslan fær að ganga. Nýju togararnir hafa aðeins að litlu leyti tekið þátt í gjaldeyrisöflun þessa árs, og verði meðalsíldarár næsta sumar, þýðir það enn aukinn gjaldeyri. Það er með öllu ástæðulaust að prédika gjaldeyrisöngþveiti. Og það er heldur engin ástæða til þess, að rýra þurfi lífskjör almennings, en það er hins vegar nauðsynlegt að afmá það verzlunarólag, sem felur í sér gjaldeyrisflótta og óhagstæð innkaup fyrir þjóðina.

Þrátt fyrir allar ræður ríkisstj. um vandræði afurðasölunnar þá liggur það nú fyrir, að svo að segja öll framleiðsla ársins er að fullu seld. Nokkur hluti framleiðslunnar hefur verið seldur undir ábyrgðarverðinu, þ. e. megnið af saltfiskinum og nokkuð af frosna fiskinum. Aðrar vörur hafa selzt á hærra verði en búizt var við. Greiðslur þær, sem ríkið þarf að inna af hendi samkv. ábyrgðarlögunum með þessari framleiðslu, eru miklu lægri en gefið hefur verið í skyn. Enn liggur ekki nákvæmlega fyrir, hve mikill saltfiskurinn reynist, og nokkuð er eftir af frosna fiskinum, svo að nákvæmlega verður ekki sagt um, hvað ríkið þarf að greiða. En heildarupphæðin getur ekki orðið meiri en 15—16 millj., og þar á móti á að vera til um 3½ millj. í síldarkúfnum svo nefnda, því að eins og kunnugt er, voru teknar af hverju síldarmáli, sem veiddist í sumar, 4 kr., og skyldi sú upphæð samkv. ábyrgðarl. ganga upp í tap ríkisins vegna ábyrgðarinnar. Þannig ætti ríkið í mesta lagi að þurfa að greiða samkv. ábyrgðarl. um 12—13 millj. kr. Það hefði ábyggilega verið hægt að sleppa algerlega við þennan mismun, ef betur hefði verið haldið á afurðasölunni. Það er staðreynd, að hagsmunir útflutningsins hafa alltaf verið látnir víkja til hliðar fyrir kröfum innflytjendanna, fyrir kröfum heildsalanna. Þannig hefur verið krafizt nær eingöngu frjáls gjaldeyris fyrir saltfiskinn og frysta fiskinn, þó að sumar viðskiptaþjóðirnar hafi af þeim sökum lækkað verðið nærri um helming fyrir vikið. Innflutningsverzlunin hefur krafizt hins frjálsa gjaldeyris, svo að áfram yrði hægt að halda gömlu viðskiptasamböndunum, og hefur í þessu efni engu verið skeytt um aðstöðu og þörf útflutningsins. Í þessu efni er skemmst að minnast yfirlýsingar, sem sjálfur núv. sjávarútvegsmálaráðh. gaf í útvarpsræðu, þar sem hann ræddi viðskiptin við Tékkóslóvakíu. Hann sagði orðrétt:

„.... Þessi stofnun (viðskiptaráð) sýndi bæði á árinu 1946 og meðan hún starfaði á yfirstandandi ári litt verjandi áhugaleysi á því að nota samningana við Tékkóslóvakíu til vörukaupa, sem aftur leiddi til þess, að varið var að óþörfu bæði sterlingspundum og dollurum til kaupa á sams konar vörum í öðrum löndum, sem vel hefði mátt kaupa frá Tékkum, og bæta með því aðstöðu okkar til að selja þeim íslenzkar afurðir.“

En þetta dæmi um Tékkóslóvakíu er ekki það einasta, og það var ekki heldur aðeins viðskiptaráð, sem hér stóð í veginum. Ríkisstj. sjálf og bankarnir hafa staðið gegn vöruskiptaverzlun, þó að hagstæðu afurðaverði útflutningsins væri með því stefnt í hættu.

En hvað er svo að segja um 12—13 millj. kr. greiðslu úr ríkissjóði vegna ábyrgðarl.? Er það einhver óskaplegur hlutur, sem aldrei hefur sézt áður? Vegna þessarar ábyrgðar starfaði allur bátaútvegurinn af fullum krafti á s. l. vertíð. Hann færði í þjóðarbúið gjaldeyri, sem nam á annað hundrað milljónum, og sá gjaldeyrir hefur ábyggilega fært heildsölunum nokkra tugi millj. króna.

Fyrir nokkrum dögum var till. flutt á Alþ. um heimild handa einkabílaeigendum til þess að fá að kaupa benzín utan skömmtunarinnar. Þar bentu þeir á, sem töluðu máli einkabílaeigenda, að ef þeir fengju rétt til að eyða gjaldeyri fyrir eina milljón í benzín, gæti ríkið fengið 12 millj. kr. í gróða af því. Greiðslur ríkissjóðs vegna ábyrgðarl. til þess að tryggja rekstur útgerðarinnar verða sennilega svipaðar og lúxusbílaeigendur bjóða fram til þess að tryggja sér ótruflaða notkun á bílum sínum. Það eru til peningar til slíkra ráðstafana, en ef útvegsmenn og sjómenn eiga í hlut, þá eru engir peningar til og þá ætla forráðamenn stjórnarliðsins æfir að verða. Það hefur verið lögð mikil áherzla á að telja mönnum trú um, að ríkisábyrgð á fiskverði sé eitthvað óguðlegt og stórhættulegt. Hér er um hinn mesta misskilning að ræða. Ábyrgð á fiskverði er alveg óumflýjanleg, ef ekki liggur þegar fyrir fyrirframsala á framleiðslunni. Launagreiðslur sjómanna eru nú orðnar í því formi, að ómögulegt er að komast hjá að greiða aflann allan út jafnóðum og hann veiðist. Fast verð verður því að liggja fyrir. Það er líka ofur eðlilegt, að ríkið, sem hefur í sínum höndum afurðasöluna og tekur allan gjaldeyrinn og ráðstafar honum, tryggi fast verð fyrir aflann.

Hitt er annað mál, að rétt er að haga ábyrgðinni sem næst því, sem telja má líklegt að fáist fyrir framleiðsluna, og þó má alls ekki hallast á framleiðendur og launakjör þeirra verða að vera hliðstæð annarra stétta. Áhætta útvegsmanna og sjómanna er nægileg vegna óvissunnar um aflamagnið, þó að afurðasalan á erlendum markaði sé ekki einnig eingöngu þeirra áhætta. Þá áhættu og þann vanda á þjóðin öll að hafa.

Hér er ekki tími til að rekja afurðasöluna í ár, en tækifæri til þess gefst vonandi áður en langt líður, og læt ég það því bíða.

Afgreiðsla fjárl. fyrir komandi ár er í rauninni ógerleg, nema um leið sé ákveðið, hvað gera skuli í vandamálum dýrtíðarinnar og til tryggingar á rekstri útgerðarinnar. Ríkisstj. hefur enn engar till. í dýrtíðarmálunum og hún hefur engar till. til stuðnings útgerðinni. Fjárlfrv. og ráðstafanir stj. að undanförnu benda til, að stj. ætli að fara svipaðar vandræðaleiðir og hún hingað til hefur gert. Niðurskurður á innflutningi er leið til atvinnuleysis, og aukið og stækkað embættisbákn, en niðurskurður á verklegum framkvæmdum, það eru leiðir stj. Og engin raunveruleg samvinna við

þá, sem mestu máli skipta, um lausn vandamálanna.

En hvað á að gera ? spyrja menn. Hvernig verður framleiðslan tryggð, og hvernig verður tryggt, að lífskjör almennings verði ekki skert? Ég skal nú gera hér nokkra grein fyrir þeim till., sem við sósíalistar viljum gera í þessum málum, en tímans vegna er ekki hægt að rekja till. okkar nákvæmlega eða láta þeim fylgja þá grg., sem við vildum og við munum gera, þegar till. verða lagðar fram á Alþingi.

1. Ríkið ábyrgist bátaútveginum að minnsta kosti jafnhátt fiskverð á næsta ári og ábyrgzt hefur verið í ár. Sams konar ábyrgð verði veitt hraðfrystihúsunum og útgerðinni tryggðir sölumöguleikar á afianum. Slík ábyrgð er óhjákvæmileg til þess að tryggja rekstur útgerðarinnar, en jafnhliða þarf svo að gera sérstakar ráðstafanir til þess að lækka rekstrarkostnaðinn og bæta þannig afkomuskilyrðin.

2. Vextir af öllum lánum útgerðarinnar lækkaðir niður í 2—2½%. Vaxtabyrðin liggur nú eins og mara á útgerðinni, og má benda á, að í ýmsum tilfellum þurfa hraðfrystihús að greiða ⅓ og upp í ½ í vexti á móti vinnulaununum. Öll aðstaða er til að lækka vextina. Bankarnir hafa grætt meir en nokkru sinni fyrr, og nam gróði Landsbankans t. d. á s. l. ári 14,2 millj. kr.

3. Lánstími fastra lána útgerðarinnar og útgerðarfyrirtækja verði lengdur upp í 20—30 ár, miðað við nýjar eignir. Meðallánstími útgerðarinnar er nú allt of stuttur, og hvíla afborganir því með of miklum þunga á rekstrinum.

4. Til lækkunar á viðhaldskostnaði útgerðarinnar skal afnumin reglan um %-álagningu viðgerðarverkstæðanna. Samtök útvegsmanna fái vald til að fylgjast nákvæmlega með verðlagningu verkstæðanna. Viðgerðarkostnaðurinn er óhóflegur og er óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til að fyrirbyggja slíkt.

5. Vátryggingargjöld vélbáta verði lækkuð verulega, miðað við, að iðgjöld af nýjum bátum séu eigi hærri en 4%. Nú eru iðgjöld víða 7%, og nær slíkt auðvitað engri átt á nýjum bátum. Reynslan hefur sýnt, að þennan lið er hægt að lækka.

6. Veiðarfærakostnaður útgerðarinnar verði lækkaður m. a. með því, að ríkisvaldið veiti samtökum útvegsmanna aðstöðu til að hafa með höndum alla verzlun og innlenda framleiðslu veiðarfæra. Þessi till. þarf ekki skýringar við. Það er kunnugt, að verzlun með veiðarfæri er þannig nú, að ekki er viðunandi.

7. Olíuverðið sé lækkað m. a. með því, að ríkið taki að sér innflutning á olíum og hafi með höndum heildsölu þeirra. Samtök útvegsmanna annist dreifingu og hafi fulltrúa í stjórn olíuverzlunar ríkisins.

8. Ráðstafanir séu gerðar til að lækka verð á beitu.

9. Stuðningslán sé veitt öllum þeim útgerðarfyrirtækjum, sem töpuðu á síldinni í sumar. Slíkt lán yrði veitt á svipaðan hátt og gert var 1945.

10. Afborganir yfirstandandi árs af stofnlánum útvegsins verði ekki innheimtar í ár.

Þá verði gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að búa betur að afurðasölunni en nú er. Salan sé dregin úr höndum pólitísku flokkanna og fengin sem mest í hendur samtökum þeirra, sem að framleiðslunni vinna. Til lækkunar á vísitölunni og verðlaginu innanlands verði m. a. gerðar þessar ráðstafanir:

1. Verzlunarskipulaginu skal gerbreytt og sé breytingin miðuð við, að fáir aðilar með eftirliti ríkisins hafi innflutninginn með höndum. Jafnframt sé samtökum framleiðenda gefinn kostur á að flytja inn vörur til framleiðslunnar. Með breyttu verzlunarskipulagi ætti að vera hægt að lækka vöruverðið og þar með vísitöluna og koma í veg fyrir gjaldeyrisflótta.

2. Afnema skal tolla af nauðsynjavörum og lækka vísitöluna þannig um 20 stig. Ríkið missir nokkrar tekjur við þessa ráðstöfun, en auðvelt er að bæta það upp á annan hátt, og munum við bera fram sérstakar till. um það á sínum tíma.

3. Vísitölugrundvelli landbúnaðarvara verði breytt og verði ekki lengur miðað við meðalbú, heldur lagt til grundvallar bú, sem telja verður að hafi tvímælalaust góð framleiðsluskilyrði og sé sæmilega vel rekið. — Þessar ráðstafanir ættu að miða að talsverðri lækkun vísitölunnar og koma framleiðslunni þannig til stuðnings, en hins vegar er ekki gengið á raunverulegt launakjör launþega. — Jafnhliða þessum ráðstöfunum þyrfti svo að tryggja nægan atvinnu og að fjármagn þjóðarinnar sé notað í þágu gagnlegrar uppbyggingar.

Sósíl. mun næstu daga leggja till. sínar um þessi mál fyrir Alþ. Ég hef hér aðeins lauslega drepið á þessar till., en það er alveg víst, að fengjust þær framkvæmdar, væri hægt að tryggja gang framleiðslunnar án verulegrar áhættu fyrir ríkissjóð, sjómönnum og útvegsmönnum hagstæðari kjör en áður og almenningi í landinu óskert lífskjör.

Framkvæmd þessara till. veltur eflaust á því, hvort samstarf tekst með höfuðstéttum þjóðfélagsins. Takist það, fer vel, og þá eru fullir möguleikar til góðrar lífsafkomu fyrir þjóðina.

Helgi Jónasson: Fjárlfrv. er að þessu sinni nokkuð síðbúið. Það eru 5 vikur síðan Alþ. var kvatt saman, og nú fyrst í dag fer fram 1. umr. fjárl. Að vísu eru nokkrir dagar síðan frv. var útbýtt meðal þm., og fjvn. er þegar farin að vinna að undirbúningi fjárl. Þetta er raunar ekkert einsdæmi. Hin síðari ár hefur það dregizt allt of lengi, að fjárlfrv. væri lagt fram, því að nauðsynlegt er fyrir þinghaldið, að fjvn. geti sem allra fyrst hafið starf sitt, því að venjulegast er það svo, að afgreiðsla fjárl. er það, sem ræður því, hvað þinghaldið er langt í hvert sinn. Það er því nauðsynlegt, að fjárlfrv. sé lagt fram strax í þingbyrjun, eins og þingsköp mæla fyrir. Það má vel vera, að hæstv. fjmrh. hafi í þetta sinn nokkra afsökun og erfitt hafi reynzt fyrir hann að láta enda fjárl. ná saman, eins og það er kallað, eða með öðrum orðum láta tekjurnar hrökkva fyrir útgjaldaþörfinni. Þetta hefur að vísu ekki tekizt, því að í frv. er rekstrarhallinn áætlaður rúmar 876 þús. kr. og greiðslujöfnuður óhagstæður um rúmar 19 millj. kr. En þar með er sagan ekki öll. Þegar farið er að athuga niðurstöðutölur frv., þá kemur það í ljós, að þær eru allmiklu lægri en á gildandi fjárl., bæði tekjur og gjöld. Það út af fyrir sig er ekkert athugavert, þótt reiknað væri með lægri tölum og niðurfærsla í rekstrarútgjöldum hefði átt sér stað. En svo er ekki. Rekstrartekjur ríkisins samkæmt rekstraryfirliti eru áætlaðar á frv. 155 millj. og 235 þús. kr.,

en voru í gildandi fjárl. 202 millj. og 239 þús., eða tekjurýrnun, er nemur 47 millj. kr.

Við athugun á hinum einstöku liðum tekjuáætlunarinnar kemur í ljós, að lækkunin er svo að segja eingöngu bundin við tollana, verðtollinn og vörumagnstollinn. Verðtollurinn var í ár áætlaður 72½ millj. kr., en mun ekki gefa (eins og hæstv. ráðh. gat um) nema 61—62 millj. kr. á þessu ári. Vörumagnstollurinn hefur einnig verið stórhækkaður, eða um 5,4 millj. kr., frá því sem er í fjárl. þessa árs, enda skilar hann ekki áætlunarupphæð á þessu ári. — Það er fullvíst, eins og nú er komið gjaldeyrismálum þjóðarinnar, að innflutningurinn hlýtur að stórminnka frá því, sem nú er, og alveg sérstaklega á þeim vörum, sem hæstan verðtoll gefa. En verði l. frá síðastliðnu þingi um hækkun á verð- og vörumagnstolli framlengd, má sennilega hækka þennan tekjustofn eitthvað talsvert og ef eitthvað úr rætist með útflutningsverzlunina.

Um hina aðra tekjustofna er það að segja, að þeir hafa á þessu ári gefið allmiklu meiri tekjur (eins og fram kom í skýrslu hæstv. ráðh.), t. d. teku- og eignarskattur, sem bæði stafar af aukinni dýrtíð (þar af leiðandi fleiri krónur til launþega og hækkaður tekjuskattur) og enn fremur, að því er fróðir menn telja á þessu sviði, stórbættu tekju- og eignaframtali sökum hins margumtalaða eignauppgjörs, sem í vændum er. En þessir tekjustofnar eru að ýmsu leyti sömu lögmálum háðir og ég gat um áður um tollana, því að með samdrætti í verzlun og iðnaði og vaxandi örðugleikum atvinnuveganna, þá hlýtur tekjuskatturinn að stórlækka hjá öllum þessum aðilum. Auk þess má alltaf, ef eitthvað harðnar í ári, búast við meiri vanhöldum en verið hafa um skeið á innheimtu slíkra gjalda.

Hið sama er að segja um tekjur af áfengis- og tóbakssölu. Sá tekjustofn hefur, eins og þið hafið heyrt af skýrslu þeirri, er hér var áðan upp lesin, farið allmikið fram úr áætlun, og sú hefur einnig verið venjan undanfarandi ár. En allt er í heiminum hverfult, og þetta getur breytzt áður en varir, og þess er ég fullviss, að ef peningavelta þjóðarinnar minnkar eitthvað og almenningur hefur minna handbært fé úr að spila, þá komi það fyrst fram í minnkuðum kaupum á þessum vörum, eða þess verður að minnsta kosti að vænta. Auk þess er vitanlegt, að á Alþ. er mikill vilji fyrir því hjá fjölda þm. og margar till. liggja fyrir, sem ganga í þá átt, ef samþ. verða, að draga úr áfengisflóðinu.

Að öllu þessu athuguðu og miðað við það ástand, sem nú ríkir í fjárhags- og atvinnumálum þjóðarinnar, þarf engan að undra, þótt hæstv. ráðh. hafi ekki séð sér fært að hafa tekjuáætlunina hærri en gert er í frv. Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd, að ekki verði úr meira fé að spila hjá ríkissjóði á næsta ári en áætlunin ber með sér, og þó því aðeins, að gerðar verði raunhæfar aðgerðir í dýrtíðarmálunum, svo að framleiðslan komist aftur á réttan kjöl.

Við athugun á gjaldabálki fjárlfrv. kemur í ljós, að útgjöld á rekstrarreikningi eru allmiklu, eða um 40 millj. kr., lægri en í gildandi fjárl., en þar er ekki um neinn sparnað á rekstrarútgjöldum ríkisins að ræða, þar sem felldir eru niður liðir, sem álitamál er, hvort hægt sé að sleppa, og á ég þar aðallega við 35 millj. kr. á 19. gr. í fjárl. þessa árs til dýrtíðarráðstafana.

Í fjárlfrv. eru framlög til verklegra framkvæmda, svo sem vega, brúa, hafnargerða og skólahúsbygginga, allverulega lækkuð frá fjárl. þessa árs. Það má vel vera, að nauðsynlegt reynist að draga eitthvað úr verklegum framkvæmdum í bili, meðan þjóðin á í þeim fjárhagslegu erfiðleikum, sem nú steðja að, en það verður ófrávíkjanleg krafa almennings í landinu, ef nauðsynlegt reynist að skerða framlög til nauðsynlegustu framkvæmda, að þá um leið verði athugaður og færður niður hinn gífurlegi kostnaður, sem nú er orðinn við alla starfrækslu ríkisins og stofnana þess. Kostnaður við þessa starfrækslu hefur farið svo ört vaxandi hin síðustu ár, að við slíkt verður ekki unað, og það er augljóst mál, að með þeim öra vexti og útþenslu, sem í allan þann rekstur er hlaupinn, stefnir beint að því, og það áður en langt um líður, að tekjur ríkisins gera ekki betur en standa undir beinum rekstri ríkisbáknsins og ekkert fé verður handbært til verklegra framkvæmda eða í aðrar þarfir hins opinbera.

Árið 1938 var sá háttur upp tekinn af þáv. fjmrh., Eysteini Jónssyni, að láta prentaða starfsmannaskrá fylgja með fjárlfrv., þar sem fram var tekið um tölu starfsmanna í hverri stjórnardeild og ríkisstofnun. Þetta var ágæt ráðstöfun og skapaði víst aðhald gegn starfsmannafjölgun, og fjvn. og Alþ. gat á auðveldan hátt, með því að bera saman skrárnar frá ári til árs, glöggvað sig á þeim breytingum, sem á yrðu. En þessari reglu var aðeins fylgt í 3 ár, frá 1938—'40, og féll niður, er Eysteinn Jónsson lét af embætti fjmrh. Síðan hefur það oftast gengið mjög erfiðlega fyrir Alþ. að fá haldgóðar upplýsingar um starfsmannahald og fleira viðvíkjandi hinum einstöku stjórnardeildum og stofnunum. Að vísu gaf utanþingsstjórnin út vélritaða bók með starfsmannaskrá og fleiri upplýsingum viðvíkjandi rekstri ríkisins, og var það góðra gjalda vert. En síðan 1944 hafa allar slíkar upplýsingar verið mjög í molum og af skornum skammti, enda hefur hækkunin á rekstrinum aldrei verið eins ör og síðan. Þetta var fjvn. strax ljóst, og á vetrarþinginu 1945 bar n. fram till. til þál. um athugun á starfskerfi og rekstrarútgjöldum ríkisins. Till. þessi var samþ. á fundi Alþ. 3. marz 1945 af öllum viðstöddum alþm. Till. fylgdi ýtarleg grg. og fskj., þar sem meðal annars var sýnt fram á, að bein rekstrarútgjöld ríkisins voru á fjárl. 1945 rúmar 46 millj. kr. og hliðstæð útgjöld ríkisstofnana 27 millj. og 300 þús. kr. Samtals bein útgjöld ríkisins og stofnana, sem koma fram í fjárl., voru því 73 millj. og 300 þús. kr. En séu öll rekstrarútgjöld talin hjá ríkisstofnunum, einnig sá hluti þeirra, sem ekki kemur á niðurstöðutölur á rekstrarreikningi, en er greiddur af tekjum frá stofnununum sjálfum, nema öll rekstrarútgjöld ríkis og ríkisstofnana 127½ millj. kr. Fer þá meira en helmingur, eða 58% af útgjöldum á rekstrarreikningi fjárl. fyrir árið 1945, til beinna rekstrarútgjalda ríkisins og stofnana þess, er hér koma til greina. Fullvíst er, að síðan hafa rekstrarútgjöldin stórhækkað og hlutfallið enn óhagstæðara en 1945.

Enn fremur gerði n. samanburð á rekstrarkostnaði áranna 1939, sem var síðasta árið fyrir stríð, og árinu 1945, og sýndi sá samanburður, að rekstrarútgjöldin á fjárl. 1945 voru 598% hærri en á fjárl. 1939. Síðan hefur sú hlutfallstala stórhækkað og

bilið orðið miklu meira en þá var, og skal ég nefna nokkur dæmi því til sönnunar.

Ég skal þá fyrst taka kostnaðinn við:

1. Dómgæzlu og lögreglustjórn. Fjárlög 1939: 1 millj. 190 þús. kr. 1945: 7 millj. kr. Frv. 1948: 10 millj. 600 þús. kr.

2. Kostnaður við opinbert eftirlit. Fjárlög 1939: 129750. 1945: 607 þús. Frv. 1948: 1129688 kr.

Hækkunin á þessum litla lið nemur 1 millj. kr. og hefur tífaldazt.

3. Kostnaðurinn við innheimtu tolla og skatta. Fjárlög 1939: 425400 kr. 1945: 2 millj. 756 þús. kr. Frv. 1948: 4 millj. 785 þús. kr., eða hækkun síðan 1939 4 millj. og 300 þús. kr.

Ég hirði ekki að nefna fleiri dæmi. Þetta er aðeins lítið sýnishorn úr einni gr. fjárl., en það á að vera nóg til þess að sýna, hvert straumurinn liggur í þessu efni, og ber það með sér, að hækkunin á rekstrinum er miklu meiri en að það verði skýrt með launa- og vísitöluhækkun einni saman. Hér hlýtur einnig að koma til greina óeðlilegur ofvöxtur og útþensla í ótal myndum, og svipuð þessu er útkoman hvar sem gripið er niður í rekstrarútgjöld fjárl. hin síðari ár.

Eins og vænta mátti, gerði fyrrv. ríkisstj. ekkert af því, sem Alþ. fól henni að gera með þál. frá 3. marz 1945. Þess var ekki heldur að vænta, að hún sinnti slíkum málum. Hún starfaði á allt öðrum nótum, eins og kunnugt er. En hún gerði annað, hún gaf sem sé út reglugerð hinn 11. marz 1946 um vinnutíma starfsmanna ríkis og ríkisfyrirtækja, hið furðulegasta plagg, sem verkaði í þveröfuga átt við flest af því, sem Alþ. fól henni að lagfæra 1945.

Við umr. um l. 1945 var því mjög haldið á lofti, að nauðsynlegt væri að koma á nýjum launal. Ósamræmið væri orðið svo mikið og hin lágu laun væru bætt upp með óeðlilegri eftir- og aukavinnu. Nokkuð var til í þessu, en með hinum nýju launal. átti að gæta meira samræmis í launagreiðslum fyrir svipaða vinnu hjá hinum ýmsu stjórnardeildum og stofnunum og komast að mestu hjá eftir- og aukavinnu. Grunnlaunin voru stórhækkuð frá því, sem áður var, og voru miðuð við það, að eftirvinna og aukavinna yrði lögð niður. En með reglugerðinni 1946 er gert ráð fyrir því, að eftirvinna skuli greidd með yfirvinnukaupi og á yfirvinnukaupið skuli koma 50—100% álag, eftir því í hvaða launaflokki vinnuþiggjandi er, og svo vísitölu bætt ofan á allt saman. Með þessum hætti gátu ýmsir starfsmenn krækt sér í 4 tíma eftirvinnu á dag fyrir 20—30 kr. um tímann, eftir því hvað grunnlaunin voru há, og er það náttúrlega dálaglegur skildingur ofan á há laun. Þessi reglugerð hækkaði útgjöld sumra stofnana svo að skipti hundruðum þúsunda króna, t. d. landssímans, og hefur síðan reynzt mjög erfitt að láta þá stofnun bera sig fjárhagslega, þrátt fyrir nefndarskipanir og hækkuð símgjöld. Að vísu sé ég, að nú er á frv. ½ millj. kr. rekstrarafgangur, en til þess að hægt væri að sýna rekstrarafgang hjá þessu mikla fyrirtæki, sem eru áætlaðar tekjur upp á 19 millj., varð að lækka framlagið til notendasíma í sveitum um ½ milljón kr. — Þessa reglugerð þarf tafarlaust að afnema.

Þá hafa utanríkismálin tekið til sín mikið fé undanfarin ár. Á þessu frv. er gert ráð fyrir að verja til utanríkismála allt að 2 millj. kr. Vitanlega þurfum við á utanríkisþjónustu að halda og hafa sendiherra og umboðsmenn í helztu viðskiptalöndum okkar, en við megum ekki ætla okkur þá dul, að við getum haft sendiherra með heilan herskara af skrifstofufólki í öðru hverju landi í Evrópu. Það er fullkomin ofrausn og engin sæmilega vitiborinn Íslendingur hefur trúað því, að við þurfum að hafa 3 sendiherra á Norðurlöndum með heilan hóp af aðstoðarfólki. Nei, þar nægir sannarlega einn.

Undanfarandi ár hefur starfað hér fjöldi n. á vegum ríkisins og ríkisstofnana. Hvað margar þær eru, veit ég ekki, en 1943 voru þær 59 talsins og kostuðu 3 millj. kr., og ekki fækkaði þeim eða lækkaði kostnaður við þær næstu árin þar á eftir. Vitanlega er það nauðsynlegt að láta sérfróða menn inna af höndum ýmis mikilvæg störf í n. og ýmsar þessar n. hafa unnið þjóðnýt og merkileg störf, en af öllu má of mikið gera, og því verður ekki neitað, að eftir ýmsar n. hefur ekki sézt neinn árangur og virðast þær lítið hafa afrekað annað en hirða laun sín úr ríkissjóði.

Hér verður að koma fullkomin stefnubreyting á öllu þessu, frá því sem nú er. Allt fjármálalíf síðustu ára var á sandi byggt og hlýtur að hrynja til grunna strax og eitthvað á bjátar, eins og mjölskemman og lýsisgeymarnir á Siglufirði.

Það verður að taka öll þessi mál, er ég hef rakið hér, til rækilegrar meðferðar og rannsóknar, og bæta úr því ófremdarástandi, sem hefur þróazt hér í þessum efnum hin síðustu ár.

Það getur vel farið svo, að við verðum að horfast í augu við þá staðreynd, að draga verði úr nauðsynlegum verklegum framkvæmdum, meðan við erum að komast úr því feni, sem við erum nú fastir í, en það verður ófrávíkjanleg krafa allra, að gætt verði meira hófs í rekstri þess opinbera en verið hefur og farið sparlegar með almannafé.

Vima stríðsáranna er liðin hjá, við verðum aftur að horfast í augu við veruleikann. Við verðum að minnast þess, að við erum fámenn þjóð í strjálbýlu landi og verkefnin æði mörg, sem krefjast úrlausnar. Við verðum því að gæta þess að fara vel með það fé, sem þjóðin getur látið af hendi rakna til sameiginlegra þarfa. Það verður á næstu árum að veita miklu fjármagni út um byggðir landsins til þess að bæta atvinnuskilyrði þess fólks, sem þar býr. Okkur vantar fleiri vegi, fleiri síma og brýr, skóla og sjúkrahús. Það vantar fé til hafnargerða og lendingarbóta víðs vegar við strendur landsins, svo að kleift verði að nota alla þá báta og skip, sem þjóðin hefur eignazt. Rafmagnstaugarnar verða á næstu árum að teygja greinar sínar út um landsbyggðina.

Til alls þessa þarf mikið fjármagn og það verður að koma, ef byggðin á ekki að fara í auðn. Þjóðin hefur ekki efni á því, að alltaf hverfi fleira og fleira fólk frá nytsömum framleiðslustörfum og þyrpist í bæina og margt af þessu fólki tekur upp óarðbæra vinnu, sem þjóðfélagið gæti sér að skaðlausu verið án. Flóttinn frá framleiðslunni verður ekki stöðvaður með öðru en því að bæta atvinnuskilyrðin, svo að fólkið, sem að henni vinnur úti um byggðir landsins, í sveit og við sjó, geti veitt sér svipuð lífsþægindi og bæirnir hafa upp á að bjóða. Þetta er ekki eingöngu mál dreifbýlisins, þetta er alþjóðarmál og snertir hag allrar þjóðarinnar. Framtíð hennar og lífshamingja byggist ekki síst

á því, að fólkið, sem landið byggir, sinni framleiðslustörfum til sjávar og lands.

Fjvn. og Alþ. fer nú af kappi að undirbúa fjárl. samkv. þessu frv., er fyrir liggur, en til þess að hægt verði að afgreiða viðunandi fjárl. að þessu sinni, verður að draga úr því óhófi, sem nú er á ríkisrekstrinum, og lækka dýrtíðina. Um dýrtíðina er mikið búið að tala og skrifa á undanförnum árum. Lengi framan af var hún af mörgum ekki talin hættuleg. Hún var ágætt meðal til auðjöfnunar og gerði alla ríka. Nú held ég, að sé svo komið, að allir áliti dýrtíðina hættulegan þjóðarsjúkdóm, sem verði að lækna, hvað sem það kostar. Að vísu er það svo. Dýrtíðin er alvarleg meinsemd, sem allt of lengi er búin að grafa um sig og festa rætur út í yztu greinar þjóðarmeiðsins. Þessa meinsemd verður að uppræta, en það kostar óþægindi og sársauka. Þann sársauka og óþægindi verðum við að þola, ef við viljum vera fjárhagslega sjálfstæð þjóð í frjálsu landi.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það er nú í sjálfu sér ekki miklu fyrir mig að svara hér út af þeim ræðum, sem fluttar hafa verið um frv. sjálft.

Hv. þm. Ísaf. taldi, að reiknað væri með of miklum innflutningi á vörum á næsta ári, þar sem gizkað væri á, að það kynni að verða 220 millj. Mér heyrðist nú það vera uppi ýmsar skoðanir hér, þegar fleiri ræðumenn komu til skjalanna. Það getur verið, að það sé fánýtt að vera að rífast út af því, hvort of mikið er lagt í innflutning á næsta ári. Það fer mikið eftir því, hvernig veiðar ganga og gjaldeyrisöflun. Vona vil ég það, að fært reynist að hafa a. m. k. þennan innflutning, sem ég minntist á. Nú hefur hv. 1. þm. Rang. talað um, að ekki hafi verið teknar upp í frv. niðurgreiðslur á afurðum til að halda niðri vísitölunni, en því hafði ég lýst, enda sagði ég þá um leið og verðtollurinn var áætlaður, án tillits til hækkunar, á síðasta þingi, að þetta væri í mínum huga sama meining og þegar frv. var samið. Þó er um margar leiðir að ræða til þess, ef svo ræðst á Alþ., að nauðsynlegt þykir að taka í frv. einhverja fjárupphæð til að standast niðurgreiðslur og halda dýrtíðinni niðri í landinu, sem er af mörgum fordæmt, — þá eru ýmsar leiðir til þess að fá tekjuöflun í staðinn og er ein sú að framlengja þá hækkun á tolli, sem ég minntist á. Vitaskuld er það á valdi Alþ. eins og annað að kveða á um það.

Hv. 2. þm. S-M. talaði hér um frv. og taldi það vera ráðleysi og fálm og það væri mikið um ráðleysi og fálm hjá ríkisstj. En það var að heyra, að það hafi ekki verið ráðleysi eða fálm hjá honum og hans flokksmönnum. En úrræðin til úrbóta, sem hann hafði, voru þau að láta allt reka á sama reiðanum og áður og halda áfram ábyrgð ríkissjóðs á afurðum og þá um leið að gefa upp allt viðnám við dýrtíðina. Annað var ekki að fá út úr þeirri stefnu, sem þessi þm. lýsti yfir fyrir hönd síns flokks, enda getur það verið, að það sé í fullu samræmi við þeirra stefnu og tilgang.

Hv. 2. þm. S-M. var hér afar mannalegur, þegar hann talaði um afurðasölu, eins og hann hefði fengizt mikið við afurðasölu og gæti dæmt um það, að stj. færist það illa úr hendi.

Jú, þessi hv. þm., hann hefur nú komið nokkuð við afurðasölu, sem ég skal víkja að síðar. — Þá var hann af eðlilegum ástæðum að fagna yfir því, hvað togararnir færðu okkur mikið í búið. Það er rétt. En hvar selja þeir þennan fisk, sem er nú aðalstoð okkar í gjaldeyrismálunum? Það er í Bretlandi. Hvað kölluðu flokksmenn þessa hv. þm., 2. þm. S-M., samninginn við Bretland í vor? Jú, þeir kölluðu hann smánarsamning.

Þessi þm. var einn af þeim, sem gerðu þennan samning. En hér var hann að bera ríkisstj. á brýn pólitíska hræðslu og að hún þyrði ekki að taka ákvörðun um nein mál af hræðslu. Ég ætla að nefna tvö tilfelli, sem ég veit, að komu fyrir þennan svo mjög málsnjalla og greinda þm. — Hann var einn af flm. þess á síðasta þingi, að ábyrgðarlögin voru sett fyrir fiskinn, og sór þess dýran eið í viðtali við menn að fylgja fast fram, að ríkissjóður hefði að baki ábyrgð á síldarkúfnum, sem kallað var. Þótt allir féllu frá því, þá óð hann fram fyrir skjöldu, svo mikið kvað að honum. En hvað skeður ekki? Hann kiknaði algerlega og snerist á móti þeirri lausn málsins. Hvaða kvíði hafði haldið innreið í hjarta þessa þm.? Mig grunar, að þessi hræðsla eigi rót sína að rekja til hins pólitíska ástands í Bretlandi, þegar þessi sami þm. var við samningaborðið með íslenzku nm. í Bretlandi og samþ. lið fyrir lið þær gr., sem gerðar voru. Þegar loks kom að endalokum, þá lýsti hann því yfir, að hann væri á móti öllu. Hvaða hræðsla greip þennan þm? Mig uggir að það hafi verið það, sem hann kallar pólitíska hræðslu. Þorði hann því ekki flokksins vegna að lýsa því yfir, að hann væri samþykkur samningnum eða á móti honum, af hræðslu við þá menn, sem helzt vildu ekki semja við Bretland, og eins og hans flokkur hefur látið, þar sem hann hefur kallað samninginn okkar við Bretland smánarsamning.

Það er þetta vanalega, þegar þessir þm., hver sem er úr flokki hv. 2. þm. S-M., minnast á nýju togarana, að þeir vilja láta í veðri vaka, að það séu þeir, sem hafi gert þetta allt saman. „Jeg er Manden for det hele," sagði danskur strákur, eins og þm. Sósfl. segja. Þeir hafa svo sem ekki notið aðstoðar Sjálfstfl. og Alþfl., sem báðir unnu þó að þessu máli. Meira að segja Sjálfstfl. tók stjórnarforustu til þess að koma á nýsköpuninni. En þegar um þetta er rætt, þá er þessi sífelldi dilkadráttur hjá sósíalistum, til þess að reyna að draga þetta mál og framkvæmd þess allt í sinn dilk. Ég hef oft verðuglega minnzt á það átak, sem gert var í nýsköpuninni hér á landi, og ég held, að ég hafi líka lagt minn skerf til þeirra mála. En ég hef aldrei, án þess að tilefni hafi gefizt til, deilt um það, hvaða flokkar þar hefðu átt hlut að máli.

Ég minntist á það í ræðu minni, að það væri gleðilegt, að nýsköpunartogararnir hefðu reynzt vel, og ég fagnaði því, að við hefðum eignazt og eignuðumst skip og báta með betri vélum og tækjum en við höfðum áður haft. Og sama hafa aðrir hv. þm. gert úr öllum þingfl., og er alveg ástæðulaust fyrir sósíalista að reyna að eigna sér heiðurinn af þessu öllu saman. En þeir eru sá flokkur, sem ekki vill láta nýsköpunartogarana og rekstur þeirra lifa og dafna, því að þeir vilja ekki neinar ráðstafanir til þess að atvinnutækin geti haldið áfram að starfa, og ráðast að atvinnuvegum landsmanna, ef þeim af pólitískum ástæðum þykir það henta sér.

Hv. 2. þm. S-M. var að tala um verzlunina og

heildsalana. Það skyldi nú vera, að hv. þm. sósialista gleymdu þeim! Hann sagði m. a., að ríkisstj. hefði selt illa afurðirnar. Hún hefði ekki viljað verzla við clearing-lönd vegna verzlunarstéttarinnar, heildsalanna hér í Rvík. Þetta er fásinna, því að ef fara ætti eftir stundarhagsmunum innflytjendanna, heildsalanna eða annarra, þá mundi verzlunin öll vera rekin við clearing-lönd, vegna þess að þeir hefðu miklu meiri hagnað af því að verzla með vörur, sem kosta mikið, eru dýrar, þegar hundraðshlutaálagningin er viðhöfð, heldur en að verzla með vörur frá löndum, sem seldu ódýrari vörur. Það væri því heildsölum í hag, að þessar ránýru vörur frá clearing-löndunum væru fluttar inn, en ekki þeim í óhag. En það væri allri þjóðinni í óhag að gera meira að því en nauðsynlegt er að flytja dýrar vörur inn í landið. En hv. 2. þm. S-M. virðist ekki hafa komið auga á þá staðreynd, að þjóðin þurfi að borga verðið, sem greitt er fyrir innflutningsvörurnar, þegar hann krefst þess, að vörur verði keyptar frá clearing-löndum, þótt þau lönd selji 30—50% hærra verði sömu vörur en þau lönd, sem selja vörur, sem keyptar eru fyrir frjálsan gjaldeyri.

Hv. 2. þm. S-M. gerði svo sem ekki mikið úr því, að hér væru gjaldeyrisvandræði. Það eru nú alveg smámunir einir í augum hans, þó að það vanti fleiri tugi millj., a. m. k. 60 millj. kr. í gjaldeyri, sem bráðlægi á að nota, ef við hefðum hann til. Ég sagði um það ástand það, að það væri ærið áhyggjuefni gjaldeyrisþurrðin í landinu nú, en það væri annað, sem væri kviðvænlegra, nefnilega ef sú framleiðsla, sem er í landinu og stendur undir gjaldeyrisöflun-inni, gæti ekki haldið áfram að þróast. Ég viðurkenni fullkomlega erfiðleikana af gjaldeyrisþurrðinni, en ég veit líka hitt, að blómlegir atvinnuvegir munu geta tiltölulega fljótlega lagað þetta örðuga gjaldeyrisástand, sem nú ríkir.

Hv. 2. þm. S-M. réðst svo á það, að í frv. þessu væri gert ráð fyrir ógurlegri eyðslu í alls konar stofnanir ríkisins og launagreiðslur, en þessi hv. þm. taldi, að litið væri ætlað til verklegra framkvæmda. Hefur nú þessi hv. þm. nokkuð, sem hann gæti bent á í sögu sinni hér á Alþ., sem sýni, að hann hafi viljað fækka stofnunum ríkisins? Eða liggur það fyrir, að hv. 2. þm. S-M. og hans flokksmenn hafi lagzt á móti þeirri löggjöf, sem samþ. hefur verið á síðustu þingum, sem bakar okkur kannske einna mest útgjöld í launagreiðslum í ár, t. d. fræðslulöggjöfinni, launal. o. fl. slíku? Ég held síður en svo, að þessi hv. þm. eða hans flokkur hafi lagzt á móti þeim l. Engir hafa staðið framar en þessir hv. flokksmenn um að koma á sem mestum kostnaði í ríkisrekstrinum og gera greiðslur ríkissjóðs í þessum efnum að sem mestum báknum. Þeir hafa aldrei álitið of mikið af alls konar ríkisstofnunum, sem krefjast starfsfólks og krefjast launagreiðslna. Og svo ætti fjmrh., hver sem hann er, þegar hann semur fjárlagafrv., að ganga á snið við gildandi lög í landinu og áætla launin lægri en þau eru lögum samkv.! Hvað mundu hv. flokksmenn 2. þm. S-M. þá segja? Ég ætla, að það yrðu eftir vanda allþrifleg lýsingarorð, sem sá ráðh. fengi hjá þeim flokki. Ég var mér þess fyllilega vitandi, að þótt hærra væri ekki sigit hvað snertir framlög til verklegra framkvæmda í þessu frv. en þar er gert, þá mundi Alþ. sjálfsagt að vanda taka að sér að lagfæra ýmislegt að því er snertir framlög til vegamála, hafnarmála og annars slíks. Því að það, sem er eiginlega það helzta, sem hv. þm. hafa að glíma við undir meðferð málsins á þingi, það eru þessi mál.

Að lokum vildi ég segja það, að það er í sjálfu sér gott, að hv. 2. þm. S-M. gaf þá yfirlýsingu, sem hann gaf í sambandi við lausn útvegsmálanna. Það er ýmislegt af því, sem ég sé, að er lánað frá fundi útvegsmanna, sem nú stendur yfir, eftir plöggum, sem þar hafa legið fyrir. Sérstaklega væri æskilegt, að hv. 2. þm. S-M. og hans flokkur vildu sýna í verki, að þeir vildu lækka vélaviðgerðir í landinu. En ég gæti bara trúað því, að áður en því yrði komið fram, sæti þessi hv. þm. á fundi með járniðnaðarmönnum, sem nú sitja á fundi og krefjast hækkaðra vinnulauna við járnsmíði, og stappaði í þá stálinu um að heimta hækkun á kaupi. Hv. 2. þm. S-M. og hans flokksmenn hafa sérstakt lag á því að tala tungum tveim. En þeir eru svo klaufskir í þessu, að það er hverju mannsbarni ljós yfirdrepskapurinn og fölskvinn í þeirra málflutningi á þessu sviði. Því að það að krefjast niðurfærslu á vélaviðgerðum og öðrum útgerðarkostnaði, það á að ganga í útvegsmenn. En svo hafa þeir aðra sauði, sem þeir þurfa að tala við öðru máli, og það verður sjálfsagt gert.

Yfirlýsing hv. 2. þm. S-M. og flokks hans í þessu máli var sú, að það yrði að láta ríkið halda áfram að styðja framleiðsluna. Þessi hv. þm. fór ekki inn á neinar aðgerðir á því sviði að lækka dýrtíðina til þess að styðja framleiðsluna. En það á þá að gerast með því móti að láta dýrtíðina jafnhliða halda áfram að vaxa. Og með því ætla þeir þá að tryggja hag almennings í landinu, þessi hv. þm. og hans flokksmenn, með því að láta taumlausa verðbólgu vaxa ennþá meira, húsnæði, fæði, matvörur og allar nauðsynjar yfirleitt stíga í verði. Og þetta kalla þeir, að séu till. síns flokks til þess að bjarga við ástandinu í landinu. Það er athyglisvert, að þessi flokkur skuli nú á þessu stigi málsins kveða upp úr um það. Vitanlega hefur allt starf þessa flokks opinberlega beinzt að því að setja hér allt í sem mest fen og sukk. Og ræða hv. 2. þm. S-M. var ein staðfestingin á því, hve Sameiningarflokkur alþýðu, Sósfl., m. ö. o. kommúnistar, vinna markvisst að því og vilja halda því áfram að gera dýrtíðina óviðráðanlega í þessu landi.

Forseti (JPálm): Þá hefur hæstv. fjmrh. lokið máli sínu, og er þessum útvarpsumr. þar með lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 25 shlj. atkv. og umr. frestað.

Síðar á þinginu var lagt fram nýtt fjárlagafrv., og varð þetta frv. því ekki útrætt.

2. Landsbókasafn.

Á 68. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um Landsbókasafn (stjfrv., A. 427).

Á 69. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

3. Skyldueintök til bókasafna.

Á 68. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um afhending skyldueintaka til bókasafna (stjfrv., A. 428).

Á 69. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

4. Kjötmat o. fl.

Á 71. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um kjötmat o. fl. (stjfrv. A. 457).

Á 73. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég hef áður bent á, að sum ákvæði í l. um kjötmat eru þegar úrelt, og fól ég því 3 mönnum á s. l. sumri að endurskoða l., og liggja nú hér fyrir með frv. þessu þær breyt., sem n. þessi lagði til, að gerðar yrðu á l., sem nú eru í gildi. Þeir menn, sem unnu að samning frv., voru: Sæmundur Friðriksson, Jónmundur Ólafsson og Kristjón Kristjónsson. Þessir menn sömdu brtt. við l. og lögðu til, að nýtt frv. um kjötmat yrði borið fram á Alþ., og liggur það nú hér fyrir. Höfuðbreyting frv. þessa frá fyrri l. er fólgin í því, að áður var matsskylda aðeins á frystum kjötmat til útflutnings, en nú er þessi matsskylda yfirfærð á allt kjöt. Þá eru og ákvæði í frv. um eftirlit með sláturstörfum og um eftirlit með fé, áður en því er slátrað. Þá er og lagt til, að skipaðir verði 4 yfirmatsmenn fyrir allt landið, en þeir voru áður 3. Starf þessara manna hefur verið það umfangsmikið, að 3 menn hafa ekki komizt yfir umdæmi sín, og hefur 4. maðurinn undanfarið starfað fyrir Vestfjarðakjálkann, og sýnist því rétt að fjölga matsmönnunum úr 3 í 4. — Þá er lagt til, að einn þessara manna verði kjötmatsformaður, og er það gert í því augnamiði að fá frekara samræmi í störf þessara manna en nú er.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. þetta. Það liggur ljóst fyrir og skýrir sig að öðru leyti sjálft. Ég vænti svo þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn. og að hv. n. afgr. það fljótt.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég skal viðurkenna það strax, að ég hef enn ekki lesið frv. þetta vel yfir. En það var út af ákvæðum 5. gr. frv., sem ég kvaddi mér hljóðs. Þar stendur:

„Læknisskoðun skal fara fram á öllum sláturfénaði, sem um getur í l. þessum, áður en slátrun fer fram, og mega ekki liða meira en 12 klst. frá þeirri skoðun og til slátrunar. Enn fremur skal heilbrigðisskoðun á öllu kjöti og innyflum af þeim sláturfénaði, sem um getur í l. þessum, fara fram áður en afurðirnar eru boðnar til sölu nýjar á opinberum markaði og enn fremur áður en kæling, frysting, söltun eða önnur verkun fer fram."

Í þessu sambandi vil ég benda á, hvort það muni ekki reynast erfitt í framkvæmdinni að hafa dýralækni eða héraðslækni við höndina til athugunar á fénu, áður en slátrun fer fram. Ég held, að það muni reynast erfitt að hafa kjötmat bæði undan og eftir slátrun. Hins vegar er ég ekki svo fróður, að ég geti neitt fullyrt um það, hversu nauðsynlegt slíkt sé. Hingað til hefur verið látið nægja að stimpla skrokkana, og það er ekki fyrr en nú, að krafa kemur fram um það, að féð sé skoðað áður en því er slátrað. — Frv. fer nú til hv. landbn., og ég vildi benda á þetta atriði. Það þarf að athuga ákvæði 5. gr. nánar. Ef nauðsynlegt er að skoða féð fyrir og eftir slátrun, þá mun slíkt að mínum dómi hafa mikil óþægindi í för með sér, og finnst mér álitamál, hvort ekki eigi að láta nægja læknisskoðun eftir slátrun.

Það má vera, að ýmislegt fleira sé við frv. að athuga. Hv. landbn. mun fá málið til meðferðar, og ég mun kynna mér betur efni þess á milli umr. En ég rak augun í ákvæði 5. gr. frv., og ég vildi vekja athygli hv. þdm. á þessu nú.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

5. Áburðarverksmiðja.

Á 61. fundi í Sþ., 23. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um áburðarverksmiðju (stjfrv., A. 674).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

6. Ræktunarlönd og byggingarlóðir.

Á 16. fundi í Sþ., 29. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um ræktunarlönd og byggingarlóðir í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum (stjfrv., A. 66).

Á 12. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Eins og segir í grg., þá á þetta frv. rætur sínar að rekja til ályktunar, sem samþ. var á Alþingi 12. apríl 1943, um það, að ríkisstj. léti athuga og undirbúa till., á hvern hátt megi veita kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum eignar- eða umráðarétt yfir nauðsynlegum löndum og lóðum með sanngjörnum kjörum, án þess að gengið verði of nærri hagsmunum nágrannasveita þeirra.

Skv. þessari ályktun var skipuð mþn. til þess að athuga þetta mál. Nefnd þessi skilaði áliti og sendi félmrn. það í frv.formi, en þar sem ýmis ákvæði þess þóttu orka tvímælis, leitaði ráðuneytið umsagnar hæfustu lögfræðinga, og var það þeirra álit, að nokkur ákvæði þess mundu brjóta í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, og var frv. þar af leiðandi ekki flutt. Hins vegar var það flutt óbreytt eins og það kom frá nefndinni og með greinargerð hennar af tveim þm., þeim Lúðvík Jósefssyni og Einari Olgeirssyni, á þinginu 1945—'46.

Þegar núverandi stjórn var mynduð, var samið um, að þetta mál skyldi fá afgreiðslu, en skv. úrskurði færustu lögfræðinga varð að gera á frv. nokkrar breytingar, þar sem sum ákvæði þess brutu í bága við stjskr. Þessar breytingar lét ég gera.

Höfuðtilgangur frv. er sá að tryggja bæjum og þorpum nokkurt land, bæði til ræktunar og sem lóðir. Þetta er mjög aðkallandi mál, því að mörg þorp, kaupstaðir og kauptún hafa ekki neitt land til ráðstöfunar handa íbúunum. Ég tel óþarft að rekja efni frv. að öðru leyti, því að ræki leg grg. frá n. fylgdi frv., þegar það var lagt fyrir Alþingi 1945—'46, og nægir að vísa til hennar um þau atriði, sem ekki hefur verið breytt, svo og skýringanna við einstakar greinar frv. — Ég vænti svo, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn. að lokinni þessari umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því að sjá þetta frv. fram komið. Eftir að mþn., sem fjallaði um þetta mál, skv. þál. frá 12. apríl 1943, hafði skilað áliti til félmrn., varð nokkur dráttur á, að það kæmi fram, en þegar ég talaði um að flytja það, lét þáverandi félmrh., Finnur Jónsson, þá skoðun í ljós, að hann liti á það sem þjófnað, ef ég flytti málið, meðan það væri hjá ráðuneytinu. Ég vildi nú ekki gera mig af opinberum þjóf, enda þótt ég teldi það nú orka tvímælis, hvort ég fengi það nafn af að flytja frv., en þá frömdu tveir þm. þjófnaðinn og fluttu málið 1945—'46. Nú hefur ráðh. flutt þetta frv. fyrir hönd ríkisstj., en látið gera á því breytingar, sem miða að öllu leyti til hins verra. Sú bremsa, sem koma á í veg fyrir óeðlilega hátt verð á löndum og lóðum, að meta skuli landið, hefur reynzt harla lítils virði, þegar hverjum aðila er heimilað að krefjast yfirmats, sem alltaf hefur gengið á þann veg, að kaupverðið hefur verið hækkað. Ég fæ ekki séð, að það sé meira brot á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar að setja ákveðið hámarksverð á lönd og lóðir, þannig að þau verði ekki seld fyrir meira en tvöfalt fasteignamatsverð, heldur en þegar sett er hámarksverð á alls konar vörur, húsaleigu o.fl. Það er ekki eins og þetta hámarksverð, sem um hefur verið rætt, sé nein smán, því að fasteignamatið var reiknað um 60% af kostnaðarverðinu 1938—'39, en söluverðið mátti ekki fara fram úr tvöföldu fasteignamati. Og hefði lögum um fasteignamat ekki verið breytt og matið haldið sér, eins og lögin ætluðust til, þá væri tvöfalt fasteignamat sæmilegt verð. Þegar því þetta ákvæði um hámarksverðið er fallið úr frv., tel ég það lítils virði og hygg, að eins og það er nú í frv. muni það alls ekki ná tilgangi sínum.

Úr því að félmrh. er hér viðstaddur, þá langar mig að spyrja hann um eitt atriði, sem varðar einmitt þetta mál. Það er verið að byggja þorp á Egilsstöðum, en þar liða allir af landleysi, því að það næðist ekki samkomulag milli landeigenda og þorpsbúanna um kaup á landinu. Nú veit ég ekki, hvað þessu máli líður að öðru leyti en því, að þorpsbúar vilja fá landið bæði í lóðir og matjurtagarða. Ég geri ráð fyrir, að félmrn. hafi þetta mál til meðferðar og vil leyfa mér að spyrja ráðh., hvað því líður, og ef mat hefur farið fram, þá hversu aðgengilegt það er.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég gat því miður ekki heyrt allar athugasemdir 1. þm. N-M., vegna þess að ég þurfti að mæla fyrir frv. í Nd., en eftir þessum síðustu orðum hans held ég, að ég hafi fengið nokkra vitneskju um afstöðu hans til frv. Ég get alveg fallizt á það atriði hjá hv. þm., að löggjöfin hefði betur náð tilgangi sínum, ef þessi ákvæði, sem nú hafa verið felld úr frv., hefðu mátt þar vera. En hins vegar er ekki kostur að setja það í löggjöfina, sem ekki samrýmist stjórnarskránni, og sé ég ekki ástæðu til að fara frædilega út í það atriði. Það verður að haga þessu máli í samræmi við núgildandi stjórnarskrá, en hitt er það, að þessu atriði má bæta í löggjöfina, ef stjórnarskránni verður breytt á þann veg, að það brjóti ekki ákvæði hennar.

Út af fyrirspurn hv. þm. varðandi Egilsstaðaþorp, þá er því til að svara, að félmrn. hefur gert ráðstafanir til, að þar fari fram mat til undirbúnings eignarnámi. Það kom í ljós við samninga um kaup á þessu landi, að munurinn á verði því, sem seljandi og kaupandi höfðu hugsað sér, var svo mikill, að óhugsandi var að brúa það bil. En sem sagt, það hefur verið óskað eftir mati á þessu landi, en það getur að sjálfsögðu dregizt nokkuð, að málið verði afgreitt, einkum ef fram þarf að fara yfirmat, en ráðuneytið mun gera það, sem í þess valdi stendur, til að hraða málinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

7. Ríkisborgararéttur.

Á 19. fundi í Sþ., 7. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar (stjfrv., A. 96).

Á 16. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af hálfu ríkisstj. til þess að veita nokkrum mönnum íslenzkan ríkisborgararétt. Ráðun. hefur nú eins og áður borizt töluvert af umsóknum um þessi réttindi, en við undirbúning frv. sýndist mér ekki nægilegt tilefni til þess að taka upp í það aðra en þá, sem telja mátti óvefengjanlega eðlilegt, að réttinn fengju. Hitt væri hægt að athuga nánar við meðferð málsins á Alþ., hvort það vildi bæta fleiri mönnum þarna við.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Allshn. hefur haft frv. þetta til athugunar. Á meðan hafa henni borizt margar umsóknir frá dómsmrn. um ríkisborgararétt til handa einstökum mönnum, og eru þær enn að berast. Nefndinni þykir hagkvæmt að taka ekki afstöðu til þessa, fyrr en allar umsóknir eru komnar, en vitað er, að allmargar eiga enn eftir að berast. Hins vegar er nú nokkuð áliðið þings og hætta á, að málið dagi uppi, ef því verður ekki flýtt. Nefndin vill því leggja til, að frv. fari óbreytt til 3. umr., en hún mun skila nál. við 3. umr., og einnig mun brtt., sem fram kunna að koma, verða skilað fyrir þann tíma.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 79. og 81. fundi í Ed., 16. og 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 84. fundi í Ed., 22. marz, var frv. enn tekið til 3. umr.

Forseti (BSt): Ég skal geta þess út af þessu máli, að mér hafa borizt tvenns konar óskir út af því, annars vegar að taka það ekki á dagskrá og hins vegar að taka það á dagskrá. En mér þykir rétt, að öll mál fái tækifæri til að komast til úrslita, og því hef ég tekið það á dagskrá.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Allshn. hefur haft þetta mál til athugunar, og það hefur verið talsverðan tíma í athugun vegna ýmissa erfiðleika. Það hafa til skamms tíma og enn að berast umsóknir og auk þess vantar enn ýmsar upplýsingar í sambandi við þær. N. hefur því ekki séð sér fært að gefa út nál. Hins vegar hef ég tekið upp nokkrar brtt., sem fram mundu koma, er málið yrði tekið á dagskrá. Er fyrirsjáanlegt, að um það verða töluverðar umr., og geri ég ekki ráð fyrir, að þeim verði hægt að ljúka í kvöld. Ég vil því spyrja hæstv. forseta að því, hvort hann telji rétt að opna umr. nú eða hann telji réttara að taka málið af dagskrá.

Forseti (BSt): Hv. dm. hljóta að sjá, að hér er orðinn mjög naumur tími til að koma þessu máli fram, en hins vegar hafa margir þm. mjög mikinn áhuga á því. Ég mun þó taka málið af dagskrá nú, ef ekki koma fram andmæli gegn því, en hafa það á dagskrá á morgun, því að enn er ekki útilokað, að það gæti náð fram að ganga, ef samkomulag næðist um það.

Á 86. fundi í Ed., 23. marz, var frv. enn tekið til 3. umr.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Sá háttur hefur nú verið upp tekinn í sambandi við veiting borgararéttar með l., að allar umsóknir um ríkisborgararétt hafa verið sendar beint til dómsmrn., en ekki til Alþ. eins og áður. Er þetta góð regla og gæti orðið til mikils stuðnings fyrir þá þm., sem hafa þessi mál til athugunar. En til þess að þetta komi að tilætluðum notum, er með öllu óhjákvæmilegt, að dómsmrn., um leið og það tekur við umsóknunum um ríkisborgararéttinn, athugi þær mjög gaumgæfilega og öll fskj., og alveg sérstaklega, að ekkert vanti af þeim fskj., sem l. samkv. eiga að fylgja slíkum umsóknum, auk þess sem ráðuneytið þarf einnig að ganga mjög gaumgæfilega úr skugga um, að það komi í ljós af umsókninni sjálfri og fskj., að umsóknin fullnægi þeim almennu skilyrðum, sem l. setja fyrir því, að hægt sé að veita ísl. ríkisfang með l. Ef dómsmrn. kemst að þeirri niðurstöðu, þegar það tekur við þessum umsóknum, að annaðhvort vantar eitthvert skilríki eða eitthvert skilyrði brestur, teljum við óhjákvæmilegt, að ráðuneytið geri umsækjanda aðvart þegar í stað, til þess að umsækjandi geti bætt úr ágöllum, sem á málinu kunna að vera, eða fái yfir höfuð að vita, hvernig mál hans stendur. Það má vel vera, að ráðuneytið hafi yfirleitt bent umsækjendum á, ef einhverjir gallar hafa verið á umsóknum þeirra. Um það þori ég ekki að dæma. En allshn. er á einu máli um það að vekja athygli ráðuneytisins á því, að í framtíðinni er með öllu óhjákvæmilegt, að sá háttur verði upp tekinn, að ráðuneytið kynni sér umsóknir og skilríki strax, eins og ég hef áðan nefnt. Og eftir að ráðin hefur verið bót á því, sem áfátt var, er að sjálfsögðu eðlilegast, að ráðuneytið sendi umsóknirnar til Alþ., eins og gert hefur verið undanfarið. En það virðist líka sjálfsagður hlutur, að ráðuneytið sendi til Alþ. þær umsóknir einar, sem fullnægjandi mega teljast, en haldi eftir öllum, sem áfátt kann að vera að einverju leyti. Fyrir þingið séu því ekki lagðar aðrar umsóknir en þær, sem ráðuneytið getur beinlínis vottað um, að öll nauðsynleg skjöl og skilríki fylgi og að umsóknin fullnægi þeim skilyrðum, sem l. um ríkisfang setja. Þetta er eðlilegust leið og langhagkvæmust fyrir þingið, til þess að hægt sé að vinna

sómasamlega úr þessum málum. Allshn. er því sammála um, að þetta skuli fram tekið og sérstaklega skuli beint til ráðuneytisins að reyna að gæta þessa í framtíðinni. Ef einhverjir umsækjendur eru til staðar, sem ráðuneytið telur, að ekki fullnægi þeim skilyrðum, sem l. setja, til þess að hægt sé að veita mönnum ríkisfang, þá geta þeir sjálfir reynt að koma sínum málum á framfæri, ef þeir vilja halda þeim áfram, en slík fyrirgreiðsla virðist ekki eiga að koma frá dómsmrn. sjálfu.

Síðan frv. um ríkisfang, sem hér liggur fyrir, var lagt fyrir, hefur dómsmrn. stöðugt verið að senda allshn. nýjar umsóknir, og er nú svo komið, að til viðbótar við frv. liggja nú hjá allshn. umsóknir frá 40 mönnum um íslenzkt ríkisfang. Með mörgum af þessum umsóknum bárust þinginu þegar í upphafi fullnægjandi skilríki, og ráðuneytið lagði til, að ýmsum af þeim, sem um ríkisfang sóttu, yrði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Um aðra, sem einnig sóttu um íslenzkan ríkisborgararétt, er svo ástatt, að þegar umsóknirnar voru sendar til þingsins, þá voru ekki til staðar fullnægjandi skilríki, til þess að hægt væri að taka þeirra umsóknir til greina. Hjá ýmsum vantaði fæðingarvottorð, hjá öðrum hegningarvottorð, hjúskaparvottorð og ýmis fleiri vottorð, sem umsóknunum þurfa að fylgja. En smám saman hafa umsækjendur og dómsmrn. verið að bæta úr þessum ágöllum, og vottorð hafa verið að tínast hingað til þingsins, og nú seinast fyrir 1 eða 2 dögum komu ýmis viðbótarvottorð, sem á vantaði hjá sumum umsækjendum, auk þess sem nýir umsækjendur hafa verið að bætast við alveg fram á seinasta dag.

Allshn., sem hefur þetta mál til athugunar, hefur rætt það á nokkrum fundum. Það hefur verið farið í gegnum umsóknirnar, sem fyrir liggja, og fylgiskjöl með umsóknum athuguð, eftir því sem frekast er kostur á, umsóknirnar hafa síðan verið flokkaðar á þeim grundvelli, sem l. um ríkisborgararétt flokka þá menn, sem til greina kemur að veita íslenzkan ríkisborgararétt með l., þ. e. a. s. umsækjendum hefur verið skipt í tvo flokka, þannig að sérstaklega hafa verið teknir þeir, sem fæddir eru af íslenzku foreldri og þurfa því ekki að fullnægja 10 ára búsetuskilyrði ríkisborgararéttarlaganna. — [Fundarhlé].

Ég hefði talið það æskilegt og raunar nauðsynlegt, að mál þetta yrði ekki afgr. fyrr en hæstv. dómsmrh. gæti verið viðstaddur, en í dag hefur staðið svo illa á, að hann hefur ekki getað mætt á fundi, og kann það að standa í sambandi við fyrirhugaðar útvarpsumr. Ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. forseta að málið verði ekki afgr., fyrr en hæstv. ráðh. getur mætt á fundinum og tekið málið fyrir.

Ég skýrði frá því áður, að allshn. hefði borizt um 40 umsóknir um ríkisborgararétt fyrir utan frv. það, sem liggur fyrir. Ég hef skipt þessu í tvo flokka. Í annan flokkinn koma þeir, sem fæddir eru af íslenzku foreldri, en í hinn þeir, sem ekki eiga íslenzkt foreldri. Munurinn á þessum tveim flokkum er sá, að þeir, sem fæddir eru af íslenzku foreldri, þurfa ekki að fullnægja skilyrðinu um 10 ára dvöl samfleytt í landinu til að fá ríkisborgararétt, en það þurfa aftur þeir, sem eru af erlendu bergi brotnir. Í fyrri flokknum, þ. e. þeir, sem fæddir eru af íslenzku foreldri, eru 18 manns, en í hinum síðari 21. Mér þykir rétt að gera grein fyrir öllum, sem sótt hafa, og hvaða afstöðu n. hefur tekið til þeirra. Í fyrsta lagi eru það þá þeir, sem fæddir eru af íslenzku foreldri.

N. er yfirleitt samþykk því, að allir þeir, sem fæddir eru af íslenzku foreldri, fái ríkisborgararétt, en um 6 af þessum 18 er þannig háttað, að hún telur sig ekki geta mælt með því, að þeir fái íslenzkan ríkisborgararétt. 5 af þessum 6 eru konur, sem gifzt hafa erlendum ríkisborgurum eða búið með þeim, og eru þeir flestir þýzkir. Nú er það föst regla, að konur fylgi ríkisfangi manns síns, enda alltaf gengið út frá því. Frá mönnum þessara kvenna, sem hér er um að ræða, hafa engar umsóknir borizt um íslenzkan ríkisborgararétt, en 2—3 af þeim munu vera stríðsfangar í framandi landi. Mér þykir rétt að gera nöfn og aðstæður þessara kvenna kunnar.

Það er þá fyrst Rannveig Halldórsdóttiir Christiansen, Reykjavík, f. 18. júlí 1903 í Reykjavík. Foreldrar báðir íslenzkir og hún fædd hér og upp alin, en gift erlendum ríkisborgara.

Næst er Helga Einarsdóttir Münch, Reykjavík, f. 4. ágúst 1897 á Íslandi. Var hér til 1921, en dvaldi síðan í Danmörku og Þýzkalandi. Gift þýzkum manni og er ekki skilin. Er hér með 4 börn.

Síðan er hér Kristín Guðmundsdóttir Klingbeil, Reykjavík, f. 30. júlí 1911 í Englandi. Foreldrar hennar eru íslenzkir. Hún fór héðan 1936 og kom aftur heim 1945 á vegum Rauða kross Íslands. Gift þýzkum manni, sem er stríðsfangi, og er ekki skilin. Hún er með 3 börn.

María Bjarnadóttir Henckell, Reykjavík, f. 25. júní 1911 á Akureyri. Foreldrar hennar eru íslenzkir. Giftist þýzkum manni 1936 og býr enn með honum. Á 2 börn. Hún kom heim árið 1945.

Síðust er Þóra Bjarnadóttir Timmermann, Reykjavík, f. 28. apríl 1912 á Íslandi. Foreldrar hennar eru íslenzkir. Hún er gift Þjóðverja, en ekki samvistum við hann og ekki skilin. Hún á 1 barn. Kom heim 1945.

Á þessar 5 umsóknir hefur n. ekki getað fallizt af þeim sökum, sem fyrr getur.

Ég vil nú gera grein fyrir umsóknum þeim, sem n. *mælir með*.

1. Aaslaug Felixson, Reykjavík, f. 23. júlí 1901 í Noregi og á íslenzkan föður. Hún kom hingað 1933, og skilríki hennar eru öll í lagi.

2. Jón Ebeneserson Halldórsson, Reykjavík, f. 23. febr. 1919 á Ísafirði. Varð ríkisborgari í U.S.A. meðan hann var þar við nám. Foreldrar hans eru íslenzkir.

3. Gunnar Már Nehm Pétursson, Reykjavík, f. 16. okt. 1919 í Danmörku. Foreldrar báðir íslenzkir. Kom hingað 1945 og hyggst dvelja hér áfram.

4. Grímur Hákonarson, Auðsholti í Ölfusi, f. 1. sept. 1887 á Íslandi. Foreldrar íslenzkir. Hann fór til Ameríku og fékk ameríska ríkisborgararrétt 1933. Mestan tímann, sem hann var úti, átti hann bú í Ölfusinu, og þegar hann kom heim 1945, settist hann þar að. N. telur sjálfsagt að veita honum íslenzkan ríkisborgararétt.

5. Gísli Halldór Christensen, Reykjavík, f. 9. sept. 1929 í Danmörku. Móðir hans er íslenzk, en faðir hans danskur. Hann er heitbundinn íslenzkri stúlku og á eitt barn.

6. Margrét Lund Hansen, Reykjavík, f. á Íslandi

21. ágúst 1924. Móðirin er íslenzk en faðir danskur. Hún dvaldi hér til ársins 1939, en fór þá til Danmerkur og dvaldi þar til 1946, en þá kom hún heim. Hún er ógift og á engin börn.

7. Agnes Sigrid Münch, Reykjavík, f. í Hamborg 1. nóv. 1927. Hún á íslenzka móður, en faðirinn þýzkur. Hún kom hingað 19. sept. 1945. Engin fylgiskjöl nema fæðingarvottorð. Hún er ein af þeim 6, sem n. getur ekki mælt með, að fái íslenzkan ríkisborgararétt.

8. Gunnar Ormslev, Hafnarfirði, f. 22. marz 1928 í Danmörku. Hann á íslenzka móður. Hann er ókvæntur og á engin börn. Fylgiskjöl virðast í lagi.

9. Marie Cylvia Christensen, Reykjavík, f. 15. febr. 1918 í Danmörku. Dvaldi á Íslandi 1921—1939 og síðan 1946. Hún á íslenzka fósturforeldra og er ógift, en á þriggja ára barn.

Næstur er Viktor Einar Münch, Reykjavík, f. 30. júní 1929 í Þýzkalandi. Móðir hans er íslenzk. Hann kom hingað 1945 og er bróðir Sigríðar Münch, sem á undan getur.

Þá er næstur Ferdinand Emil Bruno Münch, Reykjavík, f. 17. sept. 1937. Hann kom hingað 1945. Hann er bróðir Sigríðar og Viktors Einars Münch, en þau eru öll börn Helgu Einarsdóttur Münch, en n. leggur til, að henni verði ekki veittur ríkisborgararéttur, af þeim ástæðum, sem fyrr getur.

Að síðustu er Ejvil Christensen, Reykjavík, f. 6. febr. 1917 í Danmörku. Hann á íslenzka móður. Hann kom hingað 1921 og hefur dvalið hér síðan nema 1939—'47. Hann er kvæntur danskri konu, og eiga þau eitt barn.

Ég hef þá gert grein fyrir öllum þeim umsóknum í fyrri flokknum, sem n. mælir með. Til viðbótar við þetta hafa n. borizt umsóknir tveggja barna. Annað er 7 ára, og hefur n. ekki tekið það inn á skýrslur, en hitt er 13 ára drengur, Magnús Jón Ernst Magnússon, Reykjavík, f. 14. febr. 1935 í Þýzkalandi. Hann á íslenzkan föður, en þýzka móður og kom hingað 1945. N. telur sér ekki fært að mæla með umsóknum þessara barna. Hinum síðarnefnda vegna þess, að hann er of ungur og auk þess óskilgetinn, og í öðru lagi hefur engin ósk um þetta borizt frá móður hans.

Ég hef nú talið upp allar þær umsóknir, sem borizt hafa frá fólki, fæddu af íslenzku foreldri.

Ég sný mér þá að hinum, þar sem reglan um 10 ára dvöl í landinu kemur til greina. N. er sammála um að mæla með umsóknum allra þeirra Skandinava, sem fullnægja reglunum. Hins vegar vill n. í heild ekki ganga lengra, og mun ég ekki mæla með umsóknum þeirra, sem ekki eru Skandinavar.

Á síðasta Alþ. lágu fyrir umsóknir frá mörgum þeim sömu sem nú er um að ræða og því óþarfi að fara langt út í það nú. Ég vil benda á það, að margir útlendingar, sem dvalið hafa hér undanfarin ár, hafa ekki dvalið af frjálsum vilja. Flestir þeirra hafa hrökklazt að heiman frá sér, og það liggur í augum uppi, að sá tíu ára reynslutími er ótryggur mælikvarði á það, hvort það er einlægur vilji einstaklingsins að dvelja hér. Við það bætist svo, að ástæða er til að fara varlega í þessum efnum, og er sú skoðun uppi víða um lönd. Mér er t. d. nær að halda, að ef við hefðum skilyrðislaust fylgt reglunni um 10 ára dvöl án nokkurrar varfærni, þá er ekki ósennilegt, að mikill hluti Þjóðverjanna, sem hér dvöldu, hefði fengið íslenzkt ríkisfang. Það virðist því fullkomlega ástæða til að fara varlega í þetta. Allshn. leggur því til, að engum nema Skandinövum af þeim, sem ekki eru fæddir af íslenzku foreldri, verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Þeir eru búnir að dvelja hér svo lengi, að þeir eru orðnir Íslendingar, ef svo mætti segja, og alfluttir hingað fyrir löngu. Mér þykir nú rétt að víkja nokkrum orðum að þeim, sem til seinni flokksins teljast, eða þeirra, sem ekki eru fæddir af íslenzku foreldri.

1. Hans Clementsen, Seyðisfirði, f. í Færeyjum 6. apríl 1920. Hann flytur hingað 1946. Er kvæntur, en á engin börn. N. getur ekki fallizt á að veita honum ríkisborgararétt, því að hann flytur ekki hingað fyrr en 1946.

2. Heinz Theodor Edelstein, f. í Bonn 5. júní 1902. Kom hingað 1937. Hefur ekki farið úr landi síðan. Kvæntur þýzkri konu og á tvö börn, 18 og 15 ára. Dvalarvottorð, hjúskaparvottorð og fæðingarvottorð barna fylgja. Af ástæðum, sem ég nefndi áðan, þá getur n. ekki mælt með þessari umsókn.

3. Bent Eikesdal, Álftafirði, f. í Noregi 5. júlí 1875. Kom hingað 1893. Starfaði við hvalveiðastöð hér til 1909, síðan varð hann bóndi hér til 1930 og er nú hjá syni sínum. Hann er kvæntur íslenzkri konu og á 4 börn. N. mælir eindregið með þessari umsókn.

4. Konstantin Eberhardt, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. nóv. 1893. Kom hingað 1920. Stríðsfangi í Englandi 5. júlí 1940—20. des. 1945. Síðan í Þýzkalandi. Kom hingað aftur 6. sept. 1947. Var giftur íslenzkri konu, er dó. Á hér 3 fósturbörn, 21, 22 og 25 ára. Vottorð fylgja. N. mælir ekki með umsókninni.

5. Einar Knudsen Farestveit, Reykjavík, f. í Noregi 9. apríl 1911. Kom hingað 1933. Hefur dvalið hér síðan, nema farið erlendis í verzlunarferðir. Giftur íslenzkri konu og eiga 3 börn, 12, 6 og 2 ára. Vottorð fylgja. N. mælir með umsókninni.

6. Peter Lothar Goldstein, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 7. nóv. 1927. Kom hingað 1935. Ókvæntur og barnlaus. N. hefur ekki orðið sammála um þessa umsókn.

7. Elisabeth Göhlsdorf, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 3. ágúst 1890. Kom hingað 1935. N. mælir ekki með þessari umsókn af ástæðum, sem ég sagði áðan.

8. Analius Georg Hagvaag, Reykjavík, f. í Noregi 23. sept. 1907. Kom hingað 1931. Erlendis í norska flughernum 1943—'45. Giftur íslenzkri konu, en barnlaus. N. mælir með þessari umsókn.

9. Johan Victor Jacobsen, Reykjavík, f. í Svíþjóð 15. júní 1878. Kom hingað 1905. Giftur íslenzkri konu og á 3 börn, 23, 25 og 29 ára. N. mælir með þessari umsókn.

10. Johan Wilhelm Lindberg, Reykjavík, f. í Danmörku 11. júní 1882. Kom hingað 1919. Ógiftur og barnlaus. N. mælir með honum.

11. Martin Schjönning Kristian Pedersen, Raufarhöfn, f. 27. júní 1887 í Noregi. Kom hingað 1926. Giftur íslenzkri konu. Barnlaus. N. mælir með honum.

12. Harry Wilhelm Schrader, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 28. febr. 1913. Kom hingað 1935. Ókvæntur og engin börn. N. mælir ekki með þessari umsókn.

13. Systurnar á St. Jósefs spítala í Hafnarfirði:

1. Maria Ambrosia, f. í Þýzkal. 29. jan. 1894, kom 1938. — 2. Maria Barbara, f. í Þýzkal. 5. marz 1904, kom 1934. — 3. Maria Cyrilla, f. í Þýzkal. 28. ágúst 1880, kom 1908. — 4. Maria Emilia, f. í Lettlandi 1. júní 1899, kom 1938. — 5. Maria Felicia, f. í Þýzkal. 20. júlí 1901, kom 1931. — 6. Maria Monica, f. í Þýzkal. 2. maí 1908, kom 1936. — 7. Maria Remberta, f. í Þýzkal. 22. sept. 1877, kom 1928. — 8. Maria Xaveria, f. í Þýzkal. 12. júlí 1896, kom 1926. — 9. Maria Albina, f. í Þýzkal. 7. maí 1887, kom 1914. Flest fylgiskjöl vantar, og n. vill samræmisins vegna ekki leggja til, að umsóknin verði tekin til greina.

Þá er það Peter Lothar Goldstein. Foreldrar hans eru þýzkir. Faðirinn var tekinn höndum af nazistum og talinn hafa verið tekinn af lífi. Móðirin flýði land og giftist íslenzkum manni. Þeir hv. 4. landsk. og hv. 1. þm. N-M. leggja til, að hann verði tekinn með, og byggja álit sitt á því, að svipað sé farið með hann og þá, sem fæddir eru af íslenzku foreldri. Hv. þm. Seyðf. hefur leitt hjá sér að taka afstöðu til málsins, en er varla á móti því. Hv. þm. Dal. og ég höfum ekki viljað mæla með þessu og viljum láta hann falla undir sama flokk og þá, sem ekki eru Skandinavar, og viljum ekki falla frá því „principi". Og ef þetta væri tekið til greina, mætti taka fleiri inn, ekki sízt systurnar í kaþólska spítalanum. Ég sé ekki ástæðu til að tala frekar um þetta. Ég legg því fram f. h. allshn. sameinaða till. um, að þeim mönnum, sem ég gat um áðan, verði veittur ríkisborgararéttur. Og nær listinn ekki lengra en þetta. Menn verða því að leggja fram brtt., ef þeir vilja koma fleiri inn. Og ástæða er til að ætla, að hv. 4. landsk. leggi fram brtt., hvað sem hv. 1. þm. N-M. líður.

Ég vil beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að umr. sé ekki lokið, nema hæstv. dómsmrh. sé viðstaddur til þess að láta skoðun sína í ljós, og í öllu falli verði atkvgr. ekki látin fara fram, nema hann sé viðstaddur. En hann mun ekki hafa tækifæri til þess í dag vegna útvarpsumr. í kvöld.

Forseti (BSt): Ég mun fresta umr. um sinn. Lögð hefur verið fram skrifl. brtt. frá allshn. Verður að leita afbrigða um þessa till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 682) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Forseti (BSt): Út af því, sem hv. frsm. tók fram um meðferð málsins og ósk hans um það, að málinu verði frestað, þar til hæstv. dómsmrh. gæti verið viðstaddur, þá vil ég í fyrsta lagi spyrja: Er það eftir ósk hæstv. dómsmrh. sjálfs, að hann óski sérstaklega að vera viðstaddur afgreiðslu málsins? Annars skal ég benda á, að þessu frv. var útbýtt 7. nóv. s. l. og því var vísað til n. 11. s. m. og 2. umr. fór fram 10. febr., þannig að það virðist, að það hefði getað verið nægur tími til afgreiðslu málsins. Og þó að umsóknir hafi verið að berast, eins og hv. frsm. gat um, þá vitanlega gæti komið fyrir, að Alþ. afgreiddi tvenn l. á sama þingi um veiting ríkisborgararéttar. Mundi sjálfsagt ýmsum þykja leitt, að þetta mál dagaði uppi í þinginu nú. En áður en ég ákveð þetta, vil ég heyra svar um það, hvort þetta er ósk hæstv. dómsmrh. sjálfs.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Út af fyrirspurn, sem til mín var beint, þykir mér rétt að taka fram eftirfarandi. Hæstv. dómsmrh. hefur nokkuð fylgzt með meðferð þessa máls í n., og ég hef rætt um það við hann hvað eftir annað og orðið þess var, að hann telur það nokkru máli skipta, hvaða meðferð þetta mál fær hér í hv. d. Hann hefur ekki óskað eftir því við mig, að ég beindi þeim tilmælum til hæstv. forseta, að málið yrði ekki afgr. vegna hans fjarveru, sem kemur til af því, þykist ég vita, að þessum hæstv. ráðh. sé ekki kunnugt um, að þetta mál sé hér nú til umr. Það hefur nú ekki verið útbýtt prentaðri dagskrá fyrir þennan fund, og ég hygg, að hæstv. dómsmrh. sé ókunnugt um, að þetta mál sé hér til umr. nú. En ég hef fullkomna ástæðu til að ætla, að ef hæstv. dómsmrh. vissi, að málið er hér á ferð, þá mundi hann vilja vera viðstaddur, þegar málið væri afgr. Og ég undirstrika þessi tilmæli, sem ég kom með til hæstv. forseta. — Hitt er rétt, að n. hefur haft mikinn tíma til að afgreiða málið. En það, sem tafið hefur málið, er, eins og áður er sagt, að umsóknir hafa verið að berast fram á síðustu daga um ríkisborgararétt. Og gögn hafa verið að berast í þessum efnum fram á síðustu stundu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég er satt að segja ákaflega undrandi yfir meðferð þessa máls hjá hv. n. Og mig furðar ekkert á því, þó að hæstv. dómsmrh. vildi vera viðstaddur, þegar mál þetta er afgr., sem hann hefur látið útbýta sem stjfrv. 7. nóv. og hefur ekki enn fengið afgreiðslu, þó að ekki væri til annars en gefa hv. form. n. ofanígjöf fyrir afgreiðslu á málinu. (**GíG:** Þetta er í samráði við hæstv. ráðh.) Það er ekki í samráði við ráðh. að drepa stjfrv. Ég mótmæli því, að það geti verið ósk hæstv. ráðh., að það sé verið að drepa hans eigin frv. eða fella þau hér í hv. d. Ég skil ekki í því, að hv. 7. landsk. þm. hefði neina heimild til þess að fullyrða það hér. — Ég veit ekki, hvort hv. frsm. n. er það kunnugt, að viðkomandi aðilla nr. tvö í frv. ríkisstj. er það stórkostlegt fjárhagslegt spursmál, hvort frv. nær fram að ganga eða ekki. Hún á eignir í landi, þar sem hún á nú ríkisfang í. Og það, hvort hún getur fengið þessar eignir greiddar, veltur á því, hvort hún fær hér ríkisborgararétt. Öll sú skýrsla, sem frsm. allshn. flutti hér áðan, kemur ekkert því við, sem er á því þskj., sem frv. hæstv. ríkisstj. er á, heldur var hans skýrsla eingöngu um brtt. við það frv. og kemur ekkert við því, hvort þessir aðilar, sem hér eru skráðir nr. 1, 2 og 3 á frv. hæstv. ríkisstj., fá ríkisborgararétt eða ekki. Það er ekki hægt að þola slíka meðferð á máli, ef ekki er hægt að færa neitt á móti þessum þremur mönnum, sem skráðir eru í frv. hæstv. ríkisstj. Og ég varð ekki var við, að hv. frsm. hefði neitt á móti þessum þremur mönnum. Hann færði ýmis rök fram með því og móti, að brtt. við frv. yrðu samþ. eða ekki. En það er allt annars eðlis. Og ef málið er látið daga uppi nú á Alþ. vegna brtt. við það, þá er framið stórkostlegt ranglæti á fólki því, sem hér er um að ræða í frv. hæstv. ríkisstj. og hefur haft fulla von um, að samþ. yrði, að það fengi ríkisborgararétt. Og það munu verða stór-

kostleg vonbrigði fyrir það fólk að fá ekki samþ. ríkisborgararétt sinn hér á landi nú á þessu þingi. Ég viðurkenni, að það ber að vera mjög varfærinn í þessum málum. Sú varfærni á vitanlega við hvað snertir það, hvort umsóknir skuli teknar til greina sem brtt. við þetta frv. En um aðalfrv. gegnir öðru máli að því leyti, að ekki er ágreiningur um það. — Og það ber að vita þá meðferð á þessu máli, sem hv. form. n. hefur haft á því.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil aðeins láta í ljós þá skoðun, að þó að það sé óviðkunnanlegt, að hæstv. dómsmrh. sé ekki viðstaddur lokaafgreiðslu þessa máls, sem hann hefur flutt hér fram, þegar það er afgr. frá þessari hv. d., þá sé það upplýst, að hæstv. dómsmrh. hafi fylgzt með allri meðferð málsins í þinginu og sé að öllu leyti kunnugt um það, sem hv. n. leggur til. Það er ekki efi á hans samþykki fyrir því, að frv. þetta nái fram að ganga. Og ég hygg, að tryggt sé, að hann legðist ekki á móti því, að þær brtt. nái fram að ganga, sem öll allshn. þessarar hv. d. leggur til, að samþ. verði við frv., till., sem eru bornar fram í samráði við hæstv. dómsmrh., að mér skilst. Það gegnir öðru máli í þessu sambandi um þá menn, sem n. hefur ekki orðið sammála um að mæla með. Ég hygg því, að afgreiða beri þetta mál, hvort sem hæstv. dómsmrh. verður viðstaddur afgreiðslu þess nú eða ekki, þó að viðkunnanlegast væri, að hann gæti verið við. En það er ekki hægt að draga þetta mál á langinn nú, þegar það er búið að velkjast svo lengi fyrir hv. þd. Og það er ekkert réttlæti í því að hafa af því fólki að fá nú ríkisborgararétt, sem að öllum rétti á tilkall til hans, og fresta því um heilt ár, að það fái að njóta þessa réttar. Og ég er á móti því að draga málið með því að fresta því nú af því, að hæstv. dómsmrh. sé ekki viðstaddur. (**PZ:** Og afgreiðsla þess í Nd. er eftir líka.)

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Svo mikla ástæðu sem ég sá í minni fyrri ræðu til þess að óska eftir, að hæstv. dómsmrh. eigi að vera viðstaddur, þegar þetta mál er afgr. hér, þá er þó eftir ræðu hv. þm. Barð. — ef hana ber að taka alvarlega — enn þá meiri ástæða til þess að óska eftir því nú, að mál þetta verði ekki afgr., fyrr en hæstv. dómsmrh. getur verið við, vegna þess að þessi hv. þm. hefur ráðizt hér á mig alveg að tilefnislausu og með ósæmandi ásökunum. Hv. þm. Barð. taldi, að hæstv. dómsmrh. hefði tilefni til þess að vita allshn. og sérstaklega mig fyrir drátt á þessu máli. En ég get fullyrt við þennan hv. þm., að allt, sem ég hef gert í n. í þessu máli, er í fullkomnu samráði við hæstv. ráðh., og ég er sannfærður um, að ef hann væri hér viðstaddur, mundi hann staðfesta þetta, þannig að hv. þm. Barð. þyrfti ekki að vera hér með tilefnislausar og rakalausar ásakanir í minn garð.

Gísli Jónsson: Ég vil alveg mótmæla þeim ummælum, sem hv. 7. landsk. þm. hefur haft í þessu máli. Ég vissi það ekki fyrr en í dag, að það er margbúið að skýra honum frá því og margræða það við hann, hversu mikils virði það er fyrir aðila nr. tvö í frv. hæstv. ríkisstj., sem hér liggur fyrir, að frv. verði samþ. En hann hefur hvað eftir annað reynt að beita sínu valdi sem form. allshn. til þess að tefja þetta mál. Og slík ummæli, sem hann hafði hér, eru engin afsökun fyrir því né megna neitt til þess að þvo af honum sem form, n. þann blett, að n. hefur haldið málinu frá 7. nóv. og til þessa tíma, af því að hann er sjálfur á móti því, að málið nái fram að ganga. Hann hefur hvað eftir annað lýst yfir hér, að ef málið væri tekið fyrir, mundi hann halda hér uppi umr., svo að ekki væri hægt að koma málinu í gegn, sem er hrein yfirlýsing um, að hann sé fjandsamlegur málinu sjálfu, enda væri ekki hægt af form. n. að fara svona með málið nema af því, að form. n. væri andvígur málinu. Það hafa engin rök komið fram frá hv. form. n. um það, að þessir menn, sem í frv. hæstv. ríkisstj. standa, eigi ekki að fá ríkisborgararétt. Hann er heldur ekki á móti því, sem ég hélt fram, að gagnvart þeim aðila, sem er tölul. 2 hér í frv., er það mjög mikið fjárhagslegt atriði að fá þennan ríkisborgararétt nú. En hv. form. n. hefur aðeins notað umsóknir, sem komið hafa, síðan frv. var flutt hér í þinginu, sem átyllu til þess að draga málið á langinn. Ég get vel fellt mig við þá málsmeðferð, að engin umsókn um ríkisborgararétt sé tekin gild, sem ekki kemur til hæstv. ríkisstj. eða undirbúin af hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma. En það sjónarmið átti ekki undir neinum kringumstæðum að geta stöðvað þetta mál. Og fullyrðingar hv. form. n. áðan, að meiri ástæða væri eftir mína ræðu að óska eftir frestun á þessu máli, eru ekki annað en viðbót við þá garðhleðslu, sem þessi hv. þm. hleður í veg fyrir það, að þetta mál nái fram að ganga. Slík iðja er honum ekki til sóma. Og óska ég því þess mjög, að hæstv. forseti láti nú atkv. ganga um þetta mál, því að hæstv. dómsmrh. hefur fullkomið tækifæri til þess að koma að sínum aths. við frv. í Nd., þar sem þar eru eftir þrjár umr. um málið, þó að það væri afgr. frá þessari hv. d. nú. Og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að hæstv. forseti leyfi nú það, ofan á þann drátt, sem á afgreiðslu málsins hefur orðið til þessa, að það verði ekki látið ganga fram á þessum fundi.

Guðmundur Í. Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. En það er svo með hv. þm. Barð., að það er ákaflega erfitt að ræða við hann um mál yfirleitt, því að þegar búið er að keyra ofan í hann ein ósannindi, spinnur hann önnur upp. Þegar ég benti á, að meðferð þessa máls í allshn. er í fullkomnu samráði við hæstv. dómsmrh., sá hann sér ekki fært að taka upp sínar fullyrðingar um það atriði. En hins vegar ber hann hér nú fram, að mér hafi verið sérstaklega kunnugt um það, að einn af umsækjendunum um ríkisborgararétt hafi sérstakra fjárhagslegra hagsmuna að gæta í sambandi við veitingu ríkisborgararéttarins. Og hv. þm. Barð. fullyrti hér áðan, að mér hafi verið kunnugt um þetta lengi. Ég hef aldrei heyrt á þetta minnzt, fyrr en þessi hv. þm. minntist á þetta áðan. (**GJ:** Hv. þm. hefur verið kunnugt um þetta lengi.) Ég var ekki einu sinni búinn að gá að því, hver er nr. tvö á þskj. Þó leyfir hv. þm. Barð. sér að fullyrða svona út í loftið, að ég hafi vitað þetta lengi, sem hann talaði um. — Þá sagði hann líka, að ég hefði lýst hér yfir hvað eftir annað, að ef málið yrði tekið á dagskrá, mundi ég með ræðuhöldum reyna að þvæla þetta mál og spilla þannig fyrir því, að það næði fram að ganga. Þetta

er misskilningur. Mér hefur aldrei komið slíkt til hugar. Hins vegar hef ég vakið athygli á því, að eins og málið stæði í n., þá hafi ég óttazt, að um það mundu verða langar umr., ekki af því, að ég ætlaði að þvæla málið og draga það á langinn, heldur af því, að ég átti von á því og á enn von á því, að fram komi í umr. ýmis sjónarmið um málið.

Vil ég enn beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann a. m. k. láti ekki ganga atkv. um málið, ef fleiri till. koma fram en þegar eru komnar, nema hæstv. dómsmrh. fái tækifæri til að vera viðstaddur atkvgr.

Forseti (BSt): Ég lít svo á, að það sé sama og að fella málið að taka það út af dagskrá nú. Og þar sem ekki eru bein tilmæli borin fram í nafni hæstv. dómsmrh. um það, að hann fái að vera viðstaddur afgreiðslu þess, þá vil ég ekki taka þá ábyrgð á mig að taka málið út af dagskrá. Hitt skal ég gjarnan gera, að láta hv. þd. skera úr því, hvort atkv. skuli ganga um málið eða ekki. Mun ég ákveða minn úrskurð, eftir að ég veit vilja hv. þd. í þessu efni, og ég sem þm. mun greiða atkv. í því máli.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég tók eftir því í dag, fyrr á fundinum, að hæstv. forseti hafði þau ummæli, að hann mundi láta þau mál sitja fyrir um afgreiðslu, sem hæstv. ríkisstj. legði áherzlu á, að gengju fram, þar sem svo skammt væri eftir tíma til þingslita. Þessa afstöðu hæstv. forseta skildi ég mætavel. Nú skilst mér af þeim umr., sem hér hafa farið fram um þetta mál, að afstaða hæstv. dómsmrh. sé yfirleitt ekki kunn um það, hvort hann óskar eftir, að málið gangi fram. (**Forseti:** Þetta er frv. frá honum.) Það er sama. Það liggur ekki fyrir hans afstaða um það. Þess hefur verið óskað, að hans nærvera mætti vera hér, áður en umr. um málið lýkur.

Þetta mál hefur verið athugað í allshn. þessarar hv. d. En þó að slík athugun hafi farið fram, er full ástæða til, að hv. allshn. Nd. fái líka fullkominn tíma til sinnar athugunar á málinu. Nú er 3. umr. þessa máls hér, og mér skilst, að ekki verði um marga deildarfundi að ræða, áður en þingslit fara fram nú. Ég hygg því, að skynsamlegast væri af þessari hv. þd. að hvíla nú málið, þar sem komið er nálægt þinglokum. Málið er tilbúið til þess að takast upp í byrjun næsta þings. Og ég get ekki séð, hvaða skaði það gæti verið fyrir málið, þó að svo væri gert. Tel ég því rétt, að hv. þd. vísi þessu máli til ríkisstj. Og ef hæstv. forseti telur þurfa, get ég lagt þá till. fram skrifl.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að segja mikið um það. — Út af þeirri atkvgr., sem á að fara fram um afgreiðslu þessa máls hér nú, vil ég benda á fyrst og fremst, að frv. þetta er flutt af hæstv. dómsmrh. Og ég hygg nú, að hæstv. dómsmrh. hafi ekki verið tilkynnt, að á þeirri dagskrá, sem nú er hér fyrir þessum fundi, sé þetta mál. En nú hafa við þessa umr. verið bornar fram brtt. við frv. Þó að það sé að vísu formlega ekki nema ein brtt., þá er hún þó í fimmtán til tuttugu liðum. Og í þessari hv. d. er þingmannssæti hæstv. dómsmrh. og því hans atkvæðisréttur. Það sér hver þm., að það er ekki verulega þinglegt af d. að fara að greiða atkv. án þess að gera dómsmrh. viðvart um fjölda liða, sem ekki hafa verið lagðir fram fyrir hann núna.

Forseti (BSt): Út af þessum síðustu ummælum vil ég geta þess, að 2. umr. um þetta mál fór fram 10. febr. Síðan hef ég hvað eftir annað tekið það á dagskrá og af henni aftur samkv. beiðni form. allshn., ýmist á þingfundum eða hann gert mér aðvart áður, vegna þess að málið þyrfti nánari athugunar við. Ég spurði form. og frsm. allshn. um það, hvort hann hefði þessa beiðni fram að bera í nafni dómsmrh., og var það ætlun mín að taka málið af dagskrá, ef svo væri. Nú vil ég spyrja hv. þm. Dal., hvort hann geti ekki náð í dómsmrh. í síma og vitað, hvort hann óski eftir því, að málið sé tekið af dagskrá, og mun ég bíða með atkvgr. um þetta á meðan.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 683) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil nú segja það, að ekki greiðir það fyrir málinu, svo nauman tíma sem það hefur, að fara að sakast um það við form. n., hve seint málið sé á döfinni. Ég hygg líka, að form. hafi gert grein fyrir því, að hann hefur ekki getað að því gert, heldur hafi málsatriði verið að berast fram á síðustu stund.

Nú hefur hv. þm. Barð. gefið upplýsingar um það, að einn umsækjandann varði það mjög miklu fjárhagslega, að hann fái sinn ríkisborgararétt. Þannig hygg ég, að muni standa á um marga fleiri af umsækjendunum. T. d. er mér kunnugt um, að einn þeirra er búinn að vera bóndi á Íslandi um áratugi og öðlast ekki rétt til ellilífeyris fyrr en hann hefur fengið íslenzkan ríkisborgararétt. Réttur hans til ellilífeyris yrði því tekinn af honum eitt ár í viðbót, og fæ ég ekki séð, að það nái neinni átt að fresta afgreiðslu málsins, þegar n. mælir með því og ráðh. hefur borið fram í frumvarpsformi, að þessir menn skuli fá ríkisborgararétt. Ég vil vona, að málið fái þá afgreiðslu, sem má nú veita því, og það sé afgr. hiklaust frá þessari d. og látið ganga til Nd. og þeir, sem n. hefur mælt með, fái þennan rétt, áður en þingi lýkur.

Umr. frestað.

Á 87. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 96, 682, 683).

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mér þykir leitt, að ég gat ekki verið við, er umr. hófust um þetta mál, en mér skilst, að hv. þm. hafi óskað þess, að ég léti skoðun mína og álit í ljós á þessu máli. Í þessu sambandi vil ég upplýsa, að hv. n. hefur haft samstarf við mig í þessu máli, en umsóknir hafa borizt dómsmrn. fram á daginn í dag um veiting ríkisborgararéttar. Hins vegar er nokkurt vafamál, hvaða sjónarmið skuli ráða í veitingu ríkisborgararéttar. N. vildi, að hún fengi víðtækt vald í þessum efnum, og ég set mig ekki á móti brtt. n. Mér finnst nú ekki, að frv. liggi neitt sérstaklega á. Afgreiðsla þess má gjarnan bíða til haustsins, en ég leggst ekki á móti brtt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af ummælum hæstv. dómsmrh. vil ég segja nokkur orð. — Frv.

þetta var rætt í d. í dag, og mér finnst ótrúlegt, að hæstv. ráðh. sé á móti frv., a. m. k. upphaflega. Ég hef áður látið í ljós þá skoðun mína, að mér fyndist óeðlilegt, að ráðh. hefði einskorðað vald til þess að veita ríkisborgararéttindi. Og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. dómsmrh., hvort honum þætti sú lausn þessara mála í framtíðinni eðlileg, að undirbúningur þessa frv. yrði með þeim hætti, að frv. yrði undirbúið og samþ. af ríkisstj. sjálfri. Mín skoðun er sú, að það ætti að athuga þetta mál nánar og athuga þá frekar mál þeirra manna, sem ríkisstj. hefur ekki mælt með, engu síður en hinna. Hæstv. ríkisstj. ætti að vera „konservativ" í þessu. Hæstv. ráðh. sagði, að það lægi ekkert á að afgreiða þetta mál. Ég vil samt benda á, að undir öðrum lið frv. er aðili, sem mun bíða tjón og það allverulegt, ef hann fær ekki fljótlega borgararéttindi, því að hann á miklar eignir utan Íslands. Ég hef rætt þetta allýtarlega við formann n., en n. leggur til, að frv. nái nú fram að ganga.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. um það, að þm. hafi rétt til þess að dæma um þá menn, sem ráðuneytið mælir með. N. hafði þó orð um það að fara lengra, og ég set mig ekki á móti hóflegum kröfum hennar. Varðandi það tilfelli, sem hv. þm. Barð. minntist á, þá skal ég ekki efa, að umgetinn maður eigi eignir erlendis. En slíkt hefur auðvitað engin áhrif á veitingu ríkisborgararéttar, og ef erlendur ríkisborgari heldur, að hann fái frekar ríkisborgararétt fyrir slíkt, þá er það furðulegt, og eins er það furðulegt, ef slíkur aðili fær frekar umráð eigna sinna, ef hann skiptir um ríkisfang. Ég er nú kannske ekki nógu góður „júristi", að ég geti um það dæmt.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til ríkisstj., frá 1. landsk. þm., felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, ÞÞ, EE, LJóh.

nei: StgrA, ÁS, BBen, BrB, GJ, GÍG, HV, HermJ, JJós, PZ.

BK, BSt greiddu ekki atkv.

1 þm. (PM) fjarstaddur.

Brtt. 682 samþ. með 13:1 atkv.

— 683 felld með 9:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 62. fundi í Sþ., 24. marz, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 684).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá í d.

8. Útsvör.

Á 37. fundi í Sþ., 27. jan., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um útsvör (stjfrv., A. 283).

Á 50. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Eins og tekið er fram í grg. þessa frv., er það samið af mþn., sem skipuð var á sínum tíma af félmrh. og í samræmi við ályktun, sem gerð hafði verið á Alþ. um endurskoðun á útsvarsl.

Nú í vetur lauk n. þessum störfum og skilaði áliti til félmrn., og hefur n. orðið sammála í meginatriðum, þó að tveir nm. gerðu nokkurn ágreining út af einstökum, að því mér virðist, minni háttar atriðum. Ráðuneytinu þótti því hlýða að leggja þetta frv. fyrir hv. Alþ., eins og n. hafði skilað því í hendur ráðuneytisins.

Eins og tekið er fram í upphafi grg. fyrir frv., vildi félmrn. gjarnan eiga þess kost að ræða við þá n., sem fjallaði um frv. hér í hv. d., og mun ráðuneytið þá benda á viss atriði, sem það fyrir sitt leyti telur, að munu betur fara en í frv. sjálfu var, þegar því var skilað frá n. Hins vegar taldi ráðuneytið rétt að leggja frv. óbreytt fyrir Alþ., eins og n. hafði gengið frá því, svo að Alþ. sæi, hver hefði orðið niðurstaða mþn. eftir athugun á þessum málum.

Ég vil geta þess um leið, að sama n. samdi frv. um lögheimili og frv. um manntal. En ráðuneytinu virtist, að þessi frv. væru þannig, og þá sérstaklega frv. um lögheimili, að það vildi ekki leggja þau fyrir eins og frá þeim var gengið. En það er nú í sérstakri athugun innan ráðuneytisins, og mun það ef til vill verða síðar lagt fram sem eitt frv. með bæði nýjum og nokkuð skýrari ákvæðum um lögheimili og einnig um manntal.

Ég tel mikla nauðsyn á því að setja nýja löggjöf um manntal. Eins og kunnugt er, fer eitt allsherjar manntal fram í landinu tíunda hvert ár, og nokkuð langur tími líður frá því og þangað til hagstofan hefur unnið úr því. Hins vegar eru þau manntöl, sem fram fara árlega í einstökum héruðum, að undantekinni Reykjavík, heldur ófullkomin, og ákvæðin um þau eru á þann veg, að þau gefa ekki tryggingu fyrir því, að öruggt og skýrt manntal geti farið fram.

Það er þá í sambandi við útsvarsl., og þá ekki síst vegna þeirra ákvæða, sem ég mun minna á hér á eftir, en það er ekki aðeins nauðsynlegt vegna útsvarsl. yfirleitt að koma á nokkuð skýrari skipan um manntal, heldur er það vegna ýmissa rannsókna og framkvæmda, sem þarf að gera á hverju ári, og þá ekki síst í sambandi við störf fjárhagsráðs, nauðsynlegt, að sem fullkomnast manntal liggi fyrir á öllu landinu og að úr því sé hægt að vinna og það sem allra fyrst.

Ég geri ráð fyrir, að síðar verði lagt fram frv. um manntal, ef til vill í sambandi við frv. um lögheimili, og mun þá verða þar lagt til, að manntal fari fram á sama tíma á öllu landinu og það verði framkvæmt af þeim mönnum, sem til þess verða kjörnir með l.

Ég sé ekki mikla nauðsyn að fara mörgum orðum um þetta frv., þar sem því fylgir góð grg., þar sem rakin er saga þessa máls yfirleitt og hvaða breyt. felast í frv. frá gildandi l. um þetta efni. En höfuðbreytingin, sem hér hefur verið lögð til, að gerð verði með þessu frv., er sú, að skiptingu á útsvörum milli heimilissveitar annars vegar og atvinnusveitar hins vegar verði breytt þannig, að það verði lagt á hlutaðeigandi aðila útsvar í heimasveit hans, en hins vegar verði atvinnusveit hans veittur sérstakur réttur að uppfylltum vissum skil-

yrðum, sem fram eru tekin í þessu frv., til þess að leggja á menn eða fyrirtæki, sem atvinnu hafa utan heimilissveitar sinnar. Þessi ákvæði er sérstaklega að finna í 5. gr. og 6. gr. frv., og sé ég ekki ástæðu til þess að fara inn á það öllu nánar á þessu stigi málsins. Þetta er, eins og ég hef áður sagt, höfuðbreytingin, sem í frv. felst frá því, sem er í gildandi útsvarsl. Að vísu eru nokkrar aðrar breytingar í frv. en ég hef minnzt á, en þær eru velgaminni, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv. að þessu sinni. En ég vildi ítreka það, sem ég sagði í upphafi þessara orða, að félagsmrn. vildi gjarnan fá aðstöðu til þess að ræða við þá n., sem fjallar um þetta frv., og láta henni í té þær athuganir og þær breytingar, sem ráðuneytið kynni að vilja gera, enda þótt það vildi leggja frv. fyrir þingið óbreytt eins og það kom frá mþn.

Ég óska eftir, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til n., væntanlega allshn. eða félmn., ég veit ekki hvort réttara þætti. Áður en félmn. kom til skjalanna, var það allshn., sem tók við slíkum málum. Ég skýt því til hæstv. forseta, hvaða venja kann að vera í þeim efnum varðandi frv. um útsvör.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það eru nokkur atriði í þessu frv., sem ég vildi vekja sérstaka athygli á fyrir þá n., sem fær frv. til meðferðar. Ég hef að vísu ekki lesið frv. svo ýtarlega, að ég geti gert neinar tæmandi athugasemdir við frv. nú, ég hef aðeins hlaupið yfir að lesa það, og þess vegna veit ég, að það mun vera margt fleira, sem ég vil gera athugasemdir við, þegar til kemur. Það eru tvö atriði sérstaklega, sem ég vildi vekja athygli n. á nú. Annars vegar er það 6. tölul. 5. gr., það er, eins og hæstv. forsrh. sagði, gengið út frá því, að útsvörum verði hér eftir ekki skipt, heldur fái atvinnusveitin rétt til þess undir vissum skilyrðum að leggja á útsvar, þó að þar sé ekki um leið lögheimili hlutaðeigandi. Eftir þessum 6. lið má leggja útsvar á leiguskip, ef það hefur samband við annan stað heldur en heimilissveitina um óákveðinn tíma.

Nú hefur þróunin orðið sú síðustu árin, að það eru að koma fleiri og fleiri skip, m. a. togarar, sem eiga heima hingað og þangað utan Reykjavíkur. Um einn af þessum togurum liggur það fyrir nú þegar, að hann hefur aldrei farið heim til sín til þess að fá heiman frá sér þau gögn, sem hann hefur þurft til þess að fara með afla til Englands. Hann hefur lagt frá Reykjavík, Hafnarfirði og öðrum næstu höfnum, er hann fer frá landinu. Það hafa verið fengnir vissir menn á þessum höfnum til þess að ganga frá skipsskjölum, til þess að togarinn þyrfti sem minnst að tefjast. Eftir þessu frv. mætti leggja á þennan togara svo að segja á öllum stöðum, þar sem hann hefur fengið afgreiðslu. En það er svo fráleitt, að það sé tilætlunin, sem mest má vera. Ég nefni þetta dæmi af því að það er í fersku minni, að reynt hefur verið að leggja á togara, sem svona er ástatt með og ekki hafði nokkurt samband við þann stað, nema hann fékk afgr. þau skjöl, sem hann þurfti til þess að geta sigit til Englands. Ég vil biðja n. að athuga, hvort rétt sé að leggja þannig útsvar á skip, sem ekki hafa meira samband og viðskipti við þann stað en þarna hefur átt sér stað. Ef svo verður álitið, þá býst ég við, að þau láti það alveg vera að eiga heima á þeim stöðum, þar sem þau eru nú skráð. Það segir sig sjálft, að þegar Seyðisfjarðartogari hefur verið á veiðum á Halanum og siglir svo út, þá fer hann ekki að tefja sig á því að fara til Seyðisfjarðar fyrst til þess að fá sig afgreiddan, heldur semur hann við menn á öðrum höfnum til þess að fá sig afgreiddan.

Hitt atriðið er svo það í þessu frv., sem ég vildi biðja hv. n. að athuga, að þar virðist eiga að ganga inn á þá braut, að ef gift kona vinnur utan heimilis, þá skuli leggja á hana útsvar þar, sem hún vinnur utan heimilis. Þetta er alveg nýtt, að þó maður og kona hafi sameiginlegan fjárhag, þá skuli leggja á þau sitt í hvoru lagi. Það hefur verið lagt á þau sameiginlega, þó að konan vinni utan heimilisins og orðið þess vegna að hafa ráðskonu til þess að sjá um heimilið, og hefur þá sá kostnaður verið *dreginn frá kaupi konunnar og síðan lagt sameiginlega á tekjur hjónanna*, sem þau hafa unnið inn.

Nú skal ég ekki segja um, hvort með þessu eigi að verða sú stefnubreyting, að ekki eigi að telja, að hjón hafi sameiginlegan fjárhag, heldur aðskilinn. Ef svo er, þá á kona, sem vinnur að því að sjá um sitt heimili, kannske mörg börn, að fá eins mikið kaup hjá manni sínum eins og kona, sem pikkar á vél 2—3 tíma á dag á skrifstofu. Ég álít, að n. eigi að athuga þetta vel. Það er yfirleitt verið að ganga inn á þá braut, og var byrjað á því með tryggingalöggjöfinni, að lítilsvirða það starf, sem gifta konan vinnur á heimilinu. Með tryggingalöggjöfinni var byrjað á því að heiðra þær konur, sem kallaðar eru hórur, með því að láta þær fá auka*styrki fram yfir þær giftu*, sem ekki fara út af sínu heimili.

Það er talað um að láta konu, sem ekki nennir að hugsa um sín börn, heldur vinnur utan heimilisins, fá aukaþóknun fyrir það að vinna utan heimilisins. Með því er þá verið að ganga inn á sama svið sem ég nefndi áðan, að lítilsvirða starf konunnar á heimilinu. Ég vil biðja n. að athuga vel, hvers virði það er að hafa góð heimili, þar sem konan sjálf er húsmóðirin, en ekki hinar og aðrar hlaupastúlkur, af því að konan telur léttara að vinna utan heimilis fyrir borgun.

Þessi tvö atriði, sem ég hef rekið mig á í frv. við ákaflega lauslegan yfirlestur, bið ég n., sem fær frv. til athugunar, að athuga mjög vel. Ég veit, að þau eru þó miklu fleiri.

Ég gleðst yfir því, að von er á frv. um lögheimili og manntal, sem hæstv. forsrh. lýsti yfir, að mundu koma, og ég gleðst alveg sérstaklega yfir því hvað lögheimili snertir, því l. um það nú eru öllum til skammar, sem ríðnir voru við samningu þeirra. Það eru ákaflega ófullnægjandi l., sem um það gilda, þannig að það er brýn þörf á að taka það til athugunar. Hæstv. ráðh. vildi halda fram, að manntalið væri allra fullkomnast í Reykjavík, og að það þyrfti að sníða manntalið úti á landi eitthvað eftir Reykjavík. Ég er á þveröfugri skoðun. Það er langflest af því fólki hér í Reykjavík, sem hvergi er talið eiga heima. Og þegar maður þarf mest að elta fólk til þess að vita, hvar það á heima, þá er það hér í Reykjavík, svo að það er fjarri því, að það, sem húseigendur í Reykjavík gefa upp um fólk, sem á heima í þeirra húsum, sé fullkomnara heldur en það, sem gefið er upp um heimilisfang fólks

úti á landi. En það er annað mál og kemur þessu máli, sem hér liggur fyrir, lítið við. En ég sem sagt gleðst yfir því að eiga von á frv. um þetta. Það er brýn þörf á þeim báðum og alveg sérstaklega frv. um lögheimili.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Það hefur viljað þannig til á undanförnum árum, þegar útsvarslöggjöfin hefur verið hér til umr. á Alþ., að þá hefur það komið í minn hlut að fjalla sérstaklega um þau mál í allshn. Ég hef því reynt eftir mætti að setja mig nokkuð inn í þessi l., sem Alþ. þá hefur verið að endurbæta og leiðrétta.

Það, sem aðallega kom mér til þess að standa upp, er það, að ég vildi beina nokkrum orðum til þeirrar n., sem kann að fá þetta mál til meðferðar, og það er um greiðslu útsvaranna. Ég sé, að hv. mþn. hefur nákvæmlega þrætt eldri reglur um greiðsludagana. Ég held, að ég tali þar af nokkurri þekkingu eftir að hafa verið hér í Reykjavík yfir 40 ár, að með þeim kvöðum, sem nú eru lagðar á borgarana um greiðslur opinberra gjalda yfirleitt, þá er það sama, við hvern ég tala, að það vilja helzt allir, sem þurfa að greiða háa skatta og útsvör, a. m. k. þeir, sem eru launþegar, greiða þetta mánaðarlega, svo að þeir þurfi ekki að reikna með þeirri upphæð, sem í opinber gjöld fer, í því, sem þeir geti tekið og notað til eigin þarfa. Reykjavík hefur notað heimild, sem var í l. um að hafa greiðsludaga útsvara fleiri á árinu heldur en almennt er gert úti um landið, en í l. er gert ráð fyrir, að þeir séu fjórir. Nú hefur nokkur reynsla fengizt um þetta í sumum nágrannalöndum okkar. Ég varð var við það t. d. í Noregi í sumar, að það eru ný l. þar, sem fjalla eitthvað um greiðslur opinberra gjalda. Og Norðmenn, sem eiga nokkuð mikinn skipastól, þeir gera það að skyldu, að af hverri mánaðarkaupgreiðslu til þeirra manna, sem á skipunum vinna, skuli halda eftir svo eða svo mörgum hundraðshlutum í greiðslur til hinna opinberu þarfa. Norðmenn töldu þetta fyrirkomulag óumflýjanlega nauðsyn til þess að fá þessi gjöld greidd og töldu, að slíkt fyrirkomulag mundi koma betur niður á þeim, sem greiða þessi gjöld. Ég held, að við séum komnir eitthvað í líka aðstöðu og Norðmenn að þessu leyti, enda erum við farnir að dreifa greiðslunum til hins opinbera meira á greiðsludaga heldur en áður var gert. En ég hef nokkra kynningu af því, að þó að nú sé gert ráð fyrir því, að atvinnurekendur haldi eftir af kaupi starfsmanna, þá er það í mörgum tilfellum alls ekki gert. Það hafa komið fram kvartanir um, að þetta hafi verið látið niður falla, sumpart í opinberum rekstri og sumpart í einkarekstri, þannig að þegar átti að fá gjöldin greidd, þá var ekkert til fyrir þeim, og átti að taka lögtak, til þess að þau yrðu greidd. Eru nú nokkur víti í l. gagnvart atvinnurekendum, sem vanrækja þessa skyldu sína að taka þessar greiðslur af kaupi manna? Ég held, að það séu ekki nein skýr ákvæði um þetta í frv. Ég hef ekki þrautlesið frv., en mér finnst, að greiðsludagarnir hefðu mátt vera á þessu sviði nokkru fleiri heldur en hér kemur fram, til þess bæði að létta undir með því opinbera um að fá inn það, sem krafizt er af skattþegnunum að greiða, og um leið til hægðarauka fyrir þá, sem gjöldin eiga að greiða. Ég álít, að það sé ennþá tekið allt of mikið af opinberum gjöldum af mönnum á stuttu tímabili á árinu. Það mun vera í eldri l. gert ráð fyrir því, að það megi taka af giftum manni allt að ⅔ hlutum, í hvert sinn, þegar krafizt er, og af einhleypum manni allt að ½ hluta. Aðferð sem þessi kemur illa niður á einstökum mönnum. En ef þetta er tekið mánaðarlega prósentvís af tekjum manna, þá finna menn minna til þess. Og ég hef orðið þess var í viðtölum við fjölda manna, að það er einmitt þetta, sem fólk óskar eftir, að gjöldin séu tekin mánaðarlega. Ég vildi sérstaklega beina því til þeirrar hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að hún athugi þetta mjög vel, þegar hún fjallar um frv., hvort ekki megi ganga lengra í þessari skiptingu á greiðslu gjaldanna á greiðsludaga heldur en gert er ráð fyrir í frv., og þá, hvort ekki megi láta vissa ábyrgð hvíla á þeim, sem þá ber að krefja þetta inn af launafólki.

Mér hefur ekki gefizt tími til þess að fara í gegnum þetta frv. í mörgum atriðum. En e. t. v. eru þessi l., sem hér liggur fyrir frv. um breyt. á, ein af allra viðkvæmustu l., l. um greiðslu útsvaranna, því að alltaf, þegar farið er í buddu manna, þá eru það viðkvæmustu málin. Og um þetta verður að mínu áliti að byggja að nokkru á reynslu þeirra þjóða, sem hafa hana meiri heldur en við, hvernig beri að fara að í þessum efnum. Vel má vera, að nokkuð annað henti í dreifbýlinu heldur en í fjölmennum bæjum í þessu efni. En ég álít, að þetta, sem ég hef sagt frá frá Noregi, megi taka upp hér í fjölmennustu bæjunum. — Skal ég svo ekki á þessu stigi málsins fjölyrða frekar um þetta mál. En ég mun, ef mér endist tími til, athuga frv. við 2. umr. málsins og að sjálfsögðu gera mínar brtt., þegar þar að kemur.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þessu stóra og viðkvæma máli var útbýtt hér fyrir tveimur dögum, og í ýmsum þeim önnum, sem þm. hafa að sinna, er ekki von, að menn geti nú rætt ýmsar gr. frv. ýtarlega. Auk þess teldi ég, að um svo stórt og viðkvæmt mál hefði verið mjög æskilegt, að þm. hefði verið fenginn nokkru betri tími til þess að athuga málið heldur en hægt er á þessu þingi, áður en því er slitið, sem væntanlega verður ekki beðið eftir í mánuði. Útsvarsmál og skattamál yfirleitt eru viðkvæm mál. Nú hefur þetta mál verið í undirbúningi árum saman, og m. a. hefur því verið lofað hér á tveimur undanförnum þingum, að þetta mál skyldi verða vel undirbúið lagt fyrir þm. með nægum fyrirvara o. s. frv. Og hér er það þá komið nú í fyrri d. á síðari hluta þessa þings. Ég hafði búizt við eftir allan þann undirbúning, sem mál þetta hefur haft, að ýmsir agnúar, sem á núverandi löggjöf eru, mundu verða afnumdir, og þá ný ákvæði, sanngjarnari og betri, sett í staðinn. En mér sýnist, að langflestir agnúar, þeir sem á núgildandi l. eru, séu þar enn þrátt fyrir þetta frv., þótt samb. væri. Og mest af því, sem nýtt er hér í frv., er verra heldur en það, sem í gildandi l. er og ákvæði frv. eiga að breyta. Það hefur verið bent á þetta nokkuð af tveimur hv. þm. Skal ég gera þessu nokkru nánari skil. Hæstv. ráðh. talaði um, að höfuðbreyt. í frv. væri skipting á útsvörum á milli heimilissveitar og atvinnusveitar. Það er að nokkru leyti rétt. En hér er í því ekki betur farið að heldur en í gildandi l. Ég held, að þessi skipting, sem gert er ráð fyrir í frv. í þessu efni, valdi ekki minni

óánægju og skapi engu minni erfiðleika í þessum efnum heldur en gildandi lagaákvæði gera. Og ég vil vekja athygli hæstv. félmrh. á þessu máli, sem er eitt af vandamestu málum þjóðfélagsins, að þegar ákveðið var með núverandi löggjöf, að atvinnusveit ætti kröfurétt á heimasveit manna, sem vinna utan sinnar heimasveitar, um hluta af útsvari, þá var þetta gert með þeim forsendum, að úr sveitunum kæmu til bæjanna hópar af mönnum í atvinnuleit og tækju mjög mikið af atvinnu frá íbúum höfuðborgarinnar og annarra bæja, sem atvinnu vantaði, sem sé frá heimilisföstum mönnum þar, sem bakaði aftur á móti þeim bæjum þá erfiðleika, að þeir yrðu að taka þá menn í atvinnubótavinnu og á atvinnubótastyrk, sem stjakað væri frá vinnu af aðkomumönnum. En nú hefur þetta snúizt við. Bæði Reykjavík, Hafnarfjörður og fleiri bæir draga kjarnann af vinnukraftinum frá sveitunum, ekki til þess að baka þessum bæjum byrðar, heldur til þess að hjálpa til þess að halda uppi styrkara atvinnulífi í þessum bæjum. Þetta hefur ekki aðeins mokað fé í sveitarsjóðina í þessum bæjum, heldur er þetta bókstaflega að þurrka út margar hverjar af sveitum á landinu að íbúum. Þess vegna er nauðsynlegt, að í þessa löggjöf sé sett ákvæði um það, að þessir menn greiði ekki útsvar á þeim stað, sem þeir leita sér atvinnu á, því að þeir eru ekki fyrst og fremst að leita sér atvinnu fyrir sitt sveitarfélag, heldur verður vinna þeirra í annarri sveit en þeirra heimilissveit til þess, að íbúarnir á staðnum, þar sem þeir vinna, hafa hagsmuni af vinnu þeirra. Ég verð því ekki með því að samþykkja þetta ákvæði um skiptingu útsvaranna, og það mætti segja mér, að mjög hörð átök yrðu um þetta, því að það er öruggasta leiðin til þess að þurrka sveitirnar út, ef þetta er samþ., eins og ætlazt er til í þessu frv.

Annað atriðið er það, sem hv. 1. þm. N-M. minntist á, álagning útsvara á skipin. Það er sjáanlegt, að það er ekki hægt að framkvæma fyrirmæli l., eins og ákveðið er í þeirri gr. frv., því að það gæti þá orðið að leggja á þessi skip kannske á fimm eða sex stöðum á landinu. En hver viðkoma, þar sem þessi skip koma, gefur einhverjum aðila tekjur, sem viðkomandi bæjarfélag leggur svo útsvar á. Það er ekki hægt að afgreiða hér í Reykjavík t. d. togara, sem á heima á Seyðisfirði, nema einhver hafi tekjur af því hér, höfnin fyrst og fremst og svo verkalýðurinn við að skipa upp úr skipinu eða í það, svo að það er ekki réttlátt að gera það að skilyrði og möguleika fyrir útsvarsskyldu gagnvart einu skipi, að það hafi komið við á einhverjum stað til þess að lesta þar í höfninni. Það er hreint nýmæli, sem alls ekki mundi verða hægt að framfylgja nema að mjög litlu leyti.

Sama er að segja um sérútsvör giftra kvenna. Ég hygg, að þeir aðilar, sem hafa samið það ákvæði, hafi alveg gleymt því, að tekjur manns og konu, sem eru í hjónabandi, eru sameiginlegar. Það er sameiginlegt fyrirtæki, sem bæði hjónin reka, en þau reka það ekki hvort í sínu lagi. Ef ætti að samþykkja ákvæði frv. að þessu leyti, þá ætti líka að breyta skattal. um það, að gift kona yrði þá skattskyld sérstaklega, ef ætti að skipta þessu viðkomandi greiðslu útsvara. Ég man ekki, hvort fyrir liggur frv. um það til þess að lækka sameiginlega skatta búsins hjá giftu fólki. En það er, hvað sem því líður, ekki stefna, sem ég tel heppilega í þessu máli.

Um greiðslur á útsvörunum minntist hv. 1. landsk. þm. á það, að það þyrfti að setja hér mun sterkari ákvæði viðkomandi skyldum atvinnurekenda um innheimtu útsvara af starfsfólki sínu. Það er mjög vafasamt, að rétt sé að hallast að því að setja þessar skyldur á atvinnurekendur. Hér er verið að setja innheimtuskyldu á atvinnurekendur, sem það opinbera verður að fá greitt 4% af gjaldaupphæðunum fyrir að innheimta, en hefur valdið viðkomandi fyrirtækjum stórkostlegum útgjöldum og allmiklum erfiðleikum. Ég held, að það ætti að reyna að finna aðra leið heldur en þá að gera fyrirtækjunum það að skyldu að innheimta útsvörin, sem svo síðan verða að færa peningana niður á skrifstofu hér í Reykjavík. Ef svo ætti enn að koma til greina sú kvöð, að fyrirtækin væru látin sæta ábyrgð á því, ef þetta er ekki gert, og greiða sjálf útsvörin, ef eitthvað út af ber, þá held ég, að það þyrfti að athugast, hvort ekki sé hægt að finna sanngjarnari leið heldur en farin er viðkomandi innheimtu útsvaranna að þessu leyti. Hins vegar álít ég rétt að taka þessar greiðslur mánaðarlega af mönnum. Bæði tel ég það betra fyrir gjaldendurna og líka fyrir viðkomandi sveitarfélög.

Þá vil ég benda hér á eitt mjög mikilvægt atriði, sem ég tel til mikils óhagnaðar. Það er að lögbinda rekstrarútsvör, sem aldrei hafa verið lögheimiluð áður. Menn hafa að vísu tekið sér það vafasama vald hér að leggja á veltuútsvör. En nú á að lögbinda það, að það megi leggja rekstrarútsvör á fyrirtæki, þó að þau stórtapi, tapi jafnvel kannske öllum sínum eignum. Og meira að segja er till. hér um að ákveða, að þetta rekstrarútsvar geti orðið allt að ½%. Og það er sagt í grg. frv., að þeir, sem sömdu þetta, hafi ekki viljað ákveða þetta hærra, því að vitað er, að eftir að búið er að lögbinda það, þá muni allar sveitir fara í hámark með það útsvar. En hér í Reykjavík hefur ekki verið farið lengra með þennan útsvarshluta heldur en í 1—2 pró mille. (**PZ**: Hann er sex þar sem hann er hæstur.) Já, en sums staðar er hann ekki nema 1—2 af þúsundi. En hér er lagt til, að þetta verði ½%, fimm af þúsundi. Og langflestum þeim fyrirtækjum, sem bera uppi þjóðarbúskapinn, þeim er að mestu nú hlíft við þessu gjaldi, nema um sé að ræða gróða hjá þeim. En nú á að lögbinda, að fyrirtæki, sem rekin eru yfirleitt, hvort sem um gróða er að ræða hjá þeim eða ekki, skuli greiða þetta rekstrarútsvar, jafnvel þó að tap verði á rekstri fyrirtækjanna. T. d. þessir nýju togarar, sem hafa 4 millj. kr. veltu, ég get fullyrt, að enginn þeirra getur náð saman endum með tekjur og gjöld á árinu 1948, nema þeir fái bráttótekjur 4 millj. kr. En það eru 20 þúsund kr. í sveitarsjóð, sem þeir verða að greiða, ef þetta frv. verður að l., jafnvel þó að þeir geri ekki betur en að ná saman endum með tekjurnar og gjöldin, samkv. því, sem ég hef sagt, ef leyft verður að leggja rekstrarútsvar á þá og þeir verða að greiða það líka, þó að það verði 500 þús. kr. tap á rekstri þeirra. Ég tel því, að þetta ákvæði sé stórkostlega til hins lakara frá því, sem nú er. Ég veit, að venja hefur verið um þetta. En það hafa staðið um það málaferli, hvort heimilt sé að leggja á veltuútsvar. En eftir að búið væri að samþykkja þetta frv., eins og það er að þessu leyti, þá er ekki tækifæri fyrir neina aðila að fá úrskurð dómstóla um það, hvort þetta skuli gerast.

Þá vil ég benda á ákvæði um úrskurð ríkisskattanefndar um upphæð útsvara. Ég er ekki viss um, að rétt sé að láta þau mál ganga eins og nú er. Hér er oft um ærið stórar fjárhæðir að ræða, en það er ekki hægt yfirleitt fyrir gjaldþegnana að koma neins staðar að neinni vörn í þessum málum. Þau ganga fyrst til skattanefnda, síðan til yfirskattanefnda og svo til ríkisskattanefndar. Það eina, sem gjaldþegn hefur rétt til í sambandi við kæru út af útsvarsupphæð, er að senda inn bréf, sem hann hefur enga tryggingu fyrir, að séu lesin. Hann hefur ekki rétt til þess að láta verja mál þessi fyrir neinum dómstóli á þessari leið. Og síðasti dómurinn sendir aðila kannske þannig bréf: „Kæran ekki tekin til greina." — Ég tel að þetta fyrirkomulag sé óviðunandi með öllu. Ég get líka sagt hv. þd. það, að ríkisskattan. leyfir sér að fella svona úrskurði án þess að vera fullkomlega skipuð, úrskurði um útsvör upp á tugi og hundruð þúsunda, þar sem einn eða tveir nm. vikja sæti í n., af því að þeir eru hliðhollir, og úrskurður getur þá orðið felldur af tveimur mönnum í n., sem er rangt. Ég hef skriflega viðurkenningu af ríkisskattan. um það, að þetta hafi verið gert hvað eftir annað, og ég álít, að slíkt megi ekki koma fyrir og að í lögin eigi að koma ákvæði um, að svona megi ekki fara með þessi mál, heldur að það sé ekki lokadómur hjá ríkisskattan., nema því aðeins, að tekinn verði upp sá háttur, að aðilar megi verja a. m. k. fyrir síðasta dómstigi mál út af útsvörum, sem sé kærur, eins og eigi að verja það fyrir hæstarétti. Það hafa verið sótt og varin fyrir hæstarétti smærri mál heldur en mál, sem gilda hundruð þús. kr. eða milljónir, eins og hér getur átt sér stað í þessum málum.

Ég vil enn fremur benda á það, að ég tel alveg óviðeigandi, að hinu sama ranglæti sé haldið í sambandi við samvinnufélögin eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Ef þau vilja vera á sama viðskiptagrundvelli í landinu eins og aðrir aðilar, eiga þau að bera sömu gjöld. En hér er gert ráð fyrir, að þau hafi meiri rétt. Og t. d. þar, sem er kaupfélag, sem hefur samkeppni við einstaklingsverzlun á vissum stað, þar hefur hin verzlunin — ekki kaupfélagið — orðið að bera mest af útsvörunum. En undireins og hin verzlunin hverfur, hefur þetta verið fært á kaupfélagið, hvað sem útsvarsl. hafa sagt. Hvers vegna er þetta gert, að mismuna svona? Er það til þess, að verzlunin, sem ekki er kaupfélag, hverfi frá, en verzlun á þeim stað verði samvinnuverzlun? En þegar þetta gerist, að einstaklingsverzlunin hættir, þá munu skattarnir flytjast um leið yfir á samvinnufélögin. Ég veit ekki, hvort það er þetta, sem leitazt er eftir með því að halda þessum mjög svo ranglátu ákvæðum, að útrýma öðrum verzlunum en samvinnuverzlunum.

Ég læt þetta nægja á þessu stigi. — Hvað snertir þá n., sem koma eigi til með að fjalla um þetta frv., þá hefur það verið svo, að þeim frv. til l. um útsvör eða um breyt. á l. um útsvör, sem hafa komið fram í þessari hv. d., síðan ég kom á Alþ., hefur verið vísað til allshn. En ég tel það rangt að vísa þessu máli til allshn., því að þetta er hreint félagsmál. En það að láta allshn. fjalla um svona mál mun hafa helgazt af þeirri venju, að allshn. hafi haft þessi mál til meðferðar, áður en heilbr.- og félmn. var stofnuð. Ég geri þetta ekki að kappsmáli. Mig langar ekkert til þess að fá þetta mál í heilbr.- og félmn. til þess að pæla í því. En ég tel, að málið eigi heima í heilbr.- og félmn.

Páll Zóphóníasson: Það eru aðeins nokkur orð út af því, sem hv. þm. Barð. sagði. Ég skal þó ekki vera langorður. Hann var að beina því til n., hvort ekki væri rétt, að það yrði höfð málafærsla um hvert einstakt mál líkt eins og nú hjá hæstarétti, að mér skildist. Það er nú svo, að ríkisskattan. hefur árið sem leið borizt fjöldi af kærum, og ég held, að n. muni athuga það, áður en gert er ráð fyrir, að þar komi sækjandi og verjandi. Það er n., sem athugar, hvort menn geta borgað útsvarið, áður en það er afgr. eins og í hæstarétti. Ég vil því beina því til n., að hún athugi það, án þess að ég fari frekar inn á það nú.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Það er ekki nema eðlilegt, að komi fram ýmsar raddir í d. út af þessu máli. Það hefur verið bent hér á atriði, sem frá sjónarmiði hvers þm. fyrir sig mættu betur fara heldur en er í frv. Frv. var lagt fyrir þingið, eins og mþn. gekk frá því, og tók hún meira að segja fram, að félmrn. vildi gjarnan fylgjast með meðferð málsins hér í d. og að fulltrúi frá því ætti viðræður við n., sem málið fær. Það var líka búizt við því, þegar frv. kæmi fram, að það mundu koma fram ólík sjónarmið, og kom það mér ekki á óvart, og er ekkert við því að segja.

Út af því, sem hv. þm. Barð. tók fram um það, að frv. væri seint lagt fyrir Alþ., þá vil ég segja það, að það er orðið áliðið á þing, ef að líkum lætur, en mþn., sem samdi frv., skilaði því ekki í hendur ráðuneytisins fyrr en í desembermánuði s. l. Það var því enginn kostur á að leggja frv. fyrir þingið fyrr en nú í þessum mánuði.

Ég gæti vel trúað því, að svo gæti farið, og er í raun og veru ekkert sérstakt um það að segja, þó að ekki yrði hægt að afgreiða þessa löggjöf á því þingi, sem nú stendur yfir, a. m. k. ekki ef því væri lokið eftir svona 1 mánuð. En ég taldi rétt sjálfur að leggja frv. fyrir, jafnvel þó að liðið sé á þingtímann, svo að þm. gæfist kostur á því að athuga það strax, ef það kynni að þurfa nánari undirbúning og athugun af hálfu þingsins en þingtíminn leyfir, og meðfram af því, að málið kynni þá að vera betur undirbúið, ef það yrði ekki afgr. á þessu þingi, þegar næsta þing færi að fjalla um það. Hins vegar tel ég mikla nauðsyn á því, að framkvæmdar verði ýmsar breyt. á útsvarslöggjöfinni frá því, sem nú er, og því fyrr því betra að mínu áliti, og má ekki skilja orð mín á þá lund, að ég óski eftir því, að þetta frv. dagi nú uppi á þessu þingi, heldur skil ég vel, að þm. hafi margt að segja um þetta mál, og ef þingtími verður stuttur hér eftir, þá verður kannske örðugt að fá það í gegn á yfirstandandi þingi.

Ég sé ekki ástæðu til að fara inn á einstök atriði, sem fram komu í ummælum þeirra þriggja þm., sem hér hafa minnzt svolítið á frv. við þessa fyrstu umr., en skal þó aðeins minnast á það, sem hv. 1. landsk. talaði um, að hafa fleiri gjalddaga á útsvarinu en gert er ráð fyrir í 24. gr. Ég er þeirrar skoðunar fyrir mitt leyti, að reynt sé að koma á fleiri gjalddögum en 4, eins og 24. gr. gerir ráð fyrir, sérstaklega á sumum stöðum eins og í bæjum og þéttbýli, þar sem fólkið er meira á flökti til og frá og

þá meiri þörf á fleiri gjalddögum. Ég get því vel tekið undir þá athugasemd, að rétt sé að athuga þetta í n., sem málið fær, og að heimilað væri með reglugerð að setja ákvæði um að hafa þá fleiri og jafnvel þá mismunandi í kaupstöðum og úti á landi, eftir því sem ástæða þætti til. En í 24. gr. er gert ráð fyrir því, að gjalddagar séu 2—4. Ég tek alveg undir þá skoðun, sem fram kom hjá hv. 1. landsk. þm., að koma því skipulagi á, sérstaklega hjá föstum launamönnum og jafnvel meðal launamanna yfirleitt, að greiðsla á útsvörum þeirra og opinberum gjöldum fari fram mánaðarlega, ef unnt er að koma því við. Það yrði þægilegra fyrir launtaka að inna þannig smám saman af höndum greiðslur á opinberum gjöldum, og með því fá sveitarfélögin fyrr greiðslur á opinberum gjöldum, en það hamlar mörgum sveitarfélögum, hvað útsvörin og skattar koma seint inn, svo að þau hafa orðið að leita eftir rekstrarláni um tíma af þeim ástæðum. Það yrði án efa heppilegra að koma því skipulagi á, að útsvörin kæmu sem mest mánaðarlega inn.

Hv. 1. landsk. minntist á, að ekki sé nógu vel frá því gengið í frv., að atvinnurekendur annist innheimtu á útsvörum hjá þeim mönnum, sem vinna hjá þeim. Þótt í 25. gr. séu um þetta nokkuð skýr ákvæði, þá mun ég ekki draga í efa, að það kæmi til athugunar að bæta þau eitthvað. En þó er tekið skýrt fram, að kaupgreiðendur ábyrgist, að útsvarsgreiðendur hjá þeim, sem þeir greiða kaup, standi skil á útsvari sínu. Að vísu tel ég það nauðsynlegt úti á landi, að sveitarfélögin geri kröfu til þess, að atvinnurekendur haldi eftir af kaupgjaldi hjá mönnum til þess að greiða útsvörin með, og ég tel, að atvinnurekendum sé skylt að framkvæma þetta.

Hv. þm. Barð. fannst það hart að gengið að leggja þá skyldu á atvinnurekendur að innheimta eða draga frá kaupgjaldi verkamanna hluta af útsvarinu. Það ætti ekki að verða erfitt, ef gengið er frá því með góðri samvinnu milli atvinnurekenda annars vegar og sveitarfélaga hins vegar, en það yrði mikið hagræði fyrir sveitarfélögin, sem gjöldin fá, og verkamenn, sem hjá atvinnurekendum vinna, að geta greitt gjöld sín smátt og smátt, um leið og kaupgreiðsla fer fram.

Hv. þm. Barð. minntist á það, að í 13. gr. frv. væri nú gert ráð fyrir því, að 1. heimiluðu, að hluta af útsvarinu mætti taka með því að leggja ákveðna hundraðshluta á rekstur fyrirtækja. Það er rétt. 4. liður gerir ráð fyrir þessu, en eins og sami þm. tók fram, þá hefur tíðkazt í mörg ár, að fleiri og fleiri sveitarfélög hafa miðað útsvörin að einhverju leyti við rekstur fyrirtækja. Ég skal ekki neita því, eins og hv. þm. Barð. tók fram, að í einstökum tilfellum, þar sem reksturinn er mikill að krónutali, er ágóðinn lítill, og þá gæti það komið hart niður. Mér finnst, enda þótt eigi að vera eðlilegt svigrúm, að ekki megi leggja á fyrirtækin án tillits til rekstrarafkomu. En það er ekkert hér í frv. um þetta, enda er það algerlega lagt á vald niðurjöfnunarnefnda að ákveða, hve mikill hluti af hundraðsgjaldi yrði lagður á atvinnurekendur miðað við rekstur þeirra, ef svo býður við að horfa. En ég held, þótt það sé orðið til, sem ekki er getið í eldri l., að útsvarsálagning megi miða við reksturinn, þá eigi ekki að breyta því frá því, sem áður var, og ég hygg, að ekki sé ástæða til að halda, að l. banni það, heldur miði að einhverju leyti að því, að útsvörin séu miðuð við rekstrarafkomu þeirra fyrirtækja, sem þau eru lögð á.

Ég vildi aðeins nefna þessi dæmi af nokkru, sem fram kom í athugasemdum hjá þessum þremur þm., sem hér hafa tekið til máls.

Ég sé ekki ástæðu fyrir mitt leyti að fara inn á höfuðbreyt. í frv., en það er skipting á útsvörum milli heimilissveitar og atvinnusveitar, og þarf það sérstakrar íhugunar við hér á Alþ. og í félmrn., því að miklar umkvartanir hafa komið fram út af þeim reglum, sem gilt hafa hingað til um skiptingu útsvars milli heimilissveitar og atvinnusveitar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða frekar það, sem fram hefur komið í umr. til þessa, en þykir næsta eðlilegt að taka undir það, sem 1. landsk. og hv. þm. Barð. sögðu, að hér sé um málefni að ræða, sem þurfi rækilegrar íhugunar við. Hér er einnig um viðkvæmt mál að ræða, eins og skattalöggjöfin er yfirleitt, og því er meiri nauðsyn á að íhuga það nákvæmlega og gaumgæfilega, heldur en að afgreiða frv. í skyndi.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þær yfirlýsingar, sem komu fram í hans ræðu í sambandi við afgreiðslu málsins. Ég er á sama máli um það, að það beri að leggja meiri áherzlu á, að það fái góða athugun og eðlilega meðferð, heldur en þótt það yrði afgr. og gert að lögum nú á þinginu, þó að ég hins vegar ekki óski eftir því, að það dragist um langan tíma að breyta þessum l. eins og þarf að breyta þeim.

Í sambandi við rekstrarútsvörin vildi ég mega benda á, að ef athuguð er grg., þá er gert ráð fyrir því, að sveitirnar noti sér til hins ýtrasta þetta hámark, sem hér er leyft. Maður þekkir þá illa, ef þeir ekki nota þetta ákvæði, þegar þeir notuðu sér að leggja þetta á án þess að hafa stoð í l. Ýmsir í ráðuneytinu hafa leyft sveitarstjórnum að gera þetta, án þess að nokkuð sé hægt að benda á, að það hafi stoð í l. Mér hefur verið margsinnis sagt af góðum lögfræðingi, núverandi hæstaréttardómara, að það sé mjög vafasamt, að það stæðist dóm, að hægt sé að leggja á fyrirtæki veltuútsvar í sambandi við gildandi lög.

Í sambandi við síðari ræðu hv. 1. þm. N-M., sem upplýsti, að það væri fjöldi af kærum, sem færi fyrir ríkisskattan., vil ég segja þetta: Því er ekki hægt að sækja þessi mál með verjanda og sækjanda fyrir dómstóli eins og önnur mál? Það er nauðsynlegt að breyta því í frv., að þetta sé ekki endanlegur dómur. Þá geta þeir, sem vilja halda áfram þessum málum og ranglæti eru beittir, sótt þessi mál og áfrýjað til hæstaréttar. Það fær enginn mig til að trúa því, að það sé hægt að senda tveggja krónu kröfumál til hæstaréttar, en ekki tveggja millj. króna. Ég hef bréf frá ríkisskattan., þar sem hún hefur tvisvar fellt dóm í kröfumáli, án þess að leita sér upplýsinga og gefa forsendur fyrir dóminum. Það er engin trygging fyrir þessum málum, meðan þeim er þannig fyrir komið. Slíkur dómur hefur fallið í máli, sem endaði fyrir hæstarétti, það var ekki um útsvarsupphæð, heldur um skuld. Þá vöknuðu þeir við það, að allt, sem þeir höfðu gert, var eintóm vitleysa, og skuldin var færð niður, það er einmitt í þessum málum útilokað fyrir þessa aðila að ná rétti sínum. Ég tel afar nauðsynlegt að koma inn, ef ekki er hægt

að verja og sækja við þetta síðasta dómstig, að þá sé úrskurður ríkisskattan. ekki síðasti dómur um upphæðir. En það er það, sem ég er að deila um.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Það er nú engin skýr markalína milli þeirra mála, sem eiga að fara í allshn. og heilbr.- og félmn., en mér virðist eftir þeirri venju, sem ríkt hefur hér í þessu, að heilbr.- og félmn. eigi fyrst og fremst að fá heilbrigðismál, þar að auki bein félagsmál, mál eins og tryggingamál og annað slíkt og mál, sem fjalla um félagsrétt borgaranna. Útsvarslög hafa aftur á móti jafnan verið í allshn. Að vísu er ekkert almennt frv. til, þar sem útsvarslög hafa verið borin fram, síðan heilbr.- og félmn. varð til, en þó má nefna frv. um breyt. á útsvarsl. Öllum stórvægilegum breyt., sem bornar hafa verið fram síðan, hefur verið vísað til allshn.

Úr því að hæstv. ráðh. gerir ekki neina till. um, í hvaða n. frv. verði vísað, þá ber ég það fyrst upp, að málinu verði vísað til allshn. samkvæmt því, sem ég hef nú greint.

Frv. vísað til allshn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

9. Almannatryggingar (frv. HermG).

Á 4. fundi í Nd., 8. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar (þmfrv., A 15).

Á 5. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Ég flutti frv. shlj. þessu á síðasta þ. Því var vísað til n., en náði þá ekki fram að ganga.

Ástæðan til þess, að þetta frv. var flutt, er sú, að þeir, sem stunda íþróttir, hafa oft orðið fyrir tjóni og margir þeirra orðið fyrir miklum skakkaföllum við íþróttaiðkanir. Það eru mörg dæmi þess, að menn hafi orðið illa útleiknir við íþróttaiðkanir og jafnvel misst atvinnuna þess vegna, en hins vegar er enginn vafi á því, að íþróttaiðkanir eru hollar fyrir alla, bæði menn og konur. Íþróttasamtökin hafa komið auga á það, að það þarf að skapa meira öryggi fyrir þá, sem íþróttirnar iðka. Því hafa frá fjöldamörgum íþróttaþingum komið fram ályktanir um það, frá því ég flutti þetta frv., að fá það samþykkt, og nú síðast í sumar á ársþingi Íþróttasambands Íslands.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða meira um þetta að sinni, en óska þess, að frv. verði að umr. lokinni vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

10. Orlof.

Á 12. fundi í Sþ., 22. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. um orlof, nr. 16 20. febr. 1943 (þmfrv., A. 46).

Á 7. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Ég flutti frv. þessu samhljóða ásamt hv. 8. þm. Reykv. (SG) á síðasta þingi. Það frv. náði því miður ekki fram að ganga. Og með hliðsjón af því, hve hér er um mikið nauðsynjamál að ræða fyrir verkalýðsstéttina í landinu, flytjum við þetta frv. nú saman á ný. — Sú breyt., sem fyrst og fremst er gert ráð fyrir með þessu frv., er um það, að þeir menn, sem eru hlutarsjómenn í bátaútveginum og taldir hafa þátt í útgerðarkostnaði, fái fullt orlofsfé, en nú fá þeir það ekki nema hálft. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hver sanngirni mælir með því, að þessir menn fái fullt orlofsfé eins og aðrar stéttir landsins.

Síðara atriðið, sem við leggjum til, að breytt verði í þessum l., eru ákvæðin um fyrningu á kröfum um orlofsfé. Við leggjum til, að fyrningar á þessum kröfum fylgi sömu reglum og gilda um aðrar kaupkröfur. Ástæðan fyrir þessu er sú, að margir erfiðleikar eru því samfara, að kaupkröfur og kröfur um orlofsfé skuli ekki fylgjast að. Skv. núgildandi l. um orlof fyrnast kröfur, sem stofnast á hendur atvinnurekendum um orlofsfé, ef þær hafa ekki verið viðurkenndar eða lögsókn hafin, áður en næsta orlofsár er liðið frá því er kröfurnar stofnuðust. En þessi fyrningarfrestur er 4 ár, ef um aðrar kaupkröfur er að ræða.

Nú er það föst regla, að greiðsla kaups og orlofsfjár fer saman, þannig að ef maður á inni kaup hjá vinnuveitanda, þá á hann orlofsfé inni líka. Það virðist því eðlilegt, að þetta fylgist að, þannig að sömu reglur gildi um fyrningu á kaupkröfum og kröfum um orlofsfé. Um kostnað fyrir ríkissjóð í þessu sambandi er varla að ræða. En það mundi verða til mikils hagræðis fyrir launþega, ef þetta tvennt væri látið fylgjast að. — Ég vænti því, að þetta frv. fái skilning hæstv. Alþ. og hv. þd., og mælist til, að því verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Sþ., 18. febr., var útbýtt frá Nd. nál. frá minni hl. heilbr.- og félmn., á þskj. 355, og á 68. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt nál. frá 2. minni hl. sömu nefndar, á þskj. 425, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

11. Brunatryggingar á Akureyri og Siglufirði.

Á 9. fundi í Nd., 28. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um brunatryggingar á Akureyri og Siglufirði (þmfrv., A. 59).

Á 10. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti. Á s. l. þingi bar ég fram frv., sem var að mestu leyti eins og þetta. Þá komst það til 2. umr., en ekki til afgreiðslu. Sömuleiðis nokkru seinna á því sama þingi bar þm. Siglf. fram frv. til l., sem var í sömu átt og það, sem ég bar fram, en fyrir Siglufjarðarkaupstað. Því frv. var einnig vísað til allshn. og náði ekki frekar afgreiðslu en mitt frv. á því þingi. Við höfum komið okkur saman um að bera fram sameiginlegt frv., sem er samhljóða því, sem við fluttum sinn í hvoru lagi áður, og berum það hér fram nú í einu lagi fyrir þessi tvö kjördæmi, Akureyri og Siglufjörð. Þetta mál náði samþykki bæjarstjórna á Akureyri og Siglufirði á s. l. hausti, og áhugi manna virtist vera um það, bæði hjá bæjarstjórnunum og ekki síst meðal almennings, að fá breyt. í þessum efnum.

Mér er kunnugt, að áhuginn er sá sami enn og ekki síður, og er rekið talsvert á eftir, að lagfæring fáist, svo að bæjarstjórnirnar geti samið við hvaða félag, sem þeim sýnist. Mér er kunnugt, að bæjarfélag Akureyrar getur nú komizt að hagfelldari kjörum en það getur fengið hjá Brunabótafélagi Íslands. Þess vegna hef ég leyft mér að itreka þessa málaleitun, að Siglufjörður og Akureyri fái að verða samferða í þessu efni, því að það er líkt á komið hjá þeim báðum að þessu leyti.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég vil á sama hátt og á síðasta þingi, þegar þessi mál voru til umr., láta þessu máli fylgja nokkur varnaðarorð til hv. þm. Þeir, sem hafa kynnzt Brunabótafélagi Íslands, hvað snertir brunatryggingar á fasteignum á Íslandi, vita, að fyrir rúmum 30 árum tókst fyrir góðra manna atbeina, fyrst og fremst núverandi hæstv. forseta Íslands, að brjóta á bak aftur útlenda vátryggingarhringa, sem höfðu einokað brunabætur á fasteignum hér á landi. Það voru gerðar miklar tilraunir af dönskum brunabótafélögum til að buga íslenzka fyrirtækið, þegar það var stofnað. Það var reynt að gera tilraun til að fá öll endurtryggingarfélög á Norðurlöndum til að bindast samtökum að neita að aðstoða íslenzka ríkið í að stofna sérstakt vátryggingarfélag. Eitt norskt félag skarst úr, Store Brand í Oslo, og lá við borð, að það yrði rekið úr félagsskap skandinaviskra vátryggingarfélaga, sem áður réðu ein öllu um íslenzkar brunatryggingar. Félagið var stofnað sem íslenzkt félag, sem félag íslenzku þjóðarinnar, allrar þjóðarinnar. Þetta félag hefur starfað í 30 ár sem eign íslenzku þjóðarinnar og er eign allra þeirra, sem hafa tryggt hjá þessu félagi um 30 ára skeið.

Nú er farið að reka áróður fyrir því hér á þingi, að þetta félag, sem er eign íslenzku þjóðarinnar, verði rofið. Nú eru bæjarfélög að leita eftir því að fá að tryggja hjá öðrum félögum, kannske útlendum, til að sigrast á þrjátíu ára baráttu innlends vátryggingarfélags, sem er rekið hér á landi og er eign þjóðarinnar. Ég vara mjög eindregið við, að þetta verði gert. Um það er talað, að Akureyri geti fengið annars staðar hagkvæmari tryggingarskilmála. Það kemur mér kynlega fyrir sjónir, ef það er hægt, a. m. k. til langframa. Síðustu 10 ár hefur Brunabótafélag Íslands tapað á þeim tryggingum, sem það hefur haft með höndum fyrir Akureyri. En ætla má, að áhættan verði minni á Akureyri, eftir því sem fram líða stundir, af því að steinhúsum fjölgi, en timburhúsum fækki, m. a. af því að þau brenna. Stóru gömlu timburhúsin, sem eru einkennandi fyrir Akureyrarkaupstað, standa hvert við annað og vátryggt hvert á mörg hundruð þúsund. Þetta vita allir, sem til þekkja á Akureyri. Ég veit, að ennþá er áhættan svo mikil á Akureyri, að mér þykir næsta ólíklegt, að möguleikar séu til langframa að fá hagkvæmari samninga en verið hefur. Það má vera, að einhverju félagi, kannske útlendu, sé mikið í mun að brjóta á bak aftur Brunabótafélag Íslands, eign íslenzku þjóðarinnar, til þess að reyna að koma að aftur öngum sínum, sem það áður teygði yfir allt hér á landi, og má vel vera, að það vilji einhverju fórna fyrstu árin til að geta aftur náð valdi á tryggingunum hér á landi. Brunabótafélag Íslands endurvátryggir allt hjá öðru innlendu félagi, sem hefur verið nefnt Stríðsslysatryggingarfélag Íslands, en nú heitir það Endurtryggingarfélag Íslands, svo að tryggingin er alveg innlend og eign íslenzku þjóðarinnar.

Ég vil þess vegna mjög alvarlega vara við, að farið verði inn á þessa hálu og hættulegu braut og rjúfa þessi samtök þjóðarinnar, kannske fyrir stundarhagsmuni einstakra bæjarfélaga, sem þau sjá hilla undir til bráðabirgða. Ég efast um, að það liggi fyrir bæjarfulltrúunum nægilegar upplýsingar um málið. Ég efast líka um, að þegar á að fara að gera samninga við önnur félög, að það fengjust nema þá rétt í bráðina hagkvæmari kjör. Akureyri og Siglufjörður hafa mikla möguleika í framtíðinni til að fá lækkuð iðgjöld hjá Brunabótafélagi Íslands. Það er alltaf verið að smálækka iðgjöldin í kaupstöðunum og kauptúnunum eftir því, sem reynslan sýnir, að hægt sé. Samt var það svo á síðasta reikningsári félagsins, að enginn tekjuafgangur varð af iðgjaldagreiðslum, heldur var hann eingöngu fólginn í tekjum af þeim varasjóðum, sem félagið hafði safnað upp síðustu 30 ár. Það getur vel verið, að það takist síðar á Siglufirði og Akureyri að fá iðgjöld lækkuð, eftir því sem útlitið verður betra. Ég er ekki heldur viss um, að önnur brunabótafélög bjóði strax Akureyri stórfé að láni til að koma upp slökkvistöð, eins og Brunabótafélag Íslands hefur gert. En svo á að hverfa burt úr allsherjarsamtökum þjóðarinnar til einkafyrirtækis með láninu á bakinu. Það er ekki sterk þjóðfélagshyggja, sem lýsir sér í þessu máli.

Ég vil sem sagt alvarlega vara við að fara inn á þessa að mínu viti mjög hættulegu braut.

Flm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti. Mér heyrist, að hæstv. forsrh. sé allheitur í þessu máli og búi allmikið í brjósti, þegar hann ræðir um þetta mál. Mér er vel kunnugt um, að þessi hæstv. forsrh. var forstjóri Brunabótafélags Íslands, svo að honum rennur blóðið til skyldunnar og heldur, að hér sé verið að taka eitthvað frá félaginu með þessari breyt., ef hún yrði að l.

Mér skildist hann veitast sérstaklega gegn Akureyri og vill halda fram, að þetta félag, sem sé 30 ára, hafi ekki haft annað en tap af viðskiptunum við Akureyri. En hvers vegna er þá félagið að halda í viðskiptin við Akureyri, fyrst það gerir ekki annað en tapa á þeim og þessum gömlu hjöllum, sem brenni og muni brenna? Ég mótmæli því, að verið sé að tala um, að það muni kannske brenna. Það eru meiri framfarir á Akureyri hvað brunatryggingar

snertir, og að því leyti er þar allt annað nú en fyrir nokkrum árum og þess vegna miklu minni hætta á stórfelldum brunum, og þess vegna er nú meiri ástæða til að lækka iðgjöldin á Akureyri. Fyrir mörgum árum síðan var farið að ítreka, að iðgjöldin fengjust lækkuð, en það var ekki við það komandi. Í síðustu 12—15 ár hefur Akureyri haft við að búa verri kjör en þeim hafa staðið til boða, því að þeim stendur til boða lækkun, ekki hjá útlendu félagi, heldur innlendu. Það mun vera sama félagið og Reykjavíkurbær hefur samninga við. Hvers vegna á stærsta bæjarfélagið að hafa rétt til að mega leita hagkvæmari kjara? Er það af ófélagshyggju hjá Reykjavíkurbæ eða hvað? (**SK**: Má maður fá að sjá þetta tilboð?) Ég hef það ekki við höndina, en Akureyrarbær segir, að hann hafi fengið tilboð frá Almennum tryggingum, og Reykjavíkurbær hefur tryggt þar allar sínar eignir. Ég veit ekki, hvort það skilyrði fylgir, að það sé aðeins til bráðabirgða, mér þykir það ólíklegt, þar sem bærinn hefur tryggt þar á 3. tug ára. Ég hef því enga ástæðu til að halda, að þessi kjör, sem Akureyri eru boðin, eigi aðeins að gilda um stuttan tíma, heldur hef ég ástæðu til að halda, að það sé til lengri tíma. Og meðan Akureyrarbúar geta ekki fengið tilboð um betri kjör hjá Brunabótafélagi Íslands, þá getur enginn láð bæjarfélaginu, þó að það vilji sæta betri kjörum, þegar þau standa til boða. Þess vegna er frv. fram komið.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af ræðu hv. þm. Ak, Ég held, að þessi hv. þm. hafi ekki kynnt sér rækilega brunatryggingarnar í Reykjavík, því að það félag, sem hefur þær með höndum nú og er einkafyrirtæki, hefur aðeins haft þær í 2—3 ár, en brunatryggingarnar í Reykjavík voru lengi hjá dönsku félagi, síðan þýzku, svo íslenzkum félögum, svo ensku félagi, og nú er það hjá íslenzku einkafélagi. Brunabótafélag Íslands treysti sér ekki til, þegar það var stofnað, að taka á sig jafnstórvægilega áhættu og brunatryggingar í Reykjavík, og þó hafði það brunatryggingu í Rvík um skeið.

Hvað því viðvíkur, að það ætti að vera gleði fyrir Brunabótafélag Íslands að losna við svo slæman viðskiptavin sem Akureyri, þar sem það hefur tapað á tryggingum þar í 10 ár, þá er alls ekki um það að ræða hjá brunabótafélaginu, sem er heildarsamtök landsmanna, að það kippi sér upp við það, þó að það hafi á tímabili óhag af tryggingum á einhverjum stað, og ég dokumentera það, að s. l. 10 ár hefur félagið haft tap af tryggingunum á Akureyri. En við vitum, til hvers félagið er stofnað og hvað mikla þýðingu það hefur fyrir íslenzkt þjóðfélag, og það má alls ekki rjúfa þau samtök á þennan hátt, að einstök bæjarfélög fari að ganga út úr samtökunum.

Hvað því viðvíkur, að annað íslenzkt félag hafi undirboðið Brunabótafélag Íslands, þá vil ég ekki vefengja það. Ég hef enga ástæðu til að vefengja þennan hv. þm. um rangmæli, því að hann er reyndur að því að vera mjög ábyggilegur maður, en þó hygg ég nú, að frá þjóðfélagslegu sjónarmiði sé nokkuð annars eðlis félag nokkurra einstaklinga, sem hefur vitanlega verið stofnað í gróðaskyni, eða allsherjar félagsskapur íslenzku þjóðarinnar, eins og Brunabótafélag Íslands er. Ég er ekki alveg viss um það, að kjörin yrðu hjá hinu nýja brunabótafélagi betri en hjá Brunabótafélagi Íslands, því að ég get upplýst hv. þm. um það, að Brunabótafélag Íslands hefur ekki aðeins haft þýðingu við að bjóða niður tryggingargjöld af fasteignum um allt land, heldur líka iðgjöld af lausafjármunum hér á landi. Það tók að sér slíkar tryggingar fyrir nokkrum árum, og það varð til þess, að öll iðgjöld af slíkum fjármunum lækkuðu. Ég gæti vel trúað, að það væri hægt að koma þessu félagi þjóðarinnar úr sögunni með því, að sterkt einstaklingafélag tæki af því tryggingarnar á tímabili, og þá byrjar aftur sama sagan á ný, að það er áhugi fyrir gróðanum, sem mun sýna sig, en Brunabótafélag Íslands hefur engan slíkan áhuga, heldur aðeins, að tryggingarnar geti orðið sem hagkvæmastar fyrir þá, sem tryggja þar sínar eignir. Þar græðir enginn einstaklingur. Það fær enginn einstaklingur eyris hagnað af tryggingunum, eins og ég hef margtekið fram, því að félagið er eign íslenzku þjóðarinnar.

Ég vil því endurtaka varnaðarorð mín og vænta þess, að n. kynni sér rækilega alla málavexti og íhugi þá, áður en hún skilar áliti sínu um frv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Samkvæmt l. um Brunabótafélag Íslands er skylt að tryggja hjá því félagi gegn eldsvoða allar húseignir í kaupstöðum og kauptúnum, en þó nær þessi vátryggingarskylda ekki til Reykjavíkur. Sömuleiðis er skylt að tryggja hjá sama félagi öll íbúðarhús í sveitum, skilst mér, en ekki önnur hús þar, nema þau séu áföst við íbúðarhúsið. Mér finnst þetta vera að ýmsu leyti óeðlilegt, að verið sé að gefa undanþágu frá tryggingarskyldunni hjá Brunabótafélagi Íslands fyrir aðeins einn kaupstað, þrátt fyrir það að hann er höfuðborg landsins. Eðlilegast hefði verið, fyrst verið er að gefa einhverjum einkarétt, að hann hefði náð til allra, en Reykjavík hefði ekki haft hann ein. Nú er komið fram frv. frá tveimur hv. þm. um það að undanþiggja húseignir í tveimur öðrum kaupstöðum tryggingarskyldu hjá Brunabótafélagi Íslands. Ef til þess kæmi, að mönnum þætti eðlilegt að l. væri breytt á þennan hátt, að undanþiggja einhverja fleiri en Reykjavík þessari tryggingarskyldu, þá þætti mér eðlilegast að setja l. um, að heimilt væri fyrir öll bæjar- og sveitarfélög að koma tryggingunum fyrir á annan hátt. Mér sýnist ekki eðlilegt eða sanngjarnt að fara að taka einn kaupstað út úr þessum allsherjar tryggingum og láta hann hafa þessi sérréttindi. Það er miklu réttara að heimila öllum sveitar- og bæjarfélögum, að hvert megi róa á sínu skipi. Ég skal ekki fara út í, hvort það er heppilegt eða ekki að afnema þannig tryggingarskylduna hjá Brunabótafélagi Íslands. Ég er sammála hæstv. forsrh. um það, að þessar tryggingar eigi að vera allar innlendar og á innlendra höndum, en mér hefur skilizt, að þær séu það nú alls ekki, hvorki brunatryggingar né aðrar tryggingar yfirleitt, ekki einu sinni hjá Brunabótafélagi Íslands, því að mér skilst, að það eins og önnur íslenzk tryggingarfélög endurtryggi erlendis. (**Forsrh.**: Það endurtryggir allt hjá Stríðsslysatryggingunum.) En endurtryggir það félag þá ekki erlendis? (**Forsrh.**: Ég geri ráð fyrir því, eitthvað.) Ég get ekki hugsað mér, að endurtryggingar erlendra félaga séu nein góðgerðastarfsemi í okkar garð, heldur séu þau gjöld, sem þeir taka, miðuð

við þá áhættu, sem þeir álíta, að tryggingunum sé samfara, og ef þeir tapa einhvern tíma á þessum endurtryggingum, þá er engin hætta á, að þeir reyni ekki að ná því upp síðar, en leggi féð ekki fram úr eigin vasa. Ég held því, að það væri spor í framfaraátt, ef það væri hætt að endurtryggja erlendis. Nýlega hefur verið komið á fót hér á landi nýju tryggingarfélagi, sem heitir Samvinnutryggingar. Það er því orðið um fleira að ræða en Brunabótafélag Íslands, fleiri innlendar stofnanir.

Ég skal ekki fara út í það nú, hversu heppilegt sé að afnema þessa tryggingarskyldu hjá Brunabótafélagi Íslands, en vil aðeins benda þeirri n., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, á það, að ef á annað borð sanngirni á að ráða, þá á ekki aðeins að veita tveimur kaupstöðum frjálsræði til að ráða, hvar þeir tryggja, heldur á að veita öllum bæjarfélögum heimild til þess að haga sínum tryggingum á annan veg en nú er fyrir mælt í l. um Brunabótafélag Íslands.

Áki Jakobsson: Ég held, að engin ástæða sé til að vera með neinn æsing út af þessu frv. Það er einfalt mál. Bæjarstjórnir Akureyrar og Siglufjarðar eru held ég, sammála um, að ef þær fá heimild fyrir að vera ekki bundnar við Brunabótafélag Íslands, þá geti þær komizt að mjög miklu hagkvæmari vátryggingarskilmálum annars staðar, svo að það munar allverulegri upphæð. Þær hafa beðið okkur um að bera þetta mál fram, svo að þessir kaupstaðir hafi sömu réttindi og Reykjavíkurbær. Þess vegna flytjum við þetta frv. Það kann að vera erfitt að svara því, hvort rétt sé að veita tveimur kaupstöðum þessi réttindi eða ekki, en fyrst íslenzkt löggjafarvald telur það sæmilegt, að Reykjavíkurbær sé undanþeginn, þá sé ég ekki neitt vera því til fyrirstöðu, að tveir aðrir kaupstaðir fái þessi réttindi líka. Hitt er svo annað mál, sem sjálfsagt er að athuga, að n. fái einnig það frv. til athugunar, sem hér er fram komið um tryggingar, og þá í því sambandi athugi, hvort setja skuli almenna heimild til þess, að bæjar- og hreppsfélög geti tekið tryggingarnar í sínar hendur. Mér finnst hæpið að leggja kvaðir í þessum efnum á íbúa landsins utan Reykjavíkur, þannig að þeir þurfi að greiða hærri iðgjöld til Brunabótafélags Íslands heldur en Reykvíkingar. Þetta félag, sem þjóðin hefur sett á fót, verður á hverjum tíma að vera fært um að halda þannig á málum, að hagsmunum fólksins sé borgið og að það sæti þar betri kjörum en annars yrði. En samkvæmt upplýsingum frá bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar fer því fjarri, að Brunabótafélag Íslands hafi haldið þannig á þessum tryggingarmálum, að Siglfirðingar hafi haft hag af því að vera í viðskiptum við félagið, og enda þótt Brunabótafélagið hafi á sínum tíma verið stofnað til þess að koma í veg fyrir féflettingu erlendra tryggingarfélaga, þá er ekki þar með sagt, að þetta félag geti á hverjum tíma haldið þannig á þessum málum, að það eitt réttlæti þessar kvaðir á landsmenn. — Hæstv. forsrh. talaði um það, að búast mætti við því, ef þessi háttur yrði upp tekinn, sem frv. fjallar um, að erlend brunabótafélög kynnu að sjá sér hag í því að gera óeðlilega lág tilboð, þótt þau bindi sér bagga með því í nokkur ár, til þess að ná í tryggingar hér á landi. Ég sé enga ástæðu til að óttast slíkt, af því að það er beinlínis gert ráð fyrir því í frv., að einmitt slíkir óeðlilegir hlutir eigi ekki að geta skeð, með því að þar er kveðið á um það, að atvmrh. eða sá ráðh., sem þessi mál heyra undir á hverjum tíma, skuli staðfesta slíka samninga, áður en þeir öðlast gildi. Hefur ráðh. þannig aðstöðu til að fylgjast með öllum samningagerð um og gæti hann tekið fram fyrir hendur bæjarfélaganna, ef slíkt kæmi fyrir.

Ég vil ekki slá neinu föstu um það, að Brunabótafélagið fengi ekki þessar tryggingar, þótt bæjarfélögin hefðu aðstöðu til að leita tilboða annars staðar, en þar með væru þau ekki lengur háð því, að Brunabótafélagið geti með reglugerð hvenær sem er ákveðið að hækka iðgjöldin — kannske um 50%.

Þess ber og að gæta, að bæjarfélögin komast ekki hjá því að leggja fram stórfé til þessara mála, þ. e. til brunavarna, og er mér kunnugt um það, að bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar telur, að Brunabótafélagið taki ekki nægilegt tillit til þess, hvað kaupstaðurinn hefur aukið mikið brunavarnir sínar, sem svo kemur fram sem hagnaður fyrir Brunabótafélagið, og hefði slíkt átt að gefa því tækifæri til að lækka iðgjöldin. — Það er í rauninni ekki farið fram á neitt annað í þessu frv. en að bæjarfélögin eigi þess kost að leita tilboða í brunatryggingar, annaðhvort hjá Brunabótafélaginu eða öðrum félögum. Er ég sannfærður um, að þau kysu helzt að hafa viðskipti við Brunabótafélagið, ef það aðeins sýndi þeim meiri tillitssemi heldur en það hefur gert til þessa. Auk þess hefur Brunabótafélagið miklu sterkari aðstöðu til að ná samningum við bæjarfélögin með frjálsum samningum heldur en nokkurt félag einstaklinga. — Þá er það stórt atriði, en sjálfsagt, að Brunabótafélagið starfi þannig fyrir bæjarfélögin, að þau séu látin sitja fyrir um lánveitingar.

Hv. þm. V-Húnv. talaði um nauðsyn þess, að endurtryggingarnar kæmust sem mest á innlendar hendur, og er ég sammála honum um það. Eins og fram kom í ræðu hans, er það rétt, að hin erlendu endurtryggingarfélög hafa aldrei tapað á þessum viðskiptum við okkur. Má búast við því, að ef þessar erlendu endurtryggingar yrðu gerðar upp, sem orðið hefur að greiða í erlendum gjaldeyri, en ella hefði áskotnazt þjóðinni, að þær skipti miljónatugum. Ég er viss um það, að þjóðin hefur verið allt of skammsýn í því að taka ekki á sig áhættuna af þessum endurtryggingum, og þarf hún sem fyrst að losa sig við að greiða gjöldin af þeim út úr landinu.

Við flm. erum vitanlega ekki að krefjast þess, að þetta verði endanlega samþ. að óathuguðu máli. Við viljum, að málið hafi þinglega meðferð, og ætlumst til þess, að sú þn., sem fær það til meðferðar, snúi sér til Brunabótafélags Íslands og fái greinargerð þess um málið, og síðan verði bæjarstjórnirnar á viðkomandi stöðum látnar bera fram sínar rökst. skoðanir móti því áliti, sem fram kann að koma. — Sakir standa þannig, að bæjarstjórnir Akureyrar og Siglufjarðarkaupstaðar telja sig geta sparað stórfé, ef þær hefðu sams konar rétt og Reykvíkingar til þess að semja sjálfstætt um þessar brunatryggingar í stað þess að vera bundar með l. við Brunabótafélag Íslands, sem getur með reglugerðarákvæðum ákveðið iðgjöldin hvenær sem er.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég vil taka undir niðurlag ræðu hv. þm. Sigl. um.

að þetta mál fái mjög ýtarlega athugun. Einmitt á þann hátt, sem hann bendir á, getur Brunabótafélag Íslands gefið mjög fullkomnar upplýsingar um þetta, og síðan, þegar þær liggja fyrir, teldi ég rétt, að hlutaðeigandi bæjarfélög, sem óskað hafa eftir að losna úr Brunabótafélaginu, kæmu fram með sín rök. Óska ég eftir því, að n., sem um þetta fjallar, leiti þessara upplýsinga hjá þessum aðilum.

Ég vil svo leiðrétta það, sem kom fram hjá sama þm., að stjfrv. það til l. um brunamál á þskj. 65, sem útbýtt hefur verið í d., það snertir raunar alls ekkert brunatryggingarnar sjálfar, heldur brunavarnir. Er frv. fram borið í þeim tilgangi að draga saman í heild allar reglur, sem nú eru í gildi um brunavarnir á Íslandi, sem sumpart eru úreltar og sumpart í mótsögn hverjar við aðrar. En einmitt út frá þessu stjfrv. — og það var réttilega tekið fram í ræðu hv. þm. Siglf. — þá er ekki mest undir því komið að fá sem ódýrust brunatryggingaiðgjöld, það, sem mest á ríður, eru öflugar og hentugar brunavarnir, og ég hygg, að engin samtök á Íslandi hafi gert jafnmikið að því að auka og efla brunavarnirnar eins og Brunabótafélag Íslands. Það hefur mann í sinni þjónustu, sem hefur með höndum allsherjar eftirlit með brunavörnum úti um land allt. Ferðast hann árlega um landið í sambandi við eldsvoða, sem koma fyrir, og til þess að leiðbeina mönnum um brunavarnir og stuðla að því, að þær séu ávallt í sem beztu lagi. — Það var einnig réttilega fram tekið hjá hv. þm. Siglf., að það er eðlilegt hlutverk Brunabótafélagsins að styrkja bæjar- og sveitarfélögin við að halda uppi sem öflugustum brunavörnum. Það hefur það gert með því að útvega og lána þeim fullkomin tæki í þessu skyni. Rekur Brunabótafélag Íslands stórt verkstæði til þess að byggja yfir og útbúa nýja brunabíla, lána síðan hlutaðeigandi bæjarfélögum andvirði þeirra og lofa þeim að greiða það upp á löngu tímabili og lækka síðan iðgjöldin, þegar liðinn er nokkur tími frá því, að þessi tæki hafa komið til skjalanna. — Að öðru leyti hygg ég, að ekki þurfi að fara um þetta mál fleiri orðum á þessu stigi, en vil ítreka það, að sú n., sem fjallar um málið, leiti sér sem fullkomnastra upplýsinga um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allsherjarn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

---

12. Ölgerð og sölumeðferð öls.

Á 17. fundi í Sþ., 30. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um ölgerð og sölumeðferð öls (þmfrv., A. 69).

Á 12. og 13. fundi í Nd., 3. og 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á síðari fundinum mælti:

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi spyrjast fyrir um það, af hvaða ástæðum þetta mál er tekið af dagskrá nú og hver hefur óskað þess.

Forseti (BG): Einn af hv. þdm. hefur óskað eftir því, að mál þetta yrði ekki tekið fyrir í dag, en sá hv. þm. ætlaði að tala í þessu máli. Og þar sem ég sé ekki, að það hafi áhrif á afgreiðslu málsins, þó að því sé frestað um einn dag að taka það fyrir, taldi ég rétt að verða við þessari ósk.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vil taka fram, að það var ekki gagnrýni í einu eða neinu gagnvart þeirri ráðstöfun að taka málið af dagskrá, sem fólst í fyrirspurn minni, heldur vildi ég aðeins vita, hvernig á því stæði, að hæstv. forseti tekur málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 69 ásamt hv. 1. þm. Skagf. (StgrSt) og hv. þm. Ak. (SEH) frv. um ölgerð og sölumeðferð öls. Með þessu frv. er lagt til, að leyfð verði hér á landi bruggun létt-áfengs öls. Tilgangur okkar flm. með því að flytja þetta frv. er fyrst og fremst tvíþættur. Í fyrsta lagi sá að afla ríkissjóði tekna til þess að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir í menningar- og heilbrigðismálum, sem ekki eru annars líkur til, eftir núverandi útliti að dæma, að hann hafi bolmagn til að snúast við á næstu árum. Í öðru lagi er tilgangurinn sá að gera nokkra tilraun til þess að draga úr hinni miklu og skaðlegu neyzlu sterkra drykkja í framtíðinni. Við flm. teljum, að við Íslendingar getum í þessum efnum stuðzt við reynslu annarra þjóða, sem um langan aldur hafa leyft bruggun áfengs öls í löndum sínum. Það vill svo vel til, að þessar þjóðir eru einmitt þær, sem við Íslendingar teljum okkur skyldastar og ekki einungis við, heldur og mikill hluti veraldarinnar lítur til sem mestu og þroskuðustu þjóða, sem hafa skapað fullkomin þjóðfélög og þegnum sínum fjárhagslegt öryggi, — þjóða, sem ríkt hefur hjá þjóðfélagslegt jafnrétti og ríkir hjá þjóðfélagslegt jafnrétti fremur en hjá e. t. v. flestum þjóðum heims í dag. Ég hygg, að það sé ekki að hlaupa á sig, þó við Íslendingar metum nokkurs reynslu þessara þjóða í einmitt þessum viðkvæmu málum, áfengismálunum. Þessar þjóðir hafa flestar leyft bruggun áfengs öls, og þar stendur þessi iðnaður á gömlum merg og er rekinn ekki fyrst og fremst til framleiðslu á drykkjarföngum til neyzlu innanlands, heldur til framleiðslu þýðingarmikillar útflutningsvöru, sem skapar verulegan gjaldeyri í bú þessara þjóða, og gildir þetta fyrst og fremst fyrrverandi sambandsþjóð okkar, Dani, sem talið er, að framleiði eitthvert bezta öl, sem til er í heiminum. Þessi löggjöf hefur ekki leitt til þess, að áliti þessarar þjóðar sjálfrar, að drykkjuskapur ykist þar. Að áliti margra skynbærra manna hefur ölframleiðsla stuðlað að aukinni hófsemi og minni neyzlu hinna sterkari drykkja.

Ég vil, áður en ég geri frekari grein fyrir efni þessa frv., minna á það, að það er um það rætt í okkar landi, að líkur séu fyrir því, að bruggun á-

fengs öl mundi leiða unglingana til drykkjuskapar. Við þessu er í fyrsta lagi það að segja, að mikill fjöldi unglinga drekkur í okkar landi. Á sníð við þá ömurlegu staðreynd verður ekki komizt. Hvað drekkur þetta unga fólk? Drekkur það sterka drykki eða drekkur það létt suðræn vín eða tiltölulega meinlausa drykki, lítið áfengt öl? Svarið getur ekki verið nema eitt. Það drekkur ekki nema það, sem það hefur að drekka, og það eru hinir sterku drykkir, brennivínið, sem er ódýrasta tegundin, en sterkasti drykkurinn. Staðreyndin er þá þessi: Unga fólkið drekkur í dag á Íslandi og drekkur sterkt vín, brennivín. — Það er ekki hægt að segja, þótt ungt fólk byrji á því að drekka bjór, að þar sé um að ræða freistingu, sem verði til þess, að unga fólkið á Íslandi fari að drekka óholl og sterk vín. Ég held þess vegna, að það sé ekki heppilegt, að unga fólkið eigi ekki á öðrum drykkjum völ en hinum sterku vínum, og að unga fólkið mundi, ef það ætti þess kost, í stað hinna áfengu, sterku drykkja, drekka létt og lítt áfengt öl. Ég fæ ekki séð, hvaða breytingar til hins verra slíkt gæti haft í för með sér. Frekar gæti ég trúað, að heilsu unglinganna væri minni hætta búin af því að neyta slíkra drykkja en hinna sterku drykkja, sem þeir óneitanlega neyta nú um skör fram.

Af kunnáttumönnum er talið, að skilyrði til ölgerðar sé sérstaklega góð hér á landi. Talið er, að drykkjarvatnið á Íslandi, og þá sérstaklega vatnið hér í Rvík, hið svokallaða Gvendarbrunnavatn, sé alveg óvenjulega gott drykkjarvatn og þess vegna sérstaklega heppilegt til ölgerðar. Það eru þess vegna taldar miklar líkur fyrir því, að ef hafizt yrði handa um ölgerð hér á landi, mundi bætast við nýr og verulegur liður í útflutningsverzlun þjóðarinnar, þar sem öllið væri, og má benda á það, að hér hefur verið framleitt sódavatn, sem þótti sérstaklega heppilegt til útflutnings, sódavatn, sem fyrir stríð var töluvert flutt út. Ég held, að það væri mjög skynsamlegt fyrir Íslendinga nú að reyna að gera útflutningsverzlun sína fjölbreyttari, og vissulega hefur þjóðin mikla þörf fyrir auknar gjaldeyristekjur. Það virðist vera lítið skynsamlegt að standa gegn því, að slíkur útflutningur geti hafizt.

Í frv. þessu er lagt til, að sú ölgerð, sem leyfð verði, sé miðuð við 4% áfengi af vigt, en óáfengt teljist það öl, sem hefur undir 1,8% af áfengi. Leyfisgjald til þess að mega brugga öl setjum við flm. í frv. 40 þús. kr. Við flm. erum reiðubúnir að ræða breytingar á því. Renni þessi upphæð í ríkissjóð. Að því er snertir gjald af óáfengu öli, þá fer það eftir lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum. Nú eru greiddir í ríkissjóð 60 aurar af hverjum lítra hins óáfenga öls. Virðist sjálfsagt að hafa þessar prósentur hærri af áfengu öli. Það verður töluvert dýrara og má gjarnan vera það, og að sjálfsögðu mundi ríkissjóður hafa verulegar tekjur af þessum iðnaði. En hins vegar er sjálfsagt, að gjald af útflutningsöli verði töluvert minna, því að sjálfsögðu hefur ríkissjóður hag af því, að hin innlenda framleiðsla verði samkeppnisfær á innlenda markaðinum við hina erlendu. En fyllilega er til athugunar að hækka þessi gjöld.

Þá leggjum við til í frv., að tekjum þeim, sem ríkissjóður hefur af sölu áfengs öls, skuli fyrst um sinn varið til þess að byggja og reka fjórðungssjúkrahús í Vestfirðinga-, Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungi. Má gera ráð fyrir, að tekjur ríkissjóðs af þessum iðnaði mundu nema þegar í upphafi miljónum króna á ári. Nú er það svo, að að undanförnu hafa verið uppi tillögur um svo kölluð fjórðungssjúkrahús, sem ríkið byggði eitt og stæði straum af. Hefur verið á það bent, að í því felst tiltölulega lítil sanngirni, að ríkið reki og byggi fyrst og fremst sjúkrahús í höfuðborg landsins, sem hefur langbezta fjárhagslega möguleika til þess að byggja slíkar stofnanir og reka þær, en láta hins vegar fámennar byggðir, sem eiga við sífelldan fólksstraum frá sér að stríða, standa sjúkrahúslausar eða læknislausar eða láta þær kikna undir rekstri stofnana, sem þegar hefur verið komið upp. Þess vegna leggjum við til, að tekjunum af þessum nýja iðnaði verði varið til þess að byggja þessar nauðsynlegu menningarstofnanir, læknisbústaði, í þorpum, bæjum og sveitum. Það er nú komið svo, að ríkissjóður byggir embættismannabústaði yfir presta þjóðkirkjunnar í vaxandi mæli, yfir hæstaréttardómara, sem eru hæstlaunuðu embættismenn launalaganna, og yfir héraðsdómara, sem einnig eru mjög hátt launaðir. Hins vegar gengur erfiðlega að fá styrk til þess að byggja læknabústaði og sjúkraskýli, og ég er ekki bjartsýnni en svo á fjárhag ríkissjóðs, að ég held, að alllengi verði að bíða eftir þessum byggingum, ef ríkissjóður á að standa straum af þeim án þess að nýjar tekjulindir komi til, sem sérstaklega væri ætlað að standa undir kostnaðinum við þessar framkvæmdir. Og ég er á þeirri skoðun, að við þm. gerum nokkuð mikið að því að leggja byrðar á ríkissjóð, án þess að benda á, hvernig hann fái fjárhagslega staðið undir þeim. Þess vegna höfum við flm. þessa frv. bent hér á tekjulind, sem er örugg og trygg og mun nægja til þess að sinna þessum verkefnum, sem hér er bent á.

Ég tel, að það sé fyllilega í samræmi við anda þessa frv., að lagt er til, að því fé, sem fæst með þessum nýja tekjustofni, verði varið til heilbrigðis- og menningarmála. Það er íslenzkt menningarmál, að dregið verði úr notkun hinna sterku drykkja. En ef ekkert verður hins vegar gert til þess að lækna þessa meinsemd, er hætt við því, að stöðugt sígi frekar á ógæfuhliðina, frekar en að nokkra lækning megi eygja í þessum efnum. Áfengisnautnin hefur verið kynfylgja mannkynsins frá því að sögur hófust. Þetta er ekki uppátæki hinna síðustu og verstu tíma, ekki spilling í íslenzku þjóðlífi, sem hefur leitt til þess, að ungt fólk drekkur nú oftar og meir en áður og fullorðna fólkið fer verr með vín en oft áður. Áfengisnautnin er gömul, jafngömul erfðasyndinni og eitt af flóknustu viðfangsefnum mannlegs samfélags. Það hafa verið gerðar margvíslegar tilraunir til þess að lækna menn af þessari nautn, sem sjúkir eru orðnir, en því miður hafa þær mistekizt, a. m. k. að því leyti hvað það snertir að útrýma sjálfri nautninni. Það hafa verið reyndar ýmsar leiðir af hálfu löggjafarvaldsins. Það hefur verið reynt algert bann. Sú ráðstöfun, sem lengst hefur gengið í þessum efnum, er algert bann, og við höfum reynslu af því, hvernig bannið hefur gefizt. Bandaríkin komu á banni hjá sér, sem hélzt um langt skeið, en árangurinn varð sá, að það var afnumið. Árangurinn varð neikvæður, því að í kjölfar þessara ráðstafana sigldi margs konar spilling, sem átti sér ekki neinn líka. Og við Íslendingar höfum okkar reynslu af þessari ráðstöfun löggjafar-

valdsins. Hér var bann, það átti að þurrka landið. Sú tilraun tókst þannig, að hafin var heimabruggun í svo að segja hverri byggð landsins og fólkið drakk í sig alls konar ólyfjan. Niðurstaðan varð sú, að bannið var afnumið, ekki með einhliða valdboði löggjafarvaldsins, heldur með allsherjar atkvæðagreiðslu með þjóðinni sjálfri. Íslendingar sjálfir settu á bann, og Íslendingar sjálfir afnámu það með almennri atkvæðagreiðslu. Það voru ekki nokkrir brennivínsþm. á þingi, sem afnámu bannið, heldur þjóðin sjálf.

Ég minnist ýmissa atvika frá þessum árum, bannárunum, frá bernsku minni og æsku. Ég man, þegar fólkið kom saman á skemmtanir í heimahögum mínum. Það var bann, þurrt land á Íslandi þá. En þeir, sem vildu drekka, þeir drukku — og drukku illa — vont vín, heimatilbúið brugg.

Ég held, að sporin frá bannárunum hræði og sé ekki líklegt, að umbóta verði leitað í slíkum ráðstöfunum á komandi árum, a. m. k. ekki í náinni framtíð. Og ég býst einnig við því, að þm. séu flestir of minnugir á ástand þessara ára til þess að þá fýsi að láta það ástand skapast á ný, láta þá atburði endurtaka sig, sem gerðust í hverri byggð á þeim árum.

Kjarni málsins er sá, að hvorki við Íslendingar né aðrir verða þvingaðir til siðgæðis í þessum efnum með lagaboði. Það er einstaklingurinn sjálfur, sem verður að vinna sigur yfir sjálfum sér, því að á honum einum er hægt að byggja batnandi meðferð áfengis, en ekki á valdboði og reglugerðum. En ég held hins vegar, að löggjafarvaldið geti hjálpað einstaklingunum til þess að sigrast á sjálfum sér, að það geti gert ráðstafanir, sem beini mönnum inn á réttari braut í þessum efnum en nú er. Eða hvaða ráðstafanir gerir hið íslenzka ríkisvald nú til þess að beina mönnum inn á rétta braut í þessum efnum, draga úr neyzlu sterkra drykkja eða leitast við að stuðla að því, að menn drekki minna eða drekki ekki? Ég held nú, að afskipti löggjafarvaldsins, eða ríkisvaldsins öllu heldur, í þessum efnum birtist fyrst og fremst í því, að það er bannað — eða a. m. k. hefur ekki fengizt leyft í þessu landi — að selja sterk vín, og þá fyrst og fremst þau vín, sem mest eru drukkin, í minni flöskum en þriggja pela flöskum. Það hefur verið ríghaldið í það, að sterk vín yrðu ekki seld í minni flöskum, eins og til þess að tryggja það, að ef menn á annað borð byrja á þessu áfengi, sé tryggt, að þeir drekki þessa ólyfjan. Verður ekki séð, að annað geti vakað fyrir ríkisvaldinu og framkvæmdavaldinu en einmitt þetta með þessari ráðstöfun. Það vita allir menn, að í einum pela af áfengi er þrisvar sinnum minna áfengi en í 3 pelum. En íslenzka ríkisvaldið sér um það, að þeir, sem þetta vín vilja kaupa, geti ekki fengið það nema á 3 pela flöskum. Þannig hjálpar íslenzka ríkisvaldið þeim, sem hjálpar þurfa, til þess að vinna sigur yfir sjálfum sér í þessum efnum.

Ég skal nú ekki fara lengra út í það að rekja ástandið í þessum málum hjá okkur og þau mörgu vixlspor, sem stigin hafa verið í þeim. En ég vil minnast á eitt atriði í sambandi við öllð. Því hefur verið haldið fram, að öl væri jafnvel enn skaðlegra fyrir heilsu manna en hinir sterku drykkir, og þess vegna væru rík rök gegn því að leyfa bruggun slíks öls hér á landi. Ég vil svara þessari staðhæfingu með því að vitna til ummæla, sem fjöldamargir læknar viðhöfðu við mig og marga aðra um það, að áfengi sé því skaðminna, þess þynnra sem það sé. Fyrir nokkrum árum ritaði einn af okkar lærðustu læknum, Helgi Tómasson, grein um þessi mál í viðlesið blað, þar sem hann benti á þessa læknisfræðilegu staðreynd, að þess þynnra sem áfengi væri, þess minna skaðlegar verkanir hefði það á líffæri mannlegs líkama. Ég hygg, að þessi röksemd læknisfræðinnar vegi nokkuð þungt. Ég hygg, að hún segi það, sem við flm. segjum í grg. fyrir þessu frv., að það sé stefnt í réttari átt með því að gefa þjóðinni kost á því að drekka léttan, áfengan bjór, heldur en að halda í stöðugt vaxandi mæli að henni hinum sterku, óhollu drykkjum. Ég tel þessa röksemd læknisfræðinnar e. t. v. einna veigamestu rökin, sem hægt er að bera fram fyrir þessu máli nú, og skal játa það, að ég legg meira upp úr rökum þeirra manna, sem þekkja mannlegan líkama og vita, hvað heilsu hans hentar, heldur en því, sem leikmenn á þessu sviði segja.

Ég hef nú í aðalatriðum gert grein fyrir efni þessa frv. Ég vil svo að lokum segja það, að það má vel vera, að þetta mál sæti töluverðri mótspyrnu hér á Alþ. Við flm. höfðum alltaf búizt við því, að svo færi. En það er von okkar, að með því að fara þessa leið, væri gerð tilraun til úrbóta á miklu þjóðfélagsvandamáli, sem þjóð okkar á nú við að stríða. Það er sannfæring mín, að það sé skynsamlegt að reyna þessa leið og það sé hættulaust að reyna hana. Ég vænti þess, að hv. þm., sem allir þekkja vel hið slæma ástand, sem nú ríkir í áfengismálum okkar, láti einnig sannfæringu sína ráða, þegar þetta mál kemur til atkv. hér í deildinni.

Ég veit, að þegar hafa borizt áskoranir og mótmæli gegn þessu frv. frá ýmsum utan af landi, og þau mótmæli hafa einnig borizt úr mínu héraði. En ég segi við kjósendur mína, eins og ég segi við aðra, þetta mál varðandi, að ég hlýði á rök þeirra og álit, en hef það, sem réttara og sannara reynist, og tel mig ekki endanlegar bundinn af kjósendum mínum en öðrum. Þess vegna segi ég það, að áskoranir frá kvenfélögum og fleiri samtökum — en ég veit, að þær áskoranir eru af góðvilja sprottnar og engu öðru en góðvilja — hafa ekki breytt sannfæringu minni í þessu máli. Þessi góðu og virðulegu samtök hafa ekki borið fram nein rök frambærileg gegn þessu frv., og ég vildi meina, að skörin væri að færast upp í bekkinn, ef hv. þm. geta ekki haldið sannfæringu sinni fyrir því, að jafnharðan sem mál væru borin fram á Alþ., bærust áskoranir utan af landi gegn framgangi þeirra. Ég leyfi mér því að vænta skilnings og stuðnings þm. í máli þessu og tel rétt, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. fjhn., því að í frv. eru ákvæði, sem varða tollamál, og tel ég því eðlilegt, að hv. fjhn. fjalli um málið.

Pétur Ottesen: Eins og hv. 1. flm. þessa máls hefur lýst hér, er fyrirmynd þessa frv. að finna í frv. frá árinu 1932, en á því ári flutti þáv. þm. Mýr., núv. atvmrh., frv., sem gekk í svipaða átt og þetta, sem hér um ræðir. Minna má þó á það, að sá munur var á, að þá átti að gefa ákveðnu fyrirtæki einkaleyfi á framleiðslu hins sterka öls. Vissulega er ekki tekið fram í frv. þessu, að slíkur háttur yrði hafður á, en vitað mál, að hér í Rvík er aðeins eitt fyrirtæki, sem hefur aðstæður til þessarar framleiðslu, svo að ganga má út frá því, að þetta frv. bæri að sama brunni.

Það er rétt að minnast þess, að þegar frv. var flutt hér í Nd. 1932, voru aðstæðurnar og viðhorfin þannig, að frv. komst ekki í gegnum 1. umr. Haldnar voru um það 5—6 ræður, en enginn varð til þess að bera blak af frv., og býst ég við, að flm. hafi litið svo á, að ekki væri ráðlegt að taka málið á dagskrá á ný, svo að það dagaði þannig uppi áður en 1. umr. var lokið. Þar sem hér er um að ræða frv. svipað þessu frá 1932, og aðstæður allar virðast ekki mikið breyttar, þá virðist mér ekki ástæða til að ætla, að frv. þetta hljóti hagstæðar móttökur né það blási byrlega fyrir því nú, fremur en fyrir frv. frá 1932. Þetta er ekki aðeins spá mín, heldur má sjá það á áskorunum og samþykktum, sem borizt hafa gegn þessu frv. Strax og útvarpið flutti fréttir af þessu máli, greip það landsfólkið þannig, að þeir, sem áhuga hafa á bindindismálum, hafa látið í ljós álit sitt í fjöldamörgum ályktunum gegn frv., en það er sjálfsagt aðeins byrjun þeirrar mótstöðu, sem það á eftir að mæta. Auðfundið var á hv. 1. flm., að þetta hefur vakið óróa hjá honum, þótt hann hins vegar lýsti yfir að áhugi hans á frv. væri sterkari en svo, að honum dytti í hug að taka tillit til áskorana og ályktana frá kjósendum sínum eða öðrum, og talaði hv. flm. mikið um, að hann væri sterkur og staðfastur, þó að slíkur goluþytur léki honum um eyru. Hann gat þó þess, að hann tæki tillit til röksemda kjósenda sinna. Nú er það svo, að áskoranir þessar og álit manna berast með símskeytum og bréfum, svo að ég hygg, að rökin berist hv. flm. trauðla til eyrna á þann hátt, en kannske hugsar hann sér að hlýða á rök kjósenda sinna heima í héraði um mál þetta. En nú sem mér skilst, að þetta eigi sem skjótast fram að ganga, þá tefðist það víst nokkuð við það. Oft þegar um flutning hæpinna mála er að ræða, og þetta mál virðist mér í fyllsta máta hæpið, þá er gripið til ýmissa viðbóta til þess að stuðla að framgangi málanna undir því yfirskini að um fögur áform sé að ræða, og er þá ýmislegt notað til þess að fylla upp í eyður og efasemdir, sem upp kunna að rísa. Þannig er þessu frv. háttað, og það, sem hér er notað sem agn, er hinn peningalegi árangur, þar sem gert er ráð fyrir, að tekjur þær, sem fengjust af sölu hins sterka öls, yrðu notaðar til ýmissa nauðsynlegra framkvæmda, svo sem bygginga sjúkrahúsa o. s. frv. Ég vil benda á það, að þetta vekur strax stóra eftirtekt, því að ekki verður annað séð en þarna sé verið að fylla upp í eyður og að þetta sé tilraun til þess að drýgja hóp þeirra manna, sem greiða vildu götu þessa máls hér á Alþ.

Annars virðast það vera 3 atriði, sem einkum er stefnt að með frv. Í fyrsta lagi á að koma fram í því áhugi á bindindismálum, með því að draga úr drykkju sterkra drykkja. Í öðru lagi er það fé, sem græðist við sölu ölsins og stuðlar fjárhagslega að bættu heilbrigðisástandi í landinu með byggingu sjúkrahúsa. Og í þriðja lagi á það að skapa nýja og áður óþekkta gjaldeyrisvöru. Þær tekjur, sem ríkissjóði er ætlað að hafa af þessari ölgerð, nema kr. 0,10 á hvern lítra seldan úr landi, en kr 1,50 á hvern lítra seldan innanlands, sem rennur ofan í landsfólkið sjálft.

Hv. 1. flm. undirstrikaði einnig, að drykkjugirnd Íslendinga væri mikil, þannig að mikill hópur manna gæti ekki haft vín um hönd án þess að drekka sig fulla og hegða sér illa. Ég vil á engan hátt draga úr því, sem hv. flm. sagði um það óyndis- og vandræðaástand, sem nú ríkir í áfengismálum þjóðarinnar. Hann hefur þar áreiðanlega ekki málað myndina með of dökkum litum. Það er hvort tveggja, að Íslendingar drekka illa og að allmikill hópur manna tekur þátt í hinni óhóflegu ofdrykkju. Hinu er þó ekki að leyna, að í landinu er sem betur fer stór hópur manna, sem aldrei bragðar vín, og annar hópur, sem ekki drekkur nokkru sinni svo mikið, að hann í neinu setji blett á sjálfan sig né þjóðina í heild. Það er nú almennt talið, að þetta stafi aðallega af mismunandi upplagi manna. Annars eins og hv. 1. flm. gat um virðist aðalvinnautnin hér bundin við sterka drykki, enda langmest framboðið af þeim. Margir eru þó þeir, sem ekki byrja á því að drekka þessa sterku drykki, því að nokkuð er til af vægari vínum, þynnri vínum, eins og mig minnir, að hv. 1. flm. orðaði það, og þau eru skaðminni. Nú er það vitað mál, að hér er drukkið mikið af drykkjum allsendis óáfengum og svo mikið, að varla er haldin svo nokkur samkoma, að ekki sjáist einhver eða margar tegundir þessara drykkja, svo sem öl, límonaði eða hvað þær nú heita allar. Þó að menn drekki þetta, þá vekur það enga nautnasýki, af því að í þessum drykkjum er enginn eiturgerill, ekkert alkóhól. Hitt hefur verið bent á, að ef farið væri að brugga áfengt öl, eins og flm. vilja, þá mundu þeir líklega vilja, að þetta öl yrði selt á sem flestum stöðum, svo að sem mestur ágóði fengist af því, og yrði það þá sem sagt einnig selt á þeim stöðum, þar sem nú eru einungis seldir óáfengir drykkir. Og þegar svo væri komið, þá væri mikil hætta á, að bæði ungir og gamlir við ýmis tækifæri færu að drekka þetta létta, áfenga öl, en samkv. frv. á það að innihalda allt að 4% áfengi. Hætt er og við, að fyrst í stað yrði ekki gerður mikill greinarmunur á þessu, en svo síðar mundu afleiðingarnar ótvírætt segja til sín í því, að öllið tæki að ginna og lokka og um leið að veikja menn í mótstöðunni gegn alkóhólástríðunni, og um framhaldið þarf ekki að spyrja — allir hv. þm. þekkja það svo vel. Menn mundu svo halda áfram og færa sig upp á skaftið með sífellt sterkari drykki, og með tímanum fyndist þeim kannske ekki tími til að bíða eftir áhrifum ölsins, en drykkju í stað þess hina sterkáfengustu drykki. Hættan liggur sem sagt í þessu, að fjöldi manna, sem ekki drekkur, gæti fallið í þá freistni að byrja á að drekka hið áfenga öl, ef það væri á boðstólum, og síðar haldið áfram lengra og lengra á drykkjuskaparbrautinni. Og það því fremur sem Íslendingar fara e. t. v. öðrum þjóðum fremur illa með vín, því hættulegra yrði þetta, eftir því sem fleiri féllu fyrir þeirri freistni að drekka hið áfenga öl, en þeir yrðu sjálfsagt margir, ekki sízt eins og ég gat um áðan, ef það á alls staðar að vera á boðstólum, en það verður það að vera, ef fást eiga af sölu þess þær tekjur, að hægt sé að byggja sjúkrahús og þess háttar. Þarna liggur hættan, og það er vegna þessarar hættu, að frv. 1932 fékk þá eindæma óvenjulegu afgreiðslu hér á Alþ., að það komst ekki einu sinni í gegnum 1. umr. Það er þess vegna áreiðanlegt, að ef það er tilgangur flm. með þessu frv. að draga úr drykkjuskapnum í landinu, þá hefur þeim sézt yfir það, að fjöldi manna, sem aldrei hefur bragðað vín, gæti leiðzt inn á hina þyrnum stráðu drykkjumannsbraut einmitt með tilkomu hins áfenga öls.

Árið 1941 voru hér á þingi uppi sterkar raddir um að framleiða sterkt öl í landinu og selja það hér innanlands. Þá var að vísu farið að brugga sterkt öl, en ríkisstj. var þá svo vel á verði, að það öl var ekki borið á borð fyrir Íslendinga sjálfa, heldur aðeins selt hinu erlenda herliði, sem hér dvaldi þá. Þannig var afstaðan til þessa ölgerðarmáls hér á Alþ. óbreytt frá árinu 1932—41. Hvernig afstöðu manna til þessa er nú háttað, sýna væntanlega afdrif þessa frv. hér.

Ég hef nú bent á það, sem er aðalatriðið í þessu máli, og það er að minni hyggju nægilegt til þess, að frv. þetta komist ekki eitt fótmál að því að ná fram að ganga. Hættan er svo gífurleg á því, að þeir, sem hingað til hafa staðið utan hættubrautar áfengisneyzlunnar, leiðist inn á hana, ef brugga á hér hið áfenga öl og selja það í landinu í stórum stíl. Í frv. er bent á það, að í flestum menningarlöndum sé bruggað áfengt öl, og sé það þar talið eðlilegt og sjálfsagt. Eru Norðurlöndin nefnd sem dæmi og Danmerkur, hins gamla sambandsríkis okkar, minnzt í því sambandi. Ég vildi leyfa mér að minna á það, að á þinginu 1932 átti þáv. og núv. landlæknir, Vilmundur Jónsson, sæti, og hafði hann þá gert sér það ómak að kynna sér hagskýrslur margra landa í því augnamiði að komast að niðurstöðum varðandi samband það, sem er á milli öldrykkju og vinnautnar. Hagskýrslur eru, eins og vitað er, öruggt plagg, og samkvæmt þeim kom í ljós, að náið samband er hér á milli á þann hátt, að eftir því sem meira var drukkið af áfengu öli, því meiri var neyzlan á sterkum drykkjum. Sem sagt, þarna stóð uppmálaður og óvefengjanlegur sá háski, sem af framleiðslu og sölu sterks öls leiðir. Sambandið á milli ölsins og vínsins er ótvírætt og óvefengjanlegt. Og þetta er því hættulegra fyrir okkur sem Íslendingar fara yfirleitt verr með vín en aðrar þjóðir og kunna hvergi fótum sínum forráð í þeim efnum, en því þarf reyndar ekki að lýsa, því að það er flestum vel kunnugt um. Það er þess vegna alveg gefið mál, að ef þetta frv. yrði samþ., mundi það leggja grundvöll til aukins drykkjuskapar, en nú er sagan sú í þeim efnum, að þar er ekki við bætandi, og vænti ég þess, að hv. flm. geri sér það ljóst, er þeir gera sér vonir um síðbætandi áhrif á drykkjuskapinn, að reynsla sú, sem fengizt hefur annars staðar, hefur aðeins verið vonbrigði og mun einnig verða það hvað Íslendinga snertir.

Þetta eru tvær ástæðurnar, sem hv. flm. bera fram í sambandi við flutning frv., og er því ekki þörf að fjölyrða miklu frekar um málið. En með þessu frv. er verið að reyna að leggja grundvöll fyrir alveg nýju sviði til drykkjuskapar og þá sérstaklega fyrir unga fólkið, sem hingað til hefur staðizt áfengisfreistinguna, þ. e. a. s. þann hluta þess, sem haldið hefur sér frá nautn áfengis. Í sambandi við þá fögru hugsjón, sem kemur fram í frv. hjá flm., um byggingu fjórðungssjúkrahúsa, þá er ég hjartanlega sammála þeim um að bæta þurfi úr ýmsu varðandi heilbrigðismál þjóðarinnar, m. a. með því, að fjórðungssjúkrahús verði byggð. Með tilliti til þessa byggist flutningur þessa frv. á því, að það skapi ríkissjóði auknar tekjur, og er um leið gefið í skyn, að bygging þessara sjúkrahúsa geti ekki skeð nema áfengisneyzla þjóðarinnar aukist. Nú er þannig málum varið, að ríkissjóði ber skylda til að styrkja byggingu fjórðungssjúkrahúsa, og segjum nú, sem engin von er reyndar til, að áfenga ölið mundi draga úr neyzlu sterkra drykkja, þá mundi sú breyting aðeins rýra tekjur ríkissjóðs, tekjurnar mundu dragast saman af sterku drykkjunum, en aukast af ölinu. Og þar sem ríkið á að sjá um að koma þessum sjúkrahúsum upp samkvæmt fyrri lögum, þá stendur ríkissjóður ekkert betur að vígi, þótt þessi breyting yrði á þessum málum. Ég held þess vegna, að ef þetta er skoðað ofan í kjölinn, þá hafi hv. flm. yfirsézt um þetta. Hitt er annað mál, að ef drykkjuskapurinn eykst enn frá því, sem nú er, mundi það auka enn tekjur ríkissjóðs bæði af sterku drykkjunum og áfenga ölinu, en það er ekki hægt að samrýma við frv. hv. flm. Þess vegna er frv. að þessu leyti ógnar vanskapnaður og miklir bláþræðir á röksemdafærslunni.

Hv. 1. flm. þessa frv. virtist þurfa um fleira að fjalla í framsöguræðu sinni, — ég held nú, að hann sé týndur, það hefur líklega verið farið að verða heitt undir honum í sætinu, — hann þurfti um fleira að fjalla en fjórðungssjúkrahús. Hann fór að ógna hér með áfengisbanninu, sem var hér um nokkurt skeið, og hann sagði, að það hefðu ekki verið brennivínselskir menn hér á Alþ., sem afnámu bannlögin. Ég skal ekki dæma um það, hvort það voru brennivínselskir þm., sem vildu afnema bannlögin, en það var fólkið í landinu, sem vildi afnám þeirra, en munurinn var nú ekki meiri en sá, að það rétt marðist í gegn meiri hl., þannig að hægt er að byggja rök á því. Þess vegna voru það alþm., sem afnámu bannið, en það voru þá mjög skiptar skoðanir um afnám bannsins, og hefði illa verið komið hér á landi, ef allir landsmenn hefðu staðið í sporum þeirra, sem afnema vildu áfengisbannið. Það var aldrei algert áfengisbann hér á landi, og var alltaf opin leið til þess að ná í áfenga drykki meðan læknabrennivínið flaut út til almennings. En svo komu Spánarvínin vegna millirikjaviðskipta. Spánverjar gerðu það að skilyrði fyrir því, að þeir keyptu saltfisk af okkur Íslendingum, að við keyptum af þeim vín í staðinn. Þetta ættu þeir að íhuga, sem tala um áfengisbannið, að það var aldrei algert bann hér á landi. Og vel gæti svo farið, að það þætti ekki frágangssök, að grípa þyrfti til róttækra ráðstafana, grípa þyrfti til svipaðra bannráðstafana sem fyrr, og samþykkt þessa frv. mundi flýta fyrir þeim ófarnaði, sem þjóðin er þegar komin í á áfengisbrautinni, — að það yrði brýn nauðsyn að grípa til róttækra ráðstafana til þess að hefta drykkjuskap landsmanna. Íslenzka þjóðin er lítil, 130 þús. sálir, hún þolir ekki, að hundruð eða þúsundir manna liggi hundflatir fyrir áfengisnautninni, eins og nú háttar, og eyðileggi þar með starfsorku sína til nytsamlegra hluta í þágu lands og þjóðar, en gerist þung byrði á þeim hluta landsmanna, sem enn heldur orku sinni óskertri til að reka þjóðarbúið. Við skulum tala heldur minna, en reyna að finna ráð til varanlegra úrbóta, en ekki vera með neina hugaróra og grillur um þetta frv. Það er því ekki hægt að ógna neinum, eins og hv. flm. frv. reyndi, með banni, er við höfum enn sem komið er enga reynslu fyrir því, hvernig fullkomið bann reynist í framkvæmdinni, en tilgangslaust er að reyna aftur með þeim gloppugötum, sem voru á framkvæmd áfengisbannsins. Hv. flm. sagði, að bann hræddi sig. Ég hef þegar lýst því, hvernig það bann var. Í sambandi við hugleiðingar hv. 1. flm. frv. um bannið, þá sagði hann, að Íslend-

ingar yrðu ekki þvingaðir til siðgæðis. Það kann vel að vera. En hvernig er haldið á þeim málum í öðrum löndum? Það þykir ekki nóg að fræða menn um siðgæði frá blautu barnsbeini, heldur er sett sterk löggjöf um brot á siðgæði, og er þannig haldinn mjög strangur vörður um siðgæði manna. Löggjafarstarf vort er byggt í þessu sambandi og eiga hér að liggja við sterk viðurlög, og þess vegna er þetta ráð frá löggjafans hálfu mikilsverður þáttur í því að halda uppi siðgæði þjóðarinnar og spyrna á móti siðgæðislausum mönnum, sem svífast einskis, og að reynt sé að koma með ráð og meðul, sem framkvæmanleg eru til hins betra í framkvæmdinni.

Hv. þm. fór að tala um það, að ef t. d. vín væri selt í minni skömmtum en þriggja pela flöskum, sem nú mun vera venja, þá mundi að öllum líkindum draga mjög úr vinnautn manna. Hann hélt því fram, að of miklu víni væri haldið að þjóðinni með þessu fyrirkomulagi. Frá öndverðu mun þessi þriggja pela leið hafa verið framkvæmd, en hv. þm. hefði nú fyrir löngu getað verið búinn að standa upp og bæta úr þessum vansa, og þó sérstaklega hefði honum orðið þar hægt um vik eftir að hann tók sæti á Alþ. að beita áhrifum sínum til þess, að víninu yrði selt í hvað — pelaflöskum eða hálfpela glösum. (SigfS: Í 10 gr. glösum). Já, eða 30 eða 10 gr. glösum eftir nýju leiðinni um mál og vog. Ég get vel tekið undir það með hv. þm., að stór skammtur áfengis er hvergi heppilegur, en hv. þm. deilir á sjálfan sig með því að minnast á þessi glös. Ég veit nú ekki, á hve stórum glösum á að selja áfenga ölið. En skyldi það ekki fara eftir sömu lögum um þriggja pela flöskurnar, sem hv. þm. telur, að eigi of mikinn þátt í hinni geysilegu vínnautn landsmanna? Hv. þm. vitnaði hér til læknanna um það, að því minna sem drukkið væri af áfengi, því minni skaða gerði vínið mönnum, og hann vildi taka meira tillit til læknanna, sem þekkja hvern krók og kima í mannslíkamanum, en til hins venjulega borgara. Nú er málum þannig háttað, að álit læknanna í þessum efnum er æði misjafnt. Sumir læknar fordæma alla vínnautn í hvaða mynd sem er. Aðrir eru ekki á móti því, að víns sé neytt, en engir þeirra mæla ofdrykkjunni bót. Álit þeirra er skipt, sem hjá öðrum. En í sambandi við það álit lækna, að því þynnra sem vínið er, því skaðminna sé það, en svo er mikið hægt að drekka t. d. af áfengum bjór, að menn geta fengið þar eins mikið alkóhól í sig sem úr venjulegu brennivíni, „svarta dauða," þá er vert, að það komi fram, sem læknarnir segja í þessum efnum. En álit landlæknis á því öli, sem bruggað var handa setuliðinu á stríðsárunum og hafði sama styrkleika, sem það öl hefur, sem nú er gert ráð fyrir að brugga hér, var það, að hann réð eindregið frá því, að slíkt öl yrði selt Íslendingum, af ótta við, að það hefði skaðleg áhrif fyrir landsmenn. Landlæknir dæmdi þetta svo út frá reynslu annarra landa og læknisþekkingu sinni á mannlegum líkama, og er hér ekki um lakari heimild að ræða en landlækni Íslands, sem var viðurkenndur á sínum tíma sem mjög góður og röggsamur læknir.

Ég skal nú ekki fjölyrða frekar um þetta, en ég ber þá von, að Alþ. hafi ekki hrakað svo frá 1932 eða 1941, að farið verði að samþykkja frv. sem þetta. Því að jafnhættulegt sem það hefði verið 1941 og 1932, þá er enn hættulegra að samþykkja það nú. Við erum miklu vanbúnari nú gagnvart freistingum barna og æskumanna en þá, meðal annars vegna þess, að drykkjuhópurinn er stærri nú en þá og því hættumeiri fyrir alla afkomu þjóðfélagsins, og við þolum ekki, að enn bætist við menn, sem týndir eru í þjóðfélaginu að öðru leyti en því, að þeir eru byrði á öðrum landsmönnum. Ég hef ekki mál til að mála þann sársauka og hörmung, sem aðstandendur þessara týndu drykkjumanna hafa við að búa, að sjá aldrei glaðan dag vegna þess, að sonur eða dóttir sé að glatast, þó að þeir lifi að öðru leyti áhyggjulítlu lífi. Það er fleira en tölurnar, sem við eigum að taka tillit til. Það eru tilfinningar fólks. Það á að taka tillit til þess, er talað er um einhverjar aðgerðir í þessum málum.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég hef löngun til að gera örfáar aths. við þá röksemdaleiðslu, sem fram kemur í grg. frv. þess, sem hér liggur fyrir til umr., og einnig í ræðu hv. 1. flm. Grg. byrjar á því að lýsa tilgangi frv., og hann er svo markaður, með leyfi hæstv. forseta: „Tilgangur flm. með því er tvíþættur. Í fyrsta lagi sá að draga úr hinni miklu neyzlu sterkra drykkja og í öðru lagi að afla ríkissjóði tekna . . ." Þessi röksemd var endurtekin í ræðu hv. 1. flm. Að vísu var þar röðinni snúið við. Í fyrsta lagi átti það, eftir hans orðum í ræðunni, að afla ríkissjóði tekna og í öðru lagi að draga úr áfengisneyzlu. Mér finnst ástæða til að athuga nokkuð, hvernig þær röksemdir fá staðizt. Ég hef hér fyrir mér fjárlagafrv. ríkisstj. Þar er gert ráð fyrir, að tekjur af áfengissölu á komandi ári verði 36 millj. kr. Það er sem sé alkunn og ill staðreynd, að einn stærsti tekjuliður ríkisins er nú af áfengissölu. Ekki veit ég með fullri vissu, hve mikill gróði ríkisins er að meðaltali af hverri flösku af áfengi, sem seld er. En ég ætla, að mjög varlega áætlað sé hann 60 kr. Samkvæmt því lítur þá dæmið svona út: Það þarf að selja 40 potta af hinu nýja áfenga öli til þess að vega upp á móti ágóða ríkisins af þessari einu flösku. Nú þykir mér satt að segja rætast meiri vonir en hv. flm. sjálfir gera sér fyrir hönd ríkissjóðs, ef fyrir hverja 40 potta, sem dembt er yfir þjóðina af áfengu öli, félli ekki nema ein 60 kr. flaska úr sögunni af sterku víni. Sem sé, þessi tvenns konar tilgangur stangast, annars vegar að draga úr áfengisneyzlu, sem þýðir að rýra tekjur ríkissjóðs, en hins vegar að auka tekjur ríkissjóðs. Mér sýnist röksemdaleiðslan fyrir þessu frv. byrja með hreinni rökleysu.

Svo getum við haldið áfram dálítið og rakið þann þáttinn nokkuð, sem að því veit að draga úr áfengisneyzlunni. Þessu er lýst með mörgum allfögrum orðum í grg., hvernig eigi að draga úr áfengisneyzlunni. Fyrst er þar um það talað, að hjá þeim þjóðum, sem hafa mikið af áfengu öli, sé ölvun og drykkjuskapur af völdum þess varla þekktir hlutir. Og svo segir í grg.: „Er það af öllum, sem til þekkja, álitið, að þessar þjóðir umgangist áfengi með meiri siðmenningarbrag en við Íslendingar." Svo kemur síðar í grg. mjög falleg lofgerð um þann göfuga tilgang að stuðla að heilbrigðis- og menningarmálum með því að koma upp sjúkrahúsum og með því að kenna þjóðinni að drekka áfengt öl í staðinn fyrir sterkari drykki. Nú hefði það óneitanlega verið ákaflega vel við eigandi, að hv. 1. flm. frv., sem svo mjög talaði um það, að hann væri reiðu-

búinn til að rökræða um málið, hefði reynt að færa rök fyrir þessu. Ég veit, að hann er mér sammála um það, að þetta allt, sem stendur í grg. frv. og það sem hann sagði í ræðu sinni um það, að neyzla áfengs öls þýddi, að minna og betur yrði drukkið, er staðhæfing, en ekki rökfærsla. Ég hefði vænzt þess, að hann hefði leitað þeirra röksemda að fara í hagskýrslur þeirra þjóða, sem hann talar hér um, og að hann þar gæti séð, að eftir því sem meira er drukkið af áfengu öli, væri að sama skapi drukkið minna af sterkum drykkjum hjá sömu þjóð, og einnig, að þar sem meira væri drukkið af áfengu öli, væri áfengi minna misnotað, minni ölvun á almannafæri og minni ofdrykkja, og þar þyrfti ríkið minnu til að kosta til þess að halda uppi reglu á almannafæri og minnu til að kosta til að lækna drykkjumenn. Ekkert af þessu kom fram í ræðu hv. 1. flm., og ég skora á hann að koma með þessi rök. Annars talar hann út í loftið, ef hann kemur ekki með þau. Og ég vil ekki láta hjá líða að benda á það, sem hv. þm. Borgf. (PO) reyndar hefur bent á, að árið 1932 var þetta mál rætt á Alþ. Þá flutti landlæknirinn, Vilmundur Jónsson, sem verið hefur þm. sama kjördæmis sem hv. 1. flm. þessa frv. er nú, ýtarlega ræðu, sem er að finna í Alþt. á bls. 1287, ef hv. flm. vill fletta uppi í henni, og þar er mjög ýtarlega farið í gegnum læknaskýrslur frá fjölmörgum löndum og reynt að svara spurningunni, hvaða samband sé á milli neyzlu áfengs öls og annars áfengis í þessum löndum, og einnig, hvaða samband er milli neyzlu áfengs öls og áfengisástandsins að öðru leyti, ölvunar og áfengisneyzlu. Og svörin voru einróma: Eftir því sem meira er drukkið af áfengu öli, er einnig meira drukkið af öðru áfengi. Þetta var í skýrslu frá 1932, sem landlæknir kom fram með. Og þessar skýrslur segja enn fremur: Eftir því sem meira er drukkið af áfengu öli, þeim mun meiri ofdrykkja í sama landi, — jafnvel barnadrykkjuskapur — og þeim mun meiri vandræði, böl og neyð vegna neyzlu áfengis. Ég skora á hv. flm. að leggja fram skýrslur og sanna, ef hann getur, með rökum, að þetta hafi breytzt síðan 1932, því að hv. 1. flm. þessa máls er sem sé mjög gefinn fyrir rökræður, og ég vænti, að það standi ekki á rökunum hjá honum. Staðhæfingar er enginn vandi að koma með. En rök — það getur verið vandasamt að koma með þau, ef menn taka að sér að verja óverjandi málstað.

Ég ætla svo að koma að nokkrum fleiri atriðum í grg. frv. Næst er okkur sagt í grg., að eftir því sem kunnáttumenn telji, séu skilyrði óvenju góð á Íslandi til ölframleiðslu, af því að vatnið hér sé svo gott. Einu sinni var öðruvísi á þessu máli haldið. Þegar Fjölnismenn stóðu að bindindisstarfsemi, þá var sett í lög þess félags, að félagsmenn mættu neyta öls, sem væri bruggað í landinu, þar sem þeir væru staddir, en mættu það ekki á Íslandi, af því að þar væri vatnið svo gott. En í stórborgum í Evrópu er víða vatnsskortur og vatn þar víða hættulegt, og þess vegna er þar mjög drukkið öl, einmitt til þess að komast hjá að drekka vatn, sem í mörgum kringumstæðum er sýkt og hættulegt. En á Íslandi töldu Fjölnismenn, að vatn væri svo gott, að þar væri ekki þörf annarra drykkja. — Mig langar til að heyra rök í þessu efni. Hv. flm. segja í grg. frv., að hér í Rvík sé vatn óvenjulega hreint, og hv. flm. segir, að það innihaldi mjög lítið af framandi efnum. Það er upplýst, að í því er svo lítið af steinefnum, að tannlæknar segja, að rétt væri að blanda í það fluor, og hefur því verið haldið fram, að þá mundi það síður valda tannskemmdum. Það litur hver sínum augum á hreint vatn. Það er gott að hafa sum steinefni í neyzluvatni. En það var ekki það atriði, sem hv. 1. flm. átti við, er hann sagði, að vatnið hér væri hreint. Hann sagði, að vatnið hér í Rvík væri svo hreint af því, að það væri svo laust við gerla. Hefur hann hugmynd um, hvaða þýðingu þetta hefur í sambandi við ölgerð? Eða gerir hann ráð fyrir, að í öl sé notað vatn án þess að það sé gerilsneytt? Hefur hann nokkra hugmynd um, hve mikinn kostnað það hefur í för með sér að hreinsa vatnið? Eða veit hv. 1. flm. frv. það ekki, að þó að vatn sé blandað vissum steinefnum og gerlum, þá er til aðferð til að hreinsa það, nema úr því steinefni, gerla og annað, sem framandi er í vatninu? Og veit ekki þessi hv. þm., að þau tæki, sem til þess eru notuð, eru tiltölulega einföld? Ég skal ráðleggja honum, ef hann vill kynna sér þetta, að fara inn að Elliðaám. Þar hefur í sambandi við hitaveituna verið gert ráð fyrir að taka vatn úr Elliðaánum, og þar hafa verið sett upp hreinsunartæki til að hreinsa vatnið, af því að það er ætlað að nota það sem neyzluvatn. En hvaða þýðingu hefur hreinsun vatnsins í sambandi við ölframleiðslu? Veit hv. 1. flm. nokkuð um það, hve stór liður það er í sambandi við ölframleiðslu annars staðar í heiminum að hreinsa vatnið? Eða er hann bara að fara með rökleysur, eins og í upphafi grg.? Ég skal fúslega hlusta á röksemdir og upplýsingar, ef fram kynnu að koma í þessu sambandi síðar.

Ég skal svo snúa mér að ræðu þessa hv. þm. Ég undirstrika þetta, að svör vænti ég að fá hjá honum við þessu tvennu: Í fyrsta lagi vil ég, að hann komi hér fram með skýrslur, sem afsanni þær sannanir, sem landlæknirinn lagði fram hér á hæstv. Alþ. árið 1932, — hann sanni, að því meira sem drukkið er af öli í einhverju landi, því minni sterkra vína sé þar neytt. Og ég vil, að hann sanni, að þeim mun meira sem drukkið er af öli í landi, þeim mun minni ofdrykkja sé þar og vandræði, sem af hljótast. Og í öðru lagi vil ég, að þessi hv. þm. sýni fram á með tölum, hvaða hagræði er að því að nota Gvendarbrunnavatn til ölbruggunar fram yfir að nota vatn eins og er í t. d. Englandi eða Þýzkalandi, sem líka er hreinsað, eins og Gvendarbrunnavatnið mundi vera hreinsað til þess að nota það til ölbruggunar. Hv. flm. hlýtur að vita vel um þetta, því að hann mundi ekki hætta sér út í þetta mál, ef hann vissi ekki þetta.

Svo var þessi hv. þm. að tala um unga fólkið. Hann sagði: „Unga fólkið drekkur.“ Því miður, það drekkur. „Og hvað drekkur það í dag?“ sagði þessi hv. þm. „Það drekkur óholl, sterk vín.“ Og svo vill hann fara að bæta úr því með því að láta það hafa öl. Svo kom hann að því, að hér hefði verið reynt vínbann og þjóðin hefði afnumið bannið. Og þegar ég var ungur, sagði þessi hv. þm., þá var bann í landinu. Og þá var ég á skemmtun, sagði hann, og það var slæm skemmtun og mikið drukkið. „Hvað á að gera?“ sagði hann svo. „Það þarf að láta fólkið fá meira öl,“ bætti hann við, „og láta sterkt áfengi í smærri skömmtum en það er látið nú.“ Og þá skilst mér, að vonir þessa hv. þm. væru þannig, að þá mundum við, þegar þessu væri þann-

ig fyrir komið öllu saman, komast hjá því, sem vont væri í þessum efnum hjá okkur nú.

Ég skal segja þessum hv. þm. dálítinn kafla úr áfengismálasögu okkar, sem hann kannske hefur gleymt eða kannske aldrei hirt um að kynna sér, en sá maður, sem flytur mál á þessum vettvangi um ölbruggun eins og þetta frv., ætti að vita. Þessi saga kemur ekki alveg heim við hans upplýsingar. — Ég veit, að hann hefur oft heyrt því haldið fram, að hér fyrir bannið hafi ástandið í landinu í áfengismálum verið ákaflega gott, en síðan hafi um þvert bak farið með síðgæðið í áfengismálunum, er bannið kom. Svo veit ég líka, að hann hefur heyrt það sagt, að það væru vissir menn, nefnilega öfgafullir bindindismenn, sem væru á móti víni og hefðu verið á móti því, að bannið var afnumið og hefðu mótað löggjöf um áfengismál í þessu landi, sem hefði orðið til mikils vansa og óþurftar, sem sjá megi af ástandinu í áfengismálunum, sem ríkt hefur hjá okkur. Nú ætla ég að segja frá þeirri staðreynd, að frá því laust fyrir aldamót og fram til ársins 1915 var fylgt stefnu templara og bindindismanna í áfengislöggjöf Íslendinga. Þá var þróunin þessi, að það voru settar meiri og meiri hömlur á sölu áfengis í landinu. Þá var stigið hvert sporið af öðru til þess að setja hömlur á sölu áfengis. Og þetta leiddi til þess, að áfengisneyzla fór ákaflega ört þverrandi. Og 1915 — árið, sem hv. 1. flm. þessa frv. er fæddur — komu svo til framkvæmda bannlög á Íslandi, að vísu með undanþágum. Undanþága frá bannlögunum var í fyrsta lagi læknabrennivínið, og litlu síðar konsúlabrennivínið. Nú segist þessi hv. þm. muna þessi ár ákaflega vel. Hann er sjálfsagt mjög minnugur, — man líklega, þegar hann var borinn til skírnar á fyrsta árinu. En ég efast samt um, að hann muni sérlega vel árin frá 1915 til 1922, en þá var vínbann á Íslandi, með þessum tveimur undanþágum, læknabrennivíninu og konsúlabrennivíninu. Og það er ekkert álitamál, heldur ber öllum saman um það, sem þann tíma muna, að það hefur aldrei verið minna um áfengisnautn á Íslandi heldur en þennan tíma, frá 1915 til 1922. Það ber ýmsum saman um, að fleira heldur en bannl. hafi stutt að þessu, m. a. stríðið og litlar samgöngur hér í landinu. Það má vel vera, að sé nokkuð til í því. En niðurstaðan er sú, að við, sem fæddir erum laust fyrir aldamót, við vitum, að á þessum árum, 1915 til 1922, var drukkið mjög lítið af áfengi á Íslandi og stór héruð landsins voru þá algerlega „þurr". Og ég vænti, að það hérað, þar sem þessi hv. þm., 1. flm. þessa ölfrv., sleit sínum barnsskóm, hafi verið eitt af þeim „þurrustu". Svo komu Spánarvínin 1922. Það var ekki eingöngu vegna þess, sem þau voru leyfð, að það væri krafa Spánverja, að þau væru flutt hingað til landsins, heldur ætluðu margir menn þá að bæta ástandið í áfengismálum í landinu með því — eins og hv. 1. flm. þessa frv. nú ætlar að gera með því að fá því til vegar komið, að hér verði bruggað áfengt öl. Þeir, sem vildu innflutning Spánarvína hingað til lands þá, sögðu: Umfram allt skulum við lofa þjóðinni að fá tækifæri til þess að fá nú létt, gómsæt vín, sem leiða engan til ölvunar, heldur munu verða til að siðbæta fólkið og til þess að menn hætti að reyna að brjóta bannið. Sem sé, forráðamenn þjóðarinnar stóðu með bannundanþágunni viðkomandi Spánarvíninu með nákvæmlega sömu rökum sem þessi hv. þm., 1. flm. þessa frv., hefur fyrir ölfrv. sínu. Þeir ætluðu að stórbæta ástandið í áfengismálunum. — Og nú, eftir 1922, kemur tímabil í sögu þjóðarinnar, þegar að forminu til er bann, en í reyndinni er ekkert bann, sem sé, það er undanþága. Það má selja áfenga drykki, sem ekki er í nema 22% alkóhól. Þetta var ekkert bann að öðru leyti en því, að því var haldið aðeins að forminu til. [frh.].

Umr. frestað.

Á 15. og 16. fundi í Nd., 10. og 11. nóv., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., 13. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Sigfús Sigurhjartarson [frh.]: Herra forseti. Ég hafði þegar fundi var slitið og þetta mál var til umr. síðast, að gefnu tilefni frá góðum flm., rakið nokkrum orðum sögu löggjafarinnar hvað áfengismál snertir allt til ársins 1922. Á því ári gerðist það, sem kunnugt er og ég hef þegar nokkuð lýst í ræðu minni, að leyft var að selja létt vín, svo kölluð Spánarvín. Að forminu til var banninu haldið með undanþágum, en í reyndinni var bannið á þessu ári afnumið. Reyndar var það, að banntímabilið endaði á þessu ári, þótt að forminu til sé bannlöggjöfin haldin, enda undanþágur svo stórfelldar. Þegar þetta spor var stigið, var því haldið fram af fjölmörgum mönnum hér og víðar, að þetta spor bæri að stíga til þess að bæta ástandið í málinu. Því var haldið fram, að af hinum léttu vínum yrði enginn ölvaður og afbrot mundu hverfa eins og dögg fyrir sólu og skapast það ástand hvað þessi mál snertir, að ölvun þekktist ekki. Þetta minnir á þær röksemdir, sem 1. flm. þessa frv. bar fram við umr.

Ég get ekki látið vera að geta þess, að það kom mér á óvart í ræðu 1. flm., er hann var að velta fyrir sér, hvað það væri, sem æskan drykki í dag. Hann orðaði það svo, að það væri sterkt vín, sem væri óþverri og svo fram eftir götunum, og gat þess, að hún ætti ekki á öðru völ. Mér varð þá á að hugsa: Hvað er nú orðið af léttu og heilnæmu vínunum frá 1922, sem þá áttu að bæta ástandið í málinu og gera það svo gott, að ekki yrði betra á kosið? Við erum sammála um það, ég og 1. flm., að ástandið í áfengismálunum hafi versnað mikið á þessum árum. Og það eru einmitt þessi ár, sem hv. þm. hlýtur að elga við, þegar hann telur sig muna svo glöggt til bannáranna með þeirri spillingu, sem þá tíðkaðist við Ísafjarðardjúp, því að ekki hygg ég að Ísfirðingar séu betri í þessum sökum en aðrir. Sú slæma lýsing, sem hann gaf í því efni, hlýtur að vera frá árinu 1922, því að svo langminnugan ætla ég ekki hv. þm., að hann muni frá 1915 til 1922. Eftir því, sem stendur skrifað, á hann að hafa verið fæddur 18. des. 1915 og því barn á þeim árum. Nú líður og bíður, og umbótamenn á borð við 1. flm. verða ágjarnir um, að nú verði að breyta um í áfengismálunum. Hér sé svo mikið um lögbrot og vasapeladrykkjuskap. Nú sé nauðsynlegt að bíða um suðræn vín, sem nú eru talin óholl og skaðleg. Nú á að breyta um til að laga þetta. Nú var þessi áróður reiknn af þingbótamönnum, eins og hv. flm., og árangur þessa áróðurs var, að það formlega bann, sem var í gildi og í raun og veru var búið að afnema, var numið úr l. 1934. Nú skyldi

maður ætla, að hin mikla gullöld væri runnin upp og nú gætu menn fengið heilnæmu og góðu vínin í staðinn fyrir óþverra. Nú átti að afnemast öll lögbrot og kenna, hvernig menn elga að fara með áfengi. Nú veit ég vel, að ég og hv. 1. flm. erum sammála um það, að litið hafi þokazt í áttina að því marki á þeim árum, sem liðin eru. Heldur þvert á móti. Ég er sannfærður um það, að við erum sammála um, að ástandið í áfengismálunum hafi farið versnandi síðan 1922. Og nú er svo komið, að þessi heilnæmu vín, sem allt áttu að laga 1934, eru í munni þessa þm. óholl og óþverri og skaðleg æskunni, — vitanlega af því, að hún hefur ekki fengið það í nógu smáum skömmtum. Þriggja pela flaska væri höfuðóvinur. Ef menn gætu fengið það í staupatali eins og í gamla daga, þá væri allt í lagi, æskan ekki í hættu, bara ef nógu greiðar aðgangur væri að þessu áfengi, sem í öðru orðinu er kallað óholit og óþverri.

Að gefnu tilefni hef ég rakið þessa sögu, sem af hlýtur að vera hægt að draga miklar ályktanir. Nú vil ég reyna að skýra það fyrir hv. 1. flm., hvernig hægt er að ályktа af þeim gefnu forsendum sem við höfum.

Fyrst skal ég taka það fram, að við erum sammála um tvennt, — staðreyndir, sem eru svo margframteknar og ágreiningur kemur ekki til greina um. Í fyrsta lagi var hér öflug bindindisstarfsemi, einkum 1884 fram til 1922 eða 1918. Árið 1915 var ástandið þannig, að menn skömmuðust sín fyrir að láta sjá sig ölvaða. Það þekktist ekki, að kvenfólk væri ölvað og unglingar ekki heldur. Önnur staðreynd er, að ölvun hefur farið vaxandi frá ári til árs frá 1922. Sönnunin fyrir því, að þm. muni vera þessarar skoðunar, er sú, að nú á þessu ári hefur hann fengið sérstaka hvöt til að koma með úrbótatill. Þegar við athugum þessa staðreynd og lítum á hvert atriði löggjafarstarfseminnar í landinu, kemur í ljós, að frá því laust fyrir aldamót, einkum frá 1902—1915, er í raun og veru fylgt stefnu bindindismanna á löggjafarsviðinu. Þá var stigið hvert sporið í þá átt að þrengja að um sölu áfengis. Fyrst afnumið það, sem mér skilst að flm. vilji fá aftur, en það var staupasalan, og farið að selja áfengi í stærri skömmtum, sem bundinn var endir á. Með banninu 1915 breyttist þetta í meiri og meiri takmörkun á sölu áfengis og hömlur varðandi meðferð þess, sem gerir það að verkum, að ástandið fer batnandi frá ári til árs og minna og minna er drukkið. Árin 1918—1922 er snúið við, og þá eru það ekki bindindismenn, sem móta löggjöfina, heldur andstaða þeirra. Frá þeim tíma ganga breytingarnar út á það að rýma um sölu áfengis. Fyrst hin svokölluðu Spánarvín. Svo er tekið að drekka og yfirleitt stefna að meira frjálsræði, fá fleiri vintegundir og ganga frá hömlunum þannig, að niðurstaðan verði meira áfengi fyrir þjóðina.

Af þessum forsendum get ég ekki dregið annað en það, að meiri regla skapist, eftir því, sem meiri þrengsli eru um sölu áfengis. Í raun og veru er þetta ekki nema sjálfsagður hlutur, því að það hlýtur öllum að vera ljóst, að sömu lögmál eru um sölu á hvaða vöru sem er. Hver hygginn kaupmaður, sem vill selja vöru sína, leitast við að hafa hana sem víðast á boðstólum og mesta úrvalið. Yfirleitt leitast hann við að greiða kaupendum götuna að því að verzla. Ef honum er hins vegar illa við, að það er keypt af honum, reynir hann að hafa fánýta vöru og götuna sem torveldasta að búð sinni. Ef ríkisvaldið vill, að þjóðin fái sem minnst, þá fylgir því haftastefna, því meiri hömlur og reynslan hefur sýnt það, að þetta leiðir til minnkandi áfengisneyzlu.

Það er margsagt, að á tímabilinu fyrir bannið hafi ástandið verið þannig, að menn hafi yfirleitt skammazt sín fyrir óhófsneyzlu áfengis og þá hafi kvenfólk ekki drukkið og ekki unglingar. Þetta er líka eðlilegt. Því að hvað sem sagt er um löggjöf, bönn og höft, og hvað sem sagt er um það, að visst hlutfall þurfi alltaf að vera á milli þess, sem löggjöfin býður, og þess, sem þjóðin vill, þá er hitt alveg víst, að löggjöfin mótar hugsunarhátt þjóðarinnar. Ég viðurkenni það, að hver l., sem Alþ. setur, þurfi og eigi að hafa vissa stoð í réttarvitund þjóðarinnar. Allt annað leiði til þess, að þjóðin lítilsvirði þau. En það er víssa fyrir því, að þó að svo eða svo mikill hluti þjóðarinnar sé andvígur einhverri löggjöf, löggjöf, sem býður eða bannar, ef á annað borð er gerð ærleg tilraun til þess að framfylgja henni og hún á hljómgrunn hjá einhverjum hluta þjóðarinnar, þá hefur löggjöfin mótandi áhrif á almenningsálitið í landinu. Og víssa er fyrir því, að haftastefna hvað snertir áfengismál átti hljómgrunn hjá þjóðinni og marga áhangendur. Og það er víssa fyrir því, að það, hvernig löggjöfin frá því fyrir aldamót og til 1915 eða 1918 gengur lengra og lengra inn á haftabrautina í þessum málum, hefur haft sýnileg áhrif á almenningsálitið og hefur átt kannske stærstan þátt í því að skapa það álit, að það sé vansæmandi að misnota áfengi svo sem hver sá gerir, sem ölvaður er. — Þetta var allt rifjað upp að gefnu tilefni frá hv. 1. flm. og til þess að leitast við að kenna honum nokkuð í löggjafarsögunni á þessu sviði og kenna honum að draga réttar ályktanir af staðreyndum, sem sagan hefur nú fram að bera. Og nú stöndum við hér í dag frammi fyrir því, að þessi mikli siðbótarmaður hefur hafið upp sína miklu rödd hér á Alþ. og viðurkennt, að ástandið hjá okkur í þessum málum sé mjög slæmt, og hitt verður líka að viðurkenna, að skoðanabræður hans hafa ráðið áfengislöggjöfinni nú um það bil í 30 ár. Nú ætlar þessi hv. þm. að bæta þetta ástand. Og endurbótin er að gefa mönnum enn þá kost á einni nýrri áfengisnautn. Vili ekki hv. flm. alvarlega hugsa um þá fyrirrennara sína, sem hér hafa staðið á þingi og árin 1921 og 1922 sögðu, að við yrðum að fá létt Spánarvín, þá batnaði ástandið. Þessir sömu fyrirrennarar hans sögðu svo 1932, 1933 og 1934 á Alþ.: Þessi léttu vín eru hreinasti óþverri og óholl þjóðinni, sterku vínin eru allt öðruvísi. — Þeir fengu sterk vín. Og nú segir þessi hv. þm., að þau séu óholl og hálfgerð ólyfjan og að við verðum að fá áfengt öl. Það getur verið, að svo komi enn nýr siðbótarmaður eftir nokkur ár og segi, að það sé um að gera að útrýma þessu sterka öli, því að það sé óholit og í alla staði hið hættulegasta.

Ég vil líka biðja hv. 1. flm. þessa frv. að hugleiða það í alvöru, hvernig ástandið muni verða fyrir okkar unga fólk á skemmtunum þess, skólaskemmtunum og öðrum skemmtunum, þegar það á kost á áfengu öli, sem kostar aðeins nokkrar krónur, því að mér skilst, að það eigi að vera ódýrt. Og ég vildi nú aðeins biðja hann að hugsa sig nú vel um, áður en hann heldur fram þeirri fjarstæðu,

að slík ölneyzla leiði ekki til ölvunar. Og ég vildi biðja hann að spyrja sjálfan sig að því, hvort honum finnst í raun og veru rétt að stuðla að því, að hver einasti snauður skólapiltur og hver einasta snauð skólastúlka, sem með litlum efnum fer á dansskemmtun hálfsmánaðar- eða mánaðarlega, venjist á hið áfenga öl í slíkum samkvæmum. Ég vildi líka biðja hann að athuga það, hversu mikinn vinning verkamenn okkar, sem yfirleitt eru litlir áfengisneytendur, mundu af því hafa að hafa í sínu vinnuskýli við Reykjavíkurhöfn áfengt öl og geta fengið áfengt öl á hverri einustu sjoppu, þar sem þeir margir kaupa mat, og geta á öllum stöðum, sem þeir umgangast, fengið hið sterka öl. Ætli það sé alveg útilokað, að það mundi leiða marga þessara manna fyrr en varir út á ákaflega hála braut áfengisnautnar í stærri stíl?

Ég veit, að samþykkt þessa frv. mundi verða mikið vatn á myllu hjá einum hópi manna í landinu, og það eru þeir ógæfusömu menn, sem hafa keypt áfengi fyrir margar kr. hjá ríkinu, borga af því háa skatta og látið manndóm sinn í kaupbæti. Því miður þekkjum við marga þessa menn og þeirra ömurlega rölt um götur bæjarins, þegar þeir eru að leita sér að nokkrum krónum til þess að „splæsa" saman í eina flösku. Og við þekkjum svo aðferðina, þegar þeir eru búnir að ná í flöskuna. Þá ná þeir sér í nokkrar ölflöskur og blanda öllið með áfengi, og þannig geta þeir haldið við sínu ömurlega ástandi dögum, vikum og jafnvel mánuðum saman. Það yrði miklu mögulegra fyrir þessa illa förnu menn að fá sér aura til þess að halda sér við á sterka ölinu. Það yrði því góð leið fyrir þá frá þeirra sjónarmiði, ef þeir fengju þetta sterka öl, því að þeir mundu hafa miklu minna fyrir því að viðhalda sínu eymdarástandi eftir að þeir fengju sterka ölið en áður. Það er kannske ekki stórt atriði, hvort þeir hafa mikið eða lítið fyrir þessu. En hitt finnst mér vera augljóst, að ekki mundi sterka ölið, ef þeir ættu þess kost, auka á vonir um það, að þessir menn gætu endurheimt manndóm sinn, sem þeir hafa látið í kaupbæti, þegar þeir voru að kaupa áfengi af ríkinu. — Yfirleitt vil ég biðja hv. 1. flm. þessa frv. að gera sér það ómak að íhuga staðhæfingar sínar, m. a. hvaða menn það eru í landinu, sem líkur eru til, að þetta frv., ef að l. yrði, mundi hafa siðbætandi áhrif á. Ég veit ekki, hverjir það mundu vera. En eins og margbent hefur verið á og tekið er fram í grg. frv., er tilgangurinn með þessu frv. siðbót, mikil siðbót. Hvaða menn mundu siðbætast með slíkum l. sem þessum, ef frv. yrði samþ.? Eru það æskumenn okkar? Eru það verkamennirnir? Eru það ofdrykkjumennirnir? Hvaða stétt er þetta? Og hvernig í ósköpunum er hægt að rökstyðja þessa skoðun? Ég endurtek það, að ég bið hv. flm. um rök. Ég bið hann að sanna mál sitt með því að vitna í hagskýrslur og læknaskýrslur, sem leiði í ljós, að þá sé minna drukkið, ef meira er af áfenginu í heild. Ég hef skýrslur, sem sýna það gagnstæða, bæði eldri og yngri skýrslur. Og ég mun kannske, ef þetta mál verður langlíft í þinginu, sem ég vona, að ekki verði, afla mér meiri skýrslna. Það tekur tíma að fá skýrslur og vinna úr þeim. En siðbótarmaður, eins og hv. 1. flm. þessa frv., hlýtur að hafa gert sér það ómak, áður en hann fór af stað með þetta mál, að afla sér gagna, sem rökstyddu mál hans. Ég bið hann að afsanna skýrslur landlæknis, sem eru í þingtíðindunum frá 1931. Og ég bið hann að koma með skýrslur, sem styðji hans málstað, og ef hann gerir það, þá skal ég sannarlega bera virðingu fyrir hv. 1. flm. þessa frv., þegar hann sýnir, að hann geti þetta. Þá fer ég að skilja hann, skilja, að þetta sé hreinn siðbótaráhugi, sem knýr hann til að bera fram þetta frv., ef hann getur leitt einhver rök að því, að samþykkt þessa frv. geti leitt til siðbótar.

Annars eru ákaflega mörg atriði í sambandi við þetta frv., sem vert væri að ræða og verða kannske rædd áður en umr. um málið lýkur. Eitt atriði ætla ég að koma að enn, og kannske raunar fleirum. Og til þess að hefja umr. um það atriði, verð ég að fá leyfi hæstv. forseta til þess að lesa hér upp nokkur orð úr grg. frv. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjálfsagt virðist, að hið erlenda starfslið Keflavíkurflugvallarins kaupi hið íslenzka öl meðan það er hér, og yrði þá tekið fyrir hinn óviðfelldna innflutning þess á þessum vörum."

Það er nú svo. Fyrir tveimur árum síðan, eða 1. desember 1945, þá hafði ég átt von varðmannlegrar afstöðu hjá þessum hv. þm. gagnvart erlendri íhlutun um íslenzk mál, sem kemur fram í þessum orðum grg. Það er staðreynd, að hið erlenda lið, sem er hér suður á Keflavíkurflugvelli, hefur brotið íslenzka löggjöf með því að flytja inn áfengt öl í mjög stórum stíl. Í einni slíkri sendingu voru t. d. 16 þús. kassar. Það hefur einnig flutt inn sterkt áfengi í stórum stíl. Það er staðreynd, sem hv. 1. flm. frv. virðist vita af, að þetta öl er selt og gefið Íslendingum í stórum stíl. Og þar með eru brotin landslög. Nú hefði maður vænzt þess, að sá hv. þm., sem talaði af glæsileik og myndarskap um sjálfstæðismál í útvarpið fyrir tveimur árum, hefði komið hér fram á vígvöllinn og sagt: Þetta verður að stöðva, við megum ekki leyfa erlendum mönnum að fótum troða hér lög og rétt og það á þann hátt, að leiði til stórkostlegs ófarnaðar fyrir fjölda Íslendinga, með því að hafa öl- og vínsmygl í frammi, sem hjá þessu liði á Keflavíkurflugvellinum hefur leitt til ófarnaðar á skemmtisamkomum hér suður með sjó og á kannske eftir að gera það enn meir. — Nei, það kom engin slík afstaða fram hjá hv. 1. flm. þessa frv., heldur þetta: Það er staðreynd, að Ameríkumenn hafa farið heldur leiðinlega með þetta öl, og þá er um að gera að hjálpa þeim við að brjóta landslögin, með því að breyta l. eftir þeirra óskum og vilja. — Þetta er kafli út af fyrir sig og vissulega saga, sem vel er þess verð, að sögð sé í sambandi við þetta mál. Og ég vil spyrja hv. flm.: Hvar á að enda? Hve mörgum l. íslenzkum vill hann breyta, ef hann hefur staðið Ameríkana suður á flugvelli að því að brjóta þau? Er þessi hv. þm. kominn niður á það stig eymdarinnar, að ef nokkrir útlendir menn koma og rétta út hendur sínar og segja: Við viljum hafa þetta svo eða svo — þá komi sjálfstæðishetjan frá 1. des. 1945 og segi: Ég skal flytja frv. á Alþ.? — Þetta atriði er þáttur í röksemdum fyrir þessu máli, sem frv. er um, og er vissulega málstaðnum samboðið að öðru leyti. Sem sé, hér er allt á eina bók lært, bókstaflega allt, bæði að því er snertir afstöðu til erlends valds, til íslenzkrar æsku, til íslenzkra verka-

manna, til íslenzku þjóðarinnar. Hér er bugtið og beygingarnar fyrir hinu erlenda valdi og lítilsvirðing á íslenzku þjóðinni.

Enn þá eru það nokkur atriði, sem ég þarf að tala um við hv. 1. flm. frv. Hann hefur sagt okkur það, að nokkrir kjósendur úr hans eigin kjördæmi, Norður-Ísafjarðarsýslu, hafi sent simskeyti og andmælt þessu frv. En hann var svo sem ekki í vafa um, að hann þyrfti ekki að taka sérstakt tillit til þess. Og það mátti greinilega heyra á honum, að hann teldi, að sig varðaði ekki um vilja kjósendanna í þessu efni. Hann væri ekki bundinn af neinu öðru en sinni sannfæringu. Það er hárrétt hjá hv. þm., að hann er af sannfæringu sinni einni bundinn. En það kom líka fram hjá honum, að honum þætti eðlilegt, að málið væri rökrætt og þjóðin fengi að segja álit sitt um það. Nú vill svo til, að þessum hv. þm. hefur boðizt ágætt tækifæri til þess að koma því til leiðar, að málið verði rætt frammi fyrir allri þjóðinni. Stórstúka Íslands hefur skrifað útvarpsráði og farið fram á að fá að eiga umr. í útvarpinu um málið, þar sem mættu til umræðnanna verjendur frv. Nú á hv. 1. flm. frv. sæti í útvarpsráði, og er það ekki vafamál, að honum er greið gata og auðgeng að því að fá því til vegar komið, að útvarpsráð fallist á þessa beiðni og málið verði þá rökrætt frammi fyrir þjóðinni. Nú vil ég spyrja þennan hv. þm.: Hefur hann ekki tekið þá sjálfsögðu afstöðu í útvarpsráði að stuðla að því, að málið verði þannig rökrætt frammi fyrir þjóðinni? Eða ef svo skyldi vera, að hann hefði ekki áhuga fyrir þessu, vill hann ekki koma því til leiðar með samkomulagi, að málið verði rökrætt á þingi? Það væri ákaflega æskilegt. Maður, sem telur sig hafa að flytja mikið umbótamál og mál, sem hann veit, að þjóðin hefur á mjög skiptar skoðanir, — maður, sem viðurkennir, að hún eigi að fá að heyra rök og gagnrök í málinu, hann ætti vissulega með einum eða öðrum hætti að stuðla að því, að þjóðin fengi að heyra rökræður um málið. Og nú hefur hann tvöfalt tækifæri til þessa. Hann getur sem útvarpsráðsmaður stuðlað að því, að orðið verði við beiðni Stórstúkunnar, sem ég gat um. Hann getur sjálfur mætt þar þeim fulltrúum, sem Stórstúkan mundi vilja senda á vettvang. Og hann hefur annað tækifæri í þessu efni. Hann getur stuðlað að því, að þjóðin fái að heyra umr. um málið frá sölum Alþ. gegnum útvarpið.

Ég kem svo síðast að því, sem hv. 1. flm. frv. drap á um vilja kjósendanna, sem hann talaði svo kröftuglega um hér, að sér kæmi í raun og veru ekkert við. Hvað kemur honum við, hvað þeir segja í Bolungavík eða Súðavík? Það er nú heldur hinn voldugi umbótavilji og mikli sjálfsákvörðunarréttur hv. þm. sjálfs, sem þar á að ráða. En ég vil segja honum eitt í sambandi við þetta. Hv. þm. N-Ísf. er hér umboðsmaður, og hann hefur hér ekkert vald nema það, sem honum er gefið hér af öðrum — ekki neinum æðri máttarvöldum, heldur háttv. kjósendum í Norður-Ísafjarðarsýslu. Og ef það skyldi nú vera svo, að hv. kjósendur í Norður-Ísafjarðarsýslu væru alveg andstæðir hv. þm. þeirra í þessu máli, þá er hann að vísu ekki skuldbundinn að láta af sannfæringu sinni, en aðra leið á hann, sem er drengilegri og myndarlegri, og hún er að segja við sína kjósendur: Nú eru mínar skoðanir í ósamræmi við ykkar, meiri hluti ykkar er mér í þeim andvígur, og þið fáið að kjósa ykkur umbjóðanda á ný. Þetta getur þessi hv. þm. gert, ef hann vill tala við kjósendur sína með fullri virðingu og rökum. En hitt er ekki neitt sérstaklega demókratiskt (svo ég noti það orð), að standa hér og hrista sig og steyta hnefa og segja: Mig varðar ekkert um, hvað kjósendurnir segja.

Ég vil nú að síðustu segja það, að mér virðist, að hv. 1. flm. þessa frv. eigi hér tvö áhugamál. Annars vegar: Hið sterka öl á hvers manns borð — og það m. a. til þess að verða við óskum ameríska hernámsliðsins á Keflavíkurflugvellinum — og hitt, að sterkir drykkir verði seldir í smærri skömmtum. Og til viðbótar það, að rýmkað verði á öllum svíðum um sölu áfengis. Þessi hv. þm. hefur staðhæft, að þetta leiddi til mikillar siðbótar. Ég bið hann um rök í stað staðhæfinga um málið. Ég bið hann hér að afsanna þá sögu, sem ég hef rakið varðandi áfengismál á Íslandi. Ég bið hann að reyna hér að hrekja tölur, sem fram hafa verið settar hér fyrr og síðar um málið og ég hef greint frá. Og ég bið um tölur, sem sanni málstað hv. 1. flm., ef þær eru fáanlegar. Hv. 1. flm. hefur haldið því fram hér, að það væru sérstaklega góð skilyrði til ölbruggunar hér á Íslandi vegna góðs vatns. Ég hef áður beðið um rök fyrir þessu, og ég endurtek hér með þá beiðni.

Enn eitt ætla ég að benda hv. þm. á í sambandi við þetta mál. Hv. 1. flm. ætlar að gera þetta áfenga öl að gróðavænlegri útflutningsvöru. Varla getur það reyndar talizt stórgróði fyrir ríkið, sem hv. þm. hefur hér hug á, því að það eru 10 aurar af útfluttri flösku, sem ríkinu á að hlotnast. Hann segir, að það séu hreinir smámunir, sem þurfi að flytja inn í landið til þess að framleiða áfengt öl. En hvaða skynsamleg rök hefur þessi hv. þm. fyrir því, að við getum keppt um markað í Englandi, Þýzkalandi, Frakklandi eða öðrum löndum álfunnar eða í Ameríku við öl, sem framleitt er þar á staðnum, þó að vatnið sé gott hér? Þó að vatnið sé gott, þá er það staðreynd, að við verðum að flytja til landsins hráefni í ölið og væntanlega flytja inn flöskur undir ölið, eða a. m. k. hráefni í þær, og síðan flytja út á dýran hátt okkar ágæta vatn, mengað með nokkrum ölgerlum. Eru nú líkur til, að þetta öl þyldi samkeppni á t. d. enskum markaði, þar sem hráefnið er framleitt og vatnið er sæmilegt, þó að það þurfi kannske að hreinsa það, og þar sem ekki þarf langan flutning hvorki á tómum né fullum flöskum? Og þannig get ég tekið hvaða land sem er, sem reynt mundi að flytja þetta öl til, ef til kæmi. Vill hv. 1. flm. koma með líkleg rök fyrir því, að íslenzkt öl gæti orðið samkeppnisfært í þessum löndum — einhvern snefil af rökum?

Ég skal nú ljúka máli mínu. Ég taldi í upphafi máls míns, að grg. og röksemdirnar fyrir þessu frv. byrjuðu á rökleysu. Og það er augljóst mál, að það er rökleysa að segja, að það eigi að gera tvennt með þessu frv., annars vegar draga úr neyzlu sterkra drykkja í landinu og hins vegar auka tekjur ríkissjóðs. Þetta er rökleysa. Ég skal svo ekki rifja upp neitt um þann veg, sem mér sýnist hv. flm. frv. ganga. En hinu spái ég, að svo sem vegur þessa máls hér á Alþ. byrjar með rökleysu, þá muni hann enda í vegleysu.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Ég tel rétt að segja nokkur orð um þetta mál, þar sem ég er meðflm. að því og það virðist nú svo, að þetta sé helzta stórmálið, sem fyrir þetta þing hefur komið, eftir því, hve miklum andmælum þetta óskaplega meinlausa frv. mætir hér, þar sem búið er, held ég, að taka þrjár klst. af tveimur af ötulustu þm. vegna frv. við umr. frá því það kom til 1. umr.

Ég skal strax taka fram, að ég mun fyrst ræða hér nokkuð um það, hvers vegna ég fylgi þessu frv., og síðan mun ég svo ræða um frv. sjálft og það, að það eru viss atriði í því, sem ég er ekki samþykkur, þó að ég sé meðflm. að því eins og það liggur fyrir, enda getur það að minu áliti vel komið til greina, að þar verði þessu hagað nokkuð á annan hátt en gert er ráð fyrir í frv. eins og það er nú, enda lét hv. 1. flm. mjög í það skina í framsöguræðu sinni, að viss atriði væru í frv., sem sjálfsagt væri að taka til athugunar af þeirri n., sem fær málið til meðferðar.

Þó að ég hafi hlustað á rök þeirra hv. þm. Borgf. (PO) og hv. 6. þm. Reykv. (SigfS), þá er ég miklu sannfærðari um það eftir en ég var áður, að þetta er rétt mál og gott, sem hér er flutt, vegna þess að þetta eru báðir viðurkenndir ræðumenn miklir og viðurkenndir fyrir að geta haldið á sínum málum og fært rök fram fyrir sínum málstað, þegar þeir hafa þau til. En ég er algerlega undrandi yfir því, hve geysilega og gersamlega hefur skort á rök í ræðum þeirra.

Hv. 6. þm. Reykv. byrjaði mál sitt á því að belgja sig upp og hrópa: Komið þið með rök! Komið þið með rök! Komið þið með tölur! En sjálfur hefur hann ekki reynt að færa minnstu rök fyrir sínu máli. Hann lofaði að koma með tölur síðar í umr. En nú er þessi hv. þm. búinn að hafa heila viku, frá því er málið kom fyrst fram hér í hv. d., og á þeim tíma hefur hann ekki getað safnað þessum tölum, sem hann hafði lofað að koma fram með einhvern tíma síðar. Þetta sýnir, hve andmælendur frv. þessa eru rökþrota, þegar þeir ætla að mæla gegn þessu máli. — Annars er eitt af því, sem þeir hafa sagt í þessu máli, sem ég tel alvarlega hlið málsins og eiginlega einu rökin, sem hægt væri að mæla gegn frv. með á réttan hátt, ef þau rök stæðust, og það er það, sem þeir hafa minnzt á báðir, að þetta gæti orðið til þess, að unglingar vendust meir á áfengi í þessu landi en enn er. Sé þetta rétt, skal ég viðurkenna það, að ég mundi verða á móti þessu frv., ef ég hefði nokkra trú á, að hér væri um rétt rök að ræða, að bruggun áfengs öls í landinu mundi venja unglinga á neyzlu áfengis fremur en ef það öl væri ekki til. Því að það skilur ekki andmælendur þessa máls og okkur, sem flytjum þetta frv., að það sé lengra komið á áfengisneyzlubrautinni fyrir æskulýð þessa lands en ætti að vera, og það er til stórvansa fyrir þjóðina, hvernig í því efni er komið. Þess vegna eru þetta einu rökin, sem ég tek að nokkru leyti gild. Og ef hv. andmælendur frv. gætu sannfært mig um, að hægt væri að sýna fram á, að svo væri, mundi ég snúast gegn frv., en með þeim. Þetta vil ég greinilega taka fram, og mun ég gera því nánari skil, áður en ég sezt niður aftur.

Ég vil taka fram, að það, sem fyrst og fremst kemur mér til að vera með frv., er það, að ég vil líta á hlutina með heilbrigðri skynsemi, en ég álít, að það skorti nokkuð á heilbrigða skynsemi hjá þeim, sem líta á það sem einhvern óskaplegan hlut, ef við eigum nú að fá öl með 4% að áfengismagni, þegar við höfum fyrir allar vintegundir, allt frá sterkustu drykkjum og niður í léttustu borðvín. Það getur enginn komið mér til að trúa því, að það sé á ferðum einhver óskapleg hætta, þó að létt öl eða þess háttar sé selt, þar sem eins er háttað um áfengismál og nú er hjá okkur. Nei, það er skortur á heilbrigðri skynsemi að ætla að koma nokkrum manni í trú um það. Það er ofstæki og vanþekking, sem veldur því hjá þeim, sem halda slíku fram. Það er ekki eins og við höfum nú ekkert öl í landinu. Menn geta orðið jafnkenndir af því að drekka tvær flöskur af bjór eða pilsner og einni flösku af þessu öli, sem gert er ráð fyrir að brugga samkvæmt þessu frv., og ég heyri ekki betur en andmælendur þessa frv. telji rétt, að það öl, sem nú er á boðstólum, sé frjáls vara, en gæta ekki að því, að vandinn er ekki annar en að drekka tvær flöskur af því til að fá sama áfengi og gert er ráð fyrir, að menn fái með því að drekka eina flösku af því nýja öli. Ég lít á öl eins og hverja aðra fæðutegund, eins og hverja aðra þá fæðutegund, sem notuð er, en ekki sem munaðarvöru.

Hv. 6. þm. Reykv. (SigfS) talaði mjög mikið um ágæti bindindismanna og starfsemi þeirra hér á landi fyrir afnámi drykkjuskapar. Það er síður en svo, að ég vilji hnjóða í bindindismenn yfirleitt, en ég vil segja það, að svo sorglega hefur til tekizt, að þeir hafa stigið þau geysilegu vixlspor í áfengismálum hér á landi, og af því súpum við seyðið nú. Það var merkileg játning hjá hv. þm., og það er bezt, að ég komi að henni strax, þar sem hann endurtók, að straumhvörf hefðu orðið í áfengismálunum hjá þjóð okkar kringum 1918. Þangað til hefði drykkjuskapur farið minnkandi og mönnum hefði þótt minnkun að því að drekka sig fulla, en þá hefði allt verið brotið niður og áfengisbölið farið vaxandi og virtist enn vera að fara vaxandi. En hvað segir þessi merkilega játning og yfirlýsing hjá hv. 6. þm. Reykv.? Hún segir það, að bannl., sem samþ. voru 1915, gerbreyttu hugsunarhættinum og það virtist svo, að sumum þætti sómi að því eftir á að láta sjá sig kennda, sem yfirleitt þótti áður minnkun.

Mig langar til í þessu sambandi að minna á eitt dæmi frá æsku minni. Ég var þá stráklingur, sennilega 18 ára, norður í Mývatnssveit rétt fyrir þann tíma, sem bannlöggjöfin gekk í gildi, og hafði þá aldrei bragðað áfengi. Áfengisnautn var þá engin þar, og hugsunarhátturinn var sá, að það væri skömm að því að láta sjá á sér vín á mannamótum. Það voru helzt nokkrir aldraðir menn í réttum og kaupstaðarferðum. Þá var það einn vetur, að 30 Mývetningar fóru á sleðum til Húsavíkur og óku yfir hjarnbreiðurnar 80 km. Flestir höfðu aldrei bragðað vín. Bannlögin voru að ganga í gildi, og einhverjir forustumenn sögðu, að ekki væri um annað að gera en að fá sér brennivín og drekka duglega. Þeir fengu sér á kút, sem var svo stór, að það þurfti talsvert átak til að súpa á honum, því að það var drukkið úr sponsgatinu, enda voru næstum allir fullir, þegar komið var heim í Mý-

vatnssveit. Flestir þessir menn höfðu aldrei bragðað vín áður en þessi vitlausa löggjöf kom. Ég hygg, að sem betur fór hafi fáir orðið sér til skammar fyrir vínnautn síðar, en ég nefni þetta sem dæmi um, hvernig fólk tók á móti þessu og hvernig það reageraði, svo að ég noti svo andstyggilegt orð, af því að ég man ekki annað í svipinn. Ég var mjög þakklátur hv. þm. að fá þessa opinberu viðurkenningu, því að það, sem hann talaði um, nær engri átt, að konsúlabrennivínið hafi haft nokkur áhrif á almenning í þessu efni. En á þessum tímum var hægt að fá þetta óskaplega öl. Á þessum árum var ekkert því til fyrirstöðu að fá gamla Carlsberg. Hann var alls staðar á boðstólum, og þó var þessi gleðilega bróun, sem hv. þm. talaði um, að bindindisstarfsemin fór vaxandi og skoðun manna sú, að það væri skömm að drekka of mikið eða láta sjá á sér. Þá var hægt að fá þennan hlut, sem þessir menn eru að bannsyngja nú. Hver maður, sem vildi, gat fengið öl. En ég verð að segja það, að ég kalla það ekki áfengi, þó að menn drekki þetta öl, þó að það megi þamba svo mikið af því, að menn finni á sér eða spilli heilbrigði sinni. En það er svo með hvað eina, að það má skemma sig á að neyta of mikils af því. Það má drepa sig á að eta of mikið kjöt. Jóhannes Birkiland heldur því fram í ævisögu sinni, sem sjálfsagt er alveg rétt, að hann hafi verið eyðilagður á of miklu kjötáti, eyðilögð skynsemi hans og heilafrumur, svo að hann hafi aldrei orðið samur maður aftur. Hér er líka félagsskapur, sem berst mjög á móti kjötáti og heldur fram, að það sé mjög skaðlegt að eta hvítan sykur. En ég tel ekki meiri hættu að neyta öls með 4% áfengi en að misnota ýmsar fæðutegundir, sem við notum nú, en það má nota hvað eina þannig, að það skemmi líkamsbygginguna, ef vitlaust er að farið.

Mín skoðun á bindindisfólkinu er sú, að það hafi farið skakkt að að nota alltaf þetta úrelta orð: „Þú skalt ekki.“ Það er eina úrræðið hjá þeim í áfengismálunum. Allt þeirra tal og öll þeirra skrif um þessa hluti er byggt á trú á slíkri aðferð. Þessa aðferð er hægt að nota þar, sem einræðisfyrirkomulag er, en í þjóðfélagi, sem er byggt á sams konar grundvelli og okkar íslenzka þjóðfélag, er engin leið til þess. Fólkið þolir það ekki, líður það ekki. Slík aðferð veldur sundrungu í áfengismálum, og er ég þar sammála því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði um það atriði. Okkur ætti að vera það skiljanlegt frá því, er formóðir okkar, Eva, borðaði af því eina tré, sem hún mátti ekki, af því að við hana hafði verið sagt: „Þú skalt ekki.“

Ég held, að við sjáum, hvert sem við lítum, að strangar reglur duga ekki mikið. Hvernig var það þegar kirkjukenningarnar voru strangastar? Aldrei var brotið meira en þá. Hvernig var það þegar Stóridómur var? Aldrei var siðferðið verra en þá. Sifjaspell, jafnvel milli systkina, voru miklu tíðari þá en nú, af því að svo miklu strangara var þá tekið á slíkum afbrotum og menn brutust undan slíku oki. Alveg sama máli er að gegna hér. Okkar góðu bindindismenn hafa fylgt þessari sömu reglu, og afleiðingin er öllum augljós.

Hv. 6. þm. Reykv. var að færa rök fyrir því, að ekki mætti selja vín í smærri skömmtum en þriggja pela flöskum. Ég verð að segja, að þetta er í mínum augum eitt dæmið um þetta ofstæki og ég vil segja hreina heimsku, sem svo iðulega kemur fram í gerðum þessara stæku bindindismanna. Það er að mínum dómi aðeins hrein heimska, að áfengisverzlunin hafi ekki smærri skammt en þetta. Það er rétt, sem hv. 1. flm. skaut fram, að það lítur út fyrir, að ef einhver kaupir vín, þá sé sjálfsagt, að hann kaupi svo mikið, að hann verði blindfullur. Það virðist ekki geta verið annað, sem vakir fyrir þessu fólki með jafnkjánalegum ráðstöfunum sem þessum. Það er það sama og maður sér svo oft í ritum bindindismanna og heyrir í samræðum við þá. Hv. 6. þm. Reykv. kom ekki inn á það, og ég geri ekki ráð fyrir, að hann hafi þá skoðun, að hófdrykkjumenn séu langversta tegundin. Það eru víst menn eins og ég, því að ég bragða einatt vín án þess að verða mér mjög oft til stórkostlegrar skammar og þykist eiga hjá mér hvað ég geri, meðan ég brýt ekki borgaralegar reglur. Margir halda fram, að slíkir menn séu hættulegastir í áfengismálunum. Unga fólkið læri af þeim að drekka, sennilega af því, að þeir þykja eitthvað mannborlegri og skemmtilegri og glæsilegri og verði því unga fólkinu fyrirmynd. Manni virðist, að það hljóti að vera sú ástæða, sem liggur til grundvallar fyrir þessari skoðun ýmissa bindindismanna. En ég lít þannig á, að meðan menn nota vín eins og aðra hluti, innan hæfilegra vébanda, þá sé það mál, sem snerti þá sjálfa og engan annan. Ég lít svo á, að það sé mjög erfitt að ætla að vera forsjón fullorðinna manna um vínnautn eins og ýmislegt annað. Annað mál er með unglinga. Það er hin veika hlið þessa máls, sem sjálfsagt er að athuga í sambandi við þetta. Ég tók fram áðan, að ef hægt væri að koma mér til að trúa því, að öl af þeim styrkleika, sem hér er talað um, væri hættulegra fyrir unglinga en þær tegundir, sem nú er neytt, þá mundi ég snúast gegn frv. En ég veit, að yfirleitt er það svo, að unglingum þykir ölbragð vont, og það er mjög gott, að svo sé. Við vitum, að unglingarnir drekka ekki pilsner og bjór með 2% styrkleika, og meira að segja hefur einn alþm. sagt mér, að hann finni greinileg áhrif, ef hann drekki einn pilsner, ég tala nú ekki um, ef það eru tveir. (**PO**: Hvernig skyldi það þá vera fyrir unglinga?). Nei, því betur er það svo, að unglingum þykir bjórbragðið andstyggilegt, og það er sama, hvort það er bruggað með 2% eða 4%. Það er enginn vafi, að það er annað, sem þeir gangast meir fyrir, en það eru hin léttu vín, sem svo eru nefnd, rauðvín og portvín. Þau eru sæt á bragðið, og það er slíkt bragð, sem börn og unglingar gangast fyrir, eins og allir vita, sem hafa eitthvað haft með börn að gera. Það er því að mínum dómi mesta fjarstæða að hugsa sér, að börn og unglingar fari að leggjast í bjórþamb, þó að það kæmi bjór með svolítið meiri styrkleika. Nei, ef á að taka það, sem börnin gangast helzt fyrir, þá er bezt að taka hin svo köllúðu borðvín, því að það eru þau, sem börn og unglingar gangast helzt fyrir. En það er mesta fjarstæða að bera því við, að unglingar fari að leggja sér þetta öl til munns, svo að nokkru ráði sé.

Ég hef reynt á minni ævi að gera mér grein fyrir ýmsu í sambandi við þessi bindindismál. Ég hef oft reynt að hugsa rökrétt um þessi mál. Ef

það er rétt, sem bindindisfólk heldur fram, að strangt bann sé heppilegast, þá ættu börn frá þeim heimilum, þar sem strangt bindindisfólk er, að verða miklu meiri reglumenn en þar, sem vín er frjálslega um hönd haft. Ég hef að vísu engar tölur, sem hv. 6. þm. Reykv. var að hrópa á. Hann segir, að ekkert sé að marka nema tölur, þó að honum gleymdist að koma með þær sjálfur. Ég hef reynt að gera mér þetta ljóst, og mér virðist, að það sé alveg upp og ofan og að ekki sé hægt að gefa um það neina reglu. Og ég vil meira að segja leyfa mér að segja, að ég hef aldrei séð, að þeir unglingar, sem eru frá ströngum bindindisheimilum, standist hóti meir gegn vínnautn en hinir. Þetta ætti að koma bindindisfólki til að íhuga, hvort það veður ekki í villu í þessum málum og hvort ekki væri betra að líta á áfengismálin eins og hvert annað mál í staðinn fyrir að skoða áfengið eins og einhvern djöful, en það er orðið siður hjá þeim bæði í ræðu og riti að tala um Bakkus eins og einhvern voða djöful, sem vilji undiroka mennina. Það er eins og fyrr var talað um Satan, sem átti að forfæra fólkið eftir þrengstu kenningum kirkjunnar þá. Nei, ég er hræddur um, að öll slík bönn orki litið, en hitt sé skynsamlegra að líta á þetta mál eins og hvert annað mál, sem þarf að fást við.

Ég hef sagt það, sem ég hef sagt hér, af því að ég hef viljað skýra frá því, hvers vegna það er, að ég tel ástæðulaust, eins og ástatt er hér á landi, að banna, að bruggað sé öl af þeim styrkleika, sem hér er um að ræða. Ef hægt væri að útiloka allt áfengi úr landinu, þá væri ekki verið að brugga öl frekar en annað. En þjóðin er búin að glíma við það. Hún er búin að láta bindindismennina hafa þessa hluti með höndum, og við vitum, hvernig fór. Hv. 6. þm. Reykv. segir, að allt hafi verið konsúlavíni og Spánarvíni að kenna o. s. frv. Nei, það var annað. Það fór eins og annars staðar, þar sem vínbann hefur verið sett á, að þjóðin reis upp gegn því, neitaði að hlýða l., og þess vegna varð að afnema þau aftur. Það er aðalatriðið í þessu máli. Ég er sannfærður um, að þjóð okkar væri mörgum sinnum betur sett í áfengismálum, ef aðflutningsbannið hefði aldrei verið sett. Ef bindindisfólkið hefði í stað þess að heimta áfengisbann tekið þá afstöðu að styðja frjálsa bindindisstarfsemi, fá fé til þess úr ríkissjóði, þá hefði sá andi, sem hv. 6. þm. Reykv. segir, að verið hafi í landinu áður en bannið kom og ég get staðfest sem eldri maður, að hann lýsti algerlega rétt, fengið að bróast áfram og sú starfsemi fengið að blómgast, og þá hefðu menn orðið sér minna til minnkunar á síðustu árum en því miður hefur raun á orðið.

Það er alltaf verið að hræsna um þessa hluti. Það er eins og fjöldi manna þori ekki að segja meiningu sína. Ég efast ekki um, þegar ég ræðst á þetta vixlspor bindindismanna, sem ég tel, að þeir hafi stigið, að þá verði deilt harðlega á mig og sagt, að ég sé einhver brennivínsberserkur, sem vilji láta áfengið fljóta í stríðum straumum, því að þeir hafa aldrei önnur rök, og ég efast ekki um, að þeim rökum verði beitt gegn okkur. Hv. 6. þm. Reykv. lét líka skína í það í sinni ræðu, þó að hann tæki það ekki skýrt fram. En ég segi það fullum fetum, að mér dettur ekki annað í hug en að gagnrýna gerðir bindindismanna og held ákveðið fram, að þeir hafi stigið vixlspor í áfengisvarnarmálunum, sem hafi skaðað þjóð okkar stórkostlega mikið. Það væri gott, að stúkan og bindindismenn áttuðu sig á því, að þótt menn geri rangt, þá er karlmannlegt og drengilegt að kannast við það og taka upp réttari aðferðir. Það er á þeim grundvelli, sem á að starfa áfram, en ekki á banngrundvelli, sem hefur verið aðalboð þessa fólks frá því fyrsta. Þó að það hafi í fyrstu orðið að slá undan í bili, þá virðist mér þó, að enn sé efst á stefnuskrá þess fólks algert bann, þvert ofan í alla reynslu, alla skynsemi.

Nú vil ég taka það fram strax, að það er síður en svo, að ég mæli með því, að áfengisverzlunin láti ekki fullum reglum, eins og allt annað í þessu þjóðfélagi. Ég vil taka það fram strax, svo að ekki verði farið að snúa út úr orðum mínum og halda því fram, að ég vilji endilega láta selja öl og vín í hverri búð.

Það má vera, að forseta finnist ég fara dálítið út fyrir efnið, þegar farið er að ræða almennt um áfengismál. En af andstæðingum frv. hefur þetta frv. verið tekið þannig, að það hefur verið rætt algerlega almennt um áfengismál, svo að af þeim ástæðum virðist mér ekki óeðlilegt, að þau séu rædd á þennan hátt.

Ég mun nú láta lokið þeim hluta ræðu minnar, sem snýr að þessu atriði, en á þá eftir að koma nokkuð að frv. sjálfu og ýmsu í sambandi við það. Ég vil taka það fram, að þótt ég sé meðflm. að frv., þá eru atriði í því, sem ég tel, að þurfi að breyta, og get hugsað mér, meira að segja, að þetta mál eigi að vera í allt annarri mynd en það er nú. Það gæti verið til athugunar, að mínum dómi, að ríkið hefði með höndum ölgerð, á sama hátt og það hefur með höndum bruggun á svartadauða og öðrum vintegundum. Ég álít, að þetta sé atriði, sem sjálfsagt sé að athuga í þeirri n., sem fær málið til meðferðar, og hygg, að ef sá háttur yrði upp tekinn, væri eðlilegast, að það lægi undir Áfengisverzlun ríkisins, þó að það sé ekkert aðalatriði í þessu sambandi.

Þá vil ég einnig geta þess, að ég tel, að það gjald, sem talað er um í 2. gr. frv., að greiða eigi fyrir leyfi til ölbruggunar, sé of lágt, enda talaði 1. flm. um, að það sé til athugunar, og tel ég, að það megi vera allmiklu hærra. — Einnig þykir mér líklegt, að rétt sé að hafa gjaldið af ölinu hærra en gert er ráð fyrir í 4. gr. Þar er gert ráð fyrir, að greitt verði kr. 1,50 af hverjum lítra, en 10 aurar af því, sem út er flutt. Ég hygg, að þetta gjald ætti að vera hærra. Ég hygg, að þetta öl, þetta 4% öl, ætti að vera töluvert dýrara en núverandi öl. Og það mundi þá einnig draga úr þeirri hræðslu, að unglingar kaupi það í fristundum sínum, því sem betur fer eru auraráð unglinganna nokkuð takmörkuð, þó að það ætti að vera meira en verið hefur á síðustu árum. Nú á tímum kaupa unglingar mikið af Coca-Cola, og ég efast um, að betra sé að drekka tvær flöskur af því en eina af þessum bjór.

Það eru ýmis önnur atriði, sem ég tel að þurfi mjög að athuga og sjálfsagt er að lagfæra undir meðferð málsins hér á Alþ. Ég skal taka það fram, að ég áskil mér undir meðferð málsins rétt um allar brtt. við frv., bæði að því er snertir að ger-

breyta því þannig, að það verði frekar ríkið, sem hefði ölgerðina með höndum, og einstök atriði, sem ég hef hér nefnt.

Ég tók það fram í upphafi máls míns, og endurtek það enn, að sterkasta ástæðan til þess, að ég hef gerzt meðflm. að þessu frv., er sú, að ég hef, eftir því sem mér hefur verið mögulegt, reynt að láta skynsemina ráða. Og ég tek því fram, að það getur ekki samrýmzt minni skynsemi, að hjá þjóð, þar sem ríkið sjálft selur vín af öllum styrkleika, þyki það goðgá, að bruggað sé öl með 4% styrkleika, eins og hér er farið fram á. Slíkt þykir mér ofstæki, sem lýsir sér í fleiri tiltektum okkar bindindismanna á ýmsum öldum, og hefur það oft orðið til þess að spilla fyrir ýmsum þáttum áfengismálanna, en ekki til þess að bæta þá. Og það er með þetta í huga, sem ég hef gerzt meðflm. að frv. Ég tel þetta ekki stórt mál. Að mínum dómi er það mjög lítið mál. Ég get ekki skilið það, hvernig heilbrigðir menn geta talið það stórmál, hvort bruggað er öl með þeim styrkleika eins og hér er gert ráð fyrir, og þetta held ég, að hafi aðallega vakað fyrir flm. frv.

Ég ætla ekki að fara að svara fyrir hv. 1. flm. frv., hann mun gera það sjálfur. En af því að hv. 6. þm. Reykv. hneykslaðist á því, að hann (flm.) mundi ekki beygja sig fyrir ýmsum áskorunum um það mál, sem hér um ræðir, þá verð ég að segja það, að það hefur ekki nein áhrif á skoðanir mínar í þessu máli, enda er það algert stjórnarskrárbrot, því að það er ritað, að þm. eiga að fara eftir sannfæringu sinni og engu öðru. Og þótt það kæmu mótmæli frá nokkur hundruð kjósendum, haggaði það ekki sannfæringu minni nokkurn hlut. Við flm. fáum náttúrlega okkar dóm á sínum tíma, hvaða afstöðu við höfum tekið í þessu máli, og ég vona, að hv. 6. þm. Reykv. þurfi ekki að kvíða því, að sá dómur gangi ekki yfir á réttan hátt. Vera má, að ef það lýðræði, sem hann vill, ríkti hér, fengist sá dómur aldrei réttlátur. En sem betur fer er ekki svo enn, og vonandi verður þess langt að bíða.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég hef farið fram á það við hæstv. forseta, að hann héldi ekki lengi fram umr. í dag, því að það er þingflokksfundur í mínum flokki. Vildi ég heyra, hvort hann ætlar að neita þessari beiðni um, að mér og öðrum flokksmönnum gefist kostur á að halda flokksfund á venjulegum tíma.

Forseti (BG): Ég mun ekki neita beiðninni, því að það liggja einnig fyrir óskir frá þm. um, að málinu verði haldið áfram nú. Mun ég því láta hv. þd. skera úr þessu með atkvæðagreiðslu.

ATKVGR.

Felit var að halda áfram umr. um málið með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JóhH, JPálm, JS, SB, SEH, SK, SkG, StgrSt, EmJ, HB.

nei: HermG, JG, KTh, PÞ, PO, SigfS, SG, StSt, ÁkJ, BÁ, EOl, EystJ, HÁ.

JörB, GÞG, HelgJ, BG greiddu ekki atkv.

7 þm. (JJ, LJós, ÓTh, StJSt, ÁÁ, FJ, GTh) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Pétur Ottesen: Ég þarf að mæta á fundi klukkan 5, en vil hins vegar gjarnan vera viðstaddur þessar umr. Ég er þess vegna með því, að umr. um málið verði frestað, og segi því nei.

Sigfús Sigurhjartarson: Það er algild venja, að þingflokkunum sé gefið tækifæri einmitt á þessum tíma, klukkan 5, og hef ég aldrei vitað til þess, að bera þyrfti undir þd., hvort þessi venja ætti að haldast. Forseti hefur ætíð leyft þetta, og því segi ég nei.

Sigurður Bjarnason: Ég vil taka það fram vegna ummæla, sem féllu hjá hv. 6. þm. Reykv. (SigfS), að ég tel, að forseti hafi viðhaft fyllilega eðlilega meðferð í þessum efnum. Það hafa komið fram andstæðar kröfur.

Ég vil svo gera grein fyrir atkvæði mínu. Mér er ekki sérstakt kappsmál, að fundi verði fram haldið, en vil í þessu sambandi benda á það, að umr. um þetta mál hefur dregizt úr hömlu venju fremur og 6. þm. Reykv., sem nú biður um frestun á umr., hefur einu sinni áður beðið um slíka frestun. Þó að ég vilji virða rétt þingflokkanna til þess að halda sína flokksfundi, sé ég, þegar þannig er í pottinn búið, ekki ástæðu til að verða við slíkri ósk, og segi því já.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Það er eingöngu vegna þess, að það hefur verið boðaður flokksfundur hjá Framsfl. klukkan 8, að ég segi nei.

Forseti (BG): Út af ummælum hv. 6. þm. Reykv. vil ég taka fram, að ég tel rétt, þegar óskir þm. ganga í gagnstæðar áttir um fundarhald, að þá sé þd. gjarnan látin skera úr a. m. k. þegar svo stendur á sem hér hefur verið, að nauðsynlegt hefur verið að hafa þingfundi á óvenjulegum tíma, og er hv. 6. þm. Reykv. vel kunnugt um orsakirnar til þess.

Umr. frestað.

Á 18. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 17. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Halldór Ásgrímsson: Ef dæma má eftir málflutningi 1. flm. og þeirri grg., sem fylgir frv., mætti ætla, að þeim, sem af alvöru vilja vinna gegn áfengisbölinu í landinu, hafi bætzt nýr liðsmaður. Því er haldið fram, að þetta eigi að vera mjög siðbætandi í sambandi við nautn áfengis, en ráð þessara manna í sambandi við nautn áfengis er, að enn sé veitt nýju áfengi, sem selt sé við hvert búðarborð, á hverjum veitingastað og á hverri skemmtun og enn fremur, að framleiðendur geti selt það beint til neytenda, en ekki minna en 25 flöskur. Samkvæmt þessu verður að álykta, að þeim mun meira áfengi, þeim mun minni drykkjuskapur, en ég held, að þessi röksemdaleiðsla þeirra sé jafnfjarri lagi og annað, sem þeir hafa fært fram máli sínu til stuðnings.

Það er réttilega fært fram í grg., að það sé mikil ómenning samfara þeirri áfengisnautn, sem

nú er, og sérstaklega hinna sterku drykkja. En yrði það þá minna, ef menn fá áfengt öl?

Okkur eru gefin mjög mörg fögur fyrirheit í sambandi við þetta frv. Okkur er lofað sjúkrahúsum, bara ef við drekkum nóg af áfengu öli. Það má segja, að út af fyrir sig sé það þakkarvert, að þessum mönnum hefur dottið í hug, að það þurfi aukinn sjúkrahúsakost, þegar ölspillingin fer að sækja út í þjóðfélagið. Það er svo sem vist, að öll nautn áfengra drykkja hefur heilsuspilli í för með sér, og má segja, að það sé þakkarvert að vilja nota hagnaðinn til að auka sjúkrahúsakostinn, og blandast engum hugur um, að eins og ástandið er í sjúkrahúsmálum okkar væri æskilegt, að bætt væri úr. En það þarf ekki síður að auka heilsuvernd þjóðarinnar, og ég verð að ætla, að ekki sé minna í þá heilsuvernd varið, sem bætir úr áfengisbölinu, — ég tala ekki um þann ávinning, sem fengist með aukinni hófsemi einstaklinganna. Ég held þess vegna, að þótt hægt yrði að afla tekna, eins og okkur er lofað, með sölu öls, að það verði of dýru verði keypt að afla þjóðinni tekna á þann hátt til þess að byggja upp sjúkrahús landsins, og að betra væri að afla þeirra tekna öðruvísi.

Það eru margir landsmenn, sem halda því fram, að draga beri úr áfengisnautn með því að fækka útsölustöðum. Þeir benda á það, að þar, sem tiltölulega erfitt er að ná í áfengi, sé minni drykkjuskapur, en flm. líta svo á, að það beri að gera mönnum létt fyrir að afla áfengis. En þetta er kannske ekki það alvarlegasta. Hitt er alvarlegra, að það má telja það víst, að ýmsir, sem ekki neyta áfengis, muni neyta þessa öls, m. a. af því að þeim er talin trú um, að það væri ekki hættulegt, af því hvað það inniheldur lítið áfengi. En það má telja tiltölulega víst, að þegar þeir verða búnir að venja sig á það áfengi, sem er í ölinu, muni þeir reyna að ná sér í annað sterkara, og þá held ég, að við séum komin að því, sem er hættulegast í þessu máli, en það er hættan fyrir æskuna í landinu. Því hefur verið haldið fram í þessum umr., að ekki sé mjög mikil hætta á, að æskan sækist eftir þessu öli, vegna þess hvað það er bragðvont. Það hefur oft verið nefnt, hvað svartidauði væri bragðvondur, en það virðist ekki standa í vegi fyrir því, að hann sé drukkinn. Og hafa menn athugað það, hvað þetta öl á að vera víða? Það er sem sé gert ráð fyrir því, að það verði rétt að mönnum við hver vegamót, og má þá búast við, að áhrifa þess gæti fljótt inn í raðir þeirrar æsku, sem ekki er farin að nota áfengi. Og það er ekki einasta æskan. Það eru líka börnin.

Þá er í grg. þessa frv. rætt um innflutning áfengis til starfsliðs Keflavíkurflugvallarins og að hægt muni vera að afnema hann, ef þetta áfenga öl verður á boðstólum. Það má vel vera, að svo sé, en ég held, að það væri of dýru verði keypt, ef ekki er hægt að fjarlægja þetta á annan hátt, sem ég vona, ef um leið á að hleypa þessu áfenga öli út til þjóðarinnar.

Það hefur verið sagt í sambandi við þetta, að hægt sé að afla verulegs gjaldeyris með ölframleiðslunni. Það vita allir, hve gjaldeyrisvandræðin eru mikil, og er gott fyrir þessa menn að geta sagt, að við fáum gjaldeyri. En ég tel það ólíklegt, þegar við getum ekki keppt við nokkra þjóð um framleiðslu, að við getum á þessu sviði, þrátt fyrir Gvendarbrunnavatn, orðið samkeppnisfærir við þjóðir, sem búa við betri framleiðsluskilyrði og aldagamla tækni á þessu sviði. Nei, það er allt á sömu bókina lært um málflutning 1. flm. og í grg. Ég held, að það ætti að duga að gefa stutt og laggott svar, eitthvað svipað því, sem gefið var uppi á háu fjalli í fyrndinni, þegar gert var svipað tilboð.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða marga liði þessa máls. Það er búið að hrekja ýmsar helztu firrurnar, eins og þá, hvílík fjarstæða það sé, að bæði sé hægt að afla nýrra tekna með áfengissölu og samtímis draga úr áfengisnautn.

Eitt er athugavert í sambandi við þetta frv. Því er haldið fram, að tvær ástæður liggi til þess, að það eigi að ná samþykki, en það er siðsemin og fjáraflanir til þess að byggja upp sjúkrahús landsins. En það hefur gleymzt að gæta þess, að þessar tekjur renni til ríkisins. Það er sem sagt hugsað, að hér geti skapazt einstaklingsgróði í skjóli þessarar framleiðslu. Og það eitt fyrir sig er vitanlega stór afturför í áfengismálum okkar frá því, sem nú er. Og það má segja, að það sé furðulegt, þar sem nú er þó viðurkennt, að það sé á engan hátt betur komið hagnaðinum af áfengisverzlun en hjá ríkinu. Það er þess vegna sjáanlegt, að hv. flm. þessa frv. hafa látið sér detta í hug að færa þessi mál í það form, sem einu sinni ríkti, — sem sé, að einstaklingar geti gert sér áfengismálin að féþúfu, og það svo freklega sem ætla mætti, að hægt væri í gegnum þetta.

Það eru margar athyglisverðar setningar í grg. þessa frv. Og mér verður á að líta hér á niðurlagið, þar sem ég les m. a. þessar setningar, með leyfi hæstv. forseta:

„Íslendingar fara illa með vín. Það er staðreynd, sem ekki verður gengið á snið við, því miður. En þeir mundu halda áfram að gera það, ef ekkert er gert til þess að skapa aukna umgengnismenningu á þessu sviði. Framleiðsla og sala góðs öls í landinu sjálfu er tilraun til umbóta. Sú tilraun er ekkert fálm út í loftið. Reynsla fjölmargra menningarþjóða hefur sannað árangur hennar. Þess vegna verður að vænta þess, að þessu frv. verði tekið af skilningi á því mikla vandamáli, sem það miðar að umbótum á."

En ég held, að það sé aðeins einn skilningur réttur á þessu máli, að fella þetta frv. strax við þessa umr.

Ég get svo ekki neitað mér um að víkja fáeinum orðum að ræðu hv. 2. flm. frv. (StgrSt). Það mátti segja, að þar kvæði við talsvert annan tón en hjá hv. 1. flm., — tón, sem var karlmannlegri og yfirdrepslausari. Mér virtist hv. 1. flm. ganga hreint til verks og kalla eftir meira áfengi eða a. m. k. fleiri áfengistegundum. Hann gat þess þó að vísu, að hann gæti sætt sig við einhverjar takmarkanir á sterkum drykkjum, og er það út af fyrir sig þakkar vert. En ræða hv. 2. flm. var yfirdrepslaus og ekki með neinum loforðum, sem hann vissi, að hann gæti ekki staðið við. Hann boðaði enga siðbót, lofaði engum sjúkrahúsum. Hann lofaði aðeins því, sem hægt er að standa við í þessu sambandi, og það er það að hafa meira áfengi á boðstólum. — Það var líka athyglisvert hjá þessum hv. þm., 2. flm., að hann lýsti yfir, að

hann væri alls ekki ánægður með þetta afkvæmi sitt. Það var bara eins og manni gæti dottið í hug, að hann hefði eignazt það eitthvað óviðkomið og hann sæi fram á, að honum yrði það að lítilli gleði nú þegar og eftir því sem stundir liðu.

Þessi hv. þm. heimtaði rök frá andmælendum frv. Já, það má nú einlægt heimta. En það er dálitið furðulegt, að hann skyldi óska eftir meiri rökum, þó að vafalaust væri hægt að bera þau á borð fyrir hv. flm., því að það er vitað mál og augljóst, að með rökum andstæðinga þessa frv. var búið að tæta hverja einustu forsendu, sem lögð var fram til stuðnings þessu frv. En ég tel víst, að hægt væri að bera mörg fleiri rök á borð fyrir hv. flm., ef þeir óska eftir.

Þessi hv. 2. flm. frv. lýsti drengilega yfir því, eins og hans var von og vísa, að hann væri jafnvel tilbúinn að ganga gegn þessu frv., ef hægt væri að sanna honum, að þetta frv., ef samþ. yrði, mundi verða til þess að auka drykkjuskap æskunnar. En hvað eru sannanir? Það er staðreynd, að eftir því sem fleiri áfengistegundir eru fáanlegar og eftir því sem auðveldara er að ná í áfengi, eykst drykkjuskapur óhjákvæmilega meira, og eftir því sem meira er á boðstólum af vægum vintegundum, því hættulegra verður áfengið fyrir alla byrjendur. — Hv. 2. flm. líkti þessu öli við fæðutegund, jafnvel dilkakjöt, og þótti mér þar nokkuð langt gengið. Það getur vel verið, að þetta öl eigi að hafa inni að halda einhver sérstök bætiefni, sem ekki er búið að boða okkur. Það getur verið, að þetta öl eigi meira að segja að vera svo að gera ónauðsynlegan innflutning á ávöxtum. En hvað er það, sem búið er að boða okkur um það, hvað þetta öl eigi að hafa fram yfir þær viðurkenndu öltegundir, sem nú eru hér til staðar? Er ekki framleiddur hér nógu góður pilsner eða nógu góður bjór eða maltöl eða hvað það nú er af öltegundum, sem hér eru til staðar? Hvað á þetta nýja öl að hafa fram yfir þær öltegundir, sem við höfum hér fyrir? Það er ekki búið að upplýsa, að það eigi að hafa neitt þar fram yfir annað en áfengi. Það ber þess vegna alls staðar að sama brunni, að það er það eitt, sem sótt er eftir í sambandi við þessa ölframleiðslu.

Hv. 2. flm. frv. veittist mjög að banninu. Það mætti nú segja, að það mál kæmi ekki þessu máli við. En hann hélt því fram, að það illa ástand, sem nú ríkti í áfengismálum hjá okkur, væri allt banninu að kenna (StgrSt: Alveg rétt). Já, ég vona, að ég fari yfirleitt rétt með það, sem ég vitna í hér. En það var búið að sýna þessum hv. flm. og öðrum fram á, að það var aldrei fullkomið bann í landinu. Það er ekki enn búið að reyna fullkomið bann. Þegar bannið var, voru alls konar undanþágur og misbrúkun á reglum, sérstaklega um læknabrennivínið (StgrSt: Alveg rétt). Og þeir, sem muna þá tíma, muna, hvernig læknabrennivíninu var þá ausið út á báða bóga. Svo leið ekki á löngu þangað til Spánarvínið kom, og þá var útséð um, að þetta bann næði nokkrum árangri. Auk þess má geta þess, að á þessum tíma var mjög lélegt eftirlit, m. a. tolleftirlitið með innflutningnum, og því erfitt að líta eftir, að vín væri ekki smyglað inn í landið. Og þar við bættist svo, að í hópi opinberra embættismanna, sem áttu að gæta þess, að bannlögin væru haldin, voru allt of margir, sem voru andvígir þeim. Það var því fjarri því oft, að hugur fylgdi hönd, þegar eitthvað var gert til þess að afstýra bannlagabrotum. Það er því hrein fjarstæða, að það sé hægt að kenna banninu um það ástand, sem nú ríkir í áfengismálum okkar.

Hv. 2. flm. sagði okkur átakanlega sögu um það, hvernig 30 ungir menn úr Mývatnssveit brutu af sér hlekki áfengisbannsins. Ég tel þetta ekki sönnun þess, að bannl. hafi verið slæm, heldur raunasögu 30 ungra manna, sem gera sig seka um það gáleysi að brjóta þau l., sem þeir eiga að fylgja. (StgrSt: Þetta var áður en bannl. gengu í gildi). Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir því, að þetta hafi átt að vera ein sönnun á hendur bannl., því að þetta átti, eftir útlistun hv. 2. flm., að hafa verið bannl. að kenna. Ég held, að þá sé ekkert sérstakt við þessa sögu, fyrst bannið var ekki komið á þegar hún gerðist, nema ef vera mætti það, sem mætti þykja furðulegt, að kúturinn hafi verið svo stór, að jafnefldir menn og hv. 2. flm. áttu erfitt með að koma honum upp að vörum sér. Það mun ekki hafa verið í byrjun, heldur þegar kúturinn tók að léttast. (SigfS: Kúturinn léttist, en kraftarnir minnkuðu).

Þessi hv. þm., 2. flm., líkti þessum bannl. við Stóradóm. Ég er hissa á því, að þessi maður, jafnöfgalaus og hann er að jafnaði, skuli leyfa sér að gera þennan samanburð. Það er vitað, að Stóridómur er mest hataða löggjöfin, sem Íslendingar hafa orðið að beygja sig fyrir, m. a. þau ákvæði, að karl og kona, sem vildu njótast, fengu ekki að njótast, ef hægt var að rekja saman ættir þeirra langt aftur í liðum. Er það kannske svipuð tilfinning, sem grípur þessa menn, m. a. flm. þessa frv., eins og hefur verið á liðnum öldum hjá þeim körlum og konum, sem reyndu að fara á bak við ákvæði Stóradóms? Er það kannske ástin á Bakkusi, sem er á bak við og grípur þannig um sig og veldur því, að þeim finnst ákvæði Stóradóms hliðstæð bannl. og vilja svo engin bannlög hafa?

Þá virðist hv. 2. flm. vera hneykslaður á því, að það gangi eins og rauður þráður gegnum alla löggjöfina: „Þú skalt ekki.“ Það væri æskilegt, að það þyrfti ekki að nota það ákvæði eins og það er notað. En hvernig er það með þessi tíu gömlu boðorð, sem hafa staðið í hverjum barnalærdómi kynslóð eftir kynslóð og okkur hefur verið innprentað, að við ættum að halda? Fer þeim ekki líka að verða hætt, ef það á að hamast á móti þessu ákvæði: „Þú skalt ekki“? Eru þau ekki í samræmi við okkar löggjöf? Og hvernig ætli það yrði með löggjöf allra síðaðra þjóða, ef ætti að telja það höfuðsök, að í þeim stæðu ákvæði, sem banna eða fyrirskipa þetta eða hitt? Mér er bannað t. d. að vega mann, þó að mér finnist hann hafa gert það mikið á hlut minn, að mér finnist, að hann hafi unnið sér til óhelgi. En mér á ekki að vera bannað að hefna mín á honum með því að selja börnum hans áfengt öl og vísa þeim svo upp í — eða niður í — „ríki“ á svartadauða þar og skilja svo við þau sem „róna“ niðri í Hafnarstræti. Þetta má ekki banna. Mér er líka bannað, þó að ég þyrfti þess með, að afla mér fæðis og klæðis með því að ræna til minna nauðþurfta. En mér á ekki að vera bannað að setja niður ölknæpu hvar sem ég vil, til þess að afla mér stórgróða á

þann hátt! Það er vitanlega allt þjóðhættulegt, sem ég nefndi. En þetta síðast talda er e. t. v. þjóðhættulegast.

Hv. 2. flm. hélt því fram, að það væri einkamál hvers og eins, hvort hann drykki meira eða minna, og það ætti ekki að skipta sér af fullorðnum mönnum á því sviði. Ég veit, að þótt ég eða hv. 2. flm. smakki vín, þá er óþarfi að skipta sér af því. En hversu mörg dæmi eru um það, þar sem þjóðfélagið getur ekki látið sig engu skipta, hvort fullorðnir menn skulum við segja neyta áfengis, ekki aðeins vegna einstaklinga, heldur og vegna heimila þeirra og aðstandenda? Ég held, að þeir, sem vilja hafa leyfi til að hafa um hönd áfengi, geti vel við unað það, sem nú er hægt að fá af því, og þó að minna væri. Ég held, að það væri réttara af þeim að ganga inn á það, að takmarkað væri það áfengisflóð, sem nú gengur yfir þetta land, en ekki leggja lið sitt til þess að reyna að auka það. Ég held, að það sé rétt fyrir þá að íhuga það, hvort þeir eigi nú enn að vega í þennan sama knérunn, sem áður hefur verið svo mjög að gert. Og ég held, að það sé rétt at áfengisunnendum að kalla til þessara hv. flm. og segja: Klaufi! Kunn þú hóf þitt! Og ég held, að það sé rétt að láta þá menn, sem vilja vinna að umbótum í áfengismálunum, a. m. k. halda þessu eina litla, en þýðingarmikla vígi á þessu sviði, þ. e., að ekki sé bruggað áfengt öl hér á landi.

Ég er í dag einn af þeim, sem ekki eru ákveðnir með banni. Og ástæðan fyrir því er sú, að ég tel, að ekki séu nú sem stendur skilyrði fyrir hendi, sem gefa mundu æskilegan árangur í sambandi við bann. En ég geri ráð fyrir, að margir af þeim mönnum, sem ekki eru í dag reiðubúnir til að fylgja algeru banni, en í dag vilja bara draga úr áfengisneyzlu, mundu hverfa strax í raðir bannmanna um leið og þetta nýja áfengi væri komið á markaðinn. Og ef ég væri sérstakur unnandi áfengis, mundi ég telja hyggilegast að láta staðar numið — gjarnan kannske vilja láta eitthvað til baka af áfengistegundum, sem á boðstólum eru — og vega a. m. k. ekki oftar í þennan sama knérunn.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Það mætti nú ætla, að ég hefði ýmsu að svara þeim þremur hv. þm., sem mælt hafa gegn þessu máli. En í raun og veru er það nú samt ekki margt, sem ég þarf að segja gegn málflutningi þeirra og rökum. Í ræðum þessara þriggja hv. þm. hefur verið afar lítið um rök. Það hefur aðallega borið þar á fullyrðingum og staðhæfingum, sem lítil rök hafa fylgt. Það er dálítið táknræn ein setning, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, sem nú var að setjast niður, fyrir allan málflutning þessara manna hér á þingi og utan þings. Hann sagði: það er aðeins einn réttur skilningur til á þessu máli, það er að fella þetta frv. frá 1. umr. Það er einmitt þetta, sem einkennir allar umr. þeirra manna, sem eru svipaðrar skoðunar og þessir hv. þm.: að það er ekki til nema einn réttur skilningur. Það er ekki til nema ein hlið á málinu, — sú hlið, sem þeir túlka, sá skilningur, sem þeir hafa gert að sínum skilningi og þeir staðhæfa, að sé sá eini rétti skilningur. Þetta sýnir mjög vel, af hve mikilli viðsýni og öfgaleysi og af hve miklum vilja til þess að leysa það vandamál, sem hér er um að ræða, ræður þeirra mótast. Það er ekki til nema einn réttur skilningur, það er skilningur þessara hv. þm. Það er ekki til nema ein hlið á þessu máli. Er það hygginna manna háttur, manna, sem rökstyðja vilja mál sitt og leiða fram rök með og móti, að viðhafa slíkan málflutning?

Sá hv. þm. af þeim þremur hv. þm., sem hér hafa talað, sem ég tel mig sérstaklega þurfa að svara, er hv. 6. þm. Reykv. (SigfS), sem flutti ræðu sína hér í tveimur köflum og skemmti hv. þm. með því í síðari kafla ræðu sinnar að tyggja upp allan fyrri kaflann, með nokkrum smábreytingum og útþynningum. Þessi hv. þm. var einu sinni kennari. Mér er að vísu sagt, að hann sé hættur að kenna, og mig furðar satt að segja ekkert á því, að hann sé hættur að kenna. Hann byrjaði samt á því að halda hér nokkurs konar kennslustund fyrir mig. Hann margtók fram, að hann ætlaði að kenna mér að draga réttar ályktanir, kenna mér rök, kenna mér þetta og hitt. Ég hef lært eitt af ræðu þessa hv. þm., nefnilega, hvernig ekki á að flytja mál, hvernig ekki á að reyna að gera málstað sinn líklegan, því að svo dæmalaus vatnsgrautur var öll ræða hans, að ég minnist þess ekki í lengri tíma að hafa heyrt slíkt borið á borð fyrir hv. þingheim a. m. k.

Það var fyrst og fremst tvennt, sem þessi hv. þm. deildi á þetta frv. fyrir og þóttist í sambandi við þau atriði hafa sannað á mig lítla rökvísi. Hann sagði: Í fyrsta lagi hefst grg. þessa frv. á rökleysu, því að þar er sagt, að það eigi að afla aukinna tekna í ríkissjóð með bruggun og sölu áfengs öls, en jafnhliða draga samt sem áður úr brennivínssölu. Ég játa það, að það er okkar flm. höfuðröksemd fyrir þessu máli, að við teljum, að með bruggun og sölu áfengs öls í landinu mundi draga úr þeirri hóflausu brennivínsneyzlu, sem hér á sér stað. En ég vil ganga lengra í því en bara að leyfa að brugga öl. Ég vil láta hækka verð á brennivíninu. Það mundi þýða það, að enn fleira fólk mundi fælast frá að kaupa það, og líka þýða það, að ef ríkissjóður þarf þessara tekna við óskertra, þá eru líkur til þess, að hann með hækkuðu verði á brennivíninu héldi þeim gróða óskertum. En væri þá svo mikill skaði skeður, þó að tekjur ríkissjóðs af brennivínssölu beinlínis rýrnuðu? Væri þá mikill skaði skeður, þó að íslenzka ríkið hefði nokkrum millj. króna minni ágóða af sölu þessara sterku og hráu drykkja en nú er? Það var eins og hv. 6. þm. Reykv. yrði skelkaður við þá tilhugsun, að brennivínsdrykkjan minnkaði, þá tilhugsun, að Íslendingar ættu kost á færri brennivínsflokkum eftir að farið væri að brugga öllið. — Nei, þessi hv. þm. hefur ekki sannað á okkur flm. þessa frv. neina af þeim rökvillum, sem hann taldi, að kæmu fram hjá okkur í sambandi við þetta frv. Það er í fyrsta lagi hægt að hækka brennivínsverðið, og ég teldi það heppilegast til þess að bægja mönnum frá að drekka sterku drykkina, en til þess að drekka fremur öllið. Og það er enginn skaði skeður, þó að tekjur ríkisins af þessari verzlun minnkuðu eitthvað, en ykjust að sama skapi við ölsölu, eða jafnvel þó að þær ykjust ekki að sama skapi af þeirri sölu.

Þá var annað atriði, sem þessi hv. þm. gerði mjög að umræðuefni. Hann spurði um það, hvort

ég gæti ekki afsannað skýrslu landlæknis um áhrif öldrykkju með tölum og hagskýrslum. Nú minntist þessi hv. þm. ekki á neina tölu úr þessum skýrslum landlæknis. Hann var að fleipra um þessar skýrslur, en minntist ekkert á það, hvernig þessar skýrslur væru, annað en það, að í þessum skýrslum væri sannað, að þar í löndum, sem menn drykkju mikið áfengt öl, drykkju menn mikið brennivín og meira af sterkum drykkjum en þar, sem sala áfengs öls væri ekki leyfð. Af því að þessi hv. þm., sem einu sinni kenndi stærðfræði í skóla, kallaði eftir tölum, skal ég nú taka nokkrar mjög einfaldar tölur og sýna honum þær.

Árið 1946, sem er sá tími, sem skýrslur liggja fyrir um nýjastar um áfengisneyzlu Íslendinga, voru seld sterk vín og drykkir á Íslandi alls tæplega 600 þús. lítrar, þ. e. a. s. 4,55 lítrar á hvert mannsbarn á landinu. Á sama tíma voru seld vín á Íslandi með 16 til 22% áfengisstyrkleika 86.701 lítrar, eða 0,6 lítrar á mann á Íslandi, og 17,981 lítrar af borðvínum, eða 0,1 lítri á mann á Íslandi. Af áfengu öli var ekkert drukkið, af því að það var ekki til í landinu. Í Danmörku var á árinu 1945 drukkið af sterkum vínum 1,92 l á mann, af léttum vínum 1,99 l á mann, en af sterku öli 31,1 l á mann. Hvað segja þessar tölur? Segja þær það, sem hv. 6. þm. Reykv. staðhæfir hér, og segist styðjast þar við skýrslur landlæknis, að því meira öl sem menn drekki, því meira drekki menn af sterkum vínum? Eftir samanburðinum lítur þetta þannig út, að Íslendingar, sem hafa ekkert öl, drekka hálfan fimmta l á mann af sterkum vínum, en Danir, sem hafa öl, drekka 1,9 l á mann af sterkum vínum. Hvað sanna þessar tölur? Sanna þær mitt mál eða sanna þær mál hv. 6. þm. Reykv.? Ég held því fram, að með því að leyfa sölu og gerð létts, áfengs öls í landinu séu líkur fyrir því, að neyzla sterkra vína minnki. Hann heldur því fram, að með því að leyfa þetta séu líkur fyrir því, að neyzla sterkra vína vaxi. Ég held, að það sé ekki hægt að draga þá ályktun af þessum tölum. Það held ég, að liggi nokkurn veginn í augum uppi. Íslendingar drekka hálfan fimmta lítra á mann af sterkum vínum, en í öllandi, þar sem drukkið er hvað mest öl, þar er ekki drukkið nema innan við 2 l á mann af sterkum vínum.

Ég hef ekki tekið fleiri lönd til samanburðar í þessu. Það má athuga það síðar, en mér virðist, að þessar tölur tali sínu máli.

Það er hins vegar athugavert í þessu sambandi, að Danir, sem drekka svona lítið af sterkum vínum, en mikið af öli, drekka nokkurn veginn sama áfengismagn, miðað við hreinan spíritus, eins og við Íslendingar. Við Íslendingar drekkum, miðað við hreinan spíritus, um það bil 2 l á ári, en af því er svo að segja allt áfengismagnið, eða 1,84 l á ári, sterk vín, en í Danmörku er hins vegar mjög mikill hluti áfengismagnsins úr léttu vínunum og öli, og minnist ég enn á þá staðreynd læknavísindanna, að því þynnra sem áfengið er, því skaðminna sé það. Menn geta sagt sér það sjálfir, hvort muni vera skaðlegra að drekka vín, sem er 100% alkóhól, eða drekka það í 4—6% bjór, eins og Danir gera, eða í borðvíni, sem er 12—15%. Það verður að líta á þetta, þegar svona mál eru rædd. Það er ekki hægt að berja höfðinu við steininn og æpa: Þjófur, þjófur! eins og þessir þm. gera, sem nú bera okkur, sem þetta mál flytjum, á brýn, að við viljum gefa drykkjuhrútunum og þeim, sem misnota áfengi, sem frjálsastar hendur til þess að drekka það. Það er ekki hægt að flytja mál með slíkum hætti og ætlast til þess, að menn séu teknir alvarlega.

Ég hef þá svarað þeim tveimur höfuðröksemdum, sem hv. 6. þm. Reykv. gerði að uppistöðu í málflutningi sínum. Ég sé ekki mikla ástæðu til þess að fara að ræða bannið. Það var gert hér á skörulegan og glöggan hátt af hv. 1. þm. Skagf. (StgrSt). En ég vil aðeins segja varðandi það, sem hv. 6. þm. Reykv. var að tala um, að ég myndi skírnarnafn mitt svo langt aftur, — að ég skal játa það, og tel ég mig ekki ómínnugri mann heldur en ýmsa aðra, að ég man ekki skírnarorð mitt, en ég þarf ekki að muna það til þess að muna, hvaða ástand flaut í kjölfar bannsins. Ég man árin í kringum 1930, eftir að bannið var afnumið, heima á æskustöðvunum við Ísafjarðardjúp og norður í Eyjafirði, meira að segja úti í Svarfaðardal, þar sem hv. 6. þm. Reykv. eitthvað þekkir til. Ég man ósköp vel, hvernig ástandið var á skemmtunum bæði þar og vestra og víðar, þar sem heimabruggið flaut. Það eru einhverjar óskemmtilegustu endurminningar, sem fjöldamargir ungir menn eiga frá skemmtunum og samkomum.

Það er svo fjarri því, að ég telji, að fólk í mínu héraði hafi verið verr á vegi statt en annað fólk, — ef til vill betur, — ég skal ekki fullyrða um það. En ég sá það, sem gerðist í þessum efnum í Eyjafirði og jafnvel í ættbyggð hv. 6. þm. Reykv.

Hv. þm. sagði, að nú brygði allt í einu svo við, að léttu vínin væru orðin vond og dygðu ekki til að halda mönnum frá neyzlu sterkra drykkja. Áður hefði því verið haldið fram, að léttu vínin ættu að draga úr neyzlu sterkra drykkja. Ég hef engan heyrt halda því fram, að léttu vínin væru verri nú en fyrr, en hitt er annað mál, að ekki er alltaf hægt að fá þessi léttu vín í áfengisverzluninni. Eina vínið, sem alltaf er nóg af, er svartidauði, og það er vegna þess, að ríkið græðir mest á því. Það er athyglisvert, að á árinu 1946 eru einungis seldir 17000 lítrar rúmir af brennivíni. Vegna hvers er þetta? Meðal annars af því, að þessi vín, léttu vínin, fást ekki, a. m. k. ekki alltaf, og það er allt gert til þess að halda sterku vínunum að fólkinu.

Um bannið er annars óþarfi að fjölyrða. Það kemur engum öfgalausum hugsandi manni til hugar, að á Íslandi verði sett á bann aftur. Þjóðin hefur reynslu af banni. Það voru sett bannl. á sínum tíma, sem voru samþ. með 60% meirihlutafylgi hjá þjóðinni — 60% sögðu já við því.

En 1933 voru bannl. afnumin með svo að segja 60% meiri hl. Það var 60% þjóðarinnar, sem sá, að þessi tilraun hafði misheppnazt. Þjóðin hefur þannig sjálf dæmt um þetta greinilega, — svo greinilega, að ekki verður um villzt. En þessir hv. þm. segja: Það var raunverulega aldrei neitt bann hér. Það var konsúlabrennivín, læknabrennivín og Spánarvín. En má ég spyrja þessa hv. þm.: Halda þeir, að heimabruggið hefði orðið minna og aðstaðan að því leyti betri, ef ekki hefði verið leyfður innflutningur á Spánarvínum? Það þarf ein-

kennilegan hugsanagang til þess að draga þær ályktanir, og það þarf lengi að kenna mér að draga ályktanir, ef ég á að draga svona ályktanir.

Hv. 6. þm. Reykv. og raunar fleiri hafa talið það sem eina höfuðröksemd gegn þessu máli, að líkur væru til þess, að skólafólk og unglingar byrjuðu að drekka, ef það næði fram að ganga, og hv. þm. nefndi verkamenn og ég held fleiri stéttir. Hvers vegna nefnir hann ekki kennara og iðnaðarmenn? Er ekki hættan jafnmikil fyrir alla í þessum efnum? Varðandi það, að hætta sé á því, að unglingar byrji að drekka, ef farið væri að selja áfengt öl, vil ég segja það, að mér er sagt, að á sínum tíma, þegar hér var öl í landi, þá hafi því farið fjarri, að unglingar væru ginnkeyptari fyrir því en aðrir, og það hafi verið mjög fátitt, að unglingar og menn yfirleitt drykkju sig ölvaða af öli.

Þetta kemur einnig heim við reynslu annarra landa. Við þetta bætist svo það, að við sjáum upp á það hér, að það ungt fólk, sem drekkur, skirrist ekki við að byrja á því að drekka hin sterku vín. Spurningin er þá þessi: Er ekki fullt eins æskilegt, ef ungt fólk smakkar áfengi á annað borð, að það drekki þá hinn létta bjór eins og hin sterku og óhollu vín? Ég er mjög svipaðrar skoðunar eins og hv. 1. þm. Skagf., að ég held, að unglingum þyki bjórbragð yfirleitt vont og þeir tælist þess vegna ekki til þess að drekka slíka drykki og hættan af þeim ástæðum, af bjór, sé því ekki fyrir hendi.

Ég vil þessu næst minnast lítillega á eina af höfuðröksemdum hv. 6. þm. gegn þessu máli. Hann talaði um það, að það væri ekki djarfmannlegt að selja starfsliði Keflavíkurflugvallarins öl.

Þetta er einhver sú einkennilegasta staðhæfing, sem ég hef heyrt í þingræðu; að það sé ekki djarfmannlegt að verzla við ákveðið fólk í landinu. Ég veit, hvað fyrir þessum hv. þm. vakir með þessu. Hv. þm. réðst á mig með miklum fúkyrðum í sambandi við það, hvernig ég og aðrir þm. hefðum selt landið okkar, talaði um landráð o. s. frv., og hann taldi, að það hefði verið gert í skjóli þess samnings, sem gerður var á sínum tíma um brottför Bandaríkjahers úr landinu, brotin l., þ. e. a. s. að innflutningur starfsliðsins til Keflavíkurflugvallarins og innflutningur á öli og drykkjarföngum væri ólöglegt. Ég skal segja þessum hv. þm. það, að ég segi það með góðri samvizku sem lögfræðingur og þm., að ég tel, að þessi l., áfengisl., hafi ekki verið brotin af þessum innflutningi. Ég vil leyfa mér að lesa upp 9. gr. þessa samnings, með leyfi hæstv. forseta, en hún hljóðar á þessa leið:

„Eigi skal leggja neina tolla eða önnur gjöld á efni það, útbúnað, nauðsynjar eða vörur, sem inn er flutt til afnota fyrir stjórn Bandaríkjanna eða umboðsmenn hennar samkvæmt þessum samningi eða til afnota fyrir starfslið það, sem dvelur á Íslandi vegna starfa, sem leiðir af framkvæmd samnings þessa. Útflutningsgjalda skal heldur eigi krefjast af útflutningi téðra vara.“

Í þessari grein samningsins er greinilega tekið fram um það, að ekki skuli leggja neina tolla á nauðsynjar þær, sem fluttar eru til þessa starfsliðs. Og hver dregur það í efa, að öl sé nauðsynjavara því fólki, sem frá bjórlandi kemur? Það er ekki aðeins í Bandaríkjunum, sem þessir menn koma frá, heldur í öllum löndum, þar sem áfengur bjór er framleiddur, að hann er talinn til nauðsynjavöru, og ég veit ekki betur en inn í framfærsluvísitöluna íslenzku sé tekið öl og gosdrykkir og jafnvel brennivín. Svoleiðis að það er langsótt röksemd hjá hv. 6. þm. Reykv. að telja eitthvað ókarlmannlegt við það að vilja selja þessum erlendu starfsmönnum íslenzka framleiðslu af öli í stað þess að láta þá flytja erlent öl inn í landið, meðan Íslendingar mega ekki sjálfir drekka það. Og það, sem fyrir okkur flm. vakir í grg., þegar við tölum um óviðfelldinn innflutning hins erlenda starfsliðs, er það, að á sama tíma og Íslendingum er bannað að neyta slíks öls, þá skuli vera til erlendir menn í landinu, sem mega gera það. Við teljum það þvert á móti skynsamlegt, að Íslendingar framleiði þessa vöru sjálfir og selji þessum útlendingum það og hagnist á því. Og það var einmitt sú leið, sem farin var á stríðsárunum, að brugga hér áfengt öl fyrir hina erlendu heri. Íslendingar fengu það að vísu ekki, en þessi leið var farin vegna þess, að það þótti viðkunnanlegra og þess var óskað af herstjórninni, að þessi framleiðsla yrði hafin hér. — Það er svo náttúrlega fjarri mér að fara að munnhöggvast við þennan hv. þm. um þá auðmýkt, sem ég sýni fyrir hinu erlenda valdi með því að vilja styðja að því, að íslenzkt öl verði selt á Keflavíkurflugvelli í staðinn fyrir hið erlenda öl, sem flutt er inn. Ég skal ekki fara langt út í það, en ég held, að það sitji illa á þessum hv. þm. að tala um auðmýkt við erlent vald, og ég vil leyfa mér að segja það, að ég held, að það færi betur öllum „Flekkum“ að gelta en þessum hv. þm.

Það eru svo ekki mörg fleiri atriði, sem ég þarf að svara í þessum ræðum, sem fluttar eru til andmæla þessu máli. En ég vil þó að lokum minnast á eitt atriði hjá hv. 6. þm. Reykv. Hann minntist á það, að útvarpsráði hefði verið skrifað af hálfu Stórstúkunnar og fleiri samtaka og óskað útvarpsumræðna um þetta mál. Ég ætti sæti í útvarpsráði og mér bæri þess vegna að beita mér fyrir því, að útvarpsumr. fengjust um þetta mál beint frá útvarpssal eða héðan frá Alþ. Það er rétt, að útvarpsráði barst bréf, ég held einum eða tveimur dögum eftir að þetta frv. var lagt fram hér í Alþ., og annað bréf nokkru síðar, þar sem þess var óskað, að útvarpsumræður færu fram um þetta mál. Útvarpsráð tók þetta til meðferðar og svaraði bréfriturum því, að málið væri til athugunar. Og ég get sagt frá því, að sú skoðun kom fram í útvarpsráði, að það kynni vel að vera, að ekki væri óeðlilegt, að útvarpsumræður færu fram um þetta mál, en það þótti nokkurt bráðræði — og mér þykir það bráðræði, ef samtök utan þings eiga að geta krafizt útvarpsumræðna um þetta mál áður en n. í þinginu fengi það til meðferðar.

Ég held, að það sé fátíð meðferð á þingmáli, að útvarpsumræðna sé krafizt um það nema frá Alþ. sjálfu, en um það hafa engar óskir komið fram af hálfu þingflokkanna, eins og þingsköp gera ráð fyrir. Ég get gjarnan sagt það sem mína skoðun, að ég er ekki á móti því, að þessi mál séu rædd fyrir þjóðinni. En mér finnst sú leið, sem þessi samtök, sem meina vel í þessum málum, þótt leiðir þeirra séu stundum óljósar og torskildar, vilja

fara í þessu máli, vera heldur flasfengin leið og raunar ekki geðþekk, þó að ég engan veginn vilji skorast undan því, að þetta mál sé rætt í áheyrn alþjóðar. Ég er tilbúinn að gera það hvenær sem er og hvar sem er. — Hitt er náttúrlega annað mál, sem hv. 6. þm. Reykv. minntist á, að mér bæri að segja af mér þingmennsku vegna þess, að einhverjir kjósendur úti á landi væru á móti þessu máli. Ég held, að þetta síðasta bregði upp dálítið réttri mynd af afstöðu þessa hv. þm. sem þm. til hluta, sem eru að gerast í þjóðfélaginu. Vegna þess, að okkur flm. þessa máls berast mótmæli gegn ákveðnu máli, þá eigum við annað hvort, í fyrsta lagi að skipta um skoðun, við höfum fengið svo mikið af mótmælum frá ýmiss konar félögum, að við ættum að skipta um skoðun, — en í öðru lagi, ef við ekki gerum þetta, þá eigum við að ganga af sannfæringu okkar, þá eigum við að segja af okkur þingmennsku. Ég skal ekki ræða um þetta. Í þessu birtist svo óþroskaður hugsunarháttur, að mig furðar, að jafnvel hv. 6. þm. Reykv. skuli geta alið með sér slíka hugsun. Nei, ég endurtek það, sem ég sagði og hv. 1. þm. Skagf. sagði líka: Að sjálfsögðu fylgi ég sannfæringu minni í þessu máli. Hversu langt sem elzt verður til að mótmæla þessu máli, þá hefur það ekki minnstu áhrif á mína sannfæringu.

Hins vegar er ég reiðubúinn til þess að hlíta dómi kjósenda minna, þegar þar að kemur, fyrir afstöðu mína í þessu máli, og það er sannfæring mín ein, sem ræður í þessu máli, en ekkert annað, og ég mun þess vegna hvorki ganga af sannfæringunni né heldur segja af mér þingmennsku, þó að allmörg stúkufélög og kvenfélög sendi mótmæli. Ég vil gjarnan, að þau ágætu félagasamtök, sem að þessum mótmælum standa, viti þetta. En hitt vil ég, að komi fram hér á hæstv. Alþ., þannig að fólk viti, og það er það, að við hér á þingi vitum, hvað er að gerast í sumum félagasamtökum: Það á að „tyrannisera" þingið. Það á að gera okkur hrædda við kjósendur. Það er þetta, sem er að gerast. Kjósendur í landinu hafa margir deilt á þm. fyrir það, að þeir hlypu of mikið eftir óskum kjósenda sinna, og þetta er alveg satt. Við höfum stundum hér á Alþ. hlustað of mikið á kjósendur, vegna þess að það, sem kjósendur segja okkur, er stundum, en ekki alltaf, það, sem hollast er fyrir þá sjálfa og hollast fyrir þjóð okkar. Það er þetta, sem sum samtök í landinu virðast stefna að nú. Það er að ganga á gamla lagið, það er að setja fulltrúum sínum stólinn fyrir dyrnar og hræða þá frá því að fara nýjar leiðir til lausnar miklum vandamálum. Ég verð að segja, að ég met mikils starf margra ágætra bindindismanna í þessu landi, bindindismanna, sem eru innan þeirra samtaka, sem hafa verið að senda mótmæli og munu senda mótmæli, en ég hika ekki við að segja, að ég hef skömm og djúpa fyrirlitningu á því uppnámi, þeim tæting og tilraunum til æsinga, sem hafðar eru í frammi nú innan margra þessara félagasamtaka. Ég er reiðubúinn til þess að segja þetta hvar sem er. Ég veit, að það er til fólk í landinu, meira að segja margt bindindisfólk, sem öfgalaust vill vinna að umbótum á þessum málum, og ég veit, að því er ósköp litið gefið um allan þennan tæting og tilraunir til þess að blása þetta mál upp sem það stórmál, sem heill og hagur þjóðarinnar velti á í framtíðinni. Fjöldi þessara manna hefur unnið miklu meira gagn fyrir bindindishreyfinguna og siðabót í þessum efnum en tætingsliðið, sem gerir hvert mál að öfgamáli, þar sem allri skynsemi er vísað á bug. Það er aldrei þetta fólk í neinu þjóðfélagi, sem bætir siðferðið og skapar traustan grundvöll undir þroskað þjóðfélag. Það er alltaf þetta fólk, sem stendur í veginum fyrir þroska, framförum og umbótum í vandasömum málum. Það eru alltaf öfgarnar, sem spilla fyrir því, að vandamálin séu leyst, og þess vegna er það engin tilviljun, hverjir eru meginandmælendur þessa máls með þjóðinni. Hverjir eru það? Það eru liðsmenn hv. 6. þm. Reykv. (SigfS). Fyrst og fremst kommúnistar, sem ætla þarna að reyna að fiska á öfgunum. Þeir vilja reyna að koma í veg fyrir, að skynsamlega sé tekið á vandamálum sem þessu, og umfram allt gæta þess, að öfgarnar verði sem greinilegastar, það er vatn á þeirra myllu. Ég tók það fram áðan, að það væru ýmsir ágætir bindindismenn hér á þingi og utan þings, og ég viðurkenni, að hv. síðasti ræðumaður talaði miklu hóflegar og skynsamlegar um þetta mál en hv. 6. þm. Reykv. En kommúnistar ætla sér að nota öfgarnar, hræða menn til að vera á móti þessu frv. til að reyna að fleyta sér eitthvað áfram á því, reyna að dytta eitthvað að sinni hripleku skútu, sem er alveg að sökkva, grípa í hvaða hálmstrá, sem flýtur.

Ég vil að lokum segja það, að ég er á sama máli og hv. 1. þm. Skagf. (StgrSt) um það, að það eru ýmis atriði í þessu máli, sem mætti e. t. v. breyta frá því, sem nú er í frv., og um það munum við vera fúsir til að ræða við þá n., sem fær málið til meðferðar. Hv. þm. drap t. d. á það, að hann gæti hugsað sér ríkisrekstur, og það tel ég einnig geta komið til greina. Þó má benda á það í því sambandi, að slík tæki, sem þarf til framleiðslu öls, eru til í landinu, en þau eru í einkaeign, og með því að nota þau væri hægt að spara ríkinu fé. Þá er ég einnig til viðræðu um að hækka skattinn af ölinu og enn fremur leyfisgjaldið. Það má benda á það, að í stríðinu höfðu einstaklingar þessa framleiðslu með höndum og ríkið kom þar ekki nærri nema í þeim skilningi að taka toll af henni, en þetta kemur ekki í veg fyrir það, að aðrar leiðir gætu verið farnar í framtíðinni.

Ég endurtek það, að það, sem fyrst og fremst vakir fyrir okkur flm., er, að reynd verði ný leið í þessum efnum. Ástandið er nú svo slæmt, að litlar líkur eru til, að það verði bætt nema ný úrræði verði reynd. Við hljótum að líta til reynslu annarra þjóða, og ég trúi ekki, að Íslendingar séu öðruvísi en aðrar þjóðir, sem hafa lært að umgangast áfengi með siðmenningarbrag. Og það virðist svo, að þar, sem létt áfengi og öl er á boðstólum, sé minna drukkið af hinum sterkari drykkjum, og það vita allir, að öl er talsvert skaðminna en hinir sterku drykkir.

Ég vænti þess svo að lokum, að hv. d. láti þetta mál fá þinglega meðferð í n., eins og hverju máli hæfir.

Katrín Thoroddsen: Herra forseti. Frv. þetta hefur þegar sætt svo snarpri og rækilegri gagnrýni hér í hv. d., að óþarft er á að bæta, og hefði

ég fyrir mitt leyti vel getað látið mér nægja að sýna viðhorf mitt til þess með atkvgr. einni saman. En þar eð vikið hefur verið að afstöðu lækna til ofdrykkju á þann veg, að telja mátti frv. til framdráttar, vil ég ekki láta hjá líða að segja frá minni skoðun a. m. k., og fara þá um leið nokkrum orðum um afstöðu læknisfræðinnar til áfengisneyzlu almennt.

Eins og hv. 1. þm. Skagf. (StgrSt) tók oft og mörgum sinnum fram í ræðu sinni, mótast afstaða manna til áfengisneyzlu meira á tilfinningum en skynsemi, og var öll ræða hans mjög áberandi sönnun þess. Ég hef aldrei áður heyrt hann tala af jafnmiklum eldmóði og um þetta mál, jafnvel ekki um búnaðarmál, og var auðheyrt, að þar báru tilfinningarnar góða greind ofurliði. En svo er um fleiri en þennan hv. þm., er áfengi er annars vegar, og svo er því miður líka farið um ýmsa stéttarbræður mína. Þó að þeir viti öðrum betur um hinar geigvænlegu afleiðingar ofdrykkjunnar á líf og heilsu sjúklings, aðstandenda hans og umhverfi allt, þá er því samt svo farið með allmarga þeirra, að þeir telja sitt aðalstarfssvið vera að lækna þá, sem þegar eru sjúkir orðnir, en gefa sig minna að heilsugæzlu, heilsuvernd. Þessi hugunarháttur hefur þó aldrei verið almennur meðal lækna, og hann þverr stöðugt, en samt eimir þó nokkuð eftir af honum enn, og því er það, að þótt allir læknar undantekningarlaust viðurkenni réttmæti hinnar sígildu setningar: „afleiðingin hverfur, þegar orsökin er afmáð," þegar til þeirra er leitað vegna áfengisástríðu eða ofdrykkju, þá eru þeir sumir hverjir samt svo skammsýnir, að þeir æskja ekki eftir að afmá með öllu orsök áfengisnautnarinnar, sem byrjar svo notalega og skemmtilega og margir, fjöldi fólks, geta notið án þess að bíða tjón á heilsu sinni, ef nautninni er stillt í hóf og eitrunin ekki of oft ítrekuð. En væru hinir sömu læknar að því spurðir sem sérfræðingar á sviði heilbrigðismála, hver trygging sé fyrir því, að með áfengið yrði farið af hófsemi, mundu þeir hiklaust játa, að um slíkt sé engin fyrirheit hægt að gefa, ef nægilegt áfengi og auðfengið er fyrir hendi, hvort svo sem það er sterkt eða veikt. Slyngir sálsýkisfræðingar og læknar geta að vísu farið nokkuð nærri um það, hvernig fara muni í stöku tilfellum, þegar þeir hafa átt kost á að athuga þann, sem í hlut á, um nokkurn tíma. En yfirleitt er mannþekkingin ekki svo langt komin enn þá, að það sé á nokkurs manns færi að segja fyrir um, hver muni geta stillt áfengisnautn sinni svo í hóf, að ekki komi að sök, og hverjir muni verða æ sólgnari í áhrifin og að lokum gerast ánauðugir áfengisþrælar. Og allra sízt eru einstaklingarnir sjálfir dómbærir um slíkt. Mönnunum hættir svo mjög til að líta á sjálfa sig sem undantekningu, er engin hætta sé búin af áfengisnautn eða öðru, og því sé skaðlaust að vera með og skvetta í sig eins og hinir. Hvort illa fer er auðvitað nokkuð háð líkamsástandi hlutaðeigandi og skaphöfn, en þó e. t. v. enn meira félagsskapnum, einkum ef unglingar eiga í hlut, og yfirleitt ytri aðstæðum öllum, en þó alltaf mest framboði áfengisins, hvort auðvelt er að ná í það. Og einmitt þess vegna má ekki gera frv. þetta að lögum. Það er að vísu satt, sem hv. 1. flm. tók fram og bar lækna fyrir, að því þynnri sem áfengisblandan er, því ósaknæmari er hún, en það er vegna þess, að alkóhólið kemst þá seinna út um líkamann, síast seinna út um húð, maga og smáþarma, og er því minni hætta á bráðum eiturverkunum, skyndilegu ölæði eða bana. Einnig skilst alkóhólið þá frekar gegnum nýrun og iltast (oxyderast) þar ofurlítið örar. Lítið alkóhól örvar efnaskiptin fyrst, meira magn tefur þau. Þess vegna var næsta lítil skynsemi í þeirri staðhæfingu hv. 1. þm. Skagf. að 2 pilsnerar með núgildandi áfengismagni hefðu sömu verkun og einn 4% bjór. Svo er ekki, jafnvel þó að þeir væru teygaðir út. En jafnfráleitt var það hjá hv. 1. flm., þm. N-Ísf., að draga þá ályktun af þessari staðreynd, að kunnáttumenn á sviði lífeðlisfræði séu af þeim sökum þeirrar skoðunar, að sá kostur sé líklegastur til að draga úr ofdrykkju, að áfengt öl sé alltaf á boðstólum. Þvert á móti. Það er viðurkennd hagfræðileg staðreynd, að þegar öldrykkja eykst, vex neyzla sterkari vína að sama skapi, og því má ekki samþykkja þetta frv. Þetta er ofur skiljanlegt þegar athuguð eru þau áhrif áfengisins, sem freista mannsins mest og gera það að verkum, að menn verða margir hverjir æ áfjáðari í áfengi og í ríkulegri mæli eftir því, sem þeir neyta þess oftar og þola það verr. En áhrifin eru sem kunnugt er fólgin í skynvillu, þ. e. a. s. deyfingu eða sljóvgun taugakerfisins, og tekur sú sljóvgun einkum til þess hluta heilans, sem skapazt hefur og þróazt með mannkyninu á seinustu 5—6 miljónum alda, að því er fróðir menn telja. En sá hluti heilans stýrir aðallega nákvæmu vöðvastarfi, athygli, dómgreind og ýmsum áunnum félagslegum háttum og dyggðum, og gerir því m. a. hvort tveggja í senn, að samræma stund og stað og stilla í hóf hinum frumstæðari athöfnum, svo sem áti, drykkju, áflogum og ástleitni o. s. frv. En þær athafnir lúta annars valdi þess hluta heilans, sem eldri er að uppruna. Fyrir áhrif áfengisins minnkar ábyrgðartilfinningin um leið og losnar um hömlur siðfágunarinnar og menningarinnar, en ýmsar duldar og niðurbældar tilfinningar fá yfirhöndina og brjótast út. Hinn félagslega fjötraði maður fær frí um stund, og eins og öllu frí fylgir ölvuninni hressandi sjálfsánægja, líkamleg vellíðan, aukinn kjarkur og áræði, fjör og áhyggjuleysi. Og í þessu er hættan og freistingin fólgin. Og það er enginn vafi á því, að miklu fleiri mundu falla fyrir henni, bæði ungir og gamlir, en þó kannske helzt unglingar, ef hún hefði á sér ísmeygilegt yfirbragð svaladrykksins, sem aðeins er ofurlítið áfengur, ekki áfengari en tveir meinlausir tveggja procent pilsnerar, en verkar þó einhvern veginn svo, að hann hressir og yljar notalega, hugsunin verður skarpari, framkoman frjálsari, geðið glaðara. Og auk þess er þetta matur, næringarefni, eins og hv. 1. þm. Skagf. sagði. Að vísu dýr matur. Hann sagði, að ef hann gæti trúað því, að sala áfengs öls yrði til að auka drykkju meðal unglinga, þá mundi hann sjálfur greiða atkv. á móti frv. Ég tel ekki ástæðu til að sanna þetta, en leiða má það af líkum. En þó var svo á honum að skilja, sem hann tæki þá eina sönnun gilda, er byggðist á innlendri reynslu núverandi kynslóðar. En eins og kunnugt er, er slíkt ekki fyrir hendi, og við, sem andstæð erum frv. þessu, vonum, að til þess komi ekki, að hennar verði aflað. Við teljum það of áhættusama tilraun og álitum, að helzt sé að leiða af líkum, hvernig fara mundi. Og það veit ég, að

hv. 1. þm. Skagf. mundi líka láta sér nægja, ef um búpening væri að ræða, en ekki börn, eða ef um eitthvert annað nautnalyf en öl væri að ræða. Þegar það ber á góma, vilja tilfinningarnar hlaupa með þennan hv. þm. í gönur, og því langar mig til að segja honum sögu, sanna sögu, sem e. t. v. getur gefið honum hugboð um, hvert muni stefna, ef ölfrv. hans yrði að l., sem við skulum vona, að aldrei verði.

Fyrir nokkrum árum var farið að framleiða lyf, sem amphetamín nefndist og verkar örvandi eða stimulerandi á heilann og dregur m. a. úr þreytutilfinningu. Þetta lyf var álitið hættulaust með öllu, selt lyfseðlalaust og mikið auglýst. M. a. man ég fyrir nokkru eftir fastri auglýsingu í dönsku heimilisblaði, sem mikið er lesið hérlendis, þar sem fólk var hvatt til að hafa þetta lyf við höndina, ef einhvern vanda eða þreytu bæri að höndum, taka það með sér í sumarfrí, nota það fyrir próf o. s. frv. En er fram liðu stundir, kom í ljós, að amphetamín var síður en svo meinlaust, og það var bannað að afhenda það öðruvísi en eftir lyfseðli. Hér var nýtt nautnalyf á ferðinni, og margir urðu háðir því, sem hlaupið höfðu eftir auglýsingum. Það verkar hressandi, eins og bjór og áfengi, og það gat drepið menn. Menn urðu áfjáðir í það eins og áfengi, eftir því sem þeir tóku það lengur inn, og friðlausir og órólegir, ef þeir höfðu það ekki, o. s. frv. Og þegar búið var að taka amphetamín lengi og mikið, fóru menn að sjá ofsjónir eins og við áfengis-delerium, alls konar dýr og kvikindi, ekki neinar smárottur eða mýs, heldur flugur á stærð við fíla og hross á stærð við samkomuhús í sveit. Það var mjög slæm líðan. Amphetamín náði aldrei eins mikilli útbreiðslu hér og annars staðar. Hér var það ekki látið úti nema samkvæmt læknisráði eða eftir lyfseðli, en mikið orð fór af því vegna auglýsinganna, og seinustu árin hafa læknar hér í Rvík orðið fyrir töluverðu ónæði af skólalunglingum, sem biðja um lyfseðil upp á amphetamín til að halda sér vakandi í próflestri, en þó einkum til að taka inn, þegar gengið er upp í prófum, til að verða frjálsari í framkomu og gáfaðri, eins og vesalings krakkarnir halda, að þau verði, og eins virðist mönnum sjálfum, að þeir verði gáfaðri við vín. — Þetta er sönn saga um áleitni unglinga, og sannleiksgildi hennar er hægt að prófa, því að sú áleitni hefur verið svo almenn, að allir læknar bæjarins hafa orðið hennar varir. Heldur hv. 1. þm. Skagf., að það sé nú með öllu hættulaust (þegar hann athugar þá staðreynd, að 14—16 ára gamlir unglingar eru farnir að hugsa um það að hressa upp á slitinn líkama og þreytta sál með lyfjum) að gefa unglingum greiðan aðgang að áfengu öli? Ég tel það svo stórhættulegt, að ég vil eindregið mæla gegn því, að þetta frv. verði samþ. Ég tel það engum vafa undirorpið, að eitthvað af þessum börnum mundi reyna, hverju áfengi bjórinn fengi áorkað á þessu sviði. En þótt því væri ekki til að dreifa, má ganga að því vísu, að nokkuð mörg börn vildu prófa áhrif þessa mikið umtalaða öls, sem auðvelt yrði að veita sér og yrði ekki ýkja dýrt, og það er geðþekkara á bragðið en ýmis vín, hvað sem hv. 1. þm. Skagf. segir um það. Einn til tveir bjórar væru nóg til að gera þann, sem er ungur og óvanur, góðglaðan, og oft þarf ekki nema eina slíka tilraun, sem er gerð af rælni eða forvitni, til að illa fari. Hin glapvæna gerviglеði, er áfengið veitir, verður minnisstæðari en ógeðið, þreytan og þunglyndið, sem í kjölfarið koma. Það er manneskjunni áskapað að muna betur og vera þrálátari og óþægilegri því oftar og lengur sem vanliðan veldur, og líkamlegri vanliðan, jafnvel sárum kvölum, gleyma menn undarlega fljótt. Og því er það, að eftirköstin, timburmennirnir, vega svo lítið á móti áfengisánægjunni, enda eru þeir vægir og næsta skammvinnir í fyrstu, en verða æ þrálátari og óþægilegri því oftar og lengur sem eitrið er tekið. En skuld timburmannanna er ein af þeim, sem verður að greiðast að fullu, svo framarlega sem til hennar er stofnað. Þó kemur oftast nær að því fyrr eða síðar, ef menn leggja í vana sinn að neyta áfengis oft, að þeir reyna að greiða hana með smáafborgunum, stramma sig af, eins og það er kallað, en auðvitað fer þá svo, ef að líkum lætur, að skuldin vex, en minnkar ekki. Nú hef ég orðið þess vör, að frv. þetta á — utan þings a. m. k. — nær eingöngu fylgi að fagna meðal drykkjumanna, sem líta á áfenga ölið sem handhægt meðal til að losna við eftirköstin, drekka sig niður í bjór. Sú lækningaraðferð að hella meira áfengi ofan í líkama, sem þegar er gegnsósa af því, er auðvitað í beinni andstöðu við allar meginreglur læknisfræðinnar og hefur þá einu afleiðingu að framlengja fyllirýið. En á slíkri framlengingu er miklu meiri hætta, ef áfengur bjór er á boðstólum, og þess vegna á ekki að samþykkja þetta frv. Því lengur sem menn drekka í senn, því áleitnari verður ástríðan, og óðar en varir er hinn hálfbrigði maður orðinn áfenginu svo háður, að honum er ekki sjálfrátt lengur. Sé nokkur dugur í honum, byrjar baráttan við að losna undan farginu. Sú barátta er erfið, en vinnst, ef ytri aðstæður eru hagkvæmar, þ. e. a. s. erfitt að afla áfengisins. Vegna þess má ekki samþykkja frv. þetta. Það mundi torvelda drykkjumönnum baráttuna og jafnvel gera mörgum þeim ókleift að hætta að drekka, sem annars eiga sér viðreisnar von, ef áfengt öl er á boðstólum. En jafnvel þótt hlutaðeigandi sjúklingur hafi náð bata, hætt að drekka, þá er því þannig farið með alkóhól eins og önnur deyfandi nautnalyf, að minningin um áhrifin geymist, en gleymist ekki, og því er alltaf hætt við, að sjúkdómurinn taki sig upp aftur, ástríðan geri vart við sig. Á því er enginn vafi, að ef frv. þetta yrði að l., þá mundi fjöldi manna, sem áður hafa drukkið, en nú eru hættir, byrja að nýju. Ef til vill vegna rælni og vanmats á áfengisáhrifum ölsins, ef til vill vegna oftrausts á sjálfum sér og viljakrafti sínum, en þó kannske hvað oftast vegna kjarkleysis, þ. e. a. s., þá mun bresta þrek til að þora að reynast ragir við áfengið, og hin sama mun áreiðanlega verða raunin á um allan þann mikla fjölda nýliða í ógæfuhópi þeim, sem hlýtur að fylgja í kjölfar þessa frv., ef svo hrapallega tekst til, að það verði að l. Og það mun síður en svo vera aðstandendum þessara ólánsmanna nokkur raunabót, að amerísku setuliðsmennirnir á Keflavíkurflugvellinum drekki líka, og drekki nú sinn áfenga bjór að íslenzkum l., en ekki lengur innsmyglað öl í skjóli hins herðabreiða dómsmrh. En öllum er ljóst, enda er það beinlínis gefið í skyn af fim. frv. þessa, að það er komið fram vegna

hins ameríska liðs í Keflavík, sbr. grg. þess. Auðvitað hvarflar það ekki að flm. frv., að hæstv. dómsmrh. hafi drengskap og dug til að framfylgja íslenzkum l., ef ameríska liðið á í hlut. Nei, það er að hans dómi meinfangalaus greiðasemi við vinveitta, volduga stórþjóð að ljá henni land og liða henni að ganga á gerða samninga og þverbrjóta íslenzk l. og fyrirmæli, ef henni býður svo við að horfa. Hitt er svo annað mál, að Bandaríkjamenn vilja líklega sjálfir heldur, að ekki verði opinberar ádeilur á sig gerðar né á samninginn meðan hann hefur ekki verið framlengdur, og það skal aldrei verða. Og því er frv. þetta fram komið, þetta frv., sem andstætt er meiri hluta íslenzku þjóðarinnar og enginn þjóðhollur maður má eða getur greitt atkvæði.

Umr. frestað.

Á 20. fundi í Nd., 18. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Um þetta mál, sem hér liggur fyrir, hafa nú þegar farið fram allangar umr., og er það vissulega ekki ófyrirsynju, þar sem þetta mál snertir tvö mjög veigamikil og þýðingarmikil þjóðfélagsmál. Það er sem sé gert ráð fyrir, að það eigi að miða að því að ráða bót á áfengismálum þjóðarinnar, og í annan stað eigi þetta að miða að því að afla ríkissjóði tekna. Það er nú kunnara en frá þurfi að segja hér á þingi, í hvert ófremdarástand nú er komið áfengismálum þjóðarinnar, og það er þm. líka kunnugt, að fjárhag ríkisins er nú þann veg háttað, að ástæða er til að gefa því máli gaum. En þegar litið er á frv., verður ljóst, að það er ekki þannig úr garði gert, að gera megi ráð fyrir eða ala vonir um, að það nái á nokkurn hátt þeim tilgangi, sem látið er uppi, að að sé stefnt, heldur stefnir það þvert á móti í öfuga átt við það, sem látið er. Ég hef til þessa verið áheyrandi að þeim umr., sem farið hafa fram um þetta mál, og mér dylst ekki, að mjög hallast á um allar röksemdir í þessu máli af hálfu formælenda þess, enda ekki óeðlilegt, þar sem málstaður flm. er slíkur sem raun ber vitni um. Af andmælendum málsins hefur verið rakið glögglega með skýrum rökum, að aukið frjálsræði um sölu og úthlutun áfengis hefur ævinlega leitt af sér aukna áfengisnautn og vaxandi siðspillingu í þessu þjóðfélagi. Þessum rökum hefur ekki verið hnekkt.

Af hálfu flm. málsins talaði hv. 2. flm., hv. 1. þm. Skagf. (StgrSt) nokkur orð, sem voru að vissu leyti drengilega flutt. Það er líka það eina, sem fram hefur komið, sem nokkra athygli vekur. En ég fékk ekki betur skilið en meginþátturinn í ræðu hv. 1. þm. Skagf. væri jafnvel á móti þessu frv. Meginþátturinn í ræðu hans markaðist af því, að hann væri óánægður með það ástand, sem nú ríkti í áfengismálunum. Hann vildi fá einhverja bót þar á, viðurkenndi, að þeirra bóta væri þörf, og til þess að koma fram með eitthvað nýtt fylgdi hann þessu frv., sem hér liggur fyrir. En hann gaf jafnframt í skyn, að hann væri á engan hátt ánægður með frv. eins og það er nú úr garði gert, taldi koma til álita að gerbreyta því í n. og sagði að síðustu, að ef færð yrðu gild rök fyrir því, að sú ráðstöfun, sem frv. gerir ráð fyrir, mundi verða til þess að auka áfengisneyzlu í landinu, einkum meðal æskumanna, mundi hann jafnvel snúast á móti þessu máli. — Þegar þetta er frá tekið, hafa þær röksemdir, sem fram hafa verið færðar í ræðum hv. flm., verið harla léttvægar, og sýndi það sig bezt á fundinum hér í gær, þegar hv. 1. flm., þm. N-Ísf. (SB) greip til þess í varnarskyni að segja meðal annars, að kommúnistar væru þeir einu á þessu landi, sem mundu æsa sig upp á móti þessu frv., og af því mætti draga þá ályktun, að það væru kommúnistar einir í þessu landi, sem væru hlynntir bindindisstarfsemi meðal þjóðarinnar. Þetta er hreinasta firra. Sem betur fer er það stór hluti þjóðarinnar í þessu landi, sem vill hamla gegn aukinni áfengisneyzlu, hamla gegn þeirri siðspillingu, sem slík neyzla hefur haft í för með sér. Sem betur fer er sú fylking miklu stærri en kommúnistarnir í þessu landi.

Meginatriði frv. eru þau, að einstaklingum og fyrirtækjum skuli leyft að framleiða áfengt öl, er innihaldi 4% áfengisstyrkleika. Svo er þetta rökstutt á þann furðulega hátt, að með þessu eigi að draga úr neyzlu áfengra drykkja í landinu og með auknu frjálsræði á þessu sviði eigi að bæta menninguna og jafnframt afla ríkissjóði nýrra tekna. Það hefur verið dregið fram í þessum umr., einkum af hv. þm. Borgf. (PO) og hv. 6. þm. Reykv. (SigfS), að það væri nokkuð torskilið, á hvaða hátt það gæti farið saman að draga úr neyzlu sterkra drykkja og afla ríkissjóði tekna, þar sem gera mætti ráð fyrir, eftir því sem fyrir liggur í frv., að það þyrfti 40 lítra af áfengu öli til þess að jafngilda einni flösku af sterku áfengi um tekjuöflun til ríkissjóðs. Ég hef einnig veitt því athygli, að gert er ráð fyrir, ef til útflutnings á sterku öli kæmi, að í hlut ríkissjóðs féllu 10 aurar af hverjum lítra. Mér skilst, að þá þyrfti að framleiða 600 lítra af sterku öli til sölu á erlendum markaði, til þess að afla ríkissjóði jafnmikilla tekna og hann fær nú af einni brennivínsflösku. Það má segja, að mikil sé trú hv. flm. á þessari framleiðslu, ef þeir búast við því, að af þeirri breytingu, sem þeir telja, að frv. eigi að orka í áfengismálum þjóðarinnar, leiði auknar tekjur ríkissjóði til handa. Við þetta bætist svo, að ég hef það fyrir satt, að fræðimenn telja, að ókleift sé af efnafræðilegum ástæðum að framleiða fyrir erlendan markað öl með 4% áfengisstyrkleika, því að það muni ekki þola þá geymslu, sem nauðsynleg sé, ef dreifa eigi vörunni svo víða og á svo löngum tíma sem óhjákvæmilegt er í því sambandi. Ég hef það og fyrir satt, að öl, er eigi að framleiða fyrir slíkan markað, megi ekki vera veikara en 10% hvað áfengisstyrkleika snertir. Einnig þetta, sem flm. segja í frv. og grg. þess, fær þá ekki heldur staðizt álit fræðimanna.

Það hefur verið á það bent í þessum umr., að þegar sams konar mál hafi verið flutt hér á Alþ. fyrr á árum, hafi landlæknir, sem þá átti sæti á þingi, kynnt sér málavexti alla mjög rækilega og lagt þá fyrir í skilmerkilegum ræðum hér á þingi. Þær tölur, sem hann þá bar fram, munu fela í sér samanburð á ölneyzlu og áfengisneyzlu meðal margra nágrannaþjóða okkar, og þeim tölum hefur ekki verið hnekkt í þessum umr. og meira að segja ekki gerð tilraun til að reyna að hnekkja þeim. Þessar tölur liggja að sjálfsögðu fyrir í þskj. frá fyrri árum, og skal ég ekki lengja mál mitt

með því að lesa þær upp, þar sem allir hv. þm., sem vilja kynna sér málið til hlítar, geta haft aðgang að þeim í prentuðum þingtíðindum. En það er ekki ófróðlegt að draga fram nokkrar tölur, sem í sjálfu sér standa okkur nær en þær tölur, sem landlæknir dró fram á sínum tíma og fjölluðu um áfengis- og ölneyzlu annarra þjóða. Hins vegar leitaðist 1. flm. þessa máls, hv. þm. N-Ísf. (SB), ekki við að koma fram með nokkrar tölur máli sínu til stuðnings í ræðum sínum í gær, er sannað gætu nokkuð af því, sem hann vildi sanna. Þær tölur, sem hann kom með, fjölluðu um áfengis- og ölneyzlu Dana annars vegar og áfengisneyzlu Íslendinga hins vegar. Hv. 2. landsk. þm. (KTh) hefur þegar sýnt fram á, að sterkir drykkir eru nú skammtaðir í Danmörku og þess vegna sé þar ekki frjáls sala á þeim, en á hinn bóginn frjáls sala á áfengu öli. Það sannar, að neyzla sterkra drykkja annars vegar og öls hins vegar í því landi er ekki sambærileg, ef rétt er á málinu haldið. Þar með er í rauninni hruninn grundvöllurinn undan þeim röksemdum, sem hv. 1. flm. vildi bera fram um það atriði.

Það er ekki hægt að dyljast þess, að það, sem fyrst og fremst skiptir máli í þessu sambandi, er afstaða okkar eigin þjóðar til áfengis. Kjarni þessa máls er: Verður framleiðsla áfengs öls til þess að auka áfengisneyzluna eða verður hún til þess að draga úr henni? Til þess að komast að raun um þetta þurfum við ekki að bera saman tölur frá Danmörku annars vegar og Íslandi hins vegar, heldur þurfum við að bera saman tölur, sem um þetta eru í okkar eigin skýrslum, og meta samhengi þeirra og þar með gang málsins frá ári til árs.

Ég hef átt þess kost að kynna mér nokkuð þær tölur, sem fyrir liggja um þetta efni í reikningum og skýrslum Áfengisverzlunar ríkisins um undanfarin ár. Í viðbót við það eru á hverju ári birt í verzlunarskýrslum, sem hagstofan gefur út, yfirlit yfir neyzlu á munaðarvörum í landi okkar. Þetta tvennt mun ég leggja til grundvallar þeim tölum, sem ég mun nú draga fram, en til skýringar vil ég benda á það, áður en ég fer lengra út í málið, að þessar tölur eru að nokkru leyti byggðar á ólíkum grundvelli, þannig að áfengisverzlunin miðar annars vegar í skýrslum sínum við áfengismagn, sem selt hefur verið í lítratali, og þá ekki tekið tillit til áfengisstyrkleikans; hins vegar hefur hún tölur yfir áfengismagn umreiknað í hreinan vínanda. Hagstofan hefur dregið tölur sínar skýrt fram í töflum, sem birtar hafa verið í verzlunartíðindum. Öl er tekið út af fyrir sig og sýnt eins og það hefur verið framleitt og selt. Veiku vínin eru einnig tekin út af fyrir sig, án þess að umreikna það lítramagn, sem þar kemur til greina, en sterk vín eru umreiknuð í hreinan spíritus. Það er m. ö. o. deilt með tveimur í þá raunverulegu lítratölu, sem seld hefur verið, og lætur nærri, að það sé hið sama og að umreikna sterku drykkina í hreint alkóhól. Þetta mun ég láta nægja til skýringar þeim tölum, sem ég mun hér bera fram, en það haggar ekki því, að séu þær bornar saman í réttu samhengi innbyrðis, sýna þær alla þróun þessa máls í þjóðfélagi okkar og hvort þjóðin er í framför eða afturför á þessu stigi.

Ég tek þá fyrst tölur frá Áfengisverzlun ríkisins um vínanda, sem seldur hefur verið í þessu landi, og er hann umreiknaður í hreinan spíritus. Árið 1939 seldi áfengisverzlunin hér 99800 lítra, árið 1940 139600 lítra, árið 1941 aðeins 68500 lítra, árið 1942 76900 lítra, árið 1943 164800 lítra, árið 1944 198300 lítra, árið 1945 215500 lítra, árið 1946 269200 lítra, en lengra ná reikningar og skýrslur áfengisverzlunarinnar ekki, þar sem árið 1947 er ekki heldur liðið. Okkur er það ákaflega tamt að miða tölur við vísitölu, þar sem vísitalan er fundin á þann hátt, að verðlag á árinu 1939 er miðað við 100. Ef við nú athugum þessar tölur og miðum við 100 lítra neyzlu af hreinu áfengi árið 1939 og berum síðan saman tölurnar frá árunum, sem liðið hafa síðan, getum við fundið út eins konar vísitölu áfengisneyzlu í landinu. Verður sú vísitala þannig: Ár 1939: 100, ár 1940: 140, ár 1941: 69, ár 1942: 77, ár 1943: 165, ár 1944: 198, ár 1945: 215, ár 1946: 269. — Þessar tölur sýna allar glöggt þá þróun, sem átt hefur sér stað í áfengismálunum hér á landi undanfarin ár. Það hlýtur að vekja athygli, að áfengisvísitalan fyrir árin 1941 og 1942 er miklu lægri en hin árin og kemst meira að segja niður fyrir árið 1939, en til þess að gera sér ljóst, af hverju það stafar, verðum við að hafa í huga, að einmitt á þeim árum var takmörkuð sala áfengis. Þá var hér á landi áfengisskömmtun, þótt hún væri að vísu ekki nægilega ströng og ekki í því formi, sem ég og aðrir mundu hafa kosið. En engu að síður verður ekki dulið, hvaða áhrif slík skömmtun hefur haft á áfengisneyzlu þjóðarinnar í heild, og gefur þetta nokkra bendingu um, hvaða áhrif áfengisskömmtun mundi hafa, sem betur væri úr garði gerð, ef hún væri ákveðnari og henni röggsamlega fram fylgt.

Þá ætla ég að leyfa mér að lesa hér upp nokkrar tölur, sem hagstofan hefur skrásett í verzlunarskýrslur og fjalla um þessi mál einnig. Þá er rétt að gera sér ljóst, hver þróunin hefur verið um neyzlu öls í landinu undanfarin ár. Árin fyrir stríð var öldrykkja landsmanna miklu minni en hún er nú. Hún var þá 3—5 lítrar á mann, en á stríðsárunum og síðan, svo langt sem skýrslur hagstofunnar ná, hefur öldrykkja landsmanna numið því, sem nú skal greina: Ár 1941: 12,9 lítrum, ár 1942: 13,3 lítrum, ár 1943: 13,1 lítra, ár 1944: 13,2 lítrum, ár 1945: 13,5 lítrum, en lengra ná skýrslur hagstofunnar ekki enn þá. Þetta sýnir, að ölneyzlan hefur vaxið mjög síðan á árunum fyrir stríð og að þróunin er sú, að hún fer sívaxandi enn þá, þótt ekki sé í mjög stórum mæli frá ári til árs. — Þá er fróðlegt að líta á það, hvort neyzla áfengis, þ. e. brennivíns, hefur aukizt eða minnkað samhliða vaxandi ölneyzlu undanfarinna ára eða ekki. Skýrslur hagstofunnar gefa líka bendingu um þetta, og þær eru svo glöggar, að þær miða neyzluna við hvern mann í landinu, og er þar tekin til greina sú fólksfjölgun, sem átt hefur sér stað á því tímabili, sem um er að ræða. Þessar skýrslur sýna, að neyzla hinna léttari vína hefur aukizt úr 0,7 lítrum á mann upp í 1,5 lítra frá 1941 til 1945. Neyzlan hefur m. ö. o. fyllilega tvöfaldazt á þessum árum. Neyzla sterku vínanna, sem eru umreiknuð í hreinan spíritus, hefur á sama tímabili aukizt úr 0,7 lítrum í 2,5 l. á mann, eða fyllilega þrefaldazt á þessum fáu árum. — Svona er þá þróunin hvað viðvíkur neyzlu sterkra drykkja á sama tíma

sem ölneyzla landsmanna fer vaxandi. Af þessari þróun, þessari síauknu áfengisneyzlu meðal þjóðarinnar, hefur leitt margs konar siðspilling og mikil bágindi, sem hefði verið mikils virði fyrir þjóðfélag okkar, að hefðu ekki átt sér stað. Þetta er sem betur fer fjöldamörgum mönnum meðal þjóðarinnar úr öllum stéttum og öllum stjórnmálaflokkum ljóst. Það mætti færa fram þessum orðum til stuðnings mörg og margháttuð ummæli skólamanna í þessu landi, en þeir hafa þá sögu að segja, hvar sem þeir ræða mál sín, hvort heldur er á mannfundum eða á sérstökum þingum kennarastéttarinnar eða í tímaritum, sem kennarastéttin gefur út, að samfara þessari auknu áfengisneyzlu komi auknir erfiðleikar í skólastarfseminni, og eru til margar greinargóðar og ýtarlegar lýsingar á því, hvaða erfiðleikum það er bundið að halda uppi fræðslu og menningu í þeim fræðslustofnunum, sem þjóðin hefur komið upp með ærnum kostnaði æskumönnum sínum til handa, til þess að þeir geti þar öðlazt sem bezta menntun, þegar áfengismagið hefur aukizt frá ári til árs.

En ég get farið út fyrir kennarastéttina til þess að leita að vitnisburði í þessum efnum. Hv. 2. landsk. þm. (KTh) talaði hér frá sjónarmiði læknisins fyrst og fremst og dró fram nokkrar staðreyndir um þessi mál frá læknisfræðilegu sjónarmiði. Ég ætla samt sem áður til viðbótar við það að leyfa mér að draga hér fram vitnisburð eins mjög þekkts og velmetins læknis, þ. e. hr. Niels Dungals, en hann hefur látið svo um mælt á prenti, sem ég ætla að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef mikils er neytt af áfengi að staðaldri, einkum af sterkum drykkjum, eins og brennivíni, hefur það skaðleg áhrif á lifrina, svo að óeðlilega mikil fita safnast á hana. Á síðastliðnum vetri kom það fyrir þrjá menn hér í Rvík, að þeir neyttu svo mikils áfengis um langt skeið, að þeir drukku sig bókstaflega í hel. Við krufningu fannst lifur þeirra allra bókstaflega eyðilögð af fitu, sem safnazt hafði fyrir í svo stórum stíl, að lifrarvefurinn var óstarfhæfur. Slíkur dauðdagi er það sjaldgæfur erlendis, að nýlega birtist ritgerð í einu þekktasta læknatímariti Bandaríkjanna, þar sem lýst var 6 slíkum tilfellum, þar af einu í vetur frá borg, sem er 10 sinnum stærri en Rvík, og virðist hafa þótt viðburður þar."

Enn fremur vil ég leyfa mér að lesa hér upp úr vitnisburði annars manns, hr. Sveins Sæmundssonar, yfirlögregluþjóns í Rvík, sem hefur starfað hér að lögreglumálum um nálega 20 ára skeið, og hef ég ekki heyrt annars getið en að hann hafi rækt þau mál við góðan orðstír. Hann hefur birt ummæli sín á prenti, er gefa góða hugmynd um það, hvernig ástatt er í áfengismálunum og ekki hvað sízt í höfuðstað landsins. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er orðinn stór hópur manna hér í Rvík, sem ekki er annað sjáanlegt en orðið hafi áfengisnautninni að bráð. Allir Reykvíkingar þekkja fleiri eða færri af þessum mönnum og vita, að meðal þeirra er víða um góðar gáfur og annað atgervi að ræða. Sumir þessara manna eru raunverulega reköld, sem hrekjast um heimilislausir, klæðlitlir og matarlitlir, og öll þeirra hugsun og athafnir snúast um það eitt að ná í áfengi."

Og síðan segir hann:

„Það er vitað, að hópur þeirra manna, sem ég hef nú lítillega lýst, hefur stórum aukizt síðustu árin, að minnsta kosti hér í Rvík, og það, sem út yfir tekur, er sú staðreynd, að það eru ungu mennirnir, æskumenn vorir, sem sjá um þá aukningu. — Á kreppuárunum var atvinnuleysinu kennt um flest það, sem aflaga fór, og það með réttu. Það er því alvarlegt umhugsunarefni, að þegar tímarnir batna og atvinnan eykst, skuli áfengisnautnin ná að taka stóran hóp af æskumönnum vorum þeim heljartökum, að segja má, að hin meðfædda athafna- og framfaraþrá æskunnar sé drepin í dróma. Í stað skapandi og starfandi manna, er þjóðfélag vort þarfnast nú frekar en nokkru sinni áður, verða hér í framtíðinni, ef ekki er breytt um stefnu, vaxandi hópar þeirra manna, sem í Rvík hafa verið nefndir „rónar"."

Þetta er um áhrif áfengisneyzlu almennt. Geri ég ráð fyrir, að í raun og veru greini þá, sem þetta mál flytja, og hina, sem andmæla því, ekki svo mjög á um þetta atriði út af fyrir sig, enda hafa flm. frv. látið það uppi, að þeir vilji með flutningi þess spyrna fæti við óhæfilegri áfengisneyzlu, en við getum ekki lokað augunum fyrir því, að eins og sannað hefur verið með tölum hagstofunnar, þá hafa þessir hlutir gerzt á sama tíma sem ölneyzla hefur stóraukizt meðal landsmanna.

Þá komum við að þeirri spurningu, sem í raun og veru er kjarni þessa máls: Eru líkur til þess, að sala á áfengu öli í viðbót við það, sem fyrir er bæði af óáfengu öli og sterkum drykkjum af ýmsum gerðum, muni leiða til aukinnar eða minnkandi áfengisneyzlu?

Þegar litið er á þær skýrslur og þau gögn, sem liggja fyrir um neyzlu áfengis og öls, þá kemur það greinilega og ótvírætt í ljós, að eftir því sem meira er drukkið af léttu öli og öðrum lítið áfengum drykkjum, því meira er einnig drukkið af sterkum drykkjum, hinum svo nefndu brenndu drykkjum. Þar sem þarna er farið eftir skýrslum og öruggum heimildum, er þetta ekki sagt út í bláinn, heldur er það rökrétt ályktun af forsendum, og samkvæmt því er ekki hægt að draga aðra ályktun í þessu máli en að framleiðsla og sala áfengs öls hér á landi mundi auka drykkjuskapinn, og því hlýtur mönnum að vera það ljóst, að frv. það, sem hér liggur fyrir, er stórkostlega viðsjárvert.

Í sambandi við þetta mál hefur nokkuð verið um það rætt, að hollara væri fyrir áfengisneytendur að neyta hinna svo kölluðu daufu drykkja, þ. e. a. s. áfengs öls og annars slíks, heldur en hinna sterku drykkja. Læknisfróðir menn eru ekki alveg á því. T. d. liggur fyrir á þskj. umsögn landlæknis um þetta, en hún er byggð á læknisfræðilegri þekkingu og reynslu hans. Landlæknir segir svo í nál. frá minni hl. allshn. árið 1941, með leyfi hæstv. forseta:

„Því greiðari sem er aðgangurinn að áfengum drykkjum og því fleiri tegundir þeirra, sem um er að velja, því meiri og almennari verður drykkjuskapurinn og að sama skapi eykst hvers konar siðleysi, böl og óhamingja, sem af áfenginu leiðir. Hver hinna þriggja tegunda áfengra drykkja, þ. e. öl, vín og brenndir drykkir, á sinn

söfnuð: Ölið unglinga (jafnvel börn) og erfiðismenn, vinið konur og annað tizkufólk og veizlulýð, brenndu drykkirnir drykkjusjúkt fólk að eðlisfari svo og þá, sem orðnir eru óhófsmenn og meiri og minni rónar fyrir vanadrykkju, sem að jafnaði hefst á hinum veikari tegundum. Það er fánýt kenning, að veikar áfengistegundir komi í staðinn fyrir sterku drykkina og útrými þeim. Þær vísa miklu fremur leiðina út í ófæruna og gera margan manninn að drykkjumanni, sem aldrei hefði farið flatt á sterkum drykkjum. Það væri jafnvel vafasamur ávinningur, þó að unnt væri með öllu að útrýma sterku drykkjunum og láta öl og veik vín koma í þeirra stað. Hið verkandi eitur er hið sama í öllum tegundum áfengis, aðeins í mismunandi þynningum. Nú er það kunnugt, að menn hænast að áfengi eitursins vegna, og norrænar þjóðir einkum vegna sterkra áhrifa þess. Erum vér Íslendingar þar sízt eftirbátar og drekkum yfirleitt til þess að verða ölvaðir og vel drukknir. En því fer fjarri, að hollara sé að iðka slíkan drykkjuskap með því að neyta fremur veikra áfengistegunda en sterkra. Ofdrykkja öls er ein hin óhollasta áfengisnautn, því að þar koma ekki einungis til greina beinar verkanir áfengiseitursins á taugakerfið, heldur ofreynsla nýrna og blóðrásarfæra, er leiðir til ömurlegs orkutjóns og illkynjaðs heilsuleysis.“

Þetta segir landlæknir fyrst og fremst sem læknir um neyzlu öls að staðaldri.

Nokkuð hefur verið blandað inn í mál þetta þeim áhrifum, sem talið er, að bannlögin hafi haft á sínum tíma. Menn hafa haldið því fram, að á þeim tíma, sem þau giltu, hafi áfengisneyzla lítið minnkað frá því, sem áður var, og sízt verið siðsamlegri. Ég er maður ekki gamall að árum og man því ekki glöggt, hvernig ástandið í áfengismálunum var þá í landinu yfirleitt, og ég skal ekki mæla bannlögunum bót, en það man ég, að t. d. var það viðburður heima í mínu héraði á þessum bannárum, að það sæist ölvaður maður, og ég var orðinn vel stálpaður unglingur, þegar ég í fyrsta sinn sá drukkinn mann.

Með því að lesa hagskýrslur geta menn bezt komizt að raun um, hversu áfengisneyzlan hefur aukizt í landinu. Vil ég nefna hér dæmi. Frá árunum 1916—1920 var tekið meðaltal áfengisneyzlu, og sýndi sú tala, að neytt var að meðaltali 0,4 l. á mann, en árið 1945 sýndu skýrslur, að neytt var þá ca. 4 l. á mann. Með öðrum orðum, áfengisneyzlan nú er margföld miðað við það, sem hún var meðan bannið var. — Einnig má á það benda, að hagfræðilegar athuganir og rannsóknir hagstofustjóra sjálfs sanna, að með auknum undanþágum frá áfengislögunum stóreykst það áfengismagn, sem neytt er á ári hverju. Eins og áfengislögin eru nú, má segja, að þau feli ekki í sér miklar takmarkanir, en það leynir sér ekki, að þær takmarkanir, sem áfengisl. heimila nú, eiga ekki að vera lengur í gildi, ef þetta frv. nær fram að ganga. Þau ákveða, að ríkið eitt skuli annast sölu áfengis og hafa útibú úti um landið, en þó aðeins þar, sem fjölmenni er. Nú á að brjóta þetta fyrirkomulag niður, með því að leyfa einstaklingum að verzla með áfengt öl um allt landið. Það á að veita einkafyrirtækjum og einstaklingum leyfi til að verzla með þessa áfengistegund í stórum stíl, sem sagt nota einstaklingsframtakið út í æsar og veita einkafjármagni í þennan farveg. Á sama tíma og þetta á að gerast ber mjög á því, að erfitt reynist að fá fjármagn til nauðsynlegustu framkvæmda á sviði atvinnulífsins.

Nú er það í lögum, að áfengissala megi aðeins vera opin á þeim stað, þar sem meiri hluti íbúanna leyfi það. Nú er svo háttað, að engin vínsala er með öllu ströndinni frá Rvík til Seyðisfjarðar að Vestmannaeyjum undanteknum. Skyldi breyting á þessu verða til þess að draga úr drykkjuskapnum? Enn fremur er gert ráð fyrir að gera að engu það fyrirmæli, að íbúar ráði sjálfir, hvort áfengissala er á staðnum.

Nú er það augljóst mál, að ef frv. þetta nær fram að ganga og verður að lögum, svo að um allt land verði selt þetta áfenga öl, þá verða héraðabönn gagnslítil eða gagnslaus, og er það ein hlið þessa máls.

Í núgildandi áfengislögum er svo kveðið á, að lögreglustjórar hafi heimild til þess að loka áfengisverzlunum um tíma, ef ástæða þykir til. Þá er ekki til neyzlu nema það, sem ferðapelinn veitir. Hér á einnig að gera þessa reglu einskis verða, ef í hverri verzlun á að fást áfengur bjór, svo að drýgja megi áhrif þau, sem ferðapelinn kann að veita. Í áfengisl. er ákveðið, að stj. megi veita aðeins einu veitingahúsi leyfi til að hafa áfengi á boðstólum. Með frv. þessu er stefnt að því að gera þetta ákvæði einnig að litlu eða engu. Till. hafa komið fram um að veita fleiri veitingahúsum, t. d. öðru veitingahúsi hér við Austurvöll, vínveitingaleyfi, svo að beggja megin við völlinn megi vera vínútsölustaðir, eða jafnvel öllum megin, ef sú hugsjón kemst í framkvæmd að setja upp barinn, sem hann Jónas sagði frá!!

Allt þetta miðar að því að draga úr þeim takmörkunum, sem áfengislögin fela nú í sér, og gera ókleift að hafa nokkurn hemil á áfengissölunni í landinu.

Ég hygg, að ekki verði með rökum mælt á móti því, sem fram kemur glögglega í áliti landlæknis, að sala á áfengu öli mundi verða til þess að leiða margan æskumanninn, í viðbót við þá allt of mörgu, sem nú falla fyrir áfengisnautninni, út á drykkjumannsbrautina. — Hv. flm. talaði um það að neyzla þessa áfenga öls mundi verða til þess að bæta umgengnisvenjur þeirra, sem áfengra drykkja neyta. Ég verð að segja það, að mér finnst næsta furðulegt, að skynsamir menn skuli leyfa sér að bera slíkt á borð, þar sem allt efni frv. miðar að því að útvega fleiri tegundir áfengis og fleiri útsölustaði. Ég hygg því, að undir engum kringumstæðum geti það orðið til að bæta menningu okkar á neinn hátt að gefa upprennandi Íslendingum tækifæri til þess að drekka áfengt öl. Þeirra er framtíðin, og það eru þeir, sem eiga að varðveita menninguna og auka hagsældina í landi voru. Það er viðurkennt af læknum og öðrum, sem sérstakt vit hafa á þessu, að menn drekka ekki áfengi vegna bragðsins, og þá sízt unglingar, heldur vegna áhrifanna, og það er algeng bróun, að menn byrja fyrst á hinum veikari áfengistegundum, en fika sig svo upp stigann, þar til hámarki er náð í ofdrykkju sterkra drykkja. Hv. flm. hafa viljað halda því fram hér í ræðum sínum, að unglingum mundi ekki þykja ölið bragðgott og

því mundu þeir ekki drekka það. Það má vel vera, að þeim þætti ölið ekki gott á bragðið í fyrstu, en hætt er við, að áhrif áfengisins yrðu nokkuð lokkandi fyrir þá og eins þau áhrif, sem koma fram við neyzlu áfengs öls, og það er í því, sem hættan er e. t. v. aðallega fólgin. Eins og ástandið er nú í áfengismálum þjóðarinnar, þá hygg ég, að mönnum ætti fyrir löngu að hafa skilizt, að nú er nóg komið og því full ástæða til að stinga fótum við, en auka ekki vandræðaástand það, sem nú ríkir, með að samþykkja þetta frv. Það er vissulega í gildi enn þann dag í dag, sem spekingurinn forni sagði: „Færra veit es fleira drekkur síns til geðs gumi." Þótt tilgangurinn með þessu frv. kunni að vera góður, hnígur allt efni þess í þá átt að brjóta niður þær allt of veiku varnir, sem fyrir hendi eru nú í þessum málum.

Það er ljóst, að flm. tala ekki af raunsæi og þekkingu um þetta frv. Þeir segja, að frv. eigi að vera til tekjuaukningar fyrir ríkissjóð. Það fær ekki staðizt, eins og frv. er nú úr garði gert. Fróðir menn segja, að ölið muni ekki söluhæft eins og ætlazt er til, að það sé blandað, þ. e. a. s. með 4% alkóhól. Flm. segja, að sala og neyzla áfengs öls eigi að bæta umgengnisvenjur manna. Allar staðreyndir votta, að þetta fer í öfuga átt. Auðsætt er, að vonir þeirra, sem bundnar eru við frv., eru tyllivonir og rök þeirra úr lausu lofti gripin.

Flm. ættu því að sjá, að það hlýtur að vera bæði þeim og þjóðinni fyrir beztu, að þeir taki þetta frv. aftur. Og ef þeir gera það ekki, er það skylda Alþingis að fella það.

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Nd., 20. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Hv. frsm. þessa máls, sá 1. og 2., hafa sýnt mér þann sérstaka heiður að snúa máli sínu nær einvörðungu að minni ræðu, er þeir hafa verið að verja frv. sitt. Mér er því skylt að svara þeim að nokkru, og mun ég fyrst svara þeim, er fyrr talaði, og þeim, sem merkari maðurinn er um alla málsmeðferð og annað, sem sé hv. 2. flm., 1. þm. Skagf. (StgrSt).

Þessi hv. þm. hóf mál sitt á því að láta í ljós mikla og ákveðna undrun yfir því, hversu lítil rök andmælendur þessa frv. hefðu fram að bera. Það er að sjálfsögðu hans einkamál, hvað eru rök og hvað eru ekki rök hjá okkur, sem andmælt höfum frv. En á það þykir mér nú rétt að benda, að það er þó í fyrsta lagi skylda þeirra, sem mál flytja hér á þingi, að færa einhver jákvæð rök fyrir gildi þeirra. Og ég held nú, þegar rækilega eru raktar ræður hv. flm., og þá einnig ræðan sú hin merkari, sem hv. 2. flm. frv. flutti, þá muni nú mörgum virðast, að tiltölulega snautt sé af jákvæðum rökum í þeim ræðum fyrir þessu frv. og að mjög lauslega hafi verið sannað, svo að ekki sé óvægar sagt, að einhverja nauðsyn hafi borið til að flytja frv. um að lögfesta það, sem hér er lagt til, að lögfest verði.

Næst minntist hv. 2. flm. á það, að hann vildi fyrir hvern mun nota heilbrigða skynsemi, og þess vegna væri hann nú með þessu máli, en að það að vera gegn því væri ofstæki, vanþekking og ekkert annað. Ég ætla nú ekki mikið að ræða við þennan hv. þm. um það, hvort rétt sé að láta heilbrigða skynsemi ráða í þessu máli eða öðrum. Ég hygg, að það verði aldrei neitt deilumál, að heilbrigð skynsemi er það, sem á að ráða í öllum málum. En hins vegar er það ekki beint vottur um neitt sérstakt lítillæti hjá hv. 2. flm., þegar hann slær sínum eignarrétti óskorað á hina heilbrigðu skynsemi, sem sé, að allt, sem hans skoðun er á málinu, sé hin heilbrigða skynsemi, en dómar allra annarra séu byggðir á ofstæki, vanþekkingu og algerðri andstöðu við heilbrigða skynsemi. Ég læt hv. 2. flm. alveg um þann skoðunarmáta, sem lýsir sér í þessum málflutningi. Við erum í raun og veru sammála um það, hv. 2. flm. og ég, að í hverju máli eigi heilbrigð skynsemi að ráða. En því er skoðanamunur á málum, að ekki kemur öllum saman um, hvað sé hið rétta og hvað sé hið heilbrigða. En flestir eru svo gerðir, og ég vil ætla það fyrirfram um þennan hv. þm., að þeir vilja ekki slá eignarhaldi á allt það, sem er skynsemi. Ég get ekki betur séð með minni takmörkuðu skynsemi. Og skynsemi þessa hv. þm. er líka takmörkuð. Og svo verðum við að hlíta þeim úrslitum, sem verða gerð af hálfu meiri hlutans, eftir skoðun hans á málinu. En það er ekki samboðið sæmilega greindum mönnum að slá föstu, að þeir einir ráði yfir því, sem heilbrigt er og rétt hvað skynsemi snertir, en andstæðingurinn ekki yfir neinu. — Þetta var smáathugasemd út frá sjónarmiði hv. 2. flm. frv., að hann einn réði yfir heilbrigðri skynsemi. Ég sem sagt vefengi eignarrétt hans á henni og tel, að fleiri hafi rétt á að halda fram skoðunum sínum og að fara eftir því, sem þeirra takmarkaða skynsemi segir rétt vera.

Næst kom hv. 2. flm. að því, að bindindismenn, sem hann vildi nú segja margt gott um, væru í raun og veru bezta fólk, en hefðu stigið herfileg vixlspor. Ég get ekki látið hjá líða að benda á einkennilegan tvísöng í ræðum hv. þm. varðandi bindindismenn. Annars vegar var hv. 2. flm. að tala um, að bindindismenn væru margir sérstakir ágætismenn. En hins vegar tók hann fram oftar en einu sinni, að skoðanir þeirra væru byggðar á ofstæki og vanþekkingu og till. þeirra bindindismanna hefðu orðið til óþurftar. Þetta er einkennilegur tvísöngur, annars vegar að segja: Þetta er gott fólk, sem hefur látið margt gott af sér leiða. En hins vegar: Þeirra skoðanir eru ofstæki, heimska og þeir hafa stigið herfileg vixlspor, sem hafa verið til óþurftar fyrir þjóðina. Ég hef stundum velt því fyrir mér, hvernig gæti staðið á þessum tvísöng. Ég hef heyrt hann hjá mörgum öðrum mætum mönnum, eins og þessi hv. þm. er. Og ég hef einnig heyrt hann hjá hv. 1. flm. þessa frv. (SB), sem ég tala alls ekki um í sömu andránni og hv. 2. flm. Hvernig ætli standi á þessum tvísöng. Ég held, að við höfum gott af að gera okkur grein fyrir, hvað það er, sem í raun og veru skilur okkur bindindismenn og formælendur hófdrykkjunnar og formælendur hinnar frjálsu verzlunar með áfengi. Ég held, að það sé mjög gott að gera sér grein fyrir því. Og því fremur hygg ég, að það sé gott, þar sem fram komu ein mjög athyglisverð ummæli hjá hv. 2. flm. frv. Hann sagði: „Bindindismenn líta yfirleitt á okkur hófdrykkjumennina sem þá skaðlegustu menn í þjóðfélaginu,

skaðlegri en ofdrykkjumenn.“ Hann tók sig þó á og sagði: „Reyndar sagði hv. 6. þm. Reykv. ekki þetta, en ég held, að hann hafi meint það. Mér fannst skina í það.“ Hvers vegna var hv. 2. flm. að hafa þessi ummæli, þegar hann tók fram, að ég hefði ekki sagt þetta? Það má kannske fá skýringu á því með því að athuga, hvað skilur okkur bindindismenn og bannmenn annars vegar og hófdrykkjumenn og andbanninga hins vegar. Ég skal lýsa því með nokkrum orðum, hvað ég tel rök bindindismanna og um leið bannmanna. Rökin eru ekki þau, að hv. 2. flm. þessa frv. fái sér við og við í staupinu á mjög hóflegan hátt, eins og hann ætíð gerir, að ég hygg. A. m k. hef ég aldrei séð hann neyta áfengis í þeim mæli, að hann þess vegna afræki störf sín eða valdi neinum misfellum. Sem sagt, ég tel hann hófdrykkjumann í fyllsta máta. Og ég tek ákaflega skýrt fram, að ef ég hefði aldrei þekkt aðrar afleiðingar áfengis eða aðra meðferð áfengis en líka því, sem á sér stað hjá þessum hv. þm., þá væri ég ekki í sveit þeirra manna, sem telja skyldu sína að berjast fyrir bindindi og banni. En það eru því miður aðrar hliðar á þessu máli. Því miður eru áfengismálin hjá okkur stór þjóðfélagsleg vandamál. Og ég veit vel, að hv. 2. flm. viðurkennir þetta með mér. Það er mér ákaflega á móti skapi að vera með nokkrar viðkvæmnislýsingar á þessu ástandi. Það þarf ekki til. Þarna tala verkin. Og það þarf ekki heldur að nefna ákveðnar tölur eða dæmi. Við vitum allir, að óhófleg nautn áfengis er mjög mikið þjóðfélagslegt vandamál. Og ég veit, að hv. 2. flm. og ég, við deilum ekki um það, að þetta er vandamál, sem við verðum að setja við hliðina á sjúkdómum, sem þjóðin heyir baráttu við, — vandamál, sem stendur einhvers staðar við hliðina á berklaveiki, kynsjúkdómum eða einhverju öðru slíku, sem allir heilbrigðir menn eru sammála um, að gera eigi þjóðfélagsleg og félagsleg átök til þess að vinna gegn. Sem sagt, upphafið er þetta: Ég sé ofdrykkjuna í landinu sem gífurlegt þjóðfélagslegt vandamál, sem á að vinna gegn, bæði með frjálsum samtökum einstaklinga og með átökum þjóðfélagsheildarinnar, átökum ríkisvaldsins. Svona langt veit ég, að við, hv. 2. flm. og ég, erum sammála. Þá fer ég að gera mér grein fyrir því, á hvern hátt ég sem einstaklingur get unnið gegn þessu þjóðfélagsmeini. Ég hef ekki sjálfur séð, að ég gæti orðið þar að verulegu liði nema með því að hafna sjálfur drykkjusiðunum. Ég hef álitið það skynsamlega reglu fyrir mig sem einstakling. Ég hef ekki séð, að ég hefði neitt að græða á því að taka upp drykkjusiðina. En ég hef enn fremur talið, að með þessu eina móti, að hafna drykkjusiðunum, gæti ég orðið liðtækur þjóðfélagsþegn í baráttunni gegn þeirri meinsemd, sem ofdrykkja áfengis er. Ég hef sem sé ekki trú á því, að ég gæti reynt að hafa áhrif á þá menn, sem hafa fallið fyrir ofurborð vegna áfengisnautnar, með því að segja við þá: Ég er hófdrykkjumaður, vertu hófdrykkjumaður líka. — Ég hef ekki trú á þessu. Ég hef sem sagt, og þykir það góð regla fyrir mig, bindindi. Og þá álít ég þá góðu reglu fyrir þjóðfélagið bindindi, og það þýðir að viðurkenna bindindi í löggjöf þjóðarinnar, koma á algeru banni. Hv. 2. flm. hefur þarna önnur sjónarmið en ég. Hann vill að vísu vinna á móti ofdrykkjunni, en hann vill segja við ofdrykkjumanninn: Taktu mig til fyrirmyndar, taktu við og við glas í hófi. — En hefur honum tekizt að beita þessari röksemd við nokkurn mann? Hefur honum tekizt að tala nokkurn mann með þessum orðum frá ofdrykkjunni og til hófdrykkju? Bindindissaga þjóðanna segir okkur frá því, að snemma á síðustu öld var ráð hófdrykkjumannanna þaulreynt. Þá voru mynduð hófdrykkjufélög um allan heim, til þess að kenna mönnum að drekka í hófi, leiða menn til þess að drekka í hófi. Þessi félög lifðu og störfuðu í nokkra áratugi. Þau hurfu, og hin algera bindindishreyfing kom í staðinn.

Nú kem ég að spurningunni: Hvers vegna er þessi tvísöngur hjá hófdrykkjumönnunum? Hvers vegna segir hv. 2. flm.: „Þið bindindismenn eruð margir góðir menn, en ykkar skoðanir eru byggðar á ofstæki og vanþekkingu“? Ég held, að á því sé sálræn skýring. Ég held, að það sé þetta, að þessir menn, sem svo mæla, þeir finni til þess, sem postulinn lýsir með svo ágætum orðum: Hið góða, sem ég vil, geri ég ekki, en hið vonda, sem ég ekki vil, það geri ég. — Þeir vilja vinna móti ofdrykkjunni, en finna, að þeir eru ekki færir um það, finna og viðurkenna, að þeir eru á valdi siða, sem leiða af sér með þjóðinni stórkostlegt þjóðfélagslegt vandamál. Af þessu hygg ég, að þetta ofstæki í garð okkar bindindismanna stafi. Ég hef oft verið með kenndum mönnum, ég hef talið það skynsamlegt til að kynnast þeim. En alltaf hafa þeir í sínu ölæðisrövli verið að láta lítilsvirðandi orð falla í garð bindindismanna. Ég hef litið á þetta sem ómæt ómagaorð. Það er aðeins þáttur af þessum mönnum, þegar þeir eru í slíku ástandi. Ég hygg, að það skýrist út frá lögmálinu, að þeir viti, að það góða, sem þeir vilji, það geri þeir ekki. Þeir hafa ekki viljað hafna drykkjusiðum til að vera hlutgengir menn í baráttunni gegn ofnautn áfengis.

Hv. þm. bar mér á brýn í öðru orðinu, að ég teldi hófdrykkjumenn verri en ofdrykkjumenn. Hann sagði, að ég hefði ekki sagt þetta berum orðum, en bindindismenn væru vanir að segja það og ég meinti það. Ég vil svara því, að þetta er hrein og bein fjarstæða. Ef ég á að flokka landsfólkið í þrjá flokka, bindindismenn, hófdrykkjumenn og ofdrykkjumenn, þá verð ég að segja, að þegar um skoðanir er að ræða, þá strika ég yfir ofdrykkjumenn eins og sjúklinga, sem séu sýktir af slæmum siðum, sem haldið er uppi í þjóðfélaginu. Skoðanaátökin eru þá milli mín sem bindindismanns og hv. 2. flm. sem hófdrykkjumanns. Að því leyti erum við andstæðingar, og þá er eðlilegt, að í odda geti skorizt, þegar við deilum. En það get ég sagt honum, að væri engin áfengisnautn til nema sú tiltölulega hóflega áfengisnautn, sem hann viðhefur, þá væri engin skipulögð starfsemi í heiminum gegn áfengisnautn. Áfengisnautnin væri þá einkamál hvers og eins. Hún væri kannske eitthvað neikvæð fyrir þann, sem áfengisins neytti, en hún væri ekki þjóðfélagslegt vandamál. Ég get sagt honum, að einu sinni var einn af kunnustu bindindismönnum Dana spurður að því, hvers vegna bindindismenn væru ekki á móti tóbaksnautn, eins og þeir væru á móti áfengi. Þessi kunni bindindismaður svaraði og sagði: Þegar ég sé, að einhver karlmaður fer að draga konuna sína á hárinu vegna tóbaksnautnar, þá skal ég hefja

sömu baráttu gegn tóbaksnautn og gegn áfengi. — Þetta er mergurinn málsins. Annað er gifurlegt þjóðfélagsvandamál, en hitt er einkamál. Afleiðingarnar koma ekki eins hastarlega niður á öðrum eins og þær gera um áfengisnautn. Sem sé, skoðun mín er ekki sú, að hófdrykkjumaðurinn sé eitthvert afhrak, hættulegur, ofstækisfullur, heimskur o. s. frv., heldur, að hann hafi ekki tekið rétta afstöðu til þessa mikla vandamáls, sem ofdrykkjan er, og sé því ekki hlutgengur maður í baráttunni gegn því, nema hann taki þá stefnu að útrýma áfenginu. Ég ber fulla virðingu fyrir skoðunum andstæðinga minna, en ætla að fara eftir því, sem ég með minni takmörkuðu skynsemi tel sannast og réttast. Ég held, að hv. 2. flm. ætti að sálgreina sjálfan sig og vita, hvort ofstæki hans í garð okkar bindindismanna er ekki af þessu, að hann er ekki í samræmi við það, sem hann vill.

Þá kom langur kafli í ræðu hans, þar sem hann breiddi sig yfir það, að ég hefði játað, að ég viðurkenndi, að með banni. hefði komið alls konar ófarnaður í bindindismálum inn í landið. Þetta þótti mér ákaflega athyglisvert, ekki sízt af því, að greindur og sanngjarn maður eins og hann skyldi seilast til þess að rangfæra viljandi það, sem ég hef haldið fram. Sjálfsagt veit hann það eins og að tvisvar tveir eru fjórir, hvað það var, sem ég sagði. Ég rakti sögu áfengismálanna hér á landi og lýsti þeim í stórum dráttum svo: Frá því laust fyrir aldamót og fram til 1918, og þó öllu fremur fram til 1922, var fylgt í höfuðdráttunum stefnu bindindismanna í landinu, settar fleiri og fleiri skorður um meðferð alls áfengis, og á sama tíma fór áfengisnautn þverrandi. Þetta tvennt gerðist á sama tíma: Meiri skorður í löggjöfinni, minni drykkjuskapur, minni vandræði. Ég vil leyfa mér að álykta, að þar á milli sé rökrænt samband, sem sé, að því meiri hömlur, sem löggjöfin setur um meðferð áfengis, því minna sé drukkið. Ég benti á, að 1918 og sérstaklega 1922 hefði verið snúið af braut bindindismanna. Þá hætti þeirra stefna að ráða. Þá var farið að brjóta niður hömlurnar. Fyrst kom læknabrennivínið, síðan Spánarvínið, loks sterkir drykkir. Sem sé, á þessu árabili hefur verið gengið til baka. Það hafa verið rifnar niður fleiri og fleiri hömlur, sem löggjöfin setti um sölu og meðferð áfengis. Áfengið eykst, vandamálin vaxa, ofdrykkja meiri. Þetta veit ég, að hv. þm. mátti vel skilja, og hann gat vel skilið mínar röksemdir. Ég sagði: Það gerist samtímis, að skorður, sem settar eru með löggjöf um áfengismál, verða færri og áfengisbrot aukast. Ég leyfði mér að álykta, að rökrænt samband væri hér á milli. En í stað þess að berjast við þessa skoðun, þá segir þessi einkaréttarhafi heilbrigðrar skynsemi, að það séu mín orð, að með banni. hafi ástandið versnað. Þetta er ekki samboðið hv. 2. flm. frv., 1. þm. Skagf. Nei, komi hann með sína heilbrigðu skynsemi, fyrst hann hefur einkarétt á henni, og sanni það, að með vaxandi hömlum vaxi áfengisnautn. Þetta eru rökin fyrir minni skoðun.

Svo fór hann að segja sögu um, að þrjátíu Mývetningar hefðu farið á fylliri. Mikil skelfing var hann ánægður, þegar hann var að segja frá þessu. „En hvað kemur þetta kláðamálinu við?“ sagði maðurinn. Þrjátíu menn fóru á fylliri fyrir þrjátíu árum, ergo er ég með áfengu öli 1947. Svo voru önnur rök, sem er enn þá meira gaman að. Hv. þm. segir, að menn geti drepið sig á kjötáti. Ég verð að segja hv. þm. frá þessum rökum. Ég verð að hryggja hv. þm. með því að segja honum frá, að fyrir nokkrum árum var einn skoðanabróðir hans enn snjallari í rökfærslu en hann. Hann var að flytja ræðu og hélt á blýanti í hendinni. Hann sagði: Ég get drepið mig á blýanti. Því í ósköpunum stofnið þið ekki bindindisfélag á móti því að gleypa blýanta? — Þessi var enn þá snjallari. Sem sé, báðir fóru með fjarstæðu. Báðum sást yfir það, að ofdrykkjan er stórt þjóðfélagslegt vandamál. En það er ekki þjóðfélagslegt vandamál, að menn hafi tekið upp á því að gleypa blýanta og ekki heldur, að menn leggi sér um of kjöt til munns. Það væri miklu frekar skiljanlegt frá sjónarmiði þessa hv. þm. sem forgöngumanns íslenzkra bænda, að hann áliti, að ekki væri etið nóg kjöt. Ég skal viðurkenna, að það eru til menn, sem álíta, að kjötát hafi óheppileg áhrif á heilsuna, en hér gegnir öðru máli. Sama máli gegnir um tóbaksnotkun eða svipuðu máli eins og með hóflega notkun áfengis. Það er mál einstaklinganna. Það er ekki mál, sem bitnar á nágrönnum þeirra eða þjóðinni og verður ekki til þess að menn dragi konuna sína á hárinu. Þetta er of léttvæg gamansemi hjá hv. þm., að beita svona ómerkilegu orðagjálfri í sambandi við svo mikið alvörumál. Það er ekkert sambærilegt með kjötáti og áfengisnautn og enga ályktun hægt af því að draga, sízt fyrir mann, sem hefur einokunaraðstöðu á heilbrigðri skynsemi. Hann var í þessu sambandi að leiða fram eitt vitni til að sanna þessa skaðlegu notkun kjöts. Ég kann ekki við að nefna þennan mann, sem hann nefndi. En því í ósköpunum fór hann ekki inn í Kleppsvík og leitaði sér að vitnum þar? Í því stóra húsi hefði verið hægt að finna marga menn eins og þennan mann, sem hann leiddi fram sem vitni fyrir því, að álíka skaðlegt væri að neyta kjöts og áfengis.

Hv. 2. flm. kom næst að því, að það væri hið stóra fell bindindismanna, sem stafaði af ofstæki og vanþekkingu, að þeir segðu: Þú skalt ekki. — Hann sagði, að þetta væri aðferð, sem væri notuð í einræðislöndum, en ekki væri hægt að nota hana í lýðræðislöndum. Skelfing eru þetta ódýr rök hjá manni með heilbrigða skynsemi. Ég vil biðja hann að athuga, hvað mikið mundi verða eftir af íslenzkri löggjöf, ef öllu væri kippt burt, sem byggt er eftir formúlunni: Þú skalt ekki. Ég vil biðja hann að athuga, hvort þetta er sérstakt einkenni fyrir einræðislönd. Svona vitleysu elga menn ekki að segja. Löggjöf hlýtur að verða byggð bæði á boði og banni. Það verður ekki hjá því komizt, að hvert réttarríki bannar ákaflega margt. Spurningin er svo, sem ég hef drepið á áður, þegar löggjafinn er að banna eitthvað, hvort hann er þá í nógu góðu samræmi við réttarmeðvitund fólksins. Það er viðurkennt seint og snemma á öllum tímum, að þar ber löggjafanum að gæta sín, því að bönn og boð mega ekki ganga út yfir það, sem þjóðin viðurkennir. Við getum ekki komizt hjá því, að einhver lítill minni hluti kunni að vera andvígur boðum og bönnum löggjafans, en það þarf á hverjum tíma að tryggja, að nægilega sterkur meiri hluti, nægilega sterk réttarmeðvitund þjóðarinnar sé á bak við hvert bann, því að þá er

bannið fyrst í samræmi við grundvallarreglur lýðræðisins. Það þarf ekki að vitna í einræðislönd að þessu leyti, hvort sem heldur snertir áfengi eða innflutning á sauðfé, svo að nefnt sé eitthvert dæmi, sem hv. þm. kannast við. Sá, sem hefur einkarétt á heilbrigðri skynsemi, á ekki að koma með svona röksemdir. Mikil lifandi skelfing er fjarri því að vera samboðið svo mætum og gáfuðum manni sem hv. þm. er að fara út í svona málflutning, og hann hefði ekki heldur hrakizt út í það, ef hann hefði ekki skort rök. Hans ólán er að hafa tengt nafn sitt við mál, sem skortir rök, og fyrir það hefur hann leiðzt út í svona lagaðan málflutning.

Þá kom hann með eitt dæmi um ofstæki og hreina heimsku bindindismanna, en það var, að þeir skyldu ekki vilja leyfa að selja áfengi í smærri skömmtum en þriggja pela flöskum. Þarna rekast á sömu grundvallarsjónarmiðin. Hann er sjálfum sér samkvæmur í þessu. Hann vill frjálslega meðferð áfengis, minni hömlur á meðferð þess af hálfu löggjafarvaldsins. En þó ætla ég, að hann viðurkenni, ef hann hugsar sig um, að á þeim árum, sem l. leyfðu að selja brennivín í staupatali við búðarborð, þá var ástandið stórmiklu verra en eftir að það var bannað. Ég bið hann að hugsa um þetta vel, áður en hann slær föstu, að heilbrigð skynsemi mæli með því að segja: Það á að selja brennivínið í smáskömmtum. — Ég held, að þetta sé svo fjarri öllum sanni hjá hv. þm., að hann ætti að láta vera að slá föstu í nafni heilbrigðrar skynsemi, að það sé ekkert nema ofstæki og hrein heimska að hafa ekki brennivín á boðstólum í smáskömmtum í flöskum og jafnvel í staupatali.

Eitt var það, sem hann lagði mikla áherzlu á, og þótti mér mjög vænt um að heyra það. Hann hélt fram og sagði, að ef hægt væri að sannfæra sig um það, að ölfrv. hans mundi leiða til vaxandi áfengisnautnar unglinga, þá vildi hann falla frá skoðun sinni og snúast gegn frv. Þetta er drengilega mælt, og dreg ég ekki í efa, að alvara standi á bak við. Eina röksemd flutti hann sem sönnun fyrir því, að unglingar mundu ekki drekka hið áfenga öl. Rökin voru þau, að ölbragð væri andstyggilegt. Unglingum þætti ölbragð vont, og þess vegna mundi ekki vera nokkur hætta á, að þeir byrjuðu á að neyta bjórs. Þetta er veik röksemd. Hvers vegna byrja menn á að neyta bjórs, fyrst bragðið er vont? Mér er sagt, að öllum þyki áfengi vont í fyrsta skipti, sem þeir bragða það. En það er ekki bragðið, sem ræður, það eru áhrifin, enda mun það yfirleitt vera svo, að menn venjast hverju því, sem þeir neyta, ef það hefur notaleg áhrif á þá líkamlega. Að hugsa sér þá fjarstæðu, að unglingarnir mundu ekki, þegar þeir sjá bjórsins neytt á borðum foreldra, bragða líka, þó að bragðið væri fyrst í stað andstyggilegt, og fara þá að venjast því og þykja áhrifin góð. Það er meiri fjarstæða en mér finnst hv. þm. geta haldið fram.

Ég hef áður vitnað í ýtarlega ræðu, sem landlæknir flutti 1932 í umr. um ölbruggun. Ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa stuttan kafla úr þessari ræðu, sem fjallar einmitt um þetta atriði. Þá getur hv. 2. flm. barizt við röksemdir landlæknis í næstu ræðu sinni. Mér þykir leiðinlegt, ef hann gengur út úr d. og vill ekki hlusta á þennan kafla. Hann hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt skýrslum skólalæknanna í Berlín drekka ¾ barnanna þar meira og minna. 39% af börnunum þar drekka einn bjór á viku og 11% einn snaps á viku. 33% af börnunum drekka bjór daglega og 2—3% snaps á hverju degi, enda segja skólalæknarnir, að drykkjuskapur barna sé þjóðarsiður. Í Gera fór einnig fram slík rannsókn á skólabörnum, 515 drengjum og 554 stúlkum. Reyndist þar svo, að aðeins 4 drengir og 8 stúlkur höfðu aldrei smakkað áfengi. 235 drengir af þessum 515 neyttu víns og 109 bjórs daglega. Af stúlkunum neyttu 237 víns og 130 bjórs á degi hverjum. Í München fór rannsókn fram á 4562 skólabörnum. 13,1% voru í bindindi, 55,3% drukku að staðaldri, 6,4% voru snapsdrykkjumenn og 4,5% reglulegir ofdrykkjumenn. Í Nordhausen var rannsakaður drykkjuskapur barna í fyrsta og fjórða bekk barnaskóla þar. Í 1. bekk voru 49 sjö ára börn. 38 drukku vín, 40 þeirra snaps, og öll drukku þau bjór. Í 4. bekk skólans voru 28 stúlkur. 27 þeirra drukku vín, 24 snaps og allar bjór. Í Schönberg, sem er útborg við Berlín, fór fram rannsókn við drengjaskóla og stúlknaskóla þar. 56,2% af drengjunum drukku bjór að staðaldri, 30% önnur vínföng. Og af stúlkunum drukku 48,7% bjór að staðaldri og 32% önnur vínföng. Rannsókn í menntaskólunum í Þýzkalandi leiddi það í ljós, að meira en 50% af 11—12 ára börnum neyttu áfengis daglega.“

Síðan bætir landlæknir við:

„Ég vona, að þetta nægi til að sýna fram á, að það er engin fjarstæða að minnast á drykkjuskap barna í þessu sambandi. Og ég geri ráð fyrir, að bindindisþekking sé á svo háu stigi í þessu landi, að hv. þm. sé að minnsta kosti ljóst, hvílíkan voða er hér um að ræða, þar sem fjöldi kornungra barna neytir áfengis daglega, að ekki sé minnzt á þau ósköp, þegar 4,5% þeirra eru beinir ofdrykkjumenn, eins og í dæminu frá Þýzkalandi, og ræði ég því ekki þá hlið málsins frekar.“

Ég vil biðja hv. þm., ef hann hefur ekki heyrt þessa skýrslu, að kynna sér hana. (StgrSt: Ég hef heyrt hana svo oft, að ég kann hana.) Þá liggur fyrir honum að afsanna hana og sýna fram á, að þetta sé rangt, því að ef þetta er rétt, þá er það svo eftir eigin orðum hv. flm., að þá á hann að vera á móti frv., sem hann er flm. að. Og benda vil ég honum á, að landlæknir tekur skýrt fram, að þessi skýrsla er tekin úr riti lækna, sem engin ástæða er að væna um bindindissemi, eins og landlæknir kemst einhvers staðar að orði.

Ég skal þá láta lokið svari mínu til hv. þm. hvað þær almennu röksemdir snertir, en mér þótti einkennilegt að heyra í lok ræðu hans, að það kom í ljós, að hann var andvígur ýmsum meginatriðum frv. T. d. vill hann ekki ganga út frá því, að þetta eigi endilega að vera einkafyrirtæki, sem ræki bruggunina. Hann vill ekki ganga út frá því, að sú álagning, sem gert er ráð fyrir í frv., sé hæfileg, og yfirleitt var hann meira og minna andvígur sjálfri uppbyggingu frv. Hvað hefur hent þennan einkarétthafa heilbrigðrar skynsemi að skrifa upp á frv., sem hann var í verulegum atriðum andvígur og algerlega andvígur, ef honum er sýnt fram á, að það gæti orðið til að auka áfengisnautn unglinga? Og hann hefur ekki reynt að afsanna það með öðru en bragðinu, að það gæti leitt til aukinnar áfengisnautnar unglinga. Ég bið eftir, að

hann hreki þessa skýrslu, sem ég hef lesið upp og landlæknir Íslands hefur samið eftir þýzkum stéttarbræðrum sínum.

Þá kem ég að hv. 1. flm., og ég skal strax taka fram, að ég hef hann í allt öðru númeri en hv. 2. flm. Hv. þm. A-Sk. (PÞ) hefur þegar lýst hans ræðu, að það hafi verið orðafroða, og henni verður ekki betur lýst með öðrum orðum nema að bæta því þá við, að í þeirri froðu var mikill vindur, geysimikill vindur. Og nú skulum við athuga nokkuð einstök atriði úr þessari orðafroðu 1. flm.

Hann byrjaði á því að reyna að sýna fram á, að það væri nú engin rökleysa, sem stendur í upphafi grg. fyrir frv., að frv. miðaði að því að draga úr hinni miklu neyzlu sterkra drykkja og hins vegar, að það miðaði að því að auka tekjur ríkissjóðs. Ég hef sagt um þetta, að frv. og röksemdirnar fyrir því byrjuðu á rökleysu. Hv. 1. flm. vildi nú reyna að andmæla þessu, en flækti sig aðeins enn meir í eigin neti, í neti þeirrar rökleysu, sem hann hefur haldið fram. Hann komst nefnilega að þeirri niðurstöðu, að það væri vel hægt að hækka verð á sterkum drykkjum, en ekkert er um það í frv. og enginn getur bannað að hækka verð á sterkum drykkjum, þótt ekkert áfengt öl sé í landinu. Þar á milli er ekkert rökrænt samband, heldur er þetta eintóm vitleysa. Það getur verið, að einhvern tíma verði hækkað verð á sterkum drykkjum, og væri það vel farið, en ekkert rökrænt samband væri á milli þess og þessa frv. Það verður aðeins að líta á það, hvort líklegt sé, að hið áfenga öl dragi verulega úr neyzlu sterkra drykkja og minnki þannig um leið tekjur ríkissjóðs verulega, miðað við það verð, sem á hverjum tíma er á sterkum drykkjum. — Ég held, að hv. 1. flm. hafi nú fundið, að þessi röksemd var eitthvað veik, og þá flækti hann sig enn meir og sagði: „Það er enginn skaði skeður, þótt tekjur ríkisins í heild minnki við þessar ráðstafanir.“ Þetta er hárrétt. Það væri síður en svo skaði. Það væri gróði, ef tekjur ríkissjóðs minnkuðu af áfengissölu. En þá verður mér að spyrja hv. þm.: Hvað er þá orðið úr næstu röksemd, — að með frv. eigi að afla tekna til þess að reisa þrjú sjúkrahús og aðrar líknarstofnanir? Niðurstaðan er þá sú, að ekkert ynnist á fyrir þessar stofnanir. — Nei, hv. 1. flm. átti að viðurkenna í allri auðmýkt, að grg. er byggð á rökleysu. Það er ósamrímanlegt að ætla að draga úr sölu áfengra drykkja og ætla að auka tekjur ríkissjóðs. Þetta kaus hann ekki, heldur flækti sig meir og meir í vitleysunni og endaði með því að komast nánast að þeirri niðurstöðu, að frv. gæti vel verið leið til þess, að tekjur ríkisins minnkuðu.

Þá blés sterkur vindur, þegar hann hafði þessu lokið, og í vindinum þaut þetta: Ég hafi verið að fleipra og fjasa um ræðu landlæknis, en aldrei vitnað í hana. Ég var hvorki að fleipra né fjasa um ræðu landlæknis, heldur sagði frá henni og skoraði á flm. að sýna þann manndóm að leita eftir þeim rökum, sem þar eru fram lögð, svo að hann gæti í sinni framsöguræðu fyrir sínu frv. hrakið þær staðhæfingar, sem þar eru fram settar. En flm. kom upp um sig, því að hann hefur sannað, að honum kemur ekki til hugar að lesa þau gögn, sem honum er bent á í málinu, — vill ekki meta og vega rökin. En ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa nokkurn kafla úr þessari ræðu fyrir hv. flm., og gæti hann þá beitt rökvísi sinni að því að rífa þann kafla niður. Með leyfi hæstv. forseta segir svo í ræðunni:

„Við Íslendingar drekkum mjög lítið af öli miðað við aðrar þjóðir, 2,45 l. á mann á ári og eingöngu óáfengt öl. Vín drekkum við sem svarar 1,52 l. á mann á ári. Danir drekka aftur á móti afar mikið af öli, 62,7 l. á mann á ári, eða um 15 sinnum meira en við, og þó er vindrykkja í Danmörku svipuð og hér, eða 1,49 l. á mann á ári. Þjóðverjar eru miklir öldrykkjumenn eins og Danir, og drekka þó þrisvar sinnum meira vín. Hjá þeim nemur öldrykkjan 67,6 l. á mann á ári, og vindrykkjan 4,6 l. Austurríkismenn eru enn meiri öldrykkjumenn en Danir og Þjóðverjar. Drekka þeir 72,4 l. af öli á mann á ári og 14,5 l. af víni. Frakkar drekka öl sem svarar 42 l. á mann á ári, en þeir drekka líka 124 l. af víni á mann á ári, af sams konar vínum þeim, sem seld eru og drukkin hér á landi. — Sú kenning er því úr lausu lofti gripin, að það dragi úr vinnautn manna, ef þeim aðeins er gefið tækifæri til að drekka öl. Og sama máli gegnir um brenndu drykkina. Þannig drekka Danir auk alls ölsins 1,32 l. af brennivíni á mann á ári. Í Noregi nemur öldrykkjan 25,5 l. á mann á ári, en jafnframt drekka Norðmenn 0,87 l. af brennivíni á mann á ári. Og auk hinna 67,6 l. af öli, sem ég áður gat um, drekkur hver Þjóðverji árlega til uppjafnaðar 2,22 l. af brennivíni.“

Hér er kafli úr ræðu landlæknis, og e. t. v. vildi nú 1. flm. lesa ræðuna enn betur en þetta og þar með fá tækifæri til að andæfa því, sem þarna er sagt um það, að öldrykkjan dragi á engan hátt úr öðrum drykkjuskap hjá þeim þjóðum, sem talað var um.

En til þess að þóknast flm., skal ég nú nefna aðrar tölur og nýrri. Ég nefndi ekki neinar tölur í fyrstu ræðu minni. Ég ætlaði að prófa þolrifin í flm. og láta þá koma með tölur fyrir sínu máli, en þeir gerðu það ekki. En í sumar var haldið alheimsbindindisþing í Stokkhólmi. Þar voru margar þúsundir manna frá flestum löndum heims. Fyrir þetta þing höfðu færustu menn safnað skýrslum um áfengisneyzlu í flestum löndum jarðar, og þær skýrslur eru staðfestar af hagstofum hlutaðeigandi þjóða. Skýrslan er miðuð við 100% áfengi. Nú skulum við sjá, hvað þessar tölur segja. Ég ætla þá fyrst að víkja að þeirri staðreynd, að á Íslandi horfir málið svo, að áfengisneyzla hefur tvöfaldazt á stríðsárunum. Fyrir stríð var mjög nærri því, að Íslendingar drykkju 1 lítra hver maður á ári, en nú hér um bil 2 lítra. Og þetta er okkar þjóð, sem ekki hefur öl. Norðmenn drukku árið 1946 2,42 l. á mann af 100% áfengi. Þar er öl. Danir drukku á sama ári 3,38 l. á mann af 100% áfengi. Bandaríkjamenn, sem drekka mjög mikið af öli, taka til sín að meðaltali á mann sem svarar 6,8 l. af 100% áfengi á ári. Ekki virðist ölið hafa dregið úr áfengisneyzlu þar.

Ég skal svo gefa 1. flm. yfirlit yfir ástandið í nokkrum nágrannalöndum okkar miðað við yfirlit yfir nokkur ár. Það er þá fyrst Danmörk með sitt áfenga öl. Áfengisneyzla í Danmörku hefur breytzt þannig síðan 1938, miðað við 100% áfengi: 1938 drekkur hver maður í Danmörku 2,54 l., 1939 2,67 l., 1940 2,20 l., 1941 2,57 l., 1942 2,42 l., 1943 2,66 l.,

1944 3 l., 1945 2,62 l., 1946 3,28 l. Þannig er drukkið í Danmörku, öllandinu, þegar við Íslendingar, í öllausu landi og með okkar slæma ástand, erum þó enn í tæpum 2 lítrum hvað áfengisneyzlu snertir.

Þá er það Noregur. Þar er ástandið svona: 1938 er áfengisneyzlan 2,22 l. á mann, miðað við 100% áfengi. Svo hef ég ekki skýrslur fyrr en 1942. Þá er neyzlan mjög lítil, 0,87 l., en þá voru verulegar hömlur á öllu áfengi og bjór. 1945 hefur verið slakað á hömlunum, og þá er neyzlan 1,34 l., en árið 1946 er hún 2,42.

Þessar tiltölulega fáu tölur — en ég hef margar fleiri — ætla ég að sýni, að það er fjarri því, að minna sé drukkið í löndum ölsins en þar, sem ástandið er talið svo slæmt, að bæta þurfi það með ölbruggi, nefnilega hérna heima á Íslandi.

Hv. 1. flm. fór að tala um áfengisneyzlu Dana og Íslendinga, og það, hvernig hann hagaði máli sínu, er ljósasta dæmið um það, hvernig hans málflutningur er í raun og veru. Þá reiknaði hann út, hvað Íslendingar drykkju, og miðaði nú við lítra, ekki 100% áfengi eins og í þessari skýrslu. Svo fór hann til Danmerkur og tók sterka drykki þar og sagði, að það væri ekki mikið, bara 1,9 l. á mann. Flm. vissi vel, þegar hann sagði þetta, að þetta er ekki mælikvarði á það, hvað danska þjóðin vill drekka af áfengi, heldur hitt, hvað hún gat fengið, því að þessir drykkir voru skammtaðir, þegar þessar tölur eru fengnar. Hann vissi þetta. M. ö. o., tilvitnunin var hreint fals. Hún sýndi ekki þá frjálsu drykkju Dana í þessum efnum, heldur hvað þeir gátu fengið, þegar sterkar hömlur voru settar.

Og nú kastar hv. 1. flm. stóra trompinu: „Ég sem lögfræðingur fullyrði, að innflutningur öls sé ekkert lagabrot.“ Eigum við ekki að athuga þetta nánar. Flm. segir enn fremur: „Þetta er nauðsynlegt, og því þá ekki að flytja inn samkvæmt lögum?“ Er nú öl aðkallandi nauðsyn á Íslandi? Það er með íslenzkum l. bannað að selja áfengt öl á Íslandi. Íslenzki löggjafinn segir: Það er svo langt frá því, að öl sé nauðsynlegt, að ég banna það. — En ameríski löggjafinn segir: Sjálfsagt að framleiða það, það er nauðsynlegt. — Sjálfsagt þekkir nú flm. úr sögunni, að einu sinni var um það deilt, hvor ættu heldur að ráða, lög kirkjunnar eða landsins. Hinum þjóðholli mönnum þótti, að landslög ættu að ráða, en hinum, að kirkjunnar lög skyldu alltaf ráða. Og nú kemur flm. og segir sem lögfræðingur: Það eru lög Bandaríkjanna, sem eiga að ráða, þegar íslenzk lög og bandarísk greinir á. — Íslenzk lög segja: Bjór er ekki nauðsynjavara, og af því teljum við, að ekki eigi að flytja hann til landsins. En hv. flm. er ekki á þessari skoðun. Hann segir: Af því að bjór er viðurkennd nauðsyn í Bandaríkjunum, þá viðurkennum við hann einnig hér, og skilningur Bandaríkjanna skal ráða, en okkar að engu hafður.

Það er ekki að furða, þótt manni yrði að orði, að framkoma hans væri ekki djarfmannleg. 1. des. 1945 fer hann upp í útvarp og heldur glæsilega ræðu um nauðsyn þess að standa á rétti Íslendinga og banna útlendingum öll ítök á landinu. Ég gekk til hans og þakkaði honum fyrir ræðuna, því að ég hélt, að þar hefði maður mælt. Svo koma kosningar. Þm. fer á marga framboðsfundi og lýsir yfir, að hann muni berjast á móti hvers konar afsali landsréttinda útlendingum til handa á landi hér. Ég kom vestur í kjördæmi hans og var þar á nokkrum fundum og sagði við ýmsa þar, eftir að þeir höfðu spurt mig um afstöðu hans til þessa máls, að mér væri ánægja að viðurkenna, að þm. þeirra, sem hér byði sig fram, hefði tekið drengilega afstöðu til herstöðvamálsins. Ég hélt þá enn, að maður væri að mæla. 5. okt. s. l. ár verður hann ákveðið með afsali landsréttinda, og í nóvember 1947 segir hann á þingi sem lögfræðingur: Þegar lög Bandaríkjanna og Íslands greinir á, skulu lög Bandaríkjanna ráða. — Þetta er ekki djarfmannlegt, þetta er aumlegt, og ég held, að flm. hljóti að skilja, að mér finnst framkoma hans auvirðileg.

Ég veit ekki, hvort ég á að elta ólar við fleiri atriði í ræðu hv. þm. Ræðunni hefur áður verið réttilega lýst sem orðafroðu með miklum vindi, mjög miklum. En ég get þó ekki látið hjá líða að minnast á afstöðu hans til kjósendanna. Ég get sagt honum það mjög skýrlega, að þótt við þm. séum umbjóðendur kjósenda okkar, bindur það ekki skoðanir okkar í neinum málum. En hitt er víst, að við eigum að standa við þau kosningaloforð, sem við höfum gefið. Og hitt er okkar skylda, að ef við vitum það, að við förum í bága við meiri hluta þeirra manna, sem kusu okkur á þing, eigum við að segja af okkur þingmennsku. Þetta er ekki einræði, heldur lýðræði, þó að flm. vilji ekki heyra það. Ég veit ekki, hvernig háttað er skoðunum kjósenda hans í þessu máli, en hygg, að meiri hlutinn sé honum andvígur, og færi vel á því, að hann léti fara þar fram nokkra skoðanakönnun, því að þá er ég ekki í vafa um, að hann ætti ekki með að standa hér í þeirra umboði.

Ég skal nú ljúka máli mínu, þó að ég vildi tala lengi enn. — Svo kom stór vindhviða, a. m. k. 11 vindstig, og í þeirri stóru hviðu blés þetta: „Ég met mikils starfsemi bindindismanna. Ég hef djúpa fyrirlitningu á þeim tætingi, sem á sér stað innan ýmissa félaga um þetta frv.“ Svo fór hann nokkrum völdum orðum um þetta tætingslið. Það sé aldrei þetta fólk, sem bæti þjóðfélagið, það sé þetta fólk, sem spilli fyrir. Og svo kom hann með þetta, að þeir, sem stæðu gegn honum í þessu máli, væru að reyna að kitta í hina hripleku skútu kommúnismans. Þetta eru röksemdir! Ég hefði gaman að sjá minn ágæta vin, hv. þm. Borgf. (PO), kitta í rifurnar á skútu kommúnismans! Ég held, að honum mundi leiðast starfið. Ég held, að hann léti skútuna sökkva. (**PO**: Ég býst við því.) Ég hefði gaman að sjá minn góða vin, hv. þm. A-Sk. (PÞ), kitta í þessa skútu. Ég veit, að hann er sama sinnis og hv. þm. Borgf., að hann vildi, að skútan sykki. Og sama máli gegnir sjálfsagt um sessunaut minn, hv. 2. þm. N-M. (HÁ). En hv. 1. flm. hefur séð allan þennan tætingslýð krjúpandi á hnjánum og kitta í hina hripleku skútu kommúnismans, af því að þeir eru á móti hans máli.

Ég skal nú ekki hirta þennan þm. meira, hann er ekki maður fyrir því. En ég vil segja það að síðustu, að ég er ekki enn farinn að heyra neinar röksemdir af hálfu formælenda þessa máls, heldur eintómar rökleysur. Það er margsannað, að með hverjum hömlum, sem lagðar hafa verið á áfengi, hefur dregið úr sölu þess, og með hverri hömlu, sem brotin hefur verið niður, hefur áfengisneyzlan aukizt. Ég hef leitt rök að því með tölum, að vín-

drykkja er meiri í löndum, þar sem sala á áfengum bjór er leyfð, heldur en í löndum, þar sem slíkt er bannað. Þá hef ég vitnað í álit landlæknis um, að barnavíndrykkja útbreiðist með áfenga ölinu. Það er því mín skoðun, að stofnað sé til mikils ófagnaðar, ef þetta frv. verður að l. Og það fólk úti um land allt, sem berst nú gegn framgangi áfenga bjórsins, á annað skilið en að vera kallað tætingslið og ávarpað af djúpri fyrirlitningu, eins og þessi vindbelgur vestan úr Ísafjarðardjúpi hefur gert.

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Nd., 21. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Hv. andstæðingar þessa frv. munu nú hafa haldið hér 7 tíma ræður samtals meðan við fim. höfum látið okkur nægja 2 tíma til að tala okkar máli. Ég verð að segja það, að þessar löngu ræður hafa verið furðulega kraftlitlar, og má segja um þær eins og skáldið kvað:

„Alltaf í þynnra að þynna
þynnkuna allra hinna."

Það hafa alltaf verið tekin upp sömu orðin og sömu hugsanirnar af hverjum ræðumanninum eftir annan. Ég mun nú mjög stilla máli mínu í hóf, því að það er eðlilegt, að þessari umr. fari að ljúka og málið verði athugað í n. Þó neyðist ég til að svara þrem hv. þm. að nokkru. Hv. 2. þm. N-M. (HÁ) var alveg óþarfi að snúa út úr ummælum mínum um ferð Mývetninganna til Húsavíkur. Með prestlegum tón talaði hann um, að þeir hefðu brotið l. og aldrei beðið þess bætur. Ég hélt, að hv. þm. hefði vitað, að þetta var 1912, en bannið komst ekki á fyrr en 1915, og var því ekki um það að ræða, að þessir menn brytu landslög. Hann undraðist, að ég skyldi nefna þetta dæmi, en ég mun síðar koma að því, hvers vegna ég nefndi það.

Þá var það annað atriði hjá hv. 2. þm. N-M. Hann talaði um unnendur áfengis og taldi, að þeir ættu að vera ánægðir með sinn hlut, og væri bindindismönnum ekki of gott, þó að þeir fengju að halda eftir sínu eina vígi. Ég mótmæli því, er hann talar um unnendur áfengis. Ég er enginn unnandi áfengis og skyldi glaður sökkva öllu áfengi út í hafsauga, ef slíkt væri mögulegt. En það er bara ekki hægt og það verður að kenna fólkinu að fara með vín af skynsemi, og ég kann ekki við þann hroka, sem lýsir sér í því, þegar hv. 2. þm. N-M. er að tala um unnendur áfengis. Það er sama hugsun og hjá tollheimtumanninum: „Guð, ég þakka þér, að ég er ekki eins og aðrir menn." Þetta á við alla þá, sem mælt hafa gegn frv. í þessari hv. d. Það væri gott fyrir bindindismenn, sem ég met mikils, ef þeir gerðu sér það ljóst, að hægt er að meta menn, þótt þeir hafi einhverja ágalla.

Það var einkennandi, að langur kafli ræðu hans var um það, að ég hefði orðið tvísaga, þar sem ég hafði sagt mig andstæðan banni, en jafnframt, að ég bæri virðingu fyrir bindindismönnum. Það er nú einu sinni svo, að þegar bindindismenn tala um áfengi, þá er eins og ullarflóki leggist yfir heilabúið og þeir tala litið um það, sem málinu kemur við. Ef hér væri um það að ræða að brjóta niður þeirra síðasta vígi með því að leyfa áfengt öl, væri andstaða þeirra eðlileg. En hér er bara ekki um neitt vígi að ræða. Eitt sinn var hér algert aðflutningsbann. Bitur sannleikur reynslunnar kenndi okkur, að það var óframkvæmanlegt. Vegna þess og vegna viðskipta okkar við aðrar þjóðir var það afnumið. Þetta er alvarlegt mál, sem ekki er ástæða til að tala um af léttúð og ósanngirni. Málið verður ekki afgr. á svo einfaldan hátt að segja, að annars vegar séu unnendur áfengis, en hins vegar heilagir menn, sem alltaf hafi á réttu að standa. Ég mun reyna að stytta mjög mál mitt og læt því þetta nægja hvað við kemur ræðu hv. 2. þm. N-M.

Hv. þm. A-Sk. (PÞ) hélt hér fimm kortéra ræðu í þessu máli fyrir nokkrum dögum. Hann var með svo mikið af tölum, að það lá við, að mann sundlaði, enda var hv. þm. orðinn áttavilltur sjálfur og næstum drukknaður í þessu öllu saman. Hann ætlaði að sanna það, að ástandið í áfengismálunum væri verra nú en á bannárunum 1916—1920, og byggði sönnun sína á því, að þá hefði samkvæmt Hagtíðindum neyzla áfengis verið 0,4 l. á mann á ári, en nú væri neyzlan um 4 l. Ég verð að segja það, að það getur verið gott að styðjast við tölur, en ef ekkert er að því gáð, hvað bak við þær býr, eru þær einskis virði. Hv. þm. er yngri maður en ég, en ég og margir aðrir muna, hvernig ástandið var á þessum árum. Við munum vínsmyglið, tollsvikna áfengið og bruggstöðvarnar. Nú er hins vegar það áfengi smáræði, sem kemur aðrar leiðir en löglegt er. Svona á ekki að nota tölur. Þetta er ekkert annað en klór í bakkann, og hv. þm. hefur víst fundið það sjálfur, því að hann ætlaði að fullkomna þetta með tölum, er áttu að sýna, að ölneyzlan hafði vaxið á síðustu árum og þar með neyzla sterkra drykkja. Hvað segja tölurnar um ölnotkunin árin 1941—1945? Þær bera það með sér, að neyzlan hefur verið hin sama öll árin. Hv. þm. fór rangt með eina tölu, en það hefur nú sennilega verið mislestur. Tölurnar líta þannig út: 1941 12,9 l., 1942 13,8 l., 1943 13,1 l., 1944 13,2 l. og 1945 13,5 l. Meðaltal tveggja fyrstu áranna er 13,35 l. og meðaltal tveggja þeirra síðustu 13,35 l., og hv. þm. ætlar að sanna með þessu, að ölneyzlan hafi vaxið! Mér ofbýður, að mönnum skuli boðið upp á annað eins og þetta, þótt því sé alveg sleppt, að neyzla á „Agli sterka" sannar ekkert um neyzlu sterkra drykkja. Það er líka svo, að ölneyzlan er óbreytt, en neyzla sterkra drykkja hefur stórvaxið. Andstæðingar frv. fullyrða hins vegar, að öl auki neyzlu sterkra drykkja. Hve alvarlegt ástandið er í áfengismálunum, þurfti ég ekki að láta hv. þm. A-Sk. segja mér. En það er ekki vegna áfenga ölsins, því að það hefur ekki verið til. Hann segir, að ástandið sé nú verra en það hafi nokkru sinni verið áður, og það má vel vera. En einmitt áður en aðflutningsbannið var sett, var hægt að fá öl af þessum styrkleika, og það var eina tímabilið, sem áfengisnotkun minnkaði, og áhrifaalda var risin til þess að sporna við misnotkun með frjálsri bindindisstarfsemi.

Ég ætla svo ekki að fara frekar út í ræðu hv. þm. A-Sk. Ég vildi bara benda á, að það er varasamt að nota tölur án þess að lesa inn í þær, það sem á bak við býr, en það láðist hv. þm., eins og ég hef sannað.

Þá var það hv. 6. þm. Reykv. (SigfS). Ræða

hans stóð álika lengi og ræða hv. þm. A-Sk., eða í klukkutíma og fimmtán mínútur. Hv. þm. er prestlærður. Ekki veit ég, hvort hann hefur vígslu hlotið, en víst er það, að hann notaði þau prestlegheit, sem hann átti til. Hann tók mig á hné sér eins og drenghnokka, skjallaði mig og sagði, að ég væri góður maður, sem ekki ætti heima í sama söfnuði og hv. 1. flm. (**SigfS**: Þetta er dagsatt.), sem væri vondur maður. Eftir þessa föðurlegu viðvörun kom svo hirtingin, eins og nærri má geta. Hv. þm. sagði, að ég væri með gorgeir, ætlaði mér að einoka alla heilbrigða skynsemi og hefði farið rangt með atriði úr ræðu hans. Samtímis klappaði hann mér og varaði mig við vondum félagsskap. Ég vil bara segja hv. þm. það, að honum er bezt að hugsa um sinn félagsskap, sem hann hefur ofurselt sig, en ekki þann, sem ég vel mér. Það er gott að vera siðameistari og fara ævinlega rétt með, en það hendir, að þeir, sem setja sig á háan hest, detta sjálfir í þann pytt, sem þeir eru að kúklast í kringum. Hann datt sjálfur í þann pytt hvað eftir annað. Hann byrjaði með því að halda því fram, að ég þættist einn hafa heilbrigða skynsemi í þessum málum, og sagði þetta víst átta eða tíu sinnum. Ég vil bara segja það, að þetta er tilbúningur hv. þm. Með leyfi hæstv. forseta vil ég leyfa mér að lesa upp það, sem skrifarinn hefur tekið upp eftir mér í þessu sambandi, en við það hef ég ekkert að athuga: „Ég vil taka fram, að það, sem fyrst og fremst kemur mér til að vera með frv., er það, að ég vil líta á hlutina með heilbrigðri skynsemi, en ég álít, að það skorti nokkuð á heilbrigða skynsemi hjá þeim, sem líta á það sem einhvern óskaplegan hlut, ef við eigum nú að fá öl með 4% af áfengismagni, þegar við höfum fyrir allar vintegundir, allt frá sterkustu drykkjum og niður í léttustu borðvín.“ Ég bið hv. þm. að athuga, hvort af þessu leiðir, að ég þykist einn hafa heilbrigða skynsemi. Ef það er hins vegar glæpur að minnast á heilbrigða skynsemi í þessari hv. d., þá er vandfarið og erfitt að haga orðum sínum svo, að maður meiði ekki viðkvæmar tilfinningar. Annars verð ég að segja það, að ég kunni illa tali hv. þm. um það, að ég væri á einhverju öðru þroskastigi en hv. 1. flm. þessa frv. Mér datt í hug Gróa gamla á Leiti. Hún kvaddi jafnan með því að segja: „Verið þið nú blessuð og sæl og þakka ykkur góðar gjafir.“ En þegar til þess næsta kom, sagði hún: „Ekkert var mér gefið, sem að gagni kæmi.“ Mér datt í hug, að hv. þm. væri alveg ímynd Gróu.

Þá talaði hv. 6. þm. Reykv. um tvísöng minn gagnvart bindindismönnum landsins og vildi leggja málið þannig út, að ég væri óheill og í rauninni á móti frv., en fylgdi því þó vegna mikillar ástar á víni. Ég verð að segja, að ég skil ekki þetta. Þekkir hv. þm. ekki einhvern mann, sem hefur gert eitthvað af sér, en er að öðru leyti hinn prýðilegasti maður? Það er ekkert óvenjulegt; menn eru nú einu sinni þannig gerðir. Ég met starf bindindismanna, en ég tel, að þeir hafi misstigið sig algerlega er þeir reyndu að koma á aðflutningsbanni á áfengi og tókst það. Þetta getur vel farið saman. Ég er samþykkur bindindismönnum hvað frjálsa bindindisstarfsemi snertir. Þeir hafa bjargað mörgum manninum, sem var á hraðri leið til glötunar. Ég virði þá fyrir þetta, en ég er þeim jafnandvígur hvað viðkemur algeru aðflutningsbanni á áfengi. Ég tel, að bannið hafi verið glappaskot, sem þjóðin á enn eftir að hljóta stórtjón af. Ef aldrei hefði verið bann, væri aðstaðan nú öll önnur. Ég vona, að hv. þm. skilji það, að það má í senn þakka bindindismönnum fyrir það, sem þeir hafa vel gert, og víta þá fyrir það, sem miður hefur farið í starfi þeirra.

Þá hélt hv. 6. þm. Reykv. því fram, að ég hefði rangfært orð hans um stefnubreytingu í áfengismálunum árin eftir bannið. Fyrst talaði hann um árið 1918, en síðar 1922. Ég þakka honum fyrir það að viðurkenna, að aðflutningsbannið hafi strax þá sýnt, að það kom ekki að haldi. Það er bara fyrirsláttur að ætla að kenna læknabrennivíninu og konsúlabrennivíninu um þetta. Þjóðin sætti sig ekki við bannlögin, og lögbrot, smygl og brugg voru daglegt brauð. Þetta er aðalatriðið. Ég skil hins vegar vel, að hv. þm., sem er mikill fylgjandi aðflutningsbanns, sjái eftir því að hafa viðurkennt að bannlögin brugðust strax, áður en Spánarundanþágan kom til.

Hv. þm. býsnaðist yfir því sem smámunum, að bindindismenn vildu ekki leyfa minna en þriggja pela flöskur. Þriggja pela flaskan er svo táknræn í þessu sambandi. Hún mætti verða eins konar minnisvarði um bann þátt áfengismálanna, sem snýr að banninu. Jónas Jónasson frá Hrafnagili samdi eitt sinn sögu um þessa heilflösku. Það var góður og gamall sveitakarl, sem var vanur að fá sér á pela, þegar hann fór í kaupstaðinn, og gæddi sér á þessu á heimleiðinni. Svo gat hann ekki lengur fengið á pelann, en varð að kaupa hella flösku. Hann keypti hana, lauk úr henni á heimleiðinni og kom heim blindfullur og barði konuna og dró hana á hárinu. Þessi saga Jónasar er engin tilviljun. Hún er sótt beint í mannlífið. Hún er dæmi þess, hve vitlaust má halda á málunum, þótt góður vilji sé fyrir hendi, ef heilbrigð skynsemi fær ekki að ráða.

Hv. 6. þm. Reykv. var með langar útleggingar í sambandi við það, að ég hefði sagt, að bannmenn legðu of mikla áherzlu á að segja: „Þú skalt ekki!“, en hugsuðu minna um, að menn þyrftu að læra að fara með vín. Hann spurði, hvernig fara mundi, ef aldrei væri sagt: „Þú skalt ekki!“ En svo segir hann, að bönnin megi ekki ganga út fyrir það, sem mikill meiri hluti fólksins vill. Það er mergurinn málsins. En hvenær sannfærast bannmenn sjálfir um það, að það er ekki hljómgrunnur fyrir banni? Ég álít líka, að það væri glópska að setja hér aðflutningsbann, þótt hægt væri, meðan ekki er bann í helztu nágrannalöndum okkar. Allir verða að læra að venjast lífinu, freistingum þess, eins og prestarnir segja, sem ekki eru annað en lífið sjálft, eins og það er upp og ofan. Þeir, sem ekki læra það, eiga það á hættu að falla — og falla djúpt. Ég á sjálfur unglinga, sem eru á þessu svo kallaða hættuskeiði, og ég tel, að ég eigi eins mikla ábyrgðartilfinningu og hver annar hvað snertir velferð barna minna. Ég segi það kaldur og ákveðinn, að ég er óhræddari að senda börn mín út í heim, þar sem vín er haft um hönd, ef þau vita, að áfengi er ekki eitur, heldur hlutur, sem menn verða að læra að umgangast og fara með eins og skynsemi gæddar verur, en ekki eins og heimskingjar. Þetta er meðal annars ástæðan til þess, að ég flyt ölfrv. Eins og áfengismálum

okkar er háttað er engin ástæða til þess, að öl sé hér ekki á boðstólum. Og sé öllð sjálft eins hættulegt og andmælendur þessa máls vilja vera láta, — svo að mér virðist, að brennivínið sé bara barnaleikur hjá þessu öli, sem geti spillt og eyðilagt alla — þá vil ég heldur, að börn min alist upp við, að áfengt öl sé til hér í okkar þjóðfélagi og þau þar viti, hvernig það er. Ég vil heldur senda þau út í heiminn með þá reynslu að baki að hafa þekkt slíkt öl hér á landi en með því að hafa ekkert vitað um þetta. Það er þarna, sem mig og andstæðinga þessa máls skilur mest, um þetta atriði. Þessa skoðun mína er ég tilbúinn að verja hvar sem er. Og ég dæmi hér út frá því, sem ég hef getað gert mér skiljanlegt, að rétt væri í þessu máli, og af fullri ábyrgðartilfinningu á allan hátt, vegna þess að ég á börn, sem mér er ekki óannara um en öðrum foreldrum um sín börn. Þess vegna getur ekkert haggað minum skoðunum í þessu. — Það hefur ekki verið reynt að hagga því, að ég hélt því fram, að börn, sem alast upp á heimilum, þar sem vel er farið með áfengi, virðast betur fallin til þess að standa á móti áfengisnautn en börn, sem alin eru upp við óskaplega ströng ákvæði í þessu efni, þar sem aldrei má nefna áfengi öðruvísi en í sömu merkingu og erkióvininn.

Ég mun ekki tala aftur í þessu máli. Ég er búinn að segja mína skoðun á málinu og hvers vegna ég hef gerzt meðflm. að ölfrv., og ég mun verja þá afstöðu á öðrum vettvangi málsins og við seinni umr. hér í hv. þd. (**SigfS**: Seinni umr. verður aldrei.) (Forseti hringir.)

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Umr. um þetta mál eru nú búnar að standa allmargar klst. En af því að hér er um mikið alvörumál að ræða, get ég ekki stillt mig um að láta mína skoðun á málinu í ljós með örfáum orðum.

Inn í umr. um þetta mál hefur verið blandað ýmsum atriðum í sambandi við áfengismál almennt, bann og ekki bann o. fl. Því hefur verið haldið fram af ýmsum hér, að bannið, sem ríkjandi var hér fyrir nokkrum árum, hafi verið hin mesta bölvun og ógæfa fyrir þjóðina. Hins vegar hafi ástandið eftir bannið ekki verið gott, og ástandið, sem nú er í áfengismálunum hjá okkur, sé fyrir neðan allar hellur, og ástæða sé til að vinna bót þar á. En höfuðröksemd þeirra manna, sem barizt hafa á móti banninu, hefur verið sú, að bannið væri skaðlegt fyrir þjóðina af því, að menn væru nú einu sinni svo gerðir, að þeir vildu mjög gjarna gera það, sem þeim væri bannað að gera. Svona röksemdafærsla hefur alltaf verið af hálfu þeirra manna, sem hafa verið á móti banni. Ég get ekki að því gert, að mér finnst þessi röksemd alltaf ákaflega hlægileg og hlíðstæð því, að sagt væri, að af því að l. eru til, sem banna að stela, þá steli menn.

Mér finnst það líka harla einkennilegt í sambandi við þann málflutning, sem hér hefur verið viðhafður, að þegar það er viðurkennt af öllum, sem talað hafa, jafnt flm. frv. og hinum, sem verið hafa á móti því, að ástandið í áfengismálum þjóðarinnar sé svo slæmt, að ekki sé við unandi, þá sé talað um það sem í hreinni alvöru sé, að leiðin til þess að bæta ástandið í þessu efni sé fólgin í því, að gerð sé ráðstöfun til þess að rétta að þjóðinni meira áfengi. M. ö. o. er því haldið fram, að það þurfi að skapa betri umgengnismenningu og koma til vegar, að frjálslega sé farið með áfengi. Og ráðið til þessa á að vera það að koma með þetta áfenga öl, og því er haldið fram, að þá muni skapast sú menning hjá okkur, að við getum farið vel með áfengi. Ég get ekki mótmælt því, að það þekkist börn, sem alizt hafa upp á heimilum reglumanna, en hafa ekki farið betur með áfengi en börn hinna, sem hafa haft eitthvað vín með höndum. En hér hefur þó ekkert dæmi verið tekið fram þessu til sönnunar. Og ég hygg, að ef málið væri krufið til mergjar, mundi reynslan yfirleitt sýna það gagnstæða, að börn, sem alin eru upp á heimilum bindindismanna, fari yfirleitt betur með áfengi en hin, sem alast upp þar, sem áfengi er til muna haft um hönd. Enda er það eðlilegt, því að auðvitað eru börn, sem alast upp á heimilum bindindismanna, uppfrædd um skaðsemi áfengisins. En þar, sem börn sjá áfengi haft með höndum, freistast þau fremur til þess að taka fyrsta sopann, sem oft leiðir til þess, að meira er af áfengi um hönd haft.

Eitt af því, sem fært er fram til stuðnings þessu máli, er það, að sagt er, að bæta þurfi siðmenningu Íslendinga. Og er því haldið fram, að ástandið í áfengismálunum hjá okkur mundi batna, ef þjóðin hefði aðgang að áfengu öli. Mér finnst einkennilegt að halda því fram, að ef allir, bæði ungir og gamlir, eiga aðgang að áfengu öli og neyta þess, þá muni menningarsiðirnir fegrast og batna í landinu. Mér virðist reynslan hafa verið sú, að þegar byrjað er að neyta áfengis, jafnvel þó að í litlum stil sé, þá skapist að jafnaði við það meiri og meiri áfengisþorsti. Og ég man, þegar barizt var á móti banni., að þá var ein röksemdafærslan sú, að léttu vínin í landinu væru orsök þess, hve margir unglingar neyttu áfengis. Það yrði að taka bannið burt, til þess að sterku vínin yrðu til þess, að þegar fólk bragðaði þau, þá mundi það ekki drekka vín eftir að hafa í fyrsta sinn drukkið þau. Nú er bannið afnumið, og mér skilst, að af sömu aðilum, formælendum afnáms þess, sé nú sagt, að það þurfi að koma með létt áfengt öl, því að það mundi verða til þess að minnka neyzlu sterkra drykkja. Þetta finnst mér vera fullkomin svikamylla í gangi, því að hér finnst mér, að menn beiti þeim málflutningi, sem ekki skyldi, til þess að rugla hina margumtöluðu heilbrigðu skynsemi.

Ein höfuðröksemdafærslan fyrir þessu frv. á að vera sú, að hjá þjóðum, sem hafa haft með höndum áfengt öl í áratugi, hafi skapazt meiri umgengnismenning í sambandi við meðferð áfengis. Ein af þeim þjóðum, sem hafa haft áfengt öl í langan tíma, eru Bretar. Og mér virðist menning þeirrar þjóðar á því sviði ekki vera sú, að hún sé eftirsóknarverð fyrir Íslendinga. Mjög víða þar meðal verkamanna, bæði í bæjum og meðal námuverkamanna og sömuleiðis í hafnarborgunum, er það algengur siður, að vinnandi menn hverfa frá starfi sínu á kvöldin og fara á bjórkrárnar og eru þar fram á nótt. Þar er það svo í mörgum tilfellum, að heimilislífið er lagt í rústir þannig einmitt með áfengu öli. Og ég held, að hér sé ekki um það fordæmi að ræða, sem sérstaklega sé vert að sækjast eftir að hafa til fyrirmyndar hér.

Ef við samþykktum þetta frv., mundi það verða til þess, að áfengt öl yrði bruggað hér á landi.

Og ef svo færi, þá mundum við sjá, að áfengisnautn í landinu mundi stóraukast. Og ég álít það hið hættulegasta í því efni, að þá mundi áfengisneyzla hjá unglingum stórum aukast. Ég tel því, að það bezta, sem hv. þd. gerði við þetta frv. — og það réttasta, — væri að fella það nú strax við 1. umr.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég get verið sammála hv. 1. þm. Skagf. (StgrSt) um, að það eigi nú senn að ljúka þessari umr. Og það er ekki að ófyrirsynju, að hv. flm. þessa frv. óska eftir því, því að þeir eru komnir í svo mikil rökþrot með þetta mál, að það er vitanlegt, að þeirra hlutur verður því verri sem þessar umr. standa lengur.

Hv. 1. þm. Skagf. kvartar undan því, að ég hefði snúið út úr þeim orðum hans, þar sem hann sagði frá þessu ævintýri þeirra í Mývatnssveitinni með kútinn. Það var ekki ásetningur minn að snúa út úr því, og ég held, að hv. ræðumaður eigi þar sökina sjálfur, því að hann vildi hafa þetta sem dæmi um það, hversu bannl. væru óhafandi í landinu, þar sem saklausir sveitapilitar hefðu tekið sig til og drukkið áfengi úr heilum kút, þegar bannl. komu til sögunnar. Það hefur ekki verið ætlunin hjá hv. ræðumanni, að maður legði mikið út af þessu atriði, því að hann greip fram í fyrir öðrum hv. ræðumanni hér við umr. og sagði, að þetta hefði ekki átt við bannlagatímann. Það hefði ekki verið neitt bann, þegar þetta átti sér stað, þótt hann ætlaði að færa þetta sem sönnun gegn bannlögunum og fyrir því, hversu þau væru óhafandi.

Hv. 1. þm. Skagf. kvartaði líka undan því, að ég kallaði hv. flm. þessa frv. unnendur áfengis. Ef það hefur snert hann illa, bið ég hann afsökunar á því. Það er ekki mín sök. En þeir, sem berjast fyrir því, að meira og meira áfengi sé á boðstólum, þeir eru unnendur áfengis. Eða vilja þeir láta kalla sig eitthvað annað? Ég get fallizt á, að það megi kannske kalla hv. 1. þm. Skagf. eitthvað annað, vegna þess að hann sagði í sömu andránni, að hann væri reiðubúinn til að flytja allt áfengi út í hafsauga. En hvers vegna á þá að stofna til þess að hafa mikla fyrirhöfn við að brugga hér áfengt öl, sem hlýtur að kosta eitthvað að búa til, svo og flöskurnar undir það, og flytja það svo með hinu áfenginu öllu út í hafsauga?

Þessi hv. þm. gerði lítið úr því, að það gæti verið vígi fyrir þá menn, sem vilja draga úr áfengisneyzlu þjóðarinnar, þó að nú væri hér bann á bruggun áfengs öls. Það hefur nú verið deilt um þetta hér í hv. d., og það þýðir ekki mikið að hafa orðaskak um það öllu lengur. En ég ætla þó að biðja hv. 2. flm. frv. að íhuga, hverjir muni vera bezt færir um að dæma um það, hvers virði það er, að enn er þó ekki heimilt að brugga hér í landi áfengt öl. Hér hafa komið fram ótal mótmæli frá bindindismönnum gegn þessu frv., m. a. sérstaklega frá konum landsins og þá fyrst og fremst frá mæðrum í þessu landi. Og ég ætla bara að skjóta því til þessa hv. ræðumanns, þó að ég efi ekki, að hann sé góður faðir og vilji börnum sínum hið bezta, hvort hann álíti ekki, að í þessu máli sé óhætt fyrir okkur, og í öðrum svipuðum málum, að fara eftir óskum mæðranna. Ég vil spyrja hann, hvort hann þekki ekki, að það eru fyrst og fremst mæðurnar, sem vita, hvað börnunum er fyrir beztu. Ég vil spyrja hann, þó að hann vilji ekki fara eftir óskum manna hér í hv. þd., sem eru móti ölfrv., hvort hann vilji ekki hlusta á það, sem mæðurnar segja um málið. — Undarlegt þykir mér, þegar hv. 2. flm. þessa frv. lýsir yfir, að hann vilji kannske fyrst og fremst vera með því, að áfengt öl sé bruggað í landinu og selt, af þeirri ástæðu, að mér skildist, að börn ættu að ganga yfir öll stig freistinga gegnum eða út í lífið, svo að þau þannig yrðu færust um að standast þær. Hvernig er reynslan? Margir hafa horfið að flöskunni, sem hafa lotið að þeirri freistingu. Margir sjúkdómar eru þannig, að ef menn taka hann einu sinni og hafa yfirstigið hann, þá verða þeir sömu menn fyrir það ónæmari eða ónæmir fyrir þann sjúkdóm á eftir. En það er gagnstætt með áfengið. Eftir því sem menn neyta þess meira, eftir því eru menn veikari fyrir því, þegar það er á boðstólum. Þessi ástæða hv. 2. flm. þessa frv. er því ekki frambærileg. — Vil ég svo ekki lengja þessar umr. meir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Nd., 24. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JóhH, JPálm, JS, JörB, ÓTh, SB, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EmJ, EystJ, GTh, GÞG, HB, HelgJ, BG.

nei: HermG, JG, KTh, LJós, PÞ, PO, SigfS, SG, SkG, ÁkJ, EOl, FJ, HÁ.

3 þm. (JJ, SEH, SK) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. á þessa leið:

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég er á móti þessu frv., en vil ekki koma í veg fyrir, að það komi til n., og segi því já til 2. umr.

Gylfi Þ. Gíslason: Með tilvísun til grg. hæstv. menntmrh. segi ég já til 2. umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Hæstv. forseti er að sjálfsögðu einráður um það, hvora till. hann ber fyrr upp um þá n., sem málið færi til. Ég stakk upp á, að það færi til fjhn., og sýnist mér, að rétt væri, að hæstv. forseti bæri þá till. upp fyrr.

Frv. vísað til allshn. með 17:8 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

13. Verbúðir.

Á 13. fundi í Nd., 4. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um byggingu verbúða og eftirlit með þeim (þmfrv., A. 78).

Á 14. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Um það hefur verið mikið rætt og ritað á undanförnum árum, að aðbúnaður þeirra manna, sem í verbúðum þurfa að dvelja í verstöðvum hér á landi, væri ekki viðunandi. Og það er ekki að undra, þó um það hafi mikið verið rætt, því að aðbúnaður þessara manna er slíkur, að furðu sætir, að ekki skuli fyrir löngu vera búið að koma lagfæringu á í þessu efni. Menn, sem eru í þessum verbúðum, eru í húsum, sem eru þannig, að það er á takmörkunum, að bændur mundu vilja láta í þau fénað sinn, og frá því sjónarmiði séð, hvað heilsusamlegt er, eru líkust hellum. Ég hef í grg. frv. tekið fram lýsingu á verbúðum í útgerðarstöðum, sem eru nokkrar af stærstu verstöðvum landsins, þar sem flestir menn dvelja í verbúðum að vetrinum, og svo mun ástandið vera á fleiri stöðum á landinu, þar sem menn dvelja í verbúðum. Og það er einmitt af þeim ástæðum, sem teknar eru fram í þessum lýsingum, sem sjómenn og félög þeirra og verkalýðssamtökin einnig sem slík yfirleitt hafa látið sig þetta mál mjög miklu skipta um langan tíma. Það hafa verið gerðar samþykktir, bæði á stéttaþingum og Alþýðusambandsþingi, þar sem krafizt hefur verið úrbóta í þessum efnum. Það, sem ríkisvaldið hefur gert til þess að bæta úr hinu slæma ástandi í þessum efnum, hefur hingað til ekki verið nema pappírsgagn tómt. Árið 1941 framkvæmdi þáv. ráðh., Ólafur Thors, mjög virðingarverða tilraun til þess að koma þessum málum í betra horf, með því að gefa út reglugerð um það, hvernig verbúðum skyldi hagað, um aðbúnað þeirra, sem þar dvelja, o. fl. Þessi reglugerð hefur ekki verið framkvæmd, því miður. En ef hún hefði verið framkvæmd, væri ástandið nú betra í þessum efnum en það er í dag.

Hér á Alþ. hefur þetta mál oft verið rætt. Árið 1945 var samþ. þáltill. um að skora á ríkisstj. að tryggja vermönnum viðunandi verbúðir. Og hér á fundi í þessari hv. þd. í gær var þetta mál rætt í tilefni af fyrirspurn út af þessari þáltill., og upplýstist þá, að ekkert hefur verið gert í því máli annað en það, að samþ. hefur verið, að þeir, sem vilja byggja verbúðir, njóti sömu hlunninda og þeir, sem vildu byggja hafnargerðir og lendingarbætur. Þetta er í l. frá 23. apríl 1946. En þrátt fyrir það, þótt þessi l. séu til, hefur ekki borið á því, að um endurbætur sé að ræða í þessum efnum hjá þeim, sem verbúðirnar hafa haft. Mér virðist því, að ríkið þurfi að hafa forgöngu um þessi mál og ef einstaklingar vildu laga verbúðir hjá sér, væru þeir styrktir til þess verulega. Og hér er farið fram á, að ríkisstj. hafi forgöngu í þessu efni og að þeir einstaklingar, sem vildu ráðast í það að bæta úr ástandi í þessum efnum hjá sér, verði styrktir allverulega með hagkvæmum lánum. Einnig er hér farið fram á, að ákveðnar reglur verði settar og framfylgt um það, hvernig þessar verbúðir verði gerðar að innréttingu, og að álits samtaka útvegsmanna og sjómanna skuli jafnan leitað, áður en byggingarframkvæmdir eru hafnar á verbúðum.

1. gr. frv. skýrir sig sjálf. 2. gr. er um, að ráðh. láti gera uppdrætti að fyrirmyndarverbúðum og kostnaðaráætlun um byggingu þeirra, og að uppdrættir þessir og kostnaðaráætlun skuli vera með tvennu móti: a. Sambygging fyrir vistarverur vermanna og alla aðra starfrækslu í verstöðinni. Og b. Sérbyggingar. Annars vegar vistarverur verkafólksins, en hins vegar sérbyggingar fyrir sjálfa útgerðarstarfsemina. Og svo er ákveðið í 2. gr. um, að áður en byggingarframkvæmdir eru hafnar, skuli jafnan leita álits samtaka útvegsmanna og sjómanna, þar sem fyrirhugað er að reisa verbúðir. Það segir sig sjálft, að það getur verið með tvennu móti, hvernig verbúðir eru byggðar. Í fyrsta lagi sambyggingar, þar sem séu íveru- og aðgerðarhús, og svo í öðru lagi, að íveruhús séu á einum stað og aðgerðarhús á öðrum. — Í 3. gr. er svo til tekið, að verbúðir þær, sem ríkið lætur reisa, megi leigja bátaútvegsmönnum, og sé leigan miðuð við kostnaðarverð bygginganna. Það leiðir af sjálfu sér, að þessar verbúðir, sem ríkið léti reisa, mundu verða notaðar af einkaútvegsmönnum, og er því ekkert eðlilegra en að ríkið gæfi þeim kost á að fá þær leigðar fyrir hagkvæma leigu. Hér er einnig gert ráð fyrir, að ríkisstj. megi selja útvegsmönnum einstakar verbúðir, sem ríkisstj. lætur byggja, fyrir kostnaðarverð. Og hér er til tekið, að útborgun og aðra greiðsluskilmála ákveði ríkisstj. — Í 4. gr. er svo ákveðið, að hver sem keypt hafi verbúðir af ríkisstj. og hafi í hyggju að selja þær öðrum, þurfi að fá til þess leyfi ráðh. og samþykki hans fyrir söluverðinu. Enn fremur er í þessari gr. til tekið, að ekki megi nota verbúðir til annars en þess, sem þær upprunalega hafa verið gerðar fyrir. Ég get ekki séð, að þetta þurfi skýringar við, nema það ákveði, að ekki megi nota verbúðir til annars en þess, sem þær upprunalega voru gerðar fyrir. Það getur orðið tilhneiging til þess, sérstaklega með hliðsjón af því, að hér væri um byggingar að ræða, sem ríkið byggði, að menn vildu nota þær til annarrar starfrækslu en þeirrar, sem þær væru byggðar fyrir. En slíkt næði ekki nokkurri átt, og þess vegna er þetta ákveði um þetta atriði sett hér inn. — Í 5. gr. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. veiti fjárhagslega aðstoð þeim einstaklingum, sem byggja vilja verbúðir, með því að veita þeim kost á lánum, sem megi vera allt að 75% af kostnaðarverði verbúða, þannig að ríkisstj. ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs þessi lán til þeirra. Þar er og gert ráð fyrir því, að ríkisstj. sé heimilt að veita slíka aðstoð þeim mönnum, sem vilja endurbæta húsnæði, sem úrskurðast óhæft, ef eigandi þess treystist ekki til þess sjálfur vegna þröngs fjárhags. Þessi gr. skýrir sig sjálf. — Í 6. gr. er gert ráð fyrir, að sérhverjum sé skylt að láta af hendi land það, sem að áliti ráðh. þarf til byggingar verbúða, svo og önnur mannvirki, ef nauðsyn ber til. Þessi gr. er nauðsynleg til þess að tryggja það, að verbúðir verði byggðar á þeim stöðum, þar sem þær koma að mestu haldi. En vel má að sjálfsögðu vera, að í mörgum tilfellum mundi það verða þannig, að land, sem að áliti dómkvaddra manna væri bezt undir slíkar byggingar, mundi vera í eigu manna, sem ekki vildu láta það af hendi. Og þess vegna er hér gert ráð fyrir, að það megi taka það af mönnum með sérstökum heimildum, þannig að sjálfsögðu, að þeir fái fullar bætur fyrir. — Í 7.

gr. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. skuli koma á ströngu eftirliti með hvers konar húsnæði til íbúðar fyrir verkafólk og sjómenn og aðgerðar- og beitingarhúsnæði í verstöðvum landsins, svo og tækjum, sem notuð eru til bátaútgerðar. Þessi gr. er einnig mjög nauðsynleg, því að það er ekki nóg, að byggðar séu góðar og fyrirmyndar verbúðir, þó að það sé gott og mikils vert út af fyrir sig. Það verður líka að tryggja, að þessar byggingar séu með því sniði, að viðunandi sé, svo og að þær verbúðir, sem fyrir hendi eru nú, séu líka þann veg gerðar og um gengnar, að viðunandi sé. Hér er til tekið í 7. gr., að ríkisstj. skuli setja reglugerð í samráði við Alþýðusamband Íslands og Landssamband íslenzkra útvegsmanna, er ákveði lágmarksskilyrði um húsnæði, sem í verstöðvum þurfi að uppfylla, til þess að leyfilegt sé að nota það til íbúðar fyrir verkamenn og starf þeirra. — Í 8. gr. er ákvæði um, að ráðh. geti með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. — Í 9. gr. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. fái heimild til að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að tveimur millj. króna, til framkvæmdar þessara laga. Það liggur í hlutarins eðli, að framkvæmd þessara laga, ef frv. verður samþ., mundi þýða það, að ríkið yrði að leggja nokkrar fjárhagsbyrðar á sig með því að reisa verbúðir þar, sem þeirra er þörf, og að ábyrgjast lán fyrir einstaklinga. Þess vegna er hér gert ráð fyrir, að ríkið megi taka lán fyrir hönd ríkissjóðs allt að tveimur millj. króna.

Ég sé ekki ástæðu til að skýra einstakar gr. frv. frekar. Ég held, að allir hv. þm. séu sammála um, að nauðsyn sé á að bæta aðbúnað þeirra manna, sem á vetrarvertíð eða mörgum vertíðum dvelja í verbúðum víða á þessu landi, af því að aðbúnaður þeirra sé ekki svo góður sem skyldi. Hitt má vera, að menn greini á um það, hvaða leið eigi að fara að því marki. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, túlkar mína skoðun á þessu máli. Vona ég, að fleiri hv. þm. hafi þessa skoðun, og vona, að málið njóti skilnings hv. þm. og að því verði að umr. lokinni vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

14. Öryggi verkamanna við vinnu.

Á 18. fundi í Sþ., 5. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um öryggi verkamanna við vinnu (þmfrv., A. 83).

Á 15., 16., 17. og 18. fundi í Nd., 10., 11., 13. og 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Á síðasta þingi flutti ég frv. shlj. þessu og var því þá vísað til allshn. Allshn. leitaði umsagnar Alþýðusambands Íslands og verksmiðjuskoðunarstjóra um frv. Alþýðusambandið lagði til að frv. yrði samþ. óbreytt, en verksmiðjuskoðunarstjórinn hafði ýmislegt við frv. að athuga, en taldi þó mörg ákvæði þess til stórbóta fyrir aðbúnað og öryggi verkamanna. Í þinglok skilaði allshn. áliti sínu og lagði til, að málið yrði afgr. með rökst. dagskrá í trausti þess, að ríkisstjórnin léti semja reglur um öryggi verkamanna við vinnu í sambandi við væntanlega endurskoðun á eftirliti með verksmiðjum og vélum, í samráði við verkalýðssamtökin og vinnuveitendasamtökin. Ég gat sætt mig við þessa afgreiðslu, en vegna þess, hve áliðið var, fékkst dagskrártill. ekki lögð fyrir þingið. Þess vegna legg ég nú frv. fram á ný. Hér er um velferðarmál verkalýðshreyfingarinnar að ræða. Öryggisleysið er meira í þessum málum en forsvaranlegt er, meira en á Norðurlöndum og í öðrum sambærilegum löndum. Alvarlegast er það, hve mikill mismunur er á öryggi eftir því, hvar verkamenn vinna. Þar sem verkalýðsfélögin eru sterk, hafa þau knúið fram reglur, sem ekki eru í gildi annars staðar. Það er með hliðsjón af þessu, sem frv. er borið fram. Þingið hefur áður fjallað um þetta mál, en það hefur bara komizt í n. og umsagnar verið leitað um það, en ekkert verið aðhafzt. Frv. er ekki eins fullkomið og æskilegt væri, en það er vísir í rétta átt og stefnir til stórbóta frá því, sem nú er. Það væri ef til vill eðlilegast, að hæstv. Alþ. kysi n. til þess að rannsaka málið og leita sér upplýsinga um löggjöf nágrannaþjóðanna í þessum efnum. Það mundi vera bót í máli, ef þeirri rannsókn yrði hraðað, en vegna fyrri samþykkta og aðgerðaleysis í sambandi við þær er ég ekki eins bjartsýnn á þá leið. Ég tel bezt, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem á því kunna að verða gerðar til bóta. Ef hæstv. Alþ. hefur aðra skoðun í því efni, mun ég þó að sjálfsögðu beygja mig undir það. Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta. Frv. fylgir ýtarleg grg., og er flest tekið þar fram, sem máli skiptir. Ég vildi óska þess, að frv. verði vísað til allshn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

15. Veiting prestakalla.

Á 18. fundi í Sþ., 5. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um veitingu prestakalla (þmfrv., A. 86).

Á 15. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Svo sem kunnugt er, mæla gildandi l. um veitingu prestakalla svo fyrir, að hafi hælmingur kjósenda í prestakallinu greitt atkv. á kjörfundi og fái einhver umsækjanda meiri hluta greiddra atkv., er hann rétt kjörinn prestur og fær veitingarbréf ráðherra fyrir prestakallinu. Annars er ráðh. ekki bundinn við atkvgr. og leitar þá til biskups um það, hverjum umsækjanda kallið skuli veitt.

Í frv. því, sem prentað er á þskj. 86, er lagt til, að gerð verði breyting á þessu, þannig að prestar skulu skipaðir í embætti af forseta Íslands, sem aðrir embættismenn hliðstæðir. Á síðasta Alþ. fluttum við hv. þm. N-Ísf. (SB) frv. til l. um veitingu prestakalla, þar sem gert var ráð fyrir afnámi prestskosninga, en prestar skyldu skipaðir í embætti af forseta Íslands. Kirkjuráð taldi lagabreytingu þá, sem í frv. fólst, réttmæta og mælti með því, að frv. yrði samþ. með nokkurri breytingu. Biskup lagði hins vegar gegn því, að frv. yrði afgreitt á því þingi. Kirkjuráðið taldi það vera of stórt spor, sem stigið væri, ef söfnuðirnir væru alveg sviptir þeim áhrifum, sem þeir nú hafa á skipun presta, en vildi fara milliveg í málinu. Við flm. frv. þessa höfum gert þá skoðun kirkjuráðs að okkar, að sóknarnefndir eigi að hafa íhlutun um val á presti, en höfum bætt því í frv., að sé hlutaðeigandi prófastur meðal umsækjenda, skuli leitað álits sóknarnefnda einna, og sé það samhljóða áliti biskups, skuli embættið veitt samkvæmt því. Þetta frv. hefur því samþykki kirkjuráðs, ef það yrði að lögum.

Helztu rök, sem menn færa fyrir prestskosningum, eru: Í fyrsta lagi, að söfnuðurinn sjálfur sé hæfastur til að velja hinn hæfasta umsækjanda. Um þetta er það að segja, að það er mjög vafasöm staðhæfing. Til þess að slíkt geti verið rökrétt ályktun þurfa safnaðarmenn að hafa þekkt umsækjendur um nokkurt skeið. En í flestum tilfellum þekkja kjósendur ekki og geta ekki þekkt umsækjendur. Prestur getur sótt um hvaða prestakall sem er, og er ofætlun, að sóknarbörn þekki alla þá menn, sem kynni að vera um að ræða. Og þau stundarkynni, sem safnaðarmenn fá af umsækjendum eða hafa af presti, geta ekki talizt það veruleg, að safnaðarmenn verði hæfir til þess að fella dóm sinn um umsækjanda út frá þeim forsendum. Að þessu leyti er mikill munur á prestskosningum og pólitískum kosningum. Í pólitískum kosningum bera frambjóðendur fram ákveðnar pólitískar stefnur, sem menn þekkja fyrir fram, og auðvelt er fyrir kjósandann að gera það upp við sig, hvern manninn hann vill kjósa með tilliti til pólitískrar skoðunar hans. En í prestkosningum gegnir öðru máli. Þar er um að ræða einstaklinga, sem kjósandi getur vart þekkt það vel, að hann sé eða megi teljast dómbær um kosti eða ókosti frambjóðanda eða umsækjanda um prestakall. Ég tel því þessi rök fyrir prestskosningum ekki veigamikil.

Önnur eru þau rök fyrir prestskosningum, að það megi teljast lýðræðislegra, að söfnuður kjósi sér prest en að hann sé skipaður af ráðherra, og ef þessi réttur safnaðar sé af honum tekinn, þá sé það spor frá lýðræðisskipulaginu. Ég get ekki fallizt á þá skoðun, því að ef svo væri, þá er lítið lýðræðið í þessu landi, þar eð aðrir embættismenn en prestar eru ekki kosnir. Lýðræði er fólgið í allt öðru en þessu. Hvort lýðræði er ríkjandi í landi, fer eftir því, hvor löggjafarsamkunda þjóðarinnar er kosin; öðru ekki. Ég get því ekki fallizt á, að það sé andstætt lýðræði, þótt prestskosningar séu afnumdar.

Helztu rök gegn prestskosningum eru: Að þær leiði af sér, að óeðlilega erfitt sé fyrir presta að skipta um starfssvið og flytjast í betri brauð með auknum starfsaldri. Menn hika að vonum við að leggja út í harðvituga kosningabaráttu, dvelja á fjarlægum stöðum við ærinn tilkostnað og jafnvel stofna mannorði sínu í hættu fyrir tvísýna von um, að orðstír þeirra, reynsla eða hæfileikar hljóti náð fyrir augum þess meiri hluta, sem úrskurðinn fellir á kjördegi. Þetta er hið þýðingarmesta, sem mælir gegn því, að prestar séu kosnir.

Í öðru lagi má það teljast leiðinlegt fyrir presta eða prestsefni að þurfa að keppa um hylli kjósenda og að brauð sé aldrei veitt nema eftir baráttu og hana oft harðvituga á milli tveggja eða fleiri manna úr prestastétt. En það má telja mjög óheppilegt, að prestur byrji starf sitt með harðvitugri kosningabaráttu.

Í þriðja lagi valda kosningar oft ýfingum og ósamkomulagi, sem torveldar prestsstörf umsækjanda síðar. Um slíkt eru mörg dæmi, að ýfingar í kosningum hafi sáð eitri í sambúð prests og safnaðar.

Í fjórða lagi er engin trygging fyrir, að söfnuður velji sér hæfasta manninn, sökum ófullnægjandi þekkingar á umsækjendum, en þekking hans á þeim getur ekki orðið fullnægjandi vegna þess, hve skammvinn kynni safnaðarmenn yfirleitt fá af þeim.

Að lokum vík ég nokkuð að fyrirkomulagi á veitingu prestakalla annars staðar. Ég tek hér dæmi um fyrirkomulagið á Norðurlöndum. Víðar veit ég ekki um skipun þessara mála, en Norðurlöndin eru skyldust okkur og er því eðlilegast að sækja fyrirmyndir til þeirra, ef við eigum að sækja þær út fyrir landsteinana á annað borð. — Í Danmörku er fyrirkomulagið þannig, að sóknarnefnd velur þrjár af umsóknunum, sem hún mælir með, en verði sóknarnefnd sammála um einn umsækjanda við fyrstu atkvgr., skal skipa hann í embættið. Sé ekki svo, mælir biskup með einhverjum þessara þriggja og ráðherra skipar einhvern þeirra. En þó getur í vissum tilfellum komið til kosninga.

Í Noregi er ekki heldur kosið. Þar er veitingarvaldið í höndum ráðherra, en löggjöf þeirra svipar yfirleitt til löggjafar Dana. Veitingarvaldið er ekki heldur alveg frjálst, ef till. koma frá ákveðnum kirkjudeildum um ákveðinn umsækjanda. Annars er valdið í höndum ráðh. Ég held, að þær raddir, sem heyrzt hafa um, að þetta fyrirkomulag dragi úr valdi safnaðanna að ákveða, hvaða prestur sé skipaður, geri sér ekki fullkomlega grein fyrir því, að eins og nú háttar í l., þá kemur það afar sjaldan fyrir, að prestur sé löglega kosinn, þótt hitt hafi verið venja, að ráðherra hafi veitt brauðið þeim umsækjandanum, sem flest atkv. hlaut, þó að kosning hafi verið ólögleg. Ég tel því, að ekki sé gengið á rétt kirkjunnar, því að veitingarvaldið er með þessu frv. bundið, en bein íhlutun hvers sóknarmanns afnumin. Og það held ég, að verði

prestastéttinni að meira gagni en missir réttar þess, sem hún nú hefur.

Ég óska svo þess, að frv. þessu verið vísað til hv. menntmn. að lokinni þessari umr.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Þetta mál hefur verið flutt hér að nýju. Það var flutt hér á síðasta þingi af sömu hv. flm., en fékk ekki afgreiðslu. Nú liggja hér fyrir með máli þessu álit aðila, sem eru kirkjuráð annars vegar og biskup landsins hins vegar. Þessir aðilar, sem gert hafa till. í málinu, hafa ekki orðið sammála, eins og álitin bera með sér. Kirkjuráð — eða þrír af fjórum mönnum, sem það skipa, — lagði til, að frv. yrði samþ. með breyt., sem mér skilst, að nú hafi verið tekin upp í þetta frv., sem hér liggur fyrir. Hins vegar leggur biskup landsins á móti samþykkt þessa frv., og í allrækilegu áliti, sem er prentað með grg. frv., færir hann rök fyrir þeim till. sínum. Lítur hann svo á, sem líka er rétt, að hér sé stefnt að því að fara aftur í tímann og taka upp tilhögun, sem var hér á landi áður en breyttar kringumstæður komu til greina um 1886 og þar í kring. Því að þá breyttust kringumstæður okkar þannig, að þjóðinni var fengið meira íhlutunarvald í þessum málum sem öðrum, en þar áður hafði þetta veitingarvald verið í höndum einstakra manna, konungs og biskupa lengst af. Og með það vald var farið þannig, að konungarnir tóku í sínar hendur veitingu á betri eða feitari embættunum, en hins vegar var biskupunum leyft að skipa presta í magrari embættin. Þetta var nú þeirra tíma háttur á slíkum hlutum, ekki aðeins á þessu sviði, heldur á öllum sviðum hliðstæðum. En við breyttar aðstæður, vaxandi lýðræði í landinu, þá var slíkum hömlum á frjálsræði manna burt kippt. Og í tilskipun um þetta frá 1886, þá voru biskupar ekki alveg frjálsir um veitingu prestakalla, heldur máttu velja á milli umsækjenda í því efni. En með breyt. á þessum ákvæðum frá 1907 var þeim komið í það horf, að því er virtist, að menn voru mjög ánægðir með á þeim tíma, enda voru þær breyt. að ýmsu leyti í samræmi við þær breyt., sem orðið höfðu að ýmsu leyti í okkar þjóðfélagi. En nú virðist, samkv. áliti þessara hv. flm., að þeir leggi til, að horfið verði af þeirri braut, að einstaklingarnir, meðlimir safnaðanna, sem eiga að njóta starfsemi þessara manna og búa að starfi þeirra, ráði í þessum efnum, heldur vilja hv. flm., að þessir einstaklingar verði sviptir því beina ákvörðunarvaldi um veitingu prestakallanna, sem þeir hafa haft og hafa nú. Og út á það gengur þetta frv. að fela einstökum mönnum, innan miklu þrengri takmarka en nú er, að ákveða, hverjir valdir séu til þess að vera þjónar fólksins í þessum efnum. Og mér skilst, að í ýmsum tilfellum geti það, eftir ákvæðum frv., orðið svo, að það sé einungis ráðh., sem ræður skipuninni. Og þess vegna virðist mér, að það orki mjög tvímælis, að sá háttur í röksemdaleiðslu fyrir þessu frv. geti staðizt, að prestskosningar t. d. geti orðið pólitískar, þ. e. a. s., að það sé sá pólitíski litur — ef hann þá er einhver á frambjóðendunum í þessum tilfellum, prestaefnunum — sem gæti haft óeðlileg áhrif á það, hver væri valinn til að þjóna prestakalli í hverju tilfelli. Mér þykir ákaflega einkennilegt að ætla að bæta úr í þessu efni með því að leggja úrskurðarvaldið í þessum efnum í hendur pólitísks ráðh., eins og ráð er fyrir gert í þessu frv. Því að eftir ákvæðum 2. gr. frv. á það að vera þannig, að ef þrír aðilar, sem þar eru greindir, biskup, héraðsprófastur og sóknarnefnd eða sóknarnefndir, meiri hluti þeirra, verða ekki sammála um val prestsins, þá er það ráðh., sem ber ábyrgð á veitingu embættisins. Að vísu er það forseti Íslands, sem að nafninu til veitir embættið, eftir tilmælum eða till. viðkomandi ráðh., sem er í þessu efni kirkjumálaráðh. Þess vegna er ég hræddur um, að ef það þykir ágalli á núgildandi kosningal., að pólitík geti orðið of miklu ráðandi í þessum efnum, þá sé verið að auka á þá hættu, en ekki draga úr henni með því að leggja veitingarvaldið í þessu efni í hendur pólitísks ráðh. Það er rétt hjá hv. 1. flm. þessa frv., að aðrar embættaveitingar hér á landi fara fram eftir öðrum reglum en veitingar prestsembættanna. En það eru líka allt aðrar aðstæður, sem koma til greina í sambandi við val á prestum en á mönnum í önnur embætti. Presturinn á að vera andlegur leiðtogi hvers einasta safnaðarmeðlims, sem hann á að veita þjónustu. Starf hans liggur á allt öðru sviði en veraldlegra embættismanna. Það er alkunnugt, að menn hafa nú nokkuð skiptar skoðanir í trúmálum, og þetta tekur til prestanna líka, alveg eins og hvers safnaðarmeðlims. Og þess vegna er það mjög skiljanlegur hlutur, að þar sem presturinn á fyrst og fremst að starfa á sviði trúmálanna, þá sé það eðlilegur hlutur, að þær mismunandi aðstæður fái svigrúm til þess að koma fram í vali prestanna, sem miðast við þá andlegu þörf, sem er hjá einstökum meðlimum safnaðanna. Það er þess vegna allt annar grundvöllur undir vali prests en skipun annarra embættismanna, sem eiga að þjóna alveg vissum greinum, sem sett hafa verið um föst lögmál með löggjöf á annan hátt í þjóðfélaginu. Þetta má mönnum ekki yfirsjást, af því að þetta er vitanlega aðalatriði í málinu. Og það hefur líka komið greinilega í ljós, að löggjafinn hefur haft fullan skilning á þessum aðstöðumun að þessu leyti, þegar hann hefur sett löggjöf um veitingu embætta í landinu, og þá látið söfnuðina hafa val presta sinna í höndum sínum, en slakað var á því að láta biskupana hafa þetta veitingarvald í sínum höndum. En áður fyrr, meðan ekki hafði verið breytt um í þessum hlutum, þá var litið á veitingu prestsembætta í sambandi við sérstaka verðleika, — kannske ekki með tilliti til afreka í andlegum málum, heldur einhvers annars — og ákvarðað út frá því, hvaða brauð prestar skyldu fá. Og var það þá gjarna þannig, að konungur veitti hin feitari og betri brauðin, þ. e. sem gáfu meiri tekjur, en biskupar veittu þau prestsembættin, sem þóttu lakari brauð, gáfu minni tekjur. Þetta er form, sem var fyrir löngu síðan, en nútíminn alveg fordæmir, að koma eigi til greina. Og þess vegna var eðlilegt, að með breyttri þjóðfélagsskipun og breyttum hugsunarhætti og auknu frjálsræði og auknni lýðræðishugsjón hyrfi þetta gamla fyrirkomulag alveg úr sögunni. — Mér dettur ekki í hug að mæla gegn því, að það geti komið fram ýmsir vankantar í sambandi við val á prestum með kosningafyrirkomulaginu, sem nú er. En ég sé ekki, að úr þessu verði bætt með þeirri breyt., sem hér er lagt til, að gerð verði í þessu efni. Það er auðséð á bréfi biskups, að hann hefur opin

augu fyrir þessu, því að hann rökstyður þetta mjög rækilega í bréfi, sem hann hefur skrifað um þetta mál. Með leyfi hæstv. forseta mætti ég kannske aðeins lesa hér upp úr þessu bréfi biskups það, sem kemur inn á þetta atriði. Hann segir svo næstum í niðurlagi bréfsins:

„Enn kemur það til, að jafnan eru uppi misjafnar stefnur í trúmálum, og er á þeim vettvangi deilt eigi síður en á öðrum sviðum, og skiptast menn þar í flokka með eða móti. Nú mun það svo, að í hinum ýmsu prestaköllum landsins geta menn í einu einkum fylgt þessari trúarstefnu, en í öðru hinni. Sýnist því eðlilegast og farsælast, að fólkið fái sjálft að velja sér þann umsækjendanna, er það telur sér vera bezt að skapi í trúarskoðunum. Með því fyrirkomulagi aftur á móti, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, er engin trygging fyrir því, að söfnuður fái skipaðan þann prest, er næst stendur meiri hluta fólksins í trúarskoðunum og túlkun trúarsanninda. Getur slíkt auðveldlega valdið árekstrum og tjóni fyrir trúarlíf og kirkjulegan áhuga safnaðarfólksins.“

Það er náttúrlega eðlilegt, að æðsti vörður trúmálanna í þessu landi bendi á svo veigamikið atriði sem þetta er, svo mjög sem val prestanna tekur til þessa atriðis. Og tilgangurinn með orðum mínum er að vekja athygli hv. þdm. einmitt á þessum meginkjarna þessa máls og því, að það liggja til grundvallar vali presta allt aðrar grundvallarreglur og ástæður en gilda um val á mönnum í önnur embætti og stöður í þessu landi. Ég er hræddur við það frá trúmálasjónarmiði séð að slíta þetta samband, eins og þó stefnt er að með þessu frv. Mér finnst sem sagt, að með samþykkt þessa frv. yrði stigið mjög varhugavert spor aftur á bak.

Biskupinn bendir enn fremur á það — og er það eitt af þeim varnaðarorðum, sem hann lætur í ljós í sambandi við þetta mál —, að hann telur, að engan veginn hafi verið leitað nægilega álits landsfólksins um þetta frv., álits safnaðanna í landinu, og byggir hann það vitanlega á því nána og eðlilega sambandi, sem þarf að vera á milli hvers einstaks safnaðarmeðlims og sóknarprests, til þess að sá árangur náist af starfi prestsins, sem stefna þarf að og vera á. Bendir biskup á það, að þetta mál hafi alls ekki verið lagt þannig fyrir og kynnt söfnuðum landsins og prestastétt landsins, að viðhlítandi sé að gera svo stórfellda breyt. sem þessa. Hv. flm. segir hér í þessari grg., að prestar hafi á sínum samkundum látið í ljós álit sitt í málinu, sem sé vilhallt þessu frv. Hins vegar liggja ekki fyrir neinar samþykktir frá safnaðarfundum um þetta mál, svo að mér sé kunnugt, eða a. m. k. ekki svo, að neitt skeri úr um það, hver hin almenna afstaða safnaðarfólksins úti á landsbyggðinni er til málsins. Biskup leggur hér áherzlu á, að leita þyrfti bæði umsagnar prestanna, héraðsfunda og jafnvel safnaðarfunda um allt land, áður en slíku máli yrði endanlega ráðið til lykta. — Maður veit, að það eru mörg mál, sem eru ákaflega viðkvæm, og það á ekki síður við um slík mál sem þessi. Og er þess vegna allur varinn góður, eins og haft var eftir Þórhalli heitnum biskupi, um að hrapa ekki að breyt. á þessu, sem gætu valdið erfiðleikum eða gætu jafnvel orðið til trafala fyrir eðlilegt og heilbrigt trúarlíf í landinu og gott samkomulag milli presta og safnaða. En þrátt fyrir það, að nokkuð oft komi fram mikil togstreita meðal safnaðarmeðlima, kjósendanna, um umsækjendur, sem jafnvel stundum valdi nokkrum sársauka í bili hjá þeim, sem undir verða í kosningabaráttunni, þá er ég sannfærður um, að þetta mundi brjótast fram í enn sterkari mæli, þegar pólitískur ráðh. færi að skipa söfnuðum presta, sem þeir væru mjög óánægðir með. Og það þarf náttúrlega engan veginn að vera höfuðástæðan fyrir þeirri óánægju, að fólk teldi, að ráðh. hefði valið prestinn eftir pólitískum lit. En samt er ákaflega hætt við því, að þess mundi gæta í þeim dómum, sem felldir væru um þessi mál innan safnaða, ef ráðh. skipaði prest, en kosningar færu ekki fram áður, — að talið væri, að ráðh. hefði skipað prestinn eftir pólitískum lit, og þar væri þá kannske dæmt út frá engu tilefni eða mjög litlu og væri þá gerður úlfaldi úr mýflugunni. Og allar þær erjur og stríð, sem út frá slíku gæti orðið, gæti orðið til mikils baga fyrir starf prestsins í söfnuðinum.

Ég held þess vegna, að langheppilegast sé fyrir okkur að búa við það skipulag, sem nú er í þessum efnum, en hrapa ekki að breyt. á því fyrirkomulagi með því að taka úrelt fyrirkomulag, sem ekki á rétt á sér í þessu tilfelli.

Það er rétt, að með því kosningafyrirkomulagi, sem nú er við prestskosningar, þá þarf, til þess að kosning sé lögmæt, að mæta viss hluti á kjörstað og taka þátt í kosningunni, og svo meiri hluti atkv. að falla á einn umsækjanda. En það er eiginlega orðin algild regla hjá þeim, sem endanlega hafa veitingarvaldið í höndum, að láta meiri hluta atkv. ráða. Úrskurðarvaldið má því segja, að sé í höndum kjósendanna nú í þessu efni. En það mundi verða alveg af þeim tekið með l., ef þetta frv. næði fram að ganga.

Ég tel, sem sagt, að það fyrirkomulag í þessu efni, sem gilt hefur síðan 1907 og staðfest var að mig minnir 1915, eigi að gilda áfram, og hef fært fram ástæður fyrir því. Enda er ekkert það fram komið, sem gefi tilefni til að breyta hér til, þó að náttúrlega komi ýmislegt fyrir í prestskosningum, eins og í sambandi við val annarra embættismanna, þannig, að ekki séu allir ánægðir með þá niðurstöðu, sem fæst. Fram hjá þessu verður nú aldrei komizt, meðan menn vilja og hafa leyfi til að hafa mismunandi skoðanir á hlutum, bæði mönnum og málefnum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Í okkar þjóðfélagi er trúfrelsi og menn hafa rétt til þess að mynda með sér félög út frá því, hvaða skoðanir þeir hafa. Og þó að þjóðkirkja sé viðurkennd hér hjá okkur sem stendur, ríkiskirkja, þá held ég, að okkur beri að líta á hana sem mest sem frjálsa stofnun, sem mynduð sé af einstaklingum, sem kjósa að vera innan hennar og mynda sér sérstök samtök í því formi, sem kirkjufélög eru mynduð í. Ég álít þess vegna, að það skipti allt öðru máli um þjóðkirkjuna en um almennan rekstur ríkisins hvað snertir val embættismanna. Þjóðkirkjan á að vera frjáls og sjálfstæð stofnun, þar sem þeir menn eru, sem hafa sameiginlegar skoðanir í trúmálum, og að þar eigi menn að hafa eins mikinn sjálfsákvörðunarrétt og frekast er unnt. Og í stjskr. er gert ráð fyrir, að með einföldum l. sé hægt að afnema það fyrirkomulag, sem nú er, að hafa rík-

iskirkju. Og ég álít, að þar sem líta beri á þjóðkirkjuna sem mest sem frjáls samtök, þar sem ekki eru allir landsmenn í, þá eigi Alþ. að láta sjálfstæði hennar sem mest haldast og hlutast sem minnst til um málefni hennar. Og ég álít, að það sé réttara, að þeir menn, sem hana skipa, séu látnir sem mest um það sjálfir, hvernig þeir haga sínum málum. Þess vegna álít ég, að þetta frv. stefni í ranga átt, en það eigi að láta kirkjuna halda þeim réttindum, sem hún hefur nú, þannig að þeir, sem þar eru, eigi að vera frjálsir um að kjósa sér sína starfsmenn. Þó að við höfum þann hátt á, að ríkið launi presta, og annað slíkt, þá álít ég mjög fjarri lagi að setja undir ríkið þann rétt, sem meðlimir þjóðkirkjunnar hafa haft um val sinna starfsmanna fram að þessu, ekki sízt með tilliti til þess, að staðið hefur barátta innan kirkna í vissum Evrópulöndum fyrir því, að söfnuðir fái að ráða ráðningu presta sinna. Og aldalangar deilur hafa orðið þar um þessi mál, og frelsisbarátta kirkjunnar hefur verið þar, sem hefur komið fram í þessu formi. Ég álít, að frv. þetta stefni í ranga átt, en ríkið eigi ekki að sölsast til meiri afskipta af kirkjunni en það nú hefur. Ég álít þetta fyrst og fremst út frá því, að kirkjan eigi að vera frjáls stofnun, sem eigi að hafa rétt til að velja sína presta. Og ég álít frekar, að ríkið ætti að taka sér skipun kirkjunnar í vali embættismanna sér til fyrirmyndar og láta kjósa einhverja fleiri af embættismönnum þjóðarinnar, heldur en að fara öfuga leið, eins og ég álít stefnt að með þessu frv. Ég álít það aðalsmark á lýðræðinu hjá hverri þjóð, að lýðræðið fái að komast að í því efni að hafa áhrif á val embættismanna þjóðarinnar. Og ég álít, að það væri til bóta frá því, sem er, ef embættismenn okkar ættu öðru hverju að leggja starfsferil sinn undir dóm fólksins. Ég álít, að við ættum frekar að fara þá leiðina en leið þá, sem frv. gerir ráð fyrir, og það gæti verið friskandi fyrir embættismannakerfi okkar, sem er nokkuð steinrunnið. Þó að það sé gallað fyrirkomulag að kjósa embættismenn, þá er það hlutur, sem engan veginn er rétt að slá frá sér. Við eigum ekki að fara lengra inn á þá braut að sölsa undir ríkið áhrif um embættaveitingar frá því sem nú er. Og ekki síst gildir þetta, þegar um þjóðkirkjuna er að ræða, sem við eigum að skoða sem frjáls samtök, þó að hún sé viðurkennd í stjskr. og l. sem ríkiskirkja. Ég er því á móti því að afnema það fyrirkomulag um val presta, sem nú er. Og ég vil segja, að rökin, sem flutt eru hér í grg. fyrir þeirri breyt., sem í frv. felst, þar sem sagt er í grg., að kosningafyrirkomulagið geri ráð fyrir verulegum kynnum kjósenda af umsækjendum, og svo segir, að að öðrum kosti sé hefndargjöf að fela almenningi málið til úrskurðar og að samkeppni um hylli kjósenda sé ekki holl eða heppileg fyrir stéttina og árangur slíkrar samkeppni gefi engan veginn örugga vísbendingu um starfhæfni og mannkosti, — ég er ákaflega hræddur um, að ef ætti að útfæra þessa röksemd út í æsar, væri farið að höggva nærri þeim, sem eiga allt undir því að vera kosnir til þess að ráða málum eins og þessum. Mér finnst fulllangt gengið hér í þá átt að neita því, að fjöldinn sé þrátt fyrir allt, sem út á hann má setja, færastur um starfhæfni manna að dæma, eins í þessum málum sem öðrum. Þannig að það gengur á móti lýðræðinu sjálfu, ef við þorum ekki að viðurkenna það innan þessara vébanda, sem er kirkjan í þessu sambandi, að fjöldinn eigi að ráða. — Það hafa komið fram raddir um það áður, að ríkið færi að setja ákveðin fyrirmæli um ýmis frjáls samtök landsmanna. Það hefur mætt mótspyrnu. Og ég álít, að þessar till., sem hér eru fram bornar í frv., fái mótspyrnu hér, og fyrir mitt leyti er ég á móti því, að þær verði samþykktar.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. mjög. En þegar ég sá þetta frv., þó að það sé afturganga frá því í fyrra, þá hvarflaði að mér sú hugsun, að það hlýtu að liggja meiri eða minni rök fyrir því að gera till. um þá stóru röskun, sem hér er farið fram á að gera á gildandi l. um skipun prestsembætta, — og það rök, sem ekki hefðu legið fyrir í fyrra. — Við höfum nú heyrt hjá hv. 1. flm. frv., 4. þm. Reykv. (GÞG), þau rök, sem hann telur veigamest í þessu efni. En ég hef ekki séð, að þau séu svo veigamikil, að ég, eftir að hafa hlustað á þau, geti fellt mig við þessa breyt. af þeim ástæðum. Mér skilst, að hjá honum séu helztu rökin þau fyrir þessari breyt., þar sem lagt er til að fella úr gildi 60 ára eða a. m. k. 40 ára gamalt kosningafyrirkomulag, að taka þurfi valdið úr höndum safnaðanna til þess að kjósa sína sálusorgara. Því að ég tel, að það eigi að gera það með þessu frv., þó að sóknarnefndir eigi að fá að gera till. í þessum efnum. Og þetta á að vera sú nýja frjálslynda stefna á þessu sviði. Ég segi nei. Þetta er ekki meira frjálslyndi en það fyrirkomulag, sem er nú um þetta. Hv. 1. flm. vildi mótmæla því, að lýðræði ætti að koma til greina í sambandi við val presta í prestaköll, og taldi, að lýðræði ætti aðeins að gilda á hinu pólitíska sviði. Ég hef aldrei skilið lýðræði þannig. Þó að lýðræðið sé sjálfsagt á hinu pólitíska sviði, þá á ekki síður að hafa það á öðrum sviðum, þ. e. að fólkið ráði.

En veigamesta ástæðan hjá hv. 1. flm. frv. fyrir málinu virtist mér vera sú, að söfnuðirnir hefðu ekki nóg kynni af umsækjendunum áður en kosningar færu fram. En heldur hv. flm. þá, að þessir þrír aðilar, sem eiga að hafa úrskurðarvald í þessum efnum eftir frv., biskup landsins, prófastur og sóknarnefndir, hafi mun betri aðstöðu til þess að dæma um kjósendurna? Því að mér skilst á hv. flm., að umsækjendurnir þurfi alls ekki að birtast þessum aðilum, eða a. m. k. söfnuðunum, öðruvísi en þá, að umsækjandi kannske kemur til sóknarnefnda eða sóknarnefndarmanna og biður þá að fylgja sér. En eins og nú er, þá skilst mér, að það sé yfirleitt svo, að prestar og kandidatar, sem sækja um prestsembætti, komi til safnaðanna og prédiki á staðnum. Og þeir vitanlega reyna að kynna sig þá söfnuðinum, eftir því sem þeir geta. Þeim er sennilega kappsmál að geta unnið sér fylgi þessara væntanlegu kjósenda. Þetta er allt eðlilegt í raun og veru. Þessi mánaðartími, eða hvað það nú er, sem framboðsfresturinn er, er nægilegur til þess, að safnaðarmeðlimirnir geti gert sér töluverða grein fyrir, hver umsækjandinn sé ákjósanlegastur. Nú eru menn vitanlega mjög oft ekki á eitt sáttir í þessum efnum. En ég hef ekki álitið, að svo ákaflega miklar misfellur hafi átt sér stað með missætti út af slíkum hlutum, að

ástæða sé til þess vegna að fara nú að hrapa að því að breyta ákvæðum laga um veitingu prestakalla, sem nú gilda. Því að málið er ekki það undirbúið, því að það hefur ekki verið borið undir álit safnaðanna, — að hægt sé að kalla það annað en að hrapa að breyt. á þessum l., ef frv. þetta yrði samþ. nú.

Þá sagði hv. 1. flm., að í kosningahitanum, þegar kosnir væru prestar, myndaðist eitur, sem héldist meðal safnaðarmeðlimanna og yfir því, að eilíf úlfúð héldist milli safnaðarmeðlima út af prestskjörinu. Þetta þekki ég ekki. Þó að menn hafi ekki orðið á eitt sáttir um kosningu prests, hafa menn sætt sig við þau úrslit, sem orðið hafa. Og oft hefur presturinn getað jafnað slíkt ósamlyndi, hafi einhver úlfúð skapazt í kosningunum.

Þá er eitt enn, sem hv. 1. flm. færði fram sem rök fyrir frv., — það, að prestar hefðu ekki með þessu fyrirkomulagi, sem er nú, nægilega möguleika til þess að fá að hafa brauðaskipti. Ég held, að áreiðanlega sé öllum prestum frjálst að sækja um hvaða prestakall sem auglýst er til umsóknar hér á landi. En þó að við skyldum segja, að einhver gamall prestur hefði litla möguleika með núverandi fyrirkomulagi til þess að hljóta prestakall gagnvart ungum og framgjörnum kandidat eða ungum presti, sem hefði reynzt ötullega í starfi sínu, þá held ég, að ekkert sé við því að gera og ekki sé ástæða til þess að reyna að gera við því með lagasetningu. En með þessu frv. á að hjálpa gömlum prestum til þess að fá betri brauð en þeir áður höfðu. Ja, það geta nú verið skiptar skoðanir um það, hvort fara eigi mest eftir embættisaldri um veitingu beztu brauðanna, og hvort prestarnir eigi að fá beztu brauðin rétt fyrir dauðann. Nei, ég vil hafa fyrirkomulagið frjálsara, þannig að það verði eins og það er um val presta, svo að þeir, sem geta komið ár sinni fyrir borð meðal safnaðanna á eðlilegan hátt, fái að njóta verðleika sinna. Ég tel mjög varhugavert að hrapa að því að gera þessa breyt.

Því er haldið mjög að okkur hér, að kirkjuráð hafi samþ. þetta frv., sem sé flutt hér með litlum breyt. frá þeirri samþykkt. Mér sýnist nú, að allt kirkjuráðið standi ekki að þessari samþykkt, heldur aðeins þrír menn, og ekki sr. Þorsteinn Briem, sem var ekki við. Og ekki var heldur biskupinn með um þessa samþykkt. Hann boðaði forföll. Og hann hefur skilað séráliti eða áliti sem biskup Íslands. Hefur hann í séráliti þessu mótmælt þessu frv. eða því a. m. k., að það ætti að samþykkjast nú. Ég get skilið það, að hann hafi nokkra sérstöðu í þessu máli, þar sem hann finnur til þeirrar ábyrgðar, sem á honum hvílir í sambandi við það, ef þetta frv. væri gert að l., þar sem hann á að vera einn þeirra aðila, sem á að gera mögulegt að hafa fullt úrskurðarvald um þessi mál. Hann vill hafa það fyrirkomulag, sem orsakar sem minnstan glundroða, og hann vill þóknast fólkinu. Hann hefur það á tilfinningunni, að þetta fyrirkomulag, sem í frv. er gert ráð fyrir, yrði ekki vel þegið meðal safnaða landsins, þó að menn finni sumir hjá sér köllun til þess að fara 60 ár aftur í tímann til þess að taka upp fyrirkomulag, sem var fyrir meira en 60 árum síðan, og með því strika út allar lýðræðisreglur í sambandi við val presta í prestaköll landsins.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal láta mér nægja nokkur orð til andsvara. — Mér þótti vænt um, að andstaða hv. þm. Borgf. (PO) nú var miklu minni en andstaða hans í fyrra gegn því frv., sem við fluttum þá hér um sama efni. Vona ég, að það eigi að einhverju leyti rót sína að rekja til þeirrar breyt., sem við höfum gert á frv., sem hér liggur fyrir, fyrir tilmæli kirkjuráðs, frá því, sem gert var ráð fyrir í frv. í fyrra. Mér virtist þessi hv. þm. vera mjög eindreginn andstæðingur frv. í fyrra, og hann talaði mjög einarðlega á móti því þá. Hins vegar fannst mér andstaða hans ekki sérlega sterk nú. Höfuðröksemdir hans gegn frv. í fyrra voru þær, að honum virtist það vera mjög andstætt lýðræði. Nú virtist hann ekki gera mikið úr því, heldur var höfuðröksemd hans sú, að mér fannst, að hann teldi óeðlilegt að taka af söfnuðunum réttinn til þess að kjósa sér presta, því að í söfnuðunum gæti verið um mismunandi trúarskoðanir að ræða, og þess vegna taldi hann, að söfnuðirnir ættu að geta valið sér presta eftir trúarskoðunum sínum. Ég skal ekki bera á móti því, að eitthvað kunni að vera til í þessu, þ. e. a. s. ef — sem mun vera innan kirkjunnar — talsverður ágreiningur er um trúmálaskoðanir. Og ef svo er, þá getur verið óeðlilegt, að söfnuðir fái prest, sem hefur trúarskoðanir, sem ólíkar eru þeim, sem yfirgnæfandi meiri hluti safnaðarmeðlimanna aðhyllist. En ég held, að þessi röksemd vegi ekki upp á móti þeim mikla göllum, sem á prestskosningafyrirkomulaginu eru að öðru leyti. Og í raun og veru er ekki víst, að trúarskoðanir hafi mikil áhrif á niðurstöður prestskosninga. Og ef taka á fullt tillit til þessa atriðis, þá er ekki nóg að fá söfnuðunum vald til þess aðeins að kjósa presta sína, heldur eiga þá söfnuðirnir að hafa vald til þess að víkja prestum úr embætti, ef trúarskoðanir þeirra eru ekki í samræmi við trúarskoðanir meiri hluta safnaðanna. Og nú geta ekki aðeins trúarskoðanir prestanna breytzt, heldur safnaðanna líka. Og hvernig vill þá hv. þm. Borgf. hafa það, ef skoðanir safnaðanna breytast? Vill hv. þm. Borgf. halda fram þeirri skoðun, að söfnuður eigi að fá að reka prest úr embætti? Ég teldi hann sjálfum sér samkvæman í sínum málflutningi, ef hann legði til, að söfnuðir gætu afhrópað prest, ef þeim geðjaðist ekki trúarskoðanir hans. En slíkt er ekki hægt með núverandi fyrirkomulagi. En meðan hv. þm. Borgf. gerist ekki talsmaður þessa, þá finnst mér sú röksemd hans fyrir ágæti prestskosningafyrirkomulagsins, sem hann gerði að aðalatriði í ræðu sinni, ekki vera þung á metunum. Ég tel, að áhrif kirkjunnar á veitingu þessara embætta séu nægilega mikil með þeim umbúnaði, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., þ. e. ef biskup, héraðsprófastur og meiri hluti viðkomandi sóknarnefnda verða sammála um val prests, þá skuli það ráða veitingu embættisins. Að sumu leyti er vald kirkjunnar meira eftir ákvæðum þessa frv. en er eftir gildandi l. Nú þarf heilmingur atkvæðisbærra manna að mæta á kjörfundi við prestskosningar, og af greiddum atkv. þarf einhver einn umsækjandanna að fá meiri hluta greiddra atkv. til þess að veitingarvaldið sé bundið af atkvgr. En áhuginn og eindrægnin í prestskosningum hefur ekki verið meiri en það, að veitingarvaldið hefur sjaldan verið bundið af úrslitum

prestskosninga. Svo að þetta vald, sem að vissu marki hefur verið í höndum safnaðanna í 40 ár, hefur ekki verið svo mikið sem nú er af látið. Vald kirkjunnar í þessum efnum hefur því ekki verið meira en svo, að með miklum rökum má segja, að vald hennar mundi með ákvæðum frv., ef samþ. yrði, verða aukið frá því, sem það hefur verið, þó að formið sé ekki kosningar, heldur samhljóða meðmæli þýðingarmikilla aðila.

Um ræðu hv. 2. þm. Reykv. (EOl) hef ég það eitt að segja, að mér virtist hún vera fyrst og fremst rökstuðningur fyrir því, að aðskilja bæri ríki og kirkju, en ekki gegn þeirri sérstöku tilhögun um veitingu prestakalla, sem hér er stungið upp á. Það skal ég ekki ræða nú, hvort eðlilegt sé að aðskilja ríki og kirkju. Ef hér væri algerlega frjáls kirkja, þ. e. ef sá skilningur hv. 2. þm. Reykv. væri réttur, að þjóðkirkjan væri frjáls félagssamtök tiltekinna borgara, þá dettur mér ekki í hug, að ríkisvaldið ætti að hafa nokkur áhrif á mál hennar, ekki fremur en ríkisvaldið nú skiptir sér af trúarfélögum óháðum þjóðkirkjunni. En þjóðkirkjan er alls ekki frjáls samtök vissra borgara, heldur ríkiskirkja samkvæmt stjskr. Og ríkið stendur straum af öllum kostnaði kirkjunnar. Þá er eðlilegt, að ríkisvaldið hafi áhrif á skipun starfsmanna kirkjunnar, eins og annarra embættismanna ríkisvaldsins, því að það eru prestarnir vissulega. Ég held, að það sé því misskilningur hjá hv. 2. þm. Reykv., að hér sé með þessu frv. stefnt að því, að ríkið reyni að sölsa undir sig vald, sem því ekki ber.

Um þá skoðun hv. 2. þm. Reykv., að í raun og veru þyrfti að taka upp kosningar á fleiri starfsmönnum ríkisins, er ég honum ekki sammála. Ég hygg, að af því mundi ekki gott hljótast. Hann vitnaði í það, að kirkjan hefði háð langa frelsisbaráttu gegn ríkisvaldinu. Að vísu er langt síðan um slíka baráttu var að ræða. Og þessari baráttu hefur á Vesturlöndum og sérstaklega á Norðurlöndum lyktað þannig, að kirkjan er talin ríkiskirkja og kosningar á prestum — í þeim löndum, þar sem þær hafa verið teknar upp — hafa verið afnumdar aftur. Og á Norðurlöndum eru prestar hvergi kosnir á þann hátt sem gert er hér á landi.

Hv. þm. Ak. (SEH) var róttækastur af þeim þremur hv. þm., sem andmæltu þessu frv., og hann hélt nokkuð á lofti sömu rökunum og hv. þm. Borgf. (PO) í fyrra, talaði um, að það væri ólýðræðislegt að afnema það fyrirkomulag að kjósa presta. Ég tel mig hafa andmælt þessari skoðun hv. andmælenda þessa frv. nægilega í frumræðu minni og sé ekki ástæðu til að endurtaka það. En ég hef aldrei getað skilið, að ef hv. þm. Ak. og aðrir, sem slíkar skoðanir hafa, í raun og veru telja kosningu embættismanna nauðsynlegt lýðræðiseinkenni, hvers vegna þeir vilja þá ekki láta kjósa fleiri embættismenn (**SEH:** Það hefur komið til tals). Þessi hv. þm. segir, að frjálst framboð og heilbrigð samkeppni þurfi að vera í sambandi við val þessara embættismanna, sem hér er um að ræða. En vill hann þá ekki líka láta kjósa dýralækna? Ég get ekki tekið þessar röksemdir hv. þm. Ak. gegn þessu frv. hátíðlega, fyrr en hann stingur upp á því að hafa sama fyrirkomulag um veitingu þeirra embætta, sem honum standa næst og honum eru kunnugust. Ég mundi ræða þetta mál miklu ræklegar við þennan hv. þm., ef ég byggist við, að hér fylgdi verulegur hugur máli. En mér finnst það varla geta verið, þar sem þær skoðanir, sem þessi hv. þm. setur fram í sambandi við ákvæði þessa frv., eru í ósamræmi við skoðanir hans um sama efni á öðrum sviðum. Sem sagt, ef hv. andmælendur þessa frv. taka upp almenna baráttu til þess að fá því komið á, að aðrir embættismenn, svo sem læknar og dýralæknar, dómarar o. fl. embættismenn, verði kosnir, þá sýna þeir, að þeir fylgja í alvöru þessari skoðun, sem þeir halda fram að því er val presta snertir. En meðan þeir gera það ekki, sé ég ekki ástæðu til að taka röksemdir þeirra um þetta atriði í sambandi við frv. sérstaklega hátíðlega.

Um það, að hafi verið einróma vilji að taka upp prestskosningar 1907 og að barizt hafi verið fyrir því fyrir 1886, að valdið til að veita prestaköll væri tekið úr þeim höndum, sem það þar áður var í, gegnir allt öðru máli. Því að áður fyrr var það í höndum danskra stjórnarvalda. Það var þá barátta gegn erlendum yfirráðum að ná þessum embættaveitingum í hendur landsmanna sjálfra, sem þar kom til greina, til þess að ná í hendur landsmanna veitingu þessara embætta, sem þá voru talin einhver þýðingarmestu embættin, sem Íslendingar gegndu. Maður sér greinilega, ef maður les röksemdir þær, sem fluttar voru þá á Alþ. og í blöðum um þetta mál, að þessi barátta var liður í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á þeim tíma. En nú horfir málið öðruvísi við.

Ég sé ekki, að í því, sem sagt hefur verið, hafi komið fram nokkur rök gegn því, sem ég sagði í framsöguræðu minni. Því hefur ekki verið mótmælt, að það sé óeðlilegt og óheppilegt fyrir prestastéttina að þurfa í hvert skipti, sem prestsembætti losnar, að stofna til innbyrðis baráttu og þurfa að standa fyrir persónulegum áróðri fyrir sjálfum sér í sambandi við kosningar gagnvart þeim söfnuðum, sem hlutaðeigandi prestur í hvert skipti ætlar að þjóna, ef hann nær kosningu. Og því hefur ekki verið mótmælt, að prestskosningar hafa leitt til margs konar ýfinga og leiðinda, sem hafa staðið starfi presta fyrir þrifum og spillt eðlilegu og heilbrigðu sambandi milli prests og safnaðar. Og því hefur ekki heldur verið andmælt, að það sé rétt, að vegna þess að söfnuður þurfi að ganga til kosninga með tiltölulega lítil kynni af prestum, þá sé hann í raun og veru ekki eins fær um að dæma um, hver hæfastur sé, eins og látið er í veðri vaka. Þau persónukynni, sem söfnuður getur haft af presti fyrir kosningar, geta aldrei verið mikil, vegna þess að presturinn sýnir sig aðeins skamman tíma áður en kosningar fara fram, og þá dæma safnaðarmeðlimirnir um prestinn út frá forsendum, sem engan veginn eru eins sterkar og æskilegt væri.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. (GÞG) taldi, að varla fylgdi hugur máli hjá mér í þessu máli, og sérstaklega dró hann það af því, að ég hefði ekki komið með till. um, að dýralæknar yrðu kosnir í almennum kosningum. Þetta var nú kannske meira sagt í grini en alvöru hjá þessum hv. þm. En mér finnst nú meira af hans „verðstuðlum", sem hann hefur fært fram fyrir sínu máli, vera álíka. Þessi hv. þm. er enn

að tala um, að með núverandi fyrirkomulagi geti söfnuðir ekki haft nóg kynni af umsækjendum um prestsembætti áður en safnaðarmeðlimir ganga til kosninga, en hv. flm. býður okkur þó upp á annað fyrirkomulag, sem alls ekki tryggir þeim aðilum, sem ákveða eiga, hver prestur skuli valinn í hvert skipti, neitt meiri kynni af umsækjendunum. Eru þetta sterk rök? Eða eru þetta kannske veik rök fyrir þessu frv.? Mér finnst þau mjök veik, fyrir svo stóru máli sem þessu.

Nei, það fylgir hugur máli hjá mér í því að vera á móti þessu frv. — Og sú röksemd, sem hv. 1. flm. vildi bera fram til þess að reyna að rýra rök mín, sem ég færði fram, að ég hefði nú ekki fundið upp á því að láta landslýðinn kjósa dýralækna, er ekki veigamikil. Hér er um tvenns konar embætti að ræða, prestsembætti og dýralæknisembætti, sem eru nokkuð óskyld í eðli sínu. Það hefur nú ekki verið sá háttur á, að kosið hafi verið af landsfólkinu um lækna. En það hefur komið til tals að kjósa þannig læknana, og ef að því yrði horfið, þá býst ég við, að litli bróðir lafi með, nefnilega, að þá yrðu dýralæknar líka kosnir. En við erum svo fáir dýralæknarnir, að það þykir ekki ómaksins vert að kjósa um þá embættismenn. Lengst af var ég einn og annar maður til dýralæknar á þessu landi. Nú erum við 5. Getur vel verið, að heppilegast sé að kjósa þessa 5 menn, lofa mönnum að velja. Hingað til höfum við verið settir niður og nokkuð eftir því, sem við höfum kosið. En það er ekkert því til fyrirstöðu frá mínu sjónarmiði, að kosningafyrirkomulag verði tekið upp í sambandi við val dýralækna, fyrr eða seinna, og alveg sérstaklega, ef landsmenn almennt vildu hafa það fyrirkomulag um að velja á milli okkar. En það fyrirkomulag, sem stungið er upp á í frv. þessu, sem hér liggur fyrir, er að mínu viti brot á lýðræðinu í landinu, þó um andleg embætti sé að ræða.

Ég hef ekki orðið var við frekari rök í síðari ræðu hv. 1. flm. en í þeirri fyrri, heldur veikari rök í þeirri seinni. — Og það, hvort söfnuður eigi að hafa rétt til að afhrópa prest, ef breytast kynnu trúarskoðanir meiri hl. safnaðarins eða prestsins, þannig að samræmið breytist í því efni eftir að prestur hefur tekið við starfi, það atriði er fyrir utan þetta mál. En það er rétt, sem hv. þm. Borgf. tók fram, að prestskosningar markast mjög af trúarskoðunum umsækjenda. Það er vitanlega ákaflega viðkvæmt mál fyrir safnaðarfólk að kjósa sér prest. Það reynir eftir beztu getu að afla sér kunnugleika um umsækjendur eða umsækjanda, og hefur tækifæri til þess að afla sér furðanlegrar vitneskju um umsækjendurna, bæði af ræðum og framkomu þeirra og öðru, þann tiltölulega stutta tíma, sem mun vanalega vera mánuður, sem umsóknarfresturinn er. Það er rétt, að þannig getur fólk ekki kynnzt umsækjanda til hlítar. En hygginn maður, sem vill leita dýpstu raka, mun komast nokkuð á snoðir um það af þeirri viðkynningu, hvaða mann tiltekinn prestur eða prestsefni hefur að geyma.

Það hefur ekki heyrzt, að söfnuður hafi afhrópað prest sinn fyrir trúarskoðanir. Það eru afhrópaðir prestar hér fyrir almennt framferði, sem hefur misboðið velsæmistilfinningu fólksins. Það þekkjast kannske dæmi í þessa átt, en það er ekkert aðalatriði í sambandi við þetta frv.

Ég er á móti þessari breytingu.

Pétur Ottesen: Út af því, sem hv. 1. flm. sagði um það, að ég hefði ekki andmælt þessu frv. neitt svipað því, sem ég hefði gert á síðasta þingi, og vildi draga af því þá ályktun, að ég hefði nokkuð linazt í afstöðu minni gagnvart þessu frv. frá því á síðasta þingi, þá vil ég segja það, að þetta er algerlega fjarri lagi. Mér fannst ekki ástæða til að taka upp þau rök, sem ég flutti, — þau eru í þingtíðindunum, — heldur aðeins drepa á nokkur atriði til viðbótar því, sem ég hélt þá fram. Ég vil aðeins gefa þessa skýringu, að þetta er misskilningur hjá hv. frsm. Afstaða mín til þessa máls er alveg óbreytt frá því, sem var í fyrra. Og eftir því, sem ég hugleiði þetta mál meira, því meir vex andstaða mín gegn þessu frv., og það er vitanlega sprottið af þeirri virðingu, sem ég ber fyrir trúaráhuga manna, og þess vegna legg ég alveg sérstaka áherzlu á það, að kosningafyrirkomulagið sé miðað við þetta fyrst og fremst. En þar virðist ég vera í andstöðu við hv. 1. flm. þessa máls, sem vill, að því er mér virðist, ekkert tillit taka til þess, heldur loka augunum alveg fyrir þessu atriði málsins um leið og ákveðin er sú tilhögun, sem skuli viðhöfð við val prestanna.

Hv. þm. þótti vera mótsögn hjá mér í því, að jafnframt því, sem ég héldi þessu fram, þá bæri ég ekki fram till. um það, að söfnuðirnir fengju til þess leyfi að afsegja prestana, ef þeir væru í andstöðu við þá. Þetta geri ég ekki af því, að söfnuðunum er ekki lokuð leið að því að losna við samstarf við slíka presta. Og það er vitanlega ekki hægt að hugsa sér óeðlilegra fyrirkomulag en það, að prestur og söfnuður, sem eru í andstöðu hvor við annan, eigi að vera í samfélagi hvor við annan. Slíkt fyrirkomulag er vitanlega algerlega til þess að drepa trúarlífið í landinu. En við þessu hefur löggjöfin séð, því að það mikið trúfrelsi og athafnafrelsi ríkir hér í þeim málum, að þar sem slíkt ber við, þá hefur söfnuðurinn leyfi til þess að segja sig úr öllum félagsskap við slíkan prest með því að stofna hjá sér fríkirkjufyrirkomulag og velja annan prest, sem er við þeirra hæfi og skoðanir, og þess vegna þurfti ekki að koma með till. um að slá varnagla við þessu, af því að hann er fyrir hendi og um það gilda ákveðin l. En það, sem okkur ber á milli, mér og hv. 1. flm. þessa frv., er það, að ég vil, að söfnuðirnir hafi til þess frjálsræði, hver einstakur meðlimur, að velja sér prest út frá sínu trúarlega viðhorfi, en hann vill fara um þetta eftir allt öðrum leiðum. Það felur ekki í sér, þó að ég haldi þessu fram, að ég vilji fara að leggja til, að það ætti að fara að kjósa lækna og sýslumenn, og það er af því, að í því efni ber vitanlega að leggja aðaláherzluna á valið, þ. e., hvaða menntun menn hafa á því sviði, sem þeir eiga að starfa á, — læknar frá læknisfræðilegu sjónarmiði og sýslumenn á löggjafarsviðinu, — hvaða þekkingu þeir hafa til brunns að bera, og hefur náttúrlega heilbrigðismálastjórnin og landlæknir meiri þekkingu til þess að dæma um það en allur almenningur, og hið sama er að segja um þau yfirvöld, sem að dómsmálum standa. En á trúmálasviðinu er það viðhorf einstaklingsins, sem markar afstöðu hans til prestavals, og á hann að hafa í landi, sem viðurkennir ófjötrað trúfrelsi, leyfi til þess. Hann á ekki að þurfa að segja sig úr l. við Þjóðkirkjuna til þess að hafa þennan rétt. Hann getur skapað

sér hann, — hver einstaklingur, með því að segja sig úr Þjóðkirkjunni og í Fríkirkjuna, og þá velja fríkirkjusöfnuðirnir sér prest til sinnar þjónustu. Sams konar fyrirkomulag í þessum efnum á að ríkja innan Þjóðkirkjunnar hér á landi og ríkir nú, og þegar út af því hefur borið og stjórnarvöldin hafa gengið í berhögg við vilja meiri hlutans, þá hefur það alltaf valdið árekstrum og stundum orðið til þess að kljúfa söfnuðina, og það á ekki að vera með löggjöf að stofna til slíks, en það mundi verða gert með því fyrirkomulagi, sem hér er lagt til. Því að þótt það hafi átt sér stað, að komið hafi upp í bili nokkur reipdráttur innan safnaðanna milli meiri hlutans og minni hlutans, hefur það venjulega jafnazt aftur fljótlega. En þegar allur söfnuðurinn eða meiri hluti hans er kominn í andstöðu við veitingarvaldið, þá er ekki jafnlíklegt, að til samkomulags dragi, heldur mundi það verða til þess að koma á ósætt og sundrung, sem græfi um sig og leiddi til ófarnaðar fyrir alla.

Hv. 1. flm. sagði, að meðan veitingarvaldið hefði verið í höndum erlendra manna, hefði baráttan fyrir þessu verið sjálfstæðisbarátta. En það er hægt að berjast fyrir sjálfstæði á fleiri sviðum en að sækja það í hendur annarra þjóða. Það er líka sjálfstæðisbarátta frá hendi einstaklinganna að taka sjálfstæði í vissum málum til sín, eins og prestskosningum, frá því opinbera. Það er því til sjálfstæðisbarátta á fleiri sviðum en að sækja rétt sinn í hendur erlendra valdhafa, og það er þetta sjálfstæði einstaklingsins í sambandi við prestskosningar, sem ég vil styðja og styrkja og finnst vera eðlilegt.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. Ég vildi aðeins gera þessa leiðréttingu á þeirri ályktun hv. 1. flm., að það mundi eitthvað hafa dregið úr mér um afstöðu mína til þessa máls. Afstaða mín er óbreytt að öðru leyti en því, að eftir því sem ég hugsa betur um þetta mál, því meir vex andstaða mín gegn því og því varhugaverðara verður það í mínum augum.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Það eru aðeins örfá orð. Það kom skýrt í ljós, hvað það er, sem hv. þm. Borgf. gerir hér að meginatriði, því að hann segir, að það sé algerlega óhafandi ástand, að trúarskoðanir presta og safnaða séu ekki í samræmi. Það sé óhafandi ástand, að presturinn hafi aðra trúarskoðun en söfnuðurinn. En með því að gera þetta að meginatriði, þá talar hv. þm. gegn núverandi l. í þessum efnum, eins og því frv., sem hér liggur fyrir. Núverandi skipulag í þessum málum tryggir engan veginn, — og það er hv. þm. ljóst, — að það sé samræmi milli trúarskoðana presta og safnaða. Og ef hv. þm. er það full alvara, að nauðsynlegt sé, að slíkt sé tryggt, þá er það rétt, sem ég sagði áðan, að hann verður þá að gera till. um það, að söfnuðirnir geti hvenær sem er afhrópað prestana, ef svo stendur á. Þetta hefur aldrei verið í íslenzkum l. og heldur ekki í l. nágrannalandanna, og ég held það geti engum dottið í hug í alvöru að setja það í l. Ég vildi því vekja athygli á, að með því að gera nauðsyn þess, að samræmi sé milli trúarskoðana prests og safnaðar, að meginatriði, þá er verið að tala gegn núverandi skipun á þessum málum, engu síður en þeirri skipun, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Héraðshæli.

Á 18. fundi í Sþ., 5. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um héraðshæli (þmfrv., A. 87).

Á 15. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 87, um héraðshæli, var lagt fram á síðasta þingi af sömu flm., en varð þá ekki útrætt. Þar sem við teljum, að hér sé um nauðsynjamál að ræða, fannst okkur rétt og skylt að vita, hvort Alþ. vill ekki veita því samþykki sitt.

Orsakir þær, er að frv. liggja, eru í aðalatriðum þessar: Heilbrigðismálum í sveitum er nú mikil hætta búin sakir læknaleysis og skorts á húsnæði og aðhlynningu hinna sjúku og öldruðu. Ofan á það bætast svo ljósmæðravandræðin, sem mjög eru að verða alvarleg í sveitum landsins. Við flm. höldum því fram, að aðbúnaður að héraðslæknum sé ekki eins góður og nauðsyn beri til og að bæta mætti mjög mikið úr honum með byggingu héraðshæla. Búið er nú að koma því á, að ríkið byggir yfir ýmsa opinbera starfsmenn, svo sem dómara o. fl. Með frv. þessu er ætlazt til, að sameinað sé í eina stofnun sjúkrahús, fæðingarstofnun, gamalmennahæli og læknisbústaður. Ég hygg, að ég þurfi ekki að fjölyrða um, hvílík bót yrði að þessum héraðshælum. Hvað snertir fjárframlag ríkissjóðs til þeirra, þá þótti okkur flm. sanngjarnt, að þessi styrkur væri sá sami og til barnaskólabygginga. Og þó að þær byggingar séu mjög nauðsynlegar, þótti okkur fullkomlega sanngjarnt, að ríkisvaldið veitti ekki minni styrk til byggingar héraðshæla.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, þar eð frv. fylgir allýtarleg grg. Vil ég leggja til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

17. Almannatryggingar (frv. SkG o. fl.).

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 17. maí 1946, um almannatryggingar (þmfrv., A. 99).

Á 17. og 18. fundi í Nd., 13. og 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um þær helztu breyt., sem flm. þessa frv. leggja til, að gerðar verði á l. um almannatryggingar.

Fyrsta gr. frv. er um það, að breytt sé ákvæðum l. um kosningu tryggingan. í tryggingaumdæmum. Nú er þessu svo hagað, að þessar n. eru kosnar á sameiginlegum fundi hreppsnefnda. Það hefur komið í ljós, að þessu fylgir mikil fyrirhöfn og kostnaður, og er auðvelt að koma þessu fyrir á ódýrari og einfaldari hátt með því að láta bæjarstjórnir og sýslunefndir kjósa þessar n.

Næst er lagt til, í 2. gr. frv., að 34. gr. l., sem er um fæðingarstyrki, verði breytt. Nú eru þessir styrkir misháir eftir því, hvort konur stunda atvinnu utan heimila sinna eða á þeim. Flm. þessa frv. finnst þetta óeðlilegt og leggja því til, að styrkurinn verði jafnhár til allra, eða 300 kr. auk verðlagsuppbótar, en nú er það svo, að konur, sem vinna utan heimilis, fá 500 kr., en þær, sem ekki vinna utan heimilis, 200 kr.

Þá er lagt til, að breyt. verði gerðar á ákvæðunum um sjúkrabætur. Samkvæmt 3. gr. frv. leggjum við flm. til, að sjúkrabætur greiðist eftir sömu reglum, hvort sem um er að ræða menn í annarra þjónustu eða sjálfstæða atvinnurekendur og hvort sem menn búa í kaupstað, þar sem læknar starfa, eða ekki. Nú er munur á þessu eftir atvinnu og því, hvort menn búa nærri lækni eða í meiri fjarlægð frá læknisbústað.

Þá eru næst, í 5.—10. gr. frv., ákvæði um breyt. á fyrirmælum l. um slysatryggingar. Nú hafa bara þeir, sem eru í annarra þjónustu, eða svonefndir launþegar, rétt til slysabóta. Þetta er mjög óeðlilegt, og er því lagt til, að allir, sem slasast við vinnu, eigi rétt til slysabóta, hvort sem þeir eru í annarra þjónustu eða ekki.

Næst er lagt til, í 12. gr., að breyt. verði gerð á 105. gr. l., en hún er um skyldur til að borga iðgjöld til almannatrygginganna og kveður svo á, að allir íslenzkir ríkisborgarar, 16—67 ára, skuli greiða iðgjöld til almannatrygginganna. Við leggjum til, að gjaldskyldan verði miðuð við þá, sem eru 18—65 ára.

Næst er, í 13. gr., lagt til, að auk iðgjaldsins samkvæmt 107. gr. l. skuli allir skattskyldir aðilar, félög og einstaklingar greiða 2% af skattskyldum tekjum umfram 5000 kr. í tryggingasjóð. Þetta leggjum við til vegna þess, að síðar í frv., eða í 15. gr., er lagt til, að niður falli 112. gr. l., en við það missir tryggingasjóður töluverðar tekjur. Þetta viljum við flm. bæta upp að verulegu leyti með þessu gjaldi á skattskyldar tekjur. En þar sem lagt er til í frv., að þessi 2% leggist aðeins á skattskyldar tekjur umfram 5000 kr., er tryggt, að þetta kemur ekki niður á lágtekjumönnum vegna þeirra ákvæða, sem nú eru í gildi um umreikning á tekjum miðað við vísitölu.

Næst er, í 14. gr. frv., lagt til, að nokkur breyt. verði gerð á 109. gr. l., sem er um skyldu sveitarsjóða til að greiða iðgjöld fyrir einstaklinga innan sveitar. Við leggjum til, að þetta ákvæði verði þannig, að þeir, sem telja sig þurfa að fá aðstoð sveitarfélagsins til þess að greiða gjöldin, vegna þess að þeir séu ekki færir um það af eigin rammleik, sæki til sveitarfélagsins um það, að sveitarsjóður greiði fyrir þá að einhverju leyti iðgjöldin, og þá úrskurði sveitarstjórnin það með tilliti til ástæðna hlutaðeigenda. Úrskurði um þetta má áfrýja til yfirskattanefndar, og er úrskurður hennar fullnaðarúrskurður. Eftir sem áður er því haldið, að iðgjöld, sem greidd eru úr sveitarsjóði, skuli ekki teljast framfærslustyrkur.

15. gr. frv. er um það, að 112. gr. l. falli burt, en þessi gr. er um iðgjöld atvinnurekenda. Samkvæmt þeirri gr. á hver, sem hefur menn í þjónustu sinni, að greiða iðgjöld í tryggingarnar, sem nemur kr. 1,50 fyrir hverja vinnuviku, sem verið er í þjónustu hans, en á það leggst svo vísitöluuppbót. Við teljum þetta gjald mjög ranglátt. Það ætti auðvitað að miðast við, hvernig afkoma atvinnurekendanna er, sem eiga að greiða það. Gjaldið skv. 112. gr. leggst alveg jafnt á þann atvinnurekanda, sem tapar, eins og hina, sem hafa mikinn ágóða af sínum atvinnurekstri. Er þessari gjaldheimtu því hagað mjög á annan veg en tíðkazt hefur um skatt til hins opinbera, sem kallaður hefur verið af mönnum eftir efnum og ástæðum. Við leggjum til, að þetta falli niður, en í staðinn komi þetta 2% gjald á skattskyldar tekjur umfram 5000 kr.

Þá er brtt. við 113. gr. l., sem er um áhættuþóknun. Að vísu má segja alveg það sama um þessa gr. og þá næstu á undan, að það er langt frá því, að fyrirmæli hennar hafi verið sanngjörn, og teljum við því æskilegast að fá ákvæði hennar felld úr l. Við höfum hins vegar ekki talið okkur fært að leggja til, að bæði þessi gjöld séu felld niður, bæði skv. 112. og 113. gr. l., þar sem það mundi skerða mjög tekjur tryggingasjóðs, og þyrfti þá að finna aðrar tekjur handa sjóðnum eða minnka gjöld hans. En við leggjum þó til, að gerðar verði nokkrar breyt. á 113. gr., aðallega þannig, að við útreikning á vinnuvikum skuli ekki telja vinnu atvinnurekandans og maka hans. Aðrar breyt. á gr. skv. 16. gr. þessa frv. sé ég ekki ástæðu til að gera að umtalsefni, því að þar er aðeins um að ræða lagfæringar til samræmis við þessi ákvæði, sem ég hef nú þegar talað um.

Það er tilgangur okkar, sem flytjum þetta frv., að gera tilraun til þess að fá sniðna hina verstu vankanta af l. um almannatryggingar, þar sem þær tilraunir, sem áður hafa verið gerðar til þess, hafa mistekizt. Ég bar fram frv. á síðasta þingi um breyt. á þessum l., sem var mjög í sömu átt og þetta frv., þó að þær till., sem ég bar fram, væru að nokkru leyti frábrugðnar þeim, sem felast í þessu frv. Því frv. var vísað frá seint á þingi, og er því málið tekið upp á ný. Vil ég vænta þess, að það fái betri afgreiðslu nú en á síðasta þingi, og

legg til, að því verði að umr. lokinni vísað til heilbr.- og félmn.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að gera efni þessa frv. að sérstöku umræðuefni á þessu stigi málsins. Ég vil benda á það, að þegar l. um almannatryggingar voru sett árið 1946, mun það hafa verið ofarlega í hugum manna, að það þyrfti að gera breyt. á þeim, þar sem mörg og merkileg nýmæli voru í þessum l. Það er þess vegna gert ráð fyrir því í l. um almannatryggingar, að innan viss tíma verði þau endurskoðuð, en sá tími er ekki kominn enn þá. Það þótti alveg sjálfsagt, að nokkur reynsla skapaðist, áður en rokið væri í það, tiltölulega óundirbúið, að gera breyt. á því skipulagi, sem gert er með almannatryggingunum. Hins vegar er það rétt, að komið hafa óskir um breyt., sérstaklega úr sveitum landsins, varðandi þau ákvæði, sem 112. gr. l. tekur til. Félmn. fannst því rétt fyrir nokkru síðan að skrifa Tryggingastofnun ríkisins bréf, þar sem bent var á, að þessar raddir hefðu komið fram um breyt. á l. og þá sérstaklega á 112. gr. þeirra, og var tryggingastofnunin beðin að leggja til fyrir sitt leyti, hvaða breyt. þyrfti að gera eða hvort ástæða væri talin til að gera breyt. Mér er kunnugt um, að tryggingaráð hefur nú um nokkurt skeið haft þetta bréf til athugunar, og er mér einnig kunnugt um, að alliflestir eru á þeirri skoðun, að rétt sé að breyta 112. gr. l., en enn þá hefur ekki náðst samkomulag innan tryggingaráðs um það, hvernig þær breyt. ættu að vera.

Ég vildi þess vegna æskja þess, að sú n., sem fær þetta mál til athugunar, hafi náið samstarf við tryggingaráð og tryggingastofnunina yfirleitt.

Ég vildi líka taka það fram, að ég tel hæpið að breyta löggjöfinni nú, þar sem enn þá er ekki komin fullkomin reynsla, sem gefið geti til kynna, hverju þarf að breyta. Þegar reynslan er komin, geng ég út frá því gefnu, að breyt. verði gerðar þar á. Ég fyrir mitt leyti vildi leggja til, að breyt. yrðu gerðar á 112. gr. l., og vildi, að það næðist samkomulag við tryggingaráð um, að það legði eitthvað ákveðið til málanna.

Um önnur atriði málsins sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða, en vænti þess, að það verði vandlega athugað í n. og af forstjóra tryggingastofnunarinnar og tryggingaráði. Ég vil ekki rasa um ráð fram um breyt. á þessum l., a. m. k. ekki á þessu stigi málsins, en hins vegar finnst mér sjálfsagt að taka til athugunar allar endurbótatill., sem fram koma, ef skilyrði kynnu að vera til samkomulags, þannig að breyt., sem gerðar yrðu á löggjöfinni, yrðu til þess, að hún næði betur tilgangi sínum.

Ég vil ekki á þessu stigi fjölyrða um aðrar breyt. á löggjöfinni, en vil mælast til þess, að þetta mál fái sem vandlegasta meðferð og að það verði ýtarlega athugað, áður en nokkrar stórfelldar breyt. verða gerðar á þessum lögum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Á 17. fundi í Nd., 13. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum (þmfrv., A. 104).

Á 20. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þegar samþ. voru l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, þá voru sameinaðir tveir sjóðir, þ. e. byggingarsjóður og nýbýlasjóður, í eina heild og nefndir byggingarsjóður. Nú var það svo, að á þessum sjóðum hvorum um sig hvíldu skyldur samkv. l. um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum annars vegar um greiðslu á verkfærum og vélum. Í öðru lagi samkv. l. um byggingarsamþykktir í sveitum um það að greiða að ⅓ hvor laun byggingarfulltrúanna, sem ráðnir kynnu að verða til að stjórna eða hafa eftirlit með byggingum húsagerðarfélaga í sveitum landsins. Út af þessu gæti risið ágreiningur, enda þótt til þess sé ætlazt, að byggingarsjóður taki á sig þessar skyldur fyrri byggingarsjóðs, úr því að hann var látinn hafa þessa tvo sjóði. Þess vegna hefur landbn. flutt þetta frv. á þskj. 104, sem fjallar um að taka þetta skýrt fram, að þær skyldur, sem hvíldu á báðum sjóðunum áður, þær hvíli nú á þessum sjóði einum.

Þetta er einfalt mál, og býst ég við, að ekki þurfi nánar að útskýra það. Ég vænti og legg til fyrir hönd landbn., að þetta mál fái greiðan framgang, svo að ekki þurfi að verða ágreiningur út af skilningi þessa ákvæðis. Þar sem þetta frv. er flutt af n., sé ég ekki ástæðu til þess, að því verði vísað til n., en óska þess, að að umr. lokinni verði því vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 25. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Bifreiðaskattur o. fl.

Á 17. fundi í Nd., 13. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 7. maí 1946, um viðauka við og breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl. (þmfrv., A. 107).

Á 20. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Nokkur undanfarin ár hefur sú regla verið höfð að innheimta 5 aura viðbótargjald af benzínskatti og skipta því þannig, að ⅘ hlutar þessa gjalds færu til byggingar þjóðvega, en ⅕ hlutar þess legðust í svo nefndan brúasjóð, sem varið skyldi til þess að reisa þær brýr, sem mikils fjármagns þurfa og ekki þykir fært að veita fé til á fjárl. hvers árs. Fyrir fé úr slíkum sjóði, brúasjóði, hefur verið reist ein brú, á Jökulsá á Fjöllum, sem nú er fullgerð og hefur verið opnuð til umferðar fyrir nokkru síðan. Þegar því mannvirki er lokið, mun láta nærri, að fé því, sem safnazt hefur í sjóðinn, sé að fullu ráðstafað. Með lagabreyt., sem gerð var og snertir þetta efni, var líka sú breyt. ákveðin að hverfa frá því að leggja þetta sérstaka gjald í brúasjóð, heldur skyldi það renna til ríkissjóðs beint til ráðstöfunar Alþ. hverju sinni. Samkv. þeim l., sem eru nr. 53 frá 7. maí 1946, þá er einnig gert ráð fyrir því, að þessi viðbótarskattur skuli innheimtur til ársloka 1947. Lagaheimild sú, sem gildir um þetta atriði, fellur því úr gildi um næstu áramót. — Með þessu frv., sem ég flyt hér ásamt hv. báðum þm. S-M., er lagt til í fyrsta lagi, að áfram verði haldið að innheimta þennan hluta benzínskattsins frá og með 1. janúar 1948 á sama hátt og verið hefur að undanförnu. Hér er ekki um að ræða neina sérstaka hækkun á þessu gjaldi, heldur, að haldið verði áfram innheimtunni í þessu sama horfi og áður hefur verið.

Í öðru lagi leggjum við til, að þessu gjaldi verði ráðstafað á sama hátt og gert var um mörg undanfarin ár, að ⅘ hlutar þess leggist í brúasjóð, sem varið sé til þess að reisa stórar brýr hér á landi, sem erfiðleikar eru á að fá reistar fyrir framlag, sem veitt er á fjárl. hverju sinni. — Og loks mælum við svo fyrir í þessu frv., að þeim tekjum, sem fást vegna þessara ráðstafana, skuli fyrst um sinn varið til þess að reisa brú á Jökulsá í Lóni.

Það hefur komið fram áður og verið nokkuð um það rætt hér á hæstv. Alþ., hvaða nauðsyn beri til þess, að sem fyrst verði hafizt handa um að reisa brú á þetta stórfljót. Það er aðaltorfæra á þjóðveginum milli Austurlands og Hornafjarðar, en eins og kunnugt er, þurfa þau héruð að hafa mörg og mikil samskipti, bæði vegna legu sinnar og líka vegna atvinnurekstrar, sem stundaður er á þessum slóðum. Til þess að reyna að afla fjármuna til þessara framkvæmda leggjum við áherzlu á, að þetta frv. nái samþykki þingsins og að þar með verði séð fyrir fjárframlögum til þessa mannvirkis. — Á það má benda, að brúargerð á Jökulsá í Lóni er nokkuð sérstæð, vegna þess að mikið af kostnaði þeim, sem áætlað er, að verkið kosti, fer til þess að gera þar fyrirhleðslu, svo að ekki þarf aðkeypt efni nema sem nemur nokkrum hluta kostnaðarins. Þetta verk er því hægt að vinna að miklu leyti, þótt skortur yrði á gjaldeyri og efnisinnflutningi, og hlýtur það að hafa áhrif á, að sjálfsagt sé að taka þessa framkvæmd í fyrstu röð, þegar athugað er um brúargerðir fyrir fé úr þessum sjóði.

Ég tel ekki þörf á að fylgja þessu frv. úr hlaði með öllu fleiri orðum, en tel sjálfsagt, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til n., og er mér ljóst, að til álita getur komið, hvort það á heldur að fá athugun hjá fjhn. eða samgmn. Ég leyfi mér þó að stinga upp á því, að þessu frv. verði vísað til hv. samgmn., enda er það gert með tilliti til þess, að sú n. hefur fjallað um þetta mál í svipuðu formi og það er nú flutt á undanförnum þingum, og enn fremur með tilliti til þess, að hér er ekki farið fram á neina nýja skatta eða fjárframlög úr ríkissjóði, heldur ráðstöfun á því fé, sem innheimt er samkv. l., sem enn gilda. Að sjálfsögðu geri ég það ekki að kappsmáli, til hvorrar þessara n. málið fer. En ég geri þó uppástungu um samgmn.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. um þetta mál nú. En mig langar til að láta koma fram við 1. umr. nokkrar aths. við frv.

Ég get fallizt á það með hv. 1. flm., að málinu verði vísað til n., og þá helzt samgmn. Því að það, sem ég tel vafasamt í þessu frv., snertir kannske þá n. öllu meira en hitt atriðið snertir fjhn., sem er fjárhagsatriðið, hvort halda skuli áfram þessu gjaldi til brúasjóðs, eins og verið hefur, eða ekki. En aths., sem ég vildi láta koma fram nú, eru þær, að mér er kunnugt um, að aðrar brýr geta fullkomlega komið til álita ekki síður en þessi, sem sérstaklega er ástæða til að láta hafa nokkurn forgangsrétt. Og ég vildi, að sú n., sem fengi þetta mál til athugunar, vissi af því og hefði það til hliðsjónar, þegar hún tekur málið til athugunar.

Það hafa verið síðustu árin byggðar tvær stórbrýr á okkar mælikvarða, á Ölfusá og á Jökulsá á Fjöllum, sú síðari fyrir fé úr brúasjóði. Þessar brýr eru á höfuðsamgönguleiðum, og orkar ekki tvímælis um þörfina á að byggja þær né heldur, hvort þær hafi átt að koma í fyrstu röð.

Nú eru efst á baugi, liggur mér við að segja, tvær til þrjár stórbrýr, sem að minnsta kosti — ég vil ekki taka dýpra í árinni en að segja að minnsta kosti — ætti að nefna jafnsnemma og brúna á Jökulsá í Lóni, og sumar fyrr. Það er bygging Þjórsárbrúarinnar, sem sérfróðir menn telja, að litla eða enga bið þoli að byggja, vegna

þess hve gamla brúin þar er hrörleg og áhættusamt er að aka um hana og ekki hægt að fara yfir hana með þann æskilegasta þunga. Þess vegna tel ég Þjórsárbrúna eiga að koma þarna í fyrstu röð, enda hafa ráðstafanir verið gerðar til undirbúnings að smíði á henni, enda þótt ekki sé heimild um fjárframlag til hennar nema á heimildargr. fjárl. — Önnur er brúin á Hvítá hjá Iðu, sem talað hefur verið um á undanförnum árum og einnig kostar mikið fé á okkar mælikvarða, þó kannske ekki eins mikið og brúin á Þjórsá. Undirbúningur hefur einnig verið gerður töluverður undir byggingu brúar á Hvítá hjá Iðu og mun honum vel á veg komið. — Þriðja brúin er á Blöndu, sem fjárveitingar hafa verið veittar til undanfarið, en hún mun kosta a. m. k. 2 millj. kr.

Allar þessar þrjár brýr, sem ég nú nefndi, tel ég, að komi fullkomlega til álita í fyrstu röð, þegar um er að ræða, hvaða stórbrýr skuli byggðar á næstu árum hér á landi. Þess vegna finnst mér hæpið að samþykkja, að Jökulsá í Lóni skuli hafa þar forgangsrétt, þó að mér sé kunnugt um, að hún slítur sundur héruð og er mikill farartálmi innan héraðs. En það hefur þó verið sú hugsun uppi, að þær stórbrýr, sem til mála koma, skuli ganga fyrir, þar sem samgönguþörfin er brýnust og umferðin mest. Og ég tel, að á meðan samgöngukerfi okkar um sunnanverða Austfirði er ekki komið lengra en er, þá verði þetta ekki sú samgönguleið milli landsfjórðunga, sem geti svarað til þeirra brúa annarra, sem ég nefndi. Þetta vildi ég, að hv. n., sem frv. fer til, tæki til athugunar. Ég er alls ekki að mæla gegn því, að þetta frv. gangi sinn gang og komi til athugunar, en vildi aðeins, að þessi sjónarmið kæmu fram og verði upplýst í þessu sambandi.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég get stytt mál mitt enn meir fyrir það, að hæstv. samgmrh. hefur nú vikið að nokkrum atriðum, sem ég vildi minnast á í sambandi við þetta frv. Það ber engan veginn að skilja það svo, þó að ég hafi tekið undir orð hæstv. samgmrh., að það sé athugað um byggingu fleiri brúa en frv. þetta nefnir, að ég vilji leggja hindrun fyrir þá samgöngubót, sem brúarsmíði á Jökulsá í Lóni mundi verða, því að ég veit, að það er mjög mikil þörf á þeirri brú fyrir það hérað, sem hún yrði gerð fyrir, og sú brú mundi greiða mjög fyrir samgöngum, ekki aðeins fyrir Austur-Skaftafellssýslu, heldur einnig fyrir Múlasýslur, einkum Suður-Múlasýslu.

Þetta ákvæði, sem frv. þetta fjallar um og áður hefur verið í l., að verja skuli vissum hluta af þessum skatti til slíkra framkvæmda, kann að vera, að menn greini á um, nefnilega hvort það muni vera hyggilegt, að við höfum slíka ráðstöfun á tekjum ríkissjóðs. Því að ef menn teldu sig betur komna með að koma í framkvæmd ýmsum mannvirkjum, þannig að það væri auðveldari leið til þess með því að skipta upp þannig tekjum ríkissjóðs með því að gera fyrir fram ákvarðanir um það, hvernig tekjum ríkissjóðs skuli varið með slíkum sjóðsstofunum til framkvæmdanna, þá væri hægt að ganga lengra inn á þessa braut en þetta frv. ákvarðar, og gæti þá svo farið, að það gæti dregið dilk á eftir sér fyrir ríkissjóð. Það er vitanlega á valdi Alþ., hve langt er gengið í því efni. En ekki er alveg víst, að menn sæju fyrir fram, til hvers það leiddi, ef langt yrði gengið á þeirri braut. En þingið hefur líka á valdi sínu, hvaða ákvarðanir það gerir í hvert sinn um einstakar framkvæmdir. En þetta að ákvarða þannig tekjur ríkissjóðs fyrir fram, mun upphaflega hafa verið tekið upp vegna þess, að þeir menn, sem að þessari lagasetningu stóðu, hafa talið hana líklegri aðferð til þess að koma vissum málum til framkvæmda en að fara þá leið að sækja undir fjárveitingarvaldið í sambandi við fjárl. hverju sinni um fé til framkvæmdanna. Vel má vera, að brúin væri ekki komin á Jökulsá á Fjöllum, ef svona fyrir fram ráðstöfun á tekjum ríkissjóðs hefði ekki verið við höfð. Og þetta frv. fer ekki fram á meira en farið var fram á vegna brúargerðar á Jökulsá á Fjöllum á sínni tíð, og hér er ekki gengið lengra. En þessari löggjöf var kippt í burt. Hér er fram komin till. um að gera hana gildandi aftur.

Hæstv. samgmrh. minntist á þær brýr, sem mikil nauðsyn væri á að byggja fljótlega. Og ég get alveg tekið undir ummæli hans um það. Er æskilegt, að sú n., sem fær málið til meðferðar, athugi vandlega, áður en málið er afgreitt í þeirri mynd, sem það er, hvaða ráðstafanir verði gerðar viðkomandi þeim stórbrúm, sem nú kallar mjög að að reisa. Ég get fullkomlega fallizt á ummæli hæstv. samgmrh. um smíði á Þjórsárbrúnni. Brúin á þeirri á er víst orðin nokkuð hrörleg og illt að treysta henni til að þola þunga vagna. Er því ekki nema sjálfsagt, að lögð sé áherzla á að endurbyggja þá brú, svo að öruggt sé, að ekki takist eins til við umferð yfir hana og kom fyrir á Ölfusárbrúnni. Vonandi er, að strangara eftirlit verði haft um, að ekki verði slys vegna umferðar um Þjórsárbrúna, en átti sér stað um Ölfusárbrúna.

Hæstv. Alþ. hefur þegar með yfirgnæfandi atkvæðamun ákvarðað, að brú á Hvítá hjá Iðu í Biskupstungum skuli byggð árið 1948. Að því leyti get ég skírskotað til þeirrar samþykktar. Og mér dettur ekki í hug, að hæstv. Alþ. hlaupi þannig frá ákvörðunum sínum og samþykki allt annað síðar, sem kemur í bága við hina fyrri samþykkt, eða að það yfirleitt temji sér að samþykkja eitt í dag og annað á morgun um sama hlutinn eins og slíka brúargerð. Slíkt væri ekki til þess að auka traust á Alþ. eða til að auka veg þess. En þó að brýn þörf sé á að brúa Hvítá hjá Iðu, get ég búizt við, að ekki verði unnt að byggja þá brú og Þjórsárbrúna samtímis. Brúargerð á Hvítá hjá Iðu verður fjárfrek, og til þessara brúa þarf mikinn mannafla. Mér þykir því ekki nema eðlilegt, að það verði ekki nema önnur þessara brúa, sem byggð verði á næsta ári, og þá verði það brúin á Þjórsá. Og þó að mér sé það skyldara mál, er snertir byggingu brúar á Hvítá hjá Iðu, þá vil ég fullkomlega meta þá nauðsyn, sem er á því að byggja brúna á Þjórsá. Tel ég meiri þörf á, að byggingu Þjórsárbrúarinnar verði flýtt, eftir því sem kostur er, og ekki nema réttmætt, að sú framkvæmd gangi fyrir brúargerð á Hvítá hjá Iðu. En eftir að Þjórsárbrúnni er lokið, tel ég mér skylt, vegna minna umbjóðenda, að mælast mjög eindregið til þess, að brúin á Hvítá hjá Iðu verði þá byggð á næsta ári á eftir, eða 1949.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta mál frekar að sinni. En ég vil vænta þess, að sú hv. n.,

sem fær málið til meðferðar og mér þykir í alla staði eðlilegast, að verði samgmn., afgreiði mál það, sem hér liggur fyrir, svo að það verði síðar meir ekki neinn metingur um það, hvernig haga skuli smíði þeirra brúa, sem sumpart er búið að ákvarða hér á hæstv. Alþ. um smíði á og sumpart verður ákvarðað um á þessu þingi.

Helgi Jónasson: Það eru aðeins örfá orð, herra forseti. — Ég stend ekki upp til þess að andmæla þessu frv. Ég get skilið það, að hv. flm. þess finni nauðsyn á því að fá brú yfir þetta vatnsfall, sem Jökulsá í Lóni er, sem slítur í sundur samgöngur í stóru og þéttbyggðu héraði. En vitanlega þarf að brúa fleiri ár en þetta stórfljót.

Samkv. þessum l., sem hér er lagt til að framlengja, hefur brúin á Jökulsá á Fjöllum verið byggð, og ég sé ekki, að sjálfsagt sé að Austfirðingafjórðungur eigi að hafa sérréttindi um að fá fé úr brúasjóði fremur en aðrir landsfjórðungar. Og ég þakka hæstv. samgmrh. ummæli hans um byggingu Þjórsárbrúarinnar, sem hann taldi í fyrstu röð þeirra brúa, sem reisa þyrfti á næstunni. Það orkar ekki tvímælis, að nú er brúargerð á Þjórsá sú brúargerð, sem kallar mest að. Þjórsá er stærsta og vatnsmesta á landsins og alls staðar ófær milli fjalls og fjöru, og sú brú, sem nú er á þeirri á og er yfir hálfrar aldar gömul, er orðin mjög hrörleg, svo að stórhættulegt er um hana að fara. Og það er því stórhættulegt að draga lengur að byggja brú á Þjórsá, enda er nú búið að panta frá Englandi efni til þessarar brúar. Vonandi verður bygging hennar hafin á næsta vori. Nú er fyrir hendi heimild til þess að kaupa efni til þessarar brúargerðar fyrir 700 þús. kr. Sú heimild hefur verið notuð, og er það vel farið. Ég veit ekki, hvort það er beint meiningin að byggja Þjórsárbrúna fyrir fé úr brúasjóði, þó að þurft geti að grípa til þess.

Það er nauðsynlegt að byggja brú á Hvítá hjá Iðu, en ég þakka hv. 1. þm. Árn. (JörB) fyrir, að hann hefur fullan skilning á því, að Þjórsárbrúin verður að koma fyrst af öllum brúm, sem byggðar verða á næstunni, verður að koma á næsta ári, eftir hvaða leiðum svo sem fé er aflað til þess að byggja hana, hvort tekið verður lán til þess eða hún verður byggð fyrir fé, sem lagt sé fram beint úr ríkissjóði. En eins og ástatt er nú í þessu landi, get ég búizt við, að taka verði eitthvað af fé úr brúasjóði til þess að byggja fyrir Þjórsárbrúna.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það er nú ekki ófyrirsynju, þótt um það sé rætt að koma fram þeim samgöngubótum, sem brýr eru, því að brýr eru þær samgöngubætur víðs vegar á landinu, sem einna mest kapp er lagt á að fá, sem eðlilegt er. Og sannleikurinn er sá, að það eru m. a. þær framkvæmdir, sem mjög hefur skort á á undanförnum árum, að hafi verið sinnt svo sem þörfin hefur kallað að.

Mér þykir þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 107, heldur undarlegt frv., og mundi ég nú ekki mæla með því, að það næði fram að ganga. Það er undarlegt af því, að þar er ekki farið fram á neina hækkun á tekjum ríkissjóðs til þess að verja á sérstakan hátt, heldur skilst mér, að með því sé farið fram á að taka nokkuð af núverandi tekjum ríkissjóðs til þess að verja til þeirra mála, sem hér er um að ræða, og taka þarna eina sérstaka brú fram yfir allar aðrar. Ég er þannig sinnaður, að ég hef talið heldur óviðfelldið og ekki til neins gagns að vera að skipta ríkissjóði og segja: „Þetta skal láta í þennan vasa og þetta í hinn umfram það, sem gert er á hverjum tíma með ákvæðum fjárl.“ Þess vegna ætti þetta frv. því aðeins rétt á sér frá minu sjónarmiði, að því yrði snúið í það horf að hækka þau gjöld, sem á eru lögð með benzínskattinum, frá því, sem nú er, og verja þeirri hækkun til þeirra framkvæmda, sem hér er um að ræða.

Varðandi þær brýr, sem hér hafa verið nefndar og hæstv. samgmrh. veik að, er það að segja, að Alþ. hefur þegar skorið úr því með atkvgr. og fjárveitingu, hvernig hagað skuli framkvæmdum í byggingu þeirra. Því að á Alþ. 1946 var samþ. fjárveiting til Blöndubrúarinnar með yfir 30 atkv. En það hefur ekki verið ákveðin af Alþ. fjárveiting til hinna brúanna, sem um hefur verið rætt, þó að það séu mjög nauðsynlegar brýr, og ég veit það af afspurn, að brúin á Jökulsá í Lóni er einnig mjög nauðsynleg. En hvernig sem því er varið, þá verður það að vera á valdi samgöngumálastjórnarinnar, hvernig með það er farið að byggja það, sem hægt er að byggja af brúm á landinu, og þá bætir ekki, þó að till. sé lögð fram um að skipta tekjum, sem fyrir eru, og færa þær frá þessu mannvirkinu til hins.

Ég vildi aðeins láta þessi orð falla til athugunar fyrir þá n., sem þetta mál fer vafalaust til.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Þær aths., sem fram hafa komið hjá þeim ræðumönnum, sem talað hafa síðan ég mælti með þessu frv., eru á þann veg, að ekki er ástæða fyrir mig til að tala langt mál til viðbótar við það, sem ég þegar hef sagt.

Hæstv. samgmrh. tók undir það eða a. m. k. andmælti því ekki, að frv. það, sem hér er um að ræða, ætti rétt á sér, þ.e.a.s. að verja nokkrum tekjum árlega til þess að leggja fram sérstaklega fé til brúagerðar, eins og frv. gerir ráð fyrir. Þær aths., sem hv. 1. þm. Árn. (JörB) lét falla um það atriði, voru ekki velgamiklar. Hv. þm. A-Húnv. (J-Pálm) fór nokkrum orðum um það, hvað honum þætti óeðlilegt að viðhafa þessa aðferð, að taka gjald, sem áður hefur farið til ríkissjóðs, og leggja í sérstakan sjóð og ákveða fyrir fram, að því fé skuli verja til sérstakra framkvæmda. Ég verð að benda honum og öðrum hv. þdm. á, að hér er raunverulega ekki um sérstaka nýjung að ræða, heldur eingöngu gert ráð fyrir að halda þeirri reglu, sem haldið hefur verið uppi um margra ára skeið í þessu efni. Ég vil enn fremur benda hv. þm. A-Húnv. á það, að það er fyrst og fremst lagt til að fella ekki niður þau gjöld, sem nú renna í ríkissjóð, en samkvæmt l., sem um þetta gilda, eiga að falla niður um næstu áramót. Frv. er því öðrum þræði frv. um að viðhalda þeim tekjum, sem í ríkissjóð renna nú. Mér er vel ljóst, að þegar rætt er um að reisa brýr, þá getur verið álitamál, hvaða brú á að sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum. Það er eðlilegt, þegar um það er rætt á Alþingi, að þá komi fram nokkuð mismunandi sjónarmið, sem öðrum þræði markast af afstöðu hvers þm. um sig til þeirra héraða, sem þeir eru fulltrúar fyrir.

Hæstv. samgmrh. drap á það, að sér þætti eðli-

legt, að a.m.k. væru tvær brýr settar jafnofarlega og brúin á Jökulsá eða jafnvel ofar. Það er endurbygging á Þjórsárbrúnni, brú á Hvítá í Árnessýslu nálægt Iðu, og enn fremur impraði hann á, að til álita kæmi að byggja brú á Blöndu í Húnavatnssýslu á undan Jökulsá í Lóni. Mér kom þessi aths. ekki á óvart. Þetta mál hefur verið lagt fyrir þingið áður. Því hefur verið vísað til vegamálastjóra til umsagnar, og í álitsgerð, sem hann hefur sent þinginu áður um þetta mál, hefur hann dregið fram, að eðlilegt væri, að brú á Þjórsá ætti að ganga fyrir öðrum stórframkvæmdum í þessu efni og þar næst Hvítá, áður en Jökulsá í Lóni kæmi til greina. Þau ummæli, sem hæstv. samgmrh. lét hér falla og aðrir hv. þm. tóku undir, eru því að öllu leyti í samræmi við það, sem áður hefur komið fram um þetta mál.

En mér finnst, að í ummælum þessara hv. þm. gæti nokkurs misskilnings, sem ég vil leyfa mér að benda á. Mér er vel ljóst, að það er mikið nauðsynjamál að endurbyggja brúna á Þjórsá. Hún er á höfuðsamgönguleið mjög fjölfarinni, og að dómi kunnugra manna er brúin mjög viðsjál, svo að ekki sé meira sagt. En ég vil benda á, að í fjárl. þessa árs er heimild til að leggja fram 700 þús. kr. framlag til að reisa þessa brú. Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. hafi notað þessa heimild í fjárl. eða a. m. k. ætli sér að nota hana, og í fjárlfrv., sem nú liggur fyrir þinginu, er einnig heimild um 700 þús. kr. framlag til þessarar sömu brúar. Það er því auðséð, að hæstv. ríkisstj. hefur þegar markað þá stefnu um þetta mál að reisa brú á Þjórsá fyrir fé, sem lagt er fram í fjárl., annaðhvort beint með fjárveitingu eða þá sem heimild eða þá í lánsformi, ef ekki nægir annað. Það er því auðséð, að fylgi hæstv. stj. þessari stefnu, sem hún hefur þegar markað um þá framkvæmd, þá þarf það ekki að rekast neitt á þetta frv., heldur tel ég það sjálfsagt og eðlilegt, að fram verði haldið á þeirri braut, sem lagt hefur verið út á, að byggja brú á Þjórsá fyrir það fé, sem þannig er aflað, enda hefur ekki vakað fyrir okkur flm. að skjóta þessari brú fram fyrir þá framkvæmd eða ríða í bága við hana á nokkurn hátt.

Þá kemur næst brúin á Hvítá hjá Iðu í Árnessýslu, áður en brúin á Jökulsá í Lóni yrði byggð. Ég verð að segja það, að frá mínu sjónarmiði er það miklu meira álitamál en að endurbyggja brúna á Þjórsá. Hv. 1. þm. Árn. benti á það réttilega, að gerð hefði verið samþykkt um það, að brú á Hvítá yrði reist á árinu 1948. Þetta er rétt og satt, en þar með er ekki allt málið fullkomlega skýrt. Ég hef í höndum þessa þál., sem hv. 1. þm. Árn. vitnaði í. Hún var samþ. hér á þingi 27. apríl, þingsályktun um brúargerð á Hvítá hjá Iðu. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar hefja undirbúning til brúargerðar á Hvítá hjá Iðu í Biskupstungnahreppi. Skal brúin reist eigi síðar en svo, að hún verði fullgerð á árinu 1948.

Kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði.“

Það er sem sé samþykkt í Sþ. fyrir því, að kostnaðurinn við þessa brúargerð skuli greiddur úr ríkissjóði, þ.e.a.s. með fjárveitingum úr ríkissjóði, en það þýðir það, að taka skuli upp fjárveitingu til þess í fjárl. í 1—2 ár. Ég vil á engan hátt hagga við því, að þessi samþykkt verði haldin, en ég tel, að henni sé því aðeins fylgt, að fjárveiting komi til í fjárl. beint til þessarar framkvæmdar. Frv. það, sem hér liggur fyrir, haggar því ekki á minnsta hátt við þessari samþykkt. Það er eingöngu um það að verja nokkrum hluta benzínskattsins til þess að mynda sérstakan sjóð, svonefndan brúasjóð, sem geymdur sé um nokkur missiri eða nokkur ár, en síðan sé varið til þeirra framkvæmda, sem frv. mælir fyrir um. Nú liggur það fyrir, að byrjunarframlög í þennan sjóð, þó að frv. yrði nú að l., gætu ekki komið fram fyrr en á næsta ári, og á því ári mundi ekki fást nægilega mikið fé til að byggja eina stórbrú fyrir. Þyrfti því að draga saman framlög nokkurra ára til þess að reisa fyrir eina stórbrú. Frv. gerir ráð fyrir, þegar þessi undirbúningur hefur átt sér stað og búið er að draga saman fé til framkvæmdanna á þennan hátt um eins eða fleiri ára skeið, að þá komi að því að reisa brú á Jökulsá í Lóni fyrir það fé. En ef fylgt er þeirri samþykkt, sem Alþ. hefur gert um brú á Hvítá, og þeirri stefnu, sem stj. hefur fylgt um endurbyggingu á brú á Þjórsá, þá verða þær brýr sennilega báðar komnar upp, þegar nægilegt fé er komið í brúasjóð til að byggja eina stórbrú til. Það hlýtur að liggja hverjum þm. í augum uppi, ef hann vill athuga frv. og gerir sér grein fyrir málinu. Þess vegna verð ég að álíta, að þær aths., sem fram hafa komið við þetta mál, séu byggðar á nokkrum misskilningi. Ég vildi leiðrétta hann og benda á, að með þessu frv. er ekki stefnt að því að fara í bága við þá samþykkt, sem áður hefur verið gerð um brú á Þjórsá eða Hvítá hjá Iðu, að þær verði gerðar jafnvel fyrr en brú á Jökulsá í Lóni.

Um brú á Blöndu gegnir nokkuð öðru máli. Ég veit ekki betur en Blanda sé brúuð og nú sé stefnt að því að fá aðra brú á sama vatnsfall á öðrum stað. Ég dreg ekki í efa, að það sé nauðsynjamál út af fyrir sig, en ég tel þó, að það sé mjög vafasöm afstaða hjá þinginu að láta reisa fleiri en eina stórbrú yfir sama vatnsfallið, áður en tengd eru saman stór héruð með brú yfir illfær vatnsföll, þar sem mikilla samskipta er þörf vegna atvinnurekstrar og allrar afstöðu. Auk þess vil ég benda á, að það hefur verið tekin upp sú stefna að leggja fram fé í fjárl. til að byggja þessa brú á Blöndu. Ég geri ráð fyrir, að það verði haldið áfram á þeirri braut að safna fé til þeirrar brúar og á þann hátt fá nægilegt fé til hennar smám saman, og þá þarf ekki að fara í bága við það frv., sem hér liggur fyrir.

Að öllu þessu athuguðu vænti ég þess, að hv. þm. líti með skilningi og velvilja á þetta mál, afgreiði það nú til 2. umr. og n. og síðan fái það góða afgreiðslu hjá þeirri n., sem um málið fjallar.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ætlað að leiða þessar umr. hjá mér, en þar sem gætti misskilnings í ræðu hv. síðasta ræðumanns, þá vil ég leyfa mér að leiðrétta hann.

Ég skil vel afstöðu hv. þm., að vilja fá brú á þetta fljót, sem sker sundur blómlega byggð. En ef frv. er athugað í réttu ljósi, kemur í ljós, að það getur tæplega staðizt, ef athugaðar eru fyrri samþykktir þingsins, eins og hv. 1. þm. Árn. (JörB) minntist lítillega á.

Hv. flm. las upp þál. um brú á Hvítá hjá Iðu. Hann misskildi þá þál., þar sem hann sagði, að búið væri með henni að ákveða að byggja þá brú fyrir fé úr ríkissjóði. Þetta var algerður misskilningur, ef hv. þm. hefur meint það, sem hann sagði. Ég vil nú með leyfi hæstv. forseta lesa upp þessa þál. og leiðrétta misskilninginn. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar hefja undirbúning til brúargerðar á Hvítá hjá Iðu í Biskupstungnahreppi. Skal brúin síðan reist eigi síðar en svo, að hún verði fullgerð á árinu 1948.

Kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði" (ekki kostnaðurinn við brúargerðina, heldur við undirbúninginn og athugunina).

Hv. þm. vita, að í sambandi við flestar þál. um, að fram fari athuganir og rannsóknir, stendur þessi klausa neðan undir, að kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði, og það er það, sem hér er átt við, þ. e. a. s. að athuga og undirbúa þetta verk, að brúa Hvítá hjá Iðu, en engin ákvörðun tekin með till., að brúin skuli byggð fyrir fjárframlög úr ríkissjóði.

Hv. þm. minntist á Þjórsárbrúna í þessu sambandi. Ég tel ekki þörf á að ræða mikið um hana, þar sem ákveðið hefur verið að byggja hana og fjárhagsráð hefur veitt fjárfestingarleyfi fyrir hana. Í sambandi við heimildina, sem hann gat um, að væri í fjárl., 700 þús. kr., til byggingar Þjórsárbrúarinnar, þá er mér ekki kunnugt, hvað hæstv. stj. hefur gert í því, en ég geri ráð fyrir, að hún noti heimildina, og enda þótt nú sé í fjárlfrv. heimild um 700 þús. kr., sem ætlazt er til, að notuð verði vegna byggingar á Þjórsárbrúnni, þá er enn eftir a. m. k. hálf önnur millj. kr. af áætluðum byggingarkostnaði, og þá er óráðið, hvernig þess fjár verður aflað. Ég minnist þess í fyrra, — og ég held, að það hafi verið á fundi í fjvn. eða þá í privatsamtali, — að vegamálastjóri minntist á það, að mjög eðlilegt væri að fá fé úr brúasjóði til Þjórsárbrúarinnar og væri þá hugsanlegt að taka lán til brúargerðarinnar, sem yrði endurgreitt með fé úr brúasjóði, eftir því sem fé kæmi í sjóðinn. Þetta vildi ég leyfa mér að benda á, vegna þess að mér finnst gæta dálítils misskilnings hjá hv. þm.

Ég er samþykkur því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði, að það yrði ekki til að auka virðingu þingsins, ef það færi í máli eins og þessu að gera samþykktir, sem færu í bága hver við aðra. Mér virðist því, að samþykkt eins og þessi um Hvitárbrú hjá Iðu bindi nokkuð þá framkvæmd og að hún hljóti að koma á undan þeirri brú, sem hv. síðasti ræðumaður talaði hér um, þó að ég skuli fyllilega viðurkenna, að sú brú sé nauðsynleg, og skilji vel, að hann hlýtur að hafa áhuga fyrir henni, og er sjálfsagt að styðja hann í þeirri viðleitni, þegar föng eru á.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Ég held, að það sé vægast sagt hæpin lagaskýring, sem hv. 2. þm. Rang. (IngJ) kom með í þessu máli. Þál. sú, sem hér hefur verið lesin upp og vitnað í, felur í sér tvö atriði: Annars vegar að undirbúa brúarbyggingu á Hvítá hjá Iðu, en hins vegar, að brúin skuli byggð eigi síðar en 1948. Síðan segir í sérstakri málsgrein: „Kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði." Hver getur skilið, að þessi síðasta málsgr. eigi eingöngu við annan lið þessarar þál., en ekki hinn? Ég held, að það sé hæpin lagaskýring, svo að ekki sé meira sagt. En jafnvel þó að við vildum viðurkenna, að það væri rétt, sem hv. 2. þm. Rang. hélt fram í þessu máli, þá er annað, sem afsannar alveg hans skoðun. Brúasjóður er í raun og veru ekki til og verður ekki til um næstu áramót, því að það fé, sem safnazt hefur í hann, hefur farið allt eða því sem næst til að brúa Jökulsá á Fjöllum. Í lok þessa árs renna út þau lagafyrirmæli, sem gert er ráð fyrir um innheimtu þessa gjalds, sem frv. mitt fjallar um. Nú er það hins vegar samþ., að brúin á Hvítá skuli reist á árinu 1948, þ. e. a. s. áður en nokkuð, sem heitir, hefur safnazt í brúasjóðinn, jafnvel þó að það frv. verði að l., sem hér er til umr. Hvernig má það þá eiga sér stað, þegar ákveðið er, að brúna skuli reisa á árinu 1948, að hún verði byggð fyrir það fé, sem er þá ekki komið í brúasjóð? Nei, allt þetta hnígur að því, sem ég hélt fram áðan, að þeir, sem hafa barizt fyrir brúnni á Hvítá hjá Iðu og fengið þál. samþ., hafa ekki hugsað sér að fara þá leið um fjáröflun, sem ég legg til að nú sé farin, heldur að fá fé beint úr ríkissjóði 1948 eða 1949.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta. Hv. síðasti ræðumaður talaði um, að lagaskýring mín væri hæpin, vildi ekki fullyrða, að hún væri röng. En það var annað, sem hann taldi, að staðfesti, að hún gæti ekki staðizt, en það var það, að fyrst byggja ætti brúna 1948, þegar lítið fé eða ekkert væri í brúasjóði, þá gæti ekki átt sér stað, að ætlazt væri til, að fé til brúargerðarinnar kæmi úr þeim sjóði. Nú veit hann, að það er oft gert, þegar verið er að reyna að koma upp mannvirkjum án þess að peningar séu fyrir hendi, að þá er tekið lán til framkvæmdanna. Mætti því vel hugsa sér að taka lán til þessarar brúargerðar, sem síðar yrði greitt með fé úr brúasjóði, eftir því sem fé kæmi í þann sjóð.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að þótt samþ. hafi verið sú till., sem við höfum hér fyrir framan okkur, um brúargerð á Hvítá hjá Iðu, þá hefur þar með engin ákvörðun verið tekin um, á hvern hátt fjárins skuli aflað til brúargerðarinnar. Okkur er báðum ljóst og Alþingi í heild, að það hefur ekki annað gert en að ákveða, að brúna skuli byggja. Það getur verið, að horfið verði að því ráði, að það skuli gert með framlagi úr ríkissjóði samkvæmt fjárveitingu í fjárl., ekki fyrir næsta ár, heldur sennilega fyrir 1949, því að sennilega verður brúin á Hvítá ekki komin á sama ári og hin nýja brú á Þjórsá.

Það er sem sagt ljóst, að það hefur ekki verið ákveðið enn, hvernig fjárins skuli aflað til brúargerðarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til samgmn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

20. Raforkulög.

Á 21. fundi í Nd., 20. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 2. apríl 1946 [Raforkulög] (þmfrv., A. 125).

Á 22. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja þetta frv., er nú liggur fyrir, ásamt mörgum fleiri hv. dm. úr öllum flokkum sökum þess, hve nú er erfitt að fá nauðsynleg lán til raforkuframkvæmda. Raforkul. voru sett fyrir hálfu öðru ári, og var þá deilt um, hve kostnaðarhluti héraðanna ætti að vera mikill. Sumir héldu það ofætlun, að rafmagnsnotendur gætu borgað ¼ stofnkostnaðar, en þannig voru l. sett. Og þó ekki væri þá eins langt gengið og ýmsir hefðu kosið, var þá stórt spor stigið í þá átt að flytja rafmagnið út um byggðir landsins. Þá var gert ráð fyrir, að mönnum yrði kleift að fá lán til þessa fjórðungshluta, en reynslan hefur nú sýnt, að það er útilokað, enda er engin lánsstofnun, sem telur sig sérstaklega hafa skyldur að rækja í þessu efni. Þótt ekki sé langt síðan raforkul. voru sett, hafa þau þegar orðið að miklu gagni og hefur samkvæmt þeim verði byrjað á mörgum veitum, svo sem Grenjaðarstaðaveitu, Reykjanesveitu, Borgarfjarðarveitu, Dalvíkurveitu, þar sem framkvæmd er þegar hafin, veitum fyrir austan fjall og ýmsum fleiri. En engar þessar veitur hafa fengið lán, og við svo búið má ekki standa, því að komið hefur í ljós, að þó að rafmagnsnotendur eigi ekki að greiða meira en ¼ stofnkostnaðar, er þeim það ofætlun, rafmagnsnotendur geta ekki borgað þessa upphæð. Reikna má með því, að heimtaugagjaldið verði 6000 kr., ef ekki er meira en 1 km. milli bæja að meðaltali. Sumir mundu nú e. t. v. segja, að rafmagnsnotendum væri ekki ofraun að borga þessar 600 kr., en ég vildi benda á, að þarna kemur fleira til greina á þeim stöðum, þar sem rafmagn hefur ekki áður verið. Þar verða menn einnig á sama tíma að kaupa öll rafmagnsáhöld og kosta auk þess innlagnir í öll hús. Og þó að heimtaugagjaldið yrði ekki nema 6000 kr., þá yrði stofnkostnaður þannig alltaf 10—15 þús. Almenningur getur ekki lagt þetta fram, og því verður hann að fá lán. Þetta frv. gerir ráð fyrir, að raforkusjóður verði efldur, svo að hann geti orðið rafmagnsnotendum til frekari stuðnings, og er ætlazt til, að framlag ríkissjóðs til sjóðsins hækki úr 2 milljónum upp í 2½ milljón og heimilt skuli að lána helming af framlögum héraðanna til 10 ára með 2% vöxtum. Ef gert er ráð fyrir raflögnum á 300 býli á ári og til hvers þeirra þurfi að lána 3000 kr., þá verður sú upphæð 900 þús. kr., eða 400 þús. kr. meiri en gert er ráð fyrir að auka raforkumálasjóð um samkv. þessu frv. Menn gætu því sagt, að ekki hefði veitt af, þótt lagt hefði verið til að hækkað ríkisframlagið í 3 milljónir kr., en við flm. treystumst ekki til að fara fram á meiri hækkun en upp í 2½ millj. kr. og teljum rétt að fá úr því skorið, hvað þetta frv. getur náð langt til að skapa jafnvægi í þessum málum og til að veita þeim raforku, sem hennar óska. Reynslan sýnir bezt, hverjir vankantarnir eru, og af henni mun Alþ. læra að skapa hinn rétta grundvöll þessa máls. Þetta frv. nær aðeins til rafveitna, en brátt kemur að því, að eitthvað þarf og fyrir rafvirkjanirnað að gera, en mikið mun kveða að rafvirkjanagerð á næstunni. Má þar nefna viðbótarvirkjanir Laxár og Sogsins, enn fremur fyrirhugaðar virkjanir í Skagafirði og á Snæfellsnesi, og munu lánastofnanir tæplega færar um að veita fé til þessara mannvirkja. En ástæðan til þess, að virkjanir eru hér ekki nefndar, er sú, að raforkumálasjóður er ekki nógu öflugur til þess að styrkja svo stórfelldar framkvæmdir. Ef þróunin í rafmagnsmálunum verður eins og við vildum kjósa, þá rekur brátt að því, að hér verði að stofna raforkubanka. Það er ekkert smáræðis fé, sem þarf til þess að koma raforkumálunum í það horf, sem fyrirhugað er. Til dæmis er gert ráð fyrir, að viðbótarvirkjun Sogsins muni kosta um 50 milljónir kr., en Laxárvirkjunarviðbótin um 20 millj. En þetta atriði er ekki ætlunin að leysa með þessu frv., en ég hygg, að með framgangi þessa frv. sé stórt spor stigið í þá átt að gera dreifbýlinu fært að fá rafmagn. Og þó að erfitt verði að borga heimtaugagjöldin, ætti það að vera kleift, ef kostur er á lánum til langs tíma með vægum vöxtum.

Ég vona því, að þetta frv. verði hér samþ. — og ekki eingöngu hér, sem telja má víst, þar eð svo margir dm. hafa sýnt skilning á málinu og gerzt flm., heldur og í hv. Ed. — og megi verða að l. sem fyrst, svo að það fái bætt úr því, sem til er ætlazt, þótt það gangi ekki eins langt og margir hefðu kosið. En reynslan sker úr, og vona ég, að að fenginni reynslu verði þeir vankantar, sem í ljós kunna að koma, af skornir og þessum málum þannig skipað, að íbúar dreifbýlisins fái rafmagn, án þess að þeim verði íþyngt um of.

Óska ég svo, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

21. Nýjar síldarverksmiðjur.

Á 22. fundi í Nd., 21. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur (þmfrv., A. 127).

Á 23. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 24 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Ottesen): Með herpinótaveiðum þeim, sem hófust hér í Faxaflóa á s. l. hausti, má segja,

að hæfist eiginlega nýtt tímabil í atvinnusögu útvegsins hér á landi. Þessi stórfenglegi atvinnurekstur, síldveiðin, hefur allt til þess tíma verið hjá okkur bundinn við viss svæði í landinu, sem eru Norðurland og Norðausturland. Enda hafa allar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til hagnýtingar á þessum afla, verið miðaðar við þessi svæði og framkvæmdum til þess að hagnýta hann komið upp á þeim svæðum. Nú hafa herpinótaveiðarnar verið hafnar á slóðum hér í Faxaflóa og veiðin nú meiri í Hvalfirði heldur en í Kollafirði á síðasta hausti. Og það, sem af er þessu veiðitímabili, hefur reynslan sýnt, að síldarmagnið er miklu meira nú heldur en vart varð við á síðasta hausti. Það er þegar komið mikið upp á land af síld nú á þessu hausti úr Hvalfirði, og ekkert, sem bendir til, að neitt dragi úr veiðunum vegna síldarmagnsins í sjónum. Það, sem hamlað hefur veiðunum nú um nokkurra daga bil, eru þeir norðanstormar, sem hér hafa geisað, sem er mjög óhentug vindstaða til þess að hagnýta veiði í Hvalfirði. Reynsla síðustu vikna bendir meira að segja til þess, að ný síldarganga hafi komið á Kollafirði, því að stærð síldarinnar á þessu svæði var þannig háttað, að sýnt var, að hér væri um nýja göngu að ræða, því að stærð síldarinnar var nokkuð önnur heldur en síldarinnar, sem veiðzt hefur í Hvalfirði. Þetta síldarmagn, sem er í Hvalfirði, er gífurlega mikið, eftir því sem marka má af þeim tækjum, sem menn hafa nú, sem eru dýptarmælarnir, sem sýna bezt síldartorfurnar og hvar þær eru í dýpinu, sem er mjög mismunandi mikið í Hvalfirði, miðað við miðsvæði fjarðarins frá 18 föðmum upp í 50—60 faðma dýpi. Þessi tæki sýna alveg, hvar síldin er, hvort hún er ofarlega eða neðarlega í sjónum, og sýna auk þess stærð torfanna og þykkt þeirra. Og það, sem þessi tæki hafa leitt í ljós, er, að síldarmagnið sé þarna svo gífurlega mikið í sjónum, að menn hafa hvergi hér við land haft hugmynd um slíkt síldarmagn eins og nú virðist vera í Hvalfirði. Það má þess vegna búast við, að þessar síldveiðar verði viðvarandi hér eitthvað áfram nú að þessu sinni. Reynslan frá síðasta vetri sýndi það, að þá voru þessar veiðar í Kollafirði stundaðar með nokkrum árangri allt fram í marzmánuð, en eftir þann tíma virtist síldin vera horfin af þessum miðum.

Það leiðir af sjálfu sér, að þar sem svo miklir erfiðleikar eru á að hagnýta þá síld, sem veiðist á þessum miðum, þá má ekki við svo búið standa. Eins og bent er á í grg. þessa frv., sem ég hef leyft mér að bera hér fram til úrlausnar þessu máli, þá hefur það verið eina ráðið, sem gripið hefur verið til til þess að hagnýta þetta síldarmagn, að nota lýsis- og fiskimjölsverksmiðjuna á Akranesi. Hún var tekin til nota í þessu skyni, strax og þessi veiði hófst, en hún afkastaði ekki nema svo litlu, að það var ekki nema eins og dropi í hafinu miðað við þá miklu þörf, sem fyrir hendi er um að breyta þessum afla í verðmæta vöru. Afköst þessarar verksmiðju eru um 800 mál á sólarhring. Svo er það með þessa verksmiðju — og a. m. k. þrjár hliðstæðar verksmiðjur í viðbót, sem verið er að reisa hér við sunnanverðan Faxaflóa og í Hafnarfirði —, að aðalætlunarverk þessara verksmiðja er að vinna úr þorski, þ. e. bræða lifrina og hagnýta þann beinaúrgang, sem til fellur í sambandi við þorskveiðarnar. Þessi tæki eru þó þannig, að það er líka hægt að nota þau til þess að vinna framleiðsluvöru úr síldinni, eins og reynslan af Akranesi sýnir. — En það liggur ekki nein úrlausn á þessu máli, um hagnýtingu síldaraflans í Hvalfirði og Kollafirði, í því, þó að þannig sé háttað um þessar verksmiðjur þann stutta tíma af veiðitímabilinu, sem hér er um að ræða, því að strax úr nýári verða þessar verksmiðjur teknar til nota í sambandi við þorskveiðar, til lýsisbræðslu og til þess að vinna úr úrgangi fisksins, þannig að það er ekki hægt, þegar sá tími er kominn, að nota þær til síldarbræðslu. Til þess eru ekki í sambandi við þær verksmiðjur heldur nein þau löndunartæki, sem nauðsynlegt er að hafa til þess að flýta fyrir uppskipun síldarinnar. Það er þess vegna þannig, eins og nú er, og mundi einnig verða, þó að þessum verksmiðjum fjölgaði, að aðalúrræðið til þess að hagnýta síldveiðina við Faxaflóa er og mundi verða það að flytja síldina til þeirra verksmiðja á Norðurlandi, sem reistar hafa verið í þessu skyni. Og reynslan af þeim síldarflutningum í fyrra og í vetur líka sýnir, að það er mesta neyðarúrræði að þurfa þannig að flytja síldina norður, og stafar það af tvennum ástæðum. Í fyrsta lagi verður flutningurinn á síldinni ákaflega dýr, og í öðru lagi er ekki hægt að hafa tiltækan þann skipastól við þessa flutninga, að ekki verði alltaf meiri og minni tafir við að losa veiðiskipin og bíða eftir því að geta losnað við aflafenginn. — Það leiðir því af sjálfu sér, að hér verður að leita úrræða til hagnýtingar á þessum veiðifeng með sama hætti og gert hefur verið á Norðurlandi, að koma hér syðra upp síldarbræðsluverksmiðjum. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að hér við Faxaflóa, á Akranesi, verði reist 5 þús. mála síldarverksmiðja. Stærð þessarar verksmiðju er að nokkru leyti miðuð við það, að mér var kunnugt um, þegar ég flutti þetta frv., að það liggja nú norður á Siglufirði síldarbræðsluvélar, sem eru byggðar fyrir þessi afköst. Og þó að ég geti náttúrlega ekki um það sagt, þar sem hef ekki átt um það tal við eiganda þessara véla, hvort möguleikar væru á að fá þessar vélar til þessara nota í síldarverksmiðju, sem komið væri upp hér við Faxaflóa, þá hef ég þó vikið að þessum möguleika í grg. þessa frv., enda er vitað, að hagnýting þessara véla er einasta leiðin til þess, að hægt væri að koma upp slíkri verksmiðju hér syðra fyrir næsta haust, því að mér er sagt af fróðum mönnum á þessu sviði, að það mundi af hálfu þeirra, sem búa til þessar vélar erlendis, hvort sem er í Ameríku eða á Norðurlöndum, verða, eins og sakir standa nú, krafizt lengri afgreiðslutíma heldur en svo, að hugsanlegt væri, að vélar, sem pantaðar væru frá þessum löndum nú, gætu orðið teknar til nota hér á næsta hausti. Og svo kemur náttúrlega hér einnig til greina gjaldeyrisspursmál í sambandi við kaup slíkra véla frá útlöndum. Ég vildi því í þessu sambandi benda á þennan möguleika. Og mér virðist málið horfa þannig við, að engan veginn væri loku fyrir það skotið, að samningar á milli ríkisstj. og eiganda þessara véla gætu tekizt um notkun á þessum vélum, sem þarna eru tiltækar, — en eigandinn er Óskar Halldórsson útgerðarmaður, — hvort sem væri á þeim grundvelli, að ríkið fengi þær keyptar, eða hins vegar, að félagsskapur gæti myndazt á milli ríkisins og Óskars Halldórssonar um, að verksmiðjunni yrði komið upp af sameiginlegum kostn-

aði þessara aðila og þá rekin í sömu hlutföllum. Það er a. m. k. þess vert, að þessi möguleiki verði athugaður gaumgæfilega, svo framarlega sem Alþ. vill sinna þessu máli, sem ég geri fastlega ráð fyrir, að það muni vilja gera.

Þá þykir mér rétt að gera hér grein fyrir því, sem reyndar er vikið að í grg. frv., hvers vegna ég hef valið verksmiðjunni stað á Akranesi. Akranes liggur alveg sérstaklega vel við veiðisvæðunum, sem síldin hefur haldið sig á hér, bæði á síðasta vetri og það, sem af er þessum vetri. Og má reyndar segja, að þannig sé það, hvar sem síldveiðar mundu verða hafnar hér við Faxaflóa. Í öðru lagi er mjög mikið landrými, sem er tiltækt á Akranesi rétt við bryggjurnar og hafnarstæðið, sem mundi verða tiltækt til að reisa á slíkar verksmiðjur. Enn fremur má geta þess, að Akranes hefur nú fengið mikla raforku, og miklu meiri raforku heldur en nokkurs staðar er annars staðar fyrir hendi hér við Faxaflóa, þar sem komið gæti til mála að reisa slíkar verksmiðjur. Andakílsárvirkjunin hefur nýlega hafið sína starfsemi. Og það tekur eðlilega nokkurn tíma að geta hagnýtt þetta mikla rafmagn, sem þar er framleitt, 5000 hestöfl. En nú er frá þessari virkjun aðeins leitt rafmagn til Akraness, Borgarness og Hvanneyrar. Þarna mun því fyrir hendi betri og traustari úrlausn viðkomandi rekstrarorku fyrir slíka verksmiðju heldur en nokkurs staðar annars staðar er hægt að benda á við Faxaflóa nú sem stendur, og er það mikilsvert atriði í þessu máli. — Þá hefur hafnargerð á Akranesi skilað mjög vel áfram síðustu árin, og ráðgert er að halda áfram við þessa hafnargerð, og eru allmiklar framkvæmdir í því efni fyrirhugaðar á næsta sumri. Og á Akranesi er miklu hagkvæmari aðstaða til slíkra framkvæmda heldur en nú er fyrir hendi annars staðar við Faxaflóa, sem á rót sína að rekja til þess, að til þessa staðar voru keypt á síðasta ári 4 steinker frá Englandi, sem alveg sérstaklega vel henta til hafnargerðarinnar. Það er búið að setja niður eitt af þessum kerum, og annað var undirbúið til niðursetningar á s. l. sumri, en ekki tókst sökum fádæma veðra og storma síðari hluta sumars að sökkva kerinu. Það er aðeins eftir að sökkva kerinu, og tekur það stuttan tíma með þeim undirbúningi, sem gerður hefur verið í því efni. Eru þá hin 2 kerin eftir ónotuð, sem mundi vegna staðhátta verða tiltölulega fljótlegt og ódýrt að taka til notkunar í slíku augnamiði. Hvað hafnarskilyrði snertir, mundi því væntanlega verða svo ástatt á Akranesi næsta haust, að ekki mundu betri skilyrði, hvað það snertir, vera fyrir hendi annars staðar hér við Faxaflóa.

Með tilliti til þessa alls hef ég nú valið þennan stað fyrir verksmiðjuna, af því að mér virðist, að ekki séu fyrir hendi nú aðstæður annars staðar, þar sem hægt væri að koma verksmiðju hér við Faxaflóa fyrir með ódýrari hætti heldur en á Akranesi er nú, eins og allt er í haginn búið.

Ég leitaði mér upplýsinga um það, áður en ég flutti þetta frv., hvaða líkindi væru til, að mundi nú kosta að koma upp slíkri verksmiðju sem þessari, og talaði við menn, sem eru kunnugir þessum málum. Þeim gafst ekki tími, þessum mönnum, til að gera um það neinar áætlanir, og þess vegna eru tölurnar, sem ég hef tekið hér upp í grg. um kostnaðinn við að reisa þessa verksmiðju, ágizkun um þetta, sem þó styðst við nokkurn raunveruleika að dómi kunnugra manna. Gerðu þeir ráð fyrir, að slík verksmiðja mundi kosta 7 til 10 millj. kr. eftir því, hve mikið yrði í borið um þær byggingar, sem nauðsynlegt er að koma upp í sambandi við verksmiðjuna. Og með tilliti til þess, hve aðstaðan á Akranesi er alveg sérstaklega hagstæð um að koma upp slíkri verksmiðju og byggingum, sem nauðsynlegar eru í sambandi við hana, þá hef ég tekið upp í frv. þessa tölu, sem hér er, 8 millj. kr. En sú tala er miðuð við þær aðstæður, sem þarna eru fyrir hendi um húsbyggingar og byggingu tanka til lýsisgeymslu, og með tilliti til annars, sem þar að lýtur. Það má náttúrlega sjálfsagt deila um það, hvort þessi upphæð nægi eða ekki. Það er svo algengur hlutur — meira að segja þó að nákvæmari áætlanir hafi verið gerðar heldur en í þessu sambandi —, að oft hefur borið út af því, að þær hafi staðizt í framkvæmdinni.

Mér þykir svo ekki ástæða til á þessu stigi málsins að fara fleiri orðum um þetta frv. hér. En eins og getið er um í grg. frv., þá getur það ekki orkað tvímælis, að hér er nauðsyn fyrir hendi um það að búa þannig í haginn, að þessi mikli aflafengur, sem hér hefur borizt upp í hendur okkar, verði hagnýttur til hins ýtrasta. Síldarafurðir, bæði lýsið og síldarmjölið, eru nú þær framleiðsluvörur okkar Íslendinga, sem eru langsamlega mest eftirsóttar á heimsmarkaðinum, og hægt er að selja þær fyrir mjög hátt verð. Um aðrar afurðir, sem framleiddar eru hér til sölu á erlendum markaði, stendur þannig á, að hvað þetta snertir er allt öðru máli að gegna um þær, eins og reynslan frá þessu ári ber ljósast vitni. Og meira að segja er það svo, að til þess að geta rekið bæði þorskveiðar og aðrar framleiðslugreinar, sem byggðar eru á sölu á erlendum markaði, þá hefur orðið að grípa til þess sem hjálparmeðals í þessu sambandi að nota þá alveg sérstöku aðstöðu, sem er um sölu á síldarlýsi nú á erlendum markaði. — Og með tilliti til þessa alls verðum við að kappkosta — og klífa til þess þrítugan hamarinn — að geta notað til fulls þann mikla aflafeng, sem nú er hér upp við landsteinana hjá okkur, og gera þær ráðstafanir eins fljótt og hægt er, sem á okkar valdi eru og nauðsynlegar eru til þess, að þessi hagnýting verði sem allra bezt.

Það hefur komið í ljós í sambandi við herpinótaveiðarnar hér nú og líka á s. l. vertíð, að ýmsa erfiðleika, sem eiga rót sína að rekja til þess, að þetta er alveg nýtt viðfangsefni, er við að eiga fyrir sjómenn vora. Þær nætur, sem notaðar hafa verið við þessar veiðar, eru allar miðaðar við Norðurlandsveiði á hafi úti. Þess vegna er það allmiklum vandkvæðum bundið, hvað dýpt þeirra nóta snertir eða stærð þeirra, að hagnýta þær hér. Auk þess hefur reynslan sýnt, að möskvastærðin, sem notuð hefur verið við þessar nætur, þénar ekki við þessar veiðar hér við Faxaflóa. Síldin, sem hér veiðist, er miklu misjafnari að stærð og fitu en Norðurlandssíldin. Sumt af henni fullgildir síldinni, sem veiðist við Norðurland, að stærð og fitu, en aftur er mikið af smærri síld innan um í Faxaflóa. Og þetta veldur því, að þessi smærri síld ánetjast og festir sig í möskvunum, og það gerir nótina þyngri og erfiðari í meðförum, og auk þess verður það þess valdandi, að síldarnæturnar rifna af þess-

um sökum og mun minna af síldinni veiðist. Þess vegna stendur þetta allt til bóta, og það er alveg fullvíst, að sú reynsla, sem fékkst af þessari veiði, bæði á s. l. vertíð og nú, verður nægur skóli fyrir fiskimenn til þess að þeir verði útbúnir með það á næstu síldarvertíð að hausti að hafa tiltæk þau veiðarfæri, sem þéna fyrir þessar veiðar. En af þessum sökum, að veiðarfæri eru ekki þénug, hefur stundum tapazt mikill afli. T. d. er það algengt nú síðustu daga, að af bátaflotanum á Akranesi hafa 2—4 bátar komið heim daglega með rifnar nætur, og þar af leiðandi hafa þeir farið á mis við alla veiði, og það tekur ávallt nokkurn tíma að fá gert við næturnar og gera þær tiltækar til veiða aftur. En þetta eru barnasjúkdómar, sem hér hafa komið í ljós og glöggir og athugulir sjómenn verða fljótir að ráða bót á, svoleiðis að þegar þriðja síldveiðitímabilið hefst hér við Faxaflóa, þá verður búið að yfirstíga þá erfiðleika, sem stafa af þessum sökum. En aðalatriðið í þessu máli er vitanlega það, að þá geti einnig orðið tiltæk hér við Faxaflóa verksmiðja, sem að stærð og gerð er þannig úr garði gerð, að hún geti tekið á móti miklu af þessum veiðifeng, og þá verði búið að koma hér fyrir löndunartækjum, sem flýta fyrir um afgreiðslu skipanna, svo að frátafir frá veiðinni verði sem allra minnstar. Þá hefur það og komið í ljós við hagnýtingu á þessum afla hér við Faxaflóa á þessum tíma, að það er hægt að geyma síldina miklu lengur í bróm heldur en nokkur tök eru á að gera að sumarlagi. Reynsla, sem fengizt hefur á Akranesi í þessum efnum, hefur sýnt það, að það er hægt að geyma síldina upp í hálfan mánuð eða jafnvel lengur, kannske 3 vikur, án þess að nokkurt lýsi renni úr síldinni, og þetta stafar sjálfsagt að mestu leyti af því, að á þessum tíma er ekki jafnheitt í veðri eins og að sumarlagi, og svo er líka talað um, að þessi síld muni halda betur fitu við geymslu heldur en sú síld, sem veidd er fyrir Norðurlandi. Um þetta skal ég ekki dæma, en hitt gefur auga leið, að kaldara veðurfar mun að sjálfsögðu eiga sinn þátt í því, að öruggara er að geyma síldina nú á þessum tíma heldur en að sumarlagi, en þetta er vitanlega stór liður í því að geta geymt um langan tíma mikið af síld í bróm, án þess að það valdi nokkrum erfiðleikum við bræðsluna, og þetta leiðir vitanlega til þess, að hægt er að komast af með minni vinnsluafköst til þess að bræða mikið síldarmagn. Að þessu leyti er þá aðstaðan hér við Faxaflóa á þessum tíma hagstæðari heldur en er um að ræða á Norðurlandi að sumrinu til.

Mér skilst, að samkvæmt eðli sínu gæti þetta mál heyrt undir starfsvið sjútvn., og það gerir það vissulega, en með tilliti til þess, að hér er um svo stórt fjárspursmál að ræða, sem er sá stofnkostnaður, sem gert er ráð fyrir, að notaður verði samkv. þessu frv., þá tel ég réttara að gera um það till., að þessu máli verði vísað til fjhn., og geri ég það að minni till., að málinu verði vísað til fjhn. að lokinni þessari umr.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Mér finnst eðlilegt, að hv. þm. Borgf. flytji frv. slíkt sem þetta um byggingu síldarverksmiðju hér við Faxaflóa og hann leggi þá til, að henni verði valinn staður í hans kjördæmi, á Akranesi, reyndar ekki bara vegna þess, að staðurinn er í kjördæmi hans, heldur einnig vegna þess, sem hann hefur skilmerkilega gert grein fyrir í rökum sínum fyrir því að velja verksmiðjunni stað á Akranesi.

Ég geri ráð fyrir, að það sé enginn ágreiningur manna á meðal um það, að nauðsyn sé til þess að koma upp síldarverksmiðju við Faxaflóa til hagnýtingar síldveiðiaflanum, en það kynni hins vegar að vera nokkurt álitamál, hvort verksmiðjan ætti að standa við Faxaflóa, og ég er á þessu stigi ekki reiðubúinn til að fallast á þá till. hv. þm., að hún eigi að vera á Akranesi. Ég held, að það væri heppilegast, enda átti ég hlut að því á öðrum vettvangi, í bæjarstjórn Reykjavíkur, að stofnað yrði til gaumgæfilegrar og ýtarlegrar athugunar á því, hvar að öllu athuguðu hentaði bezt að staðsetja síldarverksmiðju hér við Faxaflóa. Var samþ. í bæjarstjórn Reykjavíkur einróma till. um það, að Reykjavíkurbær hefði forgöngu um, að rannsókn verði hafin í þessu máli, hvernig bezt verði hagnýttur síldveiðiaflinn við Faxaflóa, og undir það félli einnig, hvar síldarverksmiðjan skyldi helzt staðsett, og gert ráð fyrir því á þeim vettvangi að hefja samstarf um þessa rannsókn við stjórn síldarverksmiðja ríkisins, Landssamband íslenzkra útvegsmanna, Fiskifélag Íslands og Sjómannafélag Reykjavíkur. Sú rannsókn mun hefjast nú þessa dagana, og verður henni að sjálfsögðu hraðað, enda við það miðað, að framkvæmdir í þessu máli geti orðið það snöggar, að fyrir vertíðina næstu, á árinu 1948, verði hægt að hafa einhvern viðbúnað um betri hagnýtingu aflans heldur en nú er. Rannsókn í þessari n. kann hins vegar að fara fram á sama tíma og þetta mál hlýtur athugun í þn. hér, og kynnu að verða þær niðurstöður af rannsókn þessa máls í þessari n., að ég mundi síðar vilja áskilja mér rétt til þess að flytja brtt. við þetta frv. eða einhverjar aðrar till., sem að öllu leyti samrýmast ekki efni þessa frv.

Við erum að öllu leyti sammála um það, hv. flm. og ég, að brýna nauðsyn ber til þess að koma upp síldarverksmiðju hér við Faxaflóa, en ég er að svo komnu, eins og ég sagði, ekki jafnsammála um þá staðsetningu, sem kemur fram í þessu frv. Ég mun fylgja þessu frv. við þessa umr., en með þeim fyrirvara, sem ég nú hef gert grein fyrir.

Halldór Ásgrímsson: Það er vafalaust rétt, sem hv. flm. þessa máls hélt fram, að ef það sýnir sig, að vænta megi síldveiða jafnmikilla á næstu árum eins og nú á sér stað við Faxaflóa, þá táknar það mikil tímamót í síldveiðisögu okkar. Það er líka rétt hjá hv. flm., að það ber að gera allt, sem unnt er, til þess að greiða fyrir og gera sem mest verðmæti úr þeim síldarafla, sem hægt er að veiða hér við land, hvar sem er og á hvaða tíma sem er. Þetta frv. gerir ráð fyrir, að reist sé fyrir lok næsta hausts síldarverksmiðja hér við Faxaflóa, og við því er ekkert að segja nema gott, ef það virtist geta látið sig gera. Eins og þingheimi er kunnugt, var á s. l. vori samþ. að reisa síldarverksmiðju við Norðausturland, og skyldi þeirri framkvæmd lokið á árinu 1948. Mun það jafnframt kunnugt, að það hefur ekki verið gert neitt teljandi í því máli, og standa því varla björtustu vonir til þess, að þeirri verksmiðjubyggingu verði lokið á tilsettum tíma. Mér virðist ekki koma til mála,

að þessi verksmiðja verði reist fyrir þann tíma, sem gert er ráð fyrir, nema því aðeins að þeirri verksmiðjubyggingu, sem ákveðið er með l., að byggð verði á Norðausturlandi á árinu 1948, verði fyrst lokið.

Ef litið er á það, hver aðstaðan er hér við Faxaflóa, þá verður því ekki neitað, að það er ekki eins og æskilegt væri að losa sig við aflann, en þó vitum við, að það er ekki alls varnað í því efni að stunda þessar veiðar. Eins og hv. flm. gat um, þá eru nú þegar á döfinni eða byrjað að nota verksmiðjur til að bræða síld, og eins eru á döfinni nokkrar aðrar smærri verksmiðjur, sem að vísu er ætlað annað hlutverk, og þess vegna má vera, að þær geti ekki innt það verk af höndum, sem þurfa þætti í sambandi við bræðslu þessarar síldar, ef veiði heldur áfram löngu eftir áramót. Nú er ég ekki dómbær um það efni, en ég hef heyrt talað um fleiri leiðir til lausnar þessu máli heldur en þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég skýt því fram til athugunar, að ég hef heyrt, að sumir telji, að sameina megi aðstöðu til síldarbræðslu við væntanlega hvalveiðistöð í Hvalfirði, og álít ég það mjög athugaverða till., og væri gott að fá úr því skorið, áður en lengra er farið, hvort slíkt geti staðizt. Hvað sem heppilegast verður talið í þessu máli, þá vil ég þó undirstrika það, að það virðist þýðingarlítið að ætla sér að samþykkja þetta frv., eins og það liggur fyrir, af þeim ástæðum, sem ég gat um. Það mundi að mínum dómi þýða lögbrot, ef gengið væri fram hjá því að byggja verksmiðju á Norðausturlandi og henni viklð til hliðar fyrir slíkri verksmiðju, sem nú er ætlazt til, að samþykkt verði l. um.

Það er ekki ástæða til þess fyrir mig að fjölyrða mikið um þetta mál á þessu stigi. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu. Ég vil einnig vekja athygli á því, að mér finnst einkennilegt, að það skuli koma fram till. um að vísa málinu til fjhn., því að eins og hv. flm. gat um, hefur það verið venja, að slíkum málum sem þessu sé vísað til sjútvn., og þar virðist það eiga heima, og ég gæti treyst þeirri n. til að afgreiða þetta mál svipað og hún lagði til, þegar síldarverksmiðjumálið fyrir Norðausturland var til umr. í fyrra. Þá lagði hún til, að byggingin yrði samþ. þannig, að það yrði ekki tiltekið, hvenær verksmiðjan yrði byggð. Sú till. var studd af hv. flm. þessa frv., og ég gæti trúað því, að hann gæti fylgt þeirri sömu reglu við þessa verksmiðju, sem hann flytur nú till. um.

Finnur Jónsson: Þessi síldveiði, sem hefur komið alveg óvænt til okkar hér við Faxaflóa, getur yfirleitt orðið til mikilla atvinnubóta, ef þetta er annað en stundarfyrirbrigði, en þá því aðeins, eins og hv. flm. benti á, að við séum undir það búnir að nota okkur þetta happ. Nú vill svo til, að við erum að breyta beinamjölsverksmiðjum hér við Faxaflóa í flestum verstöðvum í það, að þær vinni blaut bein, en um leið og sú breyt. fer fram, geta verksmiðjurnar, sem annars eiga að vinna blaut bein, hæglega unnið líka síldarlýsi og síldarmjöl úr síldinni með því að bæta við skilvindum í þessar verksmiðjur. Þetta mun vera búið að gera í Keflavík og mun vera í undirbúningi í Hafnarfirði. Enn fremur er sams konar undirbúningur hafinn í Reykjavík, og þá má líka gera ráð fyrir því, að í þeirri verksmiðju, sem ætlazt er til, að vinni í hinni nýju hvalveiðistöð í Hvalfirði, verði einnig hægt að vinna síldarafurðir. Ef við gerum ráð fyrir, að Hvalfjarðarverksmiðjan geti unnið 1000 mál, Akranesverksmiðjan 700—800 mál, Keflavíkurverksmiðjan álíka mikið, Hafnarfjarðarverksmiðjan álíka mikið og Reykjavíkurverksmiðjan 1500 mál, þá ættum við að hafa síldarverksmiðjur hér við Faxaflóa næsta haust, sem geta unnið úr allt að 4—5 þús. málum á sólarhring. Miðað við það aflamagn, sem er hér núna, væru þetta ekki stórvirkar verksmiðjur, en þeim mætti breyta með tiltölulega litlum tilkostnaði. Einnig vantaði þá mjöl- og lýsisgeymslur. Nú bendir allt til þess, að einstaklingsframtakið við Faxaflóa fáist í verulegum mæli til að leggja fram fé, og vera má, að gott sé, að ríkið eigi hér einhvern hlut að máli, en ekki er óeðlilegt, að farið yrði eftir óskum flm. og verksmiðja reist á Akranesi. Akurnesingar hafa þegar sýnt lofsverðan áhuga fyrir síldarverksmiðjum og eru nú með miklar hafnarframkvæmdir á prjónunum. Ég held, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, verði að athuga í þessu sambandi, hve mikið gert er ráð fyrir, að einstaklingar muni á sig leggja, og hver verksmiðjuafköstin þurfa að vera orðin hér næsta haust, sem yrðu að líkindum 4000 til 5000 mál.

Í sambandi við síldveiðar er ákaflega nauðsynlegt að athuga nánar um hagkvæmari hagnýtingu aflans. Vetrarsíldin hér mun vera svipuð að gæðum og sú síld, sem veiðist við Noreg í janúar og fram eftir vetri, og eins við Nýfundnaland. Og þar eð norska síldin byrjar ekki að veiðast fyrr en upp úr áramótum, ættum við að vera búnir að koma miklu af okkar vetrarsíld á markaðinn áður en sú norska byrjar að veiðast, ef gert er ráð fyrir áframhaldandi síldveiði hér fyrri hluta vetrar. Ég skýt þessu aðeins til hæstv. sjútvmrh., hvort ekki mundi vegur að koma síldinni þannig út saltaðri eða ísaðri, því að það gefur miklu meiri gjaldeyri í aðra hönd en að bræða hana. En hvernig sem þeirri hagnýtingu yrði háttað að öðru leyti, langar mig til að minnast á það við hæstv. sjútvmrh. að taka til athugunar þál. frá mér um að taka tvo vélbáta með sjálfritandi dýptarmælum á leigu til að leita hér að síld. Hér eru betri skilyrði til slíkrar leitar en fyrir Norðurlandi, torfurnar þéttari og leitarsvæðið ekki eins stórt. Nú hefur t. d. heyrzt, að síld sé farin að ganga í Borgarfjörð, og hefur Laxfoss orðið þar var við stóra torfu. Með slíkri leit, auk leitar annarra skipa, sem eru á veiðum, er hægurinn hjá að fylgjast nokkuð með. Það má náttúrlega segja, að 100 veiðiskip ættu að geta innt þessa leit af höndum, en ég hygg, að það mundi margborga sig að athuga, hvernig þessar síldargöngur haga sér hér í flóanum. Það flýtir fyrir veiðiskipunum að hafa leitarskip, sem ekkert gera annað en leita. Ég álít það ekkert mikið, þótt ríkið leyfði að verja 200 til 300 þús. í þessu skyni. En þetta var nú útúrdúr og ég bið hæstv. forseta afsökunar á því, að ég skuli hafa verið að ræða hér um mál, sem flutt er í Sþ., en það er aðeins vegna þess, að það er mjög skylt þessu máli. En um fyrirhugaða síldarverksmiðju hér við Faxaflóa vildi ég að lokum segja það, að ég álít, að hana beri að stofna með sérstökum lögum og reka fyrir sérstakan reikning, en blanda henni ekki saman við aðrar síldarverksmiðjur ríkisins, því að hér er um önnur gæði síldar að ræða,

síldin er veidd á öðrum tíma árs, og önnur skip koma til greina. Að svo mæltu legg ég til, að málinu verði vísað til hv. sjútvn.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég ætla nú ekki að gera þetta sérstaka frv. að umtalsefni, en þó minna á það í sambandi við síldarvinnslu hér við Faxaflóa á þessum árstíma, að miklu skiptir um hagnýtingu síldarinnar, jafnvel með þeim tækjum, sem koma og eru á leiðinni, að nægilega miklar þrær séu fyrir hendi, en skortur á þeim bagar vinnslu nú. Enn fremur þegar maður athugar, að þessi síld gagnstætt norðansíldinni veiðist á kaldasta tíma ársins, þá er það margra manna mál, sem vita bezt, hvað síldin þolir, að jafnvel þótt verksmiðjuvélar væru stórum auknar, þá mundi þegar mikið ávinnast, ef rikulegt þróarpláss væri aðeins fyrir hendi. Öll líkindi eru til, að þetta sé rétt. Í fyrsta lagi er Faxaflóasíldin magrari en sumarsíldin, og í öðru lagi er hún veidd á kaldari árstíma, og hún geymist svo vikum skiptir í bróm, og miklu lengur en norðansíldin. Mér virðist því, að um leið og talað er um að reisa hér verksmiðju við Faxaflóa, þurfi að gefa því sérstakan gaum að hafa þróarpláss þrefalt til fjórfalt miðað við annan viðbúnað, eins og hann er norðanlands. Það er talað um að reisa verksmiðju í Reykjavík, Akranesi, Keflavík, Hafnarfirði eða Hvalfirði, á einhverjum þessum stað við veiðisvæðið. Hitt er vitað, að á öllum þessum stöðum vantar geymslur og tanka til að byrja með, burt séð frá því, hvort reist yrði ný verksmiðja, en á flestum þessum stöðum eru verksmiðjur með litlum afköstum.

Það hefur verið bent á það í sambandi við þetta frv., að síldarvinnsluvélar væru hér til í landinu, sem ekki hefðu verið settar upp. Óskar Halldórsson útgerðarmaður fékk leyfi hjá nýbyggingarráði á sínum tíma til að flytja þær inn, og var þá þegar vitað, að hann mundi e. t. v. bíða eitthvað átekta með að setja þær upp, á meðan verðbólgan stæði sem hæst. Vélar þessar eru nú til og búið að láta fyrir þær gjaldeyri, og gefur auga leið, að betra er að nota þær til að framleiða nýjan gjaldeyri, þ. e. a. s. mjöl og lýsi, enda fullnægja þær ekki fyrr hlutverki sínu.

En fleira en bræðsla kemur til greina, og reynslan fyrir stríð gefur til kynna, að Faxaflóasíld sé vel séð á erlendum markaði. 1938 var nokkuð flutt af henni til Þýzkalands með togurum og reykt, og var dálitið af ís og salti saman við síldina. Sá útflutningur gekk vel, og mér er kunnugt um, að þessir gömlu kaupendur hafa nú áhuga á Hvalfjarðarsíldinni. Ég lét kaupendur í Hamborg vita af veiðinni, ef einhverjir möguleikar kynnu að vera á viðskiptum við þá, og í svari, sem borizt hefur frá þeim, segir, að þeim sé ekkert kærara en að stofna til viðskipta aftur, en um það er eingöngu við hernámsyfirvöldin að eiga, þau ákveða, hvort kaupa skuli og leggja fram gjaldeyri í því skyni, en reynt mun verða að fá þessu af stað hrundið og fá kaupendur til að nálgast síldina og reykja hana. Ég fullyrði ekkert um það, hvað út úr þessu kann að koma. Ég stakk upp á því, að kaupendur sendu skip eftir síldinni, ef unnt yrði, því að það er miklum erfiðleikum bundið að senda síldina út með íslenzkum skipum á viðeigandi verði, þar eð flutningskostnaður með íslenzkum skipum er svo hár og verðið á afurðunum yrði þá fram úr máta hátt. Því hef ég látið skina í, að við vildum helzt selja síldina *fob.* hér. Við sjáum svo til, hvað fram fer. Það er hreyfing á málinu, og það er verið að vinna að því, en hvenær niðurstaða fæst og hvert gagn verður að þessu fyrir íslenzka síldveiði, er ekki gott að segja enn þá.

Hv. þm. Ísaf. minntist hér áðan á till. þá um síldarrannsóknir, er hann flytur í Sþ., og skal ég ekki verulega gera hana að umtalsefni, en vil aðeins láta í ljós, að ekki er ólíklegt, að það verði gert, sem þar um ræðir. Sjútvmrn. samþykkti fyrir síðustu vertíð að styrkja síldarleit, og var leitað bæði djúpt og grunnt, líka fyrir sunnan land. Og þó að árangurinn yrði ekki mikill af þeirri leit, tel ég það vel verjandi, því að það er margra mál, að síldargöngur hafi oft farið fram hjá landinu, t. d. fyrir síldarvertíð. Ég skal svo ræða nánar við þá n., sem hefur þetta mál til meðferðar, og ég er sammála því, að eitthvað gæti þurft að gera í því, áður en það er búið að ná þinglegri meðferð.

Þetta frv. fer nú til n. Það hafa heyrzt margar raddir um það, hvar reisa skuli verksmiðju við Faxaflóa, eftir því, hvar síldin stingur upp kollinum í það og það skiptið, og það er vandi að leysa það spursmál. Þá hafa einnig heyrzt og verið bornar fram till. um fljótandi síldarverksmiðju, og enn aðrir hafa talað um flutningaskip með sérstökum löndunartækjum, er fylgdi flotanum eftir. Sjútvn. mun kveðja til hina fróðustu menn um þessi mál. Nú er vitað, að fyrir liggur að taka ákvarðanir um aðgerðir á Norðausturlandi, og yfir höfuð þarf að reyna að leysa þessi vandamál þannig, að landshlutarnir verði sem jafnast úti. Og þá hvarflar hugurinn að því, hvort hin hreyfanlega lausn gæti e. t. v. ekki verið hin rétta lausn málsins, eða svo mikill hluti af henni, að til stórra bóta væri. En upp á eigið eindæmi vil ég ekki segja, hvað réttast er í þessu að svo komnu máli. En ég held, að þetta mál sé í hugum svo margra gamalla síldveiðimanna og að það sé komið á það stig, að líklegt sé, að hægt sé að fá niðurstöðu, sem væri til úrbóta, og að verksmiðjur í landi verði ekki eina lausnin, heldur verði hið hreyfanlega sjónarmið tekið með í reikninginn með tilliti til þess, hvernig síldin slær sér niður hér og þar um tíma og tíma.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Borgf., að þessi síldveiði hér í Faxaflóa er nýtt fyrirbæri, sem hefur skapað þann vanda að vinna og hagnýta sem bezt aflann. Þetta mátti þó sjá fyrir í fyrra, og þá fluttum við hv. þm. Siglf. till. um að skipa nefnd, er hefði með höndum að hagnýta aflann sem bezt, þannig að hann gæfi sem mestan gjaldeyri, með því t. d. að salta eða reykja síldina. Þetta mál dagaði uppi, en hefur nú verið flutt aftur. Þá fluttum við einnig till. í Sþ., er fjallaði um fljótandi síldarverksmiðju, um möguleika á þeirri framkvæmd og athugun á því, hvort hún mundi borga sig. Hv. 4. þm. Reykv. hefur nú flutt þáltill. um sama efni á þessu þingi, og af þeim sökum höfum við þm. Siglf. að sjálfsögðu ekki flutt það mál aftur. En einmitt vegna þess, að við stöndum alveg í sömu sporunum og í fyrra varðandi hagnýtingu síldaraflans, þykir mér leitt, að ríkisstj. skuli ekki hafa athugað þetta, þó að henni væri ekki beinlínis falið það af Alþ., því að það var

vitað og sýnt, að vilji Alþ. var sá, að Faxaflóasíldin yrði hagnýtt sem allra bezt og undirbúningur að því hafinn. Hér fyrir sunnan þarf t. d. aðra gerð af nótum en fyrir norðan, og hafa ekki verið gerðar nægilegar ráðstafanir til að útvega þær. A. m. k. er um vöntun á þeim að ræða. Og þetta er því verra, þegar þess er gætt, að þessar nætur, sem henta bezt hér, er einnig hægt að nota fyrir norðan. Smáriðnu næturnar mætti svo nota sem grunnnætur, svo að þær yrðu ekki ónothæfar, þegar Faxaflóasíldin er búin.

Í sambandi við þetta frv. vil ég segja, að það munu allir vera sammála um það, að frekari ráðstafana þurfi við, til að hagnýta megi Faxaflóasíldina, og að þau skilyrði, sem hér eru fyrir hendi, eru mjög ófullnægjandi. Það hefur sýnt sig í umræðunum hér í dag. En um hitt skiptast svo skoðanir, hvar velja skal nýrri síldarverksmiðju stað, og kemur þar til greina hinn gamli draugur, hreppapólitíkin. Ég tel mig ekki fulldómbæran um það, hvar verksmiðjan ætti að vera, en það er nokkuð til í því, sem hv. flm. sagði, að Akranes hefur ýmislegt til síns ágætis, en ég vildi nú beina því til hv. dm., hvort ekki væri athugandi að koma hér upp fljótandi síldarverksmiðju, eins og ég hef áður minnzt á, því að slíkt gæti samrýmt mörg sjónarmið og slíka verksmiðju mætti nota fyrir norðan á sumrin og fyrir sunnan á veturna. Þetta er af minni hálfu aðeins ábending, en hér er um svo mikið málefni að ræða, að allir möguleikar verða að vera rannsakaðir gaumgæfilega, áður en ákvarðanir eru teknar. Það má segja, að út af fyrir sig sé það gleðilegt, að við þurfum að glíma við þau vandamál, sem Faxaflóasíldin býður okkur, því að hún er okkur mikils virði. Hvort hún verður til frambúðar, veit ég ekki, en margt bendir þó til þess, og allar leiðir til að hagnýta þessa síld sem bezt verður að athuga. Í þessum umr. hefur og komið fram, að athuga þurfi, hvernig vinna megi úr þessari Faxaflóasíld, og benti hæstv. fjmrh. á það, að flytja mætti hana ísaða til Þýzkalands, en sú aðferð hefur áður verið höfð og skapað mikinn gjaldeyri. Ég mun svo ekki orðlengja þetta frekar, en tel eðlilegt, að málið gangi til sjútvn.

Flm. (Pétur Ottesen): Mér er ánægja að því, hve góðar undirtektir þetta frv. hefur fengið og hversu mikill áhugi er á því meðal hv. dm. að greiða götu þessa máls. Eins og gefur að skilja, eru það ýmis minni háttar atriði, sem skoðanir eru skiptar um, en væntanlega verða hin smærri atriði ekki til þess, að menn missi sjónar á því, sem er aðalatriði málsins. Ég vildi aðeins minnast á nokkur atriði, sem fram hafa komið í ræðum hv. dm. Hæstv. fjmrh. og fleiri hafa látið í ljós þá skoðun, að málið væri e. t. v. leyst með því að fjölga beina- og lýsisbræðsluverksmiðjum hér við Flóann. Þetta er alveg byggt á misskilningi. Það gæti að vísu komið til mála að leysa þetta þannig á tímabilinu til áramóta, sem er minnsti hluti veiðitímans, t. d. var veiðitíminn í fyrra desember—marz. En sá annmarki er meðal annars á þessu, að ekki yrði hægt á mörgum stöðum að koma upp nægilega fljótvirkum löndunartækjum, eins og hægt væri, ef ein verksmiðja væri byggð. Og reynslan sýnir með svona innfjarðarveiðar, að það er alveg óviðunandi, að bátar þurfi að bíða lengi eftir löndun og það utan veiðisvæðisins, þegar afli er svo mikill sem raun ber vitni. En þetta sker þó ekki úr í þessu atriði, heldur hitt, að eftir 1. janúar er ekki hægt að nota þessar verksmiðjur, því að þá þurfa þær að þjóna þorskveiðunum eingöngu. Þannig var það á Akranesi í fyrra, að enga síld var þar hægt að bræða eftir áramót, því að verksmiðjan þar var eftir þann tíma upptekin við að bræða þorskiifrina og vinna úr fiskúrgangi. Alveg sama yrði upp á teningnum, hvað snertir verksmiðjur hér við sunnanverðan Faxaflóa, í Hafnarfirði og hér í Reykjavík. Þetta sjónarmið má því ekki verða til að tefja þetta mál, því að í því felst engin lausn. Það væri hægt að vinna úr einhverju magni til áramóta, en eftir áramót yrði að flytja allt magnið til Norðurlands. Eins og ég tók fram áðan, var veiðitíminn í fyrra í desember—marz, svoleiðis að næstum allan aflann varð að flytja til Norðurlands. Og það bætir ekki úr, þótt byggðar verði hér þrær, því að engin verksmiðja er hér til að vinna úr því, sem í þrærnar er látið, svo framarlega sem um einhverjar þorskveiðar er að ræða. Hitt er annað mál, eins og ég tók fram í minni framsöguræðu, að hér er hægt að geyma lengur óskemmda síld í þróm á veturna en fyrir norðan á sumrin, en það er því aðeins gagnlegt að byggja hér þrær, að til sé einhver verksmiðja, sem eingöngu vinnur að því að bræða síld. Þetta vildi ég láta koma fram, því að það sjónarmið, sem ég nú hef rætt, var þannig fram sett, að það gat dregið úr framgangi málsins.

Ég skal ekki segja um það, hvort leysa megi þetta mál með því að koma upp fljótandi síldarbræðslustöð, en ég veit, að sumir kunnáttumenn, er þennan möguleika hafa athugað, hafa álitið, að slíkt skip með öllum nauðsynlegum útbúnaði yrði svo dýrt fyrirtæki, að erfitt yrði að láta starfsemina bera uppi þann kostnað, svo að lítið yrði þá afgangs handa þeim, sem hráefnisins afla. Þetta má auðvitað athuga, en það er svo stutt á veg komið, að enginn getur varpað af sér áhyggjum þessa vandamáls upp á það. Það er raunar enginn kominn til með að segja, hvað síldin verður hér varanleg, en það er staðreynd, að hún var hér í fyrra og nú í ár, og það er engan veginn loku fyrir það skotið, að hún hafi verið hér miklu fyrr en vart varð við, því að þessi síld verður ekki og sést því ekki ofansjávar, og það er ekki hægt að veiða hana eins og síldina fyrir Norðurlandi. Þessarar síldar verður annars vegar vart með því að lóða, sem svo er kallað, og hins vegar með hinni nýju tækni, sem felst í dýptarmælingum, en með þeim er hægt að fá að vita um síldina eins nákvæmlega og eftir landabréfi og hægt að vita, hvað torfurnar eru stórar og þykkar og viðáttumiklar. Hefði slíkum aðferðum áður verið beitt, má vera, að hið sama hefði komið í ljós, en um það veit enginn. Hitt vita menn, að í haust kom síldin, þar sem hún kom í fyrra, og það, að því er virðist, í miklu stærri mæli. Hv. 7. þm. Reykv. talaði um það, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefði hafizt handa um rannsóknir í þessu efni og kvatt til ýmsa aðstoðarmenn. Rannsóknir eru nú ekki nema eitt atriði málsins, og aðalatriðið er, að rannsóknin leiði til þess, að eitthvað sé gert. Það þýðir ekki að gera athuganir og rannsóknir, nema menn hafi ákveðið að ráðast í framkvæmdina. Nú veit ég ekki, hvort má skilja hv. 7. þm. Reykv. svo, að bæjarstjórnin

ætli að hefjast handa í þessu máli án þess, að Alþ. og ríkisstj. komi þar til skjalanna, það kom ekki beinlínis fram í ræðu hv. þm. Fyrst þegar fengin er vitneskja um það, að fyrir hendi séu vilji og aðstæður til að hefja framkvæmdina, þarf að láta nauðsynlegar athuganir fara fram, sem í þessu tilfelli fælust eingöngu í því að finna verksmiðjunni stað, sjá farborða fjárhagsgrundvelli fyrirtækisins og afla þeirra hluta, er til framkvæmdanna þarf, en allt veltur á, að framkvæmdin sé fyrirhuguð.

Ég vil svo að lokum út af því, sem fram kom hjá hv. þm. Ísaf. og hv. 11. landsk. þm. um, að þeir teldu eðlilegra, að málið færi til sjútvn., geta þess, að ég get alveg fallizt á það, og beini því til hæstv. forseta, að ég tek aftur till. mína um það, að málið fari til fjhn. Hins vegar teldi ég eðlilegt, að sjútvn. hefði samvinnu við fjhn. um fjárhagshlið málsins, sem er vissulega nokkuð stór og olli því, að ég upphaflega lagði til, að málið færi til fjhn., en sem sagt, ég tek þá till. aftur og styð þá uppástungu, að málinu verði vísað til sjútvn.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ummælum hv. þm. Borgf. vegna afstöðu Reykjavíkurbæjar. Ég vil taka það skýrt fram, að það er ekki meiningin að stofna aðeins til rannsókna og svo einskis meir. En Reykjavíkurbæ þótti ekki óviðeigandi að rannsaka málið, áður en framkvæmdir væru hafnar, þannig að fleiri aðilar kæmu til með að athuga stað fyrir verksmiðjuna. Bæjarstjórn Reykjavíkur taldi rétt að leita hófanna um, að fleiri aðilar en einn kæmu til með að reisa þessa verksmiðju, bæði einstaklingar og félög, og vinna þar með tvennt, bæði skjótari framgang málsins og það, að þá er dreift áhættunni, sem er því samfara að reisa hér verksmiðju með ekki lengri né meiri reynslu að baki um síldargöngur hér í Faxaflóa. Það er ekki ákveðið af hálfu Reykjavíkurbæjar, hve mikinn þátt bærinn skuli taka í byggingu síldarverksmiðju hér syðra, en hugmyndin er að hefja samstarf bæjar og ríkis, einstaklinga og félaga um að koma í kring framkvæmdum, sem miði að því, að við verðum sem bezt búnir til að hagnýta okkur Faxaflóasíldina fyrir haustið 1948.

Flm. (Pétur Ottesen): Það var alveg nauðsynlegt, að þetta kæmi skýrt fram, því að ef svo hefði mátt skilja, að meiningin væri sú, að Reykjavíkurbær leysti þetta mál án afskipta Alþ., þá hefði það orðið til þess að draga úr áhuga þm. fyrir því að láta ríkisvaldið beita sér fyrir lausn málsins. Nú er skýrt tekið fram, að ríkissjóður eigi að vera hér aðili, og dregur þetta því engan veginn úr mikilvægi þess, að málið verði leyst hér á Alþ. Hins vegar gaf ég ekki til kynna, að ríkið eitt ætti að reisa þessa verksmiðju, því að í framsöguræðu minni gat ég þess, að Óskar Halldórsson ætti vélar í verksmiðju sem þessa, og gerði ráð fyrir, að hann gæti tekið þátt í að reisa verksmiðjuna, og ekkert er í frv., sem mælir því í gegn, að fleiri aðilar sameinist um lausn þessa máls, svo að þetta fellur vel saman og ætti ekki að þurfa að valda ágreiningi. En aðalrannsóknaratriðið virðist vera eftir ræðum hv. þm. að finna verksmiðjunni stað. Staðurinn verður ákveðinn, þegar ákveðið hefur verið að reisa verksmiðjuna, og eftir það ætti staðarvalið aldrei að tefja málið mikið, en í þessu atriði hef ég gert mína ákveðnu till.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 24. fundi í Nd., 15. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Útrýming villiminka.

Á 22. fundi í Nd., 21. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um bann gegn minkaeldi o. fl. (þmfrv., A. 129).

Á 24. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég get í sjálfu sér vitnað til grg. þeirrar, er fylgir frv., því þar er drepið á mörg þau atriði, sem máli skipta í þessu sambandi. Þó vil ég til frekari áréttingar fara um málið nokkrum orðum.

Ég ætla, að það hafi verið annaðhvort áður eða í þann mund er minkaeldi hófst hér á landi, að náttúrufræðingurinn Guðmundur G. Bárðarson skrifaði ýtarlega grein um það, hver hætta mundi stafa af því að flytja minka inn í landið og fara að leggja út í minkaeldi í landinu. Hann benti á, hvað þetta dýr væri kröftugt, greint og slungið að bjarga sér og harðvítugt á allan hátt til þess að heyja sína lífsbaráttu og hvernig það gæti breytt lífnaðarháttum sínum eftir breyttum aðstæðum á hverjum tíma. Og hann varaði landsmenn mjög sterklega við því að fara að ala þetta dýr. Því miður fór svo í þessu efni, að menn tóku ekki mark á þessu, eins og farið hefur fyrir okkur um fleiri hliðstæð mál, a. m. k. ekki nægilegt mark á þessari aðvörun. Það hófst hér minkaeldi í allstórum stíl og allvíða um landið. Það sýndi sig þá fljótlega, að náttúrufræðingurinn varð sannspár um, að búrin, sem áttu að geyma minkana, héldu ekki. Það kom mjög fljótlega í ljós, að þeir björguðu sér út úr búrunum og komust út í hina frjálsu náttúru og fóru að lifa sínu villta lífi, sem þeim er eiginlegast, eins og öðrum dýrum af þessum stofni. Kom þá bráðlega í ljós, hve þetta dýr er ötult að bjarga sér. Og það hefur sýnt sig með hverju ári, sem líður, að þessir kostir dýrsins, miðað við lífsbaráttu þess sjálfs og harðfengi þess, urðu til þess, að villiminkum fjölgaði óðfluga úti um landið. Og meira og minna hefur borið á því, að þessi dýr hafi sloppið út úr búrum, þó að ég dragi vitaskuld ekki í efa, að þeir, sem minkaeldi hafa stundað, hafi ætlað að gæta þess vandlega, að dýrin slyppu ekki, því að líklega hafa þeir ekki skellt skolleyrum við því, sem fræðimenn hafa sagt

um þessi dýr, en ætlað að gæta dýranna. En það fór á annan veg en það tækist, eins og reyndar vænta mátti, því að þeir, sem þekktu til lifnaðarhátta þessara dýra, efast ekkert um, að meðan minkum er haldið í búrum, sleppa minkar líka út úr búrum, því að þetta dýr þarf ekki nema litla smugu til eða smáatvik og skilyrði aðeins augnablik til þess að geta sloppið, og þá notar það sér það tækifæri til þess að bjarga sér burt. Þetta dýr er nú orðið talsvert mikið útbreitt um landið og útbreiðsla villiminksins fer nú hraðvaxandi. Hann er hér í Gullbringu- og Kjósarsýslu og um Borgarfjarðarsýslu. Ég veit ekki, hvort hann er í Mýrasýslu, en sterkur grunur leikur á, að hann sé kominn í Dali. Hann er kominn um Árnessýslu og Rangárvallasýslu, það veit ég með vissu. Vestra er hann villtur og á Norðurlandi. Hefur hann sloppið út úr búrum í Þingeyjarsýslu og er farinn að herja með Laxá og við Mývatn, eftir því sem mér er sagt.

Þegar þessu máli, banni gegn minkaeldi, var fyrst hreyft hér í Alþ., þá var ég því fagnandi, því að mér virtist, að það væri augljóst, að af þessu dýri stafaði hin mesta hætta. En því miður daufheyrðust menn við málinu þá, sem stafaði af því, að hv. alþm. töldu þá, að ekki stafaði svo mikil hætta af þessu dýri, og töldu sér trú um, að villiminkurinn mundi ekki ná mikilli útbreiðslu, og þó að minkaeldi héldi áfram, slyppu minkar ekki út úr búrum. En fram að þessum vetri veit ég til þess, að þeir hafa verið að sleppa út úr búrum, og villiminkurinn breiðist óðfluga út, og í svo stórum stíl sums staðar, að alifuglarækt er alveg að leggjast niður. Í Árnessýslu er hann svo útbreiddur, að ekki er annað sjáanlegt en að menn verði alveg að hætta alifuglarækt. Hann hefur reynzt hinn argasti bitvargur í hænsnahjörðum og eyðilagt endur og sömuleiðis tamdar gæsir, fyrir utan það tjón, sem hann veldur á villtum fuglum í stórum stíl. Og auk þess sem hann hefur framið þessi skemmdarverk, þá hefur komið fyrir, — að vísu ekki í stórum stíl enn, — að hann hafi banað unglömbum. Og í bergvötnum leggst hann á silung og lax og er á góðum vegi, þar sem hann hefur haldið sig tvö til þrjú ár við þær ár, að uppræta lax- og silungsgönguna í þessum ám. Þetta get ég borið um af eigin raun, því að í minni sveit, Biskupstungum, er bergvatnsá, ekki stór, en er ágætlega fallin til klaks. Þar eru hyljir í henni, góðir og djúpir, og malarbotn, svo að þar eru ákjósanlegustu staðir fyrir lax og silung að klekja þar út. En nú um tvö til þrjú ár hafa villiminkar haldið sig við þessa á, og þannig er ástatt orðið um fiskgengdina í þessu vatnsfalli, að tæpast kemur fyrir, að sjáist þar branda, hvort heldur er silungur eða lax. Þetta gefur til kynna, hvers vænta má, ef minkurinn heldur áfram tilveru sinni, og það því fremur, þess meir sem hann breiðist út og fjölgar. Þetta dýr er það hugrakkt og harðvítugt, að villiminkur horfir ekkert í það, þó að dýrið, sem hann velur sér að bráð, sé miklu stærra og sterkara en hann sjálfur. Hann beitir vopnum sínum, tönnum og klóm, það harðvituglega, að hann verður sér miklu stærri dýrum að fjörlesti. Heima í Skálholtstungum hefur að vorlagi haldið sig mikið af villigæs. Hún hefur verpt þar, og þar hefur hún átt griðland. Ég hef haft gaman af þeim, þessum villigæsum, þó talið sé, að þær valdi skemmdum, og þær hafa aukizt jafnt og þétt og skipt mörgum hundruðum. En nú bregður svo við í vor, að þegar ég var að huga að kindum, fór ég að rekast á gæsahami. Fyrst í stað vissi ég ekki, hvað því mundi valda. En svo bar það við, að tveir drengir, sem hjá mér voru í sumar, voru á ferð á þessum slóðum og sáu þar liggja dauða gæs. Og þegar þeir komu að henni, kom minkur undan fuglinum. Þá var fuglinn volgur og minkurinn sýnilega nýbúinn að bana honum. Á þessum stað var líka krökkt af margvíslegum öndum áður, en þær hurfu með öllu við komu villiminksins á þessar slóðir. Og þannig var komið í sláttarbyrjun í sumar, að nær öll villigæs var horfin af þessum slóðum. Þetta gefur mönnum til kynna, hvernig fara muni, þegar villiminkurinn kemst í varplöndin. Og svona eyðilegging er búin að koma fyrir nú þegar í nokkrum varplöndum. Skal ég benda á dæmi þess, og má vel vera, að það sé víðar og í stærri stíl en ég þekki. Hér suður í Höfnum var nokkurt varp, en er nú nær því horfið vegna minksins. Í Borgarfirði á nokkrum stöðum er æðarvarp og á þrem stöðum í þeirri byggð, hérna megin Borgarfjarðarins, er mér sagt, að minkurinn hafi lagzt iðulega á varpið. Í Akurey, þar sem mikið æðarvarp hefur verið, er minkurinn nærri búinn að útrýma varpinu.

Þessi atriði, sem ég hef nú minnzt á, benda til þess, hvað verða muni, ef ekki eru gerðar ýtarlegar ráðstafanir til þess að útrýma minkunum. En það er tilgangslaust að hefja þá baráttu og mun aldrei verða gert af fullum krafti, ef minkaeldi heldur áfram í landinu og menn geta átt þess von, að út sleppi minkur úr minkabúrum og auki kyn sitt jafnóðum og reynt er að vinna á villiminkum. Fyrsta skilyrðið til þess að sigrast á þessari plágu, sem útlit er fyrir, að ætli að verða landplága, villiminkunum og fjölgun þeirra, er að hætta minkaeldinu og gera svo herferð og hana harða og kröftuglega gegn þessum skaðræðisdýrum.

Nú vill líka svo til, að ég hygg, að það þurfi ekki að valda miklu tjóni, þó að minkaeldi sé bannað, því að svo er nú komið, að á undanförnum árum hefur þessi dýrastofn hér, sem alinn hefur verið, gengið saman sem betur fer, vil ég segja, svo að nú eru ekki nema um 5 þús. minkar til hér á landi í búrum. Þær upplýsingar hef ég frá loðdýraræktarráðunautinum. Og þessi alidýrarækt hefur nú um undanfarin ár veitt þeim, sem hana hafa stundað, verulegan kostnað, en engan arð. Það var verið að segja mér það alveg í þessu, sem ég kalla gleðitíðindi, að sá maður, sem stundað hefur minkarækt og farið það sennilega bezt úr hendi af eigendum þessara dýra hér á landi og á þó nokkur dýr nú, ætlar sér um næstu áramót að hætta minkaeldinu og farga dýrum sínum. Þetta er Kristinn Briem á Sauðárkróki. Hann telur, að ekki sé nema kostnaður af minkaeldinu. Og vera má líka, af því að þetta er góður og gegn maður, að það ýti undir hann með að hætta þessu dýraeldi, að hann hafi haft spurnir af, hvílíkur skemmdarvargur villiminkurinn er orðinn gagnvart landsnytjum manna.

Ég skal nú drepa á, hvaða nytjar hafa um skeið verið af minkaeldi hér á landi. Árið 1943 voru seld 13—14 þús. skinn, árið 1944 rúml. 1700 skinn, árið 1945 rúml. 9 þús. skinn, árið 1946 rúml. 4½ þús. skinn og 1947, sem af er árinu, ætla ég, að hafi verið flutt út og seld um 400 skinn. Meðalverð á þessum skinnum var nokkur ár innan við 100 kr., árið 1945 rúml. 120 kr., árið 1946 rúml. 130 kr.

og á þessu ári hefur meðalverðið verið um 80 kr. á skinnum þeim, sem búið er að selja. Og úr því að dýrin, sem í búrum eru, eru ekki nema um 5 þús., tel ég ekkert áhorfsmál, að Alþ. grípi nú í taumana og banni minkaeldi.

Ég get búizt við, að hv. þdm. segi: Fyrst búið er nú að fá vitneskju um svo mikla skaðsemi þessara dýra og þau hafa náð svona mikilli útbreiðslu og þið teljið einsýnt, að útbreiðsla þeirra haldi áfram, nema gerðar séu sérstakar ráðstafanir, hvers vegna gerið þið þá ekki till. um enn frekari ráðstafanir en hér er farið fram á til útrýmingar villiminkum? Ég get viðurkennt, að svona er eðlilegt, að spurt sé. Við höfðum sennilega átt að bera fram frv. um víðtækari og skarpari ráðstafanir til þess að útrýma villiminkum en við gerum í þessu frv. En við hv. þm. Borgf. (PO) höfum það okkur til afsökunar, að í hin skiptin, sem þessu máli var hreyft hér, virtist okkur Alþ. taka þessu máli heldur fálega. Nú vil ég *hins vegar vona, að menn sjái,* hvert stefnir. Og ég vona, að hv. þm. sjái, að þeir taka á sig meiri ábyrgð, ef þeir standa gegn því, að þetta frv. verði gert að l., heldur en þeir eru færir um að bera. Og þess vegna vil ég beina því til hv. landbn., — því að ég geri ráð fyrir, að þetta mál fari til þeirrar hv. n., — að hún bæti um það, sem málinu er áfátt af hendi okkar flm., þannig að þeir, sem í þeirri n. eru, geri till. um enn meiri og ýtarlegri ráðstafanir til þess að hafizt verði handa um útrýmingu villiminka. Fyrsta skilyrðið til þess, að þetta megi heppnast, er að banna minkaeldið. Næsta skrefið er svo að gera ýtarlegar og skarpar ráðstafanir til að útrýma þessum vargi.

Ég hef ekki nægа kunnleika á því, hvaða tjóni það kann að valda þeim, sem hafa þessi dýr enn þá, ef þeim verður bannað að hafa þau framvegis, en ég tel hyggilegt að draga úr því tjóni, hlaupa þar undir bagga og láta þá fá bætur, en gera engu að síður þessar ráðstafanir. Þó að svo yrði séð fyrir, að hagsmunir þessara manna yrðu ekki skertir, þá yrðu þau útgjöld hégóminn einber hjá því, ef minkaeldið á að halda áfram og villiminkurinn breiðast út og tjón af hans völdum aukast í landsnytjum landsmanna.

Því miður hefur illa tekizt til í byrjun, að þetta dýr skyldi flytjast inn í landið og breiðast þannig út. Um það þýðir nú ekki að sakast. En þá er að reyna að bæta úr í þessu efni og gera þær ráðstafanir, sem helzt mættu verða til hjálpar, og það svo ýtarlega sem mönnum getur í hug komið, en þá verður eigi hjá því komizt að banna fyrst minkaeldið og gera síðan sem öflugastar ráðstafanir til að uppræta villiminkinn.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta mál fleiri orðum að svo komnu máli. Ég geri það að till. minni, að málinu verði vísað til landbn. að þessari umr. lokinni.

Jónas Jónsson: Ég vil ekki bæta nema litlu við ræðu hv. flm., því að hann hefur, að ég hygg, rakið öll þau almennu rök, sem styðja mál hans.

Áður en þetta frv. kom fram, hafði ég hugsað mér að bera fram þáltill., sem er nú óþörf, eftir að frv. er fram komið. Till. mín var í þá átt að reyna að draga a. m. k. úr, að minkur yrði alinn á Norðurlandi, þar sem hann hefur ekki enn þá komið, svo að vitað sé, eða sloppið laus. Þar stendur sérstaklega á í einum stað, Mývatnssveit. Kæmist villiminkur þangað, mundi sú sveit gjalda það afhroð, að það væri langt fram yfir það, sem flestar aðrar sveitir gætu orðið fyrir. Þar er mikið hraun og jarðhiti og því góð lífsskilyrði fyrir þetta kvikindi. Þar er mikill silungur og fugl. Fyrst mundi minkurinn eyðileggja allan fugl, sem er við Mývatn, en Mývatn er sérstakur staður að þessu leyti, því að hvergi í Evrópu mun vera jafnmikið af önd og þar. Og þó að ekki sé mjög mikill fjárhagslegur ávinningur af þeim fugli, þá er hann þó til sérstakrar prýði fyrir þessa fögru sveit. Ég skal ekki fullyrða, hvort hann mundi eyðileggja silunginn, en áreiðanlega gera mikinn usla í honum, og hann hefur beina atvinnulega þýðingu fyrir sveitina. Mér er kunnugt, að við vötn og ár hefur það farið svo, að villifuglalíf hefur svo að kalla horfið og silungur mjög orðið að víkja fyrir minkinum. Ég tek þetta fram, að hann mundi eyðileggja mikið af þeim fugli, sem við Mývatn er, sem er svo mikil prýði fyrir sveitina og hefur mikla þýðingu nálega frá listrænu sjónarmiði, þó að hann sé ekki stórt atriði í búskapnum.

Mér er kunnugt, að á Norðurlandi hefur minkarækt stöðugt dregizt saman á síðari árum, og ég hygg, að það, sem mjög hefur hjálpað til, að minkurinn hefur ekki gert þar eins mikinn skaða og á Suðurlandi, sé bæði það, að hann hafi síður sloppið, og sérstaklega vegna þess, að hann hafi drepizt vegna vetrarhörku. Til Mývatnssveitar mun hafa komizt einn villiminkur, en af því að hann var aðeins einn, var ekki um fjölgun að ræða, og hann náðist og var drepinn.

Nái frv. fram að ganga, þá verður fyrsta stigið, eins og hv. frsm. gat um, að afnema allt minkaeldi, og þar næst að hefja öflugar aðgerðir til að útrýma þessum vágesti. Sú statistik, sem hv. flm. vitnaði í, sýnir, að hér er ekki um mikinn atvinnuveg að ræða, en tjónið er margfalt við það gagn, sem kann að vera af þessari skepnu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 12. febr., utan dagskrár, mælti

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Þann 21. nóv. s. l. var útbýtt hér frv. um minkaeldi, og 25. s. m. var því máli vísað til landbn. þessarar d. Þetta var á árinu 1947. Nú er 12. febr. 1948, og þess hefur ekki orðið vart, að landbn. hafi afgr. þetta mál. Ég vil nú vænta þess, að hv. n. kæmi mjög skjótlega með þetta mál hér inn í d. Þó að hv. n. kunni að þykja þetta lítilvægt mál, sem ég velt ekki, þá mætti þó svo vera, að öðrum þætti ekki lítið mál, og er þá rétt, að hv. þd. skeri úr um það. Ég vil því mega vænta þess, að þetta mál komi hið bráðasta fram af hálfu landbn., en ef það dregst úr hömlu, þá vil ég óska þess, að hæstv. forseti hlutist til um, að málið verði tekið á dagskrá d., svo að það geti fengið þinglega afgreiðslu.

Steingrímur Steinþórsson: Út af þessari fyrirspurn hv. 1. þm. Árn. skal ég geta þess, að þetta frv. verður afgr. nú alveg næstu daga. N. hefur leitað umsagnar margra aðila um þetta mál, og hafa margar umsagnir komið fram um það, og þetta mál er þess

eðlis, að það þarf að athuga það frá ýmsum hliðum, en hins vegar get ég lofað því fyrir hönd landbn., að afgreiðsla málsins dragist ekki úr þessu nema örfáa daga. En það er ekkert einsdæmi, að það dragist að afgreiða mál eins og þetta. Vil ég vænta þess, að í þeim n., þar sem hv. 1. þm. Árn. ræður, þar sé ekki hægt að finna dæmi um það, að mál hafi verið óafgreitt eins lengi og þetta mál.

Jörundur Brynjólfsson: Mér þykir vænt um að mega eiga von á afgreiðslu málsins af hálfu n. næstu daga, því það er rétt að þingið ákvarði um örlög þess. Ég vil mega vænta þess, að þingið fallist á þetta mál, og sökum þess, hvers eðlis það er, þá veit hv. 1. þm. Skagf., að það á eftir að ganga í gegnum margar umr. Hvað áhrærir afgreiðslu mála í þeim n., þar sem ég er, þá ætla ég, að yfirleitt hafi þau verið afgreidd mjög fljótlega. Um það eina málefni, sem mun vera búið að vera nokkuð lengi í allshn. þessarar d., er það að segja, að sá dráttur stafar af því, að þeir aðilar, sem óskuðu eftir flutningi málsins, hafa látið á sér standa um það, hvernig beri að afgreiða það, og vil ég vænta þess, að okkur verði ekki kennt um það. Um önnur mál, t. d. í sameinuðu þingi, er það að segja, að þau eru ekki síður margbrotin fyrir þær n., sem hlut eiga að máli. En þannig er þó ástatt um þau mál, að þau geta fljótlega fengið afgreiðslu, því að þar er ekki nema í mesta lagi um tvær umr. að ræða, svo að það tekur litinn tíma.

Á 63. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 129, n. 373, 374).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Frv. þetta um bann gegn minkaeldi, sem prentað er á þskj. 129, hefur legið nokkuð lengi til athugunar í landbn., og er ekki nema eðlilegt, að hv. flm. frv. finnist sá dráttur, sem orðinn er á afgreiðslu málsins frá n., vera nokkuð langur orðinn. En þó að frv. sé nú ekki mikið fyrirferðar, þá er málið ekki alveg eins einfalt og í fljótu bragði mætti ætla. Landbn. hefur athugað málið á mörgum fundum, en hún taldi sig ekki geta tekið ákvörðun um málið fyrr en leitað væri álits ýmissa aðila, sem þetta mál snertir. Hún leitaði því umsagna nokkurra aðila í þessu efni, en þeir voru: Loðdýraræktarfélag Íslands, loðdýraræktarráðunautur, tilraunaráð búfjárræktar og Búnaðarfélag Íslands. Gerð er grein fyrir svörum þessara aðila á þskj. 373. Þrír hinna fyrrnefndu aðila mæltu gegn frv., en meiri hluti Búnaðarfélags Íslands mælti með, að frv. yrði samþ. Nú er það mjög greinilegt, að ekki er hægt að afgreiða mál sem þetta með tilliti til hagsmuna einstakra stétta, og hafði landbn. það í huga, er hún athugaði frv. Er málið var athugað frekar, kom í ljós, að töluverð brögð hafa verið að því, að minkar hafi sloppið úr minkagirðingum, og mun mest hafa að þessu kveðið fyrsta árið eftir að minkurinn var fluttur til landsins. Þá var lítil þekking meðal manna um hirðingu, meðferð og gæzlu þessara dýra, en þetta hefur tekið miklum breytingum hin síðari ár. Það er og vitað, að á fjöldamörgum stöðum, þar sem minkaeldi hefur verið, hefur ekkert dýr sloppið út úr búrunum. Það er greinilegt, að það eru aðeins einstök tilfelli, að minkar hafi sloppið út, og er vitað um það. Við höfum drepið á þetta í nál. og vitum, að það er rétt. Þegar brögð voru að þessu, að minkur slapp lifandi út úr búri, þá var það sérstök tegund, sem fluttist hingað fyrst, en nú er búið að útrýma þeirri tegund, og ekki er vitað um aðra tegund, sem veiðzt hafi. Loðdýraræktarráðunautur telur, að þeir 6—7 hundruð villiminkar, sem veiðzt hafa og hafa verið rannsakaðir undanfarin ár, séu allir af þeirri tegund minka, — að e. t. v. einum undanskildum, — sem fyrst var flutt inn, en hinna síðar innfluttu tegunda hafi ekki orðið vart sem villiminka. Þessi rök eru allþung á metunum og gefa tilefni til þess, að ekki sé rétt að fallast á algera útrýmingu minka og bann minkaeldis. Auðvitað þarf að ganga svo vel frá búrunum, að engin hætta sé á því, að minkur sleppi lifandi út úr þeim. Breytingar þær, sem gerðar hafa verið á l. um loðdýrarækt, hafa miðað að því að auka þetta öryggi, en þau l. eru enn svo nýleg, að ekki er enn nein reynsla fengin um það, hvernig sú löggjöf reynist. Landbúnaðarnefnd hefur því ekki getað fallizt á, að minkaeldi yrði algerlega bannað í landinu með lögum. Alþ. hefur með samþykkt l. um loðdýrarækt stuðlað að því, að loðdýrarækt verði aukin í landinu, og telur n. því ekki hægt að banna minkaeldi, nema beinar sannanir liggi fyrir um, að beinn voði sé á ferðum. M. ö. o., n. litur svo á, að hægt sé að gera tryggar ráðstafanir til þess að tryggja, að minkar sleppi ekki úr haldi. Slíkt er þó aldrei hægt að forsvara 100%, t. d. ef skemmdarvargar ráðast að búunum og hleypa minkum út, en þá erum við komnir inn á glæpi, en erfitt er að banna minkaeldi á þeim grundvelli. Hins vegar erum við í landbn. á sama máli og hv. flm. frv. um það, að minkaplágan sé hættuleg og hafi valdið tjóni, þótt of mikið hafi nú kannske verið gert úr því af hv. flm. Ég skal ekki deila um það. En af þessum ástæðum hefur landbn. fallizt á þann hluta frv., sem lýtur að útrýmingu villiminka. Brtt. n. stefna að því að gera þau ákvæði frv., sem stefna að útrýmingu villiminka, skýrari og ákveðnari. Er svo til ætlazt, að loðdýraræktarráðunauturinn hafi yfirstjórn útrýmingar villiminka með höndum fyrir hönd landbrn. og að hann starfi að þessu með hreppsnefndum. Ég geri ráð fyrir, að hv. flm. frv. geti sætt sig við þessa leið, og auk þess höfum við gert ráð fyrir, að hærri upphæð verði veitt til útrýmingar minkum en flm. gerði ráð fyrir í frv. Nefndin breytti frv. svo, að með þessum breyt. er frv. gert að frv. til l. um útrýmingu villiminka, í stað frv. til l. um bann gegn minkaeldi. Brtt. þessar eru prentaðar á þskj. 374. 1. gr. gerir ráð fyrir, að landbrn. hafi umsjón og eftirlit með útrýmingu villiminka hvarvetna þar, sem þeirra verður vart. Ráðuneytið getur falið ráðunaut í loðdýrarækt að hafa með höndum yfirstjórn útrýmingarinnar, eftir því sem fyrir er mælt í l. Nefndin taldi einnig eðlilegt, að hreppsnefndum yrði gert skylt, hverri í sínu umdæmi, að sjá um útrýmingu villiminka og að þær gerðu skýrslur um það, hvar villiminka yrði vart og um helztu dvalarstaði þeirra. Hreppsn. skulu og tilkynna loðdýraræktarráðunaut strax og villiminks hefur orðið vart og leita álits hans, hvernig útrýmingarstarfinu skuli hagað. Hv. flm. gerðu ráð fyrir 50 kr. verðlaunum fyrir dráp hvers villiminks, en n. hefur lagt til, að verðlaunin verði hækkuð í kr. 60,00.

Með því yrði það girnilegra fyrir þá, sem fást vildu við að eyða minkum, og mundi það örva menn frekar til þessa starfs. Að öðru leyti yrði eyðingin ákveðin með reglugerð. T. d. gæti komið til mála að nota hunda við að ná villiminkum, og gæti það orðið eins konar sport á þann hátt, en vitað er, að venja má hunda til þessa.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta nú. Brtt. n. gera ákvæðin um útrýmingu villiminka gleggri en þau voru áður í frv. Við teljum, að hér sé byrjað á réttum enda að útrýma villiminkunum, en að ekki sé verið að sakfella dýrin, sem liggja saklaus inni í búrum sínum. Það væri sama og að bakarinn yrði hengdur fyrir smiðinn. Það er engin ástæða til þess að banna minkaeldi á Íslandi, en hins vegar er sjálfsagt að styrkja varnirnar til þess, að öruggt sé, að minkar sleppi ekki úr búrum sínum.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég vildi svo gera, ef ég hefði ástæðu til, að þakka hv. landbn. fyrir góða afgreiðslu á þessu máli, en slíkt mun vart sæma, því að n. hefur nú loks skilað áliti seint og síðar meir. Afgreiðsla hv. landbn. er fjarri því, sem ég hafði búizt við, og eru litlar líkur fyrir því, að stríðinu ljúki nokkurn tíma við þetta dýr, ef það verður áfram í landinu. Ég legg ekki trúnað á, að unnt sé að halda dýrinu í skefjum, fyrr en eldi dýranna verður alveg hætt. Þetta álít ég af tveimur orsökum. — Það er alls ekki öruggt, að dýr geti ekki sloppið úr búrum, og þó að þetta dýr sé alltaf í búri, þá hænist það aldrei að manninum og verður alltaf villt, jafnvel þó að það væri 100 ár í búri. Þetta dýr temst ekki og verður alltaf villt. — Það hlýtur að vera mjög erfitt að útrýma minkum, því að minkurinn er slungið og harðvítugt dýr. Þess vegna missir eyðing hans marks, sé eldi hans ekki bannað. Það hlýtur að verða að gera greinarmun á því, hvort þeir, sem vilja reyna að útrýma minkum, geta átt von á að fá viðbót eða ekki. Á meðan menn geta átt von á viðbót, er varla von, að menn vilji leggja hart að sér að útrýma minkunum. En ef það væri öruggt, að ekki bættust fleiri dýr í hópinn, þá mundu menn finna frekari hvöt hjá sér til þess að reyna útrýmingu en ef stöðugt bætist við, eftir því sem af er tekið.

Hv. frsm. landbn. sagði, að þó að minkabúr yrðu vel úr garði gerð, þá væri ekki útilokað, að dýr gætu sloppið fyrir aðgerðir skemmdarvarga. Já, mikið rétt, og einnig getur illviðri haft þær afleiðingar, að minkar sleppi úr heilu búi. Það gildir einu máli, hvernig dýrin sleppa, en ef þau sleppa, auka þau brátt kyn sitt og fylgja áfram sama hætti eftir eðli sínu og lifa villt úti í náttúrunni. Hv. frsm. fullyrti, að það væri aðeins ein minkategund, sem sloppið hefði úr haldi til þessa, og hefði slíkt sannazt á rannsókn þeirra dýra, sem veiðzt hafa, en nú væri búið að útrýma þessari tegund úr eldisbúunum og ekki vitað, að neitt hefði sloppið út af þeim dýrum, sem síðar voru flutt til landsins. Það má vera, að þetta sé rétt hjá hv. þm., en ég legg ekki mikið upp úr þessum fullyrðingum, ég læt þær liggja á milli hluta. En mikið óhapp hefur skeð. Er minkarnir voru fluttir hingað, byrjuðu menn að ala þá af mikilli fáfræði og vankunnáttu og fullkominni fáfræði um líf og eðli þessa dýrs. Nú segir hv. frsm. landbn., að það hafi verið mein, að byrjað var með þennan grimma mink, en ekki þetta fína dýr, sem síðar var flutt inn til landsins. Ég held nú, að þetta fína dýr sé svipað til munnsins og hinir minkarnir. Ég býst við, að kjafturinn sé ekkert ósvipaður á þeim, því að þetta er sama ættkvíslin, þótt hér kunni að vera um mismunandi afbrigði að ræða af sömu ættkvísl. Þótt dýrin séu af mismunandi afbrigðum, hafa þau sömu eiginleika, og skiptir ekki miklu máli, hver tegundin er. Nýja tegundin beitir kjafti og klóm eins og hin, og eru þessar fullyrðingar hv. þm. því ekki mikils virði.

Ég geri ekki mikið úr brtt. þeim, sem hv. landbn. hefur látið frá sér fara. Hv. n. virðist leggja aðaláherzlu á útrýminguna og leggur til, að landbrn. hafi yfirstjórn hennar. Ráðuneytið getur þó falið loðdýraræktarráðunaut að vera generalinn við eyðingarherferðina. Loðdýraræktarráðunautur hefur til þessa haft herforingjastöðuna með höndum og ætti því nú að vera búinn að sýna herkænsku sína. En það stendur nú kannske svo á, að það sé nú verið að sníða úniformið, en er hann kemur nú í fullum skrúða, mun hann vonandi vera þess albúinn að leggja dýrin að velli. Hreppsnefndum á og að vera skylt samkvæmt till. n. að sjá um útrýmingu minka, hver í sínu umdæmi, og eiga þær að tilkynna landbrn. um útbreiðslu minksins í umdæmum sínum svo og dvalarstaði þeirra. Dýrið getur nú ferðazt um 100 mílur á sólarhring, og væri ekki óskemmtileg sjón að sjá loðdýraræktarráðunautinn í sínum fulla skrúða með lið sitt í áhlaupi á dýrið. Þó að skýrsla hreppsnefndar væri nú rétt, þá kynni að vera, að dýrið hefði skroppið í burtu, er generalinn gefur fyrirskipanirnar um áhlaupið. Þetta kann nú að finnast dálítið skoplegt, en það virðist hafa gengið heldur illa hjá landbn. að gera sér ljóst, hvað hér er um að ræða. Það verður að ganga miklu betur frá þessum ákvæðum, ef það á að verða hægt að fá menn til þess að taka þátt í þessu.

Hvernig er svo háttað með þetta dýr? Mér er kunnugt um, að með öllu Þingvallavatni og upp úr hrauni þar um allt eru villiminkar. Það hafa sagt mér menn, sem þar búa, og einnig menn, sem þar hafa verið á rjúpnaveiðum í haust, að þeir hafi séð för eftir hann upp um fjöll og firnindi. Hjá okkur í Biskupstungum hefur mátt rekja slóð hans um byggð, og inni á afrétti hreppamanna hefur hann sézt. Um allt héraðið og fram að sjó er dýrið komið. Ég tala nú ekki um, að nú, síðan harðnaði í vetur, þá er fjöldi dýra meðfram sjónum, því að minkurinn heldur sig mikið meðfram ám og lækjum, því að hann lifir mikið á fiski, en því minna sem hann hefur meira af fuglum.

Nú kynni að vera, þegar svona er komið málum, að menn yrðu ekki sérlega fúsir til þess að hlýða kalli hreppsnefndar og elta þessi dýr. Það er ekki nema um einar 60 kr. að ræða fyrir þá menn, sem ná í dýr, og maður verður að vona, þó að nokkuð sé til af villiminkum, að þá verði það ekki margir, sem hver maður nær í, og sumir menn munu engu dýri ná. Það verður víða að fara og víðar en vitað er fyrir víst um minka, og aðalútrýmingin verður að fara fram að vetrarlagi. Ég get ekki séð, að menn séu skyldugir til að hlýða skipun hreppsnefndar, þó að hún kveðji menn til þessara ferða. Ég get ekki séð, að með þessum breyt. sé lögð sú kvöð á menn, að þeir geti ekki skorazt undan slíku.

Ég er ekki að mæla með því, það er öðru nær,

en ég sé ekki, að með þessu fyrirkomulagi muni vinnast mikið í þá átt, sem virðist vera ætlunin, nema að gera þetta að skyldu, ef þetta ákvæði á að vera í l. Þá finnst mér langtum nær að hafa það fyrirkomulag, að þeir, sem hafa svo mikla trú á, að þetta séu nytjaskepnur og leggja stund á ræktun þeirra, beri kostnaðinn af þessu. Þeim er það skyldast, og kemur það einmitt hæfilega niður, að þeir greiði kostnaðinn, en ekki, að kostnaðinum verði velt yfir á menn, sem enga sök eiga á þessari villiminkaplágu. Og að detta það í hug að leggja kvöð á þá menn, sem ætla má, að geti orðið fyrir tjóni af völdum annarra manna, finnst mér ekki vera hægt, nema talið sé, að þetta sé fullgilt, og mér finnst fráleitt, að gegn þeim manni, sem ekki hlýðir, megi beita refsiákvæðum frv. allt frá 200 kr. og upp í 5 þús. kr. og jafnvel öðrum refsingum samkvæmt öðrum l. Ég veit ekki, hvernig ber að skilja, en mér sýnist líklegra, að það eigi ekki svo að vera.

Ég hef býsna litla trú á því, að þetta komi að tilætluðum notum. Hv. frsm. n. sagði, að Alþ. hefði stuðlað að eldi þessara dýra og hæfði því ekki, að það bannaði eldi þeirra allt í einu fyrr en fullvíst væri, að dýrið ylli tjóni.

Ég álít, þó að við settum það ekki í okkar frv., ekkert á móti því að greiða þeim, sem dýrin eiga — en þau munu hafa verið í haust um 5 þús. á öllu landinu — bætur fyrir dýrin. Það væri áreiðanlega búhnykkur, svo að þeir slyppu skaðlaust frá því að verða að hætta þannig, að þeir fengju verðmæti þeirra dýra, sem þeir fengju greidd.

Við fluttum þetta frv. í þessum búningi eins og það er, til þess fyrst að sjá, hvernig málinu yrði tekið, og eins og ég gat um í fyrstu ræðu minni um þetta mál, erum við flm. reiðubúnir til þess að ræða um sérstakar ráðstafanir einmitt þeim til handa, sem eiga þessi dýr.

Mér virðist hv. landbn. og aðrir, sem um þetta mál hafa fjallað, geri lítið úr þeirri hættu, sem af þessum dýrum stafar, og það er áreiðanlegt, að það er höfuðyfirsjónin í sambandi við þetta mál allt frá byrjun. Mönnum hættir til að vitna til þess, hvernig þetta dýr er í sínum upprunalegu heimkynnum í Ameríku, en gæta þess ekki, hve skilyrðin eru í raun og veru ólík þar og hér. Í Norður-Ameríku er dýralífið geysilega fjölbreytt, og lifir minkurinn á mörgum tegundum fugla, spendýra, fiska, skriðdýra og krabbadýrum. Hér er fábreytt líf úti í náttúrunni, sem hann getur lifað á. Kannske eru það hagamýs og rottur og þá aðallega nærri byggð. Þá eru það aðallega fuglar og fiskar. Það má segja, að fuglategundirnar séu að vísu nokkuð margar þann tíma, sem farfuglarnir sækja okkur heim, vegna þess að hér hefur verið griðland fyrir þá, en nú fer ekki að verða lengur um það að tala. En það er þó einn nytjafugl hjá okkur, sem við megum ekki gleyma, og það er æðarfuglinn. Ég þori að fullyrða, að svo framarlega sem ekki verður hafizt handa og útrýmt villiminknum, þá upprætir hann hér um bil allt æðarvarp á landinu áður en langt um líður. Minkurinn er nú kominn upp um allan Borgarfjörð, vestur í Dali, og hvernig verður það, þegar hann kemst út um allan Breiðafjörð?

Þegar minkurinn verður búinn að eyðileggja svo að segja öll æðarvörp í landinu, þá skulum við ekki ímynda okkur, að hann láti staðar numið. Þá koma árnar og vötnin með silunginn og laxinn. Það er talið af fróðum mönnum, sem þekkja þetta dýr vel, að minkurinn sé það fimur á sundi, að hann taki silung á sprettinum, og af því geta menn dálítið ráðið í leikni hans. Þeir, sem þekkja svo til þess, hvernig laxinn er, þegar komið er fram á haustið og hrygningartímann, en þá er laxinn máttfarinn og svifaseinn og getur lítið komið sér undan. Ég þekki til með eitt vatnsfall í Biskupstungum, þar sem minkurinn er búinn að vera við í 3 ár, að það er viðburður þar, að sjáist lítill lax.

Minknum er fært af framhaldsmönnum hans það til gildis, að hann útrými skaðræðisskepnum fyrir laxaseiði og silungsseiði í ám og vötnum. Nú mótmæli ég því ekki, en það vill þá svo til, að einmitt fiskiöndin, sem skaðar einna mest laxa- og silungsseiði, er svo stygg og vör um sig og heldur sig svo langt frá landi, að það verður heldur lítið, sem minkurinn nær til hennar. Það verða frekar aðrar endur, sem minna tjón gera á laxa- og silungsseiðum, sem verða minkunum að bráð, en einmitt af þeim öndum getum við haft nokkurn hagnað.

Þá mun nú vera alkunnugt, hvernig fer með alifuglaræktina þar, sem minkurinn er kominn, og vil ég í því sambandi, af því að mér láðist að geta þess áðan, taka fram, að það er hægara sagt en gert að passa þá fugla fyrir minknum, þó að ekkert sérstakt óhapp komi fyrir. (StgrSt: Það er enginn vandi að passa alifugla fyrir minknum.) Það er mikill vandi, og skal ég nefna dæmi um það. (StgrSt: Ég skal nefna mörg dæmi). Já, það má vitanlega finna dæmi um það, að dýrin sleppi ekki. En menn munu ekki alltaf kalla upp um það, þó að dýr sleppi, þó að ætlazt sé til þess. Ef það hefði alltaf verið gert, þá hefði kannske verið auðveldara að útrýma þeim, og ég efast um, að menn verði samvizkusamari hér eftir en hingað til.

Dæmið, sem ég ætla að nefna, er, að það var maður, sem er hér ekki langt frá, sem hafði orðið fyrir heimsókn af þessu dýri, þannig að það komst inn í hænsnahúsið og drap þar eitthvað á annan tug. Honum þótti þetta illt og ætlaði að koma í veg fyrir, að þetta endurtæki sig, svo að hann gekk frá húsinu svo vel sem hann gat að utan og tjaldaði að innan með nokkuð smáriðnu neti og áleit sig hafa gengið vel frá því. En nokkrum vikum síðar, þegar hann kemur í hænsnahúsið, liggja yfir 20 hænur dauðar. Hann fer að athuga, hvernig á því geti staðið, að minkur hafi getað komizt inn í húsið, því að auðséð var, að þar hafði slíkt dýr verið að verki. Öll samskeyti á netinu voru í lagi, en þegar betur er að gætt, er á einum stað á netinu uppi á vegg dragmöskvi, og var hann aðeins í þeim eina stað, og þar hafði dýrið troðið sér í gegn. Mér finnst þetta vera glöggt dæmi um það, hversu vel verður að gæta þessara fugla fyrir dýrinu, ef vel á að fara, þó að ekkert sérstakt óhapp komi fyrir, að dýrið ekki sleppi úr búri.

Ég hef kynnt mér dálítið yfir nokkur ár, hvað þessi dýr gefa af sér, en það er tala skinna og söluverð þeirra. Árið 1943 hafa verið seld nærri 14 þús. skinn og hafa fengizt fyrir þau um 840 þús. kr. til samans, sem seld voru úr landi, og meðalverð um 67 kr. á skinn. Árið 1944 voru seld um 1700 skinn á 168 þús. kr., meðalverð 96 kr. Árið 1945 voru seld 9 þús. skinn á 1148 þús. kr., meðalverð 124 kr.

Árið 1946 voru 460 skinn seld á 640 þús. kr., meðalverð um 138 kr.

Fyrir síðastliðið ár var í haust komið til hagstofunnar, að 400 skinn væru seld á 32 þús. kr., 80 kr. meðalverð, en þessar tölur eru ekki ábyggilegar að því leyti, að það eru ekki lokatölur frá hagstofunni. Þetta er bráttóverð, og þarna dregst því frá kostnaður, og mér skilst á þessum tölum, að ekki sé um mikinn arð að ræða, enda bendir annað til þess líka, — að þeir, sem þessa ræktun stunda, hafa farið fram á það að fá eftirgjöf á tollum og voru með erindi um það hér í þinginu að fá gefnar eftir 10 þús. kr., og nú hefur heimild í fjárl. verið sett í sama skyni. Það lítur því út fyrir, að þessi atvinnuvegur borgi sig ekki sérlega vel, þegar þá, sem þessa atvinnu stunda, munar um að annast þessar lögboðnu greiðslur.

En hvernig er ástatt með það, sem í húfi er? Undanfarin ár hefur á hverju ári fengizt töluvert á þriðja þús. kg. af æðardúni, og eftir því verðmæti, sem hægt er að áætla eftir heildsöluverði æðardúnsins, þá mun sú upphæð vera frá 600—700 þús. kr. Þegar litið er því á, hvert tjón það er, sem þetta dýr mundi valda í æðarvarpi landsmanna, þá hefði ég haldið, að þar kæmi ekki svo lítil fjárupphæð, sem tapast vegna þessara dýra.

Þá koma og lax- og silungshlunnindin, sem ekki er vafi, að muni rýrna til mikilla muna af völdum villiminksins. Og það er ekki endilega víst, að þarna verði numið staðar hvað þetta tjón snertir, sem er þó alveg gefið, að þetta dýr veldur, ef ekki tekst að útrýma því.

Þá kemur til sauðfjárins, og sé ég nú, að hv. frsm. n. þykir nóg komið. (StgrSt: Ég er hissa á því, að það skuli ekki leggjast á mannfólkið.) Það má hamingjan vita, ég væri ekki óhultur með lítil börn úti um hagann, að minkurinn gerði þeim ekki mein. Það er síður en svo, en ég sé, að hv. frsm. n. leggur lítið upp úr því, að sauðfé stafi hætta af villiminknum. En ég skal þá nefna tvö dæmi, þar sem nokkurn veginn er alveg víst, að minkurinn hefur verið að verki. Það fannst lamb uppi í Biskupstungum þannig bitið, að það gat ekki verið eftir tófu; það var bitið ofan á hálsi. Hitt dæmið er úr Borgarfirði, þar sem bóndi á bæ þar sá lambið ásamt móður þess rétt fyrir utan túngarðinn, og var það vel friskt, en það leið ekki nema lítil stund frá því að bóndinn á bænum sá lambið með ánni og þar til hann lítur út aftur, og var þá lambið illa útleikið. Það var bitið, en ekki eins og þar hefði tófa verið að verki, því að það var bitið á sama hátt og hitt lambið, en þarna var að vísu í hvorugt skiptið minkur staðinn að verki, þó að miklar líkur séu til þess, enda mun hann halda sig þarna á næstu grösum. En ég skal þá benda á það, að í Noregi eru ekki lítil brögð að því, að minkur leggist á lömb, og ætli hann sé ekki eitthvað líkt innrættur hér eins og í Noregi? Það mun vera sama tegundin. Mundi hann spara það, ef hann gæti, að ráðast á lömb hér hjá okkur, úr því að hann gerir það annars staðar? (StgrSt: Hvaðan eru þessar upplýsingar?). Ég hef fengið þær úr góðri átt. (StgrSt: Ég óska eftir að fá að vita, hvaðan þær eru). Þessar upplýsingar gaf mér maður, sem er mjög fróður um þessa hluti. Hann sagði, að minkurinn mundi haga sér þannig sums staðar í Noregi. Og ég vil benda hv. frsm. á það, að Norðmenn hafa nýlega hækkað verðlaun fyrir að veiða villimink úr 130 kr. upp í 150 kr., og ég ætla, að ekki þurfi að fjölyrða um það, að þeir geri þetta ekki neitt að gamni sínu og ekki nema dýrið væri farið að valda miklum spjöllum hjá þeim. Ég veit til þess, að Svíar þykjast eiga í miklum erfiðleikum út af þeirri plágu, sem villiminkurinn er orðinn hjá þeim. En hvaða tegundir það eru, hefur mér ekki tekizt að fá upplýsingar um. 1947 er mér sagt, að hafi verið veidd um 801 dýr, og búið sé að greiða úr ríkissjóði á því ári 33100 kr. Það munu hafa verið greiddar 30 kr. fyrir yrðling, en 50 kr. fyrir fullorðið dýr.

Hv. landbn. hefur leitað álits nokkurra aðila um þetta mál, svo sem Loðdýraræktarfélags Íslands, loðdýraræktarráðunauts, tilraunaráðs búfjárræktar og Búnaðarfélags Íslands. Meiri hluti stjórnar Búnaðarfélags Íslands mælti með samþykkt þessa frv., en hinir aðilarnir gegn frv. Það var í sjálfu sér ekki óeðlilegt, að Loðdýraræktarfélagið vildi ekki fallast á þetta frv., en það var kannske ekki jafnsjálfsagt af loðdýraræktarráðunautnum að vera á móti því, sérstaklega þegar þess er gætt, að einmitt nú í nokkur ár, sem hann er búinn að starfa við þetta, hefur dýrið breiðzt út um landið og valdið meira og meira tjóni með hverju ári, sem líður. En um tilraunaráðið mun það vera svo, að nokkrir af þeim mönnum, sem í því eru, stunda þessa minkarækt. (StgrSt: Ég hygg, að það geri enginn þeirra). Eru þeir kannske hættir því núna? (StgrSt: Hverjir, vil ég spyrja?). Runólfur Sveinsson hefur gert það og jafnvel Pétur Gunnarsson. En hvað sem því líður, þá hafa þessir menn a. m. k. ekki orðið fyrir neinu tjóni af völdum þessara dýra.

Það er bréf, sem ég hef hér frá stjórn Loðdýraræktarfélagsins, ekki alveg nýlega skrifað, þar sem minkurinn er gerður að umtalsefni og hvers konar dýr hann sé. Þeir segja í þessu bréfi, að það sé mjög vafasamt að telja, að hann leggist á lax og silung. Ég ætla ekki að fara langt út í það. Það kemur einhvers staðar fram hjá þessum mönnum, að það mundi jafnvel aukast lax- og silungsveiði þar, sem minkurinn væri. En þessi ummæli eru í öfuga átt við það, að við Elliðaárnar er reynt að útrýma honum vegna þess, hve hættulegur hann er veiði þar í ánum. — Svo er talið í þessu bréfi, að hann muni alls ekki ráðast á hænsni. Það er talið fjarri öllu lagi. Og einhvers staðar hef ég lesið, að þeir telji mjög fjarri lagi, að hann ráðist á aligæsir. En hann gerir það, og líka ræðst hann á aðrar gæsir, sem eru varari um sig en þær, og ég veit nú vel um það, og ég gat um það við framsögu þessa máls. Og þá er talið í þessu bréfi, að minkurinn sé ekki hættulegur í æðarvörpum. Það er reyndar viðurkennt í þessu bréfi, að hann gæti nú sjálfsagt gert einhvern usla, ef hann kæmist í æðarvarp. En svo er sagt, að sem betur fari hagi þannig víða til, að hann komist ekki í vörpin. En það er náttúrlega barnaskapur einn að segja slíkt, að hann komist ekki í vörpin. Ég ætla nú ekki að eyða tíma í að rekja þetta bréf mjög. En það kemur fram í því mjög mikill barnaskapur, þar sem þar er þetta dýr talið allt öðruvísi í háttum sínum en það er. Og í fáfræðinni um það liggur kannske mest sú meinsemd, hvernig tekizt hefur til með þetta allt í sambandi við minkana.

Ég get ekki á það fallizt hjá hv. frsm. landbn., að þó að Alþ. á sínni tíð hafi með löggjöf ekki

bannað og máske gert mönnum auðvelt að hafa þessa dýrarækt, þá beri því skylda til að leyfa þessa dýrarækt áfram. Það er síður en svo sé, að Alþ. sé af þessu bundið. En eins og ég hef áður sagt, tel ég rétt, að mönnum sé greitt fyrir dýrin um leið og þeir eru látnir hætta ræktun þeirra. Því að það er alls ekki af neinni hvöt til að gera þeim mönnum bölvun og fjárhagslegt tjón, sem þessa dýrarækt hafa stundað, að þetta frv. hefur verið borið fram. Aðalatriðið fyrir okkur flm. frv. er að vernda aðra menn fyrir stórkostlegu tjóni af völdum þessa dýrs og reyna með þeim ráðstöfunum, sem gera þarf, að uppræta villiminkinn í landinu og þá hættu, sem af honum stafar. Ég geri ákaflega lítið úr, að þessi hækkun á verðlaunum fyrir að drepa villiminka nægi til að útrýma þeim. Það er áreiðanlegt, að ef útrýma á villiminkunum, þá verða menn að leggja mikið af mörkum við útrýminguna, án þess að fá tekjur fyrir. Það er alveg rétt, sem hv. frsm. n. sagði, að það eru til hundar, sem eru góðir til minkaveiða, og þeir mundu sennilega verða einna bezta tæklð við útrýmingu á þeim, ásamt öðrum ráðstöfunum, sem gera þarf. En til þess að menn, sem búa úti um byggðir landsins, hafi nú ekki annað að gera eða megi vera að því að iðka það eins og nokkurs konar sport að veiða villiminka, þá má eitthvað breytast hvað mannahald í sveitum snertir, frá því sem nú er. Hins vegar veit ég, að menn, sem í sveitum búa og sjá, hvílíkt skaðræðisdýr þetta er, mundu leggja hart að sér til þess að reyna að útrýma villiminkum, ef þeir ættu þá ekki á hættu að fá þennan stefnivarg yfir sig aftur úr minkabúum. Og þó að þetta kunni að vera annað minkaafbrigði, sem nú er komið til landsins, heldur en það afbrigði, sem fyrst var flutt inn, þá mun þetta afbrigði hafa sömu eiginleika og nákvæmlega sömu eðlishætti og minkarnir, sem fyrst voru fluttir inn.

Ég vil nú vona, að hv. þd. láti sig ekki henda það að eyðileggja þetta frv. okkar hv. þm. Borgf. Því að þessi breyt., sem hv. landbn. vill gera á því, veldur því, að frv. okkar er að aðalkjarnanum til úr sögunni. Og önnur ákvæði frv., sem hv. landbn. leggur til, að samþ. verði með samþykkt frv., yrðu heldur lítils virði upp á það, að verulega yrði hafizt handa um útrýmingu villiminka, ef ekkert er meira að gert, það er ég alveg sannfærður um. Ég vildi því mega vænta þess, að hv. d. felldi þessar brtt., en samþ. frv. okkar við þessa umr. Og þá mætti við 3. umr. bæta inn í frv. ákvæði um að bæta mönnum það tjón, sem þeir yrðu fyrir, ef minkaeldi yrði bannað, og gera þá frekari ráðstafanir viðvíkjandi útrýmingu minkanna í sambandi við það. Því að það mun sýna sig, ef brtt n. verður samþ., að það út af fyrir sig, sem með því móti fælist í l., ef frv. yrði samþ. þannig, heföi lítið að segja til útrýmingar villiminkum.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég býst við, að það sé ekki mikill ágreiningur innan hv. þd. um þau atriði, sem komu fram í ræðu hv. 1. þm. Árn. (JörB) um það, sem hann sagði um villiminkapláguna. Ég held, að menn séu yfirleitt sammála um það, að hún er bæði skaðleg og leið. Og mér finnst, bæði af ræðu hv. frsm. landbn. og einnig af þeim brtt., sem landbn. flytur, að hv. landbn. sé alveg þeirrar skoðunar líka. Ég tel ekki, að það þurfi langar ræður til að sannfæra menn um, að það væri æskilegast að losna alveg við villiminkana. En mér skilst, að um það sé aðalágreiningurinn, hvort rétta leiðin til þess að útrýma villiminkunum sé að byrja á því að farga þeim minkum, sem eru í búrum, og hvort við séum feti nær því marki að vernda landið fyrir villiminkaplágunni, þó að það sé gert. Þegar svipað mál lá fyrir Alþ. fyrir nokkrum árum, var ég þeirrar skoðunar, að þetta væri ekki rétta leiðin. Og ég er það enn. Þetta mál var lagt fyrir stjórn Búnaðarfélags Íslands. Tveir af nm. mæltu með því að samþykkja frv. óbreytt. En ég taldi mig samþykkan útrýmingarákvæðum þeim um villiminka, sem frv. hefur að geyma, en var enn sem fyrr þeirrar skoðunar, að það ætti að stiga það skref alvarlega um útrýmingu villiminkanna, áður en horfið yrði að hinu öðru, sem frv. er um, útrýmingu þeirra úr búrum líka, m. a. með þeim rökum, sem færð eru fram af frsm. landbn.

Ég get fyllilega tekið undir þau rök hv. 1. þm. Árn., hversu hvimleiður villiminkurinn er. Ég hef nú um nokkuð langt skeið haft á leigu eyju hér í Kollafirði, og ég tók þá eyju á leigu kannske aðallega vegna þess, að ég er alinn upp við varpland, og ég hef mikla ánægju af að stunda varp, og þarna í þessari eyju var æðarvarp, sem ég vildi stunda. En ég rak mig fljótlega á það, eftir að minkur var orðinn villtur hér á landi, að villiminkur komst í eyjuna. Og varpið er þar eyðilagt. Ég get því sagt nákvæmlega það sama og hv. 1. þm. Árn., að mér er þetta sárasta kvöl að vita af villiminknum í varplöndunum og annars staðar á landinu. En þrátt fyrir það er ég alveg sannfærður um það, að þó að ráðizt væri á öll minkabú á landinu og hvert kvikindi, sem þar er undir lás, væri drepið, þá værum við ekki feti nær t. d. að friða þessa eyju, sem ég gat um, fyrir því. Og þó að ég hafi orðið fyrir þessari plágu, þá dettur mér ekki í hug að leggja til, að byrjað verði á því að eyðileggja minkana í búunum. Hitt tel ég sjálfsagt, að hafizt verði alvarlega handa um að útrýma sjálfum villiminkunum. Ég veit, að hér hefur á orðið mjög mikil handvömm, þegar minkar voru fluttir inn, um að gæta þess öryggis, sem þurfti og unnt hefði verið viðkomandi umbúnaði minkabúranna og gæzlu þessara dýra. Og fyrir þá handvömm er komið eins og komið er í þessum efnum, að villiminkurinn er nú kominn víða um landið. Hitt er ég líka sannfærður um, að þetta voru barnasjúkdómar hjá okkur í alveg nýrri og óþekktri atvinnugrein. Og ég er sannfærður um, að það er allur annar hugsunarháttur uppi nú, bæði um strangari löggjafarákvæði viðkomandi eftirliti búanna og um að gæta þess, að minkar sleppi ekki, heldur en þá var. Og ég er sannfærður um, að eftir því sem við stundum þessa ræktun lengur, eftir því kemst það meir og meir inn í blóðið hjá þeim, sem stunda þessa ræktun, að gæta þessa dýrs og hafa meiri þekkingu á því að gæta minkanna. Og ég geri ráð fyrir, að með frekari tilraunum komi fram hjá okkur betri tök á því að útrýma villiminkum en við höfum haft til þessa. Nú á undanförnum nokkuð mörgum árum hefur sú aðferð verið viðhöfð um útrýmingu villiminka, að það hefur verið heitið ákveðnum verðlaunum fyrir útrýmingu hvers dýrs. Og þau verðlaun hafa menn, með sönnunargögn í höndum, get-

að sótt til loðdýraræktarráðunautarins í Rvík. En ég held, að litið hafi kveðið að þessari útrýmingu og á árinu 1946 hafi verið komizt hæst í þessu og drepnir um 100 minkar það ár. Síðasta vor langaði mig til að gera tilraun um það, hvort ekki væri hægt að koma meiri hreyfingu á veiði villiminka. Og það var ákveðið í landbrn. að skrifa til allra oddvita á þeim svæðum, þar sem vitað var, að villiminkurinn væri, og þeir voru beðnir að gangast fyrir því, að menn væru fengnir til að leita upp gren villiminka og eyða villiminkum. Heitið var 50 kr. verðlaunum fyrir hvern fullorðinn villimink, sem útrýmt væri og sönnunargögn afhent til oddvita um, að hefði verið útrýmt, og 30 kr. fyrir hvern minkshvolp, þegar gren væru unnin. Nú hefur það sýnt sig, að þessi tilraun hefur verkað þannig, að nú í ár er búið að drepa 801 villimink, 554 fullorðna minka og 247 yrðlinga. Og þessi breyt. hefur orðið aðeins á þessu eina ári fyrir þessa tilraun, sem gerð var af hálfu ráðuneytisins. Ég hef því ástæðu til að ætla, að ef þessu væri haldið áfram, eins og hv. landbn. einnig stingur upp á, og fleiri leiðir fundnar og aðferðir, sem ég efast ekki um og reyndar veit, að til eru til útrýmingar villiminkum, þá kæmumst við fljótt á rekspöl með að halda minkunum í skefjum, hvort sem það lánaðist eða ekki að útrýma alveg þessum skemmdarvargi. Ég efast um, að það lánist alveg. Og þetta tel ég, að liggi fyrir, eins og kemur fram í brtt. hv. landbn., að þá herferð verði sem fyrst að hefja gegn villiminkaplágunni. Ef okkur tekst að útrýma villiminkunum, sem eru í landinu, þá getum við alltaf talað um það á eftir, hvort við eigum að stiga sporið fullt og drepa einnig niður það af minkum, sem er í búrum. En takist okkur ekki að útrýma villiminkunum á þann hátt, þá sé ég ekki, að við séum neitt betur settir, þó að við bönnum mönnum að ala upp minka í búrum og gefa sjálfum sér og þjóðfélaginu þann arð af þeirri atvinnugrein, sem af þessari ræktun má hafa. Því að ekki veitir okkur af því, ef við gætum aukið atvinnurekstur okkar, sérstaklega útflutning okkar. Ég geri ráð fyrir, að t. d. Norðmenn, sem þekkja villiminkana, eins og hv. 1. þm. Árn. talaði um, séu nú svipaðrar skoðunar og ég og meiri hl. hv. landbn. virðist vera í þessu efni. Því að eftir því sem hann skýrði frá, leggja þeir mikla áherzlu á að veita verðlaun fyrir útrýmingu villiminka. En mér er kunnugt um, að þeir gera sérstakar ráðstafanir til þess að flytja inn í landið nýja og eftirsótta minkategund til skinnaframleiðslu í landinu, vegna þess að þeir trúa því, að það geti verið mikilsverð atvinnugrein fyrir Norðmenn að stunda þennan atvinnurekstur.

Ég verð því fyrir mitt leyti að segja, að ég er sammála hv. landbn. um, að það beri nú fyrst um sinn að leggja höfuðáherzlu á útrýmingu villiminka. Og ég er alveg sammála hv. 1. þm. Árn. um, að hann er skaðræðisdýr, sem þurfi helzt að útrýma, eða a. m. k. halda í skefjum. En ég tel, að við eigum fyrst um sinn að halda áfram með það að tryggja umbúnað búranna og eftirlitið með eldisminkunum. Og þegar við erum búnir að útrýma villiminkunum, ef það verður einhvern tíma, þá getum við athugað og ákveðið á eftir, hvort við eigum að halda áfram og útrýma líka eldisminkunum. Ég sé ekki ástæðu til að byrja á því að útrýma minkunum úr búrunum, án þess að vita, hvernig það muni ganga að útrýma þeim minkum, sem ganga lausum hala í landinu.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég skal ekki lengja þessar umr. mjög. En ég verð að svara hv. 1. þm. Árn. (JörB), 1. flm., nokkrum orðum.

Ég bjóst aldrei við því, að við í landbn. fengjum sérstakt þakklæti fyrir afgreiðslu þessa máls. En þó vil ég segja, að ég undrast mjög afstöðu hv. flm. til þessa máls, því að við í landbn. höfum ekkert fengið frá hv. flm. þess annað en skæting og ónot fyrir starf okkar í n. að frv. og ekki viðurkenningu fyrir neitt, sem við í því efni höfum gert. En aðrir hv. þm. sem athuga brtt. okkar, sjá þó, að í þeim er mjög hert á öllum þeim ákvæðum frv., sem snerta útrýmingu villiminkanna. En það er eins og það eitt vaki fyrir hv. flm. að drepa niður saklausu minkana í búrunum, en gera þó ekki nógu mikið til að útrýma villtu minkunum, sem ganga lausum hala. Mér finnst, að hér sé meginmunur á skoðunum okkar í þessu máli. Því að enginn skoðanamunur er um það, að villiminkurinn sé hættulegur fyrir sumar landsnytjar okkar, sem eru allmikils virði, — þó að ég telji það dálitið hlægilegt, þegar hv. 1. þm. Árn. segir, að þessir minkar fari 100 mílur, eða 750 til 800 km, á einum sólarhring, m. ö. o. geti farið héðan frá Rvík austur að Kirkjubæjarklaustri og heim til Rvíkur aftur á einum sólarhring. (**JörB:** Ég átti við enskar mílur.) Hv. þm. nefndi mílur, og í venjulegu máli er átt við danskar mílur, þegar mílur eru nefndar. En þegar farið er að nota svona rök í málinu, sem ekki eru nær því rétt, þó að deilt sé í með þremur, þá virðist mér skorta sterk rök í málinu, því að þetta er smákvikindi og auðvelt að nota hunda, og þá ekkert sérstaklega fljóta, til þess að taka það úti. Við skulum tala um þetta mál með rökum, en ekki á þennan hátt. — Nákvæmlega er sama að segja um þá röksemd, að villiminkar séu hættulegir sauðfé. Það er a. m. k. hvergi talað um, að þeir séu hættulegir sauðfé. Ég skal ekki segja, hvort það gæti kannske komið fyrir, að minkur gæti banað einu og einu lambi, alveg eins og mývargur gerir það einstöku sinnum, sem getur hlaðizt svo á litil lömb, að þau drepast. En að sauðfjárrækt okkar sé í nokkurri hættu af völdum minka, þótt villtir séu, það er fjarri sanni. Og í norskum og sænskum blöðum, sem ég hef lesið, er tekið fram, að ekki sé um neina slika hættu að ræða. Þess vegna vildi ég vita, hvaðan hv. 1. þm. Árn. hefur þær upplýsingar, að það geti verið hætta á því, að minkur leggist á lömb til tjóns. Ég held, að ég muni eftir því, að fyrir nokkrum árum var talið, að álft væri stórhættuleg fyrir sauðfé. Við höfum nú í eitt þúsund ár búið í sambýli við álftina. Og þó að hún hafi barið eitt eða tvö lömb til dauðs, þá er það ekki sönnun þess, að álftin sé hættuleg fyrir sauðfjárbúskap landsmanna. Nei, það má telja villiminkunum nógu margt til foráttu, þó að við segjum ekki, að þeir séu hættulegir sauðfé, því að það eru þeir ekki, né heldur, að börn okkar séu í hættu fyrir þeim.

Ég hef orðið fyrir nokkrum vonbrigðum, að landbn. skyldi ekki njóta þeirrar viðurkenningar, að hún hefði endurbætt frv. að því er snertir ákvæðin um útrýmingu villiminka. En í þess stað var meira að segja hv. 1. flm. með hálfgerð ónot út af því að leggja þær skyldur á hreppsnefndir, sem

þar er um að ræða. En landbn. virtist það alveg sjálfsögð leið, að þær n., sem stjórna sveitarmálum, hefðu þessi mál með höndum heima fyrir hjá sér, eins og vera ber. Og a. m. k. vildi ég fá einhverjar till. frá hv. flm. um það, hvernig þeir vilji, að þessum málum verði fyrir komið. Það virðist ekkert hafa verið athugað í sambandi við samningu frv. þessa, hver eigi að vinna að þessu. Og einmitt vegna þess virðist mér, að þeir hafi ekki gert sér grein fyrir því, eftir hvaða skipulagi eigi að útrýma villiminkunum, ef þeir ætla að festa verðlaunin fyrir það eins og gert er ráð fyrir í frv. Og hv. 1. þm. Árn. varpaði fram, sem ég tók sem grín, að rétt væri, að loðdýraeigendur borguðu kostnaðinn við útrýminguna. En gæti þá ekki verið eins rétt að láta þau héruð, sem komu af stað þessum faraldri, sem minkaplágan er, borga útrýminguna? Ég held, að það sé nokkurn veginn víst, að nágrenni Rvíkur og Árnessýsla séu einu staðirnir, þar sem sanna megi, að minkar hafi sloppið út úr búrum. Ég veit ekki, hvort hv. 1. þm. Árn. vildi, að þessi héruð væru látin borga kostnaðinn af útrýmingunni. Því að þeir, sem hafa minkabú, eru ekki sekir um þetta vegna þess, að þeir hafi þessi bú. Þeir hafa *flutt inn þessi dýr og ræktað þau með fullri heimild* og hafa stundað þessa ræktun á réttan og sanngjarnan hátt. Og ég sé ekki, að þeir menn séu sekir vegna þess út af fyrir sig, að þeir rækta þessi dýr. Í Skagafirði, Eyjafirði og Þingeyjarsýslu hefur verið stunduð minkarækt, og það er ekki vitað, að þar hafi nokkur skaði orðið af völdum minkaplágunnar. Jafnvel þó að einn og einn minkur hafi sloppið út á þessum svæðum, þá hafa þeir ekki aukið kyn sitt eða þá drepizt á einhvern hátt. Og þetta verður að taka með í reikninginn, þegar við gerum það upp við okkur, hvort við bönnum allt minkaeldi í landinu eða ekki. Sem betur fer eru það undantekningar, að um stór mistök í þessum efnum hafi verið að ræða. Og frá þessum stöðum, þar sem þau hafa orðið, hafa minkar svo breiðzt út um Árnessýslu og Borgarfjörð, — og hv. þm. einn hvíslar því að mér, að þeir séu komnir vestur í Dali, og getur það verið rétt. En það breytir engu um það, að frá þessum hreiðrum, sem ég hef getið um, er þessi faraldur kominn.

Ég er ekki viss um, að það mundi verða eins hart um það og hv. 1. þm. Árn. taldi, að verða mundi, að fá einhverja menn til að stunda minkaveiðar með allsómasamlegum verðlaunum. Við stingum þarna upp á 60 kr. fyrir hvert dýr, sem unnið er. En landbn. er að sjálfsögðu fús til breyt. á því. Því að n. er þeirrar skoðunar, að það beri að ganga svo vel frá ákvæðunum um útrýmingarstarfið í þessu efni eins og unnt er. Þó að veiddir væru eitt þúsund minkar á ári, þá væru þetta ekki nema 60 þús. kr., *sem ríkissjóði bæri að borga fyrir* það. Og þó að það yrði meira, gætu það ekki orðið nein stórkostleg útgjöld fyrir ríkissjóð, með þeim tölum, sem nú eru notaðar hjá okkur. N. er mjög til viðtals um alla slíka hluti.

Ég bjóst við, að hv. flm. frv. vildu ræða við okkur um ný ákvæði til skilgreiningar á ákvæðum frv. og um útrýmingu villiminka, og við viljum taka mjög til greina óskir þeirra í því efni. En mér virtist allur tónninn í ræðum hv. flm. vera á þann veg, að helzt ekkert væri talandi við okkur um málið og við hefðum ekkert gert nema til skemmda á frv. við afgreiðslu þess í n., og því þýddi ekkert að tala við okkur um málið. Þetta er frá mínu sjónarmiði mesti misskilningur, að taka slíka afstöðu í málinu.

Hv. þm. virtist hafa misskilið ummæli mín eða vilja misskilja þau um það, er ég talaði um, að það virtist svo, að það væri aðeins af hinu fyrst innflutta minkaafbrigði, sem minkar hefðu sloppið úr haldi hjá okkur, en að alls ekki hefði sloppið neitt af því síðar innflutta afbrigði. Og sagði hv. þm., að eðli hinna síðar innfluttu dýra væri nákvæmlega hið sama og hinna fyrr innfluttu, ef þessi dýr slyppu úr haldi. Það er rétt, að eðli þeirra má gera ráð fyrir, að sé hið sama. En ég hélt því ekki heldur fram, að síðar innfluttu minkarnir væru meinlausara afbrigði, ef þeir slyppu út. En af því að búið er að útrýma úr haldi þeirri minkategund, sem fyrst var flutt inn, er auðveldara að átta sig á því að vita, hvort sloppið hefur út af þeim síðar innfluttu dýrum. En varzlan er öruggari nú en fyrst var, svo að tekizt hefur að koma í veg fyrir, að síðar innfluttu minkarnir hafi sloppið úr haldi. Ég tel þetta mikið atriði, sem gerir það að verkum, að mér er ómögulegt að gera ráð fyrir að eyða öllum minkum úr búrum á landinu, meðan ekki er sannað, að á síðustu árum hafi minkar sloppið úr haldi. Oft er það líka, þegar farið er að þrautrækta einhverja dýrategund, að hún missir að einhverju leyti eðli sitt, sem hún upphaflega hafði. (**JörB**: Náttúran er náminu ríkari). Já, en uppeldið hefur mikið að segja líka.

Mér virðist nú, að það sé ekki eins mikið, sem skilur landbn. og hv. flm. þessa frv. eins og hv. 1. þm. Árn. vill vera láta. Og þessi langa ræða, sem hann hélt nú, var mikið til eins og sú ræða, sem hann hélt um málið við 1. umr. Má líka vera, að ýmsir hafi verið farnir að gleyma henni. En það er tilgangslaust að vera með svona hrókaræður um skaðsemi minkanna. Það vita allir, hvert aðalatriðið er í þessu máli. Hér er í raun og veru ekki deilt um annað en það, hvaða leið sé heppilegust til þess að hrinda í framkvæmd bót í þessu efni, gera það, sem bezt er, til þess að útrýma þessu villta dýri og stemma stigu fyrir tjóni af því. Og ég álít sjálfsögðustu leið til þess vera að hefja öfluga útrýmingarstarfsemi á þessu villta dýri á allan mögulegan hátt — og ég hygg, að hæstv. landbrh. sé á sama máli — og auka öryggið um, að þau dýr sleppi ekki, sem eru í haldi. Þetta ætti að mínum dómi að geta orðið til þess, að hægt væri að hafa hemil á þessum villiminkum. Ég hef ekki trú á því, að þeim verði útrýmt. En það er sjálfsagt að gera það, sem hægt er, til þess að halda þeim í skefjum, svo að tjón verði sem minnst af.

Ég vildi því fyrir hönd landbn. óska eftir því, að hv. flm. og við gætum athugað þessi mál, t. d. á milli umr., og skal ekki standa á okkur að gera breyt. á frv., sem gætu horft til enn öruggari útrýmingarstarfsemi en nú eru ákvæði um í þessu frv.-uppkasti, sem hér liggur fyrir. Og ég gat ekki sannfærzt af ræðu hv. 1. flm. um, að ekki væri eðlilegt að leggja í þessu efni nokkrar skyldur á herðar hreppsnefnda, hverrar á sínum stað, sem flm. gerði grín að, svo sem að hreppsnefndir ættu að gefa skýrslur um dvalarstað minkanna. Ég álít, að það sé alveg réttmætt ákvæði. Minkar hafast einmitt mest við á vissum stöðum, og hv. 1. þm.

Árn. nefndi einmitt dæmi um það, þar sem eru hraun og svo ár og lækir. Vitanlega er rétt, að það eigi að leggja fram skýrslur um það, hvernig aðstaða sé, þar sem minkanna verður vart. Og ég er ekki í vafa um, að útrýming á villiminkum gæti verið sport, og það þarf ekki að gera grín að því. Margir eru þannig gerðir, að þeir hafa ánægju af slíku sem þessu. Og ég veit um menn í sveit hér á landi, sem búnir eru að æfa hunda til að taka minka, að þeir hafa gaman af þessu starfi, eins og öðrum veiðum, þegar þeir komast í kast við slíka hluti. Og einmitt með því að verðlauna þetta er ýtt undir það, að þeir fái nokkuð fyrir sitt starf, sem að þessu vilja starfa, og því meir verður undir þetta ýtt, sem verðlaunin eru hærri fyrir villiminkadráp. Það hefur dálitið á því borið, að menn hafi ekki framvísað minkahræjum, sem stafað hefur af því, að menn hafa fengið meira fyrir skinnin af minkunum en svo, að þeim þætti borga sig að framvísa hræjum þeirra, miðað við 50 kr. sem verðlaun fyrir hvern mink. En þeir verða víst að skila hræinu öllu til umboðsmanns ráðuneytisins til þess að fá verðlaunin.

Ég vil ekki halda uppi löngum kappræðum um málið á þessu stigi, en vildi vænta þess, að það gæti orðið *einhvers konar samkomulag milli landbn. og* hv. flm. um þetta mál, a. m. k. um þá hluta frv., sem við erum sammála um. Og ég hefði vænzt þeirrar viðurkenningar, að þær brtt., sem við höfum gert á þeim kafla frv., *séu til bóta og stefni* að því marki, sem hv. flm. vilja stefna að í þessu máli hvað þá atriði snertir.

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Nd., 26. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Pétur Ottesen: Hv. 1. þm. Árn. (JörB), sem er jafnframt 1. flm. þessa frv., hefur nú gert grein fyrir þessu máli og reifað þetta frv. við 1. umr. og auk þess gert grein fyrir afstöðu okkar til brtt. landbn., sem m. a. felur það í sér, sem við álítum kjarna málsins, að leggja niður minkaeldi í landinu. Þetta byggist á þeirri almennu skoðun, að meðan haldið verði áfram eldi minka í búrum, þá sé vonlitið eða algerlega vonlaust, að létt verði af okkur þeim ófögnuði, sem miklum hluta af lifandi náttúru landsins stafar nú hin mesta hætta af. Við lítum enn fremur svo á, að litlu sé offrað af alþjóðarhagsmunum, þótt tekið verði fyrir minkaeldi í landinu, því að eins og hv. 1. flm. frv. hefur gert hér glögga grein fyrir, eru nú hér í eldi um 5000 kvikindi þessarar tegundar og samkvæmt því, sem vitað er um þann arð, sem af þeim er, þá veltur á litlu um þjóðarafkomuna, hvort þessari atvinnugrein er haldið við eða ekki. Hitt hefur reynslan sýnt, að afleiðingarnar af því að flytja þessi dýr inn í landið ógna okkur blátt áfram, bæði á sviðum, sem hafa fjárhagslega þýðingu, og í ýmsu því, sem bæði veitir fegurð og unað og ekki er hægt að meta til fjár — auk þess sem atvinnugreinum eins og t. d. dúntekju stafar geysimikil hætta af þessum vargi. Í því sambandi má enn fremur nefna það til, að á tímabili höfðu bændur í uppsveitum allverulegar tekjur af rjúpnaveiðum. Úr því hefur að vísu nokkuð dregið hin síðari ár og verður alltaf mismunandi frá ári til árs; en það er alveg vitanlegt, að sá tekjustofn á enga framtíð fyrir sér, ef minkaplágan verður áfram slík sem nú er, hvað þá heldur, ef hún á fyrir sér að aukast, eins og allar líkur benda til, ef ekki verður stemmd á að ósi og tekið gersamlega fyrir allt minkaeldi í landinu.

Reynslan mun sýna, að ekki er hægt að vekja trú á því meðal almennings, að herferð móti minkunum beri árangur nema því aðeins, að tekið sé fyrir minkaeldi með öllu. Hún hefur þegar sýnt, að minkar sleppa úr haldi og halda vafalaust áfram að gera það, þótt mismunandi brögð verði að því frá ári til árs. Þar kemur margt til greina annað en beinn trassaskapur minkaeigenda. Til dæmis hefur reynslan sýnt, að fárviðri og mikil snjóalög hafa eyðilagt girðingarnar og dýrin þannig sloppið, svo að vanrækslu einni er ekki um það að kenna, að þau leika lausum hala nú um byggðir þessa lands. Þetta hefur ágerzt mjög hin síðari ár, t. d. frá því ég fyrir fjórum árum flutti frv. svipað þessu. Þá var farið að bera allmikið á þessari plágu, en þó ekki neitt svipað því sem nú er.

Sá ótti, sem mönnum stafar af þessu úti um hinar víðu byggðir landsins, virðist þó ekki hafa orkað því, að sú n., sem hefur haft þetta mál til meðferðar — *og hefur enn* —, hafi dregið af því þá lærdóma, sem vonazt var til. Árið 1943 fékk frv. ekki góðan byr í landbn., og lagði meiri hluti á móti því. Þó var einn maður í n. þá, sem studdi frv. *öfluglega, enda þótt við yrðum að lúta í lægra* haldi. Nú virðist það, sem gerzt hefur síðan, verka alveg öfugt á þennan hv. þm. við það, sem búast mátti við, því að hann hefur gengið í lið með þeim, sem eru á móti því að gera þær ráðstafanir, sem þarf til að stemma á að ósi. Ef minkaeldi hefði ekki verið tekið hér upp, værum við lausir við þessa plágu, og satt að segja höfðum við nóg af plágum fyrir, sem hafa skapað okkur mikla erfiðleika, þótt þessi kæmi ekki þar til viðbótar.

Ég vil í sambandi við það, sem notað hefur verið af hv. n. sem rök gegn samþykkt þessa frv., segja nokkur orð. En rökin eru þau, að nú sé svo vel frá búrunum gengið, að engin hætta sé á því, að dýrin sleppi, og því sé ástæðulaust að gera þær ráðstafanir, sem felast í frv. Það er nú um þetta að segja, að þeir, sem þekkja hætti þessara dýra, m. a. í því að komast inn í hænsnabú, og vita, hve torvelt er að búa svo um þær byggingar, að þau komist þar ekki inn, hljóta að ugga mjög um, að ekki sé heldur öruggt, að svo verði girt fyrir minkana, sem leita frelsisins af náttúruhvöt, að þeim verði haldið. Í þessu efni er reynslan ólygnust. En hið sama er og upp á teningnum hjá vísindamönnum á þessu sviði, sem hafa kynnt sér hætti þessara dýra annars staðar. Þeir telja, að engan veginn verði svo búið um þessi dýr, að öruggt sé. Og á meðan svo er, að haldið er áfram minkaeldi hér í ótryggum girðingum og dýrin halda áfram að sleppa, þá er minkaplágunni haldið við, hvað sem allri útrýmingarstarfsemi líður, og þeir halda áfram að njóta frelsisins úti í náttúrunni með þeim margháttuðu lífsskilyrðum, sem hún hefur að bjóða.

Ég vil í því sambandi benda á, hvað hinn glöggi náttúrufræðingur, Guðmundur Bárðarson, sagði um þetta á sínum tíma, eftir að hafa kynnt sér mjög rækilega, hvernig til hagar um þetta annars staðar. Ég þarf ekki að lýsa því, að hann hafði getið sér

mikinn orðstír sem framúrskarandi athuguli náttúrufræðingur og bæði vakið athygli á þessum hæfileikum sínum hér heima og einnig í nágrannalöndunum í gegnum skrif sín, sem birtust víðs vegar í náttúrufræðiritum. Hann segir um þetta atriði, og máske vill hv. landbn. leggja eyrun við, og æskilegt væri, að hv. atvmrh. hefði líka tækifæri til að fylgjast nokkuð með umr. um þetta mál og m. a. því, sem ég kann að segja um ræðu hans fyrir tveimur dögum. Hann er ekki hér í d., og máske hefur hann ekki tækifæri til þess, og verður þá að hafa það, þó að það skaði, að hann skuli ekki geta verið við. Það er alkunnugt, að Guðmundur Bárðarson varaði ákaflega og eindregið við því, að minkaeldi væri tekið upp hér á landi, því að hann taldi vonlaust, að hægt yrði að halda dýrunum örugglega innan girðinga, og það hefur reynslan staðfest eftirminnilega. Ég get hér um tvö atriði, sem tekin eru úr grein hans, sem hann skrifaði um minkinn. Þar segir m. a.:

„Það er engin leið að hafa svo öruggt eftirlit með vörzlum minkanna á mörgum uppeldisstöðvum, að eigi geti út af borið.“ Reynslan hefur sýnt átakanlega, að þetta er rétt. Í öðru lagi segir Guðmundur:

„Ég tel það mjög misráðið að leyfa að flytja hingað slík dýr sem þessi af marðarættinni. Væri hyggilegast að banna allan innflutning á sundmörðum, en hafa þann stofn, sem þegar er kominn hingað, í strangri gæzlu, þangað til hann verður upprættur, og þyrfti það að verða sem fyrst.“

Þetta eru nú aðvörunarorð þess lærða og athugula náttúrufræðings, sem gert hafði sér sérstakt far um að kynna sér hætti þessara dýra af því, að minkarækt hafði verið tekin upp hér. Og þegar reynslan hefur sýnt réttmæti þessara orða, er harla einkennilegt, að ekki skuli vera hægt að koma fram hér á Alþ. alveg nauðsynlegum ráðstöfunum til þjóðþrifa, til að draga úr og helzt að útrýma plágunni.

Eg get ekki gert mikið úr því, sem mjög er vikið að í nál., að reynslan af þeim villiminkum, sem unnir hafa verið á undanförnum árum, sýni og sanni, að þeir séu allir af þeirri tegund, sem fyrst var flutt til landsins, og af því megi draga þá ályktun, að nú sé farið að búa svo örugglega um minkabúrin, að dýrin séu hætt að sleppa út á síðustu árum. Ég get ekki lagt mikið upp úr þessu því að ég held, að þó að loðdýraræktarráðunautur sé allur af vilja gerður, þá hafi hann mjög lélega aðstöðu til að dæma um þetta. Til þess hefði hann þurft að skoða öll dýrin, sem unnin hafa verið, en hann hefur ekki getað skoðað þau öll. Ég held, að hann hafi ekki komizt í náið samband við mörg af þeim hræjum, sem unnin hafa verið um land allt. Þessu hefur ekki verið haldið til haga að öðru leyti en því, að þegar dýrin hafa verið unnin á þeim tíma, þegar skinnin eru nothæf, þá hafa skinnin verið tekin og þeim komið í verð. Þess vegna hafa öll slík dýr farið fram hjá honum. Í öðrum tilfellum hefur ekki þurft að sýna önnur sönnunargögn en skottin, sem munu afhent oddvitum og tekin af þeim sem næg sönnunargögn. Hefur og gengið á ýmsu um varðveizlu skottanna. Þau eru daunill, þegar þau hafa ekki verið verkuð sem bezt, og býst ég við, að oddvitar séu ekki geymnir á þau, en séu teknir trúanlegir um tölu þeirra. En ef skottin eru send til Rvíkur, hver vill þá ábyrgjast eftir dúk og disk, þegar skottin eru orðin þvæld og rotin, að þau séu óyggjandi sannanir fyrir því, hvaða afbrigði minka sé um að ræða. Ég held því, að þetta sé fyrirsláttur einn með tegundina, sem ekki hafi við nein raunhæf rök að styðjast og sanni því ekki neitt. Í fyrsta lagi eru skinnin seld, þegar það er hægt, en ekki send loðdýraræktarráðunautnum, og í öðru lagi eru skottin lítil sönnun fyrir kynferði og afbrigði. Ég held því, að þessar ástæður, sem færðar hafa verið móti frv., hrynji um sig sjálfar. Þær geta engan veginn slegið því föstu, að dýr hafi ekki sloppið úr búrum að undanförnu eins og í upphafi. Ég sé ekki annað en þeir, sem byggja andstöðu sína gegn 1. gr. frv. á þessum forsendum, séu algerlega afvopnaðir, hvort sem þeir ætla að láta sér segjast við það eða þeir ætla að berja höfðinu við steininn. Því að það leiðir af sjálfu sér, að ef þeim er alvara með að afstýra þessari plágu, þá verður að banna allt minkaeldi, því að það er undirstaðan undir því, að nokkurs megi vænta af þeirri herferð gegn villiminkunum, sem þeir vilja þó hefja. Að öðrum kosti er hún unnin fyrir gýg. Ég vil gjarna minnast á það, sem kemur fram í breytingum n. um útrýmingu villiminkanna. Það er ástæða til þess út af fyrir sig að fagna því, að n. vill leggja í herferð gegn þeim minkum, sem lifa frjálsir í náttúrunni, þó að það sé, eins og ég hef lýst, engan veginn einhlítt. Eða hvaða yfirburði hafa brtt. n. fram yfir frv. og það, sem nú er gert í þessum efnum? Í frv. okkar hv. 1. þm. Árn. er kveðið svo á í 3. gr., að ráðh. setji reglugerð um framkvæmd l., svo sem um eftirlit með eyðingu villiminka samkvæmt 1. gr. og um það, hverra sannana beri að krefjast fyrir drápi villiminka, til þess að verðlaun megi veita. Í reglugerð skulu enn fremur sett ákvæði um viðurlög fyrir brot gegn 1. gr., þar á meðal um upptöku dýrastofns og búra, og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála. En ef við berum 2. gr. samkv. brtt. n. saman við það, sem nú er gert, hver er þá munurinn? Ég vil segja hæstv. atvmrh. það til hróss, að hann hefur tekið sig fram um að gera ráðstafanir til að gera árás á þennan ófögnuð, þar sem hann er frjáls úti í náttúrunni, og af því að hæstv. ráðh. er nú kominn hér í d., en hlustaði ekki á fyrri hluta ræðu minnar, sem ég sé enga ástæðu til að fara að endurtaka, þá vil ég aðeins segja það, að við flm. teljum alveg vonlaust um, að ráðið verði niðurlögum minksins þar, sem hann lifir frjáls, nema minkaeldi verði með öllu bannað.

Þá er að bera þetta saman við það, sem hæstv. ráðh. hefur talið sér fært að gera nú. Það er tekið upp, að greidd verði 60 kr. verðlaun fyrir hvert unnið dýr, og er kveðið svo á, að loðdýraræktarráðunautur skuli vera höfuðsmaður þessarar herferðar samkvæmt till. n. Það, sem á milli ber, er, að hreppsn. eiga eingöngu að hafa útrýminguna með höndum í framkvæmd. En landbn. og atvmrh. hafa hvorki farið fram á það við Alþ. að fá aukið vald eða betri aðstöðu í þessum efnum, en af því að ég veit, að hæstv. ráðh. hefur áhuga á eyðingu þeirra dýra, sem lifa frjáls, þá tel ég, að hann mundi hafa farið fram á það vald, ef hann teldi sig ekki hafa það. Hann virðist gera ráð fyrir, að allt sé hægt að gera, sem n. gerir ráð

fyrir, en ég hef enga trú á, að það sé hægt meðan gengið er á snið við ráðstafanir 1. gr. Ég vil taka fram, að það, sem n. vill gera, bætir ekki fyrir þá höfuðsynd hennar að vilja ekki taka fyrir minkaeldið, og það nær ekki tilgangi sínum, þó að það geti e. t. v. dregið úr mestu plágunni á stöku stað. En sú leið er eftir sem áður opin, að meira eða minna sáldrist út af dýrum þessum, og því óskiljanlegri er þessi afstaða landbn. og ráðh., þegar athugað er, hve litlu þarf að offra til að fá grundvöll til að standa á og létta af plágunni. Það eru ein 5000 dýr, sem verið er að verja; það er nú allt og sumt. Sá stofn getur að vísu vaxið, en honum getur líka hrakað frá því, sem nú er. Ég skil því ekkert í þessari afstöðu.

Hv. 1. þm. Árn. minntist á eitt, sem sýnir ákaflega vel veika aðstöðu þeirra, sem verja minkaeldið, og það er það, að minkaeigendur hafa kropið ár eftir ár fyrir Alþ. og beðið um að fá afnuminn toll á þessum dýrum á þeim grundvelli, að framleiðslan þyldi ekki að greiða hann. Þetta sýnir vel, hve arðvænlegan atvinnuveg hér er um að ræða. Og ég vil í sambandi við aðra plágu, fjárpestirnar, minna á, að nú hefur verið algerlega tekið fyrir þann innflutning. Það var talið nauðsynlegt, ekki aðeins að hætta við að geyma fé í girðingum í landi og ekki að geyma það innan steinveggja í landi, heldur geyma það í eyðiey. Það eitt var talið öruggt, og það í eyðiey svo langt frá landi, að engin tök væru á, að skepnurnar gætu synt í land. Og við skulum þar að auki bera saman fimi sauðkindarinnar og fimi minksins, og þegar það er athugað og hitt, að engin geymsla í landi er talin örugg fyrir búfé, þá sjá allir, hvílíkt regindjúp er staðfest milli þessara ráðstafana. Ég skil sannast að segja ekkert í því, að sama n., sem á sama þingi gerir fyrrgreindar ráðstafanir gagnvart sauðfé, skuli þrjózkast við að banna minkaeldi í landi. Í þessu er hrópandi ósamræmi, og er undarlegt, að slíkt skuli koma fyrir á Alþ., sem á að vera valinn hluti þjóðarinnar. Annað atriði er það, sem er vægast sagt einkennilegt fyrirbrigði, að n., sem leggur fram viturlegar till. í flestum eða öllum málum nema þessu, skuli berja höfðinu svo við steininn sem raun ber vitni.

N. hefur leitað álits ýmissa aðila utan þings, og er ekkert við því að segja út af fyrir sig. Það stendur hér í nál., að hún hafi leitað umsagnar Loðdýraræktarfélags Íslands, loðdýraræktarráðunauts, tilraunaráðs búfjárræktar og Búnaðarfélags Íslands. Það má teljast eðlilegt, að leitað hafi verið álits aðalstofnunar landbúnaðarins í landinu, Búnaðarfélags Íslands, enda hefur það skipazt svo, að meiri hluti stjórnar þess leggur til, að frv. okkar verði samþ. Það var nú fyrir fram vitað um álit loðdýraræktarráðunauts, en þó var rétt að leita þess formlega, og hefur reynslan orðið létt á metunum hjá honum. En hvað er þá um Loðdýraræktarfélagið? Jú, það má vel vera, að rétt hafi verið að leita álits þess. Og hvaða sérstöðu hefur tilraunaráð búfjárræktar í þessu máli? Ég get ekki verið að nefna minkinn búfé. (**Menntmrh.**: Er hann það ekki?). Ja, þarf hæstv. menntmrh. að bera fram svona spurningu? Mér dettur ekki í hug að líta þannig á. (**StgrSt**: Víst er hann það.)

Ég vil þá taka upp aðrar hliðar á þessu máli og minna á það, að n. hefur ekki dottið í hug að fara út fyrir Rvík um álit á þessu. Náttúrlega má segja, að farið hafi verið út fyrir Rvík í einu tilfelli, en það er, þegar leitað er til Búnaðarfélags Íslands, því að allir stjórnarnefndarmenn Búnaðarfélags Íslands eiga heimili utan Rvíkur, þó að þeir eigi heima í næsta nágrenni Rvíkur. En það vill svo til, að stjórnarnefndarmenn Búnaðarfélagsins, sem heima eiga utan Rvíkur og í næsta nágrenni, leggja eindregið til, að frv. verði samþ. Allir hinir aðilarnir, sem spurðir hafa verið, leggjast á móti því, enda eru sumir þeirra beinir þátttakendur í minkaeldi. Ég nefndi hér nafn eins manns, sem frsm. vildi mæla gegn, að væri minkaeigandi. Ég dró þá ályktun af því, að hann er félagi þeirra manna, sem hafa ritað Alþ. út af þessu. M. ö. o., landbn. hugkvæmdist ekki eða taldi ekki þörf að leita álits annarra en þeirra, sem búsettir eru í Rvík, að undanteknu því, sem ég talaði um stjórnarnefndarmenn Búnaðarfélags Íslands. Það er þó sannarlega í Rvík, sem minnst hætta er á því, að minkarnir geri usla, þó að það hafi komið fyrir í einu tilfelli, að minkur hafi komizt inn á Hótel Borg. Af því varð mikið uppistand. Væri þó ef til vill minni hætta á því, að minkar gerðust hættulegir á veitingahúsi, og er trúlegra, að það lægi þá næst í samkvæmislífinu að krefjast þess, að minkarnir væru samkvæmishæfir. Þeir ættu að geta orðið það með tímanum. Mér þykir það undarlegt, að úr því að n. leitaði út fyrir Alþ., skyldi hún ekki leita til annarra aðila en búsettra í Rvík. (**StgrSt**: Hvers vegna þá það?). Minn málstaður þolir það vel, að gripið sé fram í fyrir mér, og er ég tilbúinn að taka við því.

Ég benti á það áðan, að afstaða landbn. væri í þessu máli alveg í hróplegri mótsögn við það, hvernig hún hafði hagað sér í sams konar tilfelli í öðru máli. Það var annað mál, sem n. þótti ástæða til að senda út fyrir Alþ. og sendi til umsagnar búnaðarsambandanna úti á landi, og það sama hefði verið eðlilegt að gera í þessu máli, því að það er úti á landi, sem hætta stafar af minkafaraldrinum. Þess vegna er einmitt ástæða til að leita álits manna úti um hinar dreifðu byggðir landsins, og til fyrirsvars væru að sjálfsögðu búnaðarsamböndin. Álits þeirra hefur ekki verið leitað, og við skyldum bara sjá, ef þetta hefði verið gert, hvort svörin hefðu ekki verið nokkuð lík og hjá dreifbýlismönnunum, sem stjórna Búnaðarfélagi Íslands. Það þurfti að fá svör utan af landsbyggðinni um þetta mál. Það hefur ekki verið gert, og þess vegna er ekki hægt að leggja neitt upp úr þessum svörum á þá lund, að bak við þau liggi almannavilji eða vilji þeirra manna, sem eru í varnarstöðu gagnvart þessari minkaplágu.

Ég ætla ekki út í það að lýsa því, hvílíkur voði hér er fyrir dyrum. Hv. 1. þm. Árn. (JörB) gerði þetta rækilega. Hér er um mikla tortímingu að ræða. Fuglalíf hefur látið mikið á sjá á þeim stöðum, þar sem minkaplágan er, og stefnir víða til eyðingar á fuglum, bæði þeim, sem dvelja hér árlangt, og þeim, sem dvelja hér sumarlangt, og ætli okkur þætti ekki tjón að því að hafa misst af þeim unaði og þeim nytjum, sem við höfum af fuglalífinu? Það eru líka æðimiklar dúntekjur, sem eru í voða. Ég vildi, að nm. hefðu getað komið í litla hólmann minn; þá hefðu þeir getað séð æðarkollurnar, sem minkarnir voru búnir að draga í hauga,

og hreiðrin auð. Krían er harðger fugl, en einnig hún er að láta undan síga fyrir minknum.

Ætli mönnum bregði ekki við, þegar þeir sjá, að fiskistofninn í ám og vötnum fer að minnka einmitt á þeim tíma, þegar verið er að gera ár landsins miklu verðmeiri en áður var með skynsamlegri löggjöf. Einmitt þegar verið er að gera náttúrugæði landsins verðmeiri fyrir þjóðina, samtímis því sem verið er að friða vötnin og auka fiskstofninn, þá eyðir minkurinn því, sem verið er að vinna upp.

Ég vil nefna Mývatnssveitina, þar sem sveitafólkið hefur haldið mestri tryggð við byggð sína. Ætli það yrði ekki dálitið erfitt fyrir þetta fólk, ef frá því yrði tekið það bjargræði, sem felst í fiskveiðum í Mývatni, og það bjargræði, sem leiðir af andavarpinu við Mývatn. En þetta hvort tveggja liggur fyrir eyðileggingu, ef minkaplágan verður ekki stöðvuð. Ég tek þetta sem dæmi, en það er líka Þingvallavatn og fleiri vötn, sem eru mikill liður í lífi og afkomu þessarar þjóðar, en gegn þessari sjálfsbjargarviðleitni og þessari hagnýtingu er unnið með hinni vaxandi minkaplágu.

Ég sé nú, að hæstv. landbrh. hefur brostið þolinmæðina, en nú er ég einmitt kominn að þeim hluta ræðu minnar, sem ég vildi beina að honum, en hann er ekki hér við, og gæti ég þá minnzt á annað á meðan.

Hv. frsm. landbn. (StgrSt) var að segja, að ef til vill gæti orðið sport úr þessum minkaveiðum. Það er margt á þessu landi, sem má tileinka sporti, en ég vil segja það, að þetta verður dýrt sport, og ég held, að við ættum að gera allar hugsanlegar ráðstafanir til að víkja frá þeim beiska kaleik að gera minkaveiðar að sporti í landinu.

Hv. frsm. (StgrSt) var að tala um það, hverjir væru sekir í þessu efni, og að þeir, sem væru sekir, ættu að greiða kostnað þann, sem af því leiðir að útrýma minkunum. Já, hverjir eru sekir? Það er sagt, að sá valdi mestu, sem upphafinu veldur. Og hverjum er það að kenna, að tekið var upp minkaeldi í þessu landi? Er það ekki Alþ. að kenna, að slíkt skuli hafa verið leyft? Það var Alþ., sem leyfði þetta, þrátt fyrir þá viðvörun, sem ég hef hér bent á. Svo að það má segja, að jafnframt því, sem sektin liggi hjá þeim, sem hleyptu dýrunum út, þá sé höfuðsektin fólgin í því að hafa nokkurn tíma leyft þetta minkaeldi í landinu. Það er þess vegna fyrst og fremst Alþingis að taka á sig ábyrgðina af þessari sekt og gera það með því að kveða niður þennan ófögnuð og með því að samþykkja frv. okkar 1. þm. Árn. (JörB), — ef ekki eins og það liggur fyrir, þá með einhverjum umbótum.

Við gætum líka talað um það, hverjir eru sekir í sambandi við innflutninga á sauðfjársjúkdómum. Hver er sekur þar? Ætli það megi ekki líka færa það á reikning Alþingis, að það hafi ekki verið nógu varasamt gagnvart þessum hlutum. Alþingi hafði líka góðar leiðbeiningar í þessum hlutum, meðan Magnúsar Einarssonar dýralæknis naut við, því hann sparaði ekki að benda á það, að erlendir stofnar gætu flutt með sér sjúkdóma til landsins. Svo vitum við, að það þýðir ekki að tala um sekt við einstaklinga, af því að þeir hafa ekki bolmagn til að standa undir þeirri sekt. Tjónið af því er svo miklu meira en svo, að þeir séu borgunarmenn fyrir því. Þess vegna þýðir ekki að tala um bætur, hvorki við seka né saklausa. Þetta verður að ganga út yfir alþjóð. Og það verður að vera frá þeim almannasjóði, sem til þess var ætlaður, jafnframt því sem við verðum að byggja á áhuga, dugnaði og framtaki þeirra einstaklinga, sem hér eiga hlut að máli. En við verðum líka að leggja málin þannig fyrir þessa einstaklinga, að þeir geti unnið að þeim, og það verður ekki gert nema reynt sé að vinna gegn þeim plágum, sem hafa heimsótt okkur.

Hæstv. ráðh. (BÁ) er ekki kominn í sjónmál enn þá, og af því mig langaði að tala nokkur orð við hann, verð ég að gera það.

Mér þótti ákaflega einkennileg rökfærsla koma fram hjá hæstv. landbrh. í ræðu, sem hann flutti hér, þegar hann var að gera grein fyrir afstöðu sinni. Hann vildi ekki banna minkaeldi, heldur vildi hann snúa sér að því að eyðileggja alla villta minka, en svo vildi hann, að ef það tækist að ganga milli bols og höfuðs á þessum villtu minkum, þá yrði farið að drepa í búrunum. Þetta er einkennileg rökfærsla hjá hæstv. ráðh. Hann vill ganga út frá því, að hægt sé að halda þeim inni, en þó vill hann láta fara í að drepa þá niður. Felur þetta ekki í sér yfirlýsingu um, að ekki sé hægt að búa svo um minkana, að öruggt sé? Annars er þetta meiningarlaust hjá hæstv. ráðh. (StgrSt: Þetta er slitið úr samhengi). Nei, þetta er ekki slitið úr samhengi. Ég skrifaði þetta eftir honum. Hv. frsm. þarf ekki að smeygja sér inn í þetta. Það er nóg, sem okkur fer á milli.

Hv. frsm. (StgrSt) vildi gera lítið úr því, sem hv. 1. þm. Árn. (JörB) hélt hér fram, að við hefðum fregnir um, að lömbum væri ekki óhætt fyrir minkinum. Hann benti á dæmi úr Borgarfirði og hafði þetta úr bréfi til mín frá fyrrverandi oddvita Hálsahrepps, sem er mjög skýr og glöggur maður og fer ekki með neitt fleipur. Hann hefur á þessu fullan grun. Hv. frsm. (StgrSt) sagði, að þetta gæti átt sér stað um eitt lamb eða svo. En ef minkur drepur eitt lamb, ætli hann gæti þá ekki drepið fleiri? Og það er vitað, að hann drepur fleiri. Ég hef umsögn um það frá góðum bónda sunnan af Vatnsleysuströnd, að þar hafi hann drepið 2 lömb. Við skulum athuga, að enn hagar svo til, að hann hefur nóg æti. Það er enn þá mikið eftir af fuglum og fiskselðum, en það getur vel rekið að því, að þessi magafylli hans fari þverrandi, og það skal enginn halda, að minkurinn hætti við bráð sína, þótt hann þurfi eitthvað meira fyrir henni að hafa en þegar hann er að fanga fugla og fiskseiði. Hvað segir Guðmundur Bárðarson um þetta í viðvörunarskjali sínu til Alþ.? Hann segir:

„Einnig er hætt við, að unglömbum stafaði hætta af sundmörðunum, og mundi þá fjármönnum reynast miklu örðugra að verja unglömbin fyrir þeim en tófunum. Það er kunnugt um hreysikettina, náfrændur sundmarðanna, að þeir ráðast oft á miklu stærri dýr en þeir eru sjálfir, halda sér þar föstum, bíta á hálsæðarnar og drekka blóð þeirra, unz þau hníga í valinn á flóttanum.“

Já, við skulum bara ekkert gera lítið úr þessari hættu, sem þarna er, og það er miklu betra og hyggilegra að hafa vaðið fyrir neðan sig í þessu efni en að bíða þess, að miklu meira tjón hljótist af. Ætli við mundum ekki hrósa happi núna, ef við hefðum verið fyrr á verði gagnvart sauðfjár-

sjúkdómunum? Ég er jafnvel bær um það og hv. frsm. að segja, hvílík plága sauðfjársjúkdómarnir hafa verið þessu landi, hvaða ráðstafanir er hægt að gera og hvað skammt er hægt að komast með þeim fjárframlögum, sem til þess hafa farið. Stynja ekki sveitirnar undir þessari plágu, þrátt fyrir þær milljónir, sem í þetta hafa farið úr ríkissjóði? Já, við ættum að vita þetta, sem fyrir stríð áttum allgott fjárbú, en erum nú að berjast fyrir fáeinum helsjúkum sauðkindum. (**StgrSt**: Er það líka minkunum að kenna?). Ónei, ég tek þetta sem dæmi. Ég veit, að það er ekki af vitsmunaskorti, að frsm. er að reyna að slá sliku fram, en hann heldur, að með þessu geti hann ruglað rökin fyrir mér. En af því að þetta hefur lent meira á mér en honum, kann ég að vera viðkvæmari fyrir því en hann. Ég hafði að vísu ekki miklar tekjur af þessum varphólma mínum, en mikla unun hefur hann fært mér og mínu heimili, sem nú er afnumin, og ég met það til allmikils fjár.

Hv. frsm. var að beita hv. 1. þm. Árn. (JörB) sömu brögðum og mig, að grípa fram í fyrir honum. Hann minntist á álftir. Ég skal benda á það, að hæstv. atvmrh. flutti hér frv. um það að ófriða álftirnar, með tilliti til þess, að þær hefðu skemmt í sínu kjördæmi og víðar. Ég skal ekki bera þetta saman. Ég var ekki þátttakandi í þessu, en ég get minnt á það líka, úr því að farið var að draga það inn í umr.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en mér hefur sannarlega þótt þetta mál þess vert að leggja það á mig að segja hér nokkur orð um það. Mér er fyrir löngu ljóst, hver hætta er hér á ferðum í sambandi við þetta mál, eins og mér er það ljóst, að það verður ekki með úrslitaárangri gengið að þessu máli á öðrum grundvelli en þeim, að það tvennt verði gert, sem í frv. okkar felst: Að banna með öllu minkaeldi í landinu og koma í veg fyrir, að minkurinn breiðist út villtur úr þeim búrum, sem hann er geymdur í, og svo hitt, að ganga til verks um það að gera hreinsun og reyna að velta af sér þessari geigvænlegu plágu. Og ég vildi nú mega vona það, að þrátt fyrir andstöðu n. mætti það takast að ganga þannig frá þessum málum. Náttúrlega væri langæskilegast, að samkomulag gæti tekizt milli okkar flm. og n. um þetta mál, þrátt fyrir að það er komið á þetta stig. Hv. frsm. var að bjóða upp á samkomulag í því efni, og það stendur vitanlega ekki á okkur flm. frv. En það samkomulag hlýtur vitanlega að verða háð því af okkar hálfu, að það, sem er aðalatriðið í þessu máli til öruggs árangurs, sé ekki skert, og okkur þætti mjög vænt um, að umr. gætu tekizt upp á ný, og hefði það kannske mátt vera fyrr en hér í d., að við hefðum rætt um þetta saman. En hv. n. hefur aldrei kvakað til okkar til viðræðna við sig um þetta mál. Það er fyrst eftir að það er komið inn í d., sem hv. frsm. hefur boðið upp á samtöl í sambandi við þetta mál, og þau eru fullkomlega til reiðu af okkar hálfu.

Jón Pálmason: Herra forseti. Mér þykir rétt að segja hér nokkur orð um þetta mál, sem hér er til umr. í þriðja eða fjórða sinn í svipuðu formi.

Ég skal taka það fram, að þegar menn eru að ræða einhver stór vandamál, er það virðingarvert af hverjum þeim, sem vill reyna að fá úrbót í þeim efnum. Það er síður en svo, að ég vilji fara að þræta við hv. flm. um þá skaðsemi, sem af þessum dýrum stafar, því að sannleikurinn er sá, að flest, ef ekki allt, sem þeir hafa um það sagt, er á réttum rökum reist, því að hér er um að ræða landplágu, sem er í uppsiglingu og er þegar komin yfir mörg héruð. En það má segja um þessa hv. þm., eins og oft vill verða bæði hér á hæstv. Alþ. og annars staðar, að þeir hafa vaknað nokkuð seint í þessu máli, því að saga málsins er sú, eins og síðasti ræðumaður vék að, að upptök þessarar plágu eru þau, að á árunum 1929—1930 var samþ. hér á hæstv. Alþ. og beitzt fyrir því af Framsfl. að senda einn þm. þess flokks út, með ríflegum styrk, til þess að kynna sér loðdýrarækt og flytja inn dýr. Það er fyrsti innflutningurinn af þessum minkum hingað til lands. Ég hygg, að það hafi verið á árinu 1930, sem þessi hv. þm. flutti þá inn. Og það þótti þá svo mikils um vert, að hér væri verið að stofna nýjan atvinnurekstur, að aðkomumönnum, sem komu hingað til Rvíkur, var boðið austur að Ölfusá til þess að sjá þessi merkilegu dýr; og það hittist svo á, að það var í fyrsta sinn sem ég kom á þann stað, því að mér var boðið í þessa ferð. Ég var ekki hrifinn af því að sjá þessi kvikindi, sem þá voru þarna í lélegri girðingu inni í hlöðu. Reynslan hefur svo orðið sú, að sú framkvæmd, sem þarna átti sér stað, sem er gerð, eins og síðasti ræðumaður vék að, í andstöðu við aðvaranir okkar helzta náttúrufræðings, Guðm. Bárðarsonar, hefur orðið mjög mikið óhappaspor, því að reynslan hefur sýnt, að þessi starfsemi var byggð á fullkominni fáfræði. Ég veit ekki, hvort þessir tveir flm. þessa frv. hafa greitt atkv. með þessum ráðstöfunum hér á Alþ. Ég hef ekki getað fundið atkvgr. upp á nöfn um það, hverjir hafa fylgt þessari fjárveitingu, sem svo mikið illt hefur af hlotizt. En það er a. m. k. óhætt að segja, að ekki er hægt að ásaka núverandi form. og form. landbn. um þetta mál, því að hann var ekki kominn á þing þá, enda hefði ég trúað honum betur en mörgum öðrum til að standa þar á móti. En það hefur komið í ljós, að einmitt af þessum minkastofni eru allir þeir villiminkar, sem veiddir hafa verið á undanförnum árum. Ég verð að segja það, að ég hef, eins og síðasti ræðumaður vék að, verið því fylgjandi að undanförnu, að minkaeldi væri bannað, og sannleikurinn er sá, að ég teldi það mjög litlu til kostað að banna eldi á minkum, ef ég hefði nokkra trú á því, að með því væri þetta vandamál leyst. En því fer mjög fjarri, að svo sé, því að hér er í rauninni byrjað á öfugum enda hvað þetta snertir, og að vissu leyti hafa komið fram ný gögn í þessu máli frá því að það var til umr. í fyrra. Það kom í ljós 1943 og 1946, að ekki voru nema örfáir menn í þessari d., sem voru því fylgjandi að banna minkaeldi að fullu, en það hafðist þó upp úr meðferð þessa máls á þinginu í fyrra, 1946, að l. um loðdýrarækt var breytt á þá lund, að hert var á ákvæðunum um varnir í þessu efni. Og sannleikurinn er sá, að það má segja, að það sé hálfgerður skrælingjaskapur, að ekki skuli vera hægt í okkar landi eins og öðrum löndum að hafa loðdýrarækt án þess að af því stafi sú hætta, að þessi dýr sleppi úr því haldi, sem þau eiga að vera í. Í þeim l., sem sett voru á þingi í fyrra til breyt. á loðdýraræktarl., eru ákvæði til frekari tryggingar því, að ekki verði sleppt dýrum

úr búrum, og eitt af því, sem ég tel mikils virði í því efni, er það, að hverri hreppsn. er gefið vald til þess að taka leyfi af loðdýraeiganda, ef hann vanrækir nokkuð af þeim reglum og fyrirmælum, sem um þetta eru sett. Að þessu leyti horfir málið öðruvísi við en var í fyrra, því að það vannst þó þarna töluvert mikið á. Í öðru lagi liggja fyrir upplýsingar um það, að á síðasta ári voru veiddir 800 villiminkar, og það er staðhæft af þeim, sem með það hafa haft að gera, bæði loðdýraræktarráðunaut og þeim, sem hafa haft eftirlit með því, að þeir villiminkar séu allir af þeim stofni, sem sá fyrrverandi þm. flutti inn, sem ég gat um áðan, en það sé ekkert af þeim minkastofni, sem nú er ræktaður hér í landi. Það er ekki einu sinni, að það sé svo mikið til af þessum dýrum eins og hv. síðasti ræðumaður telur, því að samkvæmt upplýsingum voru 1947 ekki nema 1600 fullorðin dýr í búrum, en hann hefur kannske talið hvolpana með. Nú er því þess vegna ekki til að dreifa, að um það sé að ræða í þessu sambandi, og það, sem er aðalatriðið, er það, að gera allt sem unnt er til þess að útrýma villiminkum. Ég vil ekki segja, að ég hafi mikla trú á því, að þetta takist, en það bætir ekki mikið úr í því sambandi, þó að drepnir séu þeir minkar, sem í búrum eru, eftir að það er upplýst, að það hefur verið stórkostleg framför í aðhaldi varðandi þessi efni og ekki sannað, að það hafi sloppið neitt af þeim minkategundum, sem nú eru í haldi. Við höfum í þessum efnum mjög greinilegan samanburð í þjóðlífi okkar, því að þótt það sé eldri samanburður, þá er hann alltaf gildandi. Sá samanburður er við hið alþekkta íslenzka dýr, fjallarefinn, sem hefur verið plága fyrir íslenzka bændur og íslenzka sauðfjáreigendur í margar aldir. Þar er svo ástatt, að það eru ekki miklar líkur til þess taldar, að hægt verði að útrýma því dýri, og ég held, að við værum ákaflega lítið nær því marki, útrýmingu á þeirri plágu, þó að drepnir væru allir þeir refir, sem nú eru ræktaðir í búrum hjá loðdýraeigendum hér á landi. Mér finnst þarna um beina hliðstæðu vera að ræða, þar sem er refurinn annars vegar og minkurinn hins vegar. Hvort tveggja eru skaðræðisdýr fyrir annað dýralíf í landinu, fyrir landbúnaðinn er óhætt að segja. En það er það, sem hér er um deilt, hvort það sé aðalatriðið að drepa það af þessum dýrum, sem eru í haldi, en hafa jafnframt litla eða enga von um að geta útrýmt þeim dýrum, sem tjónnu valda og villt eru í okkar náttúru. Nú höfum við þær fregnir frá Noregi, sem er hvað líkast okkar landi, að þar sé verið að efla mjög mikið minkarækt *með styrk úr ríkissjóði. Ég veit ekkert um það með* neinni vissu, hvort farið hefur eins ógæfulega fyrir Norðmönnum og Íslendingum, að svo klaufalega hafi verið að þessum málum farið, að sloppið hafi mjög mikill hluti af þessum dýrum og þau séu orðin plága í landinu, eins og hér er orðið. En ef það er ekki, þá sýnir það, að Norðmenn eru varkárari í þessum efnum en Íslendingar, enda er hér eftirlits vant um marga hluti. Þessi plága, sem hér um ræðir, er karakúlplága nr. 2 og upp.unnin á líkan hátt og síðasti ræðumaður vék að. Ég hef fyrir mitt leyti ekki trú á því, að það sé aðalatriðið í þessu máli að útrýma þeim minkum, sem hér eru í búrum. En ef hægt væri að setja þar einhverjar frekari ráðstafanir en gert var með l. í fyrra, þá skal sízt standa á mér, að svo miklu leyti sem ég hef aðstöðu til að standa þar með. En ég sá ekki, eins og nú standa sakir, að það hefði beina þýðingu að fara að kljúfa landbn. út af þessu máli vitandi það, að engin von var um, að frv. næði fram að ganga, en það er miklu meira virði að fá um það lögfest, að hér yrðu gerðar miklu ýtarlegri og öruggari ráðstafanir til þess að útrýma hinum villtu minkum en gert hefur verið hingað til.

Það var vikið að því af flm., að það væri ákaflega óviðfelldið og þýðingarlítið að setja vonir sínar í þessu efni undir vald hreppsnefndanna í landinu. Ég skil ekki þetta hjá flm., vegna þess að einmitt hliðstæðan í þessum efnum, sem er refaveiðarnar, hefur frá því að hreppsnefndir voru stofnaðar heyrt undir þær. Þess vegna er það svo, að það er ekki eðlilegra, að nokkrum öðrum aðila sé falið að annast það, sem æðri stjórnarvöld eiga ekki að sjá um á þessu sviði, heldur en einmitt hreppsnefndunum. Og hluturinn er sá, að hreppsnefndirnar hafa aðgang að öllum innanhéraðsmönnum og hafa þess vegna mjög fyrir augum þá hagsmuni, sem hér er um að ræða, ef eithvað ber út af varðandi þau villidýr, sem í haldi eru, hvort sem það eru refir eða minkar. Annars er sannleikurinn sá, að *fram að þessu hefur ekki orðið svo* mikið tjón af völdum loðdýraræktarinnar eins og margir gera ráð fyrir, og nú síðasta ár næsta lítið.

Að öðru leyti en þessu sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Ég skal taka það fram, að ef menn sjá einhver ráð til að herða betur á ákvæðunum um útrýmingu þessarar plágu eða slá á hana meira en gert hefur verið, þá er alveg sjálfsagt, að það verði reynt, að allir fylgist að í því efni. Sem betur fer er þessi minkaplága ekki komin *sem neinu nemur um nokkuð af landinu, og* frá mínu sjónarmiði er vafasamt, hvort minkar geta lifað norðanlands og austan, ef harðir vetur eru á þeim svæðum landsins, en á því vantar náttúrufræðilega þekkingu, og ég get eðlilega játað mína vankunnáttu í því efni. En það er ekki neitt aðalatriði í málinu, heldur hitt, að með því að útrýma þeim tiltölulega fáu minkum, sem hér eru í haldi, er málið engan veginn leyst, síður en svo. Ég held þess vegna, að við verðum í þetta sinn að láta okkur nægja að samþykkja þær till., sem landbn. ber fram, eða eitthvað svipað, og ef menn geta hugsað sér eitthvað harðari ákvæði í því efni, er gott að taka þau upp.

Jónas Jónsson: Ég hygg, að það sé rétt, sem kom fram í ræðu hv. þm. A-Húnv. (JPálm), að tilkoma *minkanna hér á landi og tilkoma karakúlpestarinnar* sé sama eðlis. Yfirleitt var bændastéttin og löggjöf hennar mjög gálaus í þessum efnum, og það hallaðist hvorki á um innflutning á minkum, sauðfé né nautpeningi. Alls staðar kom fram hirðuleysi og alls staðar er afleiðingin geigvænleg. Nú fór svo með fjárpestina, að þegar búið var að reyna að fá lærdómsmenn landsins til að finna ráð til að útrýma henni og þeir höfðu ekkert fundið, þá var málinu vísað til bændastéttarinnar og Alþ., og það hefur verið tekið það ráð að hindra algerða eyðingu sveitanna með því að hafa sauðfjárskipti, sem náttúrlega er dýr aðgerð, og ríkissjóður hefur þar lagt fram mikið til. En það hefur engin leið fundizt önnur, enn sem komið er, og það er óhætt að segja, að í mörgum héruðum landsins hefur afkomu bænda

verið bjargað með þessu ráði, og nálega öll bændastéttin hefur hnigið að því ráði nú að óska eftir, að útrýmt verði þeim stofni, sem er veikur, í því skyni að byrja aftur nýjan kapítula. Baráttan við karakúlpestina sýnir, hvernig muni fara í þessum efnum. Minkarnir voru fluttir inn og farið með þá af miklu gáleysi, en það er ákaflega mikill vandi að fara með þá í okkar landi, þannig að mér þykir furðu sæta, að hv. landbn. þessarar d. skuli hafa tekið þá afstöðu, sem hún hefur gert, og ég spái því, að það muni ekki liða mörg ár, þangað til sú virðulega n. verður komin að þeirri niðurstöðu, að hún verði að hallast að till. þeirra hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. Borgf.

Sannleikurinn er sá, að sá samanburður, sem hv. þm. A-Húnv. gerði á refnum og minknum, er ekki réttur. Það er vitað, að tófan gerir skaða og hefur lengi gert, en það hefur verið hægt að halda því tjóni niðri. Minkurinn lifir jöfnum höndum í vatni og sjó og drepur ekki aðeins landdýr, heldur líka dýr í ám og stöðuvötnum. Það er því ómögulegt að sjá annað en minkurinn muni eyðileggja allt æðarvarp í landinu, lax- og silungsár og drepa meginið af öllum andfugli í landinu. Nú vil ég taka það fram, að þar, sem minkaræktin er, sem er aðallega í kringum Rvík, þá er það eiginlega ekki búskapur. Þetta er ekki ósvipað eins og var í Danmörku, þegar borgarbúar fóru að hafa svínarækt. Það eru tvö stór minkabú á Suðurlandi, sem búin eru að gera ótrúlegan skaða. Aftur á móti mun svo sem ekkert minkabú vera á Norðurlandi. Ef farið væri að berjast við minkana, þá eru viðast í þessum landshlutum svo mikil vötn, að erfitt mundi að útrýma honum, og mun hann því verða til stórtjóns. Eftir lauslegri athugun, sem ég hef gert, þá er á Norðurlandi eitt bú í Þingeyjarsýslu, ekkert í Eyjafirði, eitt bú á Sauðárkróki og eitt í Hegranesi. Það eru þá tveir bændur og einn kaupstaðarmaður á Norðurlandi, sem hafa þessi dýr. Af þessu sést, hvað það er mikil fásinna að offra hagsmunum allrar bændastéttarinnar fyrir þessi dýr. Ég álít þess vegna, að það sé alveg rétt stefna, að ríkið kaupi þá minka, sem til eru, og það verði ekki höfð minkarækt, fyrst nú á að útrýma þeim minkum, sem fyrir eru. En það er vitað, að hann eyðileggur mikið bæði varplönd og eins veiði í vötnum, en það eru mörg hundruð manns kringum landið, sem hafa hagnað af þessari veiði. Enda verður hörmulegt að vita til þess, þegar að því kemur, að hvert varpland er eyðilagt, eins og hér hefur verið lýst.

Um leið og minkurinn kemst til Norðurlands, þá mun hann verða óvinur þeirra þar, og um leið og hann kæmist í Mývatnssveit, þá er búið að drepa allt fuglalíf þar í sveit, eins og t. d. í Þingvallasveit. Og er það stórkostlegt skemmdarverk hér á landi. Þar, sem minkurinn er kominn, geta menn ekki haft hænur án þess að eiga von á, að hann geri þar stórkostlegt tjón. Menn geta hugsað sér það ástand, sem yrði, þegar búið er að eyðileggja allt æðarvarp og alla lax- og silungsveiði í landinu.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég má til með að svara nokkrum atriðum í ræðu hv. þm. Borgf. Ég ætla samt ekki að fara ýtarlega út í hans löngu ræðu um þetta mál. En ég vil byrja á að minnast á atriði, sem hann talaði sérstaklega um, þ. e. hvað starf landbn. snertir. Hv. þm. ávítaði hana mjög fyrir það, hvernig hún hefði starfað í málinu, m. a. til hvaða aðila hún hafði leitað, og þó einkum vegna þess, að hún leitaði ekki til fleiri aðila. Nú höfum við í landbn. fengið allmiklar ávítur frá báðum flm. frv. fyrir að hafa legið lengi á málinu. Þó virðist mér hv. þm. Borgf. ávíta okkur fyrir að leita ekki umsagnar allra búnaðarsambanda landsins um þetta mál og að nokkuð lengi hafi verið beðið eftir afgreiðslu málsins. Þetta með öðru sýnir glöggt, að fl... hafa allt illt á hornum sér í garð n. Hv. þm. Borgf. fann að því, að við skyldum hafa sent Loðdýraræktarfélagi Íslands þetta mál til meðferðar. Hv. þm. Borgf. er einkennilegur, ef hann vill að mál, sem mjög snertir starfssvið landbúnaðarins í landinu, um að útrýma búfjártegund, sé framkvæmt án þess að leita álits Búnaðarfélags Íslands um slíkt atriði. Ég er hissa á jafngreindum þm. eins og hv. þm. Borgf., að hann skuli fjargviðrast út af hlutum eins og þessum. Hv. þm. sagði, að þeir menn, sem leitað hefði verið álits til, væru allir búsettir í Rvík að undanskildum tveimur. Þetta sýnir m. a. þær rakaleysur, sem hann leyfir sér að halda fram í hlutum eins og þessum, þegar því er haldið fram og margtekið upp, að allir mennirnir að undanteknum þessum tveimur séu búsettir í Rvík. Þannig er landbn. ávituð fyrir hluti eins og þessa, að hún hafi ekki leitað til annarra en Reykvíkinga í þessu máli. Þó hefur n. hagað sér þannig, að mikill meiri hl. þeirra manna, sem leitað er til, er einmitt búsettur hingað og þangað úti um land. Þetta er stórt atriði, sem ég viðurkenni, en það er sjálfsagt að svara því, þegar farið er að ásaka n. fyrir hluti eins og þessa, sem hægt er að reka sæmilega ofan í hv. þm. og ekki hefur við hin minnstu rök að styðjast.

Hv. þm. Borgf. talar á þann hátt, sem sá kafli frv., sem fjallar um útrýmingu minka, væri einskis virði. Hann segir, að landbrh. hafi getað framkvæmt allt, sem í þessu frv. er ætlazt til. Það kemur mér einkennilega fyrir, að svona skoðanir skuli koma fram á löggjafarsamkomu þjóðarinnar frá þm., sem búinn er að starfa þar í meira en 30 ár. Ég varð undrandi, þegar hv. þm. Borgf. talaði í þessum tón.

Það hygg ég, þótt flm. vilji gera lítið úr því, sem landbn. hefur lagfært frv., að þá séu allir sammála um það, sem athugað hafa, að frv. er öruggara nú og meiri líkur til þess, að hægt sé að verja flutning þess eins og því er skilað frá n. heldur en upphaflega. Það er í sjálfu sér að leggja til, að landbrn. annist um þetta verk í samráði við þann mann, sem þingið telur, að hafa eigi útrýmingarstarfið með höndum. Að vísu talaði hv. þm. Borgf. fagurlega um það í niðurlagi á sinni ræðu, að hann vildi gjarnan hafa samvinnu við landbn. um frv., en mér virðist, að hann kæri sig ekki um neina samvinnu á öðrum grundvelli en þeim, sem 1. gr. frv. segir til um, að banna minkaeldi. Það kemur í ljós hjá báðum flm., að þeir eru mjög hlynntir því að útrýma villiminkum. En landbn. lítur svo á þetta mál, að aðalatriði málsins sé ekki útrýming á skaðlausum minkum, heldur að eyðileggja þá minka, sem af sjálfu sér hafa sloppið af slælegu eftirliti út úr búrunum.

Kemur þá að því atriði í ræðu hv. þm. Borgf., þar sem ekkert verður úr þeim röksemdum, að

það hafi komið í ljós, að þeir, sem sloppið hafa, væru af fyrsta innflutta stofninum. Hv. þm. taldi, að það væri engin sönnun fyrir því, þó að búið væri að veiða nokkur hundruð villiminka og rannsaka þá og komið hefði í ljós, að þeir hafi verið af þessum stofni, og það væri erfitt að segja um það fyrir víst. Ég er nú alveg undrandi, að hv. þm. Borgf. skuli algerlega neita staðreyndum, en það er staðreynd, eins og málið stendur nú. Því betur sem hert er á eftirlitinu með minkum, því meiri von er á, að það geti tekizt að tryggja það, að þeir sleppi ekki úr haldi, og þeir hafa ekki sloppið síðustu árin, eins og þessi staðreynd bendir til. Þetta er geysilega stórt atriði, og það var einmitt í sambandi við þetta, sem ég kallaði fram í fyrir honum, sem ég bið hann að afsaka, en ég hygg, að hann hafi ekki að öllu leyti farið rétt með ummæli hæstv. atvmrh. um þetta mál. En það er víst, að þessi rannsókn, sem hér hefur farið fram, er auðveld í framkvæmd. Það er ekki meiri vandi fyrir mann, sem þekkir mink og einkenni hans, að þekkja hann heldur en hv. þm. Borgf. að greina sundur hvíta rollu frá svartri. (**PO**: Það er þá ekki vandasamt.) En málið breytist allmjög, ef við færum að verða varir við villiminka, sem sloppið hefðu af þeim stofni, sem síðast var innfluttur. Þá þyrfti að taka málið til alvarlegrar athugunar.

Vitanlega er það ekki mikið, þótt borgaðar yrðu skaðabætur til þeirra einstaklinga, sem nú eiga eða reka þennan atvinnuveg. Á það hefur verið bent. En að mínum dómi er það ekki rétt að leyfa einhvern atvinnuveg og stuðla á ýmsan hátt að því að efla hann og svo banna hann með öllu. Ég vil taka undir það, sem hv. þm. A-Húnv. sagði um nágrannaþjóðir okkar, sem minkana rækta, og að Ísland er tilvalið land til loðdýraræktar, og ég er sannfærður um, að það eru miklir möguleikar í framtíðinni í okkar landi fyrir slíka ræktun, vegna þess að okkar aðstaða er sérstaklega góð til þess að fóðra dýrin. Í Noregi er ekki ætlunin að útrýma minkum, heldur eru þar gerðar ráðstafanir til þess að auka minkaræktina og gera hana arðsama atvinnugrein í landinu. Og er ekki hægt að ganga þannig frá þessum málum að hafa þessi dýr í haldi á öruggan hátt, svo að þau sleppi ekki út, — eða erum við það aumari en Norðurlandabúar, að slíkt sé ofraun fyrir okkur? Það er ástæðulaust, þótt misgrip hafi átt sér stað, að gera ráð fyrir, að ekki sé hægt að bæta um í þessum efnum, svo að öruggt sé. Ég er sammála hv. þm. Borgf. um, að það er fyrst og fremst Alþ. og þeim mönnum, sem hafa látið þetta koma fyrir hjá sér, að kenna, sem er sennilegt, að stafi af vankunnáttu. Þessi mistök eru svo gömul, að það er áður en þær ráðstafanir komu til greina, sem lögfestar voru síðar. Þess vegna eru allar ásakanir í garð loðdýraræktarráðunautar og þeirra, sem með þau mál fara nú, óréttlát. En ef minkur sleppur úr haldi nú, þá er hægt að ásaka þau völd, sem fara með þessi mál nú. Hv. þm. Borgf. færði þessi misgrip mjög fram sem rök fyrir því, hve nauðsynlegt væri að banna minkaeldi strax.

Það er þetta, sem skilur á milli mín eða landbn. og hv. flm. Það er þetta, að landbn. telur það ekki aðalatriði að drepa niður alla minka, sem nú eru í búrum, heldur hitt atriðið. Þegar ég bauð hv. flm. upp á samstarf í minni fyrri ræðu, þá var það um að útrýma villiminkunum. Við erum reiðubúnir til samstarfs um það við flm., og við getum jafnvel fallizt á að hækka verðlaunin fyrir hvert unnið dýr, þótt við höfum álitið verðlaunin nægilega há til að gera mönnum fýsilegt að veiða villiminka.

Að lokum vildi ég segja þetta: Þegar hv. þm. ræða þessi mál, eiga þeir ekki að fara út í aðrar eins öfgar og vitleysu og gert hefur verið. Það er t. d. hrein og bein fjarstæða, að minkurinn eyðileggi veiði í ám og vötnum. Þvert á móti má leiða rök að því, að hann verndi fiskistofninn. Ég sé, að hv. 1. þm. Árn. kímir, og skal ég því tilfæra þau rök, sem ég sagði, að væru þessu til sönnunar. Það er vitað, að sumar andategundir taka síli og hrognin, þegar t. d. er búið að klekja út, og gera þannig mikinn skaða, en þessum öndum eyðir minkurinn. Það er því ekki hægt að segja, að minkurinn drepi alla fugla og segja svo, að hann eyðileggi fiskistofninn í ám og vötnum. Þótt minkurinn grípi einn og einn síling eða lax, þá er það ekki stórkostlegt, og það er vitað, að hann ræður alls ekki við stóra laxa eða silunga. Það eru aðeins miðlungsfiskar, sem hann ræður við. (**PO**: En síli og hrognin?). Þau leggur hann sér alls ekki til munns, eins og endurnar. Allt tal um, að minkurinn eyði fiskistofninum í ám og vötnum, er því út í loftið. Enda væri það þá einkennilegt, að ekki minnkaði veiðin í Elliðaánum, þar sem minkurinn á að hafa aðalheimkynni sín. En veiðin þar hefur einmitt vaxið síðustu árin. Það er auðvitað, að villiminkurinn veldur einhverju tjóni, en við eigum ekki að mikla þetta svona fyrir okkur, eins og t. d. þegar hv. 1. þm. Árn. sagði, að hann ferðaðist um 100 mílur á sólarhring, þegar vitað er, að meðalmaður getur hlaupið mink uppi á bersvæði.

Ég veit það, og vil geta þess að lokum, að allir fulltrúar í landbn. eru ekki sammála um allt, er snertir minkaeldi, og þegar ég tala hér um, að ég hafi trú á loðdýrarækt í fleiri en einni grein, þá tala ég fyrir mig sjálfan, en ekki alla n. En við höfum ekki efni á að varpa frá okkur möguleikum á sviði landbúnaðarins eða jöðrum landbúnaðar, eins og segja má að minkarækt sé. Það er því fljótfærni, þegar búið er á annað borð að leyfa innflutning þessara dýra, að ætla að drepa niður þann vandaða og vel ræktaða stofn, sem við höfum eignazt og vænta má arðs af í framtíðinni. Læt ég svo máli mínu lokið.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Nd., 27. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það er nú búið að ræða allmikið og ýtarlega um þetta mál hér í hv. þd., en hvað málsatriði snertir hefur lítið á því græðzt. Ekki hefur heldur neitt nýtt fram komið í ræðum þeirra manna úr hv. landbn., sem látið hafa til sín heyra, og ekki hafa þeir heldur viljað taka minnsta tillit til ástæðna okkar flm. frv. fyrir því, að við höfum flutt mál þetta. Þeir telja þó, að með till. sínum séu þeir að flytja ákvæði, sem heröi á útrýmingu villiminka, og mér skilst á till. þeirra, að lengra telji þeir ekki komizt í því að draga úr minkaplágunni. Af ræðum þeirra nm., sem talað hafa, má ályktа, að þeir hafi enga

trú á því, að mögulegt sé að útrýma mink, og telja lítils virði að gera ráðstafanir til þess, að minkahald verði bannað í landinu. Þetta og þvílíkt hefur verið fært fram sem rök af hálfu þeirra manna, sem sæti eiga í landbn. og hafa unnið að því að auka og varðveita hlunnindi landsmanna með ýmsu móti, og ættu þeir að vita, í hverju hlunnindi landsmanna eru fólgin. Reynt er eftir fremsta megni að auka lax- og silungsgöngur í ám og vötnum með ýmsum ráðum og dáðum, og nú nýlega er verið að undirbúa ráðstafanir til þess að auka æðarvarpið í landinu. En villiminkurinn og þessar nytjar, sem ég nefndi, fara ekki saman, ef minkurinn fær að ráða. Það er til lítils að ræða þetta mál með slíkum rökum. Þetta eru hrein hindurvitni.

Ég ætla, að það hafi verið þrír þm. í sætum fyrir utan forseta nýlega. Og þó að stólarnir kunni að vera haldnir einhverri kynngigáfu frá þeim, sem í þeim eiga að sitja, þá efast ég um, að sá kraftur hafi mikil áhrif á þá, sem eiga að húka í stólunum. En ég ætla þó upp á seinni tímann, þó að það nái ekki eyrum þm., að fara nokkrum orðum um það, sem fram hefur komið í málinu.

Ég vík þá örfáum orðum að ræðu hv. þm. A-Húnv. Ég varð fyrir hinum mestu vonbrigðum af honum í þessu máli. Þegar það var borið hér fram árið 1943, stóð hann eins og hetja með málinu og vildi uppræta villiminkinn og banna eldi aliminka. Nú hefur skaðræði villiminkanna sýnt sig enn ljósar, þeim hefur fjölgað afar mikið og það, sem menn trúðu ekki árið 1943, að þessi dýr væru skaðræði fyrir fiska- og fuglalíf, hefur nú komið enn berlegar í ljós, svo að ætla mætti, að þeir, sem ekki voru langt frá því að hallast að því að banna minkaeldi, væru því nú fylgjandi og hikuðu ekki. En þá ber það furðulega við, að hv. þm. A-Húnv. er á móti málinu í landbn. og talar á móti því hér og segir við okkur flm., að við höfum vaknað nokkuð seint. Ja, það kann að vera. Betra er seint en aldrei. Hv. þm. Borgf. hafði þó sýnt viðleitni á því fyrir nokkrum árum að stemma stigu fyrir þessari meinvætti, og það gerði ég eins og hv. þm. A-Húnv. þá með minu atkv., en ég átti ekki sæti í þeirri n., sem fjallaði um málið, og gerði ekkert sérstakt annað en greiða því atkvæði mitt.

Hv. þm. A-Húnv. fór að rifja hér upp forsögu málsins, en í sjálfu sér skiptir það ekki miklu. Það breytir engu um óhappið, hver er valdur að því. Hann telur, að það hafi verið Framsfl., en ég held, að það yrði nú erfitt að færa sönnur á, að hann hafi verið við það riðinn. Sá maður, er fyrst fór úr landi til að kynna sér minkarækt, var ekki framsóknarmaður, og sá, er fyrst flutti inn þessi dýr, kom Framsfl. ekkert við. Hins vegar leitaði annar til þess manns, er mikið stóð til. Þó að það rynni allt út í sandinn, voru tilburðirnir miklir til að fá þann mann í lið með sér til meiri háttar hernaðar.

Ég ætla nú ekki að fara mjög mörgum orðum um ræðu hv. þm. A-Húnv., en ákaflega þótti mér leiðinlegt að heyra, hvernig afstaða hans er nú. Ég er þeirrar skoðunar, að því aðeins takist okkur að sigrast á ófögnuðinum, að við höfum trú á því og leggjum okkur fram um útrýminguna, en við höfum ekki trú á því og leggjum okkur ekki fram á meðan sú hætta vofir yfir, að ný dýr geti sloppið út í sama mund og við erum að vinna önnur, því að verðlaunin eru hégómi. Þau sýna að vísu viðleitni af hálfu hins opinbera, en nægja ekki ein sér. En það, sem mestu varðar, er, að menn fái trú á því, að útrýmingin takist og viti, að dýr séu ekki alltaf að sleppa út og bætast við þau hundruð eða þúsund villiminka, sem þegar leika lausum hala. Það þýðir ekkert að fullyrða, að dýrin sleppi ekki út, reynslan er búin að sýna allt annað.

Við vitum, hvernig þetta er í Svíþjóð og Noregi t. d. Í Svíþjóð er minkurinn orðinn hinn versti vargur. Mér er ekki kunnugt um þær ráðstafanir, sem þar hafa verið gerðar, en ég veit, að þar hefur nýlega vakizt upp alda í þessu máli. Frá Noregi hef ég séð það, að verðlaun fyrir minkadráp hafa verið stórhækkuð. Ég ætla, að áður hafi þau verið 130 kr. á dýr, en hafa nú verið enn hækkuð um 10%, og þetta bendir til þess, hvernig Norðmenn líta á þetta mál.

Það hefur verið talað um það hér, og frsm. lagði áherzlu á það, að það sannaði nokkuð mikið um það, hve geymsla minkanna hefði verið örugg í seinni tíð, að þeir minkar, sem veiðzt hefðu, væru allir af hinni upprunalegu tegund, sem flutt var inn í landið, en ekki af þeim tegundum, sem seinna hafa verið fluttar inn. En þótt svo sé, að þeir hafi ekki sloppið út um skeið, þá er það engin sönnun fyrir því, að slíkt sé öruggt um alla framtíð. Það þarf ekki nema sérstakt óhapp til þess að illa fari.

Það er næstum hlálegt að líta á þetta mál. Þessi fáu kvikindi, sem hér eru geymd í búrum, á að meta til jafns og eru metin til jafns við landsnytjar af laxi og silungi og að nokkru leyti af dún, en tekjur af þessu skipta hundruðum þúsunda, og stangast þetta illa við, er við hér á Alþ. þykjumst vera að auka þessi hlunnindi með öðrum ráðstöfunum. Eins og ástatt er um þetta, er aðalminkastofninn hér í Rvík og í grennd við borgina. En þótt svo væri, sem ekki er til að dreifa, að minkastofninn væri að verðmæti metinn nákvæmlega til jafns við þær landsnytjar, sem eru að eyðileggjast eða í hættu vegna minkaeldis, þá legg ég það ekki til jafns að öðru leyti, — ánægjuna og unaðinn af lífinu í náttúrunni annars vegar og þessi kvikindi í lokuðum búrum hins vegar. Þó að hér væri um sama peningaverðmæti að ræða, sem er langt frá að sé, þá væri þetta ekki sambærilegt.

Það hefur verið minnzt á refinn í þessu sambandi sem hliðstæðu minksins, en ég veit, að frsm. og hv. þm. A-Húnv. vita vel, að þó að refurinn geri nokkurn usla, er ekkert við hann að kljást hjá minkaplágunni, sem er margfalt skaðlegri. Ég býst ekki við, að minkar ráðist á fullorðið fé, en það tjón, sem hann vinnur fiskistofninum í ám og vötnum, verður ekki metið til peninga, að ég tali nú ekki um æðarvarpið. Og ef við miðum við fyrri reynslu í þessu efni, þá er augljóst, hvert stefnir.

Ég geri heldur lítið úr þeirri kvöð, sem lögð er á hreppsn. samkvæmt 2. brtt. n., og þarf vafalaust að ganga betur frá þeim ákvæðum. Hér er allt öðruvísi búið að hreppsn. en varðandi refaveiðar, en um framkvæmd þeirra ráða n. að mestu sjálfar samkvæmt fjallskilareglum. Að vísu er nokkur kostnaður af refaveiðum, en hann verður margfalt meiri af minkadrápinu. Það skal sannast, ef minkunum fær að fjölga, eins og horfur eru á.

Hv. frsm. sagði, að Norðmenn snerust nú eitthvað

öðruvísi við þessum málum en við flm. þessa frv. Þeir mundu ætla að auka minkaræktina, norska Stórþingið ætlaði að gera ráðstafanir til þess, og vildi frsm. ekki taka það trúanlegt, að minkurinn réðist á lömb. Og honum fannst ómenningarbragur að því, að úr því að við hefðum nú einu sinni byrjað á minkarækt, skyldum við svo fara að banna minkaeldi. Ég er nú ekki svo hörundssár. Það kemur ekkert menningu við, þó að Alþ. yrði það á að leyfa innflutning þessara dýra. Það var einu sinni sagt hér á árunum, er talað var um innflutningsbann á áfengi, að það væri hálfgert skrælingjamerki að banna þann innflutning. Þau ummæli missa nú marks, og hvað þetta áhrærir skiptir okkur það að vissu leyti engu, hvað Norðmenn ætla að gera. Þeir ráða því, þeim kemur það við, hvað þeir gera, en við verðum að hugsa um okkur.

Þegar hv. frsm. svaraði ræðu minni, var ekki laust við, að hann hallaði ummælum mínum. Hann taldi, að við flm. sýndum hinar mestu öfgar, og færði til að ég sagði, að minkurinn hefði ekki alltaf fast aðsetur, ætti ákaflega létt með að hreyfa sig og gæti komizt upp undir 100 mílur á sólarhring, og átti ég þá við enskar mílur. Hann skaut því þá inn, hvort þetta dýr réðist þá ekki á börn, og svaraði ég því þá til, að ekki vildi ég frikenna hann af því. En frsm. sagði svo í ræðu sinni, að ég hefði sagt, að minkurinn mundi ráðast á börn. Ég held, að hann ætti að spara slíkar röksemdir, en reyna að halda sig nær því rétta í málinu.

Hv. þm. Borgf. gerði þessu máli ræki**leg skil** í gær, og þarf ég því ekki að lengja mitt mál. Hann drap á það, að sér fyndist n. hefði átt að leita umsagna fleiri aðila eða manna úti um byggðir landsins, og tek ég undir það. En ég sé t. d. ekki, hvað tilraunaráð búfjárræktar hefur endilega um málið að segja. Mér er svo sem sama, þó að leitað sé umsagnar þess, en mér finnst nær að leita álits ýmissa annarra aðila, t. d. stjórna búnaðarsambandanna, og heyra álit þeirra á málinu, og mér leikur hugur á að gera seinna brtt. við frv. þess efnis, að leitað sé álits bændanna sjálfra, til þess að heyra, hvað sú stétt segir, en henni kemur þetta fyrst og fremst við. Bændur eiga mest í hættu, og því er eðlilegast að hlýða á óskir þeirra. Þó að búseta manna hafi ekki út af fyrir sig mikið að segja í þessu sambandi undir vissum kringumstæðum, þá getur hún haft mikið að segja í sumum tilfellum eða undir öðrum kringumstæðum, og svo mikið er víst, að ef nm. í hv. landbn. ættu æðarvarp, þar sem minkurinn væri þegar farinn að láta til sín taka, þá væru till. n. á annan veg en þær eru. En hverjar upplýsingar, sem gefnar hafa verið, hafa hér engu um þokað; svo gersamlega hefur n. lokað sínum dyrum. Nú skirskotar n. til þess, að hreppsn. eigi að sjá um útrýmingu villiminkanna, en þar er verið að hengja bakara fyrir smið. Loðdýraeigendur ættu að bera kostnaðinn af þessum ráðstöfunum, en Alþ., sem leyfði minkaeldið í upphafi, ber þó fyrst og fremst ábyrgðina á þessu öllu.

Ég hef ekki fulla vitneskju um það, hvaðan dýrin hafa sloppið út, en það getur verið rétt, að þau hafi sloppið frá Fossi í Grímsnesi, og frá einhverjum búum í Gullbringusýslu munu þau hafa sloppið, ég ber ekki á móti því, en hvað sem því líður, er þessi plága nú orðin útbreidd um Borgarfjörð og Mýrasýslu og í veiðivötnunum þar. Mér þykir ekki ólíklegt, að einhver dýr hafi einnig sloppið út á Snæfellsnesi, og mér er sagt, að vargurinn sé kominn vestur í Dalasýslu, og er þá skammt í æðarvarpið í Breiðafjarðareyjum. Hvað Norðurland áhrærir er mér kunnugt um, að minkur hefur sézt hlaupa um göturnar á Akureyri, og í Húnavatnssýslu mun hafa sloppið minkur eða sézt þar. Og þó að tiltölulega stutt sé síðan minkafaraldurinn fór að vera eins magnaður og hann er orðinn, þá hefur hann þegar upprætt fuglalíf og fiskalíf á ýmsum stöðum, og þegar fuglar og fiskar eru á þrotum, mun sjást, hvort röðin kemur ekki næst að lömbunum. Því að þegar menn eru að fullyrða, að svona lítið dýr geti ekki banað stærri dýrum, þá er það af því, að þeir þekkja ekki eiginleika dýrsins og vilja ekki trúa fræðimönnum, sem þekkja þetta. Látum nú vera, þó að n. virði aðvaranir okkar hv. þm. Borgf. að vettugi. En hv. nm. geta ekki hrundið ummælum Guðmundar heitins Bárðarsonar. Það er þeim um megn. [frh.].

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 2. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 129, n. 373, 374, 412).

Jörundur Brynjólfsson [frh.]: Herra forseti. Ég var búinn að víkja að nokkrum atriðum, sem fram höfðu komið við umr. áður, og býst nú ekki við að lengja mál mitt mjög úr þessu. En ég hefði viljað, að af minni hálfu hefðu komið fram fleiri þau atriði, sem máli skipta í sambandi við meðferð málsins, einmitt sakir þess, að svo óheppilega tókst til af hálfu þessarar hv. d., að nær ekkert var gert að gagni í málinu.

Ég verð nú að drepa á eitt atriði, vegna þess að hv. landbn. leggur nokkuð mikið upp úr því í brtt. sínum, nefnilega, að loðdýraræktarráðunauturinn eigi að standa fyrir útrýmingunni á villiminkunum. Ég geri yfir höfuð heldur lítið úr þessu, sem fer ekki eftir því, hvort það er þessi maður, sem nú er í þessu starfi, eða einhver annar. Ég skoða þetta þannig, að það sé í raun og veru ekki á neins eins manns færi að ætla sér að vinna þetta verk, því að það mun áreiðanlega þurfa mjög marga menn til þess. Og þar, sem það fer fram, þá er alveg gefið, að menn verða að hafa bæði þekkingu og kunnugleika til þess að framkvæma verkið og sýna mikinn dugnað, ef þetta á að heppnast, sem vissulega veitir ekki af. Ég ætla að skjóta því hér inn í, sem er aukaatriði, en þó upplýsingar, að eftir að þessar umr. höfðu staðið hér um þetta mál, hitti ég bónda austan úr Selvogi. Þar var þó nokkurt æðarvarp í hólmum í Hlíðarvatni og í sandgirðingunni í Nesi, eftir að hún var alveg friðuð. Og þegar engar skepnur fóru þar um í nokkur ár, svo sem sauðfé, settist æðarfuglinn þarna að og fór að hreiðra um sig í allstórum stíl. Í einum hólmanum voru hreiðrin eitthvað yfir 100. Eftir fyrsta árið, sem vart varð við villiminkinn, þá var æðarvarpið þarna gersamlega upprætt, bæði úr hólmunum í Hlíðarvatni og úr sandgirðingunni í Nesi. Svo var ekki nóg með það, að minkurinn upprætti varpið sjálft, heldur líka fuglinn, sem heldur sig við strendur landsins.

Ég ætla að vitna hér ofurlitið í bréf sem ég gerði reyndar fyrr við umr. Það er komið frá Loðdýraræktarfélaginu og mun vera skrifað þegar hv. þm. Borgf. flutti sitt frv. Það eru fyrst í bréfinu rakin nokkur atriði um minkinn og það, sem fram hefur komið af hálfu þeirra manna, sem hafa ótrú á að hafa minkinn hér í búrum og gerðu að umræðuefni, hve skaðlegur hann væri. Það er verið að svara því í þessu bréfi, og er það undir fjórða lið í bréfinu, sem ég ætla að minnast á. Ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa orðrétt upp úr þessu bréfi:

„4. Að til eyðingar horfi á lax- og silungsstofni í ám og vötnum af völdum villiminka, teljum vér vafasama getgátu, enda mun það fara mjög í bága við erlenda reynslu, t. d. í heimkynnum villiminkanna í Alaska og Canada, en einmitt þar er meiri lax- og silungsveiði en víðast hvar annars staðar í heiminum.

Það mun og talið, að veiðin í Elliðavatni, og jafnvel í Elliðaánum, hafi aukizt hin síðustu árin. Telur bóndinn á Vatnsenda ekki ósennilegt, að það geti haft áhrif á veiðina, að villiminkarnir hafa mjög fælt burt endurnar, sem áður var mikið af á vatninu og við árnar. En það er sannað mál, að endur eru og hinn versti vargur í klaki og ungviði af laxi og silungi, og getur ein önd á stuttum tíma eytt þúsundum hrogna og seiða, en minkurinn tekur ekki lax eða silung, nema nokkuð vaxna....“

Það er nú nokkuð meira um þetta atriði í bréfinu, en ég ætla ekki að lesa meira upp af því. Þetta skrifaði loðdýraræktarráðunauturinn undir á sínum tíma. — Hvernig er svo reynslan í þessum efnum? Nú leggja menn hið mesta kapp á hér við árnar að veiða hvern einasta villimink, vegna þess, hve skaðlegur hann er veiði í ánum, og það er ekki undarlegt. Veiðivötn okkar, ekki sízt þar, er kaldavermsl er, eru þannig, að þau haldast nokkuð auð einmitt þar, sem silungurinn klekur. Og þá heldur villiminkurinn sig vetrarlangt þar og liggur í fiskistofninum.

Svo er í þessu bréfi, sem ég las upp úr, vitnað til fiskmergðarinnar í Ameríku, og mætti skilja orðalag bréfsins svo, að það væri af völdum minksins. Það vantar ekki vísindamennskuna í þessu. Ég hef áður gert að umtalsefni, á hverju minkar lifa. Og fiskigengd er mikil á þessum löndum Ameríku, þar sem villiminkurinn er, og á fiskinum lifir hann auðvitað mikið. En það langt var komið útrýmingu þessa dýrs þar vestra, vegna þess, hvernig aðstaðan er þar til þess að útrýma honum, að ég hygg, að það, að honum hefur ekki verið útrýmt þar alveg, sé af því, að menn hafi ekki viljað uppræta hann þar alveg, af því að þeir vilji, að hann sé aðeins til í þessu landi, af því að þarna átti þessi dýrategund sitt upprunalega heimkynni. En ég hygg, að þeir hafi ekki hlíft minknum við algerri útrýmingu þarna af því, að þeir álitu neina tekjuvon af að veiða þetta dýr, því að það er fjarri lagi.

Ég hef áður gert að umtalsefni, að þeirri andategund, sem mestan usla gerir fiskistofninum í ám okkar, nær minkurinn sízt, af því að hún er stygg og aðgætin.

Það er ekki margt hér í þessu bréfi, sem máli skiptir. Þó ætla ég að lesa nokkru meira en ég hef þegar gert úr þessu bréfi, af því að þetta er komið frá mönnum, sem telja það eitthvert sáluhjálparatriði fyrir landið, að þessum dýrum verði haldið áfram í búrum hér. Í bréfinu stendur:

„Það skal viðurkennt, að bæði hér á landi og erlendis hafa villiminkar reynzt hinir mestu vágestir þar, sem þeir komast í hænsnahús. En hér hefur reynslan sýnt, að þeir ráðast ekki á hænsni, sem eru frjáls úti á víðavangi, og þeir hafa farið aðeins í þau hænsnahús, sem hafa verið sundurgrafin eða undirgrafin af rottum, því að þeir leita eftir rottunum niður í holur þeirra og taka þær þar. Hér á landi, eins og erlendis, má verja hænsnahús fyrir villiminkum með því að hafa grunnmúruð hænsnahús, sem rottur komast ekki í, og loka hænsnin inni áður en dimmir.“

Þá er aðeins vikið hér að æðarvörpunum, með leyfi hæstv. forseta:

„Því skal ekki heldur neitað, að búast má við, að villiminkar mundu gera mikinn usla, ef þeir kæmust í æðarvarp, en sem betur fer, hagar víðast svo til um varplöndin, að minkar komast þangað ekki, og verður þó að gæta sérstakrar varúðar í sambandi við æðarvörpin, að minkar spilli þeim ekki.“

Það var mikið, að þeir komu þó auga á það. Það er eftir þessara manna áliti bót í máli, að varplöndin á Íslandi eru þannig sett, að lítil hætta er á því, að minkar komist þangað(!). Hver er reynslan? Þar sem minkarnir eru komnir, þar sem vörpin eru á landi, og þótt í eyjum sé og það allangt frá landi, þar eru æðarvörpin gersamlega upprætt. Út í eyjar getur minkurinn komizt, því að hann er frækið sunddýr. Horfurnar eru því þannig nú, að ef ekki verður gerð gangskör að því að útrýma þessu dýri, þá mun það sennilega uppræta, að kalla, allt æðarvarp á Íslandi. Og eftir því sem villiminkurinn breiðist út, þá mun reynslan verða þessi.

Um alifuglana þarf ekki að fjölyrða, sem minkurinn kemst í. Það liggur í augum uppi, að það verður lítið úr alifuglarækt, ef við þurfum að byrgja fuglana inni í húsum vegna minksins. Þá held ég, að litlar tekjur verði af alifuglaræktinni. En það er barnaskapur hjá þessum mönnum, sem undir bréfið rita, að minkurinn geri ekki usla, þegar hann kemst í hænsn, sem eru frjáls úti á víðavangi. Þeir ættu að sjá valinn, þar sem villiminkur hefur komizt í hænsnahóp úti. Hjá einum bónda komst minkur í hænsn, og hundrað lágu í valnum eftir dálitinn tíma.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta frekar, en hef viljað láta þetta koma fram, svo að hv. þm. geti ekki afsakað sig með því, að þeir hafi ekki vitað, hvílíkt ógagn þessi skepna hefur þegar gert. Ég hef áður gert að umtalsefni brtt. n. og þá kvöð, sem þar er lögð á hreppsnefndir í hverjum hreppi. Ég er í sjálfu sér ekki á móti því, en því aðeins get ég fallizt á þetta, að menn þurfi ekki að eiga von á að fá þennan stefnuvarg úr búrunum yfir sig aftur og aftur, og mér kemur það næsta einkennilega fyrir sjónir, að nokkrir þm. skuli vilja vera svo bónþægir við þá fáu menn, — hér í nágrenni Rvíkur aðallega, — sem hafa hagnað af ræktun þessara dýra, að þeir með því að leyfa það stofni í voða atvinnuvegum, sem bændur hafa um langan tíma bæði haft yndi og arð af.

Ég er þess fullviss, að þessar kvaðir, sem hér á að leggja á hreppsnefndir, koma ekki að fullu gagni, þ. e. a. s., hreppsnefndir muni ekki taka tillit til þessara kvaða, ef leyfa á áfram eldi þessara skæðu kvikinda.

Hv. frsm. n. kvartaði um það, að við flm. mætum ekki að verðleikum till. hv. n. í þessu máli. Ég skal viðurkenna það, að ég hef ekki látið í ljós neitt þakklæti til n., en hins vegar vanþakka ég ekki og met till. n. um útrýmingu villiminka.

Ég hef víst áður lýst því, hversu mér sárnar að sjá blómleg varplönd og ágætar silungsár lagðar í auðn af hinum skaðvænlegu dýrum, minkunum, og þar með gerðan að engu þann yndisauka og tekjulind, sem þetta hefur verið svo fjöldamörgum bændum.

Ég er fús til samvinnu um þetta mál, en vil ekki taka þátt í neinum þeim aðgerðum, sem ég veit, að reynast árangurslitlar og missa marks. Ef hv. landbn. hefði viljað gera sitt ýtrasta til að fá þetta mál vel úr garði gert, þá hygg ég, að hún hefði aldrei komið með þessar till. Ég vildi skjóta því til hv. n. Ég vil samt ekki fara fram á, að n. taki till. aftur, en vildi giarnan, að atkvæði yrðu ekki látin skera úr við þessa umr. — Ég sé, að hv. þm. S-Þ. ber hér fram till. á þskj. 112, um að banna eldi minka á Norður- og Austurlandi. Ég skil það, að hv. þm. vilji reisa rönd við þessum faraldri, en býst þó við, að ekki þurfi að líða á löngu, þar til minkurinn kemst þangað líka, ef ekki er gripið til skjótra ráðstafana, og er þá allt landið í hættu. Ég tel því, að till. hans sé ekki ráðstöfun til endalykta í málinu.

Ég mun svo ekki fjölyrða þetta frekar að sinni, en vænti þess, að frv. nái fram að ganga.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það hafa nú orðið hér allmiklar umr. um mál þetta og kennir þar margra grasa. Mér virðist, að þær hafi farið alllangt út fyrir efnið, eða það sem upphaflega var um að ræða.

Mér heyrðist á ræðu hv. 1. þm. Árn., að hann byggist við því, að hér í d. væru margir þm., sem ekki viðurkenndu, að minnkurinn væri skaðlegt dýr. Hann eyddi löngum tíma til þess að lesa úr skýrslum skaða þann, sem bændur höfðu orðið fyrir af völdum minksins á alifuglum og fiski í ám og vötnum, og viðbúið væri, að þessar landnytjar yrðu upprættar með öllu, ef ekki væri skjótlega gripið í taumana og eldi þessara dýra bannað með öllu. Ég hygg, að hv. 1. þm. Árn. geti verið alveg rólegur út af því, að við þm. hér í d. erum honum sjálfsagt allir sammála um það, að minkurinn sé skaðsemdarskepna, ef hann nær að sleppa úr vörzlu. Deilan í þessu máli ætti því aðallega að standa um það, hvort banna eigi eldi minka eða ekki, en ekki um það, hvort þeir séu skaðræðisdýr. Um það erum við allir sammála, svo að það er óþarfi að halda langa ræðu um það. Hitt er annað mál, hvort við erum allir sammála um að banna eldi minka hér á landi.

Ég hygg, að það sé fyrir handvömm eina saman, að minkar sleppi út úr búrum. Það átti sér líka stað aðallega fyrstu árin eftir að ræktun þeirra var hafin hér á landi, og hefur stafað af vanþekkingu og reynsluleysi þeirra manna, sem með búrin höfðu að gera. Það hefur og komið í ljós, að þeir villiminkar, sem veiddir hafa verið, eru af þeim stofni, sem fyrst var fluttur hingað til lands, en ekki af þeim stofnum, sem síðar hafa verið fluttir inn. — Ég verð að segja það, að ég er hissa á, að hv. 1. þm. Árn., sá ágæti bóndi, skuli ekki gera þá kröfu til bændastéttarinnar, að bændur séu þess umkomnir að gæta minkanna það vel, að þeir sleppi ekki úr haldi. Eigum við að vera eftirbátar nágrannaþjóða okkar hvað þennan atvinnuveg snertir? Hefur nokkur heyrt, að nokkur þm. í Stórþinginu norska hafi leyft sér að koma með till. um að banna minkaeldi, þó að það kæmi fyrir í Noregi, fyrstu árin eftir að minkarækt hófst þar, að þeir slyppu út og gerðu nokkurt tjón? Nei, fjarri fór því. Þeir lærðu af reynslunni og tryggðu búrin það vel, að nú eru minkarnir alveg hættir að sleppa hjá þeim. Ég hygg, að við gætum lært mikið af þessari reynslu frænda okkar.

Það er álit mitt, að við eigum að stuðla að loðdýrarækt í stað þess að skerða hana, því að skilyrði til hennar hér eru á margan hátt betri en víða annars staðar, þar sem góður árangur hefur náðst af henni. Loftslag er þannig, að skinnin verða fallegri, og fóðurskilyrði þarf og ekki að fjölyrða um, því að það er viðurkennt, að þau séu hin ákjósanlegustu. Þótt ekki blási byrlega um skinnasölu nú í bili, þá er hér um atvinnuveg að ræða, sem á rétt á sér og ekki óliklegt, að við með tímanum gætum flutt út skinn fyrir milljónir króna, og ég hygg, að allir geti verið mér sammála um, að þörf fyrir gjaldeyri er alltaf brýn.

Mér virðist því, að frv. þetta sé flutt algerlega að ófyrirsynju, og flm. hefðu heldur átt að flytja frv. um útrýmingu villiminka, en hvað segja þeir í frv. um það atriði? Í 3. gr. þess segir svo: „Ráðh. setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, svo sem um eftirlit með eyðingu aliminka skv. 1. gr. og um það, hverra sannana beri að krefjast fyrir drápi villiminka, til þess að verðlaun megi veita. Í reglugerð skulu sett ákvæði um viðurlög fyrir brot gegn 1. gr., þar á meðal um upptöku dýrastofns og búra, og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.“

Hv. 1. þm. Árn. sagði, að landbn. hefði lagt til, að ekkert væri aðhafzt í þessum málum. Landbn. leggur áherzlu á, að útrýmt verði villiminkum, og kveður þar fastara á um en hv. flm. frv. N. leggur í fyrsta lagi til, að hreppsn. skuli skylt, hverri í sínu umdæmi, að sjá um útrýmingu villiminka og hlutast til um, að gerðar séu árlega skýrslur um útbreiðslu þeirra og helztu dvalarstaði. Í öðru lagi, að veitt verði verðlaun úr ríkissjóði fyrir dráp villiminka, allt að 60 kr. fyrir hvert dýr, sem unnið er. Í þriðja lagi, að landbrh. leiti álits loðdýraræktarráðunauts um samningu reglugerðar um framkvæmd l., svo sem um, á hvern hátt villiminkum skuli útrýmt og hverra sannana beri að krefjast fyrir drápi þeirra. Það, sem því hv. landbn. leggur til á þskj. 374 um útrýmingu villiminka, er miklu viðtækara en hv. flm. leggja til í 3. gr. frv. Mér virðist því, að hv. 1. þm. Árn. ætti að vera hv. landbn. þakklátur fyrir till. hennar í þessu.

Eins og ég hef áður sagt, finnst mér það algerlega óþarfi að halda langa ræðu um skaðsemi villiminka gagnvart alifuglum og fiskum í ám og vötnum. Við erum allir sammála þar, og sömuleiðis um það, að eyða beri villiminkum, og við ættum einnig að vera sammála um að gera þá kröfu til minkaeigenda, að þeir útbúi búr sín það vel, að ekki sé hætta á, að minkarnir sleppi út.

Ég hygg, að við getum allir verið sammála um það, að atvinnuvegir okkar eru ekki of margþættir, þó við förum nú ekki að leggja loðdýrarækt alveg á hilluna. Ég vænti því þess, að hv. 1. þm. Árn., Jörundur Brynjólfsson, bóndi í Skálholti, geri þá kröfu til stéttarbræðra sinna, að þeir séu ekki eftirbátar stéttarbræðra sinna í öðrum löndum í þessu efni.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en lýsi yfir því, að ég er samþykkur till. n. á þskj. 374, því að ég tel, að hægt sé að búa þannig um búrin, að engin hætta sé á því, að dýrin sleppi út og verði þannig að villiminkum, sem valda miklum skaða.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég heyrði á ræðu hv. 1. þm. Árn., að hann leit svo á, að till. mín á þskj. 412 væri fjarri því að vera ráðstöfun til endalykta í þessu máli. Ég vil strax taka það fram, að till. mín er aðeins varatill., og hafði ég hugsað mér, að hún kæmi ekki til atkvæða við 2. umr., fyrr en útséð væri um það, að frv. eins og það var fyrst næði fram að ganga.

Nú vita menn, að mest hefur verið ræktað af minkum hér í nágrenni Rvíkur, og hefur villiminkur sá, sem nú herjar mikinn hluta Suðurlandsins, aðallega sloppið úr búrum hér í nágrenni Rvíkur og Hafnarfjarðar. Og þó að menn eins og hv. 1. þm. Skagf. (StgrSt) vilji nú ekki — a. m. k. sem stendur — banna minkaeldi, þá vita þeir, sem kunnugir eru þessum málum, að ef leyfa á áfram minkaeldi í Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungi, þá getur þess verið skemmst að bíða, að einnig í þessum fjórðungum sleppi minkar úr búrum og þar með hafi þessi héruð fengið yfir sig villiminkaplágu na. Eins og stendur er mér vitanlega enn ekkert minkabú í Húnavatnssýslum, nema lítils háttar á Hvammstanga, ekkert í Norður-Þingeyjarsýslu og ekkert á Austurlandi.

Ég skal nú skýra lítils háttar frá því fyrir hv. form. landbn., hvernig fór um minkabú eitt, sem ég þekkti til, en það var á Svalbarðseyri. Það var eitt af þeim fáu búum hér á landi, sem ég veit, að voru rekin með hagnaði. Maðurinn, sem hafði það, var ekki bóndi, heldur trésmiður, og hann gat rekið búið þarna af því, að á staðnum var frystihús, svo að hann í sambandi við það hafði nóg fóður fyrir dýrin, en af því að íshúsið var ekki rekið allt árið, þá varð hann að flytja búið til Dalvíkur til þess að hafa alltaf nóg fóður. — Þetta sýnir ljóslega, að það er alveg vonlaust að ætla sér nokkurn tíma að gera minka að húsdýri í sveit, þar sem þessi dýr eru aðallega alin á fiski og alls konar sjófangi.

Mér virðist, að hv. landbn., og þá ekki síst sjálfur búnaðarmálastjórinn ættu fremur í þessu máli sem öðrum að hafa hagsmuni bænda og sveitabúskapar fyrir augum en hagsmuni kaupstaða og kauptúna, en allir vita, að það eru aðallega kaupstaðarbúar, sem atvinnu hafa haft við minkarækt hér á landi. Minkaeldi er nú síður en svo nokkurt hagsmunamál bændastéttarinnar, heldur þvert á móti, þar sem það hefur orðið mörgum bændum til stórtjóns. Þetta er stórt atriði, en ég býst þó varla við, að hv. landbn. breyti skoðun sinni í þessu máli, og er hræddur um, að frv. það, sem hér liggur fyrir, verði felit. Ég trúi nú samt ekki öðru en hv. 1. þm. Skagf. viðurkenni, að till. mín skaði engan, þar sem þeir, sem haft hafa hagnað af þessari atvinnugrein, eru aðallega hér í nágrenni Rvíkur.

Ég fæ ekki betur séð en ef minkurinn kemst að Mývatni, þá verði á skömmum tíma að engu gert það yndi og allur sá arður, sem Mývetningar hafa haft af hinu fjölbreytta fuglalífi við vatnið, og sama er að segja um fiskinn í vatninu. Ég mundi vart hafa lagt svona mikla áherzlu á till. mína, ef ég hefði ekki vitað þetta. Ég áleit í fyrstunni, að ekki væri neitt minkabú á Austurlandi. Þá var engin atvinna af þessari iðju í þessum landsfjórðungi. Þar var ekki byrjað á þessu á kreppuárunum. Ég held, að minkur mundi eiga erfitt uppdráttar á Norðausturlandi, að frádregnum jarðhitasvæðunum.

Ég er fús til þess að taka till. mína aftur til 3. umr. og laga hana í samráði við flm. frv.

Jón Pálmason: Herra forseti. Mér finnst ástæða til þess, að ég bæti nokkrum orðum við það, sem áður er sagt í þessu máli, en skal þó ekki langorður verða.

Hv. 1. flm. þessa frv., 1. þm. Árn. (JörB), hélt hér langa og undarlega ræðu, sem var reyndar að mestu endurtekning á fyrri ræðum hans um, hve minkurinn væri skaðlegt dýr. Það er enginn ágreiningur um það og það þarf ekki að endurtaka það. Landbn. er sömu skoðunar og flm. á því. Það er ekki þörf að ræða það. Það eru allir þm. sammála um. En hér er um það deilt, hvort eigi að eyða þeim minkum, sem eru í haldi, eða ekki. En þó að minkunum, sem eru í haldi, yrði nú útrýmt, þá er engin trygging fyrir því, að þeim villtu verði útrýmt. Og reynslan í sveitunum af þeirri viðleitni að útrýma refnum mælir á þá leið, að menn ættu ekki að vera sterktrúaðir á það, að takast megi að ráða dýrin algerlega af dögum á Suður- og Vesturlandi. En það er nauðsynlegt að gera alvarlega herferð gegn þessum óargakvikindum, sem laus eru.

Ég ræði ekki till. hv. þm. S-Þ. (JJ). Á Norðurlandi hefur nokkuð verið um minkarækt, en villtra minka hefur ekki orðið þar vart. Það gæti því verið umtalsmál að banna minkaeldi, þar sem villtra minka hefur enn ekki orðið vart á landinu. Um uppruna hinna villtu minka talaði hv. 1. þm. Árn. nokkur orð, og vildi hann frikenna flokk sinn frá því að hafa komið minkunum inn í landið. Í þessu máli sem mörgum öðrum, sem ekki hafa reynzt góð, hefur oft verið töluverð viðleitni að reyna að frikenna sig frá nokkurri hlutdeild. En minkar voru fyrst fluttir inn með styrkveitingu úr ríkissjóði. Þáverandi stjórn veitti nokkurn styrk til loðdýraræktar, og sá styrkur flutti síðan inn þau dýr, sem hafa orðið uppsprettan. Það er þýðingarlaust fyrir hv. þm. að ætla sér að undanskilja flokk sinn frá þessu, þó að engin nafnaköll finnist fyrir fjárveitingunni, hverjir þm. voru með og hverjir móti. Það er víst, að þessi styrkveiting hefur orðið upphaf ógæfunnar í minkaeldinu.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Varðandi það, sem hv. þm. A-Húnv. (JPálm) sagði, að það hefði verið framsóknarstjórn áranna 1927—1931, sem flutti minkana inn, þá er rétt sagt frá. Gunnar Sigurðsson frá Selalæk, sem nokkuð hefur verið riðinn við hinn flokkinn, Sjálfstfl., sá er missti trúna við þingrofið 1931, hafði forgöngu um þetta mál á þeim tíma. Minkasyndin hvílir því á Sjálfstfl.

Pétur Ottesen: Ég skal ekki ræða hér um fornar syndir, en reyna heldur að skakka leikinn. Ég skal ekki fara langt yfir skammt, en minna á ein rök. Því hefur verið haldið fram, að öll þau bú, sem unnin hafa verið, hafi verið rannsökuð. Ég var vanbúinn að mæta þessum rökum, er þau voru fram borin. Ég hef síðan átt tal við oddvita, sem tekið hefur á móti skottum og greitt verðlaun fyrir dráp dýranna. Hann segir, að hann hafi engum sent skottin, en hafi brennt þau jafnóðum og þau hefðu borizt. Hann tók aðeins á móti skottunum sem sönnun þess, að dýrin hefðu verið drepin. Svo tók hann kvittanir fyrir greiðslu verðlaunanna og sendi í stjórnarráðið og fékk þau endurgreidd. Loðdýraræktarráðunautur hefur ekki fengið neitt af þeim skottum. Þessi oddviti hefur greitt þúsund krónur fyrir minkadráp, en skottin brenndi hann. Hann sagði, að sér hefði ekki dottið annað í hug en að brenna þau strax, þar sem fýla hefði verið af þeim, því að þau hefðu oftsinnis verið orðin gömul, er sér hefðu borizt þau (SigfS: Það hefði nú mátt salta þau). Það lágu engin fyrirmæli fyrir um að salta skottin. Það kann nú að vera, að loðdýraræktarráðunautnum hafi eitthvað borizt af skottum og skinnum. En oft eru minkar unnir á þeim tíma árs, sem skinnin eru verðmæt söluvara, og hafa menn þá engu síður getað haft gott af skinnunum en skottunum. Það hefur nú verið grundvöllur þeirra fullyrðinga, að engir minkar sleppi lengur úr búrum, að ekki hafi verið unnið neitt villt dýr, sem sé nema af þeirri tegund, sem fyrst var flutt inn til landsins. En það er ógerningur að búa svo um dýr í girðingu, að ekki geti verið hætta á því, að dýr sleppi. Náttúruhamfarir geta á svipstundu brotið niður minkagirðingu. Nei, ég vara hv. þdm. við að leggja of mikið upp úr þessum fullyrðingum, því að þær geta ekki staðizt.

Hv. frsm. landbn. þótti ekki rétt sagt frá búsetu nokkurra manna, sem sent var til og leitað álits frá. Það kann að vera, að eitthvað hafi verið þar rangt frá minni hálfu, og finnst mér ekki nema gott, að slíkt sé leiðrétt. Þó eru flestir þeirra búsettir í Rvík og við Rvík og fást við loðdýrarækt, og eru sumir þeirra í stjórn Loðdýraræktarfélagsins. Búfjártilraunaráðið er með þessu frv., og hafa 4 af 5, sem þar eiga sæti, undirskrifað bréf þeirra, en fimmti maðurinn neitaði að skrifa undir bréfið. Meiri hl. Búnaðarfélagsins mælti með samþykkt frv. Mergurinn málsins er sá, að minkaeldið hefur reynzt rýr atvinnuvegur og hefur leitt af sér stórskaða fyrir landsmenn. Þess vegna er leiðin sú, að Alþ. á að gera rækilega herferð á hendur minkunum, — gera það sem í þess valdi er til þess að draga úr þeirri hættu, sem stafar af villiminkunum. En á meðan minkar eru í búsundavís í búrum, er ekki hægt að vekja þann áhuga og þann starfsvilja, sem með þarf.

Ég hef nýlega rætt við oddvitann í Hvalfjarðarhreppi í Botnsdal um þetta mál. Hann sagði, að í sínu héraði hefði verið töluvert veitt af minkum, og fyndist sér vera góður árangur af þeirri viðleitni. Minkar höfðu víða gert þar usla í hænsnabúum bænda. Sums staðar var rækilega búið um hænsnin, og var mönnum ráðgáta, hvernig minkur gat sloppið inn til hænsnanna. Þetta sýnir glöggt, hve erfitt er að halda minkum úti, og má geta nærri, hvort ekki sé erfitt að halda þeim inni í búrunum. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja ræðu hv. frsm. Það er vonlaust að útrýma villiminkunum nema skera fyrir rætur þessarar minkaeldisstarfsemi. Það er því aðeins unnt, að minkaeldi sé bannað.

Í sambandi við þær brtt., sem fram hafa komið, þá eru allir sammála um það, að setja beri sem sterkastar reglur um varnir, svo að minkar sleppi ekki úr haldi. Sjálfsagt er að athuga nákvæmlega þær till., sem fram hafa komið á milli 2. og 3. umr. Þeir, sem leggja meir upp úr brtt. landbn. en frv. sjálfu, slá engu úr hendi sér, þó að þeir samþ. 1. gr. frv., því að það er hægt að koma brtt. að við 3. umr. málsins hér í d.

Með tilliti til mikilvægis þessa máls vona ég, að skorið verði fyrir rætur meinsemdarinnar og þessum dýrum verði eytt úr náttúrunni, sem nú ganga laus.

Umr. frestað.

Á 68. fundi í Nd., 4. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég geri ekki ráð fyrir að tala oftar í þessu máli, enda finnst mér, að það megi fara að ljúka þessari umr., sem er búin að standa upp undir hálfan mánuð í þessari hv. d. Málið verður ekki upplýst frekar fyrir það, þó að haldið sé áfram með það hér í d. á þennan hátt. En ég neyðist til þess að segja örfá orð til þess að bera af mér sakir, vegna þess að hv. þm. Borgf. (PO) bar í rauninni á mig sem frsm. n., að ég hefði farið rangt með tvö atriði varðandi upplýsingar, sem ég flutti hér fyrir hönd n. í sambandi við þetta frv., og get ég ekki legið undir því sem einstaklingur eða frsm. landbn.

Það, sem hv. þm. Borgf. taldi mishermt eða rangt hjá mér, eru þau ummæli, sem í fyrsta lagi eru höfð í grg. hér í nál. landbn., þar sem n. telur, og hefur það eftir loðdýraræktarráðunautnum, að rannsakaðir hafi verið eitthvað í kringum 600 villiminkar, sem veiddir hafa verið, með tilliti til þess, undir hvaða afbrigði þeir gætu heyrt. Ég vil taka það fram, að ég sagði aldrei, að allir villiminkar, sem veiddust, hefðu verið rannsakaðir með tilliti til tegunda, heldur, að af þeim, sem hefðu verið rannsakaðir, hefði fundizt einn vafasamur minkur, sem ekki væri gott að ákveða, hverrar tegundar væri. Ég hef fengið hér í hendur nýtt plagg frá loðdýraræktarráðunaut um þetta, sem er til afnota fyrir hv. þm. Borgf. og aðra þm., sem vildu sjá skýrslu hans um málið. En ég vil aðeins leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa niðurlagið á skýrslu hans um þetta, sem hljóðar þannig:

„Skilyrði fyrir verðlaunaveitingu hefur verið, að hinu dauða dýri eða skinninu af því hafi verið skilað til mín. Stundum hafa þó sýslumenn eða hreppstjórar móttekið dýrin og gefið vottorð um það. Hafa þá verðlaun verið greidd í skrifstofu minni gegn afhendingu vottorðanna. Sjálfur hef ég skoðað hræið eða skinnið af rúmlega 500 dýrum, sem veitt voru verðlaun fyrir að drepa. Öll þessi dýr voru af stofni Mið-Ameríku-minksins (Mississippi-minksins, sem fyrst var fluttur hingað til landsins, en hvergi hefur verið ræktaður hér hin síðari ár. Um hina minkana, sem ég hef ekki séð, get ég ekkert sagt."

Þetta er umsögn loðdýraræktarráðunautarins varðandi þetta mál, og vísa ég þar með frá mér og landbn. öllum getsökum um það, að við höfum á

nokkurn hátt farið rangt með þær upplýsingar, sem við gátum fengið í þessu máli. Loðdýraræktarráðunautur inn talar um 500 minka. En til viðbótar skal það sagt, að Páll Þormar, sem er aðalsérfræðingur í skinnasölu og skinnakaupum fyrir Loðdýraræktarfélagið, hefur tekið á móti allmörgum skinnum af villiminkum, og þau hafa öll verið af þessum sama stofni, nema vafasamt er um 1 eða 2 stykki.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en þetta ætti að nægja til að sýna, að landbn. hefur reynt að byggja á þeim upplýsingum, sem hún gat fengið í þessu máli, og mér dettur ekki í hug að væna opinberan starfsmann í þjónustu ríkisins um það, að hann gefi upplýsingar, sem ekki megi byggja á, um tölu minka, sem beinlínis hafa verið rannsakaðir í þessu augnamiði. Það er vitað mál, að drepnir hafa verið fleiri villiminkar. Og þó að brennd hafi verið skottin af þeim, þá haggar það ekki tölu þeirra, sem rannsakaðir hafa verið.

Hitt atriðið var það, að hv. þm. Borgf. dró í efa, að við færum rétt með umsögn tilraunaráðs í búfjárrækt varðandi frv. Ég hef hér í höndum bréf frá Runólfi Sveinssyni sandgræðslustjóra, þar sem hann skýrir frá afstöðu ráðsins til málsins. Vil ég ekki þreyta hv. d. og ofbjóða þolinmæði hæstv. forseta með því að fara að lesa upp þetta bréf, en þar er ekki tekið fram neitt annað en að tilraunaráð í búfjárrækt hafi allt staðið að samþykktinni.

Ég ætla ekki að ræða þetta mál frekar eða endurtaka það, sem ég hef áður sagt fyrir hönd n. Við erum reiðubúnir til samvinnu um örugg ákvæði um útrýmingu villiminkanna og viljum vinna með flm. frv. á því sviði. En mér ógnar sú græðgi hjá flm. að gera sig ekki ánægða með annað en að fá fullvissu fyrir því, að minkarnir hafi verið að sleppa út allt fram á síðustu ár. Ég tel það til sóma, að það virðist hafa tekizt að hindra, að minkurinn hafi sloppið úr haldi síðustu árin, og þess vegna er afstaða landbn. í þessu máli eins og ég hef lýst.

Um brtt. hv. þm. S-Þ. skal ég ekkert segja á þessu stigi. Hún hefur verið tekin aftur til 3. umr., og mun þá verða tækifæri til að ræða hana frekar.

Pétur Ottesen: Ástæðan til þess, að ég fór að kynna mér, hversu háttað væri aðstöðu loðdýraræktarráðunautar til að dæma um, að minkurinn hafi ekki sloppið, var sú, að hv. frsm. vildi gera lítið úr því, sem ég hef haldið fram í ræðu minni, að loðdýraræktarráðunauturinn hefði takmarkaða aðstöðu til þess að dæma um þetta. Og eiginlega var ekki hægt á honum að skilja annað en að hann hefði yfirlit yfir og hefði farið höndum um skott af flestum ef ekki öllum þeim minkum, sem drepnir hafa verið. Og þrátt fyrir það að nokkuð hafi verið farið að slá í sum skottin við langa geymslu á þeim, þá hefði hann góða aðstöðu til að dæma um þetta, jafngóða og ég hefði til að dæma um það, hvort dindill af kind væri svartur eða hvítur. Þetta voru hans ummæli um þetta. En ég hafði í ræðu minni fært fram þær ástæður, að það væri allmikið af þeim minkum, sem drepnir hafa verið, sem loðdýraræktarráðunauturinn hefði enga aðstöðu til að dæma neitt um. Og svo þegar ég fór að leita mér upplýsinga um þetta, þá kemur það í ljós, að þau skott, sem afhent hafa verið oddvitum víðs vegar úti um landsbyggðina, koma aldrei út fyrir bæjardyr oddvitans, af því að jafnskjótt sem honum er afhent skottið, þá kastar hann því á bál, en tekur það sem fullkomið sönnunargagn viðkomandi manns, sem fær svo kvittun hjá oddvitanum, sem hann fær endurgreidda í stjórnarráðinu. Og ég er enn þá með hér í vasanum ávísun, sem gefin hefur verið út á slíka kvittun. Svoleiðis að það er augljóst af þessu, að aðstaða loðdýraræktarráðunautarins til þess að taka fyrir, að dýr hafi sloppið, er ákaflega hæpin og ekkert upp úr henni leggjandi framar því, sem hann hefur beinlínis farið höndum um þau dýr, sem drepin hafa verið, sem eru fæst af þeim, sem drepin hafa verið. Þess vegna dreg ég ekkert í land um það, að það er ákaflega hæpið að ætla að byggja á þessu, þegar á það er litið hins vegar, hve óskaplegir erfiðleikar eru á því að halda þessum dýrum í búri.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, þá var það einn af þessum mönnum, sem sagði mér, að hann ætti engan hlut að því að mæla gegn framgangi þessa máls. Það var Halldór Pálsson, búfjárræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands, og veit ég, að hv. frsm. fer ekkert að rengja umsögn mína um þetta, þó að af því bréfi, sem honum barst í hendur, hafi máske ekki mátt ráða um þessa afstöðu Halldórs Pálssonar.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, en vil aðeins árétta það, að ég tel vonlítið, að þeirri baráttu, sem hér er hafin, verði haldið áfram, ef við höldum áfram að ala þennan snák við brjóst okkar hér á Íslandi, villiminkinn, bæði af þeirri ástæðu, að það verður miklu erfiðara að fá almenna þátttöku í útrýmingu minkanna, af því að menn eru vonlitlir um þetta, enda vofir alltaf yfir okkur á hverjum degi sú hætta, að eitthvað geti sloppið úr þessum búrum, þó að vel sé um búið og fullur ásetningur þeirra manna fyrir hendi, sem að því standa, að gera sitt bezta til þess að halda dýrunum innibyrgðum. Þar höfum við reynsluna hjá okkur og yfirlýsingu merks náttúrufræðings, sem byggð er á reynslu og þekkingu annars staðar úti í heimi um þetta atriði. — Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en aðeins endurtaka það gagnvart þeim mönnum, sem mundi þykja bezt gengið frá því hvað snertir útrýmingu minksins í þessum brtt., að þeir slá engu úr hendi sér með því, að svo verði frá þessu gengið, þó að þeir greiði atkv. gegn þeim á þessu stigi málsins og bjargi því við, að ekki sé haldið áfram villiminkaeldi. Því að það er vitanlega aðstaða til þess við 3. umr., að menn taki höndum saman um það að búa sem allra traustlegast um útrýmingarákvæðið. Geri ég ekki ráð fyrir, að það verði neinn ágreiningur um það út af fyrir sig að vanda til þess eftir beztu föngum.

ATKVGR.

Brtt. 374,1 (ný 1. gr.) samþ. með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HB, IngJ, JPálm, JS, SigfS, SG, SEH, SK, StgrSt, ÁÁ, BG.

nei: FJ, GÞG, HermG, JG, JJ, JörB, PÞ, PO, SkG, StSt, ÁkJ.

12 þm. (EOl, EmJ, EystJ, GTh, HelgJ, JóhH, KTh, LJós, ÓTh, SB, StJSt, BÁ) fjarstaddir.

Brtt. 412 tekin aftur til 3. umr.

— 372,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 17:1 atkv.

— 374,3 (ný 2. gr., verður 3. gr.) samþ. með 18:1 atkv.

Brtt. 374,4 (ný 3. gr., verður 4. gr.) samþ. með 17:1 atkv.
— 374,5 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 17:1 atkv.
— 374,6 (ný fyrirsögn) samþ. með 17:1 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um útrýmingu villiminka.

Á 71. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 432, 447).

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég hef hér leyft mér ásamt hv. þm. Borgf. (PO) að bera fram brtt. við frv. eins og frá því var gengið við 2. umr.

Ég tel ekki, að ástæða sé til þess að fara mörgum orðum um málið. Það munu hafa komið fram flest atriðin við 2. umr. þess, sem máli skipta. Ég tel, að afgreiðsla þessa máls, með frv. eins og það er nú, sé næsta ófullkomin. Frá þeirri framkvæmd, sem nú er á þessu máli, er eiginlega ekkert nýtt í þessu frv. nema skylda, sem lögð er með þessu móti á hreppsn. Hvar sem minka verður vart, eiga þær að vera skyldar til þess að smala saman mönnum *til að útrýma þeim, og gert er ráð fyrir 10 kr. hækkun á verðlaunum fyrir hvern villimink.* Ef svo skyldi vera, að loðdýraræktarráðunauturinn yrði gerður að hershöfðingja í útrýmingarhernaði þessum, gæti manni komið til hugar, af því að hann er nú embættismaður í þessari grein, að hann hefði sýnt þessum málum áhuga undanfarin ár og það þyrfti ekki endilega að samþykkja sérstök l. um það nú. Hann er búinn að hafa þennan starfa um stund og villiminkarnir að vinna verk sín til stórtjóns árum saman. Og af hálfu hans hygg ég, að til útrýmingar hafi býsna lítið verið gert fram að þessu, enda er málið satt að segja þannig vaxið, að ef einhver verulegur árangur á að nást af þessu starfi, þá verður slíkt ekki gert nema með mörgum mönnum á hverjum stað, og verður ekki á neins eins manns færi að sjá um slíkt verk. Það er alveg víst, án þess að ég vilji gera það að frekara umtalsefni, að hvað þetta starf áhrærir, þá treysti ég bezt því fólki, *sem þekkir bezt lífnaðarhætti þessa dýrs hér á landi* og hefur margt orðið fyrir þungum búsifjum af völdum þess. En þrátt fyrir loðdýraræktarráðunaut og þá, sem áhuga hafa fyrir minkaeldi og loðdýrarækt *stunda, þá hefur maður fyrir fram enga sérstaka trú á því*, að mikið verði gert, þó að þetta standi í lögum.

Okkur flm. þessa frv. og þessara brtt. finnst alveg sjálfsagt, að leitað sé álits þeirra manna, sem verða fyrst og fremst fyrir því tjóni, sem þessi dýr valda, — að þeir segi til um vilja sinn í þessu efni. Það virðist eðlilegra, að þeir menn segi álit sitt heldur en hinir, sem hafa einhverja hagsmunavon af því að ala þann snák við brjóst sér áfram.

Það má í raun og veru telja meira tjón, sem þessi dýr valda, heldur en oft er búið að telja hér upp. Það borgar sig svo illa minkaeldið, að þeir, sem það stunda, hafa orðið að leita til Alþ. með eftirgjöf á lítilfjörlegum tollum, og verður því slík atvinnugrein að teljast frekar baggi á þeim en að um nokkurn hreinan arð sé þar að ræða. Og þegar tillit er tekið til þess, hve mikið er í húfi og hvað þessi plága getur valdið stórkostlegu tjóni hjá bændastétt landsins, þá fer það að verða harla einkennilegt mál, ef Alþ. er í vafa um, hvað gera skal í þessu efni.

Það er alveg víst, að ef menn úti um land hefjast ekki handa til þess að útrýma villiminknum, þá verður hann landplága, sem stefnir að því að eyðileggja allt fuglalíf og þar með æðarfuglinn, því að það munu ekki vera hér nema örfáar eyjar, sem mönnum mun kannske takast að hafa æðarvarp í óáreitt fyrir villimink. Þá er það vitað, að hann veldur og á eftir að valda stórtjóni á silungsveiði og laxveiði í ám og vötnum. Það má segja, að það sé getgáta, en ég er sannfærður um, að hann mun leggjast á unglömb, þegar fer að minnka um æti hjá honum. Það er sannað, að hann hefur gert það hér, og það er ekki vafi á því, að hann mun gera það því fremur, því minna sem er um æti fyrir hann hér en erlendis.

Þetta mál er þannig vaxið, að það á að vera augljóst hverjum manni, sem vill kynna sér það, að hér er um alvörumál að ræða fyrir sveitir landsins, og það má ekki minna vera en komið sé til móts við þá menn, sem orðið hafa fyrir þungum búsifjum af völdum þessara dýra. Alþ. ætti að ganga þar á undan og ákveða, að hætta verði minkaeldi. Það hefur komið rækilega fram hjá meðflm. minum, að það mundi verða meiri hvöt til þess að gera alvarlegar aðgerðir til þess að útrýma dýrinu, ef menn þyrftu ekki að óttast það lengur, að dýr *slyppu úr búrum, þannig að þau væru ekki lengur* starfrækt. Því að menn geta aldrei tekið ábyrgð á því, að ekki hendi slys og minkar sleppi ekki, ef þeir eru hafðir í búrum.

Hv. landbn. lét í ljós við 2. umr. *málsins*, að hún væri tilbúin til samkomulags um að gera þetta mál vel úr garði. Og ég vil vænta þess, að hv. landbn. fallist á þessar brtt. og þann dóm, sem þá yrði upp kveðinn, ef farið yrði eftir þeim. Það er ekki hundrað í hættunni. Það er leitað til þess fólks, sem verður fyrir mestu tjóni af völdum þessara dýra, og er ekki nema rétt að leita álits þess. Og við flm. eigum undir högg að sækja, alveg eins og hv. landbn. og þeir, sem fylgja hennar máli. Og við flm. skulum hlíta þeim dómi, sem kveðinn verður upp eftir þessari brtt., og láta okkur lynda, hver niðurstaðan verður.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég vil leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann sjái sér fært að ljúka ekki þessari umr. strax, svo að landbn. geti fengið tækifæri til þess að athuga brtt. Að vísu sýnist mér nú, að ómögulegt sé að samþykkja brtt. eins og hún er. En ég ætla ekki að fara frekar nú út í einstök atriði hennar og ætla ekki að ræða málið hér frekar. En hv. 1. þm. Árn. (JörB) talaði hér með svo miklum myndugleika, eins og hann sæti einn með alla vizku, og var með aðdróttanir í garð landbn. vegna hennar aðgerða í málinu, sem ég tel alveg ómaklegt. Landbn. hefur tekið þá afstöðu til málsins, sem hún telur rétta, og hv. 1. þm. Árn. situr ekki með neina þekkingu á þessu máli fram yfir þá, sem eiga sæti í landbn., því að hann virðist vera fráhverfur því að taka skynsamlegum bendingum um þetta mál. Það er t. d. vitað, að þessir villiminkar eru afkomendur fyrstu minkanna, sem fluttir voru til landsins. Og það er meginröksemd í þessu máli, sem ekki er ástæða til að loka augunum fyrir, þó að hv. flm. geri það, að

það hefur enginn villiminkur fundizt, sem skoðaður hefur verið af mönnum, sem vit hafa á þeim málum, sem getur verið kominn út af minkum, sem fluttir hafa verið inn síðar. Útrýmingin á villiminkunum virðist vera algert aukaatriði fyrir hv. flm., og þeir gera yfirleitt lítið úr till. landbn., sem hefur þó stórbætt það atriðið, sem ætti að vera aðalatriði þessa máls.

Hv. 1. þm. Árn. gerir grín að því, að verið sé að leggja það á hreppsn. að hafa eftirlit með þessu. En þó vill hv. flm. leita álits þeirra sömu aðila, sveitarstjórna, um það, hvort banna skuli minkaeldi eða ekki.

Hv. 1. þm. Árn. talar með miklum rembingi um þetta mál á nýjan leik um leið og hann flytur brtt., sem hann óskar, að landbn. ræði um. En tónninn í ræðu hv. flm. var ekki þannig, að hann óskaði eftir, að landbn. athugaði brtt. í samráði við flm.

Þó að þau sorglegu slys hafi átt sér stað í nágrenni Rvíkur og í Árnessýslu, að minkar hafi sloppið út úr búri fyrir mörgum árum, þá er ekki hægt að byrja á því að banna þeim mönnum að rækta þessi dýr, sem hafa heimild til þess samkvæmt lögum frá Alþingi.

Ég sé ekki ástæðu til þess nú að fara fleiri orðum um þetta, og mun ég ekki skipta mér frekar af þessum umr., en mér fannst ræða hv. 1. þm. Árn. óheppileg, ef hann hefur hugsað sér að ná góðum árangri með þessari brtt. sinni, ef hún á ekki að vera bara til þess að flagga með hana einhvers staðar.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Þetta mál hefur orðið að hitamáli hér á Alþ. Þar sem ég er í landbn., vil ég gera grein fyrir því, að mér finnst, að aðaláherzlan sé lögð á það hjá hv. flm., hvernig eigi að drepa minkana, sem eru í búrunum. Hv. flm. eru með svigurmæli um það, að við viljum leggja á sveitirnar að útrýma þessum skaðræðisdýrum, sem allir eru sammála um, að um skaðræðisdýr sé hér að ræða.

En mér er spurn: Ef minkarnir í búrunum eru drepnir, hver á þá að sjá um að útrýma villiminkunum, eða er málið leyst, þegar búið er aðeins að eyðileggja þá, sem eru í búrunum? Ég held ekki. Ég held, að fyrst og fremst verði að leggja áherzlu á að útrýma villiminkunum.

Þau rök, sem fram hafa komið, ef rök skyldi kalla, af hálfu hv. flm., eru þau, að dýr þessi mundu útrýma öllu fuglalífi og fiskum, en þar geri ég nú ráð fyrir, að hann hafi átt við villiminkana. Og ég er sannfærður um, að fyrst og fremst ber að vinna að því að reyna að útrýma þeim.

En til þess að sýna málflutning hv. flm., þá vil ég benda á, að hann gekk svo langt, að þegar hv. frsm. landbn. taldi, að minkurinn eyðilegði fiskiöndina, sem gerði tjón í veiðivötnum, þá svaraði hv. flm. því, að minkurinn gæti ekki eyðilagt hana; hún væri svo stygg og héldi sig svo langt frá landi. En silung sagði hv. flm., að minkurinn mundi geta tekið á spretti, og mundi hann eyðileggja allan silung og lax í ám og vötnum. Og eftir þeirri brtt., sem nú er komin fram, finnst mér einkennilegt í þessu máli, þó að það heyri kannske ekki undir Búnaðarfélag Íslands, að flm. skuli ekki hafa dottið í hug að leita álits þess í stað hreppsn. Það sýnist, að það hefði verið nær að leggja slíkt fyrir búnaðarþing. Þetta mál hefur verið rætt þar. (**PO**: Á búnaðarþingi?) Já, á búnaðarþingi hefur málið verið rætt. Og hvers vegna má ekki fá þennan aðila nú til þess að segja álit sitt? Það get ég ekki skilið. Yfirleitt má segja, að öll þau rök, sem komið hafa fram, séu þau, að fyrsta skilyrðið til þess að útrýma villiminkunum sé að ráðast á búrin og drepa alla minka þar.

Ég er sannfærður um, að það tekst aldrei að útrýma villiminkunum, ef ekki verður sýnd meiri árvekni á þeim svæðum, þar sem þeir eru, en gert hefur verið fram að þessu. Hvað sem annars má segja um till. landbn., þá er ég sannfærður um það, að til þess að útrýma villiminkum er það fyrsta skilyrðið, að menn í sveitum landsins sýni meiri árvekni og dugnað en þeir hafa gert hingað til. Það má vera, að eitthvað þurfi að laga enn ákvæði frv. Ég tel það eina örugga ráðið gegn þessari plágu, að beitt sé þeim aðferðum, sem landbn. hefur stungið upp á. Og ég fyrir mitt leyti er viss um, að það er rétt að láta sveitarstjórnir sjá um þetta.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég get nú ekki að því gert, að mér finnst hv. frsm. landbn. hafi verið óþarflega hörundssár út af því, sem ég sagði í garð landbn. Og ég ætla, að það hafi ekki komið beint fram í ræðu minni, að enginn hefði þekkingu á þessum málum nema ég. Ég held, að það hafi ekki fallið eitt einasta orð frá minni hálfu, sem bent geti til þess. Hins vegar tel ég mig ekki upp úr því vaxinn að taka tillit til þeirrar fræðslu, sem hægt er að fá frá öðrum, en það virðist svo sem hv. landbnm. leggi ekki mikið upp úr því eða taki nokkurt tillit til þess, sem fróðir menn segja um þessi mál, sem hafa lagt sig eftir því að kynnast þeim og hafa mikla þekkingu á þeim hlutum. Það er ekki sagt alveg út í loftið, að fyrir fram leggur maður ekki mikið upp úr því, þótt einhver maður úr þeirra hópi, sem er með minkaeldi og trúir ekki, að villiminkurinn geri svo mikið tjón, verði fenginn eða ráðinn til þess að stjórna útrýmingu hans.

Hv. frsm. n. hefur fundið það að frv., að þar væri ekki nógu vel tekið fram, hvernig framkvæma ætti útrýmingu villiminkanna sjálfra. Það má vera, að svo sé. En það var tekið fram af okkur flm., að ef tiltaka ætti nánar um einstök atriði, þá værum við til viðtals um það.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir, að sett skuli reglugerð um þessar ráðstafanir, sem gera þarf til útrýmingar villiminknum, og það er ætlazt til þess einmitt eftir frv., að sett verði reglugerð um þau atriði, eftir því sem nauðsynlegt þykir, til þess að útrýmingin verði framkvæmd. Og ég ætla, að það hefði verið hægt að koma í reglugerð eins kraftmiklum ákvæðum og þarna eru í frv. Og því fremur værum við hv. þm. Borgf. og ég tilbúnir til að gera slíka ráðstöfun, ef alveg væri öruggt um, að það endurtæki sig ekki, að dýr af þessum stofni, sem í haldi eru, sleppi, svo að það verði ekki vinna fyrir gýg að vinna að útrýmingu villiminka. Það er það atriði, sem við höfum hamrað á, að hættan sé svo mikil, ef nokkurt dýr er haft í haldi, að þau sleppi, að það mundi draga mjög úr áhuga manna um að útrýma villiminkum, þannig að menn mundu draga sig í hlé í þessu efni. Þessa hættu óttumst við flm. frv., og það er ekki nema eðlilegt, að við séum einmitt hræddir við það, og getum við þar skírskot-

að til reynslunnar. Þar er reynslan hjá okkur, en ekki hjá hv. landbn. Því að þótt það komi nú fram, að það af þeim dýrum, sem drepin hafa verið af villiminkum og rannsökuð hafa verið, séu af fyrri tegundinni, sem inn var flutt, og þó að fullyrt sé, að þessi dýr hafi aðeins sloppið fyrst eftir að farið var að rækta þau hér, en það hafi ekki komið fyrir í seinni tíð, sem ég fullyrði ekkert um, þá er það ekki sönnun fyrir því, að það geti ekki komið fyrir enn, að þessi dýr sleppi úr haldi. En það má bara ekki koma fyrir, að þessi dýr sleppi úr haldi. Og það mun ekki vera rétt, að þessi dýr hafi ekki sloppið nema hér í nágrenni Rvíkur og í Árnessýslu. Það er minkabú á Snæfellsnesi, og ætla má, að villiminkur, sem þar er, sé úr því búi. Mér er sagt, að það hafi sloppið dýr þar. Bendir allt til þess, að þó nokkur villt dýr, sem þar eru af þessum stofni, séu úr búinu, sem þar er, þó að þetta dýr sé fljótt að breiðast út. Ég veit til þess, að sloppið hefur út af þessum dýrum í Þingeyjarsýslu. Menn halda, að það hafi ekki komið að sök og villtir minkar séu ekki til þar. Ég veit líka til þess, að minkar hafa sloppið út í Skagafirði, þó að þeim hafi verið náð aftur, eftir því sem ég bezt veit.

Það hafa af rúmum 800 af þessum dýrum, sem veiðzt hafa, verið rannsökuð rúm 500, og þau hafa reynzt að vera af fyrra afbrigðinu, sem flutt var inn. Við vitum ekkert um hin, sem veiddust, af hvoru afbrigðinu þau voru. Þetta er því ekki fullgild sönnun fyrir því, að þeir minkar, sem sloppið hafa úr haldi, séu allir af fyrra afbrigðinu.

Og við viljum ekki vitna eingöngu til þess, sem í þessum efnum hefur gerzt hér hjá okkur, heldur vil ég einnig vitna til nágrannalandanna. Í Svíþjóð hefur villiminkurinn orðið hrein landplága. Í Noregi hafa menn líka misst þessi dýr úr haldi, og villiminkurinn er orðinn plága þar. Eftir upplýsingum, sem ég hef fengið, greiða Norðmenn á annað hundrað króna fyrir hvern villimink, sem drepinn er. Svo að eitthvað álita þeir liggja við, ef hann gengur frjáls og honum verður ekki útrýmt.

Það skyldi ekki standa á mér — og ég býst við, að svo sé einnig ástatt um meðflm. minn — um að setja ýtarleg ákvæði um útrýmingu villiminka, ef maður á ekki á hættu, að það endurtaki sig, að þessi dýr sleppi úr haldi. En sé sú hætta fyrir hendi, þá kann ég ekki við að leggja þungar kvaðir á þá menn eingöngu, sem verða fyrir tjóni af þessari plágu, — að þeir skuli berjast við villiminkinn áfram, en láta hina, sem ekki verða fyrir tjóni af völdum villiminka, fá að hafa þá frjálst og óhindrað, og það án þess að borga neitt til útrýmingar villiminkanna.

Ég hef ekkert á móti því, að málið verði tekið af dagskrá nú, ef við á einhvern hátt gætum átt samleið, flm. frv. og hv. landbn. Og þá skyldi það mjög gleðja mig, því að þetta mál er af okkar hálfu flutt af alvöru og nauðsyn.

Umr. frestað.

Á 73. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann fresti umr. um þetta mál. Landbn. hefur ekki getað haldið fund um málið fyrir 3. umr. þess, en það stafar af því, að fundir n. hafa fallið niður vegna jarðarfara. Hins vegar mun landbn. halda fund á morgun. Hv. þm. Borgf. (PO) er ekki við í dag, en hann mun fýsa að vera viðstaddur, er atkvgr. fer fram um málið. Sökum þessa, sem ég hef hér nefnt, vænti ég þess, að hæstv. forseti fresti umr. um málið til morguns.

Forseti (BG): Samkvæmt ósk hv. 1. þm. Skagf. (StgrSt) um að fresta umr. um málið er málið tekið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., 16. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 432, 447, 458, 523).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það liggja nú fyrir þrjár brtt. við frv. Í fyrsta lagi á þskj. 458 frá hv. þm. S-Þ., þar sem hann leggur til, að bannað sé minkaeldi í Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungi. Þá er brtt. á þskj. 447 frá flm. frv., þar sem lagt er til, að þegar eftir gildistöku laganna skuli ríkisstj. leita álits allra sveitarstjórna í Rangárvalla-, Árnes-, Gullbringu-, Kjósar-, Borgarfjarðar-, Mýra-, Snæfellsnes- og Hnappadals- og Dalasýslum, svo og bæjarstjórna í kaupstöðum á þessu svæði um það, hvort leyfa skuli minkaeldi framvegis. Ef jákvæð svör berast fyrir septemberlok í haust, þá á stj. að hlutast til um, að öllum minkum verði lógað fyrir lok janúarmánaðar 1949.

Landbn. hefur á hvoruga þessara till. getað fallizt, en tekið upp meginefnið í till. flm. í brtt. á þskj. 523, sem er brtt. við brtt. á þskj. 447.

Það, sem n. finnst óaðgengilegt í till. hv. þm. Árn. og hv. þm. Borgf., er tvennt. Fyrst er það, að bara skuli leita umsagnar nokkurra landshluta, sem orðið hafa fyrir barðinu á minkinum, því að vitað er, að ferðir þeirra eru ekki bundnar við eina eða tvær sýslur, og einkennilegt er það, ef leita á umsagnar Dalasýslu, en ekki Húnavatnssýslu. N. leit svo á, að það þyrfti að fá álit allra sveitarstjórna og bæjarstjórna í landinu. Síðan má dæma, hvernig skoðanir skiptast eftir landshlutum.

Þá getur n. heldur ekki fallizt á að afhenda löggjafarvald í hendur litils meiri hluta sveitarstjórna í litlum hluta landsins og telur, að það geti ekki komið til mála. Það er nú ákveðið, að Alþ. komi saman 10. okt., en sveitarstjórnir og bæjarstjórnir eiga að hafa svarað fyrirspurnunum í septemberlok, einmitt um það bil er Alþ. kemur saman. Það er þá hlutverk þingsins að taka ákvörðun í málinu í samræmi við þær upplýsingar, sem fram hafa komið. En landbn. vildi ganga til móts við flm. á þeim grundvelli, er felst í till. n. á þskj. 523. Þar með er um leið skýrð afstaða n. til till. hv. þm. S-Þ., því að það liggur í hlutarins eðli, að ekki er ástæða til að banna sérstaklega minkaeldi í þeim landshlutum, fyrr en upplýsingar liggja fyrir.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta, vona að d. hafi skilið, út á hvað brtt. ganga.

Ég vil loks geta þess, að n. hefur talað við hæstv. atvmrh., og fellst hann á, að málið sé afgr. á þann hátt, sem n. leggur til á þskj. 523.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég mun hafa talað tvisvar, en vildi leyfa mér að spyrja

hæstv. forseta, hvort ég ætti ekki rétt á þrenningu sem fyrsti flm.

Forseti (BG): Hér er um 3. umr. að ræða, en ég mun þó ekki verða strangur, þótt hv. þm. geri alllanga athugasemd.

Jörundur Brynjólfsson: Ég veit, að hæstv. forseti tekur frjálsmannlega á því, þótt athugasemd mín verði nokkru lengri en venja er. — Hv. frsm. telur, að landbn. hafi gengið til móts við flm. með till. sinni, og ég efa ekki, að fengizt hefði heppileg niðurstaða, ef n. hefði sýnt viðleitni í þá átt. Hv. frsm. sagði, að n. hefði tvennt að athuga við till. okkar. Að bara væri leitað álits nokkurra landshluta, *og ef meiri hlutinn væri málinu fylgjandi*, hefði Alþ. afsalað sér löggjafarvaldinu. Hvað það fyrra áhrærir, er það að segja, að okkar till. er byggð á skírskotun til þeirra, er þekkja þessi mál bezt og hafa þessi dýr í nágrenninu. Þeir eiga að kveða upp sinn dóm um það, hvort hafa eigi þessi dýr í eldi eða ekki. Þetta virðist okkur eðlilegast. Hvað hitt atriðið áhrærir, að Alþ. hafi með þessu afsalað sér áhrifum á löggjöfina, er ég á öndverðri skoðun. Með samþykkt till. okkar hefur Alþ. beygt sig undir skoðun þeirra, sem þessu eru kunnugastir, og vill hlíta þeim dómi kjósendanna. Þetta er lýðræðislegt og þannig ætti löggjöf að vera, að meiri hluti þjóðarinnar, er hlut á að máli, sé henni samþykkur, og með hliðsjón af því setjum við lögin. Þetta er ekki óeðlilegt. Það má kannske segja, að stundarfrestur skipti ekki miklu fyrir lausn málsins, en hitt skiptir meira, að eftir till. n. getur það verið komið undir dómi meiri hluta sveitarstjórna, sem málinu eru ókunnugar og vita ekki, hve illt viðskiptis þetta dýr er, og kunna að hafa fengið af því litaðar fregnir. Ég skírskota til þeirrar reynslu, sem fengizt hefur og ég hef áður lýst í umr. Ég vil einnig geta þess, að Guðmundur heitinn Bárðarson, sem var mjög þekktur náttúrufræðingur bæði hér og erlendis, varaði Íslendinga við þessum dýrum. En ekkert var úr því gert, og því er komið sem komið er. Dómur þeirra, er hafa stundargróða af því að ala þessi dýr, er einskis nýtur.

Ég get ekki fallizt á brtt. n. Mér finnst, að n. *hefði átt að fallast á að leita álits þeirra aðila*, sem um getur í brtt. okkar. Það er varla von, að bæjarstjórn Vestmannaeyja og hreppsnefndir í Grímsey, Flatey á Breiðafirði og Flatey á Skjálfanda geti gefið nokkrar upplýsingar í þessum efnum, þar sem dýrin hafa ekki verið alin á þessum stöðum. Aðrir landshlutar mundu svara af litlum kunnugleik, og sumpart ekki svara. Mér finnst því, að n. hafi missýnzt, og get ekki greitt till. hennar atkv. Ég vona, að d. fallist á okkar till., hún er eðlilegust.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Það voru aðeins örfá orð. Ég verð að segja, að ég er undrandi yfir því málþófi, sem hv. 1. flm. beitir hér í þessu máli við hverja umr. eftir aðra. Hann hefur þjátíu ára þingmennsku að baki, en hann mun ekki geta nefnt eitt dæmi þess, að löggjöf hafi verið sett á þennan hátt. Að leita álits litils hluta landsbúa og láta löggjöfina velta á því, hvort þar fæst einhver meiri hluti, það væri einsdæmi. Þetta er nóg til þess, að Alþ. getur ekki samþ. till. Af því er í raun og veru ástæðulaust að karpa um þetta. Landbn. lítur ekki á þau svör, sem hlutaðeigandi aðilar gefa, sem dómsorð, heldur sem álit, en hv. þm. Árn. var að tala um dóm í þessu sambandi. Það má um þetta segja, að „skýzt, þó skýrir séu". Það, sem hlýtur að vaka fyrir hv. flm., er að fá álit þessara aðila, en það er þröngsýni að ætla að binda þetta við nokkra landshluta. Ég veit ekki, hvort hv. þm. Borgf. er sama sinnis um þetta og hv. þm. Árn. (**PO:** Ég er annar flm.) Já, en hv. þm. Borgf. hefur ekki látið í ljós álit sitt um brtt. landbn. Það er ekkert auðveldara en að skiptast í flokka um þetta mál, þegar upplýsingarnar koma. Hitt er ofstæki, að ætla að binda þær við einstaka landshluta. Ég er undrandi yfir því, að hv. þm. Árn. skuli t. d. vilja leita álits um þetta í Dalasýslu, en ekki í Húnavatnssýslum, Skagafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslum. Landbn. hefur talið sér skylt að leiðrétta þetta. Mér virðist við hafa komið svo langt til móts við hv. flm. sem mögulegt var, og fæ ég ekki séð, að það spilli neinu, þó að leitað sé umsagnar fleiri sveitarfélaga. Það eru ekki annað en rökþrot, þegar hv. þm. Árn. ætlar að gera það að stórmáli, hvort leitað sé umsagnar Vestmannaeyja og Grímseyjar. Ég sé ekki, að það sé neitt hættulegt.

Þetta vil ég taka fram og leyfa mér enn að óska þess, að hv. flm. taki höndum saman við okkur. Svo getur Alþ. *afgr. málið, þegar upplýsingar* liggja fyrir í byrjun næsta þings, og verður hægt að framkvæma það fyrir þann tíma, sem flm. sjálfir leggja til.

Pétur Ottesen: Það var aðallega um atkvgr., sem ég ætlaði að tala. Ég þarf ekki miklu að bæta við það, sem hv. þm. Árn. hefur sagt. Ég ætla heldur ekki að ræða við hv. 1. þm. Skagf. um þröngsýni, ég held, að klögumálin gangi á víxl. Það er víst það eina, sem við getum sætzt á. Ástæðuna til þess, að við höfum orðað brtt. svo, hefur hv. þm. Árn. skýrt, að þeir, sem orðið hafa fyrir barðinu á þessum dýrum, geta hér bezt um dæmt. Hér er um svo stórt svæði að ræða, að það sæmir Alþ. að taka álit þess til greina, auk þess sem allt minkaeldi er innan þeirra takmarka, sem við höfum sett.

Ég vil aðeins minnast á það, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, að það væri fordæmalaust, að löggjöf væri sett á þennan hátt. Við þekkjum ekki svo fá dæmi þess, að lög séu sett, sem taka til liðins tíma, t. d. ýmsar skattaálögur. Hér er bara um það að ræða, að lögin verkuðu nokkuð fyrr en fordæmið er fyrir hendi.

Í sambandi við atkvgr. vil ég fara fram á það við forseta, hvort ekki sé hægt að fá samkomulag við landbn. um það, að brtt. sé borin upp sem brtt. við 1. málsl. brtt. okkar, en svo verði sérstök atkvgr. um síðari málsl. Ég vildi mælast til þessa við forseta, því að þá kæmi fram réttari afstaða en ef atkvgr. er látin ná til *málsins alls*. Ég vildi taka þetta fram, ef hægt væri að hafa þennan hátt á.

Jörundur Brynjólfsson: Það eru aðeins örfá orð. Hv. frsm. virðist undrast það, að við skulum vilja leita álits um það, hvort leyft skuli minkaeldi framvegis. Ég hygg, að það, sem kom fram hjá okkur, stemmi alveg við raunveruleikann, og hann er ekki fallegri en þetta. Hann segir, að það sé fjarstæða

hjá mér að tala um dóm. Til hvers er verið að leita álits? Ef hann er beðinn um álit um eitthvað og hann gefur það, þá felst í því dómur frá hans sjónarmiði. Ef leitað er álits, þá held ég, að það eigi að fara eftir því. (**StgrSt:** Það er ekki þar með sagt). Nú, það á að hafa álit sveitarstjórna og bæjarstjórna að engu. Því bjóst ég ekki við.

Frsm. telur ekki fordæmi fyrir þessu í íslenzkri löggjöf, og hefur meðflm. minn svarað þessu að nokkru. Það er til fordæmi fyrir þessu, og get ég nefnt skattafrv., sem eru svo úr garði gerð, að það er undir áliti stj. komið, hvort þau koma til framkvæmda eða ekki. Með önnur lög einnig hefur það verið, að stj. þurfi að gera sérstakar ráðstafanir til þess að þau gangi í gildi, og það er þá fyrst eftir aðgerðir stj., sem l. öðlast gildi. Dæmi um þetta eru áfengisl. Það var talið, að þau kæmu í bága við samninga við önnur ríki. Stj. átti að breyta þeim samningum, og þegar því væri lokið, átti hún að tilkynna, hvort l. öðluðust gildi. Ég ætla, að brtt. okkar eigi sízt minni rétt á sér en þetta.

Ég skal svo ekki niðast meira á þolinmæði hæstv. forseta, en ég teldi æskilegt, ef hægt væri að haga atkvgr. eins og hv. þm. Borgf. (PO) fór fram á.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 18. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 523 (ný 1. mgr. brtt. 447) samþ. með 16:11 atkv., og viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, JS, SB, SG, SK, SkG, StJSt, StgrSt, ÁÁ, BÁ, EystJ, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, BG.

nei: JG, JJ, JörB, KTh, LJós, PÞ, PO, StSt, ÁkJ, GÞG, HermG.

8 þm. (ÓTh, SigfS, SEH, EOl, EmJ, FJ, HB, JóhH) fjarstaddir.

Brtt. 447, 2.—3. mgr., samþ. með 16:9 atkv.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég get ekki skilið þessa afgreiðslu, — atkvgr. Ég sé ekki betur en brtt. landbn. sé við brtt. á þskj. 447, og þegar búið er að samþykkja, að hún skuli þannig orðuð, þá er komið með lið úr henni. Mér virðist þetta gegn öllum venjum.

Forseti (BG): Aðferð þessi er hér viðhöfð samkvæmt ósk hv. þm. Borgf. (PO). Ég spurði áðan, hvort nokkur mótmælti þeirri aðferð, en þar sem enginn andæfði henni, sá ég ekki ástæðu til annars en að verða við ósk hv. þm. Borgf.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forseta, hvort till. var borin upp í einu lagi eða hvort síðasti liðurinn var hafður sér. Auðvitað á till. að vera borin upp í heild, en ég spyr hæstv. forseta, af því að ég tók ekki eftir, hvernig þetta var gert.

Jörundur Brynjólfsson: Hæstv. forseti hafði það alveg á valdi sínu, hvort hann skipti atkvgr. eftir ósk hv. þm. Borgf. eða ekki. En til frekari fullvissu um, að ekki þyrftu að vera meiri umr. um atkvgr., tryggði forseti sér samþykki hv. form. landbn., og samkvæmt eðli málsins mátti þessi skipting eiga sér stað. (**Atvmrh.:** Fjarri fer því). Nú hafa báðar þessar brtt. verið löglega samþykktar. Hvort svo fer fram sérstök atkvgr. um brtt. eins og hún er orðin nú, sýnist mér ekki skipta máli.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Mér þykir næsta undarlegt, hvað hv. 1. þm. Árn. sækir þetta fast. Það segir sig sjálft, að þegar búið er að samþykkja tæmandi orðalag á till. og hvernig hún skuli vera, þá er till., sem breytt er, alveg úr sögunni. En hér er tekinn liður úr henni og hann borinn upp sér. Það er alveg útilokað, að slíkt styðjist við þingsköp að réttu lagi.

Jörundur Brynjólfsson: Ég kann því illa, að hæstv. ráðh. skuli sækja þetta með svo miklu kappi, þegar forseti er búinn að bera það undir þm., hvort eigi megi hafa þennan hátt á, enda ekkert óalgengt, að slík skilgreining eigi sér stað og fullkomlega samkv. þingsköpum, að forseti ráði atkvgr. Forseti tók þetta þó ekki upp hjá sjálfum sér, heldur bar það undir hv. landbn., hvort hún hefði nokkuð við slíka atkvgr. að athuga.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég skal viðurkenna, að þegar ósk kom frá hv. þm. Borgf. um, að þessi háttur yrði á hafður, gaf ég samþykki mitt til, að forseti úrskurðaði, hvernig atkvgr. yrði háttað. Ég efa þó mjög, að að öðru leyti sé hér farið að samkvæmt þingsköpum. Ég vildi því beina því til hv. forseta, hvort ekki megi endurtaka atkvgr. (**PO:** Nú er búið að lýsa atkvgr.). Það er ekki búið varðandi lögin sjálf.

Jörundur Brynjólfsson: Ég kann illa því kappi, sem fram hefur komið hjá hæstv. ráðh. og frsm. landbn. varðandi þessa atkvgr., sem þó er í alla staði lögleg. Ég get ekki farið að lesa brtt., en hver sem vill hafa fyrir því að lesa till., en þær eru á þskj. 523 og 447, getur séð, að efni þeirra stenzt á, og mér skilst, að háttur sá, sem hér var hafður á, sé í alla staði eðlilegur og engan veginn óalgengur.

Brtt. 458 kom ekki til atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Sþ., 19. marz, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 567).

Á 83. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Sþ., 23. marz, var útbýtt frá Ed. nál. frá landbn., á þskj. 661, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

23. Dýrtíðarráðstafanir (frv. EOl o. fl.).

Á 23. fundi í Nd., 24. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um ráðstafanir gegn dýrtíðinni og til að tryggja rekstur útvegsins (þmfrv., A. 130).

Á 27. fundi í Sþ., 28. nóv., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvernig stendur á því, að fundur skuli vera haldinn í sameinuðu þingi í dag, en ekki í deildum. Þetta er þriðji dagurinn í röð, sem fundur er í sameinuðu þingi, en ekki í deildum, meðan mjög mikilsvarðandi verkefni bíða afgreiðslu í hv. Nd. Það er vitanlegt, að þingið hefur nú beðið í tæpa tvo mánuði eftir því, að eitthvað kæmi frá ríkisstj. um dýrtíðarmálin. En ekkert bólar á slíku enn þá. Þykir þjóðinni þetta löng bið. Hins vegar höfum við þm. Sósfl. lagt fram í hv. Nd. frv. um dýrtíðarmálin. Og við höfðum búizt við því, að þegar frv. væri komið fram um þetta mál, mundi það þegar verða tekið fyrir samkv. þingræðislegum reglum. Ég átti tal við hæstv. forseta, og ég hafði heyrt, að neðrideildarfundur yrði á föstudag. Ég talaði við hæstv. forseta Sþ., og sagði hann, að hann mundi síður en svo sækjast eftir að hafa fund á föstudag, þ. e. í dag. Hins vegar tók hæstv. forseti neðri deildar vel í að hafa fund þennan dag í þeirri hv. d. Nú er sú breyt. orðin á, að aðeins er boðað til fundar í Sþ. í dag og á að halda áfram með málin, sem í Sþ. voru á dagskrá í gær. Og með allri virðingu fyrir þeim málum og þeim hv. þm., sem flytja þau, þá held ég, að þinginu væri þarfara, þegar komið er fram frv. um dýrtíðarmálin, að ræða það, fremur en að hafa umr. um mál eins og áttu sér stað í gær, þinginu til lítils sóma. — Ég vil spyrja um, hvort hæstv. ríkisstj. sé farin að grípa þannig inn í, að hún hindri, að slík mál sem frv. um dýrtíðarmálin verði rædd, þegar þau koma fram. Ég álít æskilegt fyrir þing og þjóð að fá upplýsingar um, hvernig á þessu stendur.

Forseti (JPálm): Út af þessu vil ég taka fram, að dagskrá fundar sameinaðs þings komst miklu skemur áfram í gær en ég hafði búizt við. Hins vegar komst ég að því, að ekki var áhugi fyrir því að hafa fundi í deildum í dag. Þess vegna vildi ég hafa fund í sameinuðu þingi. — Varðandi frv. það, sem hv. 2. þm. Reykv. talaði um, þá liggur það ekki fyrir í Sþ. Og ég ræð því ekki, hvenær fundir eru haldnir í deildum.

Einar Olgeirsson: Hæstv. forseti sagði, að ekki hefði komið fram áhugi fyrir að hafa fundi í dag í deildum. Hjá hverjum skorti þann áhuga? Hefur einhver talað við hæstv. deildarforseta um, að hann óskaði ekki eftir, að fundur væri haldinn í hv. Nd. í dag? Ég hef talað við alla þrjá hæstv. forsetana um, að ég óskaði sérstaklega eftir því, að þennan dag, föstudag, yrði í síðasta lagi haldinn fundur í Nd. Það væri því æskilegt að fá að vita, áhugaleysi hvaða aðila þarna hefur komið til greina.

Bernharð Stefánsson: Ég tek fram, að það er nú ekki siður í hv. Ed. að þæfa mál, og þess vegna stendur svo á nú, að mál, sem þar hafa verið lögð fram, eru komin til hv. Nd. Og þar sem ekki liggja fyrir til afgreiðslu hjá hv. Ed. mál, sem komin séu frá hv. Nd., þá liggur þannig ekkert fundarefni fyrir í hv. Ed., og þess vegna er ekki boðað til fundar þar í dag.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. forseti Ed. hefur upplýst, að það gengi svo erfiðlega með störf í hv. Nd., að það vanti mál frá hv. Nd. til hv. Ed. Mér finnst þess vegna, að þetta ætti að vera ástæða til þess, að fleiri hv. þm. ættu ásamt mér að reyna að knýja áfram málin í hv. Nd. Ég saka ekki hæstv. forseta Ed. um neitt tómlæti í þessu efni. En það, að ekkert fundarefni er til í hv. Ed., ætti að vera fullkomin ástæða til þess, að reynt væri að knýja fram, að fundur væri haldinn í hv. Nd. — En hæstv. forseti Sþ. hefur ekki enn upplýst, hvaðan þetta áhugaleysi fyrir að halda fund í hv. Nd. kemur.

Á 25. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir um ráðstafanir gegn dýrtíðinni og til að tryggja rekstur útvegsins, hef ég leyft mér að flytja ásamt tveim öðrum þm., þeim Áka Jakobssyni og Lúðvík Jósefssyni. Við höfðum búizt við því af hæstv. ríkisstj. eftir þær upplýsingar, sem hún gaf, eftir að hún var mynduð, að hún mundi leitast við að ráða bót á dýrtíðinni í landinu og tryggja atvinnuvegi landsmanna, og við gerðum því ráð fyrir, að ríkisstj. mundi þegar í byrjun þingsins bera fram frv., sem miðaði í þá átt að stöðva dýrtíðina. Hæstv. ríkisstj. hefur þó ekki, þrátt fyrir að Alþ. hefur nú setið í tvo mánuði og tíu mánuðir eru liðnir síðan hún var mynduð, komið fram með neinar úrbætur í þessum efnum — þrátt fyrir yfirlýsingarnar, er núverandi ríkisstj. var mynduð. Og það er undarlegt fyrir ríkisstj., sem talaði svo djarft, að hún skuli ekki sýna nokkurn lit á því að koma með tillögur í þessu mikla vandamáli, og ég sé ekki, að sú ríkisstj., sem svo kemur fram, hafi nokkurn rétt til þess að sitja áfram án þess að gera nokkuð raunhæft til varnar dýrtíðinni, og ég skil varla, hvernig hún getur horft framan í alþm., þótt hún tali hæst af öllum um dýrtíðina í landinu. Mitt álit er það, að allar aðrar ríkisstj. hefðu sagt af sér fyrir slíkt sinnuleysi. En hér á hlut að máli ríkisstj., sem stendur í gegn öllum lagalegum rétti, og fer þá að verða skiljanlegt, hvernig slík stjórn getur setið. Ég undrast ekki aðfarir ríkisstj., en mig undrar afstaða einstakra þm., hvernig þeir geta þolað, að ríkisstj. sitji, án þess að hún komi með nokkrar till. til að leysa þau vandamál, sem að steðja. Og þó er þessi stjórn búin að sitja að völdum í 10 mán., en hefur samt ekki myndað sig til þess að aðhafast eitthvað. En ríkisstj. er ekki til þess að gera ekki neitt, og tíu mánuði hefur hæstv. ríkisstj. setið stefnulaus. Enn bólar ekki á neinum till. frá henni, og sýnist mér tilvera hennar vera lítils virði. Við höfum því þrír þm. lagt fram frv. til l. um ráðstafanir gegn dýrtíðinni, og munu flestir þm. vera sammála um það, að það sé vart seinna vænna. Ríkisstj. þóttist

ætla að gera eitthvað fyrir 1. okt. og kallaði saman stéttaráðstefnu í Reykjavík og tilkynnti henni, að stjórnin mundi leggja till. sínar fyrir ráðstefnuna, en spáði því um leið, að kommúnistar mundu reyna að eyðileggja till. sínar, en hún — ríkisstjórnin — mundi þá grípa til sinna ráða. Nú liðu þrír mánuðir, en ekkert hefur heyrzt frá stéttaráðstefnunni né ríkisstj. Hafði allur þorri fólks búizt við því að heyra ákveðnar till. ríkisstj., og stéttaráðstefnan var ekki leyst upp og situr víst enn, en engar till. eru þaðan komnar enn þá og stjórnarblaðið Tíminn hefur upplýst nú alveg nýlega, að allt hafi verið svo illa undirbúið af ríkisstj. hálfu, að fresta hafi orðið ráðstefnunni og að hæstv. ríkisstj. hafi skipað n. til að afla og afhenda ráðstefnunni gögn. En það er eftirtektarvert, að með átta mánaða setu hefur ríkisstj. ekki unnizt tími til að semja till. til framkvæmda þessu máli, og hún hefur sýnt lítinn áhuga til stórræðanna og lagt meira kapp á að sitja sem lengst. — Eða er kannske málum þannig komið, að hún er ósammála og getur ekki borið fram neinar till. Ef svo er, þá verður ekki séð, að hún hafi nokkurn rétt til að sitja að völdum ráðalaus.

Það, sem ég hef nú drepið á, vildi ég segja sem inngang að máli mínu. Ég hafði nú aldrei búizt við því, að stjórnarandstaðan yrði fyrri til að bera fram till. til úrbóta vegna dýrtíðarinnar, og ég hélt, að hin svo mjög rómaða ábyrgðartilfinning mundi knýja ríkisstj. til að semja till., eða að minnsta kosti leggja fram málamyndafrv., en það hefur nú ekki orðið, og er því frv. þetta, sem nú er lagt fram fyrir Alþ., eina frv., sem liggur fyrir um raunhæfar aðgerðir gegn dýrtíðinni. Ég vona, að hv. þm. taki þetta frv. til rækilegrar athugunar og umr. Þjóðin hefur búizt við því og krefst þess, að ráðið verði fram úr verðbólguvandanum og að dýrtíðin verði ekki verri en hún er nú, og á meðan á Alþ. kemur ekki fram frv., sem miðar í þessa átt, þá hefur Alþ. verið að bregðast skyldu sinni. Ég vona því, að þetta frv. vísi út úr ógöngunum, en um leið og ég ræði frv., þá vil ég gera hér nokkra grein fyrir þeim vandamálum, sem að steðja.

Nú er þyrlað ryki sem mest má í augu fólksins varðandi þann vanda, sem hér um ræðir. Viðvíkjandi verðbólgunni, sem skapar mikla erfiðleika í atvinnulífinu, þá mundi ég telja fyrst tvo ókosti, sem hún leiðir af sér, en ráða má bót á:

1. að framleiðslukostnaðurinn sé of hár, og að erfitt verði þá að selja íslenzkar afurðir erlendis;

2. að verðbólgan skapi breytingar á fjármálalífi innanlands og raski mjög eignahlutföllum og skapi óvissu í fjármálalífinu í landinu og leiði af sér, að sparifé landsmanna leiti úr bönkunum í fasteignir, þar sem það sé tryggara, og að vitað er, að lægri skattlagning fasteigna en sparifjár ýtir undir verðbólguna.

Þetta er það tvennt, sem leiðir af sér, að fjármagnið flýr úr bönkunum. Þetta eru tvö hin verstu fyrirbrigði, sem skapa verðbólguna, og þessu tvennu er lagt til í frv. þessu, að ráðin sé bót á. Hið fyrra, að framleiðslukostnaðurinn sé allt of hár, miðað við erlent verðlag, eru vitanlega höfuðrök þeirra, sem mest tala um dýrtíð. Þeir segja, að þar sem lægra vöruverð sé á erlendum markaði, þá verði okkar verðlag að lækka. Íslendingar verði að taka tillit til þessa verðs og gera sér fulla grein fyrir því, hvert þetta verðlag er, og gera sér nákvæma grein fyrir, hvernig stefnir í þeim málum. Þeir eiga að gera það hleypidómalaust og komast að því, hvernig þetta er, hvernig verðlagsþróunin er erlendis, og ákveða svo, hvert skuli stefnt hér heima, hvað sé óhætt að gera. Þekking á verðlagi erlendis eru vísindi út af fyrir sig. Það er nauðsynlegt fyrir hvern mann, sem vill hafa góð áhrif, að gera sér grein fyrir því, hvert stefnir. Og þá er það ekki síður nauðsynlegt fyrir alþm. að kynna sér þessi mál vel, sem taka oft ákvarðanir, sem kosta landið hundruð milljóna króna. Þeirra er ekki sízt að kynna sér verðlag og stefnur erlendis. Það er engu síður nauðsynlegt en það er nauðsyn fyrir skipstjóra, sem siglir skipi sínu, að kunna skil á siglingafræðum. Og ef ríkisstj. skapar þjóð sinni stórkostlegt tjón vegna vanþekkingar sinnar á verðlagi og verðstefnum erlendis, þá er það þjóðarhætta. Sumir valdamenn, sem látast vita á öllu skil, segja þjóðinni rangt til, og eru það hreinustu fjárglæfrar. Ég hef hvað eftir annað orðið var við, að svo er, að þjóðinni er sagt rangt til, og ekki sízt af trúnaðarmönnum hæstv. núverandi ríkisstj. Nú er prédikað fyrir þjóðinni, að verðlag erlendis sé að falla, að erfitt verði að losna við íslenzkar framleiðsluvörur með núverandi verðlagi, og þess er getið um leið, að slíkt sé mjög skaðvænlegt atvinnuvegunum. Er slíku sem þessu er haldið fram, er það bein skylda þm. að rannsaka, hvað hæft muni vera í slíkum áburði, en þessu hefur verið haldið á loft undanfarið ár. Ég man glöggt eftir því, að árið 1944 var Íslendingum sagt af þeim mönnum, sem mest vit þóttust hafa á þessum málum, og skal þar fyrstan telja fyrrv. fjmrh., Björn Ólafsson, sem er eitt hið mesta átrúnaðargoð núverandi ríkisstj. og hefur nú sent alþm. leiðbeiningarbækling um varnir gegn dýrtíðinni, að hann fullyrti 1944, að um leið og stríðinu lyki, mundi verðlag falla. Og það vantaði ekki, að fylgt væri eftir. Brezka ríkisstj. gaf út tilkynningu um, að verð á íslenzkum fiski yrði að lækka. Þessi áróður gekk svo langt, að því var haldið fram, að það væri glapræði að ráðast í kaup á nýjum atvinnutækjum, vegna þess að verðlag væri fallandi. Svo djúpt var tekið í árinni af sumum 1944, að sagt var, að nýsköpunin væri svik við þjóðina, því að verðið væri að falla og því glapræði að verja 100 millj. kr. í ný tæki. Ég tek þetta sem dæmi um það, hvernig þessum mönnum hefur skjátlazt í fortíðinni og hvernig þeir voru alveg óvitandi um, hvað fram undan var. Ef þeir hefðu fengið að ráða, væri hér allt í vitleysu og hruni, af því að þeir kunnu ekki að nota möguleikana. Ég minni á þetta nú vegna þess, að sama sagan er að endurtaka sig. Hæstv. ríkisstj. og fjárhagsráð básúna það, að afurðirnar séu óseljanlegar, verðið sé að falla erlendis og því söluerfiðleikar, og gera þyrfti einhverjar ægilegar ráðstafanir til þess að ráða bót á þessu. En hverjar eru staðreyndirnar? Þær eru, að verðlag á matvælum fer sihækkandi og að verðhækkunin hefur aldrei verið örari en síðustu mánuðina. Svo framarlega sem þessir menn hlusta á útvarp, ég tala nú ekki um ef þeir læsu erlend blöð, hljóta þeir að heyra það, að verð á matvælum fer sihækkandi

Meiri hluti þingsins er sammála um það, að taka beri tillit til verðlagsþróunarinnar erlendis. Það var

stefna nýsköpunarstjórnarinnar, að stefna bæri að því að hindra vöxt dýrtíðarinnar. Það þótti ekki rétt að grípa til harðvítugra ráðstafana, sem hlutu að leiða til átaka milli stéttanna, fyrr en sýnilegt var, hvar verðlagsþróunin erlendis mundi stöðvast. Það sýndi sig, að verðlagið fór hækkandi, og enn verður ekki séð, hvar það muni stöðvast. En þó að við fylgjumst með verðlaginu erlendis, þýðir það ekki það, að við eigum að sprengja upp kostnaðinn, en það þýðir það, að varla er óhjákvæmilegt né ástæða til að gera ráðstafanir, sem valda stórtjóni. Allar íslenzkar vörur hafa hækkað í verði í ár, og ef heiðarleikur og þekking hefðu haldizt í hendur, hefði verið hægt að fá eins gott verð og í fyrra fyrir svo að segja allar vörur okkar. Möguleikarnir til þess að fá gott verð fyrir íslenzkar vörur hafa ef til vill aldrei verið meiri en í haust. Allt, sem hefur verið básúnað þessa síðustu haustmánuði um erfiðleika, hefur sýnt sig að vera bábilja. Hæstv. ríkisstj. hefur sjálf orðið að viðurkenna, að hægt hefur verið að selja allar afurðirnar og meira hefði verið hægt að selja, ef það hefði verið til. Hafi ekki verið selt við ábyrgðarverði, þá er það vegna þess, að illa hefur verið á haldið. Hæstv. ríkisstj. hefur heldur ekki kært sig um, að fylgzt væri með sölu afurðanna eða að þingið færi að skyggnast bak við tjöldin í þeim efnum. Þá er það vitað, að þegar erlendar sendinefndir hafa komið hingað til þess að fala vörur, þá hefur hæstv. utanrrh. fyrst heilsað þeim á þann hátt að skrifa greinar í Morgunblaðið og tilkynna þeim, að verð Íslendinga sé of hátt. Þegar Íslendingar eiga alla afkomu sína undir því að geta selt afurðir sínar við sem beztu verði, — þegar allt veltur á því, að við getum staðið saman um okkar hlutdeild af þeim gæðum, sem mannkynið ræður yfir, þá lætur sá maður sér sæma, sem mest hefur völdin, hæstv. utanrrh., að segja, þegar erlend sendinefnd er hér stödd í samningaerindum, að verð okkar sé of hátt. Maður gæti búizt við, að slík löja yrði til þess að rýra málstað Íslendinga og koma því inn, að við yrðum helzt að setja verðið niður fyrir verðlagið erlendis. Ef Íslendingar halda ekki sjálfir á sínum málum í þessum efnum, verða ekki aðrir til þess. En hvort sem hæstv. ríkisstj. hefur tekizt að þoka niður verðinu eða ekki, eru nú Hollendingar búnir að undirskrifa samninga. En prédikanirnar um, að verðlagið væri of hátt og vitnisburður hæstv. ríkisstj, þar um hefur ekki verið látinn nægja. Til þess að styðja þessar fullyrðingar hafa verið tínd til öll stórveldi veraldarinnar. Bretar hafa sent sendiherra hingað til þess að tilkynna, að verðið sé of hátt. Hæstv. utanrrh. skrifar í Morgunblaðið, blað eftir blað, að Rússar hafi sagt, að verðið sé of hátt. Sendifulltrúi Bandaríkjanna, sem kom hér til þess að semja um sölu á fiski til Þýzkalands, segir, að verðið sé of hátt. Þannig er öllum stórveldunum teflt fram. En hvað eru Bretarnir að gera? Þeir eru að hækka kolin. Og hvað eru Rússarnir að gera? Þeir eru að hækka timbrið. Og hvað eru Bandaríkjamenn að gera? Þeir eru að hækka kornið. Meðan þessu fer fram, eru sendir erindrekar hingað til þess að segja Íslendingum, að verðið á afurðum þeirra sé of hátt. Og dag eftir dag er það básúnað út, að verðið sé of hátt, og reynt að telja þjóðinni trú um, að hún eigi ekki að heimta hátt verð fyrir afurðirnar. En einmitt þetta passar í kram erlendu einokunarhringanna og stórveldanna, sem vilja hafa viðskipti við smáríkin eins og nýlendur, kaupa af þeim ódýr hráefni og selja þeim dýrar iðnaðarvörur. Íslendingar hafa ekki til þess brotizt úr fjötrum nýlendukúgunar að sætta sig við slíkt. Baráttan heldur áfram til þess að losna úr fjötrum erlendra einokunarhringa, eins og áður var barizt fyrir samvinnuhreyfingunni og frjálsri verzlun. Við höfum ekki til þess skapað innlenda stjórn í landinu, að hún beri þjóðinni boð erlendra einokunarhringa um nauðsyn þess að halda niðri verðinu á afurðum okkar. Fyrir sjálfstæðinu höfum við barizt til þess að tryggja hagsmuni Íslendinga, og það eru svik við sjálfstæðið að berjast gegn þeim, eins og hæstv. ríkisstj. hefur gert.

Verðlagsþróunin erlendis, sem er hækkandi, veitir því engin rök fyrir því, að afurðaverðið þurfi að lækka, enda hefur það sýnt sig, að hægt hefur verið að knýja fram verðhækkun í ár, þrátt fyrir það að hæstv. ríkisstj. hafi prédikað, að verðið þyrfti að lækka, og valdið með því verðfalli á ýmsum afurðum. Svo er það annað mál, að þótt Íslendingar fylgist með erlendu verðlagsþróuninni, er sjálfsagt að gæta þess eftir beztu getu, að framleiðslukostnaður vaxi ekki meira en óhjákvæmilegt er og haldist í samræmi við verðlagið erlendis eða sé jafnvel lægri, sem er síður en svo slæmt, því að verðið þyrfti ekki að lækka fyrir því. Öll sú bölsýni, sem reynt hefur verið að skapa, hefur byggt á þeirri staðhæfingu, að verðlagið sé fallandi. Hrunsöngurinn hefur gengið svo langt, að spámaðurinn og sérfræðingur ríkisstj. í viðskiptamálum, Björn Ólafsson, lýsir yfir því í riti, sem hann hefur sent öllum þm. til leiðbeiningar, að svo sé nú komið, að framleiðsla Íslendinga hafi engar stoðir til að standa á. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Atvinnuvegirnir stóðu að vísu á leirfótum 1944, en kommúnistar geta þakkað sér það, að verulegu leyti, að ekkert er nú eftir af leirfótunum. — Framleiðsan hefur nú engar stoðir til að standa á.“ Þetta er sú fjármálaspeki, sem þjóðinni er boðið upp á! Þetta leyfir viðskiptasérfræðingur ríkisstj. sér að segja, á sama tíma og vélbátaflotinn eys upp ógrynni auðæfa hér í Faxaflóa, en um helmingur þess flota mun vera ný skip, nýsköpunarbátar, og á sama tíma og íslenzku togararnir selja meiri fisk á hærra verði í Englandi en nokkru sinni fyrr og þeirra fremstir 13—14 nýsköpunartogarar. Og meðan þessu fer fram, eru til menn, sem segja, að framleiðsla Íslendinga hafi engar stoðir til þess að standa á. Meðan vélbátaflotinn var 10—12 ára gamall og togararnir tómir ryðkláfar, þá var allt í lagi. En þegar við eigum nýtízku flota, situr stjórn við völd, sem ekki kann að taka við þeim auði, sem berst upp í hendur okkar, og fjármálaspekingar hennar segja, að framleiðslan hafi engar stoðir til að standa á. Nei, meiri rakaleysa en bölsýnissöngur stjórnarliðsins nú í haust hefur aldrei þekkzt í íslenzkum þjóðmálum, því að einmitt síðustu 2—3 árin hefur þjóðin skapað sér sterkari stoðir til að standa undir atvinnuvegunum en hún hefur nokkru sinni átt.

En bölsýnisáróðurinn er ekki tilgangslaus. Hann á að vera forsenda fyrir launalækkunarherferð, sem auðmennirnir leggja í, hvenær sem þeir treysta sér til, án tillits til þess, hvort dýrtíð er eða ekki.

Verðlð er nú hækkandi og fer hækkandi. Hitt er svo annað mál, að það getur hent, að það þurfi að lækka verðlð, og það er vert að hafa það í huga og tilbúnar aðgerðir, sem hægt sé að grípa til, ef nauðsyn krefur. En meðan ekkert verðfall er erlendis og stéttirnar koma sér ekki saman um þessi mál, er ekki rétt að grípa til stórfelldra ráðstafana innanlands, sem haft geta í för með sér stöðvun atvinnulífsins.

Í frv. okkar sósialista er gengið út frá því, að verðlag íslenzkra afurða geti á næsta ári verið svipað og á þessu ári. Þó þykir rétt að gera ráðstafanir til þess að lækka visitöluna, svo að hún verði nálægt 300, og lækka útgerðarkostnað til mikilla muna. Sú lækkun verður útgerðinni drýgri en visitölulækkun, svo að útkoma útgerðarinnar ætti að verða betri en í ár.

Hæstv. ríkisstj. hefði getað verið búin að tryggja rekstur útgerðarinnar næsta ár með því að selja sjávarafurðirnar fyrir fram. Þá þyrfti ekki að vera hér rifrildi um það, hvaða verð er hægt að fá, ef gerðir hefðu verið heiðarlegir samningar og þessum málum fylgt eftir, eftir því sem frekast var hægt. Hæstv. ríkisstj. hefur ráðizt á fyrrv. ríkisstj. fyrir, að hún hafi ekki s. l. haust gert ráðstafanir til þess að selja afurðirnar. Því er til að svara um það, að stjórnin mun hafa litið á sig sem „fúngerandi" stjórn og því ekki viljað taka ákvarðanir, sem mörkuðu stefnuna í þessum málum. Hæstv. núverandi ríkisstj. hefur hins vegar látið þetta undir höfuð leggjast, og ég er hræddur um, að hún muni fremur hafa komið í veg fyrir, að tekið væri tilboðum um mjög mikla sölu til sumra viðskiptaþjóða okkar. Engar ráðstafanir hafa heldur verið gerðar til þess að tryggja afkomu útgerðarinnar og sjá til þess, að flotinn geti farið út eftir áramót. Um ástæðurnar til þessa undirbúningsleysis hefur hæstv. ríkisstj. aldrei sagt Alþ. neitt.

Það hefur verið höfuðleiðarstjarna hæstv. ríkisstj. í sölumálum samkvæmt kröfu Landsbankans og heildsalanna að heimta alls staðar greiðslu fyrir íslenzkar afurðir í dollurum og frjálsum pundum, í stað þess að nota ástandið á heimsmarkaðinum nú til þess að tryggja íslenzkum afurðum örugga markaði með clearing-samningum, þar sem hægt er að fá ágætar nauðsynjavörur við góðu verði í skiptum. Að heimta greiðslu í dollurum nær engri átt og er hin mesta heimska fyrir þjóð, sem þarf að afla sér markaða fyrir framleiðsluvörur sínar. Bandaríkin, sem hafa miklu betri aðstöðu til að framkvæma þetta, hafa fylgt þessari stefnu, og afleiðingin er sú, að hvert ríkið á fætur öðru er að segja upp viðskiptum við Bandaríkin. Bandaríkin hafa rekið þessa óskynsamlegu pólitík, kannske af því að dollarar eru þeirra gjaldeyrir. Hver er svo afleiðingin af því? Hún er sú, að hvert ríki veraldar á fætur öðru segir upp viðskiptum við Bandaríki Norður-Ameríku. Það má kannske segja, að það sé ekki eins óskynsamlegt, þó að Bandaríkin heimti greiðslu í dollurum, eins og það er óskynsamlegt af þeim, sem ekki hafa sjálfir þann gjaldeyri, að gera slíkar kröfur og eyðileggja vegna þess fyrir sér markaði. Bandaríkin halda, að þau geti leyft sér þetta, vegna þess að þau halda, að þau eigi svo mikla peninga og þau geti þess vegna kúgað aðrar þjóðir til þess að taka hjá sér lán til þess að geta svo keypt af Bandaríkjunum. Þannig ætla þeir að slá tvær flugur í einu höggi. Með þessum skilmálum hugsa Bandaríkin sér að ná umráðum eða hafa eftirlit með fjármálunum í þessum löndum.

Ég er ákaflega hræddur um, að þessi pólitík Bandaríkjanna fari út um þúfur og hún sé á leiðinni með að leiða hrun og markaðsvandræði og verðfall yfir — kannske eftir eitt eða tvö ár —, sem verður ekki aðeins þeim, heldur öðrum þjóðum, sem liggja á viðskiptasvæði hins skandinaviska heims, álíka dýrkeypt eins og það hrun, sem hófst í Bandaríkjunum 1929 og síðan barst út um allan heim.

Bandaríkin hafa hins vegar þá innanlandsmarkaði, að þau geta leyft sér slíka pólitík, ef þau þá reka skynsamlega innanlandspólitík, þannig að auðmennirnir vildu eða hefðu vit á að hækka vinnulaun innanlands, svo að Bandaríkjamenn gætu keypt af þeim þær vörur, sem þeir framleiða. Roosevelt benti þeim á þetta, og það hjálpaði þeim út úr kreppunni 1932. Við höfum ekki slík skilyrði til innanlandsmarkaða, og þess vegna er það heimska af okkur að fara að fordæmi Bandaríkjanna að heimta dollara fyrir vörur, a. m. k. af þeim þjóðum, sem erfitt eiga með slíkar greiðslur. Þess vegna er sjálfsagt fyrir okkur að gera clearing-viðskipti við þær þjóðir, sem vilja verzla við okkur. Og það er vitað, að við hefðum getað selt allar okkar vörur með vöruskiptasamningum, og ef verzlun okkar hefði verið rekin af viti, þá hefði verið hægt að fá gott verð á innkeyptum vörum frá þeim löndum, sem við hefðum getað skipt við, eins og á þeim vörum, sem við kaupum frá Bretlandi og Bandaríkjunum, þó að þar sé stundum um lægsta verð að ræða á vörunum. Hæstv. ríkisstj. heldur áfram sínum skripaleik að tala sífellt um það, að við Íslendingar séum ekki samkeppnisfærir erlendis. Það hefur verið skakkt af hæstv. ríkisstj. að leggja áherzluna á það, hvort við séum samkeppnisfærir; það er í raun og veru ekki það, sem spurt er að erlendis sem stendur. Það er spurt um það nú, hvort við séum aflögufærir, hvort við gætum haft þessar og þessar vörur. Og það hefði verið nær fyrir hæstv. ríkisstj., ef hún hefði viljað segja þjóðinni satt, að segja þjóðinni, að við værum ekki aflögufærir, vegna þess að við hefðum ekki nóg af þeim vörum, sem við gætum selt erlendis og spurt væri eftir.

Í haust var sagt, að svo mikið væri óselt af fiski, að til vandræða horfði. Við sósialistar reyndum að telja þjóðinni trú um, að þetta væri ekki rétt og að hægt væri að selja allar þessar vörur með góðu verði, en þá var því svarað, að við vildum aðeins hrun. En hvað hefur komið á daginn? Það hefur komið á daginn, að við Íslendingar höfum ekki haft nógu mikið til af vörum til þess að selja erlendis — við hefðum getað selt miklu meira. Hraðfrystihúsin voru látin hætta, vegna þess að hæstv. ríkisstj. hélt, að allt of mikið væri af þessari vöru í landinu. En það var rangt, það hefði verið hægt að selja meira af síld, hraðfrysta fiskinum og saltfiski. Og við höfum verið spurðir að því, hvort við værum aflögufærir, hvort við gætum selt nógu afskaplega mikið af þessum vörum.

Hvað það snertir, hvort við séum samkeppnisfærir, þá er það, eins og ég hef tekið fram, ekki það, sem spurt er um, og svo verður einnig þetta ár og næsta ár, en hve lengi vitum við ekki. En á meðan við erum í þeirri aðstöðu, eigum við að hagnýta

hana til fulls, því að það þýðir mikla peninga fyrir okkar þjóð. Hins vegar virðist það vera rétt, að Norðmenn hafa selt ódýrara ýmsar vörur en við, en Færeyingar hafa selt dýrara ýmsar vörur en við og einnig Danir. Færeyingar hafa selt t. d. saltfiskinn fyrir hærra verð en við, vegna þess að íslenzk stjórnarvöld hafa staðið svo illa á verði fyrir okkur. En að hitt skuli koma fyrir, að Norðmenn hafi undirboðið vörur, þá hefur það ekki skaðað okkur, því að við höfum getað selt allar okkar vörur vegna þess og meira til.

Það verður erfiðara að selja okkar vörur seinna meir, þegar ekki verður lengur hægt að selja á þann hátt sem nú hefur verið gert, vegna þess að við rekum svo vitlausa pólitik, þannig að við tryggjum ekki markaði til frambúðar, en sem stendur hefur það ekki verið aðalatriðið að vera samkeppnisfærir. En það, að við séum ekki samkeppnisfærir, af því að aðrir selji ódýrara, er röksemd, sem aðeins er notuð til þess að segja, að íslenzk vinnulaun og hlutur sjómanna verði að rýrna, vegna þess að norskir sjómenn búi við lakari kjör en við Íslendingar. En að því er snýr að verðlagi á erlendum markaði og þegar tillit er tekið til niðurborgunar á vísitölu, þá þyrfti líka eitthvað að líta á lækkun vísitölunnar, þegar raunhæfar aðgerðir væru gerðar til þess að lækka framleiðslukostnaðinn. En ef lækka ætti framleiðslukostnaðinn, — hvar ætti þá að grípa niður? Ef þjóðin álítur, að lækka beri framleiðslukostnaðinn, þá er það sá hluti hans af öllum hinum mörgu hlutum, sem hann er samsettur af, sem sízt má lækka nú, sem er vinnulaun, í fyrsta lagi vegna þess, að vinnulaun framleiðslukostnaðarins eru á hverjum tíma undirstaða undir afkomu meiri hluta þjóðarinnar. Meiri hluti okkar þjóðar lifir af þeim vinnulaunum, sem hún fær greidd. Þannig er það, ef lækkuð eru vinnulaunin, rýrir það afkomu hennar, og tilgangur okkar með okkar framleiðslu er fyrst og fremst sá að skapa góða afkomu fyrir fjöldann. Það væri því hrein mótsetning, ef ætti að hreyfa við vinnulaunum. Og það er ekki aðeins vegna þessa meiri hluta þjóðarinnar, sem byggir afkomu sína á vinnulaunum, heldur einnig vegna hinna efnahagslegu og tæknilegu framfara. Há vinnulaun marka efnahagslegt og tæknilegt menningarstig hverrar þjóðar. Og það held ég, að sé nauðsynlegt, að hv. þm. geri sér þetta ljóst vegna þess, hve oft er ráðizt á vinnulaun, þegar á að lækka framleiðslukostnaðinn. Há vinnulaun tákna menningarstig þjóðanna, því að vegna þeirra háu vinnulauna eru knúin fram á hverjum tíma auknar tæknilegar framfarir og skynsamlegt skipulag hvað framleiðslu snertir, sparnaður í sambandi við vinnu og framleiðslu og þjóðinni tryggt ódýrara fjármagn. Hver mundi afleiðingin verða, ef alltaf væri gripið til þess að lækka vinnulaunin, þegar lækka ætti framleiðslukostnaðinn? Hún mundi verða sú, sem hún var fyrir stríð, að þjóðin bjó þá við svo dýrt fjármagn, að útgerðin varð að standa undir lánum með 7—8% vöxtum. Það verður okur á öllum vörum sem útgerðin þarf að kaupa viðvíkjandi sinni atvinnugrein. Ef alltaf væri gripið til þess að lækka vinnulaunin, þá mundi afleiðingin verða afturför hjá þjóðinni, atvinnurekendur væru þá ekki knúðir til þess að koma á sliku fyrirkomulagi hjá sér, sem sparaði vinnu og gerði starfið léttara og um leið afköst hvers verkamanns meiri. Það er ekki tilviljun ein, að í því landi heimsins, þar sem hæstu vinnulaun eru nú greidd, eins og stendur, þar stendur þjóðin einnig á hæstu menningarstigi tæknilega, sem sé í Bandaríkjunum. Það er ekki tilviljun, vegna þess að há vinnulaun knýja alltaf fram mestu framfarir í tækni. Okkur ber þess vegna sízt af öllu, ef þörf er á að lækka framleiðslukostnaðinn, að grípa til þess að segja við hinar vinnandi stéttir landsins: Nú verðum við að lækka ykkar laun til þess að minnka framleiðslukostnaðinn. — Það er það síðasta, sem má grípa til.

Maður, sem hefur einhverja tilfinningu og vill þjóð sinni vel, vill berjast fyrir framförum hjá henni, en leggur síðast af öllu til, að skertir séu möguleikar meiri hluta þjóðarinnar til þess að lifa sómasamlegu lífi eða svo að segja þjóðarinnar allrar, er þá um leið stuðlar að því að koma á tæknilegri afturför hjá þjóðinni. Menn, sem vilja þjóð sinni vel, berjast gegn hvers konar aðgerðum, sem miða að því að rýra afkomumöguleika meiri hluta þjóðarinnar og skapa tæknilega afturför hennar. Það mætti minna þá á, sem halda, að lág vinnulaun séu allra meina bót, hvernig ástandið í þessum málum var hér á Íslandi 1932 og 1933, þegar saltfiskverðið var komið niður úr öllu valdi. Sjálfstfl. gekkst fyrir því, að laun verkamanna hér í Reykjavík lækkuðu úr 1,36 niður í 1 kr., en þeir höfðu ekki vinnu nema þriðju hverja viku við klakahögg. Þá var hið aumasta ástand, sem verið hafði á Íslandi um langan tíma, og aldrei var erfiðara að selja okkar afurðir en einmitt þá. Það fer því svo fjarri, að slíkt sé allra meina bót að lækka vinnulaunin. Hagur okkar Íslendinga er háður verði á okkar afurðum og mörkuðum fyrir þær, og við verðum nú þegar að tryggja okkur þá markaði, og það mundum við þegar hafa getað verið búnir að, ef vel hefði verið staðið á verði um að afla öruggra markaða og þá einmitt helzt í þeim löndum, sem við vitum, að engir örðugleikar voru á að geta selt vörurnar til.

Við ætlum þess vegna, að þær aðgerðir, sem við leggjum til í þessu frv., að gerðar verði gegn dýrtíðinni og þá sérstaklega þær ráðstafanir, sem nefndar eru í 2. og 3. gr., verði til þess að lækka framleiðslukostnaðinn og gera þannig um leið hag þjóðarinnar betri, af því að þær aðgerðir fela í sér sparnað á rekstri þjóðarbúsins, en að því leyti sem þær verða á kostnað einhvers, þá yrði það á kostnað þeirra, sem hafa of mikið. Við miðum við, að þær aðgerðir rýri ekki verðgildi peninga og verði ekki til þess að skapa áframhaldandi verðbólgu.

Það er vitanlegt, að það er alveg sérstök nauðsyn, að þær ráðstafanir, sem nú verða gerðar gagnvart dýrtíðinni, verði þannig, að þær rýri ekki verðgildi sparifjár. Það munu vera nú um 500 millj. kr. í sparisjóðum og bönkum, og við vitum, að þetta er ódýrasta fé, sem þjóðin hefur til síns þjóðarbúskapar. Það er nauðsynlegt, að sparifjáreigendur hafi fyrir því á hverjum tíma einhverja tryggingu, að verðgildi þessa fjár minnki ekki að óþörfu. Hins vegar er vitanlegt, að gengislækkun eða slíkar ráðstafanir mundu þýða minnkun á verðgildi þessa fjár. Tollahækkanirnar, sem gerðar hafa verið, þýddu í raun og veru rýrnun þessa fjár, en þær ráðstafanir, sem við leggjum til með þessu frv., hindra rýrnun á því.

Þá skal ég telja upp hina einstöku kafla frv., og skal ég geta þess, að við höfum miðað þessa kafla,

hvað verkun þeirra snertir, alveg sérstaklega við það að ná þeim tilgangi, sem fólst í till., sem samþ. voru á 6. þingi Sósfl. í haust, þar sem lögð er fyrst og fremst áherzla á, að við getum haft hin fullkomnustu atvinnutæki og þau verði notuð til hins ýtrasta og þannig aukin afköst þjóðarinnar og um leið séð fyrir því, að hver maður hafi verk að vinna. En það er eitt af því, sem ríkisstj. virðist hafa unnið á móti, enda virðast hennar ráðstafanir og ráðstafanir fjárhagsráðs miða beinlínis að því, að sem flestum íslenzkum mönnum falli verk úr hendi. Þá höfum við í öðru lagi með þessu frv. lagt til, að gert verði allt til þess að ná sem hagkvæmustu verði á okkar útflutningsvörum og að sem bezt verði úr þeim unnið.

I. kafli þessa frv. er um ríkisábyrgð á fiskverði vegna bátaútvegsins. Ég hafði satt að segja búizt við, að frv. í þá átt yrði komið fyrir þingið nú þegar. En núverandi ríkisstj. hefur ekki notað þau tækifæri, sem hún hefur haft til þess að selja okkar afurðir. Í desember í fyrra áttu sér stað nokkur átök innan þeirrar ríkisstj., sem þá sat, hvort leggja skyldi fyrir þingið frv. um fiskábyrgðarverð. Þáverandi atvmrh., Áki Jakobsson, fylgdi því fast fram, að slíkt væri samþ. sem l., en samkomulag varð ekki um það í ríkisstj. Þess vegna sneri hann sér til fjhn. og bað hana að flytja þetta mál. En ef ég man rétt, skoraðist meiri hluti þeirrar n. undan því að flytja frv. fyrir þáverandi hæstv. atvmrh., og mun minni hl. fjhn. hafa flutt það fyrir ráðh. Þegar það frv. var svo komið í þingið og öllum þótti sýnilegt, að það væri eina raunverulega tryggingin fyrir því, að útgerðin færi af stað um nýárið, þá breyttist viðhorfið þannig, að þeim hluta ríkisstj., sem fyrst hafði verið þessu mótfallinn, fannst nú sjálfsagt að flytja frv., sem var nákvæmlega eins og hitt, nema þar var einni gr. bætt inn í. Þessi gr. átti að tryggja sjómönnum 65 aura verðlð. Það hefur oft verið talað um Ákaverð, sem er og réttnefni og til mikils sóma fyrir þennan fyrrv. atvmrh., sem tók við sjávarútvegsmálunum, þegar fiskverðið var 40—50 aura og allir hyggnustu menn landsins sögðu, að það mundi falla, og skildi við það í 65 aurum fyrir hvert kg af nýjum fiski. Þannig var knúið fram fiskábyrgðarverðið, til þess að útgerðin gæti gengið, og það hefur þegar sýnt sig, að það hefur alltaf verið hægt að selja fyrir þetta verð, þegar heiðarlega hefur verið haldið á málunum.

Nú byrjar bráðum vertíð og ekkert hefur heyrzt frá hæstv. ríkisstj., ekki einu sinni um ábyrgðarverðið. Þess vegna höfum við tekið þetta í okkar frv. Samþ. þessa kafla okkar frv. er óhjákvæmilegt löggjafaratriði nú þegar. Það þýðir ósköp lítið fyrir hæstv. ríkisstj., að sverja það af sér, eins og hún hefur nú gert undanfarna mánuði, að hún ætli aldrei að setja ábyrgðarl. Það þýðir lítið fyrir hæstv. ríkisstj. að skopast að því, að það hafi verið Ákaverð á fiskinum í ár, og segja svo, að slíkt megi ekki koma fyrir aftur. Ef ríkisstj. hefur ekki vilja til þess, þá verður þingið að gera það. Og vegna þess skripaleiks, sem hæstv. ríkisstj. gerir sig seka um, þá verður hv. Alþ. að taka fram fyrir hendur hennar, til þess að hún með aumingjaskap sínum verði ekki til þess að stöðva alla útgerð í vetur. Þess vegna geng ég út frá því, hvort sem þetta frv. verður samþ. eða ekki, þá verði þessi ákvæði samþ. á Alþ. Íslenzka þjóðin getur ekki risið undir því, að stöðvuð sé útgerðin nú. Og þeim, sem ekki vilja tryggja afkomu landsbúa með því að selja vörur á því ágæta verði erlendis, sem við höfum getað fengið fyrir okkar vörur, þeim verður heldur ekki treyst að gera þetta, og hv. Alþ. verður því að taka þetta að sér. Ríkissjóður hefur ekki borið skakkaföll í ár, nema þegar hefur verið neitað mörkuðum, sem okkur hafa boðizt, vegna vitlausrar pólitíkur, sem sé að eltast við dollara og pund, þegar hægt var að selja vörurnar gegn öðrum myntum.

II. kaflinn fjallar um ráðstafanir til að lækka rekstrarkostnað útvegsins. Ég ætla ekki að fara nákvæmlega út í þann kafla í þessari framsöguræðu. En við þá menn, sem aldrei sjá nema eitt ráð til úrlausnar, launalækkun, vil ég segja það, að ef tekin yrði upp vaxtalækkun sú, sem um ræðir í 6. gr., mundi það þýða sama og laun ákveðins hóps af fólki hefðu verið lækkuð um 18—20% Og allir vita, hve vaxtalækkun er nauðsynleg fyrir útgerðina og að hún er réttlætismál fyrir þingið. Og sparnaðurinn, sem í þessum eina kafla frv. felst, er miklu meiri en sú launalækkun, sem fyrstu stjórn Alþfl. á Íslandi mundi dreyma um að gera, að ég ekki tali um, að hana mundi ekki dreyma um að gera þessa launalækkun, af því hún gæti það ekki og af því að það kostar tugi milljóna kr.

III. kaflinn er um sölu sjávarafurða. Ætlazt er til þess, að til þess að annast yfirstjórn allrar sölu sjávarafurða skuli skipuð 5 manna n., og taki hún m. a. við hlutverki þeirrar n., sem nú fer með þessi mál. Skulu tveir nm. skipaðir samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og einn án tilnefningar. Ég held, að slík nefndarskipun væri ákaflega mikið framfaramál hvað snertir skipulagið á sölunni. Það voru sett l. í byrjun stríðsins, sem heimiluðu stjórninni sameiginlega yfirstjórn þessara mála. Meiningin var sú, að þetta ætti aðeins að vera svo á meðan á stríðinu stæði, að þetta væri aðeins bráðabirgðaástand, og það var ekkert sem mælti með því, að þessu skyldi haldið áfram. Nú hefur það sýnt sig, að núverandi stjórn hefur ýmist staðið illa á verði fyrir þjóðina hvað sölu snertir, eða beinlínis haft tilhneigingu til þess að vilja lækka verðið eða í bezta lagi látið blindast af viðskiptapólitík heildsalanna og Landsbankans um að gera það að skilyrði, að selt sé fyrir frjálsa dollara og frjáls pund. Það hefur nú þegar sýnt sig, að mikill hluti þjóðarinnar ákærir stjórnina fyrir þessar aðfarir, og það er ekki nema eðlilegt, að menn, sem eiga allt undir þessu, vilji sjálfir ráða þessari sölu. Þetta væri heppilegt fyrirkomulag, líka vegna þess, að það er ekki gott, að álit manna á því, hvernig gengur að selja afurðirnar erlendis, dragist eins mikið inn í stjórnmáladeilurnar og verið hefur að síðasta ári. Það er gott að losa þetta mál út úr, og ég á bágt með að skilja, að stjórnin æski eftir að hafa þetta mál með höndum. Ég held, að þeir menn, sem eiga allt sitt undir því, hvernig gengur með sölu afurðanna, muni vinna betur að því en stjórnin að selja afurðirnar sem hæstu verði. Og þegar litið er á samtök þau, sem hér eiga að stjórna, held ég, að eftirlitið með þessu sé tryggt. Ég held, að ekkert skipulag sé fundið, sem þjóðinni hentar betur. Hitt vil ég segja, að ef

Alþingi álítur ekki rétt að taka upp svona skipulag, ef stjórnin á að halda áfram að fara með völdin í þessu efni, eins og hún hefur hagað sér, þá er íslenzkur almenningur kominn undir verri einokun en við höfum átt við að búa um langan aldur. Fjöldi íslenzkra útvegsmanna veit, að við getum selt með góðu verði og að fyrir þá sölu er hægt að kaupa vörur til landsins góðu verði, og þeim er bannað að gera það. Slíkt er algerlega óþolandi. Það er ekki hægt að banna mönnum að selja sínar afurðir bara vegna geðþótta einhverra manna. Slíkt verður ekki þolað. Hins vegar skal ég viðurkenna það, að ef innleidd væri algerlega frjáls verzlun, mundi það hafa mikla ókosti í för með sér. Af því mundi leiða undandrátt, gjaldeyrisflótta o. fl. Þess vegna mundi það, sem við leggjum til í III. kafla, vera heppilegt í þessu efni. Þar eru þeir, sem fiskinn eiga, látnir hafa ábyrgðina, stjórnin er látin hafa sín völd, og með þessu móti væri betur séð fyrir hagsmunum útvegsins og þjóðarinnar í heild. Væri ekki slíkt skipulag tekið upp, yrði annaðhvort frjáls verzlun eða þá sú einokun, sem nú á sér stað.

Í IV. kafla komum við að fyrirkomulaginu á innkaupaverzlun þjóðarinnar. Ég ætla ekki út í einstakar gr. Þarna er lagt til að koma upp innkaupastofnun, sem annist öll innkaup til landsins. Stjórn innkaupastofunarinnar skal skipuð 5 mönnum. Samband íslenzkra samvinnufélaga, Alþýðusamband Íslands og samband smásölukaupmanna, ef stofnað verður, skulu tilnefna einn manna hvert, en tvo skipar ríkisstj. án tilnefningar.

Okkar hugmynd með því að sameina innkaup landsins á einn stað er að tryggja tvennt í senn: annars vegar, að innkaupin séu rekin með hagsmuni neytenda fyrir augum og hins vegar með hagsmuni útflytjenda fyrir augum. En það hefur einnig verið um það rætt hjá okkur að reyna að dreifa fjármagninu, að fjármagnið streymdi nú til verzlunarinnar og burt frá atvinnuvegunum. Menn úr öllum flokkum eru sammála um, að á þessu verði að ráða bót og sjá til þess, að fjármagnið streymi til atvinnuveganna. Þrátt fyrir þetta hefur farið svo, að fjármagnið í verzluninni hefur alltaf aukizt og fólksfjöldinn, sem við verzlunina vinnur, hefur alltaf aukizt, en fækkað í sumum atvinnugreinum. Það, sem mundi gerast, ef svona skipulagi yrði komið á, yrði ekki aðeins það, að hægt yrði að haga innkaupunum í samræmi við það, sem hentar, og tryggja það, að kaupin yrðu gerð í sem stærstum stíl, heldur mundi þetta tryggja það, að drottnunarvald heildsalanna í íslenzkri verzlun yrði afnumið, og það er eini möguleikinn, sem við höfum til að afstýra því, að fjármagnið streymi til verzlunarinnar í okkar þjóðfélagi, og til að tryggja það, að það streymi þangað, sem meiri þörf er fyrir það. Það verður að gera verzlunina að einhvers konar þjóðrekstrarfyrirtæki, þar sem einkareksturinn kemst ekki að.

Því fer svo fjarri, að við sósíalistar höfum fundið þetta út. Í 15 ár, frá því fyrst var farið að rannsaka, hvaða ráðstafanir ætti að gera til þess að bæta reksturinn, hafa menn vitað þetta og ekki sízt þeir menn, sem nú fara með völd á Íslandi.

Þegar Alþfl. í fyrsta sinn sat í stjórn á Íslandi, var það hans fyrsta verk að setja n. til þess að koma skipulagi á atvinnumálin, og var formaður skipulagsnefndar atvinnumála Emil Jónsson, núverandi viðskmrh. Þessi n. gaf út mjög ýtarlega skýrslu, þar sem m. a. verzlunarmálin voru tekin til meðferðar, og ég vil nú, af því að svo heppilega vill til, að einmitt formaður Rauðku — en svo var n. kölluð — er nú viðskmrh., minna á bjargráðin, sem hann sá á árunum 1935—'36. Þá var það stjórn Framsóknar, sem fór með völd. Nú er það hins vegar fyrsta stjórn, sem Alþfl. hefur myndað á Íslandi.

Í einni af niðurstöðunum um verzlunina, hvað þar þurfi að gera, segir skipulagsn. atvinnumála, sem núverandi viðskmrh. var formaður í — ég sé, að hann er hér ekki staddur. Sjálfsagt þætti honum vænt um að geta verið við og hlustað á sín eigin ráð, eða kannske honum komi betur að heyra þau ekki. Í þessari skýrslu segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er allra athugaverðast um þessi mál, að fjármál þjóðarinnar skuli vera þannig skipulögð, að það er gróðavænlegast og tryggast fyrir einstaklinginn að leggja fé sitt í verzlun, því að þjóðfélaginu kemur það að einna minnstum notum og getur orðið háskalegast. Það er lífsnauðsyn þjóðfélagsins, að tekið verði fyrir það, að verzlunarstéttin geti eftirlitslítið myndað erlendis skuldir, sem síðan er varpað á bak allrar þjóðarinnar, sem bæði verður að greiða þær með vöxtum erlendis og auk þess að greiða af þeim drjúga vexti til verzlunarstéttarinnar. Það er einnig nauðsyn að leysa það fjármagn, sem að óþörfu er í verzluninni bundið, m. a. vegna lánveitingastarfsemi verzlunarinnar, og leggja það í aðrar atvinnugreinar, sem eru þjóðfélaginu meira virði. Þeirri skipun verður að koma á fjármál og atvinnumál þjóðarinnar, að það megi verða gróðavænlegast og tryggast fyrir einstaklinga, sem þjóðfélaginu er bezt. Þar verður að koma aukið aðhald, sem ofþensla er, svo að unnt sé að rýma um, þar sem of þröngt er fyrir dyrum. **Fjármagnið í verzluninni verður að flytja yfir í framleiðsluna.**“

Þar er feitletruð niðurstaðan til þess að leggja áherzlu á, að þetta sé rauði þráðurinn.

Þá er í nál., þar sem dregnar eru saman niðurstöður um verzlunarmálin, taldir upp einir 10—11 liðir. Nokkra þeirra ætla ég að lesa upp með leyfi hæstv. forseta:

Í 4. tölul. segir: „Vegna fábreyttrar framleiðslu og aukinnar neyzlu hefur vald og tekjur verzlunarinnar farið vaxandi. Eftir líkum að dæma hafa tekjur af verzlun aldrei verið eins miklar og árið 1934. Meðaltekjur verzlunarstéttarinnar það ár eru meiri en allra annarra stétta.“

Í 5. lið segir: „Tekjur verzlana árið 1934 eru ákaflega misjafnar. Mestar eru tekjur þeirra verzlana, er flytja vöruna inn, og eru tekjur sumra þeirra svimandi háar eftir vörumagni. Smásalar, er kaupa vörur sínar hjá innflutningsverzlunum, hafa hins vegar margir mjög litlar tekjur af verzlun sinni.“

Í 6. lið segir: „Vegna þess valds, sem verzlunin hefur fengið í sínar hendur við fábreytta framleiðslu, hefur verzlunarstéttin ekki beðið tjón af þeim innflutningshömlum, sem komnar voru 1934. Hömlurnar hafa aðeins gefið henni aðstöðu til að auka álagninguna, og hefur álagningin aukizt mest, þar sem helzt voru takmarkanir á innflutningi.“

Í 7. lið segir: „Verzlunarálagning á innflutta vöru árið 1934 er samkv. framtölum 22.6 millj. kr., af því er 1.3 millj. kr. á verzlunum ríkisins. Auk þessa er álagning verzlunarinnar á útflutta vöru.“

Í byrjun 8. liðar segir: „Fjármagn það, sem bund-

ið er í verzlun, var um 100 millj. kr. árið 1934.“ — Tölur þær, sem hér eru nefndar, mundu ekki teljast svimandi háar núna, og þótt núverandi viðskmrh. hafi fundizt þetta hátt þá, var það ekki nema hreinasti barnaleikur hjá því, sem nú er. Þetta ár, sem skipulagsnefnd atvinnumála lagði til grundvallar, komst hún að þeirri niðurstöðu, að hagnaður á verzluninni væri 5 millj. kr., en ágóðinn af vörum til útgerðarinnar var 2 millj. kr. Samkvæmt niðurstöðum n. var tap útgerðarinnar 2 millj. kr., eða það sama og ágóðinn var af þeim vörum, sem útgerðinni voru seldar. Sem sé á krepputímum eins og þá var það verzlunin á Íslandi, sem tók gróðann, er myndaðist í þjóðfélaginu. Samkvæmt yfirlýsingu ráðherrans voru það heildsalarnir, sem tóku gróðann, þótt útgerðin tapaði. Samkvæmt yfirlýsingu ráðherrans voru þessar tölur svimandi háar. Hvað skyldi honum finnast nú, ef hann er eitthvað svipaður maður og hann var 1935—'36? Nú hefur hann tækifæri til þess að framkvæma hlutina, sem hann sagðist berjast fyrir, þegar hann var formaður skipulagsn. atvinnumála. Nú hefur hann mögulelkana, og nú er þörf á að knýja fram það, sem Alþfl. undirstrikaði sem sína stefnu. Hvað er það nú sem þjóðin fær að heyra? Ja, eftir ræðu, sem viðskmrh. hefur haldið, skyldi maður ætla, að heildsalarnir væru illa meðhöndlaðir í þjóðfélaginu gagnstætt öðrum stéttum, sem vildu hafa sæmileg laun og af þessum ráðh. voru jafnvel stimplaðar sem glæpamenn.

Þær till., sem við sósialistar berum fram í 4. kafla frv., eru í samræmi við þá stefnu, sem bent var á af skipulagsn. atvinnumála, og eru það raunhæfasta, sem lagt hefur verið til, að gert væri hér á landi til þess að beina fjármagninu úr verzluninni og til framleiðslugreinanna.

Í 5. kafla leggjum við til, að verzlun með veiðarfæri sé undir „kontróli“ stjórnarinnar, og í 6. kafla, að ríkið taki upp einkasölu á olíu. Með þeim till. viljum við útrýma því, að sérstakur gróði verði að því að flytja inn vörur til útgerðarinnar, og er þetta líka í samræmi við það, sem lagt var til af skipulagsn. atvinnumála, ef ég má lesa það, með leyfi hæstv. forseta. Það er á bls. 461 í skýrslunni:

„Um kostnaðarliðina ýmsa er þess að gæta, að mótorskipin og mótorbátarnir verða um margt að sæta verri kaupum en stærri skipin, einkum togararnir. Á salt, veiðarfæri og olíur til þeirra fellur yfirleitt meiri álagning en tilsvarandi vörur til gufuskipanna. Sú álagning fellur að vísu á innlendar hendur, en verður þó byrði á rekstri skipanna og veldur miklu um það, ásamt miklum kostnaði við að koma aflanum í verð, að rekstur skipanna ber sig ekki betur en raun ber vitni þrátt fyrir tiltölulega mikinn afla skipanna.

Það er engum vafa undirorpið, að mótorskipin hefðu sýnt bezta rekstrarafkomu allra skipa hin síðustu ár, ef þau hefðu getað sætt góðum og álagningarlitlum kaupum á útgerðarvörum sínum og notið svipaðra kjara við söluna og togararnir. Þrátt fyrir erfiða aðstöðu, bæði um kaup á útgerðarvörum og sölu á afurðum, hafa þau líkan rekstrarhag og gufuskipin.“

Síðan er haldið áfram og reiknað út, hversu miklu þetta mundi muna á skip og hlut hvers háseta, ef skipin losnuðu við að greiða þetta. Sem sagt, þessi sparnaður, sem hér er bent á, og sparnaður, sem búið er að benda á í a. m. k. 15 ár, hefur ekki fengizt tekinn upp, af því að hér á landi eru til menn, sem græða á því að flytja inn vörur til útgerðarinnar og sjómanna, og völd þeirra eru það mikil í þjóðfélaginu, að þeir hafa getað hindrað þá þróun, sem nauðsynleg er fyrir þjóðina í heild, og þótt menn hafi setzt í ráðherrastólana, eftir að hafa gefið upplýsingar um, að þeir vildu skera niður gróðann af þessari vöru, hafa þeir menn, sem það gerðu, gerzt fulltrúar heildsalanna. Það verður ekki hægt að bjarga þessum málum, fyrr en búið er að skera gróða heildsalanna niður, og það verður þjóðin að horfast í augu við.

7. kaflinn er um það að fella niður ákveðna tolla. Það er aðferð, sem við sósialistar höfum oft bent á, og verð ég að segja, að það er undarlegur hlutur, að ekki skuli hafa verið hægt að sannfæra hv. þm. um, að þeim beri að taka þetta ráð. Um nokkur ár hefur visitalan verið borguð niður, — en hvað er verið að gera nú? Það er verið að borga visitöluna upp, ef ríkissjóður t. d. leggur 10 millj. kr. á og síðan er á þessar 10 millj. lögð heildsalaálagning og smásöluálagning og yfirleitt öll sú álagning, sem hægt er að koma á þetta. Þetta er svo reiknað í visitölunni og eftir því laun til meiri hluta þjóðfélagsborgaranna, og svo á stjórnin að borga launin til þeirra, sem eiga að fá þau. Ríkissjóður er að borga visitöluna upp og þarf þar af leiðandi að borga hærri fúlgu í launum. Það er sú vitlausasta pólitík, sem hægt er að reka fyrir þá, sem álita dýrtíðina of mikla. Það er Bakkabræðrafyrirkomulag. Ég vona, að hér eftir verði hægt að fá menn til þess að athuga þessi mál af eitthvað meira viti en nú er.

Við höfum prentað sem fskj. með þessu frv. þær samþykktir, sem gerðar voru á flokksþingi Sósfl. í haust um lausn á þessum dýrtíðarmálum. Í þeim samþykktum eru þó nokkrar till., sem ekki hafa verið bundnar í frv.-form og við munum, þegar við sjáum, hvernig þessum okkar till. vegnar, sem í frv. eru, leggja fram síðar. Þessar samþykktir eru um ráðstafanir viðvíkjandi lækkun á húsaleigu og viðvíkjandi ýmsum ráðstöfunum gegn braski, m. a. viðvíkjandi því að reyna einhvern veginn að finna aðferðir til þess að innheimta gjöld af fé, sem „smúlað“ hefur verið út úr landinu á undanförnum árum og falið er erlendis. Og ekki sízt eru þar till. um fjáröflun, sem við mundum leggja fyrir þingið, ef við sæjum, að okkar till., sem kosta fjárframlög, sem að vísu eru ekki mikil, mundu fá framgang. Það er ekki erfitt að koma fram með till. um fjáröflun á Íslandi nú sem stendur. Það hefur aldrei verið auðveldara en nú. Og ég á satt að segja erfitt með að skilja þá ríkisstj., sem ekki sér leiðir til þess nú. — Ég fékk upplýsingar hjá skattstofunni fyrir skömmu viðvíkjandi tekjum og eignum hér í Reykjavík. Eftir framtölum 1946 var það þannig, að 100 tekjuhæstu einstaklingar og félög í Rvík höfðu 25 millj. kr. í nettótekjur alls og 200 tekjuhæstu félög og einstaklingar höfðu alls 36 millj. kr. í nettótekjur. En alls voru tekjur skattframteljenda, sem voru yfir 22 þús., um 504 millj. kr. Þetta samsvarar því, að 200 tekjuhæstu félög og einstaklingar í Rvík hafi að meðaltali 180 þús. kr. í nettótekjur. En meðaltal hinna 22 þús. framteljenda eru rúmar 20 þús. kr. Svo er það, eins og við vitum allir, þannig, að skattaframtölin eru alltaf tiltölulega óábyggileg, ef menn ætla að gera sér nákvæmar hugmyndir

um tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu. Hins vegar gefur ef til vill eignaskiptingin betri hugmynd um það, hvernig högum er háttað. Samkvæmt sams konar upplýsingum frá skattstofunni eiga 100 ríkustu félög og einstaklingar í Reykjavík 78 millj. kr. skuldlausar eignir, en hinir 200 ríkustu eiga 103 millj. kr. skuldlausar eignir. Hins vegar eru skuldlausar eignir í Reykjavík alls um 402 millj. kr., en eigendur þeirra, einstaklingar og félög, 8321. Nú eru eignaframtölin miðuð við fasteignamatsverð, þannig að ef taka ætti tillit til söluverðs á fasteignum í Reykjavík, þá mætti margfalda a. m. k. með fimm að meðaltali verð eignanna, ef vita ætti, hvað ríkustu félög og einstaklingarnir í Reykjavík eiga. 200 ríkustu félög og einstaklingar í Reykjavík mundu þá eiga eignir, sem metnar væru á 500 millj. kr. til sölu. Og þetta er út af fyrir sig allóþægilegt dæmi um eignaskiptinguna í Reykjavík, að þeir 200 ríkustu einstaklingar og félög skuli eiga einn fjórða hlutann af öllum skattskyldum eignum Reykvíkinga. Það sýnir, að hafi þeim, sem sömdu „Rauðku" fyrir 15 árum síðan — eða við skulum segja 11 árum síðan —, hafi þeim fundizt, að gróðinn, sem færi til verzlunarinnar á Íslandi, væri mikill og svimandi upphæðir í sambandi við það, hvað mundi þá þeim sömu mönnum finnast, ef þeir með svipuðu hugarfari og þeir skrifuðu „Rauðku" með á þeim árum dæma um ástandið, sem nú er á Íslandi, þegar 200 ríkustu félög og einstaklingar í Reykjavík eiga svona miklar eignir? Og að því er snertir öflun fjár, þá er auðvelt að afla fjár, ef menn vilja taka féð fyrst og fremst hjá þeim, sem eiga það og geta misst af því. Það er aðeins spursmálið um viljann til þess, sem kemur til greina. Þessir 200 ríku eru að níu tíundu hlutum heildsalar. — Það er þess vegna vitað mál, að spursmálið um lausn þessara vandamála er fyrst og fremst spursmál um vilja til þess að leysa þau á þann hátt, sem þjóðarheildinni og hinum vinnandi stéttum er fyrir beztu og tryggir bezt áframhaldandi atvinnurekstur í landinu, sem er fyrst og fremst útgerðin í landinu. Og að svo miklu leyti sem hægt er að segja, að hægt sé að leysa þessi vandamál með því að koma réttlátu skipulagi á, til þess að útgerðin eigi auðveldara með að halda áfram, þá verður að leysa þetta fyrst og fremst á kostnað þeirra, sem mest græða, heildsalastéttarinnar, sem safnað hefur mestu fé og að áliti skipulagsnefndar, samkv. því, sem ég las upp áðan, er óþörfust og hefði átt að vera búið að takmarka stórkostlega gróðann hjá fyrir 10—11 árum síðan. Það er því gefið, að baráttan um lausn dýrtíðarmálsins er barátta þeirra stétta, sem eiga allt sitt undir því, að framleiðsluatvinnuvegirnir gangi á Íslandi. En hins vegar er sú stétt, sem mest hefur grætt á þessari baráttu undanfarin ár, verzlunarstéttin, sem á síðustu árum hefur sogið til sín gróða, þegar útgerðin hefur í mörgum tilfellum tapað. Og það er fyrst og fremst á þeirra kostnað, sem þannig hafa grætt á útgerðinni, sem þær ráðstafanir eiga að gerast, sem gerast þurfa til þess að útgerðin geti gengið áfram. Og því aðeins er hægt að gera þær ráðstafanir, að í sambandi við þær verði um leið stórstígar tæknilegar framfarir, til þess að hægt sé að spara sem mest í rekstri útgerðarinnar. Og að því leyti sem þetta allt hefði kostnað í för með sér, á það að gerast á kostnað þeirra stétta, sem hafa lifað sem afætur á þjóðfélagslíkamanum. Þess vegna álítum við, að ef frv. þetta væri samþ., þá næðist það, að framleiðslan færi í fullan gang með þeim tryggingum, sem ríkið gæfi útvegsmönnum og vitanlegt er, að ómótmælanlega liggur fyrir að gefa, vegna þess að hinn mesti skaði, sem Ísland gæti orðið fyrir nú, er það, að útgerðin stöðvaðist. Sú stöðvun mundi verða það tjón, sem við megum ekki við. Þetta frv., ef samþ. væri, mundi koma í veg fyrir slíkt tjón. Það mundi enn fremur tryggja lækkun á vísitölunni, sem mundi verða alveg nóg til þess að tryggja hvað þá hlið snertir, sem að vísitölunni snýr, lækkun útgerðarkostnaðarins. Þess vegna mundu með þessu frv., ef það væri samþ., bezt verða leyst þau vandamál, sem steðja nú að þjóðinni, og í beztu samræmi við hagsmuni hinna vinnandi stétta í landinu og þá um leið í samræmi við hagsmuni alþjóðar. — Ég vil því vonast til þess, að þetta frv. fái góðar undirtektir hjá hv. þm., og ég óska, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn. Í þessu frv. eru flestir kaflarnir svo beinlínis tengdir við sjávarútveginn, að ég álít eðlilegast — þótt fleiri n. gætu auðvitað gert kröfu til að fjalla um málið —, að það fari til sjútvn., vegna þess að ástæðan til þess, að þetta frv. er borið fram, er fyrst og fremst, að það er viðurkennt, að það þurfi að tryggja rekstur sjávarútvegsins í landinu. Og þó að ýmsar ráðstafanir, sem frv. er um, miði lengra fram í tímann og mundu bæta okkar atvinnulíf, ekki aðeins hvað snertir næstu ár, þá eru þær fyrst og fremst miðaðar við að tryggja rekstur sjávarútvegsins. Þess vegna álít ég eðlilegast, að frv. verði sent til hv. sjútvn.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð af minni hálfu á þessu stigi málsins. Þó að hv. 1. flm. þessa frv., hv. 2. þm. Reykv., hafi nú talað um tvær klst. til stuðnings því frv., sem hann ásamt tveim öðrum flokksbræðrum sínum flytur hér, virðist mér samt ekki ástæða til þess að fara að rekja atriði þess hér með mörgum orðum. — Hv. 2. þm. Reykv. sagðist vera undrandi yfir því, að ríkisstj. hefði ekki nú fyrir nokkru lagt fram a. m. k. málamyndafrv. um lausn dýrtíðarmálanna. Það hefði verið ákaflega auðvelt fyrir ríkisstj. að leggja fram málamyndafrv. um lausn þessara miklu vandamála. Þann kost valdi ríkisstj. ekki. Hins vegar hafa hv. flm. þessa frv. einmitt valið þennan kost, að leggja fram málamyndafrv. til lausnar þessum vandamálum. Það má segja það, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé einkennileg naglasúpa og í því felist engar þær ráðstafanir, sem gætu orðið til þess að stöðva og hindra verðbólguna á Íslandi, heldur frekar til þess — eins og orðað hefur verið í einu blaði hér í höfuðstaðnum — að lögbinda áframhald hennar. Og margar till. í frv., sem ég fer ekki mjög langt inn á, eru líka einkennilegar, eins og t. d. í VII. kafla frv., þar sem lagt er til, að það séu felld niður aðflutningsgjöld af tilteknum vörutegundum. Og með því á að halda áfram að vinna gegn dýrtíðinni og gera hagfelldar ráðstafanir fyrir ríkisstj. til þess að gera það. Eftir athugun á því, hvað þessi tollalækkun eða tollaafnám mundi hafa í för með sér fyrir ríkissjóð mikinn tekjumissi, miðað við það, þó að ekki yrði mjög mikill innflutningur, heldur takmarkaður innflutningur, eins og við verðum að

gera ráð fyrir á næstu árum, má gera ráð fyrir, að tekjumissir vegna þessa mundi á einu ári nema um 25 millj. kr. Hins vegar eru litlar líkur til þess, að þetta tollaafnám orkaði á þann veg á visitöluna, að hún lækkaði um meira en 15 til 17 stig. Niðurborgunin, sem þetta átti að gera á visitölunni eftir röksemdaleiðslu hv. 2. þm. Reykv., yrði því sízt af öllu, eins og hann vildi vera láta, hagkvæm fyrir ríkissjóð. 15 til 17 stiga niðurfærsla á henni mundi þá kosta ríkissjóð um 25 millj. kr. Auk þess kæmi fram, sem ég veit ekki, hversu hollt væri fyrir þjóðarbúskapinn, í sambandi við innflutning útlendra vara, að enn þá breikkaði bilið milli verðlags á innfluttum vörum og verðsins á framleiðsluvörum Íslendinga. Ég veit ekki, hvort það hefði nokkuð holl áhrif á þjóðarbúskapinn yfirleitt. Ég nefni þetta dæmi sem eitt af mörgum dæmum, sem nefna mætti um það, hve ákvæði þessa frv. eru lítið athuguð og lítið undirbyggð. Og það er áreiðanlega rétt — eins og hv. 2. þm. Reykv. sagði —, að það er mjög auðvelt að leggja fram frv. til að sýnast, þó að talað sé um ráðstafanir til leiðréttingar á þessu mikla vandamáli.

Út af ráðstöfunum til þess að hindra, að verðbólgan og dýrtíðin í landinu leiði til framleiðslustöðvunar og atvinnuleysis í landinu, hefur ríkisstj. talið skyldu sína gagnvart þjóðinni og Alþ. að láta fara fram sem ýtarlegastar og nákvæmastar athuganir á atvinnu- og fjármálum þjóðarinnar og álykta síðan út frá því, hverjar ráðstafanir á að gera til þess að gera allt í senn, að tryggja áframhaldandi atvinnurekstur og framleiðslu á sem allra mestu magni af framleiðsluvörum og tryggja sölu þeirra á erlendum mörkuðum, samtímis því að þær ráðstafanir hefðu í för með sér svo góð kjör og örugga atvinnu sem unnt er að skapa fyrir allan almenning í landinu. Rannsóknir og athuganir þessar, *sem framkvæmdar hafa verið mjög ýtarlega*, hafa tekið langan tíma. Síðan þarf ríkissti., sem skipuð er af þremur þingflokkum með ólíkum skoðunum, að samhæfa sjónarmiðin. Og allt þetta tekur að sjálfsögðu sinn tíma. Þess vegna hefur orðið alllangur dráttur á því, að ríkisstj. legði fyrir Alþ. till. sínar til úrlausnar þessa vandasama og margbrotna máls. En nú er sá tími að nálgast.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Nd., 3. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var í byrjun september á þessu hausti, að ríkisstj. boðaði til hinnar svonefndu stéttaráðstefnu til að leita þar eftir samstarfi við fulltrúa stéttanna í landinu til að glíma við dýrtíðarvandamálið, eins og það hét. Nú eru liðnir um 3 mánuðir síðan þetta var, og harla lítið hefur enn þá heyrzt frá þessari ráðstefnu, en það er af ofur skiljanlegum ástæðum. Þó að um það leyti, sem stéttaráðstefnan var kvödd saman, *væri býsna hátt talað um dýrtíðina og hver ráðherrann eftir annan kæmi í útvarpið til að útmála hið voðalega ástand*, já, þrátt fyrir hin mörgu og stóru orð forustumanna þjóðarinnar í sambandi við þessi stóru mál, þá hafa engar tillögur komið fram til lausnar af hálfu þeirra, er með völdin fara. Strax í byrjun september var það rækilega auglýst fyrir þjóðinni, að hún væri á gjaldþrotsbarmi. Skýrsla fjárhagsráðs átti að sanna þetta. Gjaldeyririnn var á þrotum og litlar eða engar líkur til öflunar lágmarksgjaldeyris fyrir þjóðina til að lifa af. Þessar lýsingar þekkja nú allir. Formenn tveggja stærstu þingflokkanna brugðu samt á rás vestur um haf í haust, þó að allt væri að fara til fjandans eftir lýsingum stjórnarvaldanna að dæma, og sjálf ríkisstj. tók svo á þessum málum, að er hún hafði kvatt saman 10 fulltrúa frá stéttunum, héldu ráðherrarnir sömu ræðurnar og þeir höfðu áður haldið í áheyrn alþjóðar í útvarp, og er þeim var lokið, var sagt við fulltrúana: Hingað og ekki lengra, nú skuluð þið strax fá hvíld, á meðan við höldum áfram að reikna og teikna og vita, hvað hægt er að gera í málinu. Sem sagt, það fyrsta, sem sagt er við stéttaráðstefnuna, er það, að ríkisstj. hafi ekki undirbúið málið. Strax á fyrstu dögum ráðstefnunnar, þegar fulltrúarnir ætluðu að fara að snúa sér að viðfangsefnum sínum, var allt óundirbúið af hálfu ríkisstj. Hún átti eftir að láta reikna og teikna og það um frest um óákveðinn tíma. Þessi frestur hefur svo orðið þannig, að þó að liðnir séu þrír mánuðir, frá því að ráðstefnunni var frestað, þá hafa fulltrúar fram að þessum tíma ekkert fengið að starfa, og nú skilst manni helzt, að ríkisstj. hafi kvatt til þessarar ráðstefnu í þeim tilgangi að gabba *fulltrúana og gera grín að þeim*, því að *nú* boðar ríkisstj., að hún muni innan skamms leggja dýrtíðarfrv. sitt fyrir þingið, en í millitíðinni hefur hún ekkert samband haft við fulltrúa stéttasamtakanna. Þetta eru satt að segja einkennileg vinnubrögð, ef einhver alvara er um það hjá stjórninni að leysa aðkallandi vandamál í samvinnu við höfuðstéttir landsins. Sýnir þetta kannske, að alvaran sé harla lítil í því efni, eða er leitað að þannig lausn, að ekki kæmi til greina samvinna við stéttasamtökin um hana? En þegar flestir landsmenn sjá, að ekki *má lengur dragast að hefja raunhæfar aðgerðir*, og þegar stjórnarandstaðan ber fram till. til úrbóta á vandamálum þjóðarinnar, þá ber ríkisstj. sig illa og tekur litinn þátt í umræðunum um þær till. Í stað þess gefur hún út skriflega tilkynningu, sem gengið hefur á milli allra ráðherranna, og tilkynningin er á þessa leið: Hér er um erfitt mál að ræða. Við erum að láta lærða menn reikna og teikna, en niðurstaðan er ekki enn þá fundin, en stundin nálgast. — Þetta er tilkynningin, sem þjóðin fær eftir allt, sem á undan er gengið. Já, stundin nálgast. Mér *þykir þingheimur sýna ríkisstj. mikla þolinmæði* og mikið umburðarlyndi, ef þm. láta sér þetta lynda, þegar svo brýn nauðsyn er á því, að fram kæmi till. til umbóta aðkallandi vandamála. Þm. hlýtur að vera nóg boðið af svona aðferðum, og þeir hljóta annaðhvort að krefjast till. af hálfu ríkisstj. eða þá, að ræddar verði í alvöru till. okkar sósialista og á þeim þá gerðar þær breyt., sem meiri hluti þm. telur æskilegar. Eða á að halda áfram á braut úrræðaleysisins og drepa allan kjark úr þjóðinni og stefna út í atvinnuleysi og öngþveiti? Ég vildi sérstaklega benda á eitt atriði í sambandi við lausn dýrtíðarmálanna, en það er það, að þær ráðstafanir, sem gerðar verða nú til lausnar vandanum, verða að grundvallast á samkomulagi við aðalstéttasamtök landsins. En með þeim vinnubrögðum af hálfu ríkisstj., sem ég lýsti áðan, eru stéttasamtökin skágengin og lítils virt, og virðist helzt í ráði að kasta hér fram till., án þess að ráðgast við þau að nokkru.

Slík vinnubrögð hljóta að leiða af sér vandræði, sem erfitt verður að leysa, og er því ekki seinna vænna að breyta til og hefja ákveðið og einlægt samstarf við höfuðstéttirnar um lausn dýrtíðarmálanna.

Það er aðallega einn þáttur í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, sem ég vildi gera að umtalsefni, en það er sá þáttur, er snýr að fiskibátaflotanum. En þannig er nú ástatt fyrir fiskibátaflotanum, að gera verður alveg sérstakar ráðstafanir til þess, að útgerðin geti hafizt á réttum tíma í vetur. Það er raunar búið að draga nauðsynlegar aðgerðir svo lengi, að af þeim drætti hefur þegar skapazt tjón, sem ekki verður bætt. Útgerð bátaflotans krefst minnst mánaðar undirbúnings, og það er ekki hægt að setja allan flotann af stað í einni svipan, eins og ýtt sé á takka og allt fari þá á stað. Nú er komið fram í desember, og enn er hér talsvert eftir af þingstörfum, sem ljúka þarf, áður en nauðsynlegar ráðstafanir vegna útvegsins verða gerðar, en venjan að hefja útgerð strax upp úr áramótunum. Drátturinn á raunhæfum aðgerðum hefur þegar valdið óbætanlegu tjóni, og hver dagur, sem líður án þess að eitthvað sé gert til tryggingar rekstri bátaútvegsins, þýðir tapaðan dag á næstu vertíð. En hvernig er viðhorfið í sambandi við rekstur bátaflotans, og hvað verður að gera? Það, sem fyrst blasir við, er það, að vegna síldarleysisins s. l. sumar er mikill hluti flotans þannig efnum búinn, að á mörgum bátum hvíla stórkostleg sjóveð, og geta þeir því ekki farið til nýrrar vertíðar, nema eitthvað verði gert til að leysa af þeim skuldabönd-in. Þetta er atriði nr. 1. Það eru skuldirnar, sem hvíla á allmiklum hluta bátaflotans frá því í sumar og verður tafarlaust að leysa. Í frv. okkar eru gerðar sérstakar till. til lausnar á þessu atriði, og ég verð að segja það, að ég kem ekki auga á aðra lausn, enda hefur áður verið horfið að sams konar lausn þessa máls hér á Alþingi. — 2. atriðið er einnig afleiðingin af því, hversu síldveiðarnar brugðust s. l. sumar, en það er, að mikill hluti bátaflotans getur ekki staðið í skilum við stofnlánadeildina og aðrar lánstofnanir. Stofnlánin hafa yfirleitt fallið í gjalddaga nú í nóvember, og hafa þannig hrúgazt upp skuldir hjá útvegsmönnum, og á þessum skuldum eru mjög háir dráttarvextir. Skuldir útvegsins verða þannig enn stórkostlegri og gera flotanum gersamlega ófært að hreyfa sig. Þetta er annað höfuðatriðið varðandi bátaútveginn, sem tafarlaust verður að leysa. Í frv. okkar eru einnig ákveðnar till. um lausn á þessum vanda, og sé ég heldur ekki, að þar sé um aðra leið að ræða, og hef ég hvergi í umræðum né blaðaskrifum heyrt eða séð um önnur atriði en þau í till. okkar til lausnar á þessu. Þessi grundvallaratriði þykist ríkisstj. vilja leysa, en er svo varla til viðtals, þegar till. til úrbóta koma fram. Auk þessara tveggja atriða, sem ég hef gert að umtalsefni, er óhjákvæmilegt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja fast lágmarksverð fyrir aflann á komandi vertíð. Þetta hefur áður verið gert, en heyrzt hafa raddir, að þetta væri óviðkunnanlegt, óréttmætt og óeðlilegt. En þetta er alveg óhjákvæmilegt, að tryggja fast fiskverð, og þeir, sem eru á móti, verða að öðrum kosti að benda á aðra leið, því að þetta er undirstöðuatriði fyrir bátaútveginn. Á atvinnuleysisárunum fyrir stríð var hægt að fá fiskimenn til að róa upp á hlut, án þess að þeir vissu, fyrir hvað aflinn mundi seljast, eða hvenær hann yrði seldur. Slíkt ástand er nú liðið hjá, og nú fást engir til að róa án þess að vita, hvenær eða fyrir hvað aflinn selst. Öll stríðsárin vissu sjómenn þetta og gátu því reiknað nokkurn veginn út kaup sitt í meðalaflaári. En þegar mikill hluti aflans er óseldur í vertíðarbyrjun, verður að tiltaka eitthvert lágmarksverð og tryggja útvegsmönnum það með einhverju móti, og er þá varla um annað að ræða en ríkið ábyrgist verðið. Og ég er líka sannfærður um, að þegar menn, meira að segja þeir, sem skipa núverandi ríkisstj., fást til að hugsa um þessi mál, að þá munu þeir sjá, að það verður að tryggja fiskverðið að tilhlutun ríkisvaldsins. Þyki einhverjum óviðfelldið að nota orðið ríkisábyrgð, þá getur ríkisvaldið skyldað bankana til að ábyrgjast fiskverðið til þess að friða þá, sem eru feimnir við orðið ríkisábyrgð. En slíkt er eingöngu álika hringsól í kringum rófuna á sér eins og þegar ríkisstj. ætlar að koma á gjaldeyrisskatti, sem verkar eins og gengislækkun, en það má bara ekki kalla það gengislækkun. Verði verðið tryggt á annan hátt en með ríkisábyrgð, skiptir það engu máli, en mér sýnist, að í okkar frv. sé lagður grundvöllurinn að lausn þessa máls, og hefur þá annað eins gerzt á Alþingi og breytt sé einu orði í stórum lagabálki. Í þessu frv. höfum við gert ráð fyrir, að verðið verði jafnhátt og gengið er út frá á þessu ári, eða 65 aurar fyrir hvert kg. af þorski og ýsu með haus. Það er ljóst, að þetta verð er heldur lágt fyrir útgerðarmenn að óbreyttum kringumstæðum. Rekstrarkostnaður útvegsins er nú það mikill, að þetta dugir ekki, nema aðrar ráðstafanir komi til. Því er í frv. okkar gert ráð fyrir að lækka rekstrarkostnað útgerðarinnar útgerðinni í hag, og bendum við þar á þessar leiðir: Í fyrsta lagi er lagt til, að vaxtakostnaður lækki. Það ætti að vera tiltölulega auðvelt að lækka hann um helming, ef skilningur er fyrir hendi. Sé miðað við áætlun hagfræðinganefndarinnar, sem sat á rökstólum í fyrra, þá verður vaxtakostnaðurinn á bát, eftir því sem hagfræðingarnir reiknuðu, tæpar 30 þús. kr., en það er alveg augljóst, að hér er verulega of lágt áætlað, og er auðvelt að benda á, að vaxtaútgjöldin í sambandi við síldveiðarnar eru miklu hærri en þeir gera ráð fyrir. Ef takast mætti að lækka þessa upphæð um helming, eða niður í 15 þús. kr., þá vegur það mjög mikið til að draga úr rekstrarkostnaðinum. S. l. ár græddi Landsbanki Íslands samkv. skýrslum, sem hann sjálfur hefur gefið út, 14,2 milljónir kr. Verulegur hluti þessa gróða er tekinn beint frá útgerðinni, en þær breyt. voru gerðar á rekstri bankans, að hann var með lögum skyldaður til að lána háar fúlgur til útgerðarinnar, en þær ráðstafanir leiddu til þess, að útlán bankans jukust stórkostlega og heildarvaxtatekjurnar að sama skapi, svo að bankinn græddi á síðasta ári meira en helmingi meira en árið þar á undan. Þar sem mikill hluti þessa gróða, sem bankarnir hafa rakað saman að undanförnu, er frá útgerðinni, þá virðist ekki nema eðlilegt, að þeir slaki nú til með útlánsvexti til þess að gera útgerðinni færara fyrir. — [Umr. frestað um stund.]

Ég var að gera grein fyrir þeim lið í till. okkar sósíalista, sem fjallar um lækkun á rekstrarkostnaði útvegsins, og hafði vikið nokkuð að vaxtalækkun, en vil fara um það fáum orðum til viðbótar.

Þær vaxtagreiðslur, sem útvegurinn býr nú við, eru ekki einungis allt of háar, heldur líka í fyllsta máta ósanngjarnar. Það er t. d. kunnugt, að bankarnir hafa mikið lánað út á veiddan fisk, sem legið hefur í öruggri geymslu í frystihúsum, en sökum ýmissa örðugleika ekki verið sendur á markaðinn. Þessi framleiðsla er í alla staði tilbúin á markaðinn og auk þess með ríkistryggðu verði. En þrátt fyrir það hafa bankarnir tekið háa vexti af þessum lánum, sem hvílt hafa með miklum þunga á framleiðendunum, því að lánin hafa oft þurft að standa marga mánuði. Við athugun hljóta menn að sjá ósanngirnina í háum vöxtum af slíkum lánum, samanborið við ýmsar aðrar lánveitingar. Í Noregi eru lán veitt með mjög hagkvæmum kjörum og það miklu betri kjörum en lán til annarrar starfsemi, en það er alveg gagnstætt því, sem hér er. Ég var staddur á útgerðarmannafundi nú fyrir nokkru. Þar lýsti einn frystihúseigandi því, að s. l. ár hefði hann greitt í vinnulaun við frystihúsið samtals 300 þús. kr., en vaxtagreiðslurnar fyrir árið námu af þessu sama frystihúsi 100 þús. kr., eða vextirnir voru ⅓ á móti öllum vinnulaunum. Það sjá allir, hvað slík vaxtagjöld torvelda reksturinn. Þessu verður að breyta, bæði með því að lækka vextina alla og auk þess veita sérstaklega hagkvæm rekstrarlán, því að það er engin meining að láta greiða miklu hærri vexti af lánum, sem veitt eru út á fullunna vöru, er tefst nokkra mánuði, áður en hún er flutt út, heldur en af lánum, sem standa eiga marga áratugi. Ég er sannfærður um, að bankarnir þola vel og hafa aðstæður til að lækka vextina.

Þá vil ég minnast nokkuð á annað atriði í till. okkar, sem varðar rekstur útvegsins, en það eru vátryggingarnar. Meginhluti bátanna er skyldaður til að vera vátryggður hjá ríkistryggðu fyrirtæki, samábyrgðinni. Þessa tryggingu verða útvegsmenn að kaupa óeðlilega háu verði, eða 6—8%, og er það mun hærra en aðrar stofnanir, sem aðstöðu hafa fengið til tryggingastarfsemi, bjóða upp á. Með þessu fyrirkomulagi verður hver bátur að greiða um og yfir 30 þús. kr. í iðgjöld á ári, en allir sjá, að slíkt nær ekki nokkurri átt og það því síður, þegar ríkið skyldar útgerðarmennina til að tryggja hjá þessu fyrirtæki, meðan aðrir bjóða miklu betri kjör. *Þennan útgjaldalið bátaútvegsins þarf að lækka verulega*, og það er hægt.

Um aðrar till. til lækkunar á útgerðarkostnaði skal ég ekki hafa mörg orð. Það er minnzt á að lækka beituna um 10%, en eins og allir vita, þá er beitan stór útgjaldaliður. Sú aðstaða, sem boðizt hefur nú í haust, gerir þessa lækkun auðvelda, ef ríkisstj. vill nota þá heimild, sem til þess þarf.

Þá er alkunnugt, að *viðgerðarkostnaður* á bátum er óeðlilega hár, og stafar það fyrst og fremst af því, að vélaverkstæði og slippfélög fá að leggja allt að 100% á vinnu og efni, sem til þessara viðgerða þarf. Það viðurkenna allir menn í orði, að þetta sé óeðlilegt, en þessu verður ekki kippt í lag nema með lagaboði eða a. m. k. sérstökum ráðstöfunum af hálfu hins opinbera.

Eins og hér hefur verið sýnt fram á, þá er hægt að lækka rekstrarkostnað bátanna og gera útgerðarmönnum þannig kleift að gera bátana út. En hitt er sýnilegt, að það virðist heldur lítill vilji fyrir hendi hjá valdhöfunum til þess að hrófla við þessum liðum, sem hér hefur verið drepið á, nei, heldur er stöðugt hrópað um of hátt kaup og talað um kauplækkun sem einu leiðina til úrbóta. En sannleikurinn er sá, að við rekstur báta munu menn reka sig á, að sú leið kæmi bátaútveginum að litlu gagni. Þetta eru því einu liðirnir, sem að gagni geta komið, en það er að tryggja bátunum gott verð eða lækka verulega þá útgjaldaliði við reksturinn, sem hér hefur verið minnzt á. Það er líka alveg víst, að það má ekki dragast að gera ráðstafanir í þessu efni. Þess vegna er alveg furðulegt, að ríkisstj. skuli ekki grípa tækifærið og ræða þær till., sem hér liggja fyrir, og styðja að því, að þær komist fram í lagaformi.

Út af ræðu forsrh. hér í gær og þeim ummælum hans, að till. þær um tollalækkun, sem gerðar eru í þessu frv., mundu valda ríkissjóði um 25 millj. kr. tekjumissi, þá vil ég segja það, að ég tel þessa yfirlýsingu furðulega. Ríkisstj., sem þessi ráðh. hefur forsæti í, hefur nýlega lagt fram frv. til fjárlaga. Í þessu frv. eru allar tolltekjur ríkissjóðs áætlaðar 32 millj. kr. Af því má sjá, hversu mikil fjarstæða er, að sú tollalækkun, sem hér er gert ráð fyrir, nemi 25 millj. Nei, þessi tollalækkun mundi rýra tekjur ríkissjóðs um 13 til 15 millj., ef miðað er við þá áætlun, sem ríkisstj. hefur gert um innflutning á næsta ári, en ekki 25 millj., eins og forsrh. hélt fram. Þá hélt ráðh. því fram, að þessi tollalækkun hefði aðeins í för með sér 15—17 stiga hækkun á vísitölu, en þó er það skýrt tekið fram í útreikningum, sem hagfræðingur ríkisstj. hefur gert, að slík tollalækkun mundi hafa í för með sér 21 stigs lækkun á vísitölunni. Það er því upplýst, að hér hefur forsrh. farið vísvitandi með rangt mál. Auk þess, sem hér hefur verið talið, mundi slík vísitölulækkun, sem frv. gerir ráð fyrir með afnámi tollanna, hafa í för með sér mikla lækkun á útgjöldum ríkissjóðs, og hafa hagfræðingar ríkisstj. *reiknað út, að sérhvert stig, sem vísitalan lækkar*, spari ríkissjóði 683 þús. kr. Upphæðin, sem sparaðist með 21 stiga vísitölulækkun, mundi því nema um 14—15 millj. Þessi sparnaður mundi vega verulega upp á móti því tapi, sem ríkissjóður yrði fyrir vegna tollalækkunarinnar.

Ráðh. minnist ekkert á þann lið frv., þar sem gert er ráð fyrir að afnema milliliðagróðann, en samkv. till. frv. *skal afnema milliliðagróða* heildsalanna og koma skynsamlegu skipulagi á innflutningsverzlunina, en þær ráðstafanir mundu lækka vísitöluna um nálægt 20 stig, eftir því sem hagfræðingar hafa komizt að raun um. Slík ráðstöfun mundi spara ríkissjóði aðrar 14—15 millj., ef lagður er til grundvallar útreikningur sá, sem hagfræðingar ríkisstj. hafa gert. Útkoman af ráðstöfunum frv. yrði því sú, að ríkissjóður græddi verulega upphæð á kostnað heildsalanna. En það þykir ríkisstj. of dýr biti, og þá væri kannske gengið of nærri þeim flokkum og blöðum, sem byggja tilveru sína ekki síst á fjárframlögum heildsalanna.

Á þessu stigi málsins ætla ég ekki að fara fleiri orðum um þetta frv., en vil að endingu undirstrika það, að það er furðulegt, eins og á þessum málum er haldið, að ríkisstj. skuli komast upp með það og láta það nægja að gefa þær upplýsingar, að nú sé stundin, hin mikla stund að nálgast. Það er í sjálfu sér verið að stefna atvinnurekstri okkar og afkomu allri í hættu með slíkum vinnubrögðum. Einnig er furðulegt, að ríkisstj. skuli svo neita að taka við

þeim till., sem hér eru lagðar fram á Alþ., og ræða þær í alvöru, sem málefnið gefur fyllilega tilefni til.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég ætla að þessu sinni ekki að ræða þetta frv. í heild, en það eru nokkur atriði í ræðu hv. 2. þm. S-M., sem ég hef tilefni til að segja nokkur orð um. Það er viðvíkjandi nokkrum útreikningum, sem ég hef annazt ásamt fleirum. Þótt þeir útreikningar hafi verið í höndum þeirra manna einna, sem fengu þá sem trúnaðarmál, þá vikur hv. þm. nokkuð að þeim og á þann veg, að ég sé mér ekki annað fært en að leiðrétta það.

Forsrh. gat þess í gær, að ef ákvæðin í frv. um að fella niður tolla á nauðsynjavörum kæmu til framkvæmda, þá mundu tolltekjur ríkissjóðs minnka um 25 millj. kr., en ekki lækka vísitöluna nema um 15—17 stig. Þessi ummæli forsrh. kallar hv. þm. úr lausu lofti gripin, en þau eru rétt. Þessu til sönnunar segir hv. þm., að nokkrir hagfræðingar, og ég mun vera einn af þeim, hafi reiknað út, að áhrif allra tolla á vísitöluna væru 21 stig. Ef allir tollar, sem áhrif hafa á vísitöluna, eru felldir niður og verzlunarálagning líka lækkuð sem þessu svarar, þannig að hún lækki í því hlutfalli, þá mundi vísitalan lækka um 21 stig. Þessi útreikningur er nákvæmur og réttur. En í 7. kafla frv. er ekki gert ráð fyrir að fella niður alla tolla á hinum ýmsu vörutegundum, þótt ef til vill hafi það verið ætlun þeirra, sem sömdu frv. Það er ekki talað um að fella niður tolla af búsáhöldum og ýmsum flokkum vefnaðarvöru í frv. og áhrifin af þessu því ekki eins mikil og ef allir tollar yrðu felldir niður. Auk þess er hér ekki gert ráð fyrir neinni lækkun verzlunarálagningar, en slík lækkun mundi nema um 5 stigum. Þetta hvort tveggja, að tollar eru ekki felldir niður á öllum vörum, sem hafa áhrif á vísitöluna, og hins vegar ekki trygging fyrir því, að álagning lækki vegna þessarar niðurfellingar tolla, veldur, að ekki kemur fram öll sú vísitölulækkun, sem kæmi fram, ef tollar væru felldir niður af öllum vörum. Hitt er rétt hjá hæstv. forsrh., að framkvæmd þessara ákvæða mundi ekki þýða meira en 15—17 stiga lækkun. Sökum þess, hvernig vísitalan er reiknuð, mundu þessi ákvæði að ýmsu leyti verka skringilega og hafa í för með sér mikla verðlækkun á vissum vörum, sem eru skyldar öðrum vörum, sem ekki lækka. Í vísitöluútreikningum eru teknar tilteknar „representativar" vörur, þ. e. vörur, sem taldar eru sýna verðbreytingar heilla vöruflokka. Í frv. eru tollar felldir niður á slíkum vörum, en ekki hinum, sem þær eiga að „representera." Þetta veldur ósamræmi í verðlagi á skyldum vörum, auk þess sem þetta nálgast fölsun á vísitölunni. Með slíkum ákvæðum er gengið verulega á hlut launþega, sem byggja laun samkvæmt vísitölu. Vísitalan er ekki annað en meðaltal, miðað við slíkar „representativar" vörur. Það hefur nokkuð verið gert að því að líta sérstökum augum á þessar vörur og leggja áherzlu á að halda þeim í lágu verði. Og það hefur einnig verið talin ástæða að lækka þær útlendu vörur, sem reiknað er með í vísitölunni, en aðrar vörur ekki taldar skipta eins miklu máli. Ef haldið er áfram á slíkri braut, getur það leitt til beinnar fölsunar á vísitölunni.

Það er allt annað mál, að Alþfl. er og hefur verið andvígur því að leggja tolla á nauðsynjavörur. Það var upphaflega stefnumál Alþfl., að ekki yrðu lagðir tollar á nauðsynjavörur. Hins vegar hefur hann, eins og aðrir flokkar, orðið að sætta sig við að ríkisstj. aflaði sér tekna með því að innheimta tolla af nauðsynjavörum. Fjárhagur ríkissjóðs ræður því og samningar milli flokka á hverjum tíma, hve mikið af tekjum ríkisins er innheimt með tollum.

Sá kafli frv., sem ræðir um niðurfellingu tolla, á ekki stoð í „prinsipialli" andstöðu gegn tollum, heldur er þessi tollalækkun gerð til þess að lækka vísitöluna. Ef hér væri um „prinsip" að ræða, þá ætti að lækka tolla af öllum nauðsynjavörum. Það er augljóst mál, að hér vakir ekki fyrir flm. að afnema tolla, heldur að lækka vísitöluna. Ef litið er á þessa ráðstöfun frá því sjónarmiði, þá er rétt að athuga, hve mikið tolltekjur ríkissjóðs mundu minnka, og hins vegar, hve vísitalan mundi lækka mikið vegna þessara tollalækkana. Það hefur verið athugað nákvæmlega, hve miklu tolltekjur af þessum vöruflokkum hafa numið fyrstu 9 mánuði ársins. Það er milli 18 og 19 millj. kr. Þetta eru alveg óvefengjanlegar tölur, sem eru opinberlega staðfestar. Það er augljóst mál, miðað við sama innflutning 3 síðustu mánuði ársins, að þá mundu tolltekjur minnka um 24—25 millj. kr.

Ég held, að þessi leið sé ekki heppileg til niðurgreiðslu á vísitölunni. Hitt er rétt, sem hv. þm. sagði, að hvert stig, sem vísitalan lækkar, sparar ríkissjóði um 650 þús. kr., svo að heildarsparnaður hjá ríkissjóði við lækkun vísitölunnar mundi verða 12—14 millj. kr. Tekjumissir vegna þessarar aðferðar mundi þá verða 10—11 millj. kr. Allir alþýðuflokksmenn o. fl. eru vafalaust sammála um, að ef til þess væri nokkur leið vegna fjárhags ríkissjóðs, þá væri æskilegt að lækka tollana. En eins og fjárhag ríkisins er nú háttað, þá er það hæpið, þó að eitthvað mætti líklega gera í þá átt. Það er algerlega rangt, sem hv. þm. sagði, að afnám tolla mundi kosta ríkissjóð litið. Það mundi kosta um 10—11 millj. kr. Hitt er annað, hvort hægt væri að afla ríkissjóði tekna á annan hátt, en um það er ekkert í þessu frv. Sósfl. Ég tel, að ef bent væri á nýjar tekjuöflunarleiðir um 10—12 millj. kr., þá gæti þessi kafli talizt forsvaranlegur. En á meðan á slíkt er ekki bent, þá verður ekki sagt annað — og það með vægum orðum — en að þessi kafli og ákvæði hans séu borin fram af nokkurri léttúð og án mikillar fyrirhyggju og án þess að gá að því, hvaða þýðingu þessi ákvæði hefðu, er þau kæmu til framkvæmda.

Um frv. að öðru leyti skal ég ekki ræða á þessu stigi málsins. Ég tel fjarri því, að frv. í heild sé lausn á þeim viðfangsefnum, sem hér er um að ræða. Og því fer fjarri, að í því felist nægilega skynsamleg ráðstöfun gegn dýrtíðinni og vandamálunum í heild. Það eru að vísu einstök atriði í frv., sem eru athyglisverð, svo sem um ráðstafanir í verzlunarmálum, þau eru ekki ný og ekki mál, sem Sósfl. hefur átt frumkvæðið að. Þau hafa áður verið borin fram, ekki af Sósfl., heldur í frv., sem ég flutti í fyrra. Þar var m. a. bent á þá leið til nýskipunar á verzlunarmálunum, að samtök framleiðenda og smákaupmanna tækju verzlunina í sínar hendur. Enn fremur er ríkisábyrgð ekki nýtt atriði, því að það var samþ. í fyrra hér á þingi.

Sé frv. skoðað í heild, verður ekki annað sagt

en að útilokað sé, að framkvæmd þess komi að því gagni, sem nauðsynlegt er til þess að koma sjávarútveginum af stað og til þess að skipta réttlátlega þeim byrðum, sem þjóðin væntanlega því miður verður öll að taka á sínar herðar, milli einstakra stétta þjóðfélagsins. Ég mun þó ekki ræða málið almennt að þessu sinni.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð í tilefni af þessari ræðu hjá hv. 4. þm. Reykv., sem mér fannst alleinkennileg ræða. Fyrst vék hv. 4. þm. Reykv. að því, að ég hefði gert hér að umtalsefni upplýsingar, sem hann ásamt öðrum hagfræðingum hefði afhent sem trúnaðarmál, og virtist mér hann vilji láta þess getið, að ég færi með trúnaðarmál á þing. En sjálfur upplýsir þessi þm. það, að hann hafi hlustað á það í ræðu hjá *hæstv. forsrh. í gær, er hann gaf upplýsingar um* það, hvernig þessir útreikningar hafi verið gerðir, og skýrði rangt frá. Og þegar forsrh. hefur gert þetta að umræðuefni og skýrt rangt frá, þá taldi ég mér ekki óleyfilegt að leiðrétta það. Ég hef ekki farið með trúnaðarmál í umræður, sem ekki megi ræða. En svo einkennilega vill til, að þegar hann fer að gefa skýringu á því, hvernig megi túlka þessa yfirlýsingu forsrh. til samræmis við þá útreikninga, sem hann sjálfur hafði unnið að, þá stendur þar, að vísitalan skuli með þessum aðgerðum lækka um 21 stig, en ekki 15—17 stig. Skýring þm. er á þá lund, að í frv. séu ekki felldir niður alveg allir tollar á þeim vörum, sem komu inn í vísitöluna. En þó að sleppt verði einstaka vöru, þá skiptir það ekki máli, þar sem þarna er um sáralitlar upphæðir að ræða, sem ekki hreyfa útreikninginn um eitt stig. Sá liður, sem mestu máli skiptir og getið er um í grg. frv., er um tolla á búsáhöldum, og samkvæmt þeim gögnum, sem liggja fyrir, nemur sú upphæð 80—90 kr. inn í vísitöluna. Sjá allir menn, að sú upphæð verkar ekki á neinn hátt til áhrifa á vísitöluna. Er ekki á þann hátt hægt að skýra það, sem hæstv. forsrh. segir um þá tolla, sem hv. 4. þm. Reykv. hefur reiknað út með öðrum hagfræðingum, að séu 21 stig. Í frv. er gert ráð fyrir að afnema tolla, en ekki er aðeins að ræða um afnám þeirra tolla, sem áttu að verka 21 vísitölustig, heldur einnig þá verzlunarálagningu, sem fellur ofan á tollana og þeir hafa skýrt, að væri samtals 6 stig. Ég segi það, að mig brast ímyndunarafl til að reikna með því, að svona væri á málunum haldið, að þegar búið væri að lækka tolla einnar vöru um 100 kr., þá fái verzlanirnar eftir sem áður að leggja jafnmikið á vöruna. Það verður að hækka prósentuálagninguna á þeim vörum, svo að þeir geti haldið uppi vöruverði og bjargað vísitölustigunum, þegar hv. þm. vill leiðrétta það, sem forsrh. hefur rangt með farið. Það er ekki hægt að snúa sig svona út úr þessu. Vitanlega er ekki um að ræða, nema rekin sé skemmdarstarfsemi af þeim, sem fara með verðlagsmálin í landinu, að ef tollar eru afnumdir af innfluttum vörum, þá lækkar prósentuálagningin að sama skapi, um leið og tollar hverfa. Það má alveg eins skylda verðlagsyfirvöldin í landinu til að banna, að álagning hækki. (GÞG: Það var gert í fyrra.) Já, þá er til einhvers hafandi verðlagsráð, ef Alþ. þarf hverju sinni að binda með l., hvað þeir eigi að ákveða í þessum efnum. Hið rétta er, sem hv. 4. þm. Reykv. hefur reiknað út, að ef þessir tollar væru afnumdir, þá væri hægt að lækka vísitöluna á þann hátt um 21 stig.

Þá reyndi hv. þm. að verja það, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., að afnám tolla mundi nú þýða 25 millj. kr. tekjumissi fyrir ríkissjóð. Hv. þm. sagði, að það lægju nú fyrir nákvæmir útreikningar yfir 9 fyrstu mánuði þessa árs um, að tollar af þessari vöru mundu vera 18—19 millj. kr., og því megi, ef hinir 3 eru reiknaðir í réttu hlutfalli, gera ráð fyrir, að tolltekjurnar verði 24—25 millj. kr. Veit ekki þessi hv. þm., að síðustu 3 mánuðirnir halda ekki réttu hlutfalli við hina? Eins og ég hef bent á, þá hefur ríkisstj. gert ráð fyrir að flytja inn helmingi minna á næsta ári en í fyrra, þ. e. a. s. úr 440 millj. kr. niður í 220 millj. kr. Við það er áætlunin miðuð. Þótt þessar 24—25 millj. kr. væru réttar, þá yrði þetta samkvæmt þeirri áætlun, sem *ríkisstj. hefur hér lagt fram,* helmingur af þessari upphæð. Og svo segir hv. þm., að ríkisstj. mundi spara sín útgjöld um 12—13 millj. kr. Ef maður heldur sig við hans útreikning og reiknar með því, sem hann segir, að ríkið mundi spara, 650 þús. kr. á hverju vísitölustigi, og vísitölustigin væru 21, þá sjáum við það, að beinlínis þannig með þeim innflutningi, sem áætlaður er á næsta ári, hefði ríkið heldur hagnað af þessu en hitt. Þegar búið er að reikna þetta út svona, þá er vent við blaðinu og sagt, að hér sé verið að fara inn á fölsun á vísitölunni. Mér er ekki grunlaust, að þessi hv. þm. eigi líka hlut að máli ásamt stjórninni að því, sem nú er í undirbúningi, að falsa vísitöluna. Svo koma þessir sömu menn, sem eru að undirbúa slík plögg, og segja: „Við erum ekki með því að falsa vísitöluna.“ Það er ekki enn sannur vilji fyrir höndum til þess að lækka vísitöluna á þann hátt, sem við getum. Og þeir biðja sig undan því, að aðrir menn hafi áhyggjur af því, að þessi leið sé farin. En verkamenn hafa áhyggjur af hinu, að þessir menn ætli að fara inn á þá leið að fara að rýra kjör verkamanna með því að reyna að svíkja af vísitölunni. — Alþfl. hefur alltaf haft þá stefnu að vilja afnema tolla á nauðsynjavörum og vera á móti tollum á nauðsynjavörum. Og þess vegna er það líklega, að hann getur ekki verið með því að fella niður þessa tolla á nauðsynjavörum, sem hér í þessu frv. er farið fram á að fella niður (!). Af þeim ástæðum skildist mér, að það stæði flest á höfði í þessu. Er það kannske vegna þess, sem hv. 4. þm. Reykv. tekur þessu frv., sem hér liggur fyrir, kuldalega, að hann hefur sjálfur flutt till. á Alþ., sem var að efni til um sömu skipun á verzlunarmálunum? Er það þess vegna, sem hann treystir sér ekki til að vera með þessu frv.? Er það til þess að vera á móti því, sem maður hefur verið með áður? — Og allir flokkar stóðu saman í fyrra um ríkisábyrgð á fiskverði. Er það kannske af þeirri ástæðu, sem enginn flokkur, sem stendur að hæstv. ríkisstj. nú, má nefna þetta nú? Þeir, sem styðja hæstv. ríkisstj., geta sagt, að till. um ábyrgð á fiskverðinu sé ekki ný uppfinning hjá Sósfl. nú. En vilja þessir menn ekki ræða það nú, af því að þeir hafa verið með því áður?

Nei, það skýrist vitanlega þeim mun betur, sem meira er rætt um þessi mál, að sá kjarni, sem á bak við liggur, er þessi, að það er verið að leita að því af hálfu núverandi stjórnarflokka að lækka vísitöluna. Það er ekki meining þessara manna, þó

að þeir hafi stritt í 7 til 8 ár við verðbólguna, að gera ærlegt handtak til þess að minnka verðbólgu og dýrtíð í landinu, heldur er aðeins meining þeirra sú að koma fram hinni margþráðu kauplækkun í landinu. En þessa baráttu sína kalla þeir baráttu gegn dýrtíð og verðbólgu. Og þegar till. eru hér bornar fram, sem hægt væri að fá höfuðstéttirnar í landinu til að semja um dýrtíðarvandamálin í samræmi við, þá vilja þeir ekki semja. Nei, þeir vilja allt annað. Og þeir eru að reyna að búa til skrautklæði utan um þær till., sem þeir ætla að leggja fram til þess að koma fram þessari kauplækkun sinni, sem þeir fyrst og fremst vilja koma fram.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Það eru ekki mörg orð. Hæstv. forsrh. hefur tekið þann kost að láta ekki á sér bæra hér. Hæstv. forsrh. hefur haldið hér ræðu í þessum umr., sem lengi mun verða í minnum höfð fyrir ófyrirleitna meðferð á tölum. Hann velur sér nú það hlutskipti að hlaupast á brott, en senda fulltrúa sinn fram á vígvöllinn til þess að bera blak af sér og verja þær ófyrirleitnu staðhæfingar, sem hann flutti hér í gær í sambandi við *þetta mál. Og þessum málsvara hæstv. forsrh.*, hv. 4. þm. Reykv., honum ferst vörnin það vel, að hann heldur hér mjög belgingslega ræðu, og þegar nú búið er að hrekja þessa ræðu hans lið fyrir lið, þá ætlar hann að velja sama kostinn og húsbóndi hans, að þegja. Þegar maður verður áhorfandi að sliku, þá er erfitt að sitja þegjandi, og það gefur mér tilefni til að rísa á fætur. Ekkert sýnir betur málstað ríkisstj. en framkoma hennar í þessu máli og hin aumkunarverða framkoma hv. 4. þm. Reykv., þegar hann þorir ekki að standa fyrir máli sínu, eftir að hafa flutt hér með miklum belgingi ræðu í skjóli þess, að hann er hagfræðingur. (GÞG biður forseta um orðið.) Ég sé, að þessi áminning min hefur orðið til þess, að þessi hv. þm. hefur nú kvatt sér hljóðs, og ég vona, að hann haldi frekar mannorði sínu óskertu eftir en áður, þannig að ég hafi gert honum greiða með því að veita honum þessa áminningu. — En hvers vegna velur ríkisstj. þann kost að segja nú ekkert orð? Það stendur þannig á því, eins og kom fram í ræðu hv. 2. þm. S-M., að allar ráðstafanir, sem ríkisstj. ætlar að gera til þess að leysa vandamál þjóðarinnar, sem hún talar um með miklum fjálgleik, eru fólgnar í því að gera árásir á laun verkalýðsins og laun yfirleitt í landinu. Það eru ráðstafanir, sem hljóta að verða óvinsælar, vegna þess að þær stjórnast ekki af hagsmunum þjóðarheildarinnar, heldur af hagsmunum tiltölulega fárra manna, auðmannanna Reykjavík. Þess vegna mun það líka fara svo þegar þessar till. koma fram, að þá verður lögð nótt við dag til þess að geta hraðað þeim gegnum þingið, helzt sem næst umræðulaust. Þá munu þeir, sem að þeim standa, vilja komast sem mest hjá að ræða þær ráðstafanir, vegna þess að það er lífsspursmál fyrir ríkisstj., að þær umr. komist fram *með þeim hætti, að verkamenn landsins verði sem* minnst varir við þær umr. Það kemur spánskt fyrir mínar sjónir, að hv. 4. þm. Reykv., sem var knúinn inn í fyrsta sæti á framboðslista Alþfl. í Reykjavík við síðustu kosningar vegna andstöðu vinstri hluta Alþfl. gegn þeirri afsláttarstefnu, sem hæstv. núverandi forsrh. og fleiri alþýðuflokksmenn fylgja vegna auðmannanna í Reykjavík, — það kemur mér nokkuð spánskt fyrir, að þessi hv. þm., 4. þm. Reykv., skuli nú hafa gengið í lið með hæstv. forsrh. um þau áform að gera árás á launamennina í landinu. Ég býst við, að hv. 4. þm. Reykv. sé svo barnalegur, að hann sjái ekki sjálfur, hvert hans hlutverk er í þessum umr., þegar hann er að bera blak af ríkisstj., sem ekki þorir að standa sjálf fyrir sínu máli hér, og bera blak af hæstv. forsrh., sem hefur komið hér með ósannar tölur og farið rangt með tölur. Hv. 4. þm. Reykv. er því að aðstoða ríkisstj. við að koma fram sínum árásum á launþegana í landinu. Og ég verð að segja, að það er ömurlegt hlutskipti þessa hv. þm., að það skuli lenda á hans herðum að vera skákað fram fyrir skjöldu af ríkisstj. til þess að verja hennar ljótu áform í dýrtíðarmálunum svo kölluðu. — Það er eitt atriði í sambandi við frammistöðu hv. 4. þm. Reykv., sem hv. 2. þm. S-M. kom ekki inn á, sem ég vil geta til þess að sýna, hvernig málflutningur þessa hv. þm. er miðaður við það eingöngu að bera blak af hæstv. forsrh., en alls ekki við það að skýra satt og rétt frá hlutunum. Hann fullyrti og tafsaði á því lengi, að till., sem fælust í þessu frv. um lækkun á tollum af lífsnauðsynjum, þær séu ekki tollalækkanir, heldur niðurgreiðsla á dýrtíðinni. Hvernig getur þessi hv. þm. sagt það? Og í sömu ræðu segir hann, að þetta lækki vísitöluna um 18 stig. Ef um niðurgreiðslu væri að ræða, yrðu peningarnir fyrst að renna í ríkissjóðinn og vera greiddir úr ríkissjóði aftur til þess að greiða niður með þeim vísitöluna. Við höfum notað orðið niðurgreiðsla um að greiða peninga úr ríkissjóði til þess að lækka vísitöluna. En hér í þessu frv. er hins vegar lagt til, að ekki verði innheimtir tollar af ákveðnum lífsnauðsynjum, eins og skýrt er tekið fram í frv., og þar með ekki heldur nein verzlunarálagning á þá tolla, sem felldir eru niður, því að sú álagning fellur niður af sjálfu sér, nema ríkisstj. geri ráðstafanir til þess að auka hundraðshlutaálagningu á vörurnar til þess að bæta kaupmönnum upp missi álagningarinnar á niður felldu tollahlutann. En með því að ríkisstj. léti vera að innheimta þessa tolla, mundi hún lækka vísitöluna, og sömuleiðis með því, að þá væri ekki lögð verzlunarálagning á þann hluta tollanna, sem felldur væri niður, ef frv. okkar væri samþ. Eftir þeirri merkingu, sem við höfum lagt í orðin að „greiða niður" í þessu sambandi, þá er ekki nokkur leið að nota þau orð um það, sem við leggjum hér til, nema í þeim tilgangi að rugla fyrir almenningi með því að reyna að láta hann halda, að þetta tvennt séu hliðstæð mál. — Það er hægt að lækka vísitöluna um 21 stig með því að hætta að innheimta tolla af nauðsynjavörum, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. og með því, að álagningin falli alveg niður, sem yrði sett á þessa tolla, ef þeir væru innheimtir, og með því sparaði ríkissjóður sér útgjöld, sem hann nú hefur, að sama skapi sem vísitalan lækkaði. Og sá sparnaður yrði, samkv. upplýsingum hv. þm., um 650 þús. kr. fyrir hvert stig, sem vísitalan lækkaði, og kæmi þessi sparnaður fram í launagreiðslum og öðrum greiðslum, sem ríkið innir af höndum. Þarna er því ekki um niðurgreiðslu að ræða, heldur hitt, að reyna að stöðva mjög Kleppsleg vinnubrögð, sem sé það að innheimta mikil gjöld með háum tollum og greiða svo niður vísitöluna. Það liggur fyrir, að borguð séu niður 56 stig af vísitölunni. Ríkis-

sjóður, sem sagt, innheimtir nú tolla, sem valda, eftir upplýsingum hv. 4. þm. Reykv., allt að 18 stiga hækkun á visitölunni og hafa svo í för með sér um 7 stiga visitöluhækkun vegna álags heildsalanna, og tekur tekjurnar og notar þær svo til þess að borga niður þá sömu hækkun á visitölunni, sem ríkissjóður orsakar með tollinnheimtunni, ásamt því, að leyft er að leggja verzlunarálagningu á tollinn. Eitt atriðið í okkar frv. eru till. um að afnema þessi Kleppsvinnubrögð. Og er þar í frv. ekki um niðurgreiðslu að ræða, heldur það að hætta heimskulegum vinnubrögðum. Og um leið og ríkissjóður getur sparað sér 650 þús. kr. fyrir hvert stig, sem visitalan lækkaði með þessu móti, þá sparar þetta atvinnuvegunum það sama, án þess að hagsmunir neytenda og launþega séu skertir. Þannig hefur ríkisstj. staðið beinlínis að því að skrúfa verðlagið upp með þessu tollafyrirkomulagi.

Hv. 4. þm. Reykv. lagði sérstaka áherzlu á, að í þessu frv., sem fyrir liggur hér, fælist ekki prinsipialt afnám á tollum. — Ég hef aldrei stúderað hagfræði, en ég veit, að það bara felst í frv. afnám á tollum. Og hv. 4. þm. Reykv. viðurkenndi það. Það er kannske ekki „prinsipialt" að vera með afnámi á tollum að gera till. um að afnema tolla. Það kann að vera, að þegar búið væri að lækka með lagaboði visitöluna niður í 280 stig, þá stæði kannske Alþfl. upp og segði: „Ég er prinsipialt á móti afnámi á tollum." En í frv. þessu er lagt til að fella niður tolla á vissum vöruflokkum. Og ef Alþfl. er tilbúinn til að lækka alla tolla eða fella niður alla tolla, þá verður Sósfl. með í því. — „Nei, Sósfl. er prinsipialt ekki á móti tollum," vildi hv. 4. þm. Reykv. segja. — En Sósfl. hefur aldrei gengið inn á það sem leið til þess að afla ríkissjóði tekna að leggja tolla á nauðsynjavörur. Og það hefur aldrei verið gert, meðan sósialistaflokksmenn hafa setið í stjórn. Og meira að segja vil ég benda hv. 4. þm. Reykv. á það, að Alþfl. er tvisvar búinn að sitja í stjórn á tiltölulega fáum árum, og allar þær tollahækkanir, sem framkvæmdar hafa verið á Íslandi á síðustu 10 til 15 árum, sem nokkuð kveður að, hafa verið framkvæmdar af ríkisstjórnum, sem Alþfl. hefur tekið þátt í. Þegar tollskráin 1939 var samþ., var hún sett í gegn af stjórn, sem Alþfl. átti ráðh. í. Og frá 1934 til 1937 var oft reynt að grípa til þess að hækka tolla. Og nú er fyrsta úrræðið, sem sú hæstv. ríkisstj. sér, sem nú situr, þegar Alþfl. er kominn í stjórn, að hækka tolla um 65%. Það er kannske ekki eðlilegt, að þessi hv. þm., 4. þm. Reykv., muni, að svona er það með Alþfl., sem alltaf hefur „prinsipialt" verið á móti tollum. En ég vildi ekki láta þessum umr. ljúka svo, að hann vissi ekki um það, að þetta hefur nú skeð. En ég vil sérstaklega aðvara þennan hv. þm., 4. þm. Reykv., um það, að það er mjög misráðið af honum að koma inn í þessar umr. á þennan hátt, sem hann gerir hér. Hann tekur ekki til alvarlegrar yfirvegunar það frv., sem hér liggur fyrir, heldur tekur eitt atriði frv. og ætlar að reyna að gera frv. þetta tortryggilegt í sambandi við það atriði með einhverjum talna-hundakúnstum. Og í því efni treystir hann á, að hann er hagfræðingur og prófessor. Og það, að hann er hagfræðingur og prófessor, virðist elga að duga til þess, að þessar talna-hundakúnstir geti orðið honum og hæstv. forsrh. til gagns og til afsökunar því að vera á móti þessu máli. En þessi hv. þm. fer ekki inn á önnur atriði frv., bara þetta eina. — Um frv. segir hann í heild, að það sé ábyrgðarlaust og fljótfærnislega samið og beri vott um alvöruleysi. En ég vil benda þessum hv. þm. á, að það kann vel að vera, að eitthvað í frv. þessu mætti betur fara og hefði betur farið, ef þeir, sem sömdu frv., hefðu notið svo ágæts hagfræðings eins og hv. 4. þm. Reykv. En að segja, að það sé ábyrgðarlaust, sem felst í frv. þessu, eða að ábyrðarleysis hafi gætt í samningu þess, það er barnaskapur, sem kemur fram í ræðu hv. 4. þm. Reykv., af því að hann ætlar að skjóta sér undan því að svara, þegar búið er að tæta sundur lið fyrir lið það, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði um tollamálin í sinni ræðu, svo og hæstv. forsrh., sem hv. 4. þm. Reykv. svo lagði höfuðáherzlu á að verja.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hv. þm. Siglf. hefur einu sinni enn tekizt að flæma alla hv þm. af fundi, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að halda langa ræðu nú og tel, að það sé ekki þýðingarmikið, eins og á stendur. Og mér fannst ræða hv. þm. Siglf. og ádeila hans á mig næsta óskiljanleg. Hann segir, að ég sé hér sendur fram fyrir skjöldu til þess að verja eitthvert kauplækkunarfrv. ríkisstj. Mér er ekki kunnugt um, að hér hafi verið til umr. neitt kauplækkunarfrv. ríkisstj. Hér liggur fyrir á þskj. nr. 130 frv. sósialista um ráðstafanir gegn dýrtíðinni og um rekstur útvegsins, og það hafa verið haldnar þrjár ræður af Sósfl.-þm. um þetta frv. Og að gefnu tilefni af hv. 2. þm. S-M. var það, sem ég kvaddi mér hljóðs og talaði um málið, en tók hins vegar fram, að á þessu stigi mundi ég ekki ræða málið í heild. Ég skal gera það síðar, þegar það verður rætt almennt. Það er fjarri því, að ég skorist undan því að ræða þetta mál. En ég sé ekki ástæðu til að ræða það nú hér í hv. þd., þar sem nú eru hér ekki nema 6—7 þm. viðstaddir.

Viðkomandi því, að hv. 2. þm. S-M. hefði tætt fyrri ræðu mína um þetta efni sundur lið fyrir lið og að þess vegna væri vansæmandi af mér að segja ekkert við því, þá vil ég taka fram, að mér þótti svo fjarri því, að hv. 2. þm. S-M. gerði það, að mér datt ekki í hug að segja neitt þess vegna. En ég sá, að hv. þm. Siglf. var ekki viðstaddur hér í hv. d., er hv. 2. þm. S-M. flutti sína ræðu. Og þess vegna skal ég skýra hv. þm. Siglf. frá því, að hv. 2. þm. S-M. hefur engu haggað í minni ræðu, enda ekki þægilegt að hrekja það, sem ég sagði. Það eina, sem ég vildi nú andmæla í ræðu hv. 2. þm. S-M., er sú staðhæfing hans, að það mundi ekki kosta ríkissjóð svo sem neitt að fella niður tollana af þessum vörum, sem nefndar eru í VI. kafla þessa frv. Sú skoðun, sem ég hélt fram í þessu sambandi, kemur líka fram í grg. frv., þar sem stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Að vísu mundi þetta hafa í för með sér nokkurn tekjumissi fyrir ríkissjóð. Sá tekjumissir mundi þó að nokkru leyti vinnast upp með því, að allar launagreiðslur ríkissjóðs lækkuðu til verulegra muna." Þetta er í raun og veru eina atriðið, sem ég hef gert hér að umtalsefni. Og í því, sem ég sagði í ræðu minni, var ekki vörn fyrir nein áform, sem hæstv. ríkisstj. hefði með höndum. Þetta er eina atriðið, sem ég taldi mér skylt að skipta mér af að svo komnu í sambandi við þetta frv., af því að í þessu sam-

bandi var vitnað í útreikninga, sem ég hef unnið að ásamt fleirum. Við í þessari n. höfðum reiknað út, að áhrif allra þessara tolla á vísitöluna, þ. e. verðtollsins og vörumagnstollsins, að við bættri álagningu á þessa tolla, mundu nema 21 stigi. Hér í þessu frv. er hins vegar lagt til að fella niður tolla á flestum vörum, sem koma inn í vísitöluna og hafa áhrif á hana, en að vísu ekki öllum þeim vörum. Og í frv. eru ekki ráðstafanir gerðar til þess að tryggja, að verzlunarálagning lækki í réttum hlutföllum við niðurfellingu tollanna vegna þeirrar niðurfellingar. Það er þegar reynsla fyrir því, að það er ekki víst, að verzlunarálagning minnki sem því svarar, er tollar breytast til lækkunar, þó að frv. þetta yrði gert að l. Það hefur komið fyrir, að ákveðið hafi verið, að hundraðshluta-álagning á innkaupsverð vara að tolli meðtöldum hækkaði til að vega upp á móti breyt. til lækkunar á grunntolli af innfluttum vörum. Það er því ekki hægt að ganga út frá því sem alveg sjálfsögðum hlut, að álagning lækkaði á vörum, sem tollur væri felldur niður af, sem svaraði núverandi álagningu á þá tolla, sem felldir væru niður, ef frv. þetta væri samþ. Hæstv. Alþ. þótti ástæða til þess í fyrra að lögbinda það, þegar til þess var gripið, að tollar voru hækkaðir, að raunveruleg álagning skyldi ekki hækka á innkaupsverði varanna að viðbættum tolli. — En þetta tvennt, að það er ekki gert ráð fyrir, að afnám tollanna gildi um allar vörur, sem tollar eru nú greiddir af, og svo hitt, að ekki er tryggt í þessu frv., að raunveruleg álagning vörunnar hækki ekki, þetta tvennt veldur, að það má ekki reikna með, að vísitalan mundi lækka um 21 stig, þó að þetta frv. væri samþ. Þetta er það eina, sem ég hef sagt um þetta. Og það er óvefengjanlega rétt.

Hitt er svo ekki rétt, að það hafi í för með sér aðeins lítils háttar tekjumissi fyrir ríkissjóð að framkvæma ákvæði frv. um niðurfellingu tolla. Með þeim innflutningi, sem gert er nú ráð fyrir, mundi þetta nema 10 til 12 millj. kr. Það er ekki mjög óverulegur tekjumissir fyrir ríkissjóð. Það er léttúðarfullt að kalla 10 til 12 millj. kr. tekjumissi mjög lítilfjörlegan fyrir ríkissjóð. Og það er léttúðarfullt að ætla að svipta ríkissjóð 10 til 12 millj. kr. tekjum án þess að koma með till. um tekjuöflun á móti.

Af því að mér var blandað inn í þessar umr., sá ég ástæðu til að leiðrétta tölur, sem ég álít rangar og farið var með af formælendum þessa frv. Ég álít það rétt, sem hæstv. forsrh. sagði hér í gær um þessi efni, og tel ég því vefengingar hv. 2. þm. S-M. á réttmæti orða hæstv. forsrh. ósanngjarnar og rangar.

Að því er snertir ummæli hv. þm. Siglf. um tollana og andstöðu gegn álagningu tolla, þá endurtek ég aðeins það, sem ég sagði áðan — og því var af hvorugum þeim hv. þm. haggað, sem töluðu hér fyrir hönd Sósfl. —, að till. þessa frv. eru ekki um „prinsipialar" niðurfellingar á tollum af nauðsynjavörum. Verði þessi staðhæfing vefengd, skal ég með litlum fyrirvara þylja upp langan lista um nauðsynjavörur, sem tollaðar eru áfram, þó að þetta ákvæði sé samþ. Það, sem hér er verið að gera, er að lækka vísitöluna með tilteknum aðgerðum, og þess vegna á að dæma ákvæðin út frá því, hvort þetta takmark næst eða ekki. Það eina, sem ég segi, er, að það er út frá þessu sjónarmiði, sem ég tel aðra aðferð auðfarnari og ódýrari en þessa. En það er rétt, að ef maður lítur á þetta sem tollaniðurfellingu, þá er öðru máli að gegna, og það getur verið réttlætismál með slíkt, þó að það sé það ekki sem niðurfærsla á vísitölunni, og um það er enginn ágreiningur milli okkar. Hitt er annað mál, hvort menn treysta sér til þess að reka ríkisbúskapinn án þess. Meðan þessi flokkur studdi ríkisstj., þá var þetta ekki gert, svo að hann viðurkenndi eins og Alþfl., að undir vissum kringumstæðum getur verið nauðsynlegt að innheimta tolla af nauðsynjavörum. Hitt er annað mál að óska þess, að meiri hluti fáist fyrir því að fella niður tolla af nauðsynjavörum, og það skal ekki standa á mér að greiða því atkv. Ef um það næðist samkomulag, þá stæði ekki á Alþfl. En flokkurinn er í stjórnarsamvinnu við flokk, sem hefur „prinsipialt" ekkert við það að athuga, að nauðsynjavörur séu tollaðar. Sósfl. hefur líka undanfarið orðið að láta sér það lynda, að stjórn, sem hann studdi, aflaði sér tekna af nauðsynjavörum eins og Alþfl. nú.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að svara hv. þm. Það er misskilningur, að ég sé að hlaupa hér fram fyrir skjöldu fyrir einn eða neinn. Ég er aðeins að andmæla tilteknum, röngum ummælum. Ég mun leiða hjá mér á þessu stigi málsins að ræða frv. í heild. Ég hef ástæðu til að halda, að tækifæri gefist til þess á öðrum vettvangi, og mun ég þá gera grein fyrir minni afstöðu til málsins, en tel ástæðulaust að segja fyrir fram, hver hún muni verða.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Nd., 4. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég man ekki eftir því þann tíma, sem ég hef setið á þingi, að nokkur ríkisstj. hafi í því máli, sem hún sjálf hefur gert að sínu aðalmáli, staðið sig eins herfilega eins og hæstv. ríkisstj. hefur gert í þessu máli. Hæstv. forsrh. hefur gert eina lélega tilraun til að bera ofurlítið blak af sinni ríkisstj. og gefið þá einhverjar þær hlægilegustu upplýsingar, sem gefnar hafa verið af nokkurri ríkisstj. á Alþ. Hann tilkynnti sem sé það, eftir að hæstv. ríkisstj. er búin að sitja 10 mánuði að völdum og hafði ætlað sér að vinna eitt einasta verk, að nú væri loks svo komið, að farið væri að sjást, að stundin sé að nálgast. Ég býst við, að aldrei hafi íslenzk ríkisstj. staðið sig eins og þessi hæstv. ríkisstj. hefur gert. Fyrst tekur það 23 daga að koma þessari ríkisstj. saman. Núverandi hæstv. forsrh. fær frá forseta lýðveldisins hvorki meira né minna en 23 daga til að bauka við að setja saman ríkisstj., sem meiri hl. hv. þm. var nauða illa við, en átti þó ekki annars kostar að fá nokkra aðra ríkisstj. Eini tilgangur þessarar ríkisstj. átti að vera sá, samkvæmt yfirlýsingu hennar sjálfrar, að lækka dýrtíðina, og nú skyldi maður ætla, að þessir 23 dagar hefðu verið notaðir til þess, að þeir 3 flokkar, sem ríkisstj. mynduðu, hefðu komið sér saman um einhverja stefnu í þessum málum. Það var raunar ekki mikið, sem hægt var að festa hendur á í yfirlýsingum, sem gefnar voru, þegar stjórnin var mynduð, en það var eitt, sem virtist eiga að vera hennar stefnumál, og það eina, sem náðst hafði samkomulag um, og það var að

stöðva dýrtíðina og tryggja landsmönnum næga atvinnu, enda er sannleikurinn sá, að hefði ekki náðst samkomulag um þetta eina mál, þá hefði það verið frekja að bjóða þinginu upp á nýja ríkisstj. Það var vitanlegt hvað nýsköpunina snerti, að hún ætlaði að stöðva hana, og á flestum sviðum hafa aðgerðir hennar orðið til að stöðva framkvæmdir og gera tilraun til að skapa atvinnuleysi, sem henni hefur ekki tekizt, vegna þess að Faxaflóasíldin gerði hæstv. ríkisstj. þann grikk að koma hér í svo ríkum mæli og fylla öll sund, og nú veit hún ekkert, hvað hún á að gera við hana. — Eins og ég sagði áðan, skyldi maður hafa ætlað, að þessir 23 dagar hefðu verið notaðir til þess, að stjórnarflokkarnir kæmu sér saman um stefnu í dýrtíðarmálunum, og þeir, sem höfðu einhverja tiltrú til ríkisstj., gengu út frá því, að í yfirlýsingum hennar fælist það, að hún væri búin að koma sér saman um einhverja stefnu og hvað gera ætti í dýrtíðarmálunum. Það var eitt af því fáa, sem menn hugðu sig vita um ríkisstj., að í dýrtíðarmálunum stæði þó ríkisstj. saman, — hana kynni að deila á um ýmis önnur mál, t. d. að halda áfram nýsköpuninni, eða hún hefði mismunandi áhuga á að koma á atvinnuleysi og vinna skemmdarverk í markaðsmálunum, — aðeins um þetta mál, dýrtíðarmálið, bjuggust menn við, að hún hefði komið sér saman, enda hafði hún þessa 23 daga til þess að semja um þessi mál, og áður voru liðnir 3 mánuðir, sem flokkarnir voru búnir að ræða þau. En hvað kemur svo á daginn? Það kemur á daginn, að á því þingi, þegar ríkisstj. tekur við völdum, hefur hún engin ráð til að leggja fram um stöðvun dýrtíðarinnar. Einu till., sem hún ber fram á því þingi, ganga í þá átt að auka dýrtíðina, sem sé með því að leggja á nýja tolla, og þeir, sem hafa verið velviljaðir hæstv. ríkisstj., hafa hugsað sem svo: Aumingja, veslings ríkisstj., hún er áreiðanlega öll af vilja gerð og hefur ýmislegt í undirbúningi um þessi mál, en hún hefur ekki enn fengið neitt næði til að vinna að þessu. — Svo kemur sumarið, og eftir því sem Framsfl. upplýsir, hafði hann að vísu lagt til, að stéttaráðstefna yrði kölluð saman um vorið, en hinum flokkunum mun hafa þótt vissara, til þess að fyrir lægju gögn í málinu, að hún yrði ekki kölluð saman fyrr en um haustið, til þess að ríkisstj. hefði allt sumarið til undirbúnings málsins. Stéttaráðstefnan er svo kölluð saman um haustið, en þá upplýsir eitt stjórnarblaðið, Tíminn, að það hafi orðið að fresta henni, vegna þess að hún hafi ekki fengið nein gögn frá ríkisstj. um málið. Síðan kemur Alþ. saman og er nú búið að sitja í 2 mánuði. Þá gerist það, að stjórnarandstaðan leggur fram frv. fyrir þessa hv. d. um ráðstafanir gegn dýrtíðinni — um raunhæfar aðgerðir á öllum sviðum til þess að vinna gegn dýrtíðinni. Hvað gerir hæstv. ríkisstj. þá? Hæstv. forsrh. lýsir því yfir, að ríkisstj. hafi þetta mál með höndum og að nú væri stundin að nálgast. Það eru heldur merkilegar upplýsingar, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki vera búin að missa málið út úr höndum sér. Að hún hafi málið með höndum, það vissi allur þingheimur, en hvernig hún mundi böggla það í höndum sér, eftir að hafa haft það til meðferðar allan þennan tíma, þætti þingheimi gaman að fá upplýsingar um. Ég býst við því, að þetta sé sú aumlegasta yfirlýsing, sem nokkurn tíma hefur verið gefin úr ráðherrastóli á Íslandi. Það er auðséð, að þessi ríkisstj. hefur ekki áhuga á því að reyna að leysa dýrtíðarmálið. Hv. þm. verða því að gera sér það ljóst, að frv. það, sem við sósialistar höfum lagt hér fyrir hv. d., verður eina tækifærið, sem hv. Alþ. fær á þessu þingi til þess að ræða raunhæfar ráðstafanir gegn dýrtíðinni. Hæstv. ríkisstj. ætlar sér ekki að leggja fram neinar till. til úrbóta á dýrtíðinni. Þær ráðstafanir, sem hún hefur verið að ræða á undanförnum mánuðum, eru í fyrsta lagi um gengislækkun, um skipulagða aukningu á dýrtíðinni og verðbólgunni í landinu og um rýrnun á launum og sparifé almennings, en hækkun á verði á fasteignum. Það skiptir engu máli, þótt ríkisstjórnin reyni að kalla gengislækkun gjaldeyrisskatt. Þessar fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. þýða skipulagðar ráðstafanir til aukinnar verðbólgu í landinu, en alls engar dýrtíðarráðstafanir, og ganga í sömu átt og tollarnir, sem settir voru í vor. En ríkisstj. hefur líka verið að ræða annað en skipulagðar ráðstafanir til aukningar verðbólgunnar, hún hefur líka verið að ræða um beinar ráðstafanir til þess að lækka kaup almennings í landinu. Henni hefur ekki fundizt hinir 200 milljónamæringar í Reykjavík, sem hún er fulltrúi fyrir, vera nógu ríkir, og finnst því þurfa að lækka laun launþeganna, til þess að þeir ríku geti orðið enn þá ríkari. Ráðstafanir, sem kæmu niður á launþegunum, til þess að lækka dýrtíðina yrðu aðeins til þess að gera hana enn óbærilegri. Og ef hæstv. ríkisstj. kæmi einhvern tíma fram með frv. um þessi efni á þessu þingi, þá býst ég við, að það yrði fyrst og fremst um þetta tvennt: annars vegar lagalegar fyrirskipanir um aukningu verðbólgunnar, hins vegar lagalegar fyrirskipanir um launalækkun launþeganna. — Þær till., sem hér liggja fyrir hv. d., ganga í þá átt að minnka dýrtíðina og verðbólgu í landinu. Þess vegna mun það reynast rétt, sem ég sagði áðan, að þetta verður einasta frv. um þessi efni, þar sem hv. Alþ. gefst tækifæri til þess að ræða raunhæfar ráðstafanir gegn dýrtíðinni. En mér þykir það fróðlegt í þessu sambandi, af því að þetta er fyrsta ríkisstj., sem Alþfl. myndar á Íslandi, sem á að leggja fram frv. um þessi efni í umboði auðmannastéttarinnar í Reykjavík, og af því að þetta er fyrsta ríkisstj. Alþfl. á Íslandi, sem treystir sér ekki til þess að ræða um þessar till. okkar, að fara ofurlitið nánar út í sögu Alþfl.

Eitt af höfuðatriðunum, sem felast í okkar till., er um innkaupastofnun ríkisins, þ. e. um að afnema heildsalagróðann, og þessar till. okkar eru þær sömu og Alþfl. fyrr á árum barðist fyrir, eins og ég sannaði rækilega í minni framsöguræðu. Það hefur komið fram í yfirlýsingum af hálfu Alþfl. síðan 1936 og endurtekið síðan við hverjar kosningar, og gerði hv. 4. þm. Reykv. það að sínu aðalmáli í öllum ræðum, sem hann hélt fyrir síðustu alþingiskosningar, er lauk með því, að hann var kosinn á þing, sem sé, hvernig ætti að fara með heildsalagróðann. Við sósialistar gerðum þetta einnig að okkar aðalmáli í þeim samningaumleitunum, sem fram fóru um stjórnarmyndun fyrir ári síðan, og voru till. okkar um landsverzlun lagðar fram í 12 manna n. þann 6. nóv. 1946. Nú höfum við tekið þessar till. upp í nokkuð breyttu formi og lagt þær til. Og nú væru möguleikar til þess að ræða um þessar till. og taka ákvarðanir um þær. Hv. 4. þm. Reykv.

og öðrum alþýðuflokksmönnum, sem svo mikið hafa talað þessu viðkomandi, þeim gefst í sambandi við þessar till. tækifæri til þess að sýna, hve mikið þeir hafa meint með því, sem þeir áður hafa talað um þessi efni. Hv. 4. þm. Reykv. talaði um það í gær, að ekki væri fyllilega gengið frá því í þessu frv., að um leið og tollar af nauðsynjavörum væru niður felldir, þá væru gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja hækkaða álagningu eftir hundraðshluta tollsins. Það eru skarpari ákvæði í V. kafla þessa frv. um minnkun álagningarinnar en í öðrum frv. hafa verið, sem hér hafa legið fyrir, vegna þess að þar er tekið fram, að verðlagning veiðarfæra og annarra útgerðarvara skuli miðuð við það, að þau séu seld með kostnaðarverði. Það mundi þannig koma í ljós, að til þess þyrfti hagnýtari aðgerðir, ef þetta væri samþ., heldur en afnám tolla og álagningar sem tollinum samsvarar.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði um það í gær, að hann hefði borið fram frv. um sameiningu innflutningsverzlunarinnar. Hann mun hafa borið slíkt frv. fram í febrúar í ár, sem sé á síðasta þingi. Ég sé ekki, að þessi hv. þm. hafi borið fram slíkt frv. aftur. Og ég hef ekki orðið var við í hans ræðum hér, að hann hafi tekið undir þær till., sem fram hafa komið frá okkur um þessi mál. Nú hefur þó loksins Alþfl. tækifæri til þess að gera eitthvað raunverulegt í þessum málum. Allan þann tíma, ef ég man rétt, sem Alþfl. hefur áður fyrr tekið þátt í ríkisstj., þá hafa ýmist Framsfl. eða Sjálfstfl. haft viðskiptamálin. Ég held, að ég muni það rétt. Nú er það í fyrsta skipti, sem Alþfl. hefur sjálfur viðskiptamálin. Nú væri því alveg sérstakt tækifæri til þess fyrir Alþfl., og ekki síst hv. þm. hans, sem hæst hafa talað á móti heildsölunum, eins og hv. 4. þm. Reykv., að sýna trú sína í verkunum. En hvernig hefur reyndin orðið? Hv. 4. þm. Reykv. hefur ekki flutt sitt frv. aftur. Hann hefur ekki treyst sér til að taka einu sinni undir okkar till. á þessu sviði. Og hæstv. viðskmrh., sem, þegar hann var form. Rauðku, skrifaði og talaði djarfast um það, að það þyrfti að þurrka heildsalagróðann burt og beina fjármagninu í atvinnureksturinn, hann er nú orðinn eitt af átrúnaðargoðum heildsalanna í landinu. Og Alþfl. virðist ekki mega til þess hugsa að snerta við þeirri aðstöðu, sem þessir herrar hafa skapað sér, ekki einu sinni veita samvinnufélögunum í landinu réttindi til þess að geta keppt um vörusölu á sæmilegum grundvelli við kaupmenn eða veita neytendum í landinu frelsi til þess að ráða sjálfir, hvar þeir kaupa inn sínar vörur, þannig að þó að fram komi frá Framsfl. sæmilega góðar till. í þessum efnum, þá drepa sjálfstæðisflokksmenn og alþýðuflokksmenn í sameiningu þessar till., þannig að viðskmrh. landsins hindrar, að þær till. nái fram að ganga. Þannig er það, að Alþfl. hefur á þessu sviði, í verzlunarmálum, gersamlega snúið við frá því, sem hann lýsti yfir á fyrri árum sínum hér, og frá því, sem hv. 4. þm. Reykv. lýsti sérstaklega yfir, þegar hann var kosinn á þing, að hann ætlaði að gera að sérstökum baráttumálum. Hvers vegna skyldi hv. 4. þm. Reykv. ekki hafa borið fram neitt frv. um þessi efni? Og hvers vegna hefur hæstv. viðskmrh., Emil Jónsson, ekki borið fram frv. á þessu þingi í samræmi við fyrri orð sín og stefnu í þessum málum? Og hvers vegna skyldi Alþfl. ekki hafa viljað ræða þetta? Það er af því, að það er búið að brjóta þennan flokk undir ok heildsalanna og hann er búinn að svikja öll sín fyrr yfirlýstu baráttumál til þess að geta setið í ráðherrastólunum af náð heildsalanna í Reykjavík. Og hvað er það, sem þessi flokkur hugsar sér að gera? Hvaða stund er það svo, sem nálgast fyrir honum? Ég býst við, að það fari svo á endanum, að ríkisstj. núverandi sjái sér ekki annað fært en að bera fram frv., sem hún kalli til ráðstöfunar gegn dýrtíðinni, en muni koma til með að auka dýrtíðina eða velta byrðum hennar yfir á herðar almennings í landinu. Alþfl. hefur áður þurft að taka afstöðu, þegar um það hefur verið að ræða að bera fram till. um gengislækkun eða bera fram till. um gerðardóm eða skerða á einn eða annan hátt vísitöluna eða launin í landinu. Og það er rétt, þegar við sjáum, hvað fram undan er, að bera saman, hvað hefur verið að gerast á síðustu 8 árum í þessu efni og hvert þróun þessa flokks gengur.

Árið 1939 fór hæstv. núverandi forsrh. í ríkisstj., sem þá var mynduð, með þeim tveimur flokkum, sem hún nú situr í stjórn með, á móti vilja meiri hluta miðstjórnar Alþfl. og gekk inn á það að framkvæma gengislækkun, sem Alþfl. við kosningar 1937 sérstaklega lýsti sig andvígan og háði þá aðalkosningabaráttu sína á þeim grundvelli, að aðrir flokkar vildu fella gengið, en Alþfl. mundi standa á móti því að fella gengið. Þessi hæstv. núverandi ráðh. Alþfl. fór svo 1939 í ríkisstj. til þess að fella gengið og til þess að minnka kaupið um leið. Alþfl. fékk sinn dóm fyrir þetta atferli 1942. Í næsta skipti, sem Alþfl. varð að taka afstöðu í þessu máli, var, þegar þessir tveir samstarfsfl. hans, Sjálfstfl. og Framsfl., komu með gerðardómsfrv. Þá sá Alþfl., að það mundi ekki þýða að vega tvisvar í sama knérunn, enda var þá skammt til kosninga. Þess vegna fór Alþfl. þá út úr ríkisstj., og hinir flokkarnir fengu að gera tilraunina til að beygja íslenzka verkalýðinn undir þrælalögin. Og við vitum allir, hve hraksmánarlega sú tilraun mistókst. Alþfl. hafði þá ennþá þann ótta við kjósendur og ef til vill þann snefil af sómatilfinningu að fara út úr ríkisstj., þegar svona var komið. — En hvað er það nú, sem er að gerast? Nú er það að gerast, að það er verið að láta ríkisstj., sem Alþfl. sjálfur myndar, undirbúa frv. um kauplækkun, m. a. með bindingu á vísitölunni. Og frv. um þetta efni á fyrsta ríkisstj., sem Alþfl. sjálfur myndar á Íslandi, að bera fram. Nú er ætlazt til þess, að óttinn hjá þessum flokki við kjósendurna í landinu sé ekki svo mikill, að flokkurinn fari úr ríkisstj., heldur geri þetta. Nú er ætlazt til, að það sé ekki eftir sá snefill af sómatilfinningu hjá þessum flokki gagnvart kjósendum sínum, að flokkurinn eigi nokkuð að vera að hugsa um það, hvað kjósendur vilji í þessum efnum. Nei, nú á fyrsta ríkisstj., sem Alþfl. myndar hér á landi sjálfur, að flytja frv. um lögboðna hækkun á dýrtíðinni, lögboðna verðbólgu, lögboðna bindingu á vísitölunni. Og vegna þess að það frv. er í undirbúningi til þess að hjálpa auðmönnunum í landinu, þorir Alþfl. ekki að ræða þær ráðstafanir, sem hér eru lagðar fram till. um í þessu frv., sem fyrir liggur, sem eru ráðstafanir gegn dýrtíðinni. Sómatilfinning þessara alþýðuflokksmanna hefur verið að síga dýpra og dýpra niður, og virðist hún nú vera alveg að sökkva. Ég hef hugboð um það, að ríkisstj. sú, sem nú situr, reyni að koma sér hjá

því að ræða raunhæfar ráðstafanir á móti dýrtíðinni og til þess að tryggja rekstur útvegsins, sem hér liggja fyrir till. um, — hún muni reyna að finna ráð til þess. Og þegar hún kemur fram með sín frv., um aukna verðbólgu í landinu og um að velta byrðum dýrtíðarinnar yfir á almenning í landinu, þá hygg ég, að ríkisstj. muni reyna að tryggja, að ekki geti farið fram sérstaklega miklar umr. um þetta hér á hæstv. Alþ. Við skulum sjá, þegar þar að kemur. En af þeim umr., sem hér hafa farið fram, verður séð, að eitthvert hugboð hefur stjórnarliðið um, hve slæm þessi afstaða er í málinu, þegar það þorir ekki að tala vinsamlegar en hér hefur verið gert um það eina frv., sem komið hefur fram um dýrtíðarmálin, eftir tveggja mánaða setu þingsins.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Í umr. hér í gær um þetta frv. gerði hv. 4. þm. Reykv. nokkra tilraun til þess að færa líkur fyrir því, að rétt hefði verið skýrt frá hjá hæstv. forsrh. um áhrif þau, sem till. okkar í þessu frv. um niðurfellingu á tollum af nauðsynjavörum mundu hafa í framkvæmd. Ég gerði nú þessum aths. þessa hv. þm. nokkur skil hér í gær. Síðar á fundinum endurtók hann allmikið af þessu aftur. Og vegna þess og einnig vegna hins, hvernig blöð stjórnarflokkanna hafa farið með þær upplýsingar, sem um þetta hafa verið gefnar, tel ég nauðsynlegt að rifja þetta nokkuð upp.

Hæstv. forsrh. sagði, að till. okkar um niðurfellingu á tollum mundu þýða 25 millj. tekjuskerðingu fyrir ríkissjóð, og enn fremur að vísitalan mundi ekki lækka nema um 15 til 17 stig af þessum ástæðum. Ég benti á, að þessar upplýsingar hæstv. forsrh. væru algerlega rangar og þær kæmu í bága við útreikninga, sem hv. 4. þm. Reykv. o. fl. hagfræðingar höfðu unnið að að gera og lagt fyrir aðila, sem hafa unnið að undanförnu að því að undirbúa till. í sambandi við dýrtíðarmálin. Í þessu áliti þeirra um það, hvaða áhrif niðurfelling tolla á nauðsynjavörum mundi hafa, er alveg skýrt fram tekið, að áhrifin yrðu þau, að vísitalan lækkaði um 21 stig (GÞG: Ef tollar væru felldir niður af öllum nauðsynjum.) miðað við niðurfellingu tolla af öllum nauðsynjavörum. En þegar hv. 4. þm. Reykv. gerir tilraun til þess að sanna fyrir mönnum, að þessi yfirlýsing hæstv. forsrh., að áhrifin af þessu mundu nema aðeins 15—17 stigum á vísitölunni, en ekki 21 stigi, eins og þetta plagg segir, sem hv. 4. þm. Reykv. hefur sent frá sér með þessum útreikningi, þá reynir hann að fara þær krókagötur í þessum efnum, að ekki sé beinlínis tekið fram í frv., að um leið og tollarnir séu lækkaðir, þá eigi sú hundraðshlutaálagning, sem nú er lögð á tollinn og á innkaupsverð varanna, ekki að hækka. Hann segir, að það sé ekki alveg víst, að álagningin mundi minnka að sama skapi og í réttu hlutfalli við það, sem innkaupsverð varanna lækki við tollniðurfellinguna, ef núverandi tollur er talinn með innkaupsverði. En verzlanir fá, eins og kunnugt er, að leggja vissa hundraðshlutaálagningu á innkaupsverð vara að viðbættum tolli, sem á vörunum hvílir. En þegar búið er að fella niður tolla, sem á vörum hvíla, virðist þessi hv. þm. gera ráð fyrir, að verzlanir geti tekið að krónutölu áfram sömu álagningu eftir sem áður, m. ö. o. hærri hundraðshlutaálagningu, eftir að tollurinn er felldur niður. En í þeim útreikningi, sem hann stóð að ásamt öðrum hagfræðingum að gera, hafði hann vitanlega reiknað með því, að verzlanir fengju ekki að leggja því hærri hundraðshlutaálagningu á vöru, sem tollurinn væri felldur niður af, sem því næmi, er varan yrði ódýrari, komin í hendur innflytjenda, vegna þessara aðgerða. Og þannig hefur hann reiknað með, að vísitalan lækkaði um full 6 stig af þessum ástæðum, að álagningin hækkaði ekki neitt að hundraðshlutum. En nú reynir þessi sami maður, hv. 4. þm. Reykv., að halda fram, að það sé ekki alveg víst, nema verzlanir fengju að hækka sína álagningu, og þannig gæti þetta, sem hæstv. forsrh. sagði, staðizt. Ég veit, að allir, sem lesa þetta mál, vita, að öllu aumlegri aðferð getur varla í ræðu til þess að reyna að snúa sig út úr vandræðum í málflutningi. Það væri vitanlega bezt bæði fyrir hv. 4. þm. Reykv. og hæstv. forsrh. að viðurkenna, að hæstv. forsrh. hafi hér farið með falskar tölur og skýrt rangt frá, því að þessi lækkun á tollgreiðslum til ríkissjóðs, ef afnumdir væru þeir tollar, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. að afnema, verkaði á vísitöluna um 21 stig til lækkunar, en ekki 15 til 17 stig.

En þessi málamyndaafsökun fyrir því að fylgja ekki stefnu þessa frv., hún var í sama stíl hjá þeim báðum, þegar hæstv. forsrh. sagði, að ríkið tapaði af þessum ráðstöfunum 25 millj. kr. af tekjum sínum og þess vegna mundu þessar ráðstafanir kosta ríkissjóð um 25 millj. kr. Hv. 4. þm. Reykv. varð hér í gær í umr. að vísu að viðurkenna, að þetta mundi ekki kosta ríkissjóð 25 millj. kr., heldur væri útkoman sú, ef reiknað væri með sömu tolltekjum hlutfallslega eins og þær hefðu verið á 9 fyrstu mánuðum af yfirstandandi ári, en eftir áætlun, sem gerð hefði verið nú um innflutninginn, að þá mundi kostnaður ríkissjóðs í tekjumissi vegna þessara ráðstafana, sem gert er ráð fyrir í frv., ekki verða nema 10 til 11 millj. kr., svo að nokkuð hafði lækkað talan, sem hæstv. forsrh. hafði hér gefið upp í þessu sambandi daginn á undan. En eftir sem áður stendur í blöðum hv. þm. Alþfl. sú yfirlýsing, að hæstv. forsrh. hafi upplýst það fyrir þingheimi, að þessar niðurfellingar á tollum mundu kosta ríkissjóð í beinum tollgreiðslum 25 millj. kr. — En hvernig víkur svo við þessum útreikningi hv. 4. þm. Reykv. um það, að niðurfelling tollanna muni raunverulega kosta ríkissjóð 10—12 millj. kr.? Ég benti í fyrsta lagi á það, að þessi niðurfelling tollanna mundi ekki í ár hafa numið 25 millj. í bráttóútgjöldum fyrir ríkið, þó að bráttóútgjöld ríkissjóðs hefðu numið á fyrstu 9 mánuðum þessa árs um 18 millj. kr., ef tollar af þessum vörum hefðu ekki verið innheimtir, vegna þess að innflutningur á þrem síðustu mánuðum þessa árs mun verða hlutfallslega minni en fyrstu 9 mánuði ársins. Og þetta var viðurkennt af hv. 4. þm. Reykv., að svona mundi þetta verða um innflutninginn. Eigi að síður vill hann ekki taka tillit til þessa og reiknar áfram með 25 millj. kr. tekjumissi fyrir ríkissjóð, ef þessir tollar yrðu felldir niður og miðað væri við innflutning yfirstandandi árs. En þó að ég vildi gera honum það til geðs að halda mig við of háa tölu og halda mig við 25 millj. kr., þá verður hann að taka tillit til þess, að innflutningurinn í ár er sá mesti, sem hefur verið nokkurn tíma hjá okkur á einu ári. Og það liggur fyrir yfirlýsing um það frá ríkisstj. gegnum útvarpsumr. á Alþ., að ráðgert sé að skera niður innflutn-

inginn um helming, svo að tollar eru nú miðaðir við 220 millj. kr. innflutning í staðinn fyrir 440 millj. kr. í ár. Þess vegna eru tollar áætlaðir í fjárlagafrv. helmingi lægri en á þessu ári. En hv. 4. þm. Reykv. hleypur alveg fram hjá þessari staðreynd. En ráðstafanir þær, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., mundu koma til framkvæmda á næsta ári, ef frv. væri samþ., en ekki á þessu ári, sem nú er að líða. Niðurfelling tolla samkv. þessu frv. mundi því ekki þýða 25 millj. tekjumissi fyrir ríkissjóð, heldur 12 til 14 millj. kr. brúttó í mesta lagi, um helming af þeirri upphæð, sem hæstv. forsrh. gaf upp. — Og ef sá sparnaður fyrir ríkið í launagreiðslum yrði vegna lækkunar á vísitölunni, sem hv. 4. þm. Reykv. upplýsti hér, eða 650 þús. kr. sparnaður hjá ríkinu fyrir hvert stig, sem vísitalan lækkaði, þá kemur það þannig út, að ríkið muni beinlínis ekki tapa neitt í nettógreiðslum vegna þessarar lækkunar á vísitölunni, sem nema mundi samkv. útreikningi hv. 4. þm. Reykv. sjálfs 21 stigi. Þetta er staðreynd, sem ómögulegt er að flýja frá, ef maður vill ganga út frá þeim tölum, sem þessi hv. þm. hefur sjálfur gefið upp, eins og hv. 4. þm. Reykv. hefur í þessu efni gert. Ef hann vill hugsa beint áfram, verður hann að viðurkenna þessar staðreyndir, því að hér eru aðeins ályktanir dregnar beint frá þeim tölum, sem hann hefur lagt sjálfur fram á pappírnum. — Enda fann líka þessi hv. þm., að þessar röksemdir hans dugðu ekki, þó að hann hefði fallið frá 25 millj. kr. útgjöldunum eða tekjumissinum fyrir ríkissjóð, sem hæstv. forsrh. til tók. Þegar þetta dugði ekki, sem hæstv. forsrh. kom með, þá flýði hv. 4. þm. Reykv. að því að halda fram, að með þessum ráðstöfunum, sem í frv. er farið fram á að gera, væri fölsuð vísitalan, sem mundi verða launþegum til ógagns, og þess vegna gæti hann ekki verið með þessum ráðstöfunum. — Það er næsta kaldhæðnislegt, að þessi hv. þm. og aðrir málsvarar ríkisstj. skuli taka þann kost að flýja út í það hornið að segja, að þeir geti ekki verið með þessum ráðstöfunum til að lækka dýrtíðina, vegna þess að þessi leið mundi miða að því að skerða hin réttlátu laun launþega í landinu, því að þetta muni verða til þess að lækka vísitöluna á óréttmætan hátt fyrir launþegana í landinu, falsa hana — á sama tíma og vitað er, að þessir menn eru að búa til frv., sem færa á landsmönnum stórfalsaða vísitölu og neita viðurkenndum útreikningi vísitölunnar og binda hana við 280—300 stig, sem mundi verka þannig að hækka allt vöruverð í landinu. Þetta sýnir, hvernig þessir menn eru innikróaðir, þegar þeir grípa til slíkra úrræða sem þessara til þess að lækka vísitöluna á þennan hátt án þess að taka tillit til þess, sem samband launtaka í landinu hefur gert samþykktir um. En samt vilja þeir fastbinda vísitöluna og vilja neita að reikna hana út, þó að launastéttasamtökin séu á móti því að hætta því, og þannig vilja þeir brjála alla sanngirni í launagreiðslum í landinu.

Það, sem komið hefur fram hjá hv. 4. þm. Reykv., og sérstaklega hjá Alþfl., það er þetta: Þeir lýsa yfir, eins og hv. 4. þm. Reykv. tók fram, að „prinsipialt" hafi Alþfl. alltaf verið með því og sé með því að afnema tolla á nauðsynjavörum og með því að afnema tolla yfirleitt. Það hafi verið stefna Alþfl. að vera á móti tollal. En í framkvæmdinni hefur Alþfl. verið með í því að gera allar tollahækkanir, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum og jafnvel áratugum. Og nú, þegar fram koma hér till. um að afnema tollana á nauðsynjavörum, þá er Alþfl., sem „prinsipialt" er á móti tollum, hann er á móti því að afnema nú þessa tolla á nauðsynjavörum, sem í frv. eru till. um að afnema. — Og hv. 4. þm. Reykv., sem nýlega flutti frv. svipað og okkar till. eru nú um fyrirkomulag í verzlunarmálunum, hann virðist nú ekki vera samþykkur okkar till. í þessum efnum, þó að hann hafi áður flutt næstum samhljóða till. á Alþ. — Og það má nú ekki fella niður tolla af nauðsynjavörum, af því að það getur skert vísitöluna launþegum í óhag, segir hv. 4. þm. Reykv. En á sama tíma er verið að reikna út fyrir ríkisstj., hvernig eigi að lækka vísitöluna til þess beinlínis að lækka öll laun launtaka í landinu. — Þess vegna liggur það nú fyrir, að hv. alþýðuflokksmenn virðast vera í verkum sínum í fullkomnu ósamræmi við það, sem yfirlýst stefna þeirra var um þetta, og í ósamræmi í öllum greinum við það, sem þeir áður hafa lýst yfir. Í öllum greinum stangast verk þeirra á við þeirra fyrri yfirlýsingar, sem stafar af því, að þeir vilja nú fara þá leið að koma fram hinni langþráðu launalækkun. Það er ekki lækkun dýrtíðarinnar, sem vakir fyrir ríkisstj. og Alþfl. Að því vilja alþýðuflokksmenn ekki vinna nú að lækka dýrtíðina, en það er að launalækkun almennt, sem þeir vilja vinna.

Eftir þessar umr. okkar í sambandi við tollana og niðurfellingu þeirra, vænti ég, að þessir hv. þm. sýni þann manndóm að leiðrétta í blöðum það, sem þeir vísvitandi hafa skýrt rangt frá um áhrif þessara tollalækkana, sem í frv. þessu er lagt til, að framkvæmdar verði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Till. um að vísa frv. til sjútvn. felld með 14:5 atkv.

Frv. vísað til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 47. *fundi í Sþ., 25. febr., var útbýtt frá Nd.* nál. frá minni hl. fjhn., á þskj. 386, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit (frv. meiri hl. fjhn. Nd.).

Á 29. fundi í Nd., 9. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit (þmfrv., A. 164).

Á 31. og 32. fundi í Nd., 12. og 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 22. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Meiri hl. fjhn. hefur fallizt á till. frá tollstjóra um að gefa stj. heimild til að setja reglugerð um það efni, sem um ræðir í þessu frv., heldur en að samþ. frv. stj., sem borið hefur verið fram samkvæmt þeim brbl., sem út voru gefin í haust um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri. Ég skal fúslega játa, að það er enginn stór munur á þessum tveimur leiðum, en meiri hl. n. þótti þetta samt eiga betur heima í reglugerð og bar frv. sitt fram í samræmi við það.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að þetta frv. kom fram, var, eins og hv. frsm. skýrði frá, að við í fjhn. þessarar d. urðum ekki sammála um, hvernig ætti að afgr. málið. Þó að einkennilegt megi virðast, vil ég halda áfram með stjfrv., en hv. meiri hl. vill gerbreyta því. Mitt álit er, að stjfrv. geti vel gengið með smávægilegum breyt., og koma þær til umr. í sambandi við næsta mál á dagskránni, sem er þetta stjfrv.

Ástæðan til þess, að ég er andvígur þessu frv., er sú, að ég álít ekki heppilega aðferð að fara inn á að veita stj. jafnvíðtæka heimild með reglugerð og hér er gert. Það þýðir ekki sama öryggi fyrir borgarana, hvort þeir hafa l., sem Alþ. setur, til að halda sér að og þar með sinn rétt ákveðinn eða reglugerð, sem stj. setur og getur breytt hvenær sem henni þóknast. Af því að ríkisstjórnarkerfið er orðið svo umfangsmikið á öllum sviðum, þá virðist manni beinlínis nauðsyn að setja skorður við því frekar en verið hefur, að viðkomandi stj., hver sem hún er, hafi svona víðtækt vald til að setja reglugerðir, sem hún getur numið úr gildi eða breytt á næsta missiri. Það hefur líka komið fyrir, að hæstv. núv. stj. hefur í reglugerðum, sem hún hefur sett, farið lengra en góðu hófi gegnir. Það er alltaf hætta á því, að þegar stj. er gefið víðtækt vald til að setja reglugerðir, þá sé það misnotað vísvitandi eða óafvitandi. Ég álít því miklu öruggara fyrir borgarana að fá lagasetningu en reglugerð. Þetta er prinsipielt atriði án alls tillits til, hvaða álit menn hafa á þeirri ríkisstj., sem situr hverju sinni.

Með þessu frv. er viðskmrh. gefin heimild m. a. til að láta tollmenn leita á mönnum, í vörum, farangri og póstflutningi hvers konar, í skipum og öðrum farartækjum til þess að fyrirbyggja og sannreyna brot á reglugerðinni. Það virðist, að ef menn vilja nota þessa heimild, þá megi láta tollverði leita í póstflutningi hvers konar. Tollmenn hafa haft heimild til að leita í farangri og flutningi í sambandi við tollög, en það hefur hingað til ekki verið gengið út frá því, að þeir leituðu í póstflutningi. Ég tel ekki rétt að setja svona ákvæði. Við höfum sameiginlega í fjhn. beðið tollstjóra að búa til breyt. fyrir okkur við þetta stjfrv. Hann skilaði tvenns konar till. Aðrar liggja hér fyrir sem frv. Hinar liggja fyrir í brtt. mínum við stjfrv., þar sem gengið er út frá að halda sér við það form, sem hæstv. stj. myndaði með brbl., og ég sé enga ástæðu til að auka vald stj. fram yfir það, sem hún sjálf taldi nauðsynlegt og tileinkaði sér með brbl. Till. mínar styðjast því líka við skoðun þessa embættismanns, sem mest hefur með framkvæmd þessara mála að gera og hefur þá ábyrgð, að hægt sé að framfylgja l.

Ég vil aðeins við þessa 1. umr. málsins lýsa, hvers vegna ég er á móti frv., en mun þó fylgja því til 2. umr.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Eins og heyra má af ræðu hv. 2. þm. Reykv., þá ber hér ekki ýkja mikið á milli, það er að mestu leyti form.

Eitt atriði minntist hv. 2. þm. Reykv. á. Hann sagði, að í frv. okkar væri gengið lengra en í varatill. tollstjóra og stjfrv., að við viljum leyfa eftirlit með póstflutningi hvers konar. Nú er það svo, að tollstjóri hefur heimild til slíks í tolllögunum sjálfum. Hún er þó aðallega í sambandi við innflutning. Ég er sammála minni hl. um, að slíkum ákvæðum beri að beita afar gætilega og eftir ströngum reglum. Mér er ekki kunnugt um annað en að þessum ákvæðum tollalaganna hafi alltaf verið beitt með ákaflega mikilli gætni og mjög línlega. Ef engin heimild væri til að rannsaka póst, þá gætu menn alltaf hiklaust sent þar seðla og verðbréf. Þessi heimild verður því að vera til, svo að ekki sé allt of greið leið til að fara kringum tilgang laganna.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ef ég man rétt, þá barst það í tal hjá okkur í fjhn., hvað snerti hættu á, að smyglað kynni að verða gjaldeyri og öðru slíku í sambandi við póstflutning, þá mundu þegar að öllum líkum hafa verið gerðar ráðstafanir til að hafa eftirlit með slíku smygli, jafnvel að tæki væru til í pósthúsinu til að gegnlýsa bréf, án þess að hvert lítilræði væri lesið, og sjá þannig, hvort þar væru ávísanir, verðbréf eða seðlar. Ef slík rannsókn á sér nú stað með slíkum tækjum, þá á það við samkvæmt gildandi l., og ætti þá ekki að þurfa að bæta því ofan á, að póstmenn megi leita í hvers konar póstflutningi. Ég fæ því ekki séð, að þótt þetta ákvæði sé nú ekki sett í l., þá verði opin leið til að smygla gjaldeyri, ávísunum og verðbréfum í hvers konar póstflutningi. Ég held líka, að þetta hafi ekki verið ástæðan hjá hæstv. stj., þegar hún setti brbl., að það ætti að vera hægt að smygla úr landinu gjaldeyri í pósti, og hafi haft hug á að hindra slíkt. Ég held því, að þessi ákvæði séu ekki nauðsynleg frá því sjónarmiði, svo að ég svari þessu atriði í ræðu hv. þm. V-Ísf.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 18:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Nd., 30. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 164, 281, 282).

Jón Pálmason: Herra forseti. Er lög um fjárhagsráð voru til meðferðar á síðasta Alþ., flutti ég brtt. við þau, sem miðaði í þá átt, að takmarkanir

þær, sem gerðar eru með l. þessum, næðu ekki til sveitanna og hinna smærri kauptúna og þorpa úti um land. Þessi brtt. mín náði ekki samþykki þingsins, en það má öllum ljóst vera, að ef takmarka þarf á annað borð byggingar, þá hljóta þær takmarkanir fyrst og fremst að ganga yfir Rvík. Hitt er aftur á móti vitað mál, að hið opinbera hjálpar mönnum úti á landi með styrkjum til þess að koma upp byggingum, sem aðkallandi þörf er á. Reynslan hefur leitt í ljós, að það er mjög óþægilegt fyrir sveitamenn að þurfa að fá fjárfestingarleyfi fyrir hverri og einni byggingu, sem þeir reisa. Fjárhagsráð setti á sínum tíma reglugerð um það, að fjárfestingarleyfi þyrfti ekki fyrir húsum, sem kostuðu 50 þús. kr. eða minna. Samt sem áður virðist sú mikla fyrirhöfn, sem gerð er mönnum með þessu, vera alger óþarfi. Útihús og gripahús munu vart ná þessari fjárhæð, og virðist sem oddvitum sé bókuð óþarfa fyrirhöfn í skýrslusöfnun með þessum hætti. Hitt er nauðsyn, að fjárhagsráði berist skýrslur um það, hve mikið er byggt á hverjum stað. Það á að vera auðvelt án mikilla vafninga eða fyrirhafnar. Það er mjög auðvelt, því að til bygginga eru veitt lán úr Byggingarsjóði, Nýbýlasjóði og Ræktunarsjóði. Búnaðarbankinn á að geta gefið skýrslur um þetta til fjárhagsráðs, og það má vel vera, að fjárhagsráði sé nauðsynlegt að fá vitneskju um þetta. Ég held því, að það sé rétt að samþ. það, sem segir í brtt. á þskj. 282, sem ég flyt ásamt hv. 2. þm. Rang., en þar er gert ráð fyrir, að ekki þurfi fjárfestingarleyfi til íbúðarhúsabygginga og útihúsabygginga í sveitum og kauptúnum með færri en 500 íbúa né til annarra smærri framkvæmda. Íbúafjöldinn er að vísu tekinn af handahófi.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta nú, en leyfi mér að vænta þess, að hv. þm. taki þessari brtt. vinsamlega.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Hv. fim. brtt. á þskj. 282 hefur skýrt frá till. sinni, sem hann flytur ásamt öðrum hv. þm. Eins og hv. þm. sagði, flutti hann á síðasta Alþ. brtt., sem miðaði í sömu átt, en brtt. hans var felld þá. Eins og vitað er, hefur fjárhagsráð heimild til þess í l. að undanþiggja viss leyfi. Till. þessi, sem hér liggur fyrir, er sú, að lagt er til, að ekki þurfi að sækja um leyfi til fjárhagsráðs fyrir mannvirkjum, sem kosta 50 þús. kr. eða minna, eða að menn vinni sjálfir að verkinu. Nú er það svo, að hæstv. ríkisstj. hefur vald til þess að víkka eða þrengja, en þetta má ekki vera undir því komið, á hvaða stöðum er byggt. Allar undanþágur verða að gilda jafnt. Svo mun síðasta Alþ. hafa litið á. Hvað skýrslugerðum viðvíkur, — þá er búizt við, að þær verði mun auðveldari í framtíðinni, en það er nauðsynlegt að afla sem nákvæmastra skýrslna, en slíkt tekur auðvitað nokkurn tíma, þegar um nýskipun er að ræða á málum.

Fjhn.menn eru mótfallnir þessari brtt., a. m. k. fjórir, sem undirritað hafa nál., og leggja til, að hún verði felld.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Siglf. að flytja hér brtt. við frv. þetta, sem prentaðar eru á þskj. 281. Brtt. þessar eru shlj. brtt. þeim, sem hv. þm. Siglf. flutti hér 1947, er l. um fjárhagsráð voru til umr. hér á Alþ., en þær náðu þá ekki samþykki. Aðalinnihald þessara brtt. er það, að innflutnings- og gjaldeyrisdeildir verði settar á stofn víðs vegar á landinu, en séu ekki eingöngu staðsettar í Rvík, eins og hingað til hefur verið venjan. Það er lagt til, að landinu verði skipt í ákveðin héruð, sem hvert hafi sínar innflutnings- og gjaldeyrisdeildir. Rökin, sem færð eru fyrir þessum breyt., eru, að mikil óánægja er með það úti á landsbyggðinni, hve langt sé að sækja til þessara stofnana, sem fara með leyfisveitingar þessar. Áskoranir hafa og borizt Alþ. frá fjórðungsþingum um að gera breyt. á þessu fyrirkomulagi. Í þessu sambandi má og minna á, að oft hefur verið um það rætt og skrifað, að Rvík væri í of hröðum vexti. Það má vera, að það sé mestan hluta vegna þess, að í Rvík hefur þróazt mjög blómlegt atvinnulíf hin síðari ár, en hitt má segja með nokkrum sanni, að breyt. á þessu, hvar innflutnings- og gjaldeyrisskrifstofur eru staðsettar, getur haft nokkur áhrif í þá átt að draga úr sókninni til Rvíkur. En Rvík er eini staður landsins, sem hefur gjaldeyrisn. starfandi, og vegna þess hafa margir sótzt eftir því að koma sér þar fyrir, sem minni fyrirhöfn hefur verið að sækja til gjaldeyrisyfirvaldanna. Svona virðist mér ástandið vera í dag. Það má að vísu deila mjög um þetta, en ég held, að það muni koma að nokkru gagni, að kaupstöðum úti á landi verði sköpuð betri skilyrði en nú eru í þessum málum.

Ég gat um það í byrjun máls míns, að síðasta Alþ. hefði fellt till. um sama efni. Ég vil nú leyfa mér að vænta þess, að þessi till. fari ekki sama veg. Ég vona, að hv. alþm. hafi breytt um skoðun og skilningur þeirra hafi vaxið svo, að þeir verði með þessari brtt. nú. Frá því að þessar brtt. komu fram á afviknu Alþ., hafa margar áskoranir borizt Alþ. um að samþykkja það, sem hér er lagt til, og er áhugi landsfólksins mikill, að þessi breyt. nái fram að ganga.

Um síðari gr. brtt. á þskj. 281 er það að segja, að með henni er verið að samræma með tilliti til þess, sem á undan er gengið, ef sá liður brtt. nær samþykki. Það væri freistandi að ræða þessi mál nokkuð ýtarlega, en ég sé þess ekki þörf nú.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í upphafi þessa þings var flutt stjfrv. til staðfestingar brbl., sem út voru gefin í haust. Voru þau l. sett til þess að herða á eftirliti með innfluttum og útfluttum erlendum gjaldeyri. L. fóru síðan til hv. fjhn., en hún felldi síðan ákvæði þessi inn í l. um fjárhagsráð. Þess vegna var efni stjfrv. flutt í því frv.formi, sem hér liggur fyrir. Mér var sama um formið, og hið nýja form, sem hér liggur fyrir, er því staðfesting á brbl. En hér hafa komið fram brtt. frá hv. þm. A-Húnv. og hv. 11. landsk. þm. um allt annað. Þær brtt. fela í sér þá hlið málsins, hvaða fyrirkomulag muni bezt henta í þessum málum, en það er alveg fyrir utan mál það, sem hér liggur fyrir. Ég skal ekki fara að ræða um það hér, hvað bezt muni henta, þótt ég annars hafi ákveðna skoðun í þeim málum, en ég vil eindregið mælast til þess, að þessar brtt. tefji ekki afgreiðslu þessa máls. Það nær ekki neinni átt að fara að ákveða um það, hvort gjaldeyrisdeildir skuli settar á stofn úti um land, án undanfarandi rannsóknar á þeim málum. Það er ekki til neins að samþykkja

slíkt. Jafnhættulegt er það að fara að undanskilja vissan hluta bygginga úti um land frá kröfum, sem gerðar eru til annarra aðila.

Ég vil því vænta þess, hvað sem gert kann að vera í skipan þessara mála eftir að athuganir hafa fram farið á þeim, að þá fái frv. þetta fram að ganga, eða þá stjfrv., sem flutt var, fái fram að ganga í sinni upphaflegu mynd.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég get verið hv. aðalflm. till. á þskj. 281 sammála um, að æskilegt væri að gera nokkrar ráðstafanir til þess, að verzlunin kæmist nokkuð í annan og eðlilegri farveg, þannig að vörur yrðu fluttar meir beint til staðanna úti á landi en verið hefur á meðan á stríðinu stóð. Sú umskipun, sem farið hefur fram á vörunum hér í Rvík, er dýr og óhagkvæm, en þetta átti sér eðlilegar orsakir meðan á stríðinu stóð. Nú er gert ráð fyrir, að á næsta ári fjölgi mjög skipum Eimskipafélags Íslands, þannig að félagið fer að halda uppi meiri beinum siglingum út á landið en verið hefur á stríðsárunum. En þó að ég sé hv. 11. landsk. sammála um þetta, þá tel ég ekki, að þessum tilgangi verði náð með því að samþ. brtt. hans, og eins og hæstv. ráðh. benti á, mundi þetta þurfa meiri undirbúning en orðinn er.

Eins og nú standa sakir er það á valdi viðskiptan., hvernig gjaldeyris- og innflutningsleyfunum er skipt. Till. fer hins vegar fram á, að fjárhagsráð skipti gjaldeyrisupphæðinni milli landsfjórðunga. Ég tel þetta ekki heppilegt og get ekki mælt með því.

Út af till. á þskj. 282, sem hv. þm. A-Húnv. og hv. 2. þm. Rang. flytja, vildi ég segja það, að sú rýmkun á fjárfestingarleyfum, sem ákveðin var í reglugerð, hefur verið framkvæmd út í yztu æsar. Það hefur því verið á valdi oddvitanna að gefa leyfi til bygginga, sem kostað hafa minna en 50 þús. kr. eða menn hafa unnið sjálfir að. Þær hafa allar verið látnar halda áfram, hvar sem er úti á landinu. Það er fyrst og fremst í Rvík og á Akureyri, sem byggingar hafa verið takmarkaðar.

Ef farið er inn á það að gefa íbúðarhúsabyggingar í sveitum og kauptúnum með færri en 500 íbúa lausar, yrði það til trafala fyrir þá, sem vilja byggja. Skömmtunin á byggingarefni er miðuð við fjárfestingarleyfin, en sé þeim sleppt, veit fjárhagsráð ekkert um framkvæmdirnar á þessum stöðum. Fjárhagsráð yrði því að taka skömmtunina í sínar hendur, en hún er núna í höndum oddvitanna.

Till. er flutt af misskilningi. Ég hef talað við hv. 2. þm. Rang., og hann hefur sannfærzt um, að rétt sé að falla frá till. Hv. þm. A-Húnv. er því raunverulega einn flm. hennar. Hv. 2. þm. Rang. er því miður ekki hér, en ég veit ekki betur en hann falli frá till. Ég vil því fara þess á leit við hv. þm. A-Húnv., að hann dragi till. til baka. Ég þykist vita, að flokksbróðir hans, formaður fjárhagsráðs, geti honum þær sömu upplýsingar um þetta mál og ég hef gefið.

Jón Pálmason: Herra forseti. Hv. samgmrh. undraðist það, að blandað væri inn í þetta mál óskyldum efnum. Ég sé ekkert undarlegt við brtt. mína. Ef fyrir liggur frv. um breyt. á einum l., er ekkert undarlegt, þótt fleiri brtt. séu bornar fram.

Í þessum umr. hefur ekkert komið fram, er sanni nauðsyn fjárfestingarleyfa til bygginga úti á landi. Hv. þm. Ísaf. sagði, að sömu reglur þyrftu að gilda alls staðar. Þessi till. raskar ekki því, að sú regla gildi, að ekki þurfi leyfi fyrir hús, sem kosta minna en 50 þús. kr. Ég hef ekki fengið neinar sannanir, ekki einu sinni líkur fyrir því, að till. valdi trafala. Hins vegar veldur það bara vandræðum að krefjast skýrslna um allar framkvæmdir úti á landi. Það hefur komið harðast niður á oddvitunum, sem þurft hafa að safna öllum skýrslunum.

Það er þakklætisvert, sem hv. þm. Ísaf. sagði, að byggingar í sveitum hefðu ekki verið stoppaðar. Þær eru raunar ekki svo miklar, enda hefur Alþ. unnið að því að halda þeim áfram og auka þær með fjárframlögum.

Varðandi þá röskun, sem hv. þm. taldi að yrði á skömmtun byggingarefnis, þá fæ ég ekki séð, af hverju svo þarf að verða. Það er gefið, að skýrslur verða að koma til fjárhagsráðs, en þær er auðvelt að gera, því að þeir, sem byggja, þurfa að leita til Búnaðarbankans til að fá lánsfé eða Nýbýlasjóðs, og þar er hægt að fá nauðsynlegar upplýsingar.

Hv. þm. Ísaf. hélt því fram, að ef þessi undantekning yrði leyfð, gæti skömmtunin á byggingarefni ekki verið lengur í höndum oddvitanna og taka þyrfti hana af þeim. Það er hreinn óþarfi, þeir geta haft hana með höndum eins og áður, þótt ekki sé sótt um fjárfestingarleyfi fyrir hverri byggingu. Þetta rekur sig líka á hjá hv. þm. Ísaf., því að byggingar, sem kosta innan við 50 þús. kr., eru undanskildar leyfum, og það þarf efni í þær eins og aðrar byggingar. Fjós og haughús kosta nú um 100 þús. kr., ef þau eru vönduð. Það er hálfundarlegt, ef leyfi þarf fyrir fjósi, sem kostar 100 þús. kr., en ekki fyrir fjósi, sem kostar 50 þús. kr. Eins er það með íbúðarhúsabyggingar. Umsóknir til fjárhagsráðs hafa í för með sér óþarfa vafninga. Ég legg því áherzlu á, að till. mín verði samþ.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef áður markað afstöðu mína í þessu máli. Mér skildist á hæstv. ráðh., að hann væri þess ekki fýsandi, að till. væri samþ. Ég ætla ekki að fara ýtarlega út í þetta mál, heldur láta það bíða. Hv. frsm. fjhn., hv. þm. V-Ísf., hefur lýst því yfir, að hann áliti ekki rétt að samþ. till., og hæstv. viðskmrh. taldi, að þetta þyrfti ýtarlegri athugunar. Fyrst till. eru fram komnar, er þó rétt, að þær séu ræddar, því að þær eru ekki fram komnar án tilefnis.

Hvað vald fjárhagsráðs snertir, er vert að hafa það í huga, að Alþ. ber ábyrgðina á þeim l., sem það setur, og ef fólkið er óánægt, á það að snúa sér til Alþ. og getur ætlazt til þess, að Alþ. bæti úr. Það er ekki hægt að skírskota til valds embættismannanna. Alþ. verður að skera úr um það, hvort þeir hafi þetta vald eða ekki. Ég verð að segja það, að ef þm. Ísaf. og hæstv. viðskmrh. álíta, að athuga þurfi málið ýtarlegar, gæti verið heppilegt að athuga það betur í fjhn. Hæstv. viðskmrh. þarf ekki að vera hræddur um, að frv. verði ekki samþ., þegar stjórnarandstaðan er með því óbreyttu, en fylgjendur stj. með því að breyta því.

Hitt er svo annað mál, að tími er til þess kominn, að Alþ. gefi gaum þeirri reynslu, sem fengizt hefur af starfsemi fjárhagsráðs. Ég vakti athygli á því í fyrra, að rétt væri að athuga sum ákvæði l., t. d. skylduna á fjárfestingarleyfum, og benti á, að Rvík stjórnaði raunverulega þessum málum.

Hæstv. fjmrh. ítrekaði mína aths. og kvað fastar að orði en ég og hv. þm. A-Húnv. einnig.

Í fyrra var farið fram á nákvæmara eftirlit með fjárfestingunni en verið hefur nokkru sinni áður. Það þótti þá koma úr hörðustu átt, er við sósialistar gagnrýndum þetta nákvæma kontrol. Eftirlit af þessu tagi hefur jafnan verið kennt við sósialismann, og mér var það því áhugamál, að það yrði ekki óvinsælt, er því yrði komið á. Við vitum, að þegar byrjað var að ræða eftirlit með fjárfestingu, þótti það hættulegt fyrir þjóðfélagið, og það var talið sjálfsagt, að auðugustu einstaklingarnir gætu fest fé sitt eftir eigin geðþótta. Það, sem mestu varðaði í þessu sambandi, var þó það, að fjárstraumurinn skiptist ójafnt milli landshluta og leitaði fyrst og fremst til Rvíkur. Það var álit margra, að fjárstraumurinn beindist um of til Rvíkur og nauðsynlegt væri að beina honum meira út á land. Nýbyggingarráð vann veigamikið starf í þá átt, m. a. í sambandi við ráðstöfun togaranna til bæjarfélaga úti á landi. Ég hef ekki séð þess vott, að stj. og ráð hennar, er fara með völd, hafi haldið þessari stefnu áfram. Engin viðleitni hefur komið fram til þess að beina fjárstraumnum í réttari átt, fram yfir þær ráðstafanir, sem gerðar voru í tíð fyrrv. stj. Hins vegar hefur verið skapað skrifstofubákn og komið á strangari höftum varðandi verzlun og allar byggingar í landinu en verið hafa nokkru sinni áður. Og það hefur sýnt sig, að fólk utan af landi, sem þarf að fá fjárfestingarleyfi fyrir byggingum og í öðru lagi skömmtunarleyfi fyrir byggingarefni, það þarf að sækja þetta allt hingað til Rvíkur. Þetta er að gera fjölda manna úti um allt land nær því ókleift að notfæra það atvinnufrelsi, sem þeir eiga að hafa eftir stjskr. Og þetta er vissulega hlutur, sem Alþ. mun ekki hafa ætlazt til. Það mun ekki hafa ætlazt til þess, að þessar ráðstafanir mundu þýða meiri eða minni stöðvun á svo að segja öllum þorra framkvæmda, sem menn hugsuðu sér að gera. Nú er svo komið, að fjöldamargt af mönnum verður að gera sér ferð héðan og þaðan af landinu til Rvíkur til þess að tala við þá háu herra í fjárhagsráði og viðskiptanefnd um að fá að byggja sér hús, eða þeir verða að fá menn hér í Rvík til þess að vera fulltrúa fyrir sig, til þess að reyna að fá þetta í gegn. Og það hefur kveðið svo rammt að því, að þessi ráð, sem þetta mikla vald hafa fengið í hendur, væru umsetin af mönnum, að það hafa verið troðfullir gangar, þar sem menn hafa beðið eftir að fá að tala við þau, og þannig hefur verið setulið jafnvel upp á fleiri tugi manna, sem beðið hafa til þess að fá að tala við þessa menn. Og þeir hafa um svo og svo langan tíma neitað fólki um að fá að tala við sig. Menn, sem hafa komið utan af landi í þessum erindagerðum, hafa því orðið að bíða vikum saman til þess að fá árangur af sinni ferð, og oft ekki fengið erindum sínum af lokið. — Þetta er aðferð, sem er ekki hægt að bjóða mönnum upp á. Þetta þýðir líka fyrir okkur hér í Rvík, — sem höfum þó það fram yfir fólkið utan af landi í þessu efni, að við erum þó í sama bæ og þetta ráð eða þessar n. og bæjarbúar geta í bezta falli farið í sínum vinnutíma til þess að tala við þá, — að við Reykvíkingar getum sjálfir ekki komizt að, vegna þess hve þröngin er mikil af mönnum, sem bíða eftir því að fá að skýra þessum n. frá áhugamálum sínum. Það er því þannig í raun og veru, að þó að fólkið utan af landi, sem á undir þessar n. að sækja, sé nokkru verr sett en þeir, sem heima eiga í Rvík, þá er þetta líka stórkostlegur bagi fyrir Reykvíkinga. Og þetta er vafalaust ekki því að kenna, að mennirnir í þessum ráðum vilji ekki tala við fólkið, heldur er það svo, að ef þeir töluðu við fólkið eins og fólkið vill tala við þá, þá gætu þeir ekki gert neitt annað. Og þá er eðlilegt, að þeir loki að sér. Þetta þýðir, að búið er að skapa þarna bákn, sem er ofviða í framkvæmd. Þörfin er svo mikil fyrir fólkið að fá að tala við þessa menn, að með núverandi fyrirkomulagi á þessu geta þessir menn í þessum n. og ráðum ekki annað því. Þeir geta alls ekki komizt yfir það að rannsaka þarfir manna í slíkum efnum þannig, að það verði nokkur sanngirni í ályktunum þeim, sem þeir komast að. Það er því alveg óhjákvæmilegt að skapa þarna dreifingu þessa ráðs. Það ræður enginn við það, hvort sem um er að ræða meðalmann eða ofurmenni, að afgreiða þessi mál sæmilega, eins og nú er fyrirkomulagið á þessu. Þegar Alþ. sameinaði valdið svona á einum stað, þá verðum við að draga lærdóma af þeirri reynslu, sem fyrir liggur af þessu fyrirkomulagi, og breyta svo til, eftir því sem nauðsyn krefur. Það getur ekki gengið, að ýmsir bæir úti á landi fari að setja upp sendiráð hér í Rvík, sem séu stofnuð til þess að liggja hér við til þess að tala við þessar nefndir. Það kann að vera svo með ýmis fyrirtæki hér í Rvík, að þau geti haft forstjóra, sem geri lítið annað en tala við nefndir. En fyrir fólk úti á landi er ekki hægt að leggja í þann kostnað að hafa menn hér að staðaldri til þess að tala við þessar n. Það er óbolandi. En reynslan virðist benda til, að þetta verði þróunin. Á einokunartímunum hér var einokunarkaupmönnunum uppálagt að sigla skipum sínum á ákveðna staði á landinu. Og með þeim þrælalögum, sem þá voru, var mönnum ekki leyft að verzla við aðra staði en vissa verzlunarstaði, sem voru hver fyrir visst svæði af landinu. Nú er það þannig, að til þess að menn nái rétti sínum viðkomandi byggingum og atvinnu verða menn að koma til Rvíkur til þess að tala við eina nefnd hér. Það er engan veginn skemmtileg þróun, sem gerzt hefur í þessu. Og frá sjónarmiði þeirra, sem vilja koma á áætlunarbúskap hér á landi, þá er alveg ófært að láta þetta fara svona. Ég held þess vegna, að hér verði að verða breyt. á. Og það virðist líka vera svo, að fólkið úti á landi finni það skarplega til þessa vandræðaástands, að það láti skoðanir sínar um það í ljós alveg ótvírætt. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp eina samþykkt, sem gerð var snemma í desember í vetur, líklega 3. des. á fundi bæjarstjórnar Akureyrar einmitt út af gjaldeyrismálunum sérstaklega. Þar var þessi samþykkt gerð með samhljóða atkvæðum allra flokka í bæjarstjórninni, og það munu vera allir þeir flokkar, sem sæti eiga á Alþ. Samþykktin hljóðar svo:

„Bæjarstjórn Akureyrar telur núverandi tilhögun á veitingu innflutningsleyfa og gjaldeyrisúthlutun óviðunandi fyrir allflest byggðarlög utan Rvíkur. Með núverandi fyrirkomulagi er bersýnilega að því stefnt að flytja til Rvíkur alla verzlun landsmanna. Er þegar svo komið, að fjöldi manna í öllum byggðarlögum verður að leita til smásala í Rvík um kaup á margs konar nauðsynjavörum sökum vöru-

skorts á staðnum. Af þeim ástæðum fer bæjarstjórn Akureyrar þess á leit, að þegar verði tekin upp sú regla að skipta innflutningi milli verzlunarstaða í hlutfalli við íbúatölu og þarfir hvers verzlunarsvæðis.“

Síðan er á þessum bæjarstjórnarfundi á Akureyri gerð önnur samþykkt viðvíkjandi flutningum til landsins. Og seinast í þeirri samþykkt er ákvörðun um það, að bæjarstjórnin felur bæjarráði eða nefnd með einum manni úr hverjum flokki að vinna að þessum málum við fjárhagsráð og ríkisstj. og Alþ., ef þörf gerist. — Þegar þessi samþykkt var gerð í bæjarstjórn Akureyrar, þá fylgdi eitt blað ríkisstj., Tíminn, þessu máli eftir með svo hljóðandi klausu meðal annars: „Með því ástandi, sem hér er lýst, er verið að skapa stórkostlegt misrétti í þessum efnum. Það er enn verið að þrengja kost fólksins úti á landsbyggðinni. Það er í enn ríkari mæli en áður verið að draga verzlunina þaðan til Rvíkur.“

Nokkru síðar en þessi samþykkt var gerð í bæjarstjórninni á Akureyri barst hingað til Alþ. samþykkt frá bæjarstjórninni í Neskaupstað, þ. e. í bréfi 8. des. s. l., þar sem gerðar hafa verið líkar samþykktir því, sem ég las frá Akureyri. Vil ég lesa þær, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórn Neskaupstaðar skorar eindregið á Alþingi að breyta fyrirkomulaginu um úthlutun erlends gjaldeyris í það horf, að hinir einstöku landsfjórðungar fái íhlutun um úthlutun hans í sem réttustu hlutfalli við framleiðslu hvers fjórðungs, enda séu þá sjávarafurðir taldar framleiðsla þess fjórðungs, sem viðkomandi fiskiskip eru heimilisföst í, þótt aflinn sé lagður á land í öðrum landshlutum. Telur bæjarstjórn sanngjarnt, að helmingur gjaldeyrisins skiptist milli fjórðunganna, en hinn helmingurinn gangi til sameiginlegra þarfa landsmanna.

Eftir að Alþingi hefur samþykkt þetta fyrirkomulag, telur bæjarstjórn, að stofnsetja verði gjaldeyrisnefnd í hverjum landsfjórðungi, skipaða fulltrúum bæjar- og sýslufélaga innan hvers fjórðungs. Hlutverk þessara nefnda yrði að skipta gjaldeyrinum milli hinna einstöku byggðarlaga og fyrirtækja og starfsgreina innan fjórðunganna.“ — Og það fylgir grg. með þessu frá bæjarstjórn Neskaupstaðar.

Síðar, nú í byrjun janúar, barst svo hljóðandi ályktun frá bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórnin á Seyðisfirði lýsir hér með yfir eindregnum stuðningi sínum við ályktanir þær varðandi hlutdeild byggðarlaganna úti á landi í ráðstöfunum á nokkrum hluta gjaldeyristekna þjóðarinnar, sem gerðar hafa verið undanfarið af Fjórðungsþingi Austfirðinga, bæjarstjórn Akureyrar og bæjarstjórn Neskaupstaðar, og skorar á alla fulltrúa byggðarlaganna utan Reykjavíkur að flytja nú þegar á Alþingi frumvarp, og fylgja fast á eftir, um nýtt fyrirkomulag á gjaldeyrisverzluninni, sem tryggi byggðarlögunum utan Reykjavíkur sanngjarna íhlutun um ráðstöfun þess gjaldeyris, sem aflast fyrir starf fólksins í hinum dreifðu byggðarlögum landsins. Þá telur bæjarstjórnin, að meðan fjórðungs- og fylkisstjórnir hafa enn ekki verið settar á fót í landinu, réttmætt, að stofnaðar verði úti á landi hæfilega margar gjaldeyris- og innflutningsnefndir, skipaðar fulltrúum bæjar- og sýslufélaga, til þess að úthluta þeim gjaldeyri og innflutningi, sem hverju landssvæði væri ætlaður.“ — Það er litlum efa bundið, að þær ályktanir, sem ég nú hef lesið upp, eru talaðar alveg út úr hjarta fólksins úti um allt land. Það er ríkjandi almenn óánægja með það fyrirkomulag í þessu efni, sem nú á sér stað. Og ég vil sérstaklega, einmitt sem þm. Reykv., lýsa yfir, að ég álít, að það sé engan veginn í hágu alþýðunnar hér í Rvík, að hrúgað sé upp skrifstofum hér, sem sitja fyrir hlut manna úti um land. Og ég veit og alþýðan úti um landið veit, að alþýðan hér í Rvík stendur með því, að komið verði upp slíku skipulagi, að landsmenn allir megi sem bezt við una. Það er hagsmunamál alþýðunnar hér í Rvík að fá skiptingu á þessu, en að ekki verði hrúgað hér í Rvík upp í þessu efni neinu skrifstofubákni. Ég held því, að Alþ. komist ekki hjá því að taka þessi mál til athugunar og komist ekki hjá því að afgreiða eitthvað um þessi mál. Ég kann ekki við, að menn hugsi ekki um þetta, þó að það sé á miðju kjörtímabili. Ég þykist vita, að þm. utan úr hinum dreifðu byggðum muni taka meira tillit til vilja kjósenda sinna rétt fyrir kosningar. Úr þessu þarf að bæta. Og ég er undrandi yfir því, að ekki skuli hafa komið till. um það frá fleirum en tveimur, fyrir utan menn úr flokki, sem ég tilheyri. Því að hér er um óviðunandi ástand að ræða, sem kemur að vísu niður á Reykvíkingum, en þó fyrst og fremst á fólkinu úti á landi. Ég fæ ekki betur séð en að sú breyt., sem hv. þm. Stefán flutti í fyrra till. um viðkomandi gjaldeyrisúthlutuninni og var ekki tekin til greina þá og hv. 11. landsk. og annar hv. þm. flytja nú, eigi fyllsta rétt á sér og að ekkert sé í veginum með að láta framkvæma það. Ég veit, að nokkrir erfiðleikar eru á þeirri framkvæmd. En þeir eru þó ekki eins miklir og þeir erfiðleikar, sem skapaðir eru landsmönnum með þeirri aðferð, sem nú hefur verið höfð á þessum hlutum.

Viðvíkjandi undanþágunni frá fjárfestingarleyfi, sem hér er till. um, þá skil ég það vel, að þeir hv. þm., sem fyrst og fremst skoða sig sem fulltrúa sveitanna, komi fram með slíka till. Það er kannske allra erfiðast fyrir bændur að eiga að fást við að taka sig upp og fara til Rvíkur og ganga í setulið hér til þess að bíða eftir að fá að tala við þá háu herra hér og fá eitthvað gert til þess að greiða fyrir, að þeir geti byggt sér hús. Það er kannske það helzta fyrir þá, ef þeir geta komið að einhverjum áhrifum í þessum efnum gegnum sína þm., til þess að fá einhverju áorkað án þess að taka sér sjálfir ferð á hendur. En það er langt frá því, að menn séu jafnir fyrir lögunum, ef þeir eiga að hafa einhver sérstök sambönd til þess að fá réttlátum kröfum framgengt, þó að ekki sé annað en að fá að byggja yfir sig.

En það er tvennt, sem þarf að athuga í sambandi við þetta. Í fyrsta lagi fjárfestingarleyfi, sem er það fyrsta, sem hver maður verður að fá, sem ætlar að byggja. Því næst þarf hann að fá byggingarefnisskömmtunarleyfi. Og ef hann er búinn að fá þetta tvennt og ef kaupfélag eða kaupmaður á viðkomandi stað hefur ekki byggingarefni handa honum, mun sá maður eða sá aðili þurfa að reyna að útvega sér gjaldeyris- og innflutningsleyfi. Og takist það, þá þarf þessi aðili enn fremur að fá sér gjaldeyri. Og þó að ekki sé talað um lán og annað, sem þessi aðili þarf að afla sér í því sambandi, þá er

það nokkurs konar grindahlaup, sem þessir menn eða aðilar verða að fremja, ef þeir ætla að byggja yfir sig, eins og tíðkast á íþróttavöllum, þegar íþróttamenn þurfa að stökkva yfir svo og svo margar grindur, áður en þeir komast að marki. Ég hafði hugsað mér, þegar fjárhagsráð var sett á stofn, að þegar það veitti fjárfestingarleyfi fyrir einhverjum hlut, þá þýddi það það, að menn fengju skömmtunarleyfi og gjaldeyrisleyfi út á þetta. Ég sé hins vegar á þeim leyfum, sem ráðið útbýtir, að þegar það gefur út fjárfestingarleyfi, fylgir því enginn réttur til gjaldeyris eða skylda til að láta þann mann hafa gjaldeyris- og innflutningsleyfi, sem fjárfestingarleyfið fær, né efni til þess, sem fjárfestingarleyfið er veitt fyrir, eða annað slíkt. Það er þess vegna þannig, að meira að segja þó að þetta væri tekið upp með fjárfestingarleyfin eins og hv. þm. A-Húnv. leggur til og annar hv. þm. með honum, þá er næsta hindrunin eftir samt sem áður, byggingarefnisskömmtunarleyfið. Svo að ef þetta ætti að koma að einhverju gagni, sem þessir tveir hv. þm. leggja til, þannig að menn leystust undan þessu hindranafargani hvað þetta snertir, þá þyrfti að afnema skömmtunarleyfaskylduna í þessum tilfellum líka, sem þessir tveir hv. þm. tala um hér. Og þá er spursmálið um gjaldeyris- og innflutningsleyfin. Þannig er það um þau, að þau gilda ekki einu sinni þannig, að menn geti átt víst að fá gjaldeyri út á þau, þó að þeir hafi þau í höndum, og virðast það satt að segja vera einkennilegar ráðstafanir. Því að þó að menn hafi fengið þau, þurfa menn að fara þar á eftir til ákveðinna nefnda í bönkunum til þess að fá staðfestingu á því, að þau gildi. Og hv. þm. Ísaf. getur upplýst okkur um, hve mörg leyfin hafi verið staðfest.

Svona getur þetta ekki gengið. Ef fjárhagsráð á að vera æðsta ráð í þessu efni, þá hlýtur það, þegar það gefur út einhver leyfi, að eiga að vera gert þannig, að annað fylgi, sem tryggi, að þessi leyfi komi að gagni. Fjárfestingarleyfi þarf nauðsynlega að fylgja réttur til vörukaupa og gjaldeyris. En heldur en að hafa fyrirkomulagið á þessu eins og það hefur verið, þá væri betra að láta bankana ráða og vera einasta aðilann í þessu efni hvað þetta snertir, þó að mér sé nú annars ekki of vel við þá. Það verður að láta einn aðila hafa þetta vald. Það er ekki gott, ef menn eru búnir að stökkva yfir þrjár af þessum grindum í þessu hindrunarhlaupi, að þeir séu þá stöðvaðir við hina síðustu. Þessi margskipting valdsins getur ekki gengið í þessum efnum. Það verður að gera þarna á breyt. Þess vegna vil ég vekja eftirtekt þeirra manna, sem flytja þessa brtt. um ótakmarkað fjárfestingarleyfi hvað snertir sveitirnar, á, að það er ekki nema rétt fyrsta grindin, sem tekin væri burt með því að samþ. þeirra brtt. Ég fæ því ekki betur séð en Alþ. verði að taka þessi mál til mjög raunhæfrar endurskoðunar. Svona ástand, eins og nú hefur verið undanfarið, er óviðunandi. Og ég verð að segja, að það virðist ekki vera þannig, að það sé aðeins um það að ræða, að það séu svo mikil vandkvæði viðvíkjandi efninu, að þess vegna þurfi að beita þessu leyfakerfi svo skarplega. Ég veit ekki betur en nú sem stendur sé allmikið til af byggingarefni í landinu. Ég veit ekki betur en það sé til allmikið af bæði timbri og sementi í landinu. Og ég hygg, að mönnum, sem hafa átt timbur og sement, hafi verið neitað um að nota það, án þess að neitt hafi verið gefið út um það, hvernig eigi að nota það. Og mér er nær að halda, að sumt af þessu byggingarefni, sem í landinu er, liggi undir skemmdum, vegna þess að það hefur verið stöðvuð notkun þess. Nú er það svo, að Alþ. hefur sett nefndir til þess að ráða þessu, og þær n. hljóta að elga að standa Alþ. skil á grein fyrir sínum aðgerðum, leggja reikningsskil fyrir Alþ. um störf sín. Og svo er mælt fyrir í l. um fjárhagsráð, að það skuli hafa gert áætlun um allar framkvæmdir í landinu og um efni til þeirra, og ákveðið er, að þessar áætlanir liggi fyrir um leið og fjárl. eru lögð fram. En við erum ekki farnir að sjá mikið af þeim áætlunum. Það eina, sem Alþ. fær að vita um, eru kvartanir alls staðar að af landinu út af því, að menn hafa verið stöðvaðir í framkvæmdum og að stöðvunin sé svo eða svo mikil, sérstaklega í byggingarframkvæmdum. En enga áætlun höfum við séð, sem liggi fyrir um það, hvað meiningin sé að gera. Þetta er það alvarlegt mál, að það er ekki nema eðlilegt, að fólkið almennt í landinu krefjist þess að fá að vita, hvað þarna sé að gerast. Og ég efast ekki um það fyrir mitt leyti, að ef innflutningsnefndir væru víðar úti um landið, eins og lagt er til í brtt. á þskj. 281, þá mundi vera tekið meira tillit til krafna fólksins í þessu sambandi. Áhrifa fólksins úti á landi mundi þá meir gæta gagnvart slíkum n. Menn eiga óhægra með að koma slíkum málum fram við þá háu herra hér í Rvík. — Sannleikurinn er, að þetta fyrirkomulag, sem nú er um þessa hluti, hefur ekki aðeins komið hart niður á byggingarframkvæmdum í landinu, heldur einnig hefur það komið illa við iðnaðinn í landinu, sem fjárhagsráð og gjaldeyrisn. líka hafa valdið yfir að veita hráefni til. Það hefur verið undirstrikað, bæði af minni hálfu og fleiri manna, að það yrði að veita innflutningsleyfi, sem ætlað væri að kæmu að gagni, svo snemma, að það væri a. m. k. 5 til 6 mánuðum áður en ætla mætti, að hráefnið kæmi að gagni hér, sem leyfið er fyrir, svo framarlega sem þessi atvinnurekstur ætti ekki að stöðvast. Það hefur ekki verið um þetta hirt sem skyldi. Samt held ég, að um það hafi verið gerðar mjög ákveðnar kröfur, t. d. af hálfu iðnaðarmanna og iðnrekenda í landinu. Og það hafa komið fram mjög ítrekaðar kvartanir um, að þetta hafi ekki verið gert. Ég hef hér fyrir framan mig Iðnaðarritið og nokkrar tilvitnanir úr samþykkt, sem iðnrekendur hafa gert í þessu sambandi. Ég veit nú ekki, hvort ég á að fara að lesa upp þau bréf öll saman. Eg get a. m. k. sagt frá þeim. Ég veit, að í júlí í sumar var af hálfu sambands iðnaðarmanna og Félags íslenzkra iðnrekenda farið fram á, að iðnaðarmenn fengju að hafa fulltrúa í fjárhagsráði eða þá nefndinni. En því var ekki sinnt. Þá var gerð samþykkt um að fá að hafa a. m. k. einhver áhrif á þetta. Nú, þetta hefur orðið þannig, að það hafa verið heimiladar skýrslur, sem gerðar séu af iðnrekendum um það, hvað þeir vilji fá mikið af innflutningi. Og menn hafa gefið þær skýrslur. En hins vegar hafa svörin orðið heldur lítil. — Hér er blaðið Íslendingur, frá 21. jan. þ. á. Þar er stór fyrirsögn í fyrstu síðu á þessa leið: „Fyrirsjáanleg stöðvun iðnaðarins, ef ekki verður bætt úr hráefnaþörfinni.“ Síðan er skýrt í mjög ýtarlegri grein frá þeirri skýrslusöfnun, sem fram hefur farið um innflutningsþörf iðnaðarins,

og sagt, að iðnrekendur á Akureyri hafi ekkert svar fengið um það, hvort þeir megi vænta einhverrar úrlausnar um innflutning á hráefni. Í þessari grein er sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þann 15. jan. s.l. kom stjórn Iðnrekendafélags Akureyrar saman á fund til þess að ræða ástand það, sem skapazt hefur í flestum iðngreinum hér í bænum vegna hráefnaskorts. Nú er svo komið, að sumar verksmiðjur hafa þegar hætt störfum og fleiri munu neyðast til þess að hætta eða draga saman seglin að verulegu leyti, ef ekki rætist úr með innflutning á nauðsynlegu hráefni innan skamms.

Á fundinum kom fram megn óánægja yfir því aðgerðaleysi, sem virðist ríkja hjá þeim aðilum, sem með innflutnings- og gjaldeyrismálin fara. Sérstaklega vitti fundurinn þá þögn, sem verið hefur um þessi mál af hálfu fjárhagsráðs.“

Þetta er ekki áróður stjórnarandstöðunnar út af því, hvernig stj. standi sig, heldur blað stærsta stjórnarflokksins, sem kemur með svona harðvítugar ásakanir, og er þar tekið undir þær ásakanir, sem komu í öðru stjórnarblaði, Tímanum, og ástandið sagt óþolandi.

Ég hef hér nokkrar samþykktir um sama efni, en mun ekki tefja þingið á að lesa þær. Í blaði íslenzkra iðnrekenda eru einnig harðvítugar ásakanir, sem allar fara í sömu átt. Það er ómögulegt að láta svona miklar og tíðar kvartanir koma fram án þess að sinna þeim neitt. Og Alþ. hefur valdið í þessu efni. Alþ. hefur skipað fjárhagsráð og viðskiptan. Og að Alþ. á þjóðin fyrst og fremst að ganga. Við getum vel skilið, að þegar ástandið er orðið þannig, að fjárhagsráð og viðskiptan. hafa orðið að byggja um sig einhvern kinverskan múr til að forðast viðtöl við almenning, þá verði þau einangruð og viti ekki, hvaða óánægjuraddir eru uppi meðal þjóðarinnar. Ég álít, að þingið geti ekki gengið fram hjá þessu máli án þess að gera eitthvað verulegt til úrbóta.

Það hafa í þessu sambandi verið gerðar að umtalsefni þær reglur, sem innflutningsleyfum er úthlutað eftir. Það virðist, að það ár, sem þessi hæstv. stj. hefur setið, hafi ekki verið beitt neinum ákveðnum reglum og ekki heldur farið eftir þeim, sem áður var beitt. Þegar fjárhagsráð var stofnað, var gengið út frá, að þar væri myndað heilt nýtt kerfi. En þetta kerfi virðist ekki fungera, það virðist ekki ganga. Það virðist hafa skapazt stöðvun í öllum þessum hlutum. Af hverju? Það liggur ekki fyrir. Gjaldeyrisskorturinn er engin afsökun fyrir því að úthluta ekki í tíma þeim gjaldeyri, sem til er, til þess að tryggja, að þær vörur, sem flytja á til landsins, komi á réttum tíma. Það er enginn áætlunarbúskapur að úthluta ekki þeim gjaldeyrisleyfum, sem þarf að fá með 6 mánaða fyrirvara, fyrr en gjaldeyririnn er fyrir hendi. Það er útilit fyrir, að þetta þýði stöðvun meira og minna í atvinnulífinu. Þeir, sem slíkt gera, brjóta í bága við sjálf l., sem þeim ber skylda til að fara eftir, svo að maður tali nú ekki um, að brotið er í bága við heilbrigða skynsemi. Till. hv. þm. A-Húnv. gengur út á að höggva skarð í þetta kerfi. Hún er skiljanleg frá hálfu þeirra, sem hafa ekki mikla trú á slíku kerfi, þessu kerfi, sem átti að verða lyftistöng fyrir atvinnulíf og framkvæmdir, en verður farg.

Alþ. verður að athuga, hvað hér er að gerast, þegar það sýnir sig, að það kerfi, sem átti að vera lyftistöng, er farið að leggjast sem dauð hönd á atvinnulífið og bannar mönnum að koma upp nýjum atvinnutækjum, þó að þeir vilji gera það, þá er það skylda manna að hugsa sig um. Og þá er ekki undarlegt, þó að fram komi till. annars vegar um að afnema þetta kerfi og hins vegar til að reyna að bæta eitthvað úr.

Við verðum að gera okkur ljóst, að það er svo með hvert það kerfi, sem á að vera í atvinnulífi þjóðfélagsins, að það verður að vera einhver driffjöður. Meðan hið svo kallaða frjálsa framtak er aðalgrundvöllur atvinnulífsins, þá er gengið út frá því, að hver og einn geti brotizt og bröðlazt eins og hann orkar. Af þessu leiðir svo og svo mikið skipulagsleysi í atvinnulífinu. En þetta svo kallaða kerfi hefur þó þann kost, að það er haldið áfram. Það er unnið, þó að það sé að mínu áliti unnið ópraktiskt. Það fer mikið í súginn. En það er þó ákveðin driffjöður, sem heldur því gangandi og keppir að því, að atvinna sé hjá þjóðinni. En það kerfi, sem við sósialistar höfum hugsað okkur, áætlunarbúskapur, er fjarri því að vera neitt í líkingu við þetta kerfi, þar sem allt stendur fast. Þeir menn, sem þessu stjórna, verða að hafa einlægan áhuga fyrir að hrinda nauðsynjamálum í framkvæmd, annars er þetta kerfi óhæft. Þetta kerfi er því allsendis óskylt þeim áætlunarbúskap, sem við sósialistar viljum koma á, og við afbiðjum okkur, að það sé tengt við hugmynd sósialista. Slíkt fyrirkomulag sem þetta er bláköld skriffinnska, framkvæmd af hálfu embættismanna, sem eru ekki fulltrúar þjóðarinnar, eins og sést á þeim kvörtunum, sem komið hafa frá öllum flokkum þjóðarinnar um þetta fyrirkomulag. Þess vegna er óhjákvæmilegt að gera þetta upp. Það verður að vera einhver drifkraftur í þjóðfélaginu. Þá er betra að fá eitthvert stjórnleysi en að það sé eins og dauður líkami.

Ég held, að það sé rétt, að Alþ. athugi við þessa umr. vel afstöðu sína til þessara mála, upplýsi, hvort menn vilja taka tillit til þess vilja þjóðarinnar, sem hefur komið fram hjá öllum flokkum í þessum samþykktum. Það verður að sýna í verki, að menn vilji gera þetta. Ég held, að það væri bezt, að fjhn. fengi þessar till. og umr. væri frestað á ný og síðan reynt að ganga úr skugga um, hvort ekki er hægt að fá meiri hluta fyrir ákveðnum breyt., sem gætu orðið til bóta. Ég held, að sú reynsla, sem fengin er, geri óhjákvæmilegt, að málið sé tekið til alvarlegrar athugunar. Ég vil þess vegna gera að till. minni, a. m. k. hafi aðrir nm. ekkert við það að athuga, að n. fengi að athuga þessar till. allar og umr. verði frestað á ný.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Þessar umr. og þá sérstaklega hjá hv. síðasta ræðumanni hafa farið nokkuð á víð og dreif, því að hann ræddi ástandið eins og það er og viðskiptamál almennt í landinu. Ef út af fyrir sig ætti að gera það, þá mundu eflaust margir þm. vilja koma með sínar athuganir og bendingar.

Mér finnst það vera nokkuð einkennileg afstaða hjá hv. 2. þm. Reykv., hvað hann heldur fast við það, að allt of mikið fjármagn hafi lent hjá verzluninni. Það er eins og hann hafi engin bjargráð fyrir hendi önnur en að taka allt fjármagn af

verzluninni. Það er vitað, að í öllum löndum, það er alveg sama hvaða ríkisstj. það er, alls staðar er keppt að því, að verzlunin hafi hæfilegt fjármagn. Við getum deilt um, hvort það komi ekki stundum tímar, þegar of mikið fjármagn lendir hjá einni stétt. En það verður jafnframt að gæta að því, hvernig fortíðin hefur verið síðustu 6 árin. Það hefur verið hlutverk verzlunarstéttarinnar að sjá landsmönnum fyrir nægilegum vörum til landsins, en svo var sett eftirlit með verzlun og innflutningi, og það kemur úr hörðustu átt, að hv. 2. þm. Reykv. skuli nú vera með gagnrýni á slíkt eftirlit, því að sjálfur telur hann sig föður nýbyggingarráðs, sem kom með ýmsar stórfelldar hugmyndir, sem urðu m. a. til þess að gera þeim erfiðara fyrir, sem tóku við á eftir. Annars fannst mér, að það, sem berlegast kom fram í ræðu hv. þm., það var gagnrýni hans á núverandi stj. og þeim ráðum, sem eru undir væng hennar. Ég get gjarnan tekið undir það með hv. þm., að það horfir til mjög alvarlegs ástands hvað verzlun og iðnað snertir, ef ekki er hægt að úthluta leyfum fyrir þetta nýbyrjaða ár svo fljótt, að svigrúm gefist til að ná í vörur. Og þó að leyfi hafi verið samþ., þá er ástandið þannig í heiminum hér um bil í öllum löndum, að það eru takmörk fyrir því, hvað þau geta látið af hendi og vilja afgreiða til annarra landa. Ég vil gjarnan, að þetta viðhorf sé athugað, svo að nægilegt svigrúm gefist til að ná í þær vörur, sem flytja á inn fyrir verzlunarstéttina, sem hv. 2. þm. Reykv. segir, að eigi ekki að starfa með neinu rekstrarfé. Og það mundi ekki koma mér á óvart, að þegar vöruþurrð yrði komin, þá risi þessi hv. þm. upp og segði: Svona er þetta frjálsa framtak. Það dugir ekkert nema landsverzlun.

Skoðanamunurinn milli mín og hv. þm. er sá, að hann vill leggja að velli athafnafrelsi, kjark og dug einstaklingsins til að leggja í hættu sínar eignir og fjármuni og vinna að þeirri þróun, sem þeir með gleði vilja efla á sínu starfssviði hjá þjóðinni. Í þess stað vill hv. þm. koma á landsverzlun, og ég býst við, að hann vilji, að hún hafi höfuðaðsetur sitt í Rvík. Ég játa, að eins og viðhorfið er nú í verzlun og viðskiptum úti um land, þá óska ég miklu fremur að geta sett þar upp vörur á ýmsum stöðum, fremur en að umskipa öllu í Rvík, og það er ósk allra, sem hafa með höndum innflutning. En þegar um stór flutningaskip er að ræða, þá kemur annað til greina, — að þá verður að vera nægilega mikil eftirspurn á staðnum til að mögulegt sé fyrir skipin að koma þar við. Einnig er þess að gæta, að þótt Rvík sé talin dýr höfn, þá hefur t. d. stundum salt og kol orðið ódýrara með því að fá þessar vörur hér í land, jafnvel þó að orðið hafi að borga undir þær dýra fragt út um land, heldur en að fá þær beint á hafnirnar úti um land. Ég ætla ekki að nefna dæmi, því að þetta er aðeins svar við einstökum atriðum, sem hv. þm. kom með.

Ég fyrir mitt leyti álít verulega þörf á að ræða þessi mál og að við misskiljum ekki hver annan, heldur sýnum hver öðrum meiri skilning, því að það munu fáar stéttir mæta öðrum eins misskilningi og verzlunarstéttin, en ég fullyrði, að hún, bæði kaupsýslumenn, kaupfélög og kaupmenn, hafa gert sitt ýtrasta til að standa í sinni stöðu og láta neytendurna fá vörur inn í landið.

Hvað snertir önnur atriði, sem hann drap á, þá gætum við lengi skeggrætt um það, og mundu sjálfsagt margir vilja leggja þar orð í belg. Ég ætla þó ekki að gera það á þessu stigi málsins, því að ég álít ekki heppilegt að gera það í sambandi við það mál, sem hér er nú á dagskrá, til þess að hér komi fjöldi brtt., því að ef á að koma hér með almennar brtt. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, eins og við höfum verið að ræða hér um nú, þá finnst mér það vera allt annað mál en það, sem hér er á dagskrá, því að það er frv. um innflutning og útflutning á gjaldeyri. Meiri hl. fjhn. leggur til, að sett verði ný l., sem tekin verði út úr l. um fjárhagsráð, sem aðeins segi til um innflutning og útflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri. Hann vill fylgja þessum nýju l. Eins og hann man, þá var þetta mál rætt við tollstjóra. Hann var þeirrar skoðunar, að eðlilegt væri, að þetta kæmi inn í 13. gr. l. um fjárhagsráð, en 5. málsgr. hennar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Bannað er að flytja íslenzkan eða erlendan gjaldmiðil úr landi nema nauðsynlegan fararеyri eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur.“

En það skal fram tekið, að hv. 2. þm. Reykv. vildi heldur fylgja brbl. og hafa þetta í sérstökum l. Svo að ég er þeirrar skoðunar, að það sé annaðhvort fyrir okkur að komast að niðurstöðu um þetta eina atriði, sem fyrir n. lá. En ef við eigum að fara að ræða almennt um viðhorfið í þessu máli, þá býst ég við, eins og ég tók fram áðan, að við værum margir, sem vildum gjarnan hreyfa þessu eitthvað í aðra átt, en vildi á þessu stigi mælast til, að menn haldi sig við það annaðhvort að samþykkja brbl. eða þessa breyt. á till. meiri hl. fjhn., að þetta komi inn á þessum sama stað sem um ræðir í 5. mgr. 13. gr. Ég vildi því taka undir það, sem hæstv. samgmrh. lagði til í þessu máli, að við reyndum að afgreiða þessi l. út af fyrir sig.

Viðvíkjandi þeim brtt., sem hér liggja fyrir á þskj. 281 og 282, þá er það um þá fyrri að segja, að ég held, að það sé varhugavert að fara að stofna ráð á hverjum stað í landinu, og vil benda á það, að í öllum nálægum löndum og í Bandaríkjunum er aðeins ein miðstöð fyrir öll þessi l., svo að ég held, að þótt eitthvað yrði bætt úr þessu, sem ég játa að eru miklir erfiðleikar fyrir menn að reyna að koma málum sínum fram og fá svar við þeim, þá hefur þetta skeð fyrir okkur hér hvort sem er í Rvík eða Hafnarfirði um áramótin, að það er engin ákvörðun komin fram enn um innflutning fyrir 1948, svo að ekki hefur verið um það að ræða að veita önnur leyfi en þau, sem nauðsynleg urðu að teljast, þ. e. fyrir vörum, sem sýnilegt var, að yrðu að koma til landsins. Svo að ég held, að það yrði að athuga þessa leið miklu betur en fram kemur í þessari till., ef hún ætti ekki að mynda aftur togstreitu og skapa ýmis óheilindi, því að það hefur komið fyrir, þegar vöruþurrð hefur orðið, að farið hefur verið að bjóða vörurnar úti á landi, og hefur þá verðið oft komizt upp í svartamarkaðsverð. Þá er líka þess að gæta, að fólkið sækir þangað, sem atvinnan er næst og bezt. Við vitum, að núna í vetur hafa sérstaklega Rvík og Hafnarfjörður tekið á móti mjög miklu vinnuafli og líka Siglufjörður. Það segir þá sig sjálft, að það er ekki hægt að haga úthlutuninni bara eftir fólksfjöldanum í þeim landsfjórðungi. Ég get því ekki fylgt þessari till.

Um brtt. á þskj. 282 er það þegar upplýst af hv.

þm. Ísaf. (FJ), að það hafi aldrei verið lagður steinn í veg fyrir fjárfestingarleyfi til íbúðarhúsbygginga af takmarkaðri stærð. En mér kom á óvart, að hv. þm. A-Húnv. (JPálm) vildi bara binda þetta við kauptún, sem hafa mest 500 íbúa, en geta má nærri, að það sama getur verið alveg eins óréttlátt á öðrum stöðum, hvort heldur er í Rvík, á Akureyri eða annars staðar á landinu, svo að ég held, að það væri bezt, ef hv. þm. vildi draga þessa till. til baka á þessu stigi, því að eins og ég hef tekið fram, er margt að athuga við þessi l., sem hafa verið nú aðallega til umr., um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, sem eru að mörgu leyti á móti mínu skapi. Ég veit, að þetta er frekar gert í nauðvörn, til þess að reyna að koma fjárhag landsins á heilbrigðan grundvöll, en það er sönnun þess, að því meira sem það opinbera blandar sér í málið, verður það eitthvað óeðlilega þungt í vöfum og getur valdið hinu mesta misrétti. Ég vildi því hafa skýrt þessa afstöðu mína, því að hún kemur heim við það, sem hv. 2. þm. Reykv. hefur sagt, en ég vildi bara binda afgreiðslu þessa máls, sem hér liggur eiginlega fyrir, við þessi upphaflegu brbl., sem hér voru lögð fram og hæstv. samgmrh. mælt ist til, að d. tæki sérstaklega til meðferðar.

Finnur Jónsson: Sú brtt., sem meiri hl. fjhn. hefur lagt fram, gefur ekki tilefni til neinna almennra umræðna um fjárhagsráðsl. og raunar tæplega heldur þær 2 brtt., sem hér liggja fyrir til umr. En ég vil aðeins út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. minntist á þann mikla troðning og þröng, sem þessi lagasetning hefði haft í för með sér fyrir þá, sem þessi mál hafa með höndum, geta þess, að ég hef ekki orðið þess var sem fjárhagsráðsmaður. Í ráðinu eru viðtalstímar 3 tímar í viku, og a. m. k. þá tíma, sem ég hef verið til viðtals, hefur það sjaldan hent, að viðtölunum hafi ekki verið lokið á þeim eina klukkutíma. Lýsingar hv. 2. þm. Reykv. hvað átroðningi í fjárhagsráði viðvíkur eru þess vegna algerlega út í hött. Annað mál er það, að það má vera, að viðskiptanefnd verði fyrir allmiklum átroðningi, en starfssvið hennar hefur í rauninni ekki að neinu leyti verið breytt frá því, sem verið hefur mörg undanfarin ár. Hún afgreiðir innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, eins og hún hefur gert, og ekkert annað. Vera má, að þar sé um allmikinn troðning að ræða, en það stafar ekki af því, að valdsviði viðskiptanefndar hafi verið breytt, heldur af hinu, að vandi er orðinn mikill á höndum með gjaldeyri í landinu og þess vegna miklu erfiðara að fá innflutnings- og gjaldeyrisleyfi en verið hefur. Hv. 2. þm. Reykv. komst að visu þannig að orði, að gjaldeyrisskortur væri engin afsökun fyrir því að ávisa ekki gjaldeyrisleyfum, en ég held, að viðskiptanefnd hafi ekki umboð til þess að ávisa á það, sem ekki er til.

Annars hefur bæði hv. 2. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Reykv. gert að umtalsefni, að enn sé ekki búið að taka ákvarðanir um leyfaveitingar á þessu ári, og mun það fyrst og fremst stafa af því, að tekin hefur verið upp ný regla um útgáfu leyfanna, þannig að leyfin eru flokkuð miklu meira en áður í samræmi við tollskrána, en áður var það svo, þegar t. d. gefin voru út leyfi fyrir vefnaðarvörum, að kaupa mátti hvaða vefnaðarvöru sem var út á þessi leyfi, en nú eru gefin út leyfi fyrir þær vefnaðarvörur fyrst og fremst, sem nauðsyn er á að flytja til landsins. Jafnframt þessu hefur svo viðskiptanefnd tekið upp þann sið að skrásetja og flokka leyfin eftir löndum, áður en þau eru gefin út, en áður var siður að framlengja öll leyfi, sem gefin höfðu verið út, án þess að haldin hefði verið yfir það nokkur skrá. Nú er ætlazt til, að haft sé yfir þetta bókhald til þess að sjá, hve mikið er úti af leyfum í hvert skipti í hverju landi, og hefði vitanlega átt að vera búið að taka upp þessa reglu fyrir löngu síðan. — Þetta vildi ég láta koma fram út af aths. hv. 2. þm. Reykv.

Umr. frestað.

Á 50. og 51. fundi í Nd., 3. og 5. febr., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 6. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Það er nú svo langt liðið síðan þetta mál var hér síðast til umr., að margt af því er fallið í gleymsku, sem sagt var. Ég get því verið stuttorður.

Ég vil minna á það, að meiri hl. fjhn. leggur áherzlu á það, að báðar þær brtt., sem hér liggja fyrir, verði felldar.

Ég endurtek það, að till. þeirra hv. þm. A-Húnv. (JPálm) og hv. 2. þm. Rang. (IngJ) veldur misrétti, eftir því, hvar menn búa á landinu. Það var til athugunar í fjhn., þegar l. um fjárhagsráð voru þar til athugunar, hvort hægt væri að setja undanþágu fyrir smærri framkvæmdum, en n. komst að þeirri niðurstöðu, að þetta væri erfitt og ekki heppilegt og að bezt væri, að framkvæmdavaldið hefði það á hverjum tíma í hendi sér að þrengja og víkka þetta svið, eftir því sem þægilegt væri. Sú till. var því felld, og sama er að segja um till. frá þeim hv. 11. landsk. (HermG) og 2. þm. Reykv. (EOl). Þeir telja, að till. þeirra verði til þess að bjarga dreifbýlinu, en það er ekki gert betur en svo, að þetta fjárhagsráð á að útnefna allar n. og svo að skipta gjaldeyrinum. Hvað sem á að gera í því að rétta hlut dreifbýlisins, verður það ekki gert með þessu móti. Það er svo að segja alveg ómögulegt að hafa 4 gjaldeyrisnefndir í landinu og úrskurða þarfirnar á þann hátt, fyrir utan allt það ósamræmi, sem þessi aðferð mundi hafa í för með sér, enda hafa stærri þjóðir en við ekki farið út á þessa braut. Ég efast ekki heldur um það, að hagsmunir dreifbýlisins njóta sín hjá fjárhagsráði, enda var það sett til þess að vernda þá, sem fjarri eru, svo að þeir verði ekki útundan með slíka hluti, og þegar nú sjálfir þm. þéttbýlisins, þeir 2. þm. Reykv. (EOl) og 11. landsk. þm. (HermG), ef ég má segja svo, leggjast nú á sveif með öðrum hetjum dreifbýlisins, hygg ég, að því ætti að vera borgið, jafnvel þótt eitt ráð sé fyrir allt landið.

Allt tal hv. 2. þm. Reykv. (EOl) um erfiðleika manna úti á landi, sem hv. þm. Ísaf. (FJ) bar til baka, gat eins átt við, þegar hann átti sæti í nýbyggingarráði sem varaformaður, en þá kom aldrei fram till. í þessa átt.

Ég orðlengi þetta svo ekki, en tel bezt að halda sér að upphaflega frv. og fella allar brtt.

Jónas Jónsson: Ég hef ekki getað sannfærzt af ræðu hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ) um það, að ekki sé ástæða

til að gera breyt. á valdi fjárhagsráðs, þegar um minni byggingar er að ræða. Það nefndakerfi, sem nú er verið að setja hér upp, er að verða plága á landsfólkinu. Ég mætti hér fyrir utan oddvita utan af landi. Hann gerði ráð fyrir að þurfa að vera mánuð hér í bænum, ef hann ætti að fá að tala við þær n., sem hann þarf að tala við. Þetta sagði hann ekki í spaugi. Núv. stj. er í þeirri hættu að verða *ofstjórn. Ef svo er komið, að ekki sé hægt að byggja fjárhúskofa norður í Grímsey, svo að það þurfi ekki* að athuga það hér í ráði í Rvík, þá er þetta orðið fjarstæða.

Ég held, að það hafi komið yfir okkur einhvers konar annarlegt eðli. Þó ekki sé nema það, að menn eru þannig stemmdir, að fjárhagsráðsmaður gat þess, að það hafi tekizt að festa 600 millj. kr. á einu ári. Slíkt gæti ekki komið fyrir jafngáfaða þjóð og Íslendinga, ef slíkt væri sjálfrátt. Það kom með svo miklum innileik, að nú væri búið að festa 250 millj., eins og búið væri að leggja hættulegan óvin að velli. Við getum ekki skilið, hvað var að þeim mönnum, sem gerðu okkur efnalaus á örstuttri stundu, en nú er komið að hinni hliðinni, að setja upp skömmtunarkerfi, ekki aðeins til að skammta stóra hluti, heldur líka litla hluti. Í Árnessýslu veit ég, að það er þannig, að oddvitinn á Selfossi, sem er kaupmaður, á að skammta byggingarefni handa öllum bændum í sýslunni og handa þeim, sem búa á Selfossi. Maðurinn hefur ekki sótzt eftir þessu. Hann hefur engan kunnugleika á því. Þetta hafa menn upp úr þessari oftrú á ofstjórninni. Það eru margir til, sem ekki kunna með þessa hluti að fara. Ég held því, að það sé rétt að ganga inn á þessa till. hv. þm. A.-Húnv. (JPálm) og 2. þm. Rang. (IngJ), um að gefa frjálst byggingarefni til minni háttar framkvæmda, því að þetta getur aldrei orðið nema til vandræða fyrir stj. Ég var nú ekki andbanningur, en eitt af því, sem haft var á móti banninu á sínum tíma, var það, að Íslendingar þyldu ekki bann, og það kæmi mér ekki undarlega fyrir sjónir, þótt þetta eftirlit frá okkur hér í Rvík yrði þannig, að menn gætu ekki unað við það nema skammt. Og þá kynni það að verða svo óvinsælt, að menn vildu losna við þá, sem að kerfinu standa.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Síðan ég tók til máls um þetta mál síðast, hafa orðið þó nokkrar umr. um þetta mál. Í þeim umr. hefur dálítið verið almennt farið inn á *verksvið fjárhagsráðs. Það voru* þeir hv. 3. þm. Reykv. (HB) og hv. þm. Ísaf. (FJ), sem ég vildi sérstaklega svara, og þætti mér vænt um, ef gætt væri að því, hvort þeir væru í húsinu, og þeim borin boð um það, að ég væri að tala til þeirra. (**Forseti**: Hv. þm. Ísaf. (FJ) hefur fjarvistarleyfi og hv. 3. þm. Reykv. (HB) hefur ekki borið fyrir augu mín í dag.) — [3. þm. Reykv. kom í þessu inn í salinn.]

Hv. 3. þm. Reykv. (HB) ræddi um það, að við sósíalistar vildum leggja að velli allt frjálst einstaklingsframtak. *Ég vildi bara spyrja hann að því,* hvar það væri, þetta frjálsa einstaklingsframtak, sem við viljum drepa núna. Ég sé ekki betur en búið sé að reyra þetta frjálsa einstaklingsframtak slíkum böndum, að það aldrei hafi verið fastar bundið né reyrt á Íslandi í allri þess eymd en nú með þeirri stjórn, sem Sjálfstfl. hefur á málum þjóðarinnar núna, og það væri gaman að sjá, hvort hv. 3. þm. Reykv. (HB) getur sýnt fram á, að einstaklingsframtakið *gæti orðið reyrt fastari* böndum undir skipulagi sósíalismans en það er nú hér.

Ég held, að þetta tal um frjálst framtak og frjálsa verzlun eigi bara alls ekki við hér á Íslandi. Það er svo fjarri sanni að halda því fram, að til sé eitthvað, sem heitir frjálst einstaklingsframtak. Framtakið er til, en það er reyrt svo í bönd embættismannastjórnarinnar, að það fær sig hvergi hrært, og undan þessu kvarta bæði samvinnufélög og einstaklingar, og það er Sjálfstfl., sem reyrir það í þessi bönd, og það er ekki til neins fyrir þann flokk að reyna að koma sér undan því. Þessi einokun, sem nú er á Íslandi, er verk Sjálfstæðisfl. Það er Sjálfstæðisfl., sem heldur því við, og án hans væri ekki hægt að halda því við.

Það er úthlutað, hvað verzlun snertir, sérstökum einokunarleyfum, leyfum til þess að okra á. Meiri hluti þessara leyfa fer til manna, sem embættismenn *ríkisins ráða, hverjir séu. Einu sinni var rætt um* að skapa reglur um það, hvaða menn skyldu verða þessara leyfa aðnjótandi. Einu sinni átti að fara eftir svo kallaðri kvótareglu. Þessi regla var ekki haldin. Þá var lýst yfir því af fyrrv. stj., að farið skyldi eftir því, hvað menn seldu ódýrt. Það var ekki farið eftir þeirri reglu. Þá var lýst yfir þeirri reglu, að neytendur fengju að ráða, hvar þeir verzluðu. Stj. hefur játað, að ekki væri farið eftir þeirri reglu. Það er ekki farið eftir neinni reglu. Eftir hverju er farið? Eftir gerræði stjórnarvaldanna. *Innflutningsleyfum er úthlutað eftir því, hvaða menn* eru í náðinni hjá stjórnarvöldunum á hverjum tíma. Það er það sama gerræði og ríkti hér fyrr á tímum, þegar gæðingar dönsku hirðarinnar réðu því, hvaða danskir einokunarkaupmenn fengju hverja höfn á Íslandi. Og það er vitað, að á undanförnum árum hefur stj. staðið á móti því að innleiða réttlæti í þessum efnum. Með öðrum orðum: Sjálfstfl. og aðrir flokkar hafa lagt að velli frjálst einstaklingsframtak á Íslandi, og það er vissulega hart, þegar sá flokkur leyfir sér að gefa út blað, sem hann kallar Frjálsa verzlun, og heimtar í því, að það verði frjáls verzlun í landinu.

Sjálfstfl. úthlutar leyfum til sérstakra gæðinga stj., til þess að gera þá ríka á kostnað annarra. Það er ekkert frjálst einstaklingsframtak, engin frjáls verzlun. Það er eingöngu gerræði, sem ræður, og flokkur núv. stj. hefur sýnt sig í því að vilja ekki *innleiða það, að kaupmenn og kaupfélög gætu keppt* um þetta. Þess vegna er rétt fyrir hv. 3. þm. Reykv. (HB) að skjóta geiri sínum þangað, sem þörfin meiri fyrir er, og höggva á þau bönd, sem reyra verzlunina í landinu. Verzlunin hefur verið fjötruð fyrr, en það hefur aldrei verið gengið eins langt í að fjötra hana eins og nú, og vilji hv. 3. þm. Reykv. (HB) fást um það, að einstaklingsframtakið sé lagt að velli, er bezt fyrir hann að snúa sér að Sjálfstfl., og það er það, sem getur höggvið á þau bönd, sem allt eru að hefta í einokunarkaup*mennsku.*

Menn hafa verið hræddir um það, þegar þeir hafa talað um sósíalismann, að þar yrði svo mikil embættismannastjórn. En ef menn vildu taka allt það versta, sem orðið gæti undir sósíalisma, ef hann væri illa framkvæmdur, geta menn kynnzt því í núverandi þjóðfélagi. Hins vegar er ekki neinn af þeim kostum, sem sósíalisminn hefur.

Það væri æskilegt og vonandi, að hv. 3. þm. Reykv. vildi styðja að því að fá fram, hvers konar skipulag það er, sem ríkir í verzlunarmálum hér á Íslandi núna, og hvar sé jafnrétti manna fyrir l. Það er að minnsta kosti ekki til neins að „citera" í það, að það sé eini flokkurinn, sem er á móti stj., sem hafi lagt að velli einstaklingsframtakið á Íslandi, en það er Sjálfstfl., sem hefur lagt það í fjötra, hvað marga fundi sem honum tekst að kalla saman hér í Rvík til þess að fullvissa menn um, að hann hafi ekki bundið frjálsa verzlun. Það er vissulega hægt að hafa hér frjálsa verzlun, og þótt ég sé ekki með frjálsri verzlun, skal ég játa, að það er betra en öngþveiti það, sem nú ríkir.

Sem sagt: Allar þær reglur, sem átti að fara eftir, þegar núv. stj. og fjárhagsráð tók við, hafa verið brotnar. Það er engin regla, engin lög, bara geðþótti. Þetta er eins og á einvaldstímunum, og það, sem þótti verst við einvaldsstjórnirnar, var það, að það var aldrei hægt að vita, hvað væru l. og hverju menn gætu treyst. Það er embættismannastj., sem öllu ræður, og þá á ég ekki við hina eldri embættismenn þjóðarinnar, heldur ráð, sem sett eru um stuttan tíma og skortir þá ábyrgðartilfinningu, sem embættismennirnir hafa. Ég held þess vegna, að hv. 3. þm. Reykv. (HB) verði, næst þegar hann talar, að tala meira konkret um hlutina og taka það fyrir og rannsaka, hver ber ábyrgðina á því, sem hann er að skilgreina, og um leið að sýna, í hvers þágu þetta er gert. Annars er verið að gera þetta til þess að gera hér eins konar aðal, nokkra stóratvinnurekendur og heildsala hér í Rvík, en útiloka aðra, skapa einokunarfyrirkomulag og meina öðrum að ná rétti sínum vegna þessarar einokunar. Mér sýnist, að stj. sé að undirbúa einokun í þjóðfélaginu, og verð ég að segja það, að ef sú einokun á að gilda, þá er nær að taka upp einokun ríkisins á þessum hlutum. Þá er nær að láta ríkið hafa þetta. Það er annaðhvort að hafa frjálsa verzlun eða ríkið hafi þetta, en að skapa hér einokun nokkurra fárra manna, er fyrirkomulag, sem ekki nær nokkurri átt. Hv. 3. þm. Reykv. (HB) talaði á móti þessu og kenndi okkur sósíalistum það, en hann verður að gera sér ljóst, að það er Sjálfstfl., sem ber ábyrgðina, og það er ekki til neins fyrir hann að skjóta sér undan henni.

Hv. þm. Ísaf. (FJ) var að tala hér á móti, og mér þykir leitt, að hann skuli ekki vera hér nú, en ég get samt ekki komizt hjá að taka fyrir hans ræðu, þó að hann sé ekki við. Mér þykir þetta slæmt, en ég hef aðeins 2 ræður og þetta er sú síðari og síðasta umr. málsins hér í d. En ræða hans var þess efnis, að ég þarf að svara henni. Hann er eini maðurinn hér í d., sem á sæti í fjárhagsráði, en það ráð hefur ekki látið svo lítið að leggja fram fyrir þingið skýrslu um störf sín, og kem ég því til með að saka það um lögbrot. Vildi ég því spyrja hæstv. forseta, hvort hugsanlegt væri að fresta umr., þar til hv. þm. Ísaf. getur verið viðstaddur. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Nd., 9. febr., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Einar Olgeirsson [frh.]: Herra forseti. Í fyrri hluta þessarar umr. var hv. þm. Ísaf. kominn inn á aðbúnað manna, sem sækja þyrftu til gjaldeyris- og innflutningsyfirvaldanna utan af landi. Hv. þm. taldi viðtökur þessara manna alls ekki svo slæmar. Það hefur nú oft verið kvartað yfir því, að erfitt sé að ná til þessara háu herra og menn þurfi jafnvel að bíða dögum saman til þess að ná tali af þeim, ef ekki vikum. Hv. þm. lýsti nú samt yfir því, að í fjárhagsráði hefðu meðlimir þess þriggja tíma viðtalstíma á viku hverri. Það kann nú að vera, að þar sé nú ekki mikil þröng sem sakir standa, en það stafar þá af því, að þessir háu herrar eru þá búnir að drepa menn af sér, og ég veit af nokkrum mönnum, sem kvartað hafa yfir því, að hv. þm. Ísaf. hefur ekki tíma til þess að ræða við þá. Ef því fólki fækkar, sem bíður á viðtalstímum, þá stafar slíkt af því, að þessir herrar drepa það af sér. Aðsóknin var mikil í haust, en það kann að vera, að menn séu orðnir uppgefnir á því að elta fjárhagsráðsmennina. En hvað viðkemur undirn. fjárhagsráðs, viðskiptan., þá er svo ástatt um hana, að troðningurinn er svo mikill, að það er nær útilokað, nema fyrir einstaka menn, að ná tali af henni. Menn þurfa að bíða vikum saman til þess að ná tali af undirn. fjárhagsráðs. Ég held, að það þýði ekkert að reyna að gylla það fyrir mönnum. Og ég veit ekki annað en að á morgun komi nefndir frá bæjarstjórnum og hreppsnefndum utan af landi til þess að reyna að fá fram, að tekið verði eitthvað skár á móti þeim einstaklingum, sem fara á eigin spýtur til þess að hitta fjárhagsráð og til þess að kvarta yfir því, hvers konar afgreiðsla hefur verið á þessum málum.

Hv. þm. Ísaf. fór svo nokkuð inn á það, að það hefði verið mjög mikið eftir af gömlum leyfum, sem þyrfti að framlengja. Æskilegt væri að fá upplýsingar um það, hvaða leyfi væru framlengd og eftir hvaða reglum. Því að eins og ég gat um, virðast engar reglur vera gildandi um það, eftir hverju farið er um úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa, og væri mjög ánægjulegt fyrir Alþ. að fá að vita, eftir hvaða reglum farið er um framlengingu leyfanna.

Þá kom hv. þm. Ísaf. síðast í ræðu sinni inn á það, að ég hefði verið sérstaklega að tala um brtt. hv. þm. A-Húnv. og meðflm. hans. Ég hafði ekki tekið afstöðu til þess máls, en ég benti á, að það væri skarð í þetta kontrolsystem, sem þyrfti að ráða bót á. Ég tók hins vegar ekki afstöðu til þess máls, sem hv. þm. Ísaf. talaði um, að ég hefði verið svo ánægður með og óskaði mér til hamingju með, að ef það væri samþ., þá væri samþ. að byggja sumarbústaði úti um landið. Það er vitanlega ákaflega hægt að banna með l. að byggja sumarbústaði úti um land. Og það er hægt með þess háttar aðferðum að koma í veg fyrir þá hluti, ef mönnum þætti eðlilegt að fara inn á þá braut í aðalatriðum, sem hv. þm. A-Húnv. var með. Aðalatriðið í ræðu hv. þm. Ísaf. snerist hins vegar um það, að hann sagði, að viðskiptan. teldi sig ekki hafa umboð til að ávísa á það, sem ekki væri til, og vildi hann gera það að aðalatriði í sinni ræðu, að gjaldeyrisskorturinn væri afsökun fyrir því að afgreiða ekki gjaldeyris- og innflutningsleyfi í tíma. Og þessi atriði í starfsemi fjárhagsráðs langar mig til að fara inn á. Ég hafði talið, að gjaldeyrisskorturinn afsakaði ekki að afgreiða ekki í tíma umsóknir um innflutning. Þegar áætlunarbúskapur er hjá þjóð, þá er vitanlegt, að það verður að afgreiða innflutnings-

og gjaldeyrisleyfi fyrir þeim hlutum, sem á að nota, það löngu fyrr en þeir eiga að koma til nota, að það sé t. d. búið að fá hráefnin hingað flutt, þegar á að fara að vinna úr þeim. Það þarf því að afgreiða leyfin þremur til sex mánuðum áður en reiknað er með, að hráefnin komi til landsins. Svo tekur það nokkuð langan tíma að vinna úr þessum hráefnum. Allur áætlunarbúskapur byggist á því að ávísa á það, sem ekki er til. Og ef hv. þm. Ísaf. og aðrir, sem með honum eru í fjárhagsráði, hafa ekki skilið þetta, þá skil ég ekki, hvernig þeir taka að sér að starfa í þessu ráði. Þetta er það fyrsta í hugtakinu áætlunarbúskapur. Svo að það felst í því, ef um áætlunarbúskap á að vera að ræða, að það eigi að áætla, að á árinu 1948 komi íslenzku þjóðinni til með að áskotnast svo eða svo mikið af gjaldeyri. Og fjárhagsráði er gert að áætla um það, hve mikils gjaldeyris megi vænta, og svo, hvernig heppilegast sé að verja honum. Og þegar við vitum, að t. d. ákveðin iðnaðarvara á að vera til í september, þá er gefið, að við verðum að gefa út gjaldeyrisleyfi fyrir hráefni til hennar í desember næst áður, ef það tekur sex mánuði að ná í vöruna til landsins og svo allt að því þrjá mánuði að vinna úr hráefninu þessa vöru. Allur áætlunarbúskapur byggist á því að ávísa á það, sem er ekki til, og að þetta sé gert í tíma, eftir raunhæfar áætlanir um það, hvaða líkur eru um það, hve mikil gjaldeyrir áskotnist til nauðsynlegra innkaupa. — Ef hins vegar höfð væri sú aðferð, sem hv. þm. Ísaf. virtist gefa til kynna áðan sem mögulega leið, er hann spurði, á hvað ætti að ávísa, hvort það væru vörur, sem hér liggja — ef ætti að vísa á þær vörur, sem fluttar væru inn án þess að gjaldeyrisleyfi væri fyrir innflutningnum og ef þetta þýðir það, að bíða eigi með að gefa leyfin þangað til vörurnar eru komnar hingað til landsins, og það ætti að gilda um svo eða svo mikil verðmæti, þá þýddi það það, að vara, sem ætti að vinna úr, kæmi óhæfilega seint til landsins. Það væri álika óforsvaranlegt og ef fiskimaður færi þá fyrst að hugsa fyrir netum, þegar hann sér síldina vaða. Það er alveg gefið, að áætlunarbúskapur verður að byggjast á því, að höfð sé forsjálni viðkomandi innflutningnum og reiknað með innflutningnum löngu áður en þarf að fara að nota vörurnar, sem inn eru fluttar. Vitanlega getur brugðið um það til beggja handa, hvernig um gjaldeyrisöflun fer hjá fiskveiðiþjóð eins og okkur. Og meira að segja stórþjóðir, sem byggja útflutning sinn á landbúnaði, geta ekki reiknað út með neinni vissu framleiðslu sína fyrirfram. En engri þjóð, sem tekið hefur upp áætlunarbúskap, hefur dottið í hug annað en að beita þessari reglu, að ávísa á það, sem er ekki til. Því áætlunarbúskapur þýðir það að áætla um mörg ár fram í tímann um framleiðslu og gjaldeyrisöflun eftir skynsamlegum rökum um það, hvað muni verða til af framleiðsluvörum og gjaldeyri á hverjum tíma. Ef fjárhagsráð ætlar að byggja upp Sogsvirkjunina og Þjórsárvirkjunina og ætlar sér aldrei að ávísa á annað en það, sem er til, þá er ég hræddur um, að það gangi seint að koma hlutunum upp. Ég veit líka, til hvers þetta fyrirhyggjuleysi hjá fjárhagsráði muni leiða. Ég býst við, að fyrst fjárhagsráð hefur tekið upp þá aðferð að vilja ekki ávísa á það, sem er ekki til, sem sagt hefur enga áætlun um þessa hluti, þá muni það verða til þess, að keyptar verði inn vörur, sem eru dýrari en hægt væri að framleiða þær hér. T. d. þegar þvottaefni vantaði á Íslandi, þá sá ég einhvers staðar, að þvottaefni hefði verið keypt inn frá Ítalíu, sem var mörgum sinnum dýrara en það, sem hér hafði verið framleitt. Ef áætlunarbúskapur væri það, sem gilti hjá fjárhagsráði, þá hefðu verið gerðar ráðstafanir til þess, að hægt hefði verið í tæka tíð að kaupa inn hráefni til þess að framleiða þvottaduft, til þess að ekki hefði þurft að kaupa það við óhagstæðara verði frá útlöndum en hægt var að framleiða það með hér. En það þarf mörgum sinnum meiri gjaldeyri til þess að kaupa þessa vöru tilbúna frá útlöndum en að kaupa inn hráefnið í hana, ef forsjálni væri gætt til þess. Ég býst við, að þetta ráðleysi hjá fjárhagsráði leiði líka til annars hlutar. Þegar fjárhagsráð og viðskiptan. þess láta undir höfuð leggjast að gefa út þessar ávísanir, gjaldeyrisleyfin, í tæka tíð, þá þýðir það það, að svo eða svo margir kaupsýslumenn brjóta l. með því að kaupa erlendis frá svo og svo mikið af vörum, sem engin leyfi hafa verið gefin út fyrir. Og ég spyr hv. þm. Ísaf. sem meðlim í fjárhagsráði, hvort rétt sé, að þrátt fyrir það, að auglýst var í haust, að nú mundu framkvæmd verða l., sem banna mönnum að flytja inn vörur án þess að hafa áður fengið gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir þeim, þá liggi hér vörur, sem þannig hafa verið fluttar inn, fyrir tugi millj. kr., svo sem vefnaðarvara fyrir 15 til 20 millj. kr., sem hinir og þessir menn hafi flutt inn, annaðhvort undirstungnir um það af yfirvöldunum, að ekki yrði tekið hart á því, þó að þeir flyttu þannig inn, eða þá sem hafa verið svo frekir, að þeir hafi gert það af því, að þeir hafi þótzt vita, að með frekju sinni mundu þeir hafa það fram, að fyrir vörum, sem þannig væru komnar til landsins, mundu sjálfsagt fást innflutningsleyfi, og þá kannske til þess að bjarga landinu frá vöruskorti. Er það meiningin nú að láta þá, sem flutt hafa inn vefnaðarvörur á þennan hátt, þrátt fyrir bann laganna, fyrst og fremst fá leyfi til þess að fá að flytja slíkar vörur inn, og eiga þeir einir að fá að flytja vörur inn, sem flytja þær inn þannig, vörur, sem þá sumar eru nauðsynjavörur, en aðrar ekki nauðsynlegt fyrir okkur að flytja inn. Það, að fjárhagsráði hefur undir þessum kringumstæðum ekki þótt rétt að gefa út gjaldeyrisleyfi í tíma, og það út frá þeirri meginreglu, sem hv. þm. Ísaf. var að tala um, að vísa ekki á það, sem er ekki til, hefur orðið til þess, að framtakssamir einstaklingar hafa brotið l. og flutt inn vörur án þess að hafa áður fengið gjaldeyris- og innflutningsleyfi. Þetta setur óorð á stjórnarfarið í þessum efnum, þannig að menn álíta, að það sé ekki nema slóðaskapur, sem hér komi til greina um að veita leyfi fyrir þessum vörum. Og að þessir einstaklingar taka sér fyrir hendur að flytja inn á þennan hátt, sem ég hef greint, er af því, að þeir hugsa, a. m. k. sumir hverjir, að ef þeir ekki gerðu það, þá hefði með því að flytja ekki inn á þennan hátt skapazt enn þá meira öngþveiti. Það er þokkalegt ástand í þjóðfélaginu, þegar svona er komið! — Mig langar til að spyrja hv. þm. Ísaf., hvort það sé svo, að auk þess sem innflutningur fari fram án kontróls, þá eigi sér stað þar að auki sá innflutningur hér á landi sem undirdeild fjárhagsráðs leyfi, að menn flytji inn bara án innflutningsleyfa fjöldann allan af vörum,

en fái síðan innflutningsleyfi hjá n., kaupi síðan dollara á svörtum markaði suður á Keflavíkurflugvelli og greiði með dollurum, og jafnvel einstök firmu hafi þessar vörur, sem keypt eru með þessum innflutningsleyfum og þessum dollurum, og hvort það sé regla fjárhagsráðs að leyfa innflutning þannig og eftir hvaða reglum sé farið um slík innflutningsleyfi, sem þannig eru gefin út. Ég segi þetta ekki sérstaklega til þess að álasa fjárhagsráði og viðskiptan., þó að þeir gefi innflutningsleyfi fyrir þess háttar innflutningi inn í landið. Það er ekki nema eðlilegt, að viðskiptan. fari inn á svona óviðkunnanlegar aðferðir, þegar ríkisstj. gengur á undan með því fordæmi að leyfa mönnum að smygla inn í landið í eins stórum stíl og þeir vilja hvaða vörum sem þeir óska að flytja hér inn. Ég ætla ekki sérstaklega að álasa fjárhagsráði eða þess undirn. fyrir þær aðfarir, þegar þeir, sem í þessum n. eru, hafa þá menn yfir sér, sem þetta gera. Það er kannske eins gott að láta menn kaupa inn vörur svona hér í Rvík eins og að menn kaupi vörur suður á Keflavíkurflugvelli. En ég nefni þetta sem dæmi um það, hvers konar upplausn er í því ríkiskerfi, sem hefur þetta svona.

Í l. um fjárhagsráð segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í 3. gr. þeirra laga:

„Fjárhagsráð semur fyrirfram fyrir hvert ár áætlun um heildarframkvæmdir. Fyrir yfirstandandi ár semur ráðið áætlun þessa svo fljótt sem auðið er og að svo miklu leyti sem við verður komið.

Í áætlun þessari skal gerð grein fyrir kostnaði við allar stærri framkvæmdir, svo og með hverjum hætti fjár skuli aflað, enda skal kveða á um það, í hverri röð framkvæmdir skuli verða, svo að vinnuafl og fjármagn hagnýtist þannig, að sem mest not verði að.

Enn fremur semur fjárhagsráð fyrir hvert ár heildaráætlun um útflutning og innflutning þess árs, magn og verðmæti. Skal áætlun þessi miðast við það að hagnýta sem bezt markaðsmöguleika og fullnægja sem hagkvæmast innflutningsþörf landsmanna."

Síðan segir í 6. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Jafnhliða því sem fjárhagsráð semur áætlun þá um heildarframkvæmdir, er áður greinir, skal það og gera sérstaka áætlun um framkvæmdir ríkisins áður en fjárlög eru samin ár hvert, og sé við samningu þeirrar áætlunar, er ríkisstjórnin og Alþingi geti haft til hliðsjónar, stefnt að því að tryggja landsmönnum öllum næga atvinnu, en koma jafnframt í veg fyrir ofþenslu."

Sem sé, næst á eftir þeirri stefnuskrá ríkisstj., sem er í 2. gr. fjárhagsráðsl., kemur 3. gr. um það að semja áætlun um framkvæmdir ríkisins. Þessi gr. var enn þá ákveðnari, þegar hún kom frá ríkisstj. Ég benti á, að ekki væri rétt að gera áætlun um hverja einustu framkvæmd í landinu. Þessi áætlun er aðalverkið, sem fjárhagsráð á að vinna. Þessa áætlun um heildarframkvæmdir ber fjárhagsráði, ásamt áætlun um framkvæmdir ríkisins, að hafa lagt fyrir ríkisstj. og Alþ. áður en fjárl. eru samin ár hvert. Þessi áætlun er ekki komin fram enn. Og af fjárhagsráði eru það bein lögbrot, að það hefur ekki lagt fyrir Alþ. í tíma þessa áætlun, eða ef þessir hv. menn, sem settir voru í þetta ráð, ekki treysta sér til að gera þessa áætlun, hafa þá ekki sagt: Við treystum okkur ekki til þess. — Hér hafa verið settir ákveðnir menn til þess að vinna ákveðið verk, sem lagafyrirmæli eru um, að skuli unnið, og ákveðið er í l., á hvaða tíma skuli vinna það, og svo er verkið ekki unnið. Þetta er lagabrot. Og það er ekki hægt að skjóta sér undan þessum l. Þau eru samin af ríkisstj., sem sjálf setur sér verkefni, sem hún ætlar að láta framkvæma og setur sína menn í það. Og ef hv. þm. Ísaf. dettur í hug í þessu sambandi að fara að tala um áætlun nýbyggingarráðs og að hún hefði ekki verið til, nema að nokkru leyti, þá voru þar að verki menn, sem voru klárari á það, hvað þeir treystu sér til að gera. Þeir slógu einmitt þann varnagla, að byrjað skyldi á framkvæmdum áður en áætlun væri lokið. Og engin takmörk voru sett um það, hvenær hún skyldi vera búin. En sú ríkisstj., sem tók við völdum á eftir, ætlaði nú aldeilis að vinna vel! Það skyldi nú verða sú stjórn hjá henni á þjóðarbúskapnum, að ekkert færi nú í handaskolum, sem ætti að gera. Þess vegna var kveðið svona skarpt að orði og gerðar svona háar kröfur. Og þessar kröfur voru gerðar að lagafyrirmæli. Þess vegna er um það að ræða, að fjárhagsráð og hæstv. ríkisstj. brjóta nú gagnvart Alþ. l., sem Alþ. hefur sett eftir ósk hæstv. ríkisstj. sjálfrar, l., sem eru aðallögin, sem sú ríkisstj. hefur óskað eftir að fá samþ. á Alþ. Þetta eru aðallögin, sem ríkisstj. kemur fram með, og eru um nýja stefnuskrá. Nú er það svo, að ekki aðeins fjárl. koma of seint fram hjá ríkisstj., heldur hefur líka fjárhagsáætlunin um þjóðarbúskapinn ekki verið lögð fram, sem átti að liggja frammi. Ég býst við, að fjárhagsráð hafi ekki þá afsökun, að það hafi of litlum vinnukrafti á að skipa. Meðan nýbyggingarráð starfaði, var alltaf talið eftir, að fólk ynni þar. Ég býst hins vegar við, að aukið hafi verið stórum starfslið hjá fjárhagsráði, frá því sem nýbyggingarráð hafði. En ég geri ráð fyrir, að fjárhagsráð hafi gert þau mistök, sem margar n. hafa gert hér á landi, að sökkva sér niður í aukaatriðin, en gleyma meir aðalatriðunum. Ég býst við, að fjárhagsráð hafi sökkt sér niður í það að athuga, hvaða byggingar skyldi leyfa að byggja á landinu. En það var alls ekki það verk, sem það fyrst og fremst átti að vinna. Þetta er eins og sýki hjá mörgum mönnum, sem gerir þeim mjög óhægt að starfa, að sökkva sér um of niður í daglegar áhyggjur, í stað þess að vinna að aðalatriðunum í því, sem n. eiga að starfa að. Þess vegna er það svo, að grundvöllurinn, sem átti að leggja fyrir þjóðarbúskap Íslendinga árið 1948, hefur alls ekki verið lagður. Þar hafa verið brotin l. Það hefur verið svikizt um að vinna að þessu, og þess vegna byggjum við jafnmikið í lausu lofti eins og áður viðkomandi þjóðarbúskapnum. Og auk þess sem ekki hefur komið fram nein áætlun um heildarframkvæmdir í landinu, þá hefur ekki heldur legið fyrir nein áætlun um útflutninginn. Sú áætlun er ekki farin að sýna sig enn þá. Það er ekkert farið að koma fram, sem bendi til þess, að farið sé að vinna að því að framkvæma meira að segja neina leynilega áætlun, sem samin hefði verið í þessa átt. Mér sýnist líka, að starfsemin hvað snertir útflutning Íslendinga sé þannig, að það sé yfirleitt varla unnið að því að reyna að selja vörur okkar. Það mun nú ekki vera búið að gera samninga nema við eitt einasta land um þetta. Og áætlunin um sölu afurða okkar mun vera hjá fjár-

hagsráði og hefur ekki legið fyrir Alþ. enn þá. Það væri ákaflega gott að vita, hvers konar áætlunarbúskapur þetta er hjá fjárhagsráði og ríkisstj., hæstv., hvað það er, sem þessir aðilar ætla sér með því að sleppa að semja þessa áætlun, sem við gætum svo byggt á áætlun um innflutning okkar. Mig langar í þessu sambandi alveg sérstaklega til þess að beina þeirri spurningu til hv. þm. Ísaf. sem fjárhagsráðsmanns, hvernig háttað sé starfsáætlunum um heildarframkvæmdir á t. d. sviði þeirrar stóriðju, sem hefur með iðnað að gera, eins og t. d. fiskiðjuversins. Það var sagt hér frá því fyrir skömmu í blöðum bæjarins, að þetta fiskiðjuver eða þessi niðursuðuverksmiðja starfaði ekki nema að nokkru leyti á móts við það, sem hún gæti, vegna þess að það vantaði rekstrarfé og hráefni til hennar, svo sem blikk í dósir. Nú hefur það sýnt sig, að þetta fiskiðjuver hefur unnið úr Faxaflóasíld óvenju góðan mat, sem gengið hefur vel að selja hér í Rvík, sem sannar, að þessi niðursoðna síld er óvenju góður matur. Og vegna þess, hve hægt er að selja þessa niðursoðnu síld ódýrt, þá eru allar líkur til, að við getum fengið þarna góða útflutningsvöru, sem muni verða samkeppnisfær á markaðinum í Evrópu. Og það mundi verða okkur stór ávinningur að þurfa ekki að bræða alla síld, sem veiðist í Hvalfirði. Hvað líður nú áætluninni um innflutning á blikki í dósir? Og hvað líður samningum við Landsbankann um að tryggja rekstrarfé til þessarar verksmiðju? Við vitum, að þessi verksmiðja er ekki rekin nema að nokkru leyti, miðað við afkastagetu verksmiðjunnar, og þessu er borið við, að rekstrarfé vanti og blikk. Það er borið við gjaldeyrisskorti hér. En það er hins vegar vitað, að það er hægt að fá meiri gjaldeyri með því að sjóða niður síldina en með því að bræða hana. Og það er gert ráð fyrir því í l. um fjárhagsráð, að það eigi að keppa að því marki að fullvinna úr framleiðsluvörum okkar hér innanlands. Hvernig stendur þá á þessum aðförum? Er kannske verið að reyna að láta þetta fiskiðjuver ganga með tapi til þess að hægt sé að segja, að það borgi sig ekki fyrir ríkið að reka það, til þess að svo á eftir sé hægt að selja það til einstakra braskara? Og hvaða afskipti hefur fjárhagsráð haft til þess að tryggja þessu iðjuveri að geta fengið gjaldeyri til þess að kaupa inn umbúðir og til þess að tryggja því rekstrarfé? Hefur starfsemi fjárhagsráðs eingöngu gengið í þá átt að koma í veg fyrir, að menn geti byggt yfir sig, þó að þeir eigi nóg sement til þess? Hefur verið stuðlað að því að koma gjaldeyrisframleiðslu okkar í það horf, að hún sé með fullum krafti? Það hefur orðið svo um starfsemi og afskipti ýmissa n. viðkomandi rekstri hér á landi, að full ástæða er til að gera það að umtalsefni hér á Alþ. Hv. 3. þm. Reykv. getur vafalaust líka upplýst eitthvað um þetta, af því að hann hefur setið á fundi, sem kaupsýslumenn hafa nú, og af því að hann líka er formaður Verzlunarráðsins. Og ég vildi, að hann gæfi upplýsingar um það, hvort það er satt, að ákveðið firma utan Rvíkur hafi verið búið að selja síldarmjöl eða fiskimjöl erlendis og óskað eftir útflutningsleyfi fyrir því, sennilega á góðu verði, en að þess hafi verið krafizt af samninganefnd utanríkisviðskipta, að firmað gæfi upp, hvert það ætlaði að selja mjölið, og á eftir hafi svo komið tilkynning til þessa firma hér frá viðkomandi firma erlendis um, að annar aðili hér hafi boðið sams konar vöru á lægra verði en þetta fiskimjöl eða síldarmjöl var boðið, sem hér var um að ræða, að sótt var um útflutningsleyfi fyrir. Það er orðið fullkomið íhugunarmál, ef ástandið er orðið þannig í þeim n., sem um þessi mál fjalla hér á landi, að ekkert öryggi sé til fyrir venjulegan verzlunarrekstur, þannig að kontrólið sé notað til þess að frádæma viss fyrirtæki á þennan hátt frá markaðssamböndum og trúnaðarbrot framin til þess að undirbjóða þá menn, sem vilja selja út vörur, en þeir menn reknir frá störfum, sem reyna að hindra, að slík trúnaðarbrot séu framin gegn þjóðinni. Það er náttúrlega í samræmi við ríkisstj. og starfsemi hennar og n. hennar að hjálpa til þess, að vara okkar sé undirboðin á erlendum markaði. Þetta virðist miða allt saman í sömu áttina. Þarna liggur við, að bein skemmdarstarfsemi sé rekin. Og ég er hræddur um, að það verði ekki komizt hjá því, að þeir, sem í þessum ráðum og n. sitja, verði að svara hér á Alþ. til þess, hvað þarna er verið að framkvæma.

Hv. þm. Ísaf. lét þau orð falla í ræðum sínum hér nýlega, — það var kannske í útvarpsræðu hans, — að það hefði verið gengið út frá því, að hér væri full atvinna og fjárhagsráð hefði gert sínar áætlanir í sambandi við það. Mig langar til að spyrja hv. þm. Ísaf., hvernig fjárhagsráð reiknaði í sinni áætlun, að það mundi tryggja mönnum atvinnu í haust í sambandi við Faxaflóasíldina. Mig langar til þess að sjá þann hluta áætlunarinnar, sem fjallar um Faxaflóasíldveiðina, svo sem um það, hve mikinn vinnukraft hafi verið gert ráð fyrir, að sú veiði þyrfti, og hve mikils útflutnings mætti vænta af þeirri veiði. Og mig langar til að fá að vita, hvað átti að gera við þann vinnukraft, sem fór til að veiða þá síld, hefði Faxaflóasíldin ekki komið. Hv. þm. Ísaf. talaði hér í útvarpið. O-já, það voru nú ekki vandræðin þeim megin. Og tónninn í ræðunni var: Við höfum nú séð fyrir öllu, það er nú ekki hætta á atvinnuleysi. — En ég vil, að hv. þm. Ísaf. leggi fram áætlun fjárhagsráðs um það, hvernig átti að ráðstafa vinnukraftinum hér í vetur, ef Faxaflóasíldin hefði ekki komið. Vinnukrafturinn og hagnýting hans er fyrsta spursmálið í öllum áætlunarbúskap. Og ef hv. þm. kynnir sér það, sem fjmrh. Norðmanna áleit um þetta árið sem leið, þá mun hann komast að raun um, að fyrsta atriðið í áætlun Norðmanna er ráðstöfun vinnukraftsins. — Það er eðlilegt, að hv. þm. Ísaf. vilji komast hjá því að ræða þessi mál, enda er hann ekki stöðugur hér á fundi nú. Því að það er slempilukka, en ekki fyrir forsjálni fjárhagsráðs, að ekki hefur verið atvinnuleysi hér í vetur. Því að í sínum útreikningum hefur hvorki hæstv. ríkisstj. né fjárhagsráð gert ráð fyrir Faxaflóasíldinni.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir því í l. um fjárhagsráð, að það hafi samvinnu við ríkisstj. og við lánsstofnanir í landinu, og þá m. a. Landsbankann um það, ef nauðsyn krefur, að séð verði fyrir fjárþörf til ýmissa framkvæmda. Mjög gott væri nú að fá að vita, hvernig þær samræður hafa farið fram, hve margir fundir hafi verið haldnir í bankaráði Landsbankans eða hvort látið hefur verið nægja að tala við formann bankaráðs, það mun vera sami maður, sem semja ætti þá við bankaráð. Eða

ef hann hefur ekki viljað láta slíkt eintal sálarinnar nægja, væri gott að fá að vita, hvort hann hefur spurt einhvern bankastjóranna og leitazt við að komast eftir því, hvað hægt væri að gera til þess að tryggja ýmsum fyrirtækjum rekstrarfé. — Nei, viðkomandi áætlunum, sem fjárhagsráð átti að gera, liggur ekkert fyrir Alþ. um, að ráðið hafi neitt þar að unnið. Það hafa verið búin til l. um að gera þetta allt, sem ég hef talið. En þau l. hafa verið þverbrotin. Ég skal nú ekki fara að ræða það, hvað þessu muni valda, hvernig þarna er komið. En ég læt nægja að slá því föstu, að þarna er um lögbrot að ræða. Og það má ekki minna vera en að slíkt mæti gagnrýni hér á hæstv. Alþ. — En það var þannig, þegar verið var að ræða um l. um fjárhagsráð, að þá var ekki samkomulag innan ríkisstj. um það, hvað fjárhagsráð ætti að vinna. Hæstv. forsrh. taldi, að með þessum lagaákvæðum ætti að koma á áætlunarbúskap á Íslandi, og ég tók þá undir þessi orð hans. Hins vegar sagði hæstv. dómsmrh., að af hálfu Sjálfstfl. væri ekki óskað eftir áætlunarbúskap. Þegar því þessi l. um fjárhagsráð voru samþ., var ríkisstj. ekki sammála um þetta. Það eru í þessu efni tvær stefnur innan ríkisstj. Ég býst við, að út frá þessum forsendum hafi skapazt það ástand í framkvæmdum fjárhagsráðs, sem átt hefur sér stað að undanförnu, að ráðið hefur verið sjálfu sér sundurþykkt. Ég þykist sjá, að stefna Sjálfstfl. hafi sigrað. Og það, sem hefur komið út af þessu, eru örgustu höft, sem nokkru sinni hafa verið til á Íslandi, en enginn áætlunarbúskapur. Ég ætla ekki að fara að halda því fram, að þeir menn, sem fjárhagsráð skipa, eins og hv. þm. Ísaf., hafi ekki þekkingu á þessum málum og að þeir hafi ekki getað unnið að þessu þess vegna. Ég geri ráð fyrir, að þeir hafi aflað sér þeirrar þekkingar áður en þeir settust í það háa ráð og hafi aflað sér upplýsinga frá þeim þjóðum, sem eru búnar að koma á áætlunarbúskap hjá sér, svo sem Norðmönnum og öðrum, og aflað sér fyrirmynda. Og ég veit, að hv. þm. Ísaf. hefur haft sérstakt tækifæri til að kynna sér þetta, vegna þess að formaður fjárhagsráðs Norðmanna var hér í ár. Ég ætla ekki heldur að bera þessum mönnum á brýn hæfileikaleysi eða þess háttar. En það virðist vera deila innan ríkisstj. um það, hvort það eigi að framkvæma þennan áætlunarbúskap. Og afleiðingin verður svo margföld höft. Ég held, að engan þurfi að undra, þó að litið hafi verið gert af fjárhagsráði til gagns, þegar athugað er, hve hæstv. ríkisstj. er þannig ósammála um þessa hluti, og þá einnig, hvað Framsfl. hefur sagt um það, hvaða ráðstafanir eigi að gera. — Ég geri ráð fyrir, að hæstv. Alþ. verði að rannsaka þann glundroða og vitleysu, sem orðin er í þessum efnum, og láta þetta til sinna kasta koma við fyrsta tækifæri. En einu vil ég frábiðja mig algerlega, og það er, að það, sem verið er að framkvæma nú af fjárhagsráði, eigi á einhvern hátt skylt við áætlunarbúskap eða sósialisma. Það hefur einn af hv. fjárhagsráðsmönnum úr Sjálfstfl. sagt, að það væri í raun og veru sósialismi, sem hér væri framkvæmdur. Þetta á þó ekkert skylt við sósialisma. Það á meira skylt við dönsku einokunina en sósialisma, sem hér er verið að gera. Það er nú í eitt ár búið að sýna sig, hvernig hæstv. ríkisstj. er búin að stjórna með þessari aðferð, sem hún hefur tekið upp. Og það hefði verið rétt að fá uppgjör frá fjárhagsráði um það, hvaða ráðstafanir það hefur gert til þess að búa í haginn fyrir þjóðina upp á framtíðina. Þegar nýbyggingarstjórnin var búin að sitja eitt ár og nýbyggingarráð, þá var búið að gera m. a. ráðstafanir til að kaupa inn 30 togara til landsins. Það var gert í ágúst 1945. Og það var gert með það fyrir augum að bæta úr ástandinu ekki 1945, heldur 1947 og 1948, vegna þess að menn vissu, að það þyrfti að taka slíkar ákvarðanir þremur árum áður en þær áttu að koma að notum. Ríkisstj. hæstv. hefur nú haft heilt ár til þess að taka sínar ákvarðanir, sérstaklega gagnvart því, sem nauðsynlegt mundi verða fyrir þjóðina árin 1950 og 1951, og það hefur verið sleppt að taka þessar ákvarðanir. Afleiðingarnar af þessu koma niður á okkur á hinum seinni tíma, sakir þessa skorts á forsjálni og búhyggju, sem þarna á sér stað. Ef það á að vera meginreglan að ávísa ekki á það, sem er ekki til, þá býst ég ekki við, að það bætist mikið við kaupskipaflotann eða að hér verði reist ný fiskiðjuver eða stofnað til annarra stórframkvæmda og stóriðju. Og ef þeir, sem fara með þessi mál af hálfu ríkisstj., hafa þessa skoðun, að ekki megi ávísa þannig, þá er ekki von, að vel fari. Og þó ætti hv. þm. Ísaf. að hafa sérstaka ástæðu til að skilja þessa hluti, þar sem hann er fulltrúi í fjárhagsráði af hálfu Alþfl. og Alþfl., a. m. k. í orði kveðnu, gengur út frá því, að hann berjist fyrir áætlunarbúskap, ekki aðeins til eins árs, heldur til fjögurra ára og jafnvel lengri tíma.

Ég tel, þar sem tilefni hefur verið gefið til þess, óhjákvæmilegt, að það komi fram á hæstv. Alþ., hvernig einstakir þm. líta á það, hvernig fjárhagsráð hefur unnið og á aðgerðaleysi þess í þjóðmálum þeim, sem það átti að vinna að.

Hv. þm. Ísaf., form. fjhn., ræddi hér nokkuð um þær till., sem fyrir liggja, og kom inn á að segja, að það væri undarlegt, að hér skyldi vera lagt til, að fjárhagsráð fengi útnefndar fleiri gjaldeyrisnefndir, þegar svona væri rótgróin ótrúin á fjárhagsráði. En það er ekki svo undarlegt. Þó að margt megi að störfum fjárhagsráðs finna, þá býst ég við, að ef settar væru upp gjaldeyrisnefndir sín í hverjum landsfjórðungi, kæmi það í ljós, að aðalatriðið er, að menn úti á landi séu ekki girtir frá fjárhagsráði með öðrum eins kinverskum múr og menn eru nú girtir frá fjárhagsráði og viðskiptanefnd, sem eru hér í Rvík. Ég býst við, að það sé ekki fyrst og fremst spursmálið um menninna í þessu sambandi, að það verði neitt erfitt að fá hæfa menn í þetta úti um land, heldur er fyrst og fremst um að ræða þær starfsaðferðir, sem hafðar eru nú í þessu sambandi, sem eru alveg óhafandi með tilliti til fólksins úti á landi. Og með því að taka svipaða menn og þá, sem eru í viðskiptan. hér í Rvík, í viðskiptan. í fjórðungunum úti á landi, þá væri með því tekið réttlátt tillit til landsmanna, sem heima elga úti á landi, um gjaldeyrisskiptinguna, og þeir þyrftu þá ekki að sækja allt undir eina nefnd hér í Rvík. — Hv. form. fjhn. fannst nú líka undarlegt, ef það væru nú komnir fram nýir menn, sem vildu vernda dreifbýlið, og fannst það koma úr hörðustu átt, þegar Reykvíkingar og jafnvel Hafnfirðingar væru farnir að stuðla að slíku. Ég vona, að hv. form. fjhn. (ÁÁ) fari ekki að skoða það sem neina ólögmæta samkeppni

við hann eða aðra hv. þm. dreifbýlisins, þó að fram komi þær raddir frá Reykvíkingum og Hafnfirðingum, að það þurfi að ýmsu leyti betur að vinna að framkvæmdum fyrir dreifbýlið en gert hefur verið. Það hefur frá upphafi verið skoðun verkalýðshreyfingarinnar hér í Rvík, hvort sem meiri hluti hennar hefur fylgt Alþfl. eða Sósfl., að reykvískur verkalýður hefði beinlínis hagsmuna að gæta um það, að þannig væri búið að verkalýðnum úti á landi, að hann gæti búið við mjög mannsæmandi kjör. Og reykvískur verkalýður hefur alltaf stutt að því að hjálpa til að bæta kjör verkamanna og verkakvenna úti á landi. Og það er vegna samúðar við verkamenn úti á landi, sem við viljum vernda hagsmuni þeirra. Og það er ekki heldur til hagsmuna fyrir verkamenn í Rvík, að fólksstraumurinn verði svo mikill til Rvíkur, að menn, sem bornir eru í Rvík eða hafa átt þar lengi heima, geti ekki fengið inni nema í bröggum, heldur hitt, að búið sé þannig að fólki úti á landi hvað atvinnu og húsnæði snertir, að það vilji hafast þar við. Það er þess vegna skynsamlegast beinlínis frá eiginhagsmunasjónarmiði verkalýðsins í Rvík og Hafnarfirði að aðstoða menn í dreifbýlinu í þeim kröfum, sem þeir nú gera til lífsins.

Hv. form. fjhn. minntist á, hvernig það hefði verið með nýbyggingarráð og vald þess. Ég býst við, að þeir, sem í nýbyggingarráði voru, hafi skoðað það alveg sérstaklega sem hlutverk sitt að sjá til þess, að menn utan af landi ættu eins greiðan aðgang eða greiðari aðgang að því ráði en jafnvel Reykvíkingar. Og ég hef ekki orðið var við það, að það hafi verið kvartað um, að nýbyggingarráð hafi verið andvígt því, sem vinir hv. form. fjhn. og kjósendur og yfir höfuð dreifbýlið þurfti að fá framgengt, heldur var það þvert á móti þannig, að af nýbyggingarráði var gert það stærsta átak, sem gert hefur verið enn á þessu landi til þess að beina atvinnutækjum eins og togurum til byggðarlaga úti um land, til þess að tryggja, að þessi tæki sameinuðust ekki öll saman hér í Rvík og Hafnarfirði. Ég hygg því, að fáar kvartanir hafi komið frá dreifbýlinu yfir því, að nýbyggingarráð hafi verið sinnulaust um þess hag. Hins vegar kveður svo rammt að kvörtunum í garð fjárhagsráðs og viðskiptanefndar í þessum efnum, að á morgun koma hér saman í Rvík kjörnir fulltrúar frá hreppsn. og bæjarstjórnum á Norður- og Austurlandi til þess að bera fram kvartanir sínar við ríkisstj. og fjárhagsráð. Tala þessar aðgerðir sínu máli um það, hvernig þessar stofnanir hafa vanrækt að tryggja réttindi og hagsmuni þessara aðila undanfarið.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mér finnst ástæða til að vekja athygli á því, að það frv., sem hér á að ræða, er á þskj. 164 og fjallar um eftirlit með flutningi peninga íslenzkra og erlendra frá og til landsins. Það hefur sumpart ekki verið rætt mikið um efni þess hér undanfarið, þótt fluttar hafi verið ræður langar um ýmislegt annað. — Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) flutti hér t. d. í dag mjög langa ræðu um ýmislegt, sem ekki er beinlínis viðkomandi þessu frv., þ. á. m. um áætlunarbúskap og hvernig ætti að framkvæma hann. Skal ég ekki fara langt út í þá sálma, en mér finnst hann satt að segja mjög einurðargóður maður, að hann skuli vera að tala um þessa hluti. — Það mun hafa verið árið 1941, sem sett voru á Alþ. l. um nýbyggingarráð, og samkv. þeim l. átti að skipa n., hvað gert var, er átti að sjá um framkvæmd þeirra. Aðalverkefni þessarar n. átti að vera það samkv. l. að semja heildaráætlun miðaða við 5 ár um nýsköpun atvinnulífsins. Það átti sem sagt að gera áætlun um það, hvað landsmenn þyrftu af atvinnutækjum, samgöngutækjum, byggingum og öðru slíku, og hv. 2. þm. Reykv. var einn af þeim, sem settust í þetta ráð. Ekki voru launin svo við nögl skorin til þessara húskarla fyrrv. ríkisstj., að þeir hefðu ekki getað sinnt þessum verkefnum af þeim sökum. Hv. 2. þm. Reykv. sat í þessu ráði í 3 ár, en þessi heildaráætlun hefur ekki sézt enn þá. Verð ég að segja það, að eftir þessa frammistöðu finnst mér hann einurðargóður að vera að tala um áætlunarbúskap.

Fleira hefur og borið á góma hér. Bæði hafa hv. þm. A-Húnv. (JPálm), hv. 2. þm. Reykv. og fleiri rætt almennt um viðskiptamál og fjárhagsmál. Þeim finnst ýmislegt athugunarvert við l. um fjárhagsráð og framkvæmd þeirra, og benda þeir á, að þær takmarkanir, sem nú eru t. d. á innflutningi byggingarefnis og fjárfestingarleyfa hjá ráðinu, geti valdið mörgum manninum óþæginda og geti einnig orðið til að stöðva ýmsar framkvæmdir, sem menn hafa viljað ráðast í. Ekki er því að neita, að vel getur orðið óhjákvæmilegt að fresta eða draga úr ýmsum framkvæmdum, þ. á m. byggingum, sem menn hafa hugsað sér að ráðast í, en það ætti ýmsum þm. að vera ljóst, ekki síður en öðrum, að þetta er m. a. afleiðing af því, að í tíð fyrrv. ríkisstj. var algerlega vanrækt að hafa nokkurt eftirlit með slíkum framkvæmdum eða stjórn á þeim, t. d. var byggingarefni eytt og það meira að segja í óhófi. Þetta ættu hv. þm. A-Húnv. og hv. 2. þm. Reykv. að vita, því að þeir voru báðir mjög innarlega í búri hjá fyrrv. ríkisstj., og þeir og aðrir stuðningsmenn þeirrar stj. bera því ábyrgð á því, sem þá var vanrækt, og að fyrir þá sök þarf nú að setja strangari hömlur en annars hefði þurft að beita.

Hv. þm. A-Húnv. hefur ásamt hv. 2. þm. Rang. (IngJ) borið fram brtt. á þskj. 282, og fjallar hún um það, að ekki þurfi fjárfestingarleyfi til íbúðarhúsbygginga og útihúsabygginga í sveitum og kauptúnum með færri en 500 íbúa né annarra smærri framkvæmda. Það hefur áður verið á það bent í þessum umr., að ef þetta yrði samþ., gætu menn hagað sér eftir geðþótta með byggingarefni, sem þeir kynnu að ná í á þessum stöðum, og það tel ég, að ekki sé fært eins og nú er ástatt. Ég vil benda á það, að í l. um fjárhagsráð og einnig í reglugerð um fjárhagsráð, sem út var gefin 31. júlí s. l., er heimilt án fjárfestingarleyfis að byggja íbúðarhús til nota fyrir sjálfan sig eða skyldulið sitt, enda sé húslð ekki stærra en 350 rúmmálsmetrar og eigi óeðlilega mikið í það borið á neinn hátt og vinni húseigandi að byggingunni sjálfur með skylduliði sínu að mestu leyti. Enn fremur er heimilt að byggja verbúðir eða útihús á bújörðum, enda kosti framkvæmdir í efni og vinnu eigi meira en 50000 kr. Og loks er heimilt að gera mannvirki eða tæki, sem eigi kosta meira í vinnu og efni en 10000 kr. Þarna eru samkv. l., sem í gildi eru, gefnar undanþágur fyrir hinar smærri framkvæmdir, og vitanlega gildir þetta um allt land, eins og vera ber. Ég tel því ekki ráðlegt að samþ. till. hv. þm. A-Húnv. og hv. 2. þm. Rang., þar sem slíkt ákvæði í l. mundi verka

þannig, að kaupstaðabúar gætu ekki byggt hús handa sér án fjárfestingarleyfis í kaupstöðum, sem hefðu yfir 500 íbúa, en hins vegar væri þeim frjálst að byggja eins stór hús og þeim sýndist hvar sem væri annars staðar í landinu án slíks leyfis, og ef þeir t. d. keyptu jarðir uppi í sveit, gætu þeir reist þar heilar hallir yfir sig, eins og sumir munu hafa gert, meðan allt var eftirlitslaust í þessum efnum.

Það kom hér fram í ræðu hv. þm. Ísaf. (FJ), að hv. 2. þm. Rang., sem er 2. flm. þessarar brtt., hefði lýst yfir því, að hann væri fallinn frá þessari till. En kominn er maður í manns stað, því að hv. þm. S-Þ. (JJ) hefur lýst yfir fylgi sínu við till. og telur hér aðeins vera um smávægilega hluti að ræða, en eins og ég hef sýnt fram á, er langt frá því, að þetta nái aðeins til smáframkvæmda, ef brtt. yrði samþ.

Þá hefur verið borin hér fram önnur brtt., sem er frá hv. þm. Siglf. (ÁkJ) og hv. 11. landsk. þm. (HermG), og fjallar hún um það að skipa 3 gjaldeyrisn., þ. e. fyrir Norður-, Vestur- og Austurland, og tel ég, að hægt sé að samþ. þá till. eins og hún liggur fyrir. Ég tel fulla þörf á því, að betur verið á ýmsan hátt séð fyrir þörfum fólksins úti um land, og að vöruinnflutningi til landsins verði hagað nokkuð á annan veg en nú er, því að ég tel það nokkuð óeðlilegt, ef framhald verður á því, að allt að 90% af innflutningnum fari um Rvík. Um þetta hef ég áður rætt í sambandi við umr. um annað frv. um breyt. á l. um fjárhagsráð, sem mun vera 20. mál þingsins og enn hefur ekki fengið afgreiðslu.

Nú hafa borizt fregnir um það, að á morgun muni hefjast ráðstefna í Rvík, þar sem fulltrúar bæjarstjórna og hreppsnefnda utan af landi ætla sérstaklega að taka þessi mál til meðferðar. Mér finnst því ástæða til að beina því til flm. till. á þskj. 281, hvort þeim þætti ekki rétt að taka þessa till. aftur. Mér finnst ástæða til að veita því athygli, hvað kann að gerast í þessum málum, þegar ráðstefnan hefur lokið störfum, og vitanlega eru nægir möguleikar á að koma þessum sjónarmiðum á framfæri hér á þ., þótt till. sé núna tekin aftur. Og eins og ég minntist á, er hér annað frv. óafgr., 20. mál þ., sem gengur í nokkuð svipaða átt og þetta og mundi, ef samþ. yrði, bæta úr ýmsum þeim ágöllum, sem nú eru á þessum málum. En að svo stöddu tel ég ekki ráðlegt að setja á fót þessar mörgu n. Vil ég í þessu sambandi benda á, að fjárhagsráð mun hafa umboðsmenn á öllum verzlunarstöðum utan Rvíkur, sem veita innkaupaleyfi fyrir byggingarefni til minni háttar framkvæmda í umboði fjárhagsráðs, t. d. innkaupaleyfi fyrir byggingarefni til þeirra framkvæmda, sem ekki þarf fjárfestingarleyfi fyrir, og einnig fyrir því efni, sem þarf til ýmissa framkvæmda, sem fjárhagsráð hefur veitt leyfi fyrir. Þetta álít ég hentugt fyrirkomulag og tel, að það ætti að haldast, því að það gerir það að verkum, að í mörgum tilfellum þurfa menn úti á landi ekki að leita til annarra en þessara umboðsmanna fjárhagsráðs, sem munu vera oddvitar eða hreppstjórar á hinum ýmsu stöðum. — Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, a. m. k. ekki að svo stöddu.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég mun ekki hafa nema athugasemdartíma til umráða og sé ekki ástæðu til að fara út í ræðu hv. þm. V-Húnv. (SkG) varðandi fyrrv. ríkisstj. og hennar fylgismenn, því að til þess mun gefast tækifæri síðar. En út af því, sem hann sagði varðandi hv. 2. þm. Rang., þ. e. að hann hafi lýst yfir, að hann mundi taka till. aftur, vil ég mótmæla því algerlega, því að hann hefur enga yfirlýsingu gefið um slíkt. Annars eru það nokkur atriði í sambandi við till. okkar hv. 2. þm. Rang., sem ég sé ástæðu til að minnast ofurlítið nánar á. Er þá fyrst það, sem hv. þm. Ísaf. vék hér að og hv. síðasti ræðumaður endurtók, að þessi till. gæti stefnt í þá átt, að kaupstaðabúar gætu byggt sumarbústaði eftir vild úti um land, og kom í ljós, að hv. þm. Ísaf. fann till. allt til foráttu, en auðvitað hefur okkur flm. aldrei dottið annað í hug en að þessi undanþága ætti ekki að ná nema til þeirra, sem væru heimilisfastir á þeim stöðum, sem till. fjallar um, enda segir þar: „Nánari ákvæði um fjárfestingarleyfi séu sett í reglugerð.“ Hitt er augljóst, að ef einhverjir kaupstaðabúar flyttu heimilisfang sitt upp í sveit eða minni kauptún, næði þessi undanþága til þeirra, en ella ekki. Af þessari ástæðu eru mótbárur hv. þm. gegn till. algerlega út í loftið.

Hv. þm. Ísaf. taldi, að með samþykkt þessarar till. væri sýnt misrétti milli manna eftir því, hvar þeir búa. Að því leyti er þetta rétt, að það verða að vera önnur ákvæði varðandi takmarkanir á byggingu milljónahalla höfuðstaðarins en mannabústaða úti á landi. Og eins og ég margtók fram í sambandi við umr. um þetta mál á síðasta þingi, þá hlýtur að vera nokkur skynsemi í því að takmarka fyrst og fremst vöxt höfuðborgarinnar, þangað sem meiri hluti landsmanna leitar eftir að komast, og þess vegna er það öfugt og verið að fara aftan að hlutunum, að verið sé að setja tálmanir í veg fyrir það tiltölulega fáa fólk, sem vill búa áfram úti á landi og leggur á sig mikið erfiði við að koma þar upp byggingum og öðrum framkvæmdum. Hér er því um þýðingarmikið nauðsynjamál að ræða, sem ekki þarf að reka sig á hagsmuni ríkisvaldsins, en mjög mikið til bóta fyrir alla þá menn, sem hafa framkvæmdir með höndum úti á landi.

Þessar aths. vildi ég láta koma fram, áður en til atkvgr. væri gengið um brtt. okkar hv. 2. þm. Rang. Að öðru leyti leiði ég hjá mér þær aðrar deilur, sem hér hafa orðið varðandi mál, sem ekki snerta þessa till.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Út af tilmælum hv. þm. V-Húnv., sem hann beindi til mín um að taka aftur brtt. á þskj. 281, vildi ég spyrja hæstv. forseta að því, þar sem vitað er, að þessi ráðstefna um gjaldeyrismál á að koma saman á morgun, hvort ekki væri tiltækilegt að láta málið bíða, ef ske kynni, að eitthvað það kæmi fram á ráðstefnunni, sem meiri hl. þ. teldi ástæðu til að taka tillit til. Vil ég í þessu sambandi minna á, að þau ákvæði, sem hér er verið að ræða, gilda nú sem stendur samkv. brbl. Hér er því ekki um annað að ræða en að staðfesta ákvæði, sem brbl. gilda um, og getur það því ekki rekizt á hagsmuni hæstv. ríkisstj., þótt málið verði látið bíða í nokkra daga. Vil ég leyfa mér að vænta þess, að hæstv. forseti segi til um það, áður en ég held ræðu minni áfram, hvort hann telur sér þetta fært, og fari svo, mun ég og fresta frekari ræðuhöldum.

Forseti (BG): Ég geri ráð fyrir því, að hægt sé að fresta þessari umr., en um hve langan tíma, get ég ekki sagt nú.

Umr. frestað, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

25. Stríðsgróðaskattur.

Á 30. fundi í Nd., 10. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 20. maí 1942, um *stríðsgróðaskatt* (þmfrv., A. 168).

Á 31. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég vildi aðeins mega tala um þingsköp. Ég verð að segja það, að mér finnst það einkennilegt af hæstv. forseta að gefa ekki flm. frv. tækifæri til þess að mæla fyrir málum hér. Ég held, að það sé fátítt, að þegar flm. máls er staddur í þinghúsinu, þá sé honum ekki gert aðvart, áður en mál, sem *hann flytur, er tekið fyrir til meðferðar á* þingfundi. Ég vil láta það í ljós við hæstv. forseta, að ég tel það fáheyrð vinnubrögð. Máli þessu hefur nú að vísu verið vísað til n., en ég vil vænta þess, að þar sem hæstv. forseti hefur haft þessi vinnubrögð, þá endurskoði hann þessa ráðstöfun. Ég hafði ekki vænzt þess, að hæstv. forseti beitti slíkum brögðum hér, og ég hef ekki átt því að venjast af honum, að hann geri það.

Forseti (BG): Út af ummælum hv. þm. N-Ísf. skal sú skýring gefin, að mér barst ósk frá hæstv. fjmrh. um, að tvö dagskrármálin, það 8. og 11., yrðu tekin fyrir. En áður hafði komið ósk um það frá Sjálfstfl., að fundi yrði slitið kl. 2, því að flokkurinn ætlaði að hafa flokksfund. Af þessari ástæðu voru þessi mál nú tekin fyrir. Hv. þm. N-Ísf. ber líka að vita, að það er hægt að passa upp á að vera viðstaddur í þd., þegar kemur að hans málum. Ég finn enga sök hjá mér í þessu efni. Og hv. þm. N-Ísf. veit, að ég mun hvorki beita hann né aðra hv. þm. rangsleitni vísvitandi.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Ég ætla að láta hæstv. forseta vita, að þetta er ekki framkoma, sem ég telji honum sæmandi. Og það er fáheyrður hlutur, að þm. skuli ekki fá tækifæri til þess að vera kallaðir í síma og ljúka áríðandi landssímasamtölum, án þess að hæstv. forseti hyllist til þess að taka á meðan mál, sem þeir sömu þm. flytja, og það við 1. umr. — Ég leyfi mér að krefjast þess, að hæstv. forseti neyti þeirrar heimildar, sem hann hefur til þess að taka málið nú til 1. umr., þó að þessi atkvgr. hafi farið fram. Hæstv. forseti hefur rétt til þess. Ég ber fram þessa kröfu, að ég fái að mæla fyrir þessu máli þegar á þessum fundi. Ég legg á það meginherzlu. — Ég óska þess, að hæstv. forseti kveði upp úrskurð um þessa ósk mína. (**Forseti:** Það verður gert á næsta fundi.)

Á 32. fundi í Nd., 15. des., mælti

forseti (BG): Út af ósk hv. þm. N-Ísf. í lok síðasta fundar um, að frv., sem hann flytur á þskj. 168 um breyt. á l. nr. 21 20. maí 1942, um stríðsgróðaskatt, og vísað var á þeim fundi til 2. umr. og n., verði á ný tekið til 1. umr. vegna þeirra mistaka, sem á urðu, að frv. var tekið til meðferðar í fjarveru flm. og látið ganga áfram umræðulaust, vil ég taka það fram, að ég tel ekki fært eins og komið er að verða við þeirri ósk að láta málið aftur koma til 1. umr. Hins vegar sé ég ekkert því til fyrirstöðu að leyfa hv. flm. að taka fyrstum til máls, þegar málið kemur til umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Það er upplýst, að framkoma hæstv. forseta síðasta föstudag í sambandi við það mál, sem hann hefur kveðið ppp úrskurð í, byggðist á algerum misskilningi. Hæstv. fjmrh. óskaði þess aldrei, að málið yrði tekið á dagskrá. Hæstv. forseta voru hins vegar flutt um það skökk skilaboð. Ég vil aðeins segja það í sambandi við úrskurð hæstv. forseta og til ítrekunar á því, sem ég sagði síðasta föstudag, að í raun og veru hefði hæstv. forseta verið mjög auðvelt að ræða við flm., þegar hann fékk þessi skilaboð, sérstaklega vegna þess, að það lá nokkurn veginn í augum uppi, að þarna hlaut að vera um misskilning að ræða, því að það liggur í augum uppi, að ólíklegt er, að hæstv. fjmrh. hafi sérstakan áhuga fyrir því að hraða afgreiðslu þessa máls. Ég mun allra þegnlegast hlíta úrskurði hæstv. forseta, ég veit, að honum hefur ekki gengið neitt illt til í þessum efnum. En ég vil þó láta þá skoðun í ljós, að meðferð hæstv. forseta hefði getað verið önnur.

Forseti (BG): Ég ætla ekki að fara út í langar umr. um þetta mál. En það er leitt, að sá þm., sem bar þessi skilaboð til forseta, er ekki hér í d. nú, því að með eigin eyrum hef ég heyrt hæstv. fjmrh. segja, að þau skilaboð, sem hann fékk, hafi ekki verið röng, svo að hitt kemur mér ókunnuglega fyrir nú, sem hv. þm. N-Ísf. upplýsir. Annars skiptir það ekki miklu máli fyrir mig persónulega, því að ég fékk skilaboð um það, að 8. og 11. dagskrármál yrðu tekin fyrir. Og að ég gat ekki sett mig í samband við hv. flm. 11. máls, var vegna þess, að hann hafði vikið af fundi, og ég veit ekki, hvort hann hefur verið í húsinu eða ekki. En það lá fyrir ósk frá ráðh. um það, að fundi yrði slitið sem fyrst. Allir sanngjarnir menn geta séð, að *ómögulegt er fyrir forseta að varast*, að rangt væri farið með skilaboð eða þau ranglega fram sett af hæstv. fjmrh.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég skal að sjálfsögðu ekki fara frekar út í umr. um þetta. Ég held, að mér hljóti að hafa misheyrzt, því að mér skildist hæstv. forseti segja, að hann hefði heyrt með eigin eyrum að fjmrh. sagði, að þetta

hefði verið rétt flutt. En hæstv. forseti sagði við mig rétt eftir fundinn, að hann hefði ekki athugað, að skilaboðin hefðu verið byggð á misskilningi. Ég held, að það sé nýr og leiðinlegur skilningur, ef forseti heldur, að þessi skilaboð hafi verið rétt flutt.

Forseti (BG): Þessar umr. ætla að fara að verða þreytandi. Það er makalaust, að hv. þm. N-Ísf. skuli ekki átta sig á því, hvernig í þessu máli liggur. Við töluðum báðir við hæstv. fjmrh., og hann dró ekki dul á það, að þessi skilaboð hefðu verið send forseta, en það var af vangá hjá honum að biðja ekki um, að 11. málið væri tekið af dagskrá. Og mér þykir hv. þm. N-Ísf. vera farið að förlast mjög minni, að hann skuli ekki muna samtal okkar þriggja hér við stigauppgönguna. (**SB:** Ég vitnaði í það). Ég mun ekki ræða frekar um þetta mál.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Reykjavíkurhöfn.

Á 39. fundi í Nd., 19. des., var útbýtt:
Frv. til l. um Reykjavíkurhöfn (þmfrv., A. 214).

Á 45. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 46. fundi í Nd., 26. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar sett voru hin almennu hafnarlög 1946, voru felld niður öll önnur l. um hafnargerðir og lendingarbætur. Meðal þeirra l., sem úr gildi voru felld, voru hafnarlög fyrir Reykjavík. Við framkvæmd þessara l. kom í ljós, að hin nýju ákvæði hentuðu að sumu leyti ekki vel og að með afnámi sumra ákvæða hinna gömlu sérstöku hafnarl. fyrir Reykjavík höfðu verið felld úr gildi nauðsynleg ákvæði, sem ekki voru tekin upp í nýju almennu hafnarlögin. Sérstaklega eru það tvö atriði, sem hér koma til greina. Fyrst, að samkvæmt hafnarl. Reykjavíkur átti Reykjavík lögveð fyrir skipagjöldum. Þetta féll niður í hinum almennu hafnarl., og hefur það orðið höfninni að nokkru tjóni. Þetta ákvæði um veð fyrir skipagjöldum telur hafnarstjórnin í Reykjavík nauðsynlegt að taka upp í l. — Hitt atriðið, sem niður var fellt, var heimild hafnarinnar til þess að taka gjöld af mannvirkjum, sem eru í eigu annarra heldur en hafnarinnar sjálfrar. Hér kom því annaðhvort til greina að flytja frv. um hafnarl. fyrir Reykjavík eða frv. um breyt. á hinum almennu hafnarl. í þessa átt, sem ég nú hef getið, en það þótti að sumu leyti óeðlilegt, því að þá hefðu þessi ákvæði átt framvegis að gilda um hafnir, sem þau hefðu ekki gilt um áður, vegna þess að Reykjavíkurhöfn hafði að þessu leyti haft sérstöðu. Eftir athugun þótti því réttast að flytja frv. til sérstakra l. um Reykjavíkurhöfn, og það frv. liggur nú hér fyrir. Í það eru tekin upp í meginatriðum gömlu hafnarl. fyrir Reykjavík og enn fremur ákvæði hinna almennu hafnarl. Frv. þetta er flutt að ósk hafnarstjórnar Reykjavíkur af mér og sex öðrum hv. þm., sem eru þm. Reykv., sem sæti eiga í þessari hv. þd. Í grg. frv. er lýst ýtarlega þeim breyt., sem hér á að gera, svo að ég álít ekki þörf á að fara út í þau atriði, en óska, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ekki ástæða til þess að tala mikið um þetta mál við 1. umr. En ég vil gera grein fyrir því, að ég er ekki flm. að þessu frv., sem annars er flutt af flestum hv. þm. Reykjavíkurbæjar. — Eins og kunnugt er, þá hafði ég um nokkuð mörg undanfarin ár reynt að vinna að því að samræma löggjöfina um hafnargerðir og lendingarbætur í landinu. Það voru til hér eitthvað upp undir 80 sérlög fyrir hafnir og hafnargerðir og lendingarbætur, og var talsvert ósamræmi í því öllu saman. Það varð svo að ráði í mþn., sem ég var í, að sú n. semdi og bæði ráðh. að koma á framfæri frv. um almenn hafnarl., þar sem væri eiginlega gerður rammi fyrir hafnir og lendingarstaði alls staðar á landinu, sem mætti síðan fylla frekar út í með reglugerðum, eftir því sem staðhættir krefðu. — Nú, þegar til þess kom að fá flm. að frv. þessu, sem hér liggur fyrir, var mér skrifað og ég beðinn að vera meðflm. að því. Ég var ekki til þess viðbúinn. Ég var ekki í vafa um, að ýmislegt gerði það að verkum, að Reykjavík þurfti að hafa sérákvæði í l. viðkomandi höfninni, en mörg eða margbrotin geta þau alls ekki verið. Og að óathuguðu máli vildi ég ekki opna aftur fyrir sama farganinu, sem hér var að því leyti, að hver einasta lækjarspræna svo að segja á Íslandi heimtaði að hafa sérstök hafnar- eða lendingarlög fyrir sig. Nú vildi ég athuga, hvort ekki væri hægt að leiðrétta þessi mál fyrir Reykjavíkurhöfn með litilfjörlegri breyt. á almennu hafnarl. eða með reglugerðarákvæðum, sem samræmdust hinum almennu hafnarl. — Af því að ég býst við, að málinu verði vísað til þeirrar n., sem ég á sæti í, get ég látið mínar aths. bíða, þangað til ég ásamt öðrum nm. hef fengið tækifæri til þess að athuga þetta mál.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Hv. frsm. sjútvn. getur ekki mætt hér í dag, og tel ég því eðlilegast að bíða með efnisumræður um málið þar til síðar, og vona ég, að hv. þdm. geti fallizt á að bíða með efnisumr. þar til við 3. umr.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Það er enginn frsm. sjútvn. til í þessu máli, því að það hefur ekki enn verið afgr. frá n. Annað mál er það, að er sjútvn. afgreiddi málið á sínum tíma, vildi enginn nm. mæla með framgangi þess. En frá Reykjavíkurbæ er áhugi fyrir hendi að koma þessu frv. í gegnum þingið, en það hefur verið rætt um það

að setja ákvæði þessa frv. inn í hin almennu hafnarlög, sem nú eru til 2. umr. í hv. Ed., og hefur sjútvn. mælt með því. Ég mæli ekki með því, að frv. þetta gangi áfram, en ég mun í umr. um frv. í sjútvn. og hér í hv. þd. gera grein fyrir málinu. Það verður næstu daga.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Þegar mál þetta var til umr. í sjútvn., lenti það saman við annað mál. Hv. þm. Sigif. hafði framsögu í málinu, en þar sem hann er ekki mættur, tel ég eðlilegt að fresta umr. þar til við 3. umr. Ég skal ekki karpa við hv. þm. Ísaf., en ég skil ekki, hversu mikinn áhuga hann hefur fyrir því að drepa þetta mál strax.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég mæli með því, að umr um málið verði frestað og það tekið út af dagskrá, eins og hv. þm. Snæf. hefur óskað.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Eins og rakið var við 1. umr. þessa máls, eru ástæðurnar fyrir því, að það er fram borið, ýmsar, en þó aðallega tvær. Önnur er sú, að í núgildandi hafnarl. er ákvæði, sem nokkur ágreiningur er um, hvernig skilja beri, hvort heimilt sé hafnarstjórn að taka skipagjöld af bryggjum eða hafnarmannvirkjum félaga og einstaklinga. Þetta var skýrt samkvæmt hinum gömlu hafnarl. fyrir Reykjavík, og þótti rétt að fá það lagaákvæði skýrt og tvímælalaust. Hin ástæðan fyrir því, að frv. er fram borið, er sú, að það lögveð, sem Reykjavíkurhöfn hefur haft um langt skeið fyrir skipagjöldum, var fellt niður með hinum nýju almennu hafnarl. Þetta hefur hafnarstjórn Reykjavíkur talið nauðsynlegt að taka upp aftur. Auk þess þótti hafnarstjórn nauðsynlegt að fá ýmsar aðrar breyt. til samræmingar við það, sem var í hinum fyrri hafnarl. fyrir Reykjavík, m. a. um afstöðu bæjarstjórnarinnar og hafnarstjórnarinnar hvorrar gagnvart annarri. Nú hefði mátt segja, að eðlilegast hefði verið að flytja frv. um breyt. á hinum almennu hafnarl. í stað þess að flytja frv. til sérlaga fyrir Reykjavíkurhöfn. Það var hins vegar svo, að óskir höfðu ekki komið frá hafnarstjórnum yfirleitt um, að varðandi aðrar hafnir yrðu teknar upp þær breyt., sem ég hef hér rakið, og er vitað, að frá sumum stöðum mundu koma andmæli gegn því að setja þetta tvennt inn í hin almennu hafnarl., þannig að það gildi fyrir alla staði, vegna þess, að staðhættir eru mjög ólíkir að allri aðstöðu. Auk þess, eins og bent var á við 1. umr. og rakið er í grg., hefur Reykjavíkurhöfn að ýmsu leyti verulega sérstöðu miðað við aðrar hafnir og þá fyrst og fremst um það meginatriði, að ríkissjóður, sem greiðir visst framlag til hafnar- og lendingarbóta í landinu, hefur ekki greitt neitt að ráði til Reykjavíkurhafnar og ekki neitt svipað því, sem gert er ráð fyrir í hinum almennu hafnarl. Þetta vildi ég rifja upp, þó að það væri rakið við 1. umr., því að það er alllangt síðan.

Frv. er sem sagt flutt að tilmælum hafnarstjórnar Reykjavíkur. En það, sem er aðalatriði í þessu máli og skiptir höfnina fjárhagslega töluverðu máli, er spurningin um lögveð. Eins og ég gat um áðan, þá fylgdi skipagjöldum til Reykjavíkurhafnar lögveð í skipunum. Þetta féll niður með hinum almennu hafnarl., en með þessu frv. á að taka það upp á ný. Í sambandi við umr. um annað mál, sem hér hefur legið fyrir d. um breyt. á hafnarl., var því haldið fram af hálfu sjútvn., að lögveðsheimildin væri óþörf, og því var andmælt, að rétt væru ummæli mín um það, að Reykjavíkurhöfn hefði beðið tjón af því, að lögveðsheimildin var niður felld. Ég tel þess vegna rétt að fara nokkrum orðum um þetta sérstaka atriði. Spurningin er þá um það, hvort skipagjöldunum eigi eingöngu að fylgja lögtaksréttur eða lögveð. Ef litið er á þetta frá sjónarmiði hafnarinnar, þá er æskilegt, að lögveðið haldist eins og verið hefur í fjölda ára. Það hafa þegar komið fram tvö tilfelli, síðan lögveðsheimildin var felld niður, þar sem Reykjavíkurhöfn tapaði í hvoru tilfelli nokkrum þúsundum króna, vegna þess að lögveðið var úr gildi fellt. Það eru tveir bátar, sem hafa orðið gjaldþrota og verið gerðir upp, og höfnin missti skipagjöld, sem hún átti inni hjá þessum bátum, í stað þess að þau hefðu verið tryggð, ef lögveðsheimildin hefði fylgt. Og það er ekki aðeins um að ræða þessi tvö tilfelli, heldur eru fleiri í uppsigiingu. Með því að hafa lögtaksréttinn einan, þá er ljóst, að ef til gjaldþrots kemur hjá bátaeigendum eða útgerðarmönnum, þá tapar hafnarsjóður þeim skipagjöldum, sem hann kann að eiga hjá fyrirtækinu, ef lögtaksrétturinn einn fylgir, en ekki lögveðsrétturinn. M. ö. o., þetta mundi tapast í öllum tilfellum þegar útgerðin er gjaldþrota. Frá sjónarmiði hafnarsjóðs er því ekki undarlegt, að þetta nýja fyrirkomulag, þessi svipting lögveðsréttarins, skapar höfninni fjárhagslegt óhagræði og hefur þegar í vissum tilfellum orðið henni að tjóni. Ef litið er á þetta frá sjónarmiði bátaeigenda, þá hefur því verið haldið fram af sjútvn. og einstökum þm., að bátaeigendum væri skapað óhagræði með því að láta lögveðsréttinn fylgja. Þetta er á misskilningi byggt. Með því að hafa eingöngu lögtaksréttinn eru bátaeigendum bökuð meiri óþægindi og kostnaður en ella. Framkvæmd þessa máls hefur verið þannig, meðan lögveðsrétturinn hefur fylgt, að yfirleitt hafa útgerðarfyrirtækjum verið sendir reikningar um áramót og ekki gengið fast fram í innheimtu, hafnarsjóður gat tekið það rólega, vegna þess að lögveðsrétturinn var fyrir hendi, án þess að gera bátaeigendum erfitt fyrir. Þegar lögveðsrétturinn var felldur niður, varð að taka upp nýjar og aðrar innheimtuaðferðir. Það verður að elta útgerðarfyrirtækin með lögtökum, sem verða þeim til óþæginda og kostnaðarauka og í mörgum tilfellum til fjárhagslegs tjóns fyrir hafnarsjóð. Ég skal ekki rekja þetta öllu ýtarlegar, en það er staðreynd, sem ég ætla, að verði ekki hrakin, að bæði fyrir hafnarsjóð og útgerðarmenn sé það fyrirkomulag heppilegt að hafa lögveð fyrir þessum umræddu skipagjöldum. Hitt er annað mál, að það eru vissir aðilar, sem vilja heldur, að lögveð fylgi ekki; það eru fyrst og fremst lánsstofnanir, en frá sjónarmiði hafnarsjóðs og bátaútgerðarinnar er augljóst, að lögveð er þægilegt.

Ég skal taka það fram, eins og ég hef gert áður, að vitanlega er okkur fim. ekkert kapps-

mál, að sett séu sérstök hafnarl. fyrir Reykjavíkurhöfn. Við getum fullkomlega sætt okkur við það, að þessar tvær heimildir væru teknar upp í hin almennu hafnarl. Hins vegar vildi hv. sjútvn. ekki á það fallast, og er því sjálfsagt að láta atkv. skera úr um þetta mál, hvort meiri hl. d. er á þeirri skoðun, að svipta skuli Reykjavíkurhöfn þessum rétti, sem hún hefur haft í mörg ár, og skapa henni þar með fjárhagslegt tjón.

Eins og hv. dm. sjá, þá hefur ekki komið fram sérstakt nál. varðandi þetta frv., en hins vegar er minnzt á það í nál. um annað frv., um breyt. á hinum almennu hafnarl., að n. sjái sér ekki fært að mæla með þessu frv.

Að öðru leyti en þessu, sem ég hef getið um, eru aðallega smábreyt. í þessu frv., sem ekki hafa verulega þýðingu. m. a. eru tekin þar upp takmörk Reykjavíkurhafnar, sem þykir hentara að hafa í l. heldur en reglugerð, og nokkur fleiri atriði, sem sjálfsagt þótti að leiðrétta, ef sett yrðu sérstök l. fyrir Reykjavíkurhöfn. Ég legg til, að frv. verði vísað til 3. umr.

Finnur Jónsson: Ég mun ekki gera það að umtalsefni, að málið er tekið á dagskrá, án þess að fyrir liggi nál. frá meiri hl. eða minni hl. n. né heldur þingleg ósk um það að taka málið fyrir. Annars var skýrt frá því, eins og hv. þm. Snæf. sagði, undir umr. um annað mál, að í sjútvn. hefði ekki fengizt neinn vilji fyrir því að mæla með samþykkt þessa frv. Reyndar var öll n. á því, að ekki væri nein ástæða til að setja sérstök hafnarl. fyrir Reykjavík, þar sem alveg nýverið er búið að safna saman í eina heild ákvæðum fjöldamargra hafnarl., sem áður giltu hér á landi, og setja í lagafrv., sem Alþ. er ekki fyrir löngu búið að afgreiða. Í þetta sameiginlega hafnarmálafrv. hafa verið tekin upp flest þau atriði, sem hæstv. samgmrh., sjútvn. beggja d. þingsins og þinginu sjálfu hefur þótt nauðsynlegt, að yrðu í l. tekin. Einhverju af ákvæðum, sem giltu í einstökum hafnarl., mun hafa verið sleppt, og stafar það af því, að ekki þótti ástæða til annars en að láta sömu l. gilda um allar hafnir á landinu. Á grundvelli þessarar skoðunar taldi sjútvn. ekki rétt að mæla með því, að sett yrði sérstök löggjöf um höfnina í Reykjavík og framkvæmd hafnarmála þar. Hv. þm. Snæf., borgarstjórinn í Rvík, kom ásamt hafnarstjóranum í Reykjavík og öðrum manni til viðtals við sjútvn. og setti fram þau sjónarmið, sem hann hefur nú lýst hér. Benti hann sérstaklega á, að það, sem Reykjavíkurbær legði mest upp úr, væri, að tekinn yrði upp aftur lögveðsréttur Reykjavíkurbæjar fyrir hafnargjöldum í skipum, og í öðru lagi, að ákveðið væri alveg skýlaust, að Reykjavíkurbær gæti tekið vörugjöld af vörum, sem um bryggjur einstakra manna fara, jafnvel þótt ekki væri um sambærileg mannvirki að ræða. En í Ed. hafði verið sett inn í hafnarlagafrv. ákvæði um það, að hafnarstjórnir eða sveitarstjórnir gætu ekki tekið hafnargjöld af vörum, sem færu um bryggjur einstakra manna, nema um sambærileg hafnarmannvirki væri að ræða. Nú benti hv. þm. Snæf. á það í viðtali við sjútvn., að nokkur vafi gæti leikið á því, að unnt væri að taka vörugjald af olíu, sem skipað væri upp í Skerjafirði, vegna þess að Reykjavíkurbær ætti ekki sambærileg hafnarmannvirki þar á staðnum. Sjútvn. var að vísu á því máli, að á þessu gæti nokkur vafi leikið, en gekk hins vegar það á móts við hagsmuni Reykjavíkurbæjar, að hún flutti brtt. við l. um hafnargerðir og lendingarbætur, að þetta atriði, sem hv. þm. Snæf. leggur mjög mikla áherzlu á, yrði nú alveg ótvírætt. Þessi breyt. er nú væntanlega komin til 3. umr. í Ed. og hefur verið afgr. héðan frá Nd., og sýnist ekki vera neitt til hindrunar því, að hún verði að l. á þessu þingi. Mér skildist á hv. þm. Snæf. á sínum tíma, að þessi breyt. á l. gæti haft meiri fjárhagslega þýðingu heldur en hin breyt., sem hann lagði aðaláherzlu á, þannig að sjútvn. virðist hafa gengið það til móts við hv. þm. Snæf. Í því atriði, sem hann taldi, að höfnina og Reykjavíkurbæ gæti varðað fjárhagslega meiri upphæð heldur en hitt atriðið, sem hann talaði um. En hitt atriðið, sem hv. þm. Snæf. lagði áherzlu á, var það, að Reykjavíkurbær hefði lögveð í skipum fyrir skipagjöldum. Það er alveg rétt, að þetta ákvæði var áður í hafnarl., sem giltu fyrir Reykjavík, og enn fremur í nokkrum öðrum hafnarl., en þó ekki mörgum, og þegar núgildandi lög voru sett, þá komu ekki óskir frá neinni hafnarstjórn á landinu um að setja þetta ákvæði inn í l., og mun það hafa verið af því, að flestar hafnarstjórnir telja sig nægilega öruggar með að hafa lögtaksheimild í skipunum gegn greiðslu hafnargjaldanna. En það er svo mikill aðstöðumunur Reykjavíkurhafnar og annarra hafna á landinu, að það er sízt ástæða til þess, að Reykjavíkurhöfn hafi sérréttindi umfram aðrar hafnir varðandi innheimtuna. N. hefur því lagt á móti því, að þessi háttur sé tekinn upp fyrir Reykjavík, en ef Alþ. teldi það rétt, þá er rétt að setja það inn í l. um hafnargerðir og lendingarbætur. Það má vera, að það hafi einhver óþægindi í för með sér að hafa ekki lögveðsheimild í skipunum, en þegar hægt er að safna saman lögveðskröfum og innheimta þær, þegar illa er komið fyrir einhverju fyrirtæki, þá hlýtur það að spilla mjög veðhæfni skipanna. Mér virðast engin rök réttlæta þessi sérréttindi Reykjavíkurhafnar, og viljum við því ekki mæla með þessu frv. Ég hef tekið það fram, að hér er aðeins um tvö mikilsverð atriði að ræða í þessu frv., og þar sem sjútvn. hefur tekið til greina það atriðið, sem hv. þm. Snæf., borgarstjórinn í Reykjavík, taldi meira máli skipta fjárhagslega, og sett það inn í hin almennu hafnarlög, þá höfum við fjórir í sjútvn., sem hér erum staddir, leyft okkur að bera fram svo hljóðandi till. til rökstuddrar dagskrár, sem ég leyfi mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar eð ákvæði frv. þessa eru að mestu leyti samhljóða hinum almennu hafnarlögum, telur deildin eigi ástæðu til að afgreiða frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Forseti (BG): Mér hefur borizt till. til rökstuddrar dagskrár, sem form. sjútvn. hefur lýst, og liggur dagsskrártill. fyrir til umr. ásamt frv.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Út af þessari dagskrártill. vildi ég segja það, að hún er nokkuð furðulega samin, þar sem hún byggist á því, að frv. sé samhljóða gildandi l., en það er ljóst

af umr., að í frv. er atriði, sem deilt er um, hvort skuli vera í l. eða ekki, þannig að frv. er alls ekki samhljóða gildandi l.

Hv. þm. Ísaf. virtist undrandi á því, að málið skyldi vera tekið fyrir án þess, að nál. lægi fyrir. En það er nú svo, að liðnir eru um það bil tveir mánuðir síðan málinu var vísað til hv. sjútvn., og ef lýsa ætti undrun á einhverju, þá er það á því, að n. hefur í tvo mánuði vanrækt að skila áliti. Hitt er svo sjálfsagt, að forseti leyfi sér að taka mál á dagskrá, sem n. ætlar að sæfa með því að skila ekki áliti.

Hv. þm. Ísaf. talaði um, að hann vildi ekki veita Reykjavíkurhöfn nein sérréttindi eða forréttindi, en hér er aðeins um það að ræða að taka aftur upp þá reglu, sem gilt hefur í fjöldamörg ár. Þetta er því ekkert nýmæli, heldur á að lagfæra þá réttindasviptingu, sem Reykjavíkurhöfn hefur orðið fyrir. En þegar talað er um forréttindi og sérréttindi, þá má minna á það, að til Reykjavíkurhafnar hefur verið varið milli 22 og 23 millj. kr. og af því hafa aðeins um 400 þús. verið framlag hins opinbera. Hitt hefur verið lagt fram af Reykjavíkurbæ og hafnarsjóði. Hvernig er þetta annars staðar? Hefur nokkur höfn á landinu verið byggð án þess, að mikill hluti byggingarkostnaðar væri greiddur af ríkissjóði? Það skal engan veginn talið eftir, en það er fullkomlega villandi hjá hv. þm. Ísaf., þegar hann talar um að veita Reykjavíkurhöfn sérréttindi, ef á það er litið, að bærinn hefur byggt sína höfn að mestu leyti einn. Ég vil taka það fram, að ég get fallizt á það, að lögveðsheimildin verði sett inn í hin almennu hafnarlög, og ef sjútvn. vill á það fallast, eins og mátti skilja á hv. þm. Ísaf. um tíma, þá er vitanlega frá minu sjónarmiði ástæðulitið að halda þessu frv. áfram, og þá er grundvöllurinn horfinn undan tali hv. þm. Ísaf. um sérréttindi og forréttindi handa Reykjavíkurhöfn. Ég geri ráð fyrir, að frv. um breyt. á hafnarl. komi hingað aftur, og ef þessu frv. verður vísað frá, þá verði ákvæðið um lögveðsréttinn tekið upp við afgreiðslu þeirra laga. Hv. þm. Ísaf. impraði á því, að hann teldi það spilla veðhæfni skipanna, ef lögveðsheimildin fengist sett í l. Þetta er mjög lítið atriði, því að þótt hafnargjöldin séu mikið atriði fyrir höfn, sem hundruð skipa fara um, þá skipta þau ekki miklu máli fyrir hvert skip. Fyrir skipin er það að mörgu leyti til þæginda, að lögveðsheimildin væri tekin upp, og veðhæfni þeirra mundi spillast ákaflega lítið. Skal ég svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en ég er undrandi á afstöðu n., og ég held því eindregið fram, að hjá henni sé ekki um hafnar- eða útgerðarsjónarmið að ræða, heldur einhver lánsstofnana- eða bankasjónarmið, og er það kannske ekki svo undarlegt, þar sem form. n. er svo hátt settur í bankamálum þjóðarinnar.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. Snæf. gerir mikið úr því, hvað það kosti Reykjavíkurhöfn mikið að hafa ekki lögveðsheimildina í l. Hins vegar gerir hann lítið úr því, að það gæti spillt veðhæfni skipanna. Þetta hvort tveggja getur ekki staðizt. Ef það kostar höfnina mikið að hafa heimildina ekki, þá hlýtur það að kosta skipin mikið, ef heimildin er sett í l. Þótt hv. þm. Snæf. hafi verið góður prófessor, þá virðist hann ekki málfærslumaður að sama skapi.

Út af orðum hv. þm. um það, að ég sé hátt settur í bankamálunum, þá er það því miður ekki, en ég vil benda hv. þm. á, að honum er kunnugt, að hv. þm. Sigif. hefur í þessu máli sömu skoðun og ég, en varla dettur nokkrum í hug, að afstaða hans fari eftir einhverjum bankasjónarmiðum. Hitt má vera, að við höfum báðir nokkur útgerðarsjónarmið, og sem þm. kjördæma úti á landi teljum við, að ekki eigi að veita Reykjavíkurhöfn nein sérréttindi, enda þótt við eigum heima hér syðra. Annars er engin ástæða til svigurmæla fyrir okkur hv. þm. Snæf. í þessu sambandi. Hann vill létta innheimtuna fyrir sína starfsmenn, en við í sjútvn. teljum ekki ástæðu til að veita þau sérréttindi. Ef lögveðsheimildin verður borin upp sem brtt. við hin almennu hafnarlög, þá munum við að sjálfsögðu athuga hana, en ég held ekki, að meiri hl. sé í n. fyrir því að taka hana upp almennt.

Hvað viðvíkur vanrækslu n. um að skila áliti, þá er hv. þm. Snæf. svo þingkunnugur, að hann veit, að miskunnsöm afgreiðsla á frv., sem vitað er að hafa ekki meirihlutafylgi, er að sæfa þau í n. Hins vegar er í þessu tilfelli ekki um neina vanrækslu að ræða, því að n. ræddi málið mjög ýtarlega, og mætti hv. þm. Snæf. sjálfur á fundi n. Hv. þm. Snæf. talaði um það, að Reykjavíkurbær hefði orðið fyrir réttindasviptingu. Það er rétt, að Reykjavíkurbær hafði sérréttindi fram yfir aðra og þau voru afnumin, en þegar hv. þm. Snæf. ætlar að færa það fram sem rök, að búið hafi verið að verja 22 milljónum í höfnina og af því hafi ríkissjóður borgað mjög lítið, þá er þetta mjög villandi, því að engin höfn hefur aðra eins aðstöðu, því að í tveimur styrjöldum og löngum þar á milli hefur Reykjavíkurhöfn fengið gjöld af öllum vörum, sem til landsins hafa verið fluttar, bæði er þær komu til landsins og eins þegar þær voru fluttar út á land, þannig að ef reikna á framlög landsmanna, þá hafa þeir ekki goldið til neinnar hafnar eins mikið og Reykjavíkurhafnar. Við stöndum hér fjórir að þessari dagskrártill., hv. þm. Borgf., hv. 2. þm. N-M., hv. þm. Sigif. og ég, og væntum við þess, að hv. þd. sjái, að hún er borin fram af rökum og sanngirni.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það er vitanlega rétt, að Reykjavíkurhöfn hefur haft meiri tekjur en aðrar hafnir og af þeirri ástæðu getað kostað sín mannvirki. Hins vegar réttlætir það ekki þá ráðstöfun að gera henni erfiðara fyrir að innheimta hafnargjöldin. Lögveðsheimildin skiptir sáralitlu fyrir hvern bát, en þótt hver maður skuldi lítið, skiptir það miklu fyrir höfn, þar sem hundruð og þúsund skipa fara um. Ég get skilið það sjónarmið að vilja vísa málinu frá, en það er þá betra að gera það á einhverjum öðrum grundvelli en þeim, að frv. sé samhljóða gildandi lögum, þegar deilan stendur um það, hvort ákvæði frv. skuli tekið upp í gildandi lög eða ekki, og vildi ég sóma n. sjálfrar vegna biðja hana að endurskoða þessa dagskrártill. sína.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Þegar breyt. á l. um hafnargerðir og lendingarbætur voru til umr.,

ræddi ég þetta mál nokkuð við hv. þm. Snæf. Hann leitaðist við að rökstyðja, að með afnámi lögveðsheimildarinnar væru réttindi Reykjavíkurhafnar skert, en ég verð að segja, að mér fundust rök hans léttvæg. Við vorum allir sammála um það í sjútvn., að með því að lögfesta lögveðsheimildina væri meiri kvöð lögð á bátana en sem svaraði ávinningi Reykjavíkurhafnar. Þegar búið er að leggja þetta ákvæði á, að skipin falli undir lögveð, þýðir það, að lánsstofnanir sjá, að skipin sem veð eru rýrari en áður, og lána því síður út á skipin. Það má kannske segja, að þetta sé bankasjónarmið, en það er nú svo með útgerðina, að flest eða öll skip verða að treysta á það að fá lán í bönkum, og snertir það því talsvert hag útgerðarinnar, hvernig bankarnir líta á skipin sem tryggingu fyrir láni. Það gæti ef til vill orðið nauðsynlegt að setja lögveðsheimildina á, en það er ekkert meiri ástæða fyrir Reykjavík en aðra staði, og hefur hv. þm. Snæf. viðurkennt þetta sjónarmið, en ég segi fyrir mitt leyti, að ég sé ekki ástæðu til að setja þessa heimild í lög, fyrr en rök eru færð fyrir því, að þetta sé höfnunum nauðsynlegt, og ég lagði áherzlu á það við hv. þm. Snæf., að hann færði rök fyrir því, að niðurfelling lögveðsheimildarinnar hefði skaðað Reykjavíkurhöfn. Ég hef verið forstöðumaður Siglufjarðarhafnar í 4 ár án þess að hafa lögveðsheimild, og það, sem höfnin tapaði á því að hafa ekki lögveðsheimild, var svo óverulegt, að ég tel lögveðsheimildina alls ekki nauðsynlega. Þar sem sjútvn. hefur nú gengið svo til móts við hv. þm. Snæf. að taka upp aðalatriði þess frv., sem hann hefur nú fengið forseta til að taka á dagskrá, þá tel ég ástæðulítið fyrir hv. þm. að halda því fram og tel því dagskrártill. okkar fyllilega réttmæta. Hins vegar á hv. þm. Snæf. náttúrlega rétt á því að láta Alþ. skera úr um það, hvort það vill láta Reykjavíkurhöfn fá réttinn til lögveðs eina allra hafna, og við í sjútvn. viljum engan veginn hindra það, enda er dagskrártill. miðuð við það, að vilji þingsins geti þegar komið í ljós. Ef lögveðsheimildin verður tekin upp, þá verður það að vera af því, að sýnilegt sé, að höfnunum sé það nauðsynlegt, en það get ég ekki séð að sé, eins og nú standa sakir.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Í fyrstu ræðu minni gat ég um dæmi þess, að Reykjavíkurhöfn hefði tapað á því að hafa ekki lögveðsheimild, og skal ég leggja gögn um það fyrir n. Nú er frv. til l. um breyt. á hafnarl. til meðferðar og langt komið í Ed. og kemur til meðferðar Nd. aftur. Þá er rétt að athuga, hvort hægt sé að setja skýr ákvæði í almenn hafnarlög varðandi þetta. Það er ekki kappsmál, að sérstök ákvæði gildi fyrir Reykjavík. Ég teldi rétt að fá samkomulag um, að atkvgr. yrði frestað, svo að reyna mætti að fá samkomulag um málið.

Finnur Jónsson: Mér skilst, að hv. þm. Snæf. hafi lagt áherzlu á það að fá úr þessu máli skorið. Hann hefur tvisvar fengið það tekið á dagskrá, áður en nál. var til. Ég vil ekki tefja málið meir. Við höfum legið undir ámæli frá honum fyrir að tefja málið. Ég sé því ekki ástæðu til að fresta atkvgr.

Forseti (BG): Ég vil spyrja hv. þm. Snæf., hvort hann óskar eftir því, að umr. sé frestað eða bara atkvgr. (GTh: Það er efalaust réttara að fresta umr.) Ég tel rétt að fresta umr. til næsta fundar, þar sem tiltölulega fáir þm. eru viðstaddir.

Á 75. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

27. Ullarverksmiðja í Hafnarfirði.

Á 35. fundi í Sþ., 21. jan., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um nýtízku ullarverksmiðju ríkisins í Hafnarfirði (þmfrv., A. 261).

Á 46. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Um þetta mál, sem hér liggur fyrir, virðist ekki þurfa að flytja langa framsöguræðu, þó að málið sé mjög nauðsynlegt að mínu áliti og efalaust margra annarra, því að frv. fylgir ýtarleg grg. ásamt skýrslu og áætlun um verksmiðjuna. En mér virðist nokkurn veginn augljóst mál, að í sambandi við ullarframleiðsluna í landinu eru allmargir og miklir annmarkar á þeirri framleiðslu, sérstaklega í sambandi við hagnýtingu ullarinnar. Á hverju ári hefur borið á því, að annmarkar eru á því að fá markað fyrir þá ull, sem ekki er unnið úr í landinu sjálfu. Stundum hefur gengið vel, en stundum hefur líka gengið illa með sölu á þeirri ull, sem hefur orðið að leita markaðs fyrir í útlöndum. Á þessu ári og sérstaklega á síðustu árum hefur ullarþörf landsmanna verið meiri til fatnaðar heldur en áður. Sérstaklega er þetta í augu stingandi nú fyrir okkur Íslendinga, þegar við vegna ýmissa utan að komandi erfiðleika höfum orðið að grípa til þess að skammta ýmsar nauðsynjar og einnig fatnað, að þá skulum við þurfa óbeinlínis að skammta þá vöru, sem við gætum haft nóg magn af, ef framleiðslumöguleikar væru fyrir hendi í þessu efni, og á ég þar við vörur, sem hægt er að vinna úr ull, bæði til innri og ytri fatnaðar. Á síðustu árum hefur heimilisiðnaður Íslendinga ekki verið í því ástandi, sem æskilegast er. Hygg ég, að þar sé ekki því um að kenna, að minni ull sé framleidd heldur en áður, heldur hinu, að í kaupstöðunum hafa verið mjög miklir erfiðleikar á útvegun hráefna, sem nauðsynleg eru til þess að hægt sé að halda heimilisiðnaði uppi. Ástæðan fyrir þessum erfiðleikum hefur verið fyrst og fremst sú, að við höfum ekki möguleika til þess að vinna úr ull þeirri, sem hér hefur fallið til á hverju ári, fjarri því. Það virðist því liggja í augum uppi, að það þurfi að skapa skilyrði til þess að vinna úr þeirri ull, sem til fellur í landinu á hverju ári. En þau skilyrði hafa

ekki verið fyrir hendi, svo að fullnægjandi hafi verið. Það hafa að vísu verið gerðar ráðstafanir til þess að auka möguleikana fyrir heimavinnu úr ullinni með því m. a. að stækka Gefjuni. En það er þó ekki nægilegt, til þess að það dugi til þess að koma þessum málum í gott horf. Það er frá mínu sjónarmiði ekki nóg úrræði, heldur álít ég, að það þurfi að koma hér hjá okkur ný og stór ullarverksmiðja. Það getur verið, að menn deili um það, hvort sú verksmiðja eigi að vera reist af einstaklingum, af ríkinu eða bæjum. Ég slæ því föstu, að það eigi að vera ríkisrekstur á þessu fyrirtæki, sem er vegna þess, að ríkið hefur nú þegar tekið í sínar hendur rekstur á framleiðslu á ýmsu því, sem til fellur og úr sjó fæst, svo sem með rekstri á síldarverksmiðjum, niðursuðuverksmiðju ríkisins o. fl. Það virðist því ekki óeðlilegt, að ríkið taki líka í sínar hendur rekstur til þess að hagnýta þessa framleiðsluvöru, sem fæst af landbúnaði, ullina.

Í þessu frv. er því slegið föstu, að bygging þessarar verksmiðju og starfræksla fari fram á ákveðnum stað, sem þar er til tekinn, þ. e. Hafnarfirði. Ég geng að sjálfsögðu þess ekki dulinn, að fleiri staðir koma til greina um val á stað til þessa. En að þessi staður hefur verið valinn af mér, er fyrst og fremst vegna þess, að mér virðist, að Hafnarfjörður hafi marga kosti, sem slíkur staður þyrfti að hafa, sem ullarverksmiðju væri komið upp á. Sú orka, sem þarf til þess að starfrækja slíka verksmiðju sem þessa, er þar fyrir hendi. Í öðru lagi er þar vatnsmagn nóg. Og í þriðja lagi virðist mér staðurinn vel á landi settur hvað samgöngur snertir, og þá sérstaklega við Suðvesturland.

Ég skal viðurkenna fullkomlega, að mig skortir þekkingu og kunnugleika til þess að dæma um hina tæknisku hlið þessa máls. Það, sem orsakað hefur það fyrst og fremst, að ég hef fundið mig knúinn til að flytja þetta frv., er, að mér virðist ástandið í þessum málum vera svo slæmt, að ekki verði við unað. En vegna þessa skorts míns á þekkingu á hinni tæknisku hlið málsins um byggingu þessarar verksmiðju og möguleikunum fyrir því, að hún geti borið sig fjárhagslega í rekstri, þá hef ég leitað til vel fróðs manns í þessu efni, Þorvalds Árnasonar ullarmatsmanns, sem er einn helzti sérfræðingur okkar á þessu sviði. Hans orðum um þetta hefur ekki verið gefinn nógu mikill gaumur frá mínu sjónarmiði séð. Í því áliti, sem hér liggur fyrir sem fskj. með frv., rekur hann, á hvern hátt hægt sé að koma upp þessari verksmiðju, svo og, á hvern hátt hægt sé að reka slíka verksmiðju og hvað muni kosta að byggja hana. Hann hefur miðað við tilboð, sem hann hefur eftir umsögn fagmanns. Og niðurstaða hans er, að byggingarkostnaður slíkrar verksmiðju muni verða rúmlega tvær millj. kr., ef byggt er úr steinsteypu, en mun minni, ef byggt er stálgrindahús samkvæmt tilboði h/f Héðins. Verksmiðjuvélar til þessarar verksmiðju, telur hann, að muni kosta eftir tilboðum erlendis frá tæpar þrjár millj. kr. Hann gerir ráð fyrir því, að stofnkostnaður við þessa verksmiðju muni verða rúmar fimm millj. kr., ef byggt er úr járnbentri steinsteypu, en annars einni millj. kr. minni, ef byggt er járngrindahús. — Um rekstur verksmiðjunnar er það að segja, að Þorvaldur Árnason gerir ráð fyrir, að þetta fyrirtæki muni geta skilað mjög verulegum hagnaði. Og í þessum rekstrarútreikningi hans, sem hér liggur fyrir, segist hann hafa gert ráð fyrir hærri útgjöldum en reikna megi með, til þess að nokkurn veginn öruggt sé, að þessi áætlun hans geti staðizt.

Ég sé svo ekki þörf á að orðlengja frekar um þetta mál, nema sérstakt tilefni gefist til. Ég tel, að hér sé um mjög mikilsvarðandi nauðsynjamál að ræða, sem hv. þm. þurfi að gefa gaum. Hér er ekki um nýtt mál að ræða, heldur er hér um að ræða tilraun til að ráða bót á þeim vanda, sem liggur fyrir hendi að leysa á þann hátt, sem flm. frv. telur haganlegt.

Vil ég mælast til þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. iðnn., en vel getur þó verið, að það sé matsatriði, hvort því beri að vísa til þeirrar n. eða hv. landbn., þar sem þetta mál snertir bæði landbúnað landsins og iðnaðinn. Ég tel þó rétt, að því verði vísað til hv. iðnn., vegna þess að hér er fyrst og fremst gert ráð fyrir iðnaði.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Með frv. þessu er gert ráð fyrir, að ríkið setji á stofn ullarverksmiðju í Hafnarfirði. Gert er ráð fyrir, að þessari væntanlegu verksmiðju verði stjórnað af 5 manna þingkjörinni stjórn og aðrir 5 menn kjörnir til vara, 3 endurskoðendur, einnig þingkjörnir, o. s. frv. Í ákvæði til bráðabirgða, sem fylgir frv., er lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að taka lán til framkvæmda samkvæmt lögum þessum allt að 5—6 millj. kr. Ekki hef ég séð það í grg., sem þessu frv. fylgir, hvar eigi að fá þessa peninga að láni.

Ég minnist þess, að nú fyrir nokkrum dögum var rætt hér í þinginu um það, að ríkisstj. hefði enn ekki útvegað lán til ræktunarsjóðs, eins og henni bar að gera lögum samkvæmt, og ekki heldur lagt fram fé það, sem lög ákveða, að leggja skuli fram til byggingarsjóðs. Mér finnst, að það væri réttara, ef hægt væri að ná í peninga til þess að fullnægja þessum lagafyrirmælum, sem þegar er búið að setja, að láta það sitja fyrir eða framkvæma það áður en farið er að samþykkja hér lög um nýjar ríkisstofnanir, sem byggja eigi fyrir lánsfé. Ég fæ heldur ekki séð, að það sé þörf fyrir þetta, að ríkið byggi slíka verksmiðju, vegna þess að nú þegar hafa aðrir aðilar það mál í undirbúningi, og er verið að vinna að því að stækka mjög þær ullarverksmiðjur, sem fyrir eru í landinu.

Það mun hafa verið árið 1929, sem S. Í. S. keypti ullarverksmiðjuna Gefjuni á Akureyri. Og eftir að S. Í. S. eignaðist þá verksmiðju, þá voru mjög aukin afköst hennar. Í stríðsbyrjun, eða 1939, mun hafa látið nærri, að afköst Gefjunar hafi verið orðin fimmfalt meiri heldur en þau voru, þegar S. Í. S. eignaðist verksmiðjuna. Á næstu árum þar á eftir, á stríðsárunum, minnkaði framleiðsla töluvert í þessari verksmiðju, sem stafaði af því, að erfitt reyndist að fá fólk til vinnu í verksmiðjunum. En síðustu árin hefur framleiðslan aukizt þar töluvert aftur, og mun láta nærri, að hún sé nú fjórum sinnum meiri heldur en hún var, þegar S. Í. S. eignaðist þessa verksmiðju. En auk þessa má geta þess, að S. Í. S. hefur nú byrjað á framkvæmdum til stækkunar á þessari verksmiðju til mikilla muna.

Árið 1946 fóru fram viðræður við nýbyggingarráð um nauðsynleg innflutningsleyfi, svo að hægt væri að stækka þessa verksmiðju, og byggingarframkvæmdir eru þegar hafnar hjá þessari verksmiðju á Akureyri.

Ég skal geta þess t. d., að Sambandið hefur fyrir löngu fest kaup á nýtízku ullarþvottavélum, og er gert ráð fyrir, að þær komi til landsins nú í vor, og er þegar byrjað að byggja hús yfir þær. Mun vera hægt að þvo í þeim vélum alla ull landsmanna. Auk þess hefur Sambandið þegar fest kaup á alls konar ullariðnaðarvélum, sem væntanlegar eru til landsins smám saman.

Þær ráðstafanir, sem búið er að gera um framkvæmdir viðvíkjandi stækkun verksmiðjunnar, eru nægilegar til þess, að hægt verður að vinna þar úr allri þeirri ull, sem til fellur. Það er einnig gert ráð fyrir því og undirbúningur hafinn, að það verði hægt að fá viðbótarvélar í þær aðrar verksmiðjur, sem fyrir eru, og geta þær þá unnið úr allri ullinni, þó að framleiðslan aukist frá því, sem nú er, ef markaðsástæður verða þannig, að það virðist heppilegra að vinna úr ullinni hér heldur en að flytja hana óunna úr landi eins og gert hefur verið áður. Það er rétt að geta þess, að ullarframleiðslan 2 síðustu ár er minni en áður, og munar það miklu. Hins vegar er þess að vænta, að hún aukist aftur, áður en langt um líður.

Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, fylgir bréf til flm. um svo kallaða bráðabirgðarekstrar- og kostnaðaráætlun frá Þorvaldi Árnasyni skattstjóra í Hafnarfirði. Segir í grg. frv., að hann sé elzti og fyrsti sérfræðingur okkar Íslendinga á þessu sviði. Ég hef lesið bréfið til flm., og er töluvert af því, sem þar er fram borið, umsögn um einstaka menn og flokka, og fæ ég ekki séð, að sá þáttur sérfræðinnar verði til þess að auka framleiðsluna úr íslenzkri ull. En síðast í þessu erindi frá Þorvaldi Árnasyni segir hann frá því, að nú muni það taka allt upp í 4 ár að fá ullarvélar frá útlöndum, því að eftirspurnin hjá verksmiðjunum, sem framleiða þær, hafi aukizt mikið undanfarið.

Þegar nú þetta er athugað, þá virðist mér ljóst, þó að ríkið hefði peninga til að setja þessa verksmiðju upp og þó að þetta frv. yrði samþ. og síðan farið að eins og segir í grg. og gerð fullkomin áætlun um verksmiðjuna, teikningar af henni, ákveðin niðurröðun véla og síðan pantaðar vélarnar og það tæki upp í 4 ár að fá þær, þá er það langur tími liðinn, að þess er að vænta, að löngu fyrir þann tíma verði Sambandið búið að framkvæma þá stækkun, sem nú er unnið að, þannig að þessi ríkisverksmiðja yrði þá með öllu óþörf.

Það fé, sem þarf til þess að framkvæma þessa stækkun á verksmiðju S.Í.S., mun vera fyrir hendi, og mun ekki þurfa að leita til ríkisins um það. Aðeins þarf að greiða fyrir málinu með því að veita gjaldeyrisleyfi og nauðsynlegar yfirfærslur í sambandi við þessi vélakaup. Er þess að vænta, að fjárhagsráð geri það eftir því, sem möguleikar eru til.

Mér virðist því að þessu athuguðu, að þetta frv. sé að óþörfu fram borið, sem ég geri ráð fyrir, að stafi af því, að flm. hefur ekki kynnt sér málavöxtu, áður en hann flutti frv., eins og hann sagði sjálfur í framsöguræðunni. Það er því ástæðulaust að eyða tíma þingsins til umr. um þetta frv.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Út af ræðu hv. þm. V-Húnv. vil ég segja það, að ég sjálfur þakka honum fyrir upplýsingarnar, sem hann kom fram með í sambandi við þetta mál. En það er ýmislegt samt í ræðu hans, sem ég get ekki látið ómótmælt. Hann getur um í sambandi við frv., sem liggur hér fyrir, að það sé gert ráð fyrir að binda ríkinu byrði með því að taka lán, 5—6 millj. kr., og að slíkt sé ekki hyggilegt á sama tíma sem erfiðleikar eru á að framkvæma ýmsar lagasetningar, sem búið er að samþykkja. Það hefur verið mjög útmálað fyrir þm., hversu ríkissjóður sé illa staður og erfiðleikum bundið að framkvæma það, sem honum ber skylda til. Ég á bágt með að trúa því, að það séu ekki möguleikar á að framkvæma það, sem samþ. hefur verið, og að það bindi ríkinu fjárhagslega bagga, ef þetta frv. verður gert að l. Ef sá skilningur ríkti, sem vera bæri, þá væri full geta til þess að leggja út þá upphæð, sem hér er fyrir hendi. Það er nú einu sinni svo, að þar sem viljinn er fyrir hendi, þar er hægt að gera margt, en þar sem hann vantar, þar er minna gert.

Hv. þm. V-Húnv. sagðist ekki sjá, að þörf væri fyrir þetta fyrirtæki, þar sem nú sé verið að byggja og stækka ýmsar aðrar verksmiðjur í landinu. Hann gat um í því sambandi, að verið væri að stækka ullarverksmiðjuna, sem Gefjun rekur á Akureyri. Hann sagði einnig í þessu sambandi, að í langan tíma og til þessa hefðum við Íslendingar átt við erfiðleika að etja með að framleiða meiri ull í landinu en það, sem unnið er úr í íslenzkum verksmiðjum. Það má mikið vera, ef þessar verksmiðjur verða það fullkomnar, að þær geti unnið úr allri ull landsmanna.

Hv. þm. V-Húnv. gat um það, að nú væri ullarframleiðslan mun minni en áður. Það getur rétt verið, en hins vegar er það ódeilt mál, hvort ekki eru möguleikar til stórkostlegrar aukningar í þeim efnum. Miðað við það þarf stórar framkvæmdir, til þess að hægt sé að vinna úr þeirri ull, sem hægt er að framleiða í landinu. Virðist því eðlilegt og sjálfsagt, að flutt sé frv., sem gerir ráð fyrir úrbótum.

Ég geri ráð fyrir, að frv. fari til iðnn., og vænti þá, að hún rannsaki, hvað hæft er í því, sem sagt hefur verið í þessu máli.

Hv. þm. V-Húnv. vildi gera lítið úr sérfræðingi þeim, sem hér lagði skoðanir sínar með þessu frv., og sagði, að ýmislegt í því bréfi, sem hér fylgdi með, væri þess eðlis, að það væri ekki til að auka hróður hans sem sérfræðings eða ekki til að auka trúnað á hann sem slíkan. Ég skal fúslega viðurkenna, að ég er ekki kunnugur forsögu þessa máls, sem hér er rakin í þessu bréfi, sem Þorvaldur Árnason sendi mér. Ég hef ekki annað en gott um þann mann að segja, en það er eðlilegt, ef hann er reiknaður mér, að það stingi ýmsa menn, sem hann segir. Það breytir engri sérfræðilegri þekkingu, þó að hann hefji baráttu fyrir ákveðnu hugsjóna- og velferðarmáli. Hann á meiri hlutann af því, sem hann hefur lagt fram sérfræðilega, svo sem um rekstur verksmiðjunnar o. s. frv.

Hv. þm. V-Húnv. lauk máli sínu með því að segja,

að frv. væri fram komið vegna þess, að flm. væri ekki kunnugur þessu máli, enda hefði hann sagt það í upphafi máls síns. Ég sagði og skal segja það aftur, að ég hef takmarkaða þekkingu á þeirri hlið þessa máls, sem varðar rekstur verksmiðju, og því sem þar að lýtur. Hitt virðist ljóst hverjum manni, þó að hann sé ekki fagmaður, að ástandið hefur verið óviðunanlegt, og verður fljótt að ráða bót á því. Ég er þeirrar skoðunar, að eðlilegt og sjálfsagt sé, að svo fari sem hér er gert ráð fyrir, og því hef ég flutt þetta frv.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa langt mál um þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Ég vil í höfuðdráttum taka undir það, sem hv. þm. V-Húnv. mælti hér, að því þó undanteknu, að mér fannst hann binda um of athugasemdir sínar við Norðurland, því að það er gefinn hlutur, að það verður ekki, svo að vel fari, farið með alla ull í landinu til þvottar eða vinnslu á einn stað. En hann minntist aðeins á, að hér væru tvær verksmiðjur, en það vildi ég skýra nánar.

Önnur ullarverksmiðjan, sem er með elztu verksmiðjum á landinu, Álafossverksmiðjan, mun hafa lagt áherzlu á það einmitt að koma rekstrinum á þann nauðsynlega grundvöll að fá þá beztu þekkingu, hvernig eigi að framleiða efni úr ull. Eftir því, sem ég veit bezt, þá hafa tekizt framkvæmdir á því sviði. Það er Pétur Sigurjónsson, sem hefur einmitt lagt sérstaka stund á að framleiða og koma ullarverksmiðjunni á sem öruggastan grundvöll. Þá er mér kunnugt um, að það standa fyrir dyrum einmitt framkvæmdir í þeirri verksmiðju til þess að geta afkastað meira en áður, og svo mun vera um aðrar verksmiðjur, sem hér eru sunnan lands.

Ég vil halda því fram, að fyrir þinginu liggi ýmis önnur mál, sem fjárstuðning þurfa og frekar ætti að sinna, og hefur verið á það minnzt að nokkru. En ég vildi bara ekki láta þessa umr. fara hjá án þess að láta þetta í ljós, þó að það gefist kostur á að ræða það við 2. umr. betur, því að mér fannst koma einmitt fram, að það gæti orðið styrkur þessu frv., ef það hefði átt að flytja ullina til Akureyrar. Því vildi ég benda á tvö fyrirtæki hér, sem leggja áherzlu á að fá vélar og möguleika til þess að auka sínar framkvæmdir á þessu sviði, einmitt hér í námunda við Reykjavík. Ég vildi benda á, að þetta er jafnnauðsynlegt, og mun það koma til athugunar í n., sem fær málið til meðferðar.

Finnur Jónsson: Það hefur verið bent á af tveimur þm., að þetta frv. muni ekki vera tímabært, og ég vil bæta þeim upplýsingum við það, sem þeir hafa sagt, að með þeirri stækkun, sem fyrirhuguð er á Gefjuni, munu vera til verksmiðjur í landinu, sem framleiða úr allri þeirri ull, sem til fellur nú af sauðfé landsmanna, og nokkru meira til. Ég hef tekið eftir því, að í fskj I, sem með þessu frv. fylgir, er setning, sem er svona, með leyfi forseta: „Aðalatriðið er, að verksmiðjurnar séu ekki fleiri en hráefnið og aðrar aðstæður gefa tilefni til.“

Ef ríkið setur upp verksmiðju, eins og gert er ráð fyrir í frv., þá mundi vera hægt að vinna úr hálfu meiri ull en til fellur hér á hverju ári, ef við gerum þá ráð fyrir að sú stækkun, sem fyrirhuguð er á Akureyri, komi til framkvæmda. Allt ullarmagn, sem til samvinnufélaganna kemur, mun vera um 300 smálestir. Ef gert er ráð fyrir því, að Sambandið hafi um 80 af hundraði til sölumeðferðar, þá má gera ráð fyrir því, að magnið verði um 400 smálestir á ári, einmitt það ullarmagn, sem gert er ráð fyrir, að verksmiðjan Gefjun geti unnið úr, þegar stækkun er komin til framkvæmda. Við bætast svo verksmiðjur, sem til eru sunnanlands, og með þeim stækkunum, sem fyrirhugaðar eru og búið að gefa leyfi fyrir, munu þær geta unnið úr 200—300 smálestum að auki. Því er séð fyrir á næstu árum, að hægt verði að vinna úr allri ull, sem hér til fellur, ef ekki verða einhverjar stórvægilegar breytingar á ullarframleiðslunni hjá landsmönnum, annaðhvort að sauðfé verði fjölgað að mun eða kynbætur, eins og Þorvaldur Árnason leggur til.

Ég skal geta þess út af ummælum hv. 3. þm. Reykv., sem hér talaði, að það standa yfir verulega stórar umbætur á verksmiðjunni á Álafossi og ýmsar af þeim vélum eru komnar til landsins eða að verulegu leyti greiddar, þannig að gera má ráð fyrir, að þær komi til afnota sennilega á þessu ári. Þá hefur verið veitt leyfi fyrir verksmiðju til einkafyrirtækis hér í bæ, en ég veit ekki, hvað afkastamiklar þær velar eru. Ef hægt er að standa við þau loforð vegna gjaldeyrisvandræða, sem ég vona, að verði hægt, þá er málið komið þannig, að það er búið að uppfylla þau skilyrði, sem sérfræðingur flm. hefur talið, að væri aðalatriðið, sem sé að til séu verksmiðjur, sem fullnægi að öllu leyti því ullarmagni, sem til fellur, og jafnvel komið lengra en hann telur rétt, að sé, því að þær vinna úr meira ullarmagni en fæst hér í landi.

Ég skal ekki þreyta þm. á því að fara frekar út í þetta mál. Það er augljóst, að hér er um eitt af þessum sýningarfrv. að ræða, sem þm. Sósfl. bera fram á Alþ. æ ofan í æ. Þetta er ljóst, því að hv. 2. þm. Reykv., sem er sessunautur flm., hefði getað upplýst hann um allt, sem þeir hafa bent á, sem mælt hafa á móti þessu frv. sem algerlega óþörfu, og þannig getað forðað honum frá því að verða alveg ber að því að flytja mál, sem eingöngu er flutt til að sýnast, en ekki í öðrum tilgangi. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég get fallizt á, að þetta frv. fari til n., því að ég tel rétt, að það komi í ljós nál., sem væntanlega verður lesið upp í útvarpið og sýnir, hve mikil fjarstæða það er, sem flm. hefur talið sér sæma að færa í grg. þessa frv.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Það kom mér ekki á óvart, þótt eitthvað syngi í hv. þm. Ísaf. Sá góði maður og margir af hans flokki hafa látið þau orð falla hér, þegar frv. er borið fyrir Alþ., að það sé sannarlega ekki fullkomið nauðsynjamál. Sú andstaða hefur verið á þeim forsendum byggð, að hér sé verið að flytja mál, sem ekki sé þörf á. Það er venja hjá þeim, sem mæla á móti þeim málum, sem vitað er, að eru nauðsynjamál, að segja, að það sé ekki þörf á þeim, því að búið sé að leysa þá annmarka, sem á þeim eru.

Ég hef heyrt frá hv. þm. V-Húnv. og svo hv. þm. Ísaf. um, að hér sé búið að sjá svo fyrir, að ekki sé þörf á að bæta við meira af ullarverk-

smiðjum. Mér er kunnugt, að samkvæmt því, sem hv. þm. Ísaf. sagði, þá eigi þær verksmiðjur, sem hér eru, að geta tekið allmikilli aukningu. Þrátt fyrir þessar upplýsingar, sem hér hafa komið, álít ég nauðsynlegt, að frekar sé að gert. Ég læt mér í léttu rúmi liggja, hvort einn eða annar talar um, að hér sé flutt frv. til að sýnast, aðalatriðið er fyrir mig, að hér er ráðin bót á þeim vanda, sem fyrir er. Þrátt fyrir þessa aukningu, sem hér er talað um, þá er hún ekki nægileg til þess að framleiða og vinna úr þeirri ull, sem við getum haft á árl hverju.

Ég geri ráð fyrir því, eins og hv. þm. Ísaf. gat um, að þær upplýsingar, sem koma fram hjá n. um málið, fari í útvarpið. Ég tel, eins og ég hef alltaf sagt, að hér sé mál, sem er fullkomlega þess virði, að það sé tekið alvarlega og ekki vísað frá í d. á þeim forsendum, að ekki þurfi aðgerða við, heldur verði það látið fara til n. og fá þar þá athugun, sem þau mál fá, sem til n. fara. Ég vænti, að frv. komi frá n. á þann veg, að hún mæli með því, að það verði samþ.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Það var leiðinlegt fyrir hv. 11. landsk. þm. að taka ekki ráðleggingum mínum áðan, því að það er ekki svo oft, sem ég ræð honum heilt. En út af því, að ekki sé tímabært að gera ullariðnaðinn að opinberum rekstri, þá mun það hafa verið hv. 2. þm. Reykv. ásamt öðrum nýbyggingarráðsmönnum, sem stóð fyrir því að koma í veg fyrir að gera ullariðnaðinn að ríkisrekstri með því að gefa S. Í. S. leyfi til að stórauka sína ullarverksmiðju. En S. Í. S. fer með sölu á um 80% af allri ull landsmanna, og þegar S. Í. S. hefur fengið leyfi til að vinna úr allri þessari ull, þá er það ekkert annað en að gera gabb að Alþ. að leggja til, að ríkið reisi verksmiðju til að vinna úr ull, sem ekki er fyrir hendi. Vona ég svo, að hv. 11. landsk. þm. taki við mínum ráðleggingum, þótt síðar verði.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef ekki áður skýrt frá því, sem í þessu máli gerðist í nýbyggingarráði, en úr því að það er nú komið hér inn í umr., tel ég mig óbundinn að upplýsa það, hafði og raunar búizt við, að hæstv. fjmrh. yrði hér á fundinum og skýrði þá frá því. Till. kom fram um það í nýbyggingarráði, að ríkið ræki ullarverksmiðju, en um þá till. var nokkur ágreiningur, og fer ég ekki nánar út í það. En síðan var ákveðið að gefa þeim félögum, sem reka hér ullarverksmiðjur, þ. e. S. Í. S. og Álafossi, tækifæri til að segja álit sitt um málið. S. Í. S. svaraði á þá leið, að það mundi ekki einungis hætta við fyrirhugaða stækkun, heldur leggja niður sína verksmiðju með öllu, ef til þess kæmi, að ríkið ræki hér ullarverksmiðju. Bæði félögin voru hins vegar reiðubúin til að auka reksturinn stórum. Þegar þetta lá fyrir og enn fremur leyfisumsókn frá þriðja aðilanum, sem var hér í Reykjavík, þá taldi nýbyggingarráð rétt að veita þessum aðilum öllum gjaldeyrisleyfi vegna rekstrar sins. Annars hafa ýmsir meðlimir í nýbyggingarráði haft áhuga á því, að ríkið ræki ullarverksmiðju, og maður sá, sem nýbyggingarráð sendi utan til að athuga ullariðnaðarmál, var á þeirri skoðun. En nýbyggingarráð veitti sem sagt þessum þremur aðilum gjaldeyrisleyfi í þessu skyni, og ég veit ekki betur, ef ríkisstj. ætlar sér að framkvæma gildandi l., en að þeir ættu að geta fengið nægan gjaldeyri til starfsemi sinnar, en það er fullkomið lögbrot, ef ríkisstj. greiðir ekki tilskilda upphæð á nýbyggingarreikning. Þeir, sem leyfi hafa, hljóta því að geta gengið út frá því að fá gjaldeyri til rekstrar sins.

Þetta vildi ég aðeins upplýsa hér, úr því að gerðir nýbyggingarráðs komu hér til umr. Að öðru leyti tel ég rétt, að n. sú, sem fær mál þetta til meðferðar, athugi, hvernig þessum málum er nú komið og hvað þeir aðilar, sem hafa hér ullariðnað með höndum, hafa gert til að auka rekstur sinn. Það veitir auðvitað ekki af að hafa eftirlit með þessu, og ef einhverjir þessara aðila eru að ganga úr skaftinu, þá mundi hugmynd sú, sem fram kemur í þessu frv., hafa rétt á sér aftur, sem og hún raunar hefur alltaf haft, og ég tel gott, að þetta mál er hér fram komið, því að við athugun þess má ganga úr skugga um, hve framkvæmdir til aukningar á ullariðnaðinum eru langt á veg komnar.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Mér skildist á hv. þm. Ísaf., að það, sem okkur bæri á milli, væri það, að hér væri að hans áliti of skammt gengið. Sé það aðeins það, þá er ég reiðubúinn að breyta frv. í það horf, að ullarverksmiðja ríkisins fái alla ull landsmanna til vinnslu, því að það tel ég eðlilegast. Ræða hv. 2. þm. Reykv. var algóð upplýsing um málið og að sumu leyti ný upplýsing fyrir mig um það, hvernig málið nú stendur. Mér finnst eðlilegast, að málið verði tekið til rækilegrar athugunar, og ef það kemur í ljós, að ekki er þörf fleiri ullarverksmiðja, þá það. En skoðun mín er sú, að bæta þurfi við ullarverksmiðjurnar, og þá tel ég æskilegast, að ríkið hafi reksturinn með höndum.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég veit ekki hvernig hv. 11. landsk. þm. hefur misskilið svo hrapallega orð mín. Ég taldi alls ekki rétt, að ríkið setti upp verksmiðju til að vinna alla ull landsmanna ofan á það að veita S. Í. S. leyfi til þess að vinna sama verk. Það hefur aldrei verið skoðun mín, að reisa bæri verksmiðjur til að vinna úr hráefni, sem ekki er fyrir hendi. Ég vil svo að lokum undirstrika þau ummæli hv. 2. þm. Reykv. um það, að frv. ætti rétt á sér, ef ekki hefðu þegar verið gerðar ráðstafanir til að vinna þau verk, sem lagt er til í frv., að gerð verði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:2 atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Sþ., 23. marz, var útbýtt frá Nd. nál. frá meiri hl. iðnn., á þskj. 662, og á 62. fundi í Sþ., 24. marz, var útbýtt frá deildinni nál. frá minni hl. n., á þskj. 675, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

28. Barnavernd og ungmenna.

Á 37. fundi í Sþ., 27. jan., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna** (þmfrv., A. 277).

Á 48. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í gildandi l. um vernd barna og unglinga, nr. 29/1947, er m. a. gert ráð fyrir því að ráðstafa börnum og unglingum, sem er andlega eða siðferðilega ábótavant, um sinn á heimili, hæli eða upptökuheimili. Nú er það svo, að þessar ráðstafanir á börnunum eru gerðar af barnaverndarnefnd og oft án samþykkis foreldra eða forráðamanna eða jafnvel gegn vilja þeirra. Það hefur því þótt eðlilegt að gera kostnaðinn við þessar ráðstafanir sem minnstan.

Það er tekið fram í 37. gr. barnaverndarl., að um greiðslur fyrir börn og ungmenni á hælum þessum og öðrum hælum og stofnunum handa börnum og unglingum fari eftir l. nr. 78 1936, en það eru l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Þar greiðir ríkið ⅘ kostnaðar. Um greiðslu kostnaðar við dvöl barns eða ungmennis á athugunarstöð eða upptökuheimili er ekkert fram tekið í l., en það þýðir það, að kostnaðinn er hægt að endurheimta að fullu, ýmist af aðstandendum barnanna eða sveitarfélaginu. Nú mun það hafa verið tilætlun þeirra, sem að þessum l. stóðu, að sama reglan gilti um hvort tveggja, en í barnaverndarl., 37. gr., er aðeins sagt, að þessi kostnaður, að ⅘ hlutum, skuli greiddur, en það er ekkert tekið fram um það í 36. gr., sem fjallar um upptökuheimilin. Þetta frv. er borið fram til þess að bæta úr þessum ágalla og ákveða, að um dvalarkostnað þessara barna skuli fara með sama hætti og um dvalarkostnað á venjulegum barnaheimilum, að ríkissjóður greiði ⅘ hluta. Nú er það svo, að kostnaður vegna dvalar á þessum heimilum er miklu hærri á barn en á venjulegum barnahælum. Þarna þarf forstöðufólk nokkuð fast, greiðslur til starfsmanna, húsnæði, ljós og hita, en hins vegar er mismunandi, hversu mörg börn eru á hverjum tíma. Þegar heimta skal þannig dvalarkostnað af aðstandendum, verður það í mörgum tilfellum mjög þungbært, og verður ekki séð, hvers vegna þarf að hafa þetta öðruvísi en á venjulegum barnahælum.

Frv. þetta er flutt í samráði við barnaverndarn. Rvíkur, sem hefur lagt áherzlu á, að þetta kæmist á, en eins og kunnugt er, rekur ríkið upptökuheimili að Elliðahvammi, og er þangað ráðstafað börnum, ekki aðeins úr Rvík, heldur annars staðar af landinu.

Ég vil vænta þess, að þessi orð skýri tilgang frv., og vil óska þess, að því verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og til heilbr.- og félmn.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil aðeins minnast hér á örfá atriði, áður en þetta mál fer til n.

Það er nú nýlega búið að setja löggjöf um vernd barna og unglinga endurbætta frá því, sem áður var. Í þessari löggjöf voru settar tvær reglur. Önnur um það, hvernig greiða skuli fyrir þau börn, sem sett eru á barnaheimili, og hin um þau börn, sem sett eru á upptökuheimili eða athugunarstöð. Önnur reglan er um börn, sem ætla má, að dvelji til frambúðar á þeim stað, sem þeim er ráðstafað á, og er ætlazt til, að ⅘ kostnaðar verði greiddir af ríki, en bæjar- eða sveitarsjóður ⅕. Hins vegar er sú regla í l., — og hef ég ekki litið svo á sem þetta væri af vangá, heldur, að þetta væri regla, — að þegar um stutta dvöl er að ræða, yrði kostnaðurinn borinn af aðstandendum eða sveitarfélaginu. Þetta er regla l., og er það af ókunnugleika, ef það er ekki rétt hjá mér, að línuna hafi átt að draga svona. Nú er það spurningin, hvort eðlilegt sé að draga línuna svona. Í fyrsta lagi rekur ríkið upptökuheimili. Og hvað er átt við með því? Það er heimili, þar sem tekið er á móti börnum, bæði úr Rvík og annars staðar að, en mest þó úr Rvík, til stuttrar dvalar, á meðan þeim er ráðstafað í vist. Hér er um það að ræða, að börn, sem ekkert heimili eiga, annaðhvort vegna þess, að þau hafa misst foreldra sína eða vegna annars, fá þarna heimili um stundarsakir, meðan þeim er ráðstafað til frambúðar. Þetta er sem sé bráðabirgðadvöl, og vil ég segja það, að ég lít ekki á það sem eðlilegt, að ríkið kosti dvöl þessara barna, sem sett eru þarna, þó það sé svo, að ríkið sé skyldað með einhverjum lagaákvæðum til að kosta þessa stofnun, sem kölluð er upptökuheimili.

Svo er aftur þess að gæta, að með l., sem sett voru nú, er ríkinu gert að skyldu að koma upp rannsóknastöð innan þessara stofnana fyrir vangæf börn, sem síðan eiga að taka ákvörðun um það, hvað þeim er fyrir beztu, hvort hægt er að setja þau í vistir eða á barnahæli. Það er líka gert ráð fyrir því í barnaverndarl., að sveitar- og bæjarfélög borgi kostnaðinn fyrir börnin meðan þau eru á athugunarstöð. Ef það aftur á móti sýnir sig, að börn séu úrskurðuð á barnahæli til frambúðar, koma þau undir ákvæði l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Ég vil undirstrika þetta, til þess að það geti verið til íhugunar í n. Nú er rétt að taka það fram til fróðleiks, að vegna þess, að þessi rannsókna- og athugunarstöð er ekki til, heldur aðeins upptökuheimili, þá hefur stundum orðið að setja þar inn vangæf börn, þannig að þetta heimili verður að viðurkenna eins og vísi að upptökuheimili og rannsóknarstöð, en það er mjög óheppilegt að blanda því tvennu saman, þar sem börnin eiga heima á upptökuheimili og eru heilbrigð, en hin eru veik.

Nú hefur það verið hugmynd ráðuneytisins, þó að það hafi ekki skrifað um það enn þá til bæjarstjórnar Rvíkur, að það væri eðlilegt, að ríkið og Reykjavíkurbær væru saman um það að koma hér upp stofnun, sem bæði væri upptökuheimili og athugunarstöð og væri þannig í tveim deildum greinilega aðskildum. Þessa uppástungu ætlum við að gera, og er hún byggð á því, að það er í rauninni fyrst og fremst í þágu Rvíkur, að hér sé til upptökuheimili, — heimili fyrir börn, sem ekkert sérstakt er að, heldur þurfa að fá húsaskjól til bráðabirgða. En aftur á móti er það skylda ríkisins samkvæmt löggjöfinni að hafa rannsóknastöðina. Ég vil ekki fara að ræða það nánar hér,

hvort þessi samvinna gæti tekizt, sem ég tel mjög æskilegt. En ég vil benda á það, að sparnaðarnefnd, sem hér starfar, bendir á það, að ríkið reki hér upptökuheimili með halla, og telur það ekki í verkahring ríkisins að reka þetta upptökuheimili. Nú má með nokkrum rétti segja, að þetta sé skylt lögum samkvæmt, en það sé vafasamt, að ríkið eigi að gera það, þó að það sé skylt að koma upp athugunarstöð. En mér finnst, að þarna ætti að vera samvinna milli þessara tveggja aðila, Reykjavíkurbæjar annars vegar og ríkisins hins vegar. En þetta er útúrdúr, ég ætla ekki að fara að hefja umr. um byggingu þessara heimila. Ég vildi aðeins upplýsa þetta um stefnuna í l. varðandi greiðslu kostnaðar, og vildi skjóta því til hv. heilbr.- og félmn., að hún athugi þetta vel, áður en hún tekur ákvörðun um það endanlega, hvernig þessi kostnaður yrði greiddur, því að mér virðist ekki óeðlileg sú skipting, sem ráðgerð er í l., að ríkið taki við unglingunum þegar þeir hafa verið úrskurðaðir til lengri dvalar á barnaheimilum, en fram að þeim tíma séu þeir kostnaðarlega á vegum hlutaðeigenda, sem í mörgum tilfellum eru hlutaðeigandi bæjar- og sveitarstjórnir.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Út af ummælum hæstv. menntmrh. um, að ráðuneyti hans hafi til athugunar að taka upp samvinnu milli ríkisins og Reykjavíkurbæjar varðandi upptökuheimili, þá þykir mér mjög vænt um að heyra um þann undirbúning, og að sjálfsögðu er Reykjavíkurbær reiðubúinn til slíkra viðræðna.

Ég sé ekki ástæðu til að fara hér mörgum fleiri orðum um. Ég tel það heppilegt, að sjónarmið beggja aðila hafa komið fram til athugunar fyrir nefndina.

Ég vildi þó aðeins minna á það, að í 36. gr. barnaverndarl. segir, að ríkisstj. skuli, „eftir því sem fé er veitt til þess í fjárl., setja á stofn og reka athugunarstöð eða stöðvar.“ Síðan segir, að á athugunarstöð skuli barnaverndarn. „hvaðanæva af landinu eiga kost á að vista til bráðabirgða börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á siðferðislegum glapstigum, og önnur börn, sem skyndilega þarf að ráðstafa um stuttan tíma, unz athugun þeirra er lokið og þeim ráðstafað til frambúðar.“ M. ö. o., hér er því slegið föstu, að það sé ríkisins hlutverk að setja á stofn og reka þessar athugunarstöðvar á sinn kostnað, og um það er vafalaust enginn ágreiningur. En í framkvæmd hefur þetta orðið þannig, að halli hefur orðið á Elliðahvammi í sambandi við athugunarstöðina og upptökuheimilið, þó öllu fremur á því síðara. Hins vegar er kostnaður við dvöl barnanna á þessari athugunarstöð og upptökuheimili svo mikill, að ekki er sanngjarnt að ætlast til, að foreldrar eða aðstandendur greiði þann kostnað að fullu sjálfir. Mín skoðun er sú, að hér sé um nokkurt ósamræmi að ræða, þar sem slíkir aðstandendur greiða allan kostnað, en þeir, sem koma börnunum til frambúðar á slík heimili, þar greiði ríkissjóður ⅔ kostnaðar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en vil vænta þess að mega eiga viðræður við n., sem fær þetta mál til meðferðar. Hver sem úrslitin verða, er nauðsynlegt að koma sér niður á fastar og sanngjarnar reglur um stofnun og rekstur bæði upptökuheimila og athugunarstöðva og um dvalarkostnað barnanna, sem þar eru.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

Á 57. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir (þmfrv., A. 347).

Á 59. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 19. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í l. nr. 35 frá 1940 er gert ráð fyrir, að í hverjum kaupstað skuli bæjarstj. ráða heilbrigðisfulltrúa að fengnum till. heilbrigðisn., héraðslæknis og lögreglustjóra. Þessi fulltrúi skal svo annast dagleg eftirlitsstörf fyrir hönd heilbrigðisn., eins og l. gera ráð fyrir og tekið er fram í 6. gr., undir eftirliti héraðslæknis.

Nú er það svo hér í Reykjavík, að heilbrigðisfulltrúinn hefur ekki verið læknisfróður maður, og hafa verið valdir til þess starfa gegnir og góðir menn og ekki verið gerðar til þeirra sérstakar þekkingarkröfur. Þegar þetta starf varð laust hér í Reykjavík fyrir nokkru, var það einróma álit bæjarráðs og bæjarstj., að rétt væri að fá læknisfróðan mann til starfsins, og það tókst að fá prýðilega menntaðan mann, dr. med. Jón Sigurðsson, til þess að taka að sér starfið, sem lengi hefur verið við nám og starf erlendis. Og hann var ráðinn á þeim grundvelli af bæjaryfirvöldunum, að bæjarstj. beitti sér fyrir lagabreytingu á þann hátt, að starf hans væri sjálfstætt starf, sem þótti sjálfsagt, um leið og gerðar væru þessar nýju kröfur. Frv. fer því fram á þetta, að heilbrigðisfulltrúinn í Reykjavík, sem verði nefndur „borgarlæknir,“ verði sjálfstæður starfsmaður bæjarstjórnar Reykjavíkur, og er það í samræmi við þær nýju kröfur, að heilbrigðisfulltrúinn sé læknir, sem er í samræmi við það, sem tíðkast á Norðurlöndum. Það er hvort tveggja, að þegar menntaður læknir er fenginn í þetta starf, þykir ekki ástæða til þess, að hann sé undirmaður héraðslæknis og hafi ekki sjálfstætt vald til boðs eða banns í þeim málum, er til hans taka. Þar að auki munu störf þau, sem heilbrigðisfulltrúi og borgarlæknir annast, verða greidd úr bæjarsjóði. Má þar

til nefna sorphreinsunina, sem stórar fjárhæðir fara til á hverju ári, t. d. hér í Reykjavík töluvert á aðra millj. kr. á síðasta ári. Þannig eru það fleiri störf, sem bærinn stendur straum af.

Hér er um ekkert kostnaðaratriði að ræða fyrir ríkissjóð. Það hefur engan kostnað í för með sér fyrir hann. Þetta er aðeins sú skipulagsbreyting, sem bæjarstj. óskar eftir, að heilbrigðisfulltrúinn, sem nefndur verði borgarlæknir, verði sjálfstæður í starfi sínu undir yfirstjórn bæjaryfirvaldanna, en ekki ríkisins.

Þær mótbárur hafa komið fram, að störf héraðslæknisins mundu verða mjög lítils virði, ef þessi maður yrði sjálfstæður embættismaður, en eins og sjá má af yfirliti því, sem prentað er í grg., þá mundi héraðslæknirinn hafa mikið starf þrátt fyrir þetta, enda er ekki vafi á því, að eins og nú er, þá er hann allt of störfum hlaðinn.

Ég vil taka það fram, til þess að það komi skýrt fram, að það er á engan hátt með þessu verið að bekkjast til við núverandi héraðslækni, Magnús Pétursson, og er sett inn í þetta frv. ákvæði, að þessi breyt. á starfi héraðslæknis og heilbrigðisfulltrúa skuli ekki koma til framkvæmda, fyrr en núverandi héraðslæknir, Magnús Pétursson, lætur af embætti, sem samkvæmt l. mun verða eftir þrjú ár.

Þá er gert ráð fyrir í frv. að hækka sektarhámark fyrir brot gegn heilbrigðissamþykkt. Það hefur komið í ljós, að sektirnar eru svo lágar, að þær gefa ekki nógu mikið aðhald, og er gert ráð fyrir að hækka þær úr eitt þús. kr. í fimm þús. kr.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni. Bæjarstj. Reykjavíkur leggur áherzlu á, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu ári.

Ég legg svo til, að málið gangi til heilbr.- og félmn.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil nota þetta tilefni, þar sem þetta frv. er flutt af borgarstjóranum í Reykjavík sem 1. flm., hv. þm. Snæf., og tveimur öðrum hv. þm. Reykv., og stinga upp á því við borgarstjórann í Reykjavík, að það verði betri samvinna milli heilbrigðisstj. og bæjaryfirvaldanna í Reykjavík heldur en verið hefur fram að þessu, þannig að ef yfirvöldin í Reykjavík hafa áhuga fyrir breytingu á vissu fyrirkomulagi í heilbrigðismálum, þá verði sá háttur hafður á, að málið verði fyrst túlkað við heilbrmrn. og íhugaðar séu sameiginlega þær óskir, sem yfirvöldin í Reykjavík hafa í þessum efnum, og séð, hvort ekki sé hægt að koma sér niður á sameiginlegan grundvöll í málinu. Ég álít það heppilegri leið fyrir góða afgreiðslu máls, hvort sem það heyrir til heilbrigðis- eða menntamálum, að slík mál séu tekin upp á þann hátt heldur en að málið sé flutt beint inn í þingið, sem á eðlilega miklu erfiðara með að átta sig á málinu, nema slíkur undirbúningur hafi farið fram. Þessa aths. vildi ég, að borgarstjórinn í Reykjavík, hv. þm. Snæf., vildi taka til yfirvegunar. Ég vildi mjög gjarnan hafa góða samvinnu við bæjaryfirvöldin í Reykjavík, á meðan ég hef með þessi mál að gera. En til þess þurfa menn að tala saman um málin og hafa samband um þau öðruvísi heldur en í ræðum hér í þinginu.

Þá vil ég benda á það, að eftir heilbrigðislöggjöfinni er það þannig, að héraðslæknum er alls staðar ætlað að hafa með höndum eftirlit með heilbrigðismálum, eins og hv. 1. flm. frv. réttilega tók fram. Á því er þetta kerfi byggt. Og ef breytt er út frá þessu, þá þarf að athuga ýmislegt annað í því sambandi heldur en kemur fram í þessu frv.

Það er rétt, sem hv. flm. sagði, að heilbrigðisfulltrúinn, sem er að vissu leyti undirmaður héraðslæknis, eins og sakir standa, er kostaður af bænum. En þess ber að gæta, að ef þessu er alveg breytt og settur sérstakur borgarlæknir, sem ekki væri á vegum ríkisins, þá mundi hann þó hafa með höndum mörg verkefni, sem kostuð eru af ríkinu. Ef bæjaryfirvöldunum finnst, að þau þurfi að hafa meiri yfirstjórn yfir þeim verkum, sem bærinn kostar, þá kemur vitanlega það sama til greina með þau verk, sem kostuð eru af ríkinu, að það vilji einnig hafa íhlutun um þau mál. Þess vegna er þetta ekki eins einfalt mál eins og hv. flm. vildi vera láta. Og sannleikurinn er sá, að það þarf að endurskoða þessi atriði gaumgæfilega og sjá, hvort ekki sé hægt að finna heppilega lausn málsins með tilliti til óska bæjaryfirvaldanna í Reykjavík. Það má segja, að bæjaryfirvöldin hafi að vissu leyti óeðlilega lítla hlutdeild í stjórn þessara mála. En ég álít, að ekki sé hægt að bæta neitt úr þessu með þeim ráðstöfunum, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., heldur þurfi að taka til athugunar löggjöfina um heilbrigðiseftirlitið í þessu sambandi.

Þá vil ég benda á til athugunar fyrir n., sem fær málið til meðferðar, og hv. flm., að þótt vel geti verið réttmætt, að bærinn hafi þarna meiri íhlutun heldur en verið hefur, og er sjálfsagt að taka það til athugunar, þá álít ég ekki heppilegt að tviskipta þessum verkum, eins og þarna er gert ráð fyrir. Ef héraðslæknir og borgarlæknir væru í Reykjavík, gæti verið örðugt að hafa hreinar línur þar um, hvað þeir ættu að hafa með höndum hvor um sig. Það mundi verða erfitt í framkvæmdinni. Ég held, að sú skipan sé hvergi á höfð, að tveir aðalmenn séu hafðir í þessu starfi. Ég held, að menn þurfi að hugsa sig vel um, áður en settir eru þessir tveir aðilar, héraðslæknirinn í Reykjavík, sem er ríkisskipaður, og borgarlæknirinn, sem er bæjarskipaður. Ég hygg, að það sé undir öllum kringumstæðum bezt að reyna að finna það fyrirkomulag, að toppurinn yrði aðeins einn.

Það kemur fram í grg., að þetta frv. á rót sína að rekja ekki síst til þess, að ráðinn hefur verið ungur og duglegur læknir sem heilbrigðisfulltrúi og honum finnst, að hann geti eins vel einn ráðið um þessi verkefni, sem hann á að fjalla um, eins og að vera undir yfirstjórn héraðslæknis, en eins og hefur verið bent á, þarf fleira að athuga í sambandi við það mál, og við megum ekki hlaupa til allt í einu og breyta þessu skipulagi óhugsað.

Ég vil mæla með því, að frv. fari til hv. heilbr.- og félmn., og skora ég á þá n. að athuga málið rækilega og afla upplýsinga hjá þeim aðilum, sem þessum málum eru kunnugastir, og reyna að finna lausn, sem báðir aðilar geta sætt sig við.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð hæstv. ráðh., þegar hann ósk-

ar eftir auknu samstarfi milli heilbrigðisstj. og bæjarstj., og ég er reiðubúinn til þess að taka upp slíkt samstarf. Hins vegar mega hv. þm. ekki ætla, að þetta mál sé komið hér inn í þingið án nokkurs samráðs eða viðtals við ríkisvaldið. Ég hef rætt við það um þetta hvað eftir annað og átt ýtarlegar viðræður við héraðslækni, sem er langkunnugastur þessu máli. Ég hef haft samráð við hæstv. dómsmrh. um þetta, en hann var borgarstjóri, þegar þessu máli var hreyft. Það var svo meiningin, að hæstv. dómsmrh. flytti þetta mál við embættisbróður sinn í ríkisstj. Hitt er rétt, að formlega hefur þetta ekki borið þannig að, að bæjarstj. sendi heilbrigðisstj. bréf og biði svo eftir að fá svar frá henni, því að það er vonlaust verk, ekki af því að hæstv. heilbrmrh. hafi ekki áhuga á þessu, heldur af því, að við vitum, að landlæknir stöðvar mál, sem send eru til heilbrigðisstjórnarinnar. Ég býst við, að svipað hefði farið um þetta.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekki heppilegt að tvískipta þessu starfi. Ég vildi aðeins benda honum og hv. þingheimi á, að það eru ekki mörg ár síðan tvö embætti voru svipuð og þetta, sem hér er gert ráð fyrir, sérstakur héraðslæknir og sérstakur bæjarlæknir fyrir Reykjavík. Þannig hygg ég, að ekki yrðu meiri vandkvæði á að skipta verkum milli þessara tveggja manna, sem í frv. er gert ráð fyrir, svo að hér er ekkert nýmæli, sem ekki megi finna fordæmi fyrir. En aðalatriðið í þessu máli er, að mér virðist, að grundvöllurinn fyrir því, að heilbrigðisfulltrúarnir í kaupstöðunum séu undirmenn héraðslæknanna, sú ástæða sé í raun og veru úr sögunni, þegar ákveðið er að fá fullgildan lækni í heilbrigðisfulltrúastarfið. Og okkur í bæjarstjórninni finnst eðlilegt, að sá maður, sem á að hafa þetta daglega eftirlit, sé sjálfstæður eftirlitsmaður og hafi þetta boð- og bannvald, sem hann þarf að hafa, en þurfi ekki að leita í hverju tilfelli til héraðslæknis, sem þó er að menntun til raunverulega alveg jafnt settur. Hins vegar hefur það til samkomulags við núverandi héraðslækni verið ákveðið, að beðið væri með endanlega skipun þess, þangað til hann léti af embætti, vegna þess að við vildum láta koma fram, að við værum ekki á nokkurn hátt að bekkjast við hann. Og þó að hann óski ekki eftir þessari skipulagsbreyt., hefur hann fallizt á að láta hinn nýja heilbrigðisfulltrúa fá allfrjálsar hendur.

Ég vil undirstrika, að það er ekki svo að skilja, að ég eða bæjarráð hafi viljað ganga fram hjá heilbrigðisstjórninni í þessu máli. Ég hef átt ýtarlegar viðræður um þetta við héraðslækni, sem þetta mál skiptir mest, og auk þess hefur núverandi hæstv. dómsmrh., sem hefur mesta kunnugleika af þessu máli, vegna afskipta af máli þessu fyrr, haft samráð, að því er ég bezt veit, við hæstv. heilbrmrh.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil út af því, sem hv. flm. sagði, taka fram, að ég veit, að hann hefur átt viðræður við héraðslækninn um þetta mál. Og það er náttúrlega ákaflega mikilsvert að fá álit héraðslæknis á þessum efnum, því að honum eru þessi mál mjög kunn. En hv. þm. minntist ekki á það, sem mér er kunnugt, að héraðslæknir er andvígur því, að þessi breyt. verði gerð á löggjöfinni, sem hér er stungið upp á. Ég átti um þetta viðræður við héraðslækni í morgun, og hann telur á þessu tvo megingalla. Annað er það, að hann telur mjög varhugavert að tvískipta starfinu, og hitt er, að hann telur, að ef það er gert, þá þurfi að endurskoða löggjöfina um þessi efni miklu víðtækar heldur en hér er stungið upp á, ef ætti að leggja þetta undir yfirstjórn bæjarins, og að bærinn yrði þá að taka við ýmsum verkefnum í þessu sambandi, sem ríkið hefur nú. Og þó að það sé að sjálfsögðu réttlátt og eðlilegt, að borgarstjórinn í Reykjavík fari og tali við héraðslækninn í Reykjavík um þetta, þá vil ég undirstrika það, að 1. flm. þessa frv. er það vel kunnugur því, hvernig á að fara að um mál, að hann veit, að sá rétti aðili til þess að hafa samband við um svona mál er ekki héraðslæknirinn í Reykjavík, heldur ráðuneytið, sem þessi mál heyra undir. Hv. þm. segist hafa haft samband um þetta við hæstv. dómsmrh., og ég efast ekki um, að það sé rétt. Hæstv. dómsmrh. hefur minnzt á við mig, að áhugi væri um breyt. í þessu efni hjá bæjaryfirvöldunum í Reykjavík. En að öðru leyti hefur málið ekki verið lagt neitt fyrir ráðuneytið. Og mér datt ekki í hug að líta á þetta umtal innan um tal um fjölda annarra mála sem málsfyrirlag af hálfu bæjarstjórnar Reykjavíkur. Þetta er alveg þykkjulaust af mér, en ég vil benda á það til frambúðar, að svona er ekki hægt að vinna að málum. Það er ekki hægt að senda svona boð um þetta og annað slíkt á milli aðila, heldur verður að fara með málin rétta leið. Það stendur ekkert á okkur í ráðuneytinu að athuga þessi mál. Og ég bendi borgarstjóranum á að bæta úr þessu, því að það er ekkert lag á þessu. Þetta á líka við um ýmislegt í skólamálum, sem ég vil ekki fara inn á í þessu sambandi neitt verulega við þessa umr., að starfsmenn, sem eru á vegum Reykjavíkurbæjar, þeir rita sjálfir nefndum í þinginu uppástungur um, að vissar till. séu gerðar í þinginu, án þess að hafa minnzt á það munnlega eða skriflega við það ráðuneyti, sem á að fjalla um þá löggjöf. Það er ekki hægt að koma samvinnu við, ef þannig er á málum haldið.

Viðvíkjandi því, sem hv. flm. sagði, að það hefði ekki þýtt að skrifa ráðuneytinu, vegna þess að landlæknir lægi svo á málum, þá er það ekki afsökun fyrir hv. þm. Snæf., borgarstjórann í Rvík. Hann gat haft samband við ráðuneytið og prófað, hvort mundi verða á þessu máli legið. Og hann hefði þá haft fullkomna ástæðu til að ganga fram hjá ráðuneytinu og flytja þetta mál í þinginu, ef það hefði verið legið á þessu máli af heilbrigðisyfirvöldunum. Ég er ekki að segja þetta af þykkju, heldur til þess að fá lagfæringu á þessu. Ef borgarstjóranum í Reykjavík finnst svo, að legið sé á málum í ráðuneytinu, þá láti hann okkur vita um það. Og ef svo væri, þá hefði hann frjálsar hendur um að fara sínar leiðir að því er við kemur flutningi mála, ef hann fær ekki svör eða undirtektir í ráðuneytinu.

Hv. flm. minntist á, að sér virtist, að sú ástæða gæti verið úr sögunni, að heilbrigðisfulltrúi þyrfti að vera undirmaður héraðslæknis, þegar góður læknir hefði tekið við starfi heilbrigðisfulltrúans. Þó að þetta sé ekki mjög stórt atriði, þá er málið ekki svona einfalt, því að heilbrigðisfulltrúinn í Reykjavík hefur ekki verið látinn heyra undir héraðslækninn í Reykjavík af því, að honum væri

vantreyst, heldur til þess að tryggja, að samræmi fengist í störfum, þannig að á einum stað væri úrskurðarvaldið, sem sé hjá héraðslækni.

Þetta sem sagt verður allt athugað í n., sem fær málið til athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 347, n. 481).

Forseti (BG): Málið verður sent aftur hv. heilbr.- og félmn., og þykir vart gerandi að taka málið fyrir til umr., fyrr en nál. meiri hl. liggur fyrir.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 18. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (347, n. 481 og 522).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

30. Útfarir.

Á 65. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um útfarir (þmfrv., A. 396).

Á 66. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 2. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í frv. því, sem ég flyt á þskj. 396, er bæjarstjórnum í kaupstöðum lögð sú skylda á herðar að annast útfarir bæjarbúa. Bæjarstjórn Reykjavíkur er enn fremur lögð sú skylda á herðar að taka í sínar hendur líkkistusmíði. En um bæjarstjórnir annars staðar er það að segja, að gert er ráð fyrir, að þær ráði því, hvort þær taka slíka starfsemi að sér. En geri þær það, skulu þær hafa einkarétt til þeirrar starfsemi. Þá er gert ráð fyrir, að bæjarstjórnir hafi til þess einkarétt að annast allar útfarir, eftir að þær hafa hafið þessa starfsemi.

Þetta er, í fám orðum sagt, meginefni þessa stutta frv. — Í 2. gr. er svo enn fremur ákveðið, að þær stofnanir kaupstaðanna, sem útfarir eða líkkistusmíði annast, skuli miða störf sín við það, að útfarir séu látlausar, en virðulegar, og að þær skuli láta í té þjónustu sína við svo vægu verði sem kostur er.

Höfuðástæðan til þess, að ég flyt þetta frv., er sú, að útfararkostnaður í kaupstöðum er nú orðinn óhæfilega mikill. Ég hef kynnt mér þetta mál nokkuð rækilega hér í Rvík, en því miður ekki átt þess kost í sama mæli utan Rvíkur, og vil ég leyfa mér að færa nokkru gleggri rök en gert er í frv. fyrir þeirri staðhæfingu, að útfararkostnaður í Rvík sé hærri en góðu hófi gegnir. Ég hef í höndum nokkra reikninga yfir útfararkostnað hér í Rvík, og er þar um að ræða útfarir, sem verið hafa mjög blátt áfram, án þess að um nokkra sérstaka viðhöfn sé að ræða. Ég held, að rétt sé, — af því að slíkum reikningum mun venjulega ekki vera hampað, og því er ekki víst, að allir hv. þdm. hafi átt þess kost að sjá, hvernig slíkir reikningar líta út, — að ég geti hér eins eða tveggja slíkra reikninga. Nefni ég þá fyrst reikning frá því í marz 1947. Hann er svona: Kista bólstruð 900 kr. Flutningur á kistu 45 kr. Sæng 100 kr. Söngur 485 kr. Celló 50 kr. Skreyting á kirkju 70 kr. Líkræða 120 kr. Líkvagn 95 kr. Líkmenn 120 kr. Gröf skreytt, hringing 150 kr. Bíll 25 kr. Ýmis fyrirhöfn 200 kr. Samtals er þetta 2360 kr.

Ég hef hér annan reikning nokkru nýrri, og ætla ég að leyfa mér að birta liði hans líka, til þess að sýna fram á, að tölur þær, sem ég nefndi nú, eru ekki einstæðar, heldur algengar, þegar um viðhafnarlausar útfarir er að ræða. Á þessum reikningi er kista bólstruð 900 kr. Sæng 95 kr. Koddi 34 kr. Hjúpur 95 kr. Klútur 10 kr. Söngur 345 kr. Líkmenn 105 kr. Legkaup 40 kr. Líkvagn 95 kr. Gröf, hringing 120 kr. Ýmis fyrirhöfn 150 kr. Skreyting á kirkju 60 kr. Samtals 2049 kr. Og mun hér vera um að ræða alllágan útfararkostnað, miðað við það, sem um getur verið að ræða hér í Rvík.

Ég hef og kynnt mér nokkuð, hver sé útfararkostnaður á Norðurlöndum, og er hann alls staðar þar miklum mun lægri en hér á sér stað. Tölur um það hirði ég ekki að rekja. Þess skal ég þó geta, að í Stokkhólmi kostar vönduð líkkista, með því sem henni heyrir til, 195 kr. sænskar, eða um 350 íslenzkar kr., og gjald fyrir líkbíl þar er 27 sænskar kr., eða um 47 íslenzkar kr. Fleiri liði hirði ég ekki að tala um þar, en útfararkostnaður í heild er þar einn þriðji af því, sem hann er hér í Rvík. Í sambandi við þetta er þó þess að geta, að til skamms tíma var þó útfararkostnaður hér enn meiri en hann nú er. Fyrir nokkru á öðru ári reyndi verðlagseftirlitið að hafa afskipti af þessum kostnaði til lækkunar, þótt ekki bæru þau afskipti sérlegan árangur. En það setti hámarksverð á líkkistur. Algengast verð á þeim fyrir þann tíma mun hafa verið 1700 kr. En viðskiptaráð þáverandi setti 900 kr. hámarksverð á þær, og er það gildandi enn. Þó er það reynsla verðlagseftirlitsins, að fremur illa hefur gengið að framfylgja þessu verðlagsákvæði, og munu dæmi um það, að kistur hafi verið seldar hærra verði, þ. e. ef þær hafa verið pantaðar sérstaklega vandaðar, úr betra efni og með vandaðra smíði en talið hefur verið fært að láta af hendi fyrir lögákveðna verðið, 900 kr. — Það er að vísu ekki að undra, þótt opinber verðlagsafskipti af slíkum kostnaði, útfararkostnaði, séu ekki líkleg til verulegs árangurs til lækkunar á honum, enda mun reynslan hafa sýnt það. Það er því að mínu áliti nauðsynlegt að fara aðrar leiðir til þess að koma þessum kostnaði niður en þá að treysta á afskipti verðlagsyfirvaldanna einna. Og ég hygg, að ekki sé vafi á því, að hægt væri að lækka útfararkostnaðinn verulega, jafnvel að óbreyttum útfararsiðum, sem nú tíðkast hér í Rvík og annars staðar í kaupstöðum á landinu. En einkum yrði þó hægt að lækka útfararkostnað-

inn, ef takast mætti að breyta útfararsiðunum að einhverju leyti, þó að ég vilji leggja áherzlu á, að ég tel ekki réttlátt né skynsamlegt, að það opinbera fyrirskipi einhverja ákveðna tegund útfara, ef svo mætti segja, heldur tel ég rétt, að réttur aðstandenda hinna látnu manna haldist um það að ráða í meginatriðum, hvernig útfarir fari fram. Hitt vil ég ekki draga dul á, að það er mín persónulega skoðun, að útfarir mættu gjarnan breytast verulega frá því, sem verið hefur hér, t. d. sleppa húskveðju og leggja niður göngu úr heimahúsum og úr kirkju í kirkjugarð eftir götum bæjarins.

Kirkjugarðsstjórn hér í Rvík hefur á undanförnum árum komið upp allmikilli byggingu fyrir utan Rvík, í Fossvogi, og er svo til ætlazt, að þar verði kapella og líkbrennsla og jafnframt líkgeymsla. Framkvæmdastjóri kirkjugarðsstjórnar hefur tjáð mér, að hún hafi hugsað sér að annast nokkra fyrirgreiðslu í sambandi við útfararmál Reykjavíkurbæjar, og hafi kirkjugarðsstjórn hug á að reyna að breyta útfararsiðunum nokkuð, m. a. gera þær breyt., að húskveðjur verði lagðar niður og gengum um götur bæjarins hætt. Þó að kirkjugarðsstjórn muni nú hafa heimild til þess samkv. l. að taka einkarétt á líkflutningum, mun hún ekki hafa í huga nú að nota sér þessa heimild og taka þannig allar jarðarfarir bæjarins í sínar hendur, heldur mun hún hafa hugsað sér að taka þetta að sér í frjálsri samkeppni við þá aðila, sem nú hafa þetta með höndum, og hefur framkvæmdastjóri hennar tjáð mér, að hún vænti þess að geta orðið ofan á í þeirri samkeppni, þannig að útfarir flytjist smátt og smátt í hennar hendur. Ég álít, að einkarekstur eigi á engu sviði jafnilla við og á þessu, og ætla ég því, að það sé miklu æskilegra, að einn aðili hafi þessi störf með höndum. Ég er líka þeirrar skoðunar, að sá aðili eigi að vera opinber, og tel, að bæjarstjórnir í kaupstöðum séu sjálfsagðir aðilar til þess að annast þessa starfsemi. Hitt vil ég þó taka fram, að hér í Rvík tel ég, að mjög vel geti komið til mála, að kirkjugarðsstjórn annaðist þessa starfsemi og hún notaði sér þann rétt, sem hún mun hafa í l., til þess að taka alla íhlutun um þetta í sínar hendur. Ef það væri skoðun þeirrar n., sem þetta frv. færi til, eða hv. þd., að það væri æskilegt, að hér væri ekki komið á fót sérstakri stofnun til að annast þetta, heldur annaðist kirkjugarðsstjórn þetta, þá skyldi ég á það fallast. Ég tel eðlilegast, að það sé aðeins einn aðili, sem annist þessa starfsemi í hverjum kaupstað og taki hana að öllu leyti í sínar hendur, en að þetta eigi ekki að vera í höndum margra aðila á hverjum stað, sem séu í innbyrðis samkeppni.

Hér í Rvík er og gert ráð fyrir því, að þessi útfararstofnun Reykjavíkurbæjar — eða þá kirkjugarðsstjórnin, ef sá háttur yrði á hafður, að hún annaðist útfarir — tæki alla líkkistusmíði í sínar hendur. Það hefur löngum tíðkazt hér, að sami aðili annaðist útfarir og líkkistusmíð, og virðist það vera eðlilegt. En utan Rvíkur mun ekki hafa tíðkazt, að sami aðili annaðist þetta hvort tveggja, og er í frv. ekki gert ráð fyrir því, að sú stofnun, sem gert er ráð fyrir, að annist útfarir í hverjum kaupstað fyrir sig, annist líkkistusmíð einnig. En ef bæjarstjórn á einhverjum stað óskar að taka þetta líka í sínar hendur, er gert ráð fyrir því í frv., að hún geti það.

Ég skal taka fram, að vel gæti komið til mála, að slík lagasetning, sem hér er farið fram á að gerð verði, væri í heimildarformi, þ. e. a. s. að bæjarstjórnum yrði ekki gert að skyldu að takast þessa starfsemi á hendur, heldur væri ákveðið, að þeim væri heimilaður einkaréttur til þessarar starfsemi, ef þær óskuðu að taka hana í sínar hendur. En löggjafinn hefur skyldað bæjarstjórnir til margs konar sýslu, sem má telja fjarskyldari verkahring þeirra en að annast útfarir bæjarbúa. Og þess vegna hef ég gengið frá frv. í þessu formi, sem það hefur. En til samkomulags mundi ég vilja breyta þessu í heimildarform, ef því væri að skipta, að málið gengi fremur fram með því móti, þótt ég að vísu óttist, að bæjarstjórnir sumar hverjar mundu ekki nota sér þessa heimild. Ég er þess hins vegar fullviss um, að margar mundu gera það.

Um útfararmál utan kaupstaðanna er það að segja, að ég hygg, að engin ástæða sé til að reyna að gera opinberar ráðstafanir til þess að draga úr útfararkostnaði þar. Þar er að þessu leyti líka miklu erfiðara um vik. Og hef ég því látið þetta frv. taka til kaupstaðanna einna saman.

Ég vil svo að lokum leyfa mér að óska þess, að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

31. Symfóníuhljómsveit Íslands.

Á 51. fundi í Sþ., 10. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um rekstrarsjóð Symfóníuhljómsveitar Íslands (þmfrv., A. 463).

Á 73. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Svo sem ljóst er af frv., sem hér liggur fyrir til umr., er hér till. um að veita þá heimild, að lagt sé 25 aura gjald á hvern bíómiða, sem seldur er í landinu, og er reiknað með, að þessi upphæð nemi alls 600 þús. kr. Svo er til ætlazt, að þetta gjald renni í sérstakan sjóð, sem verði í vörzlum hæstv. menntmrh., og þar verði veitt úr honum samkv. settum reglum til hljómsveitarinnar. Það hafa verið færð ljós rök fyrir þessu í grg., og þarf ekki mörgum orðum þar við að bæta.

Ég vil segja, að frá mínu sjónarmiði er þarna um að ræða eftirtektarvert atriði á sviði okkar menningarmála, einmitt á sviði hljómlistarinnar. Síðan tónlistarskólinn var stofnaður, hefur það verið talin lofsverð framför. Ég hygg, að þeir menn

séu margir, sem lagt hafa fram óeigingjarnt starf í þágu menningarmála, og ég segi, í þarfir einnar hinna göfugustu hugsjóna. Nú eru tónlistarmenn á einu máli um það, að til þess að tónlistin lifi og blómgist í landinu, þá er nauðsynlegt að koma hér upp fullkominni hljómsveit. Þetta hefur verið reynt oftar en einu sinni og víst með furðulega góðum árangri. En tilraunir til að láta slíka hljómsveit starfa til langframa hafa strandað á því sama, þ. e. fjárhagsörðugleikum, því að slík hljómsveit krefst margra kunnáttumanna og mikils starfs.

Nú hafa leiðtogar hljómlistarmanna komið að máli við hæstv. menntmrh. og rætt við hann um sín áhugamál. Árangur þessara viðræðna er fyrir hendi, sem sé í frv., sem er til úrlausnar á málinu. Þeir gerðu þegar drög að frv., sem þeir síðan sendu hæstv. menntmrh. Hæstv. ráðh. vildi gera nokkrar breytingar á frv., og var frv. síðan breytt í þá mynd eins og það nú liggur hér fyrir. Þeir aðilar, sem hlut áttu að máli með samningu frv., mættu síðan á fundi menntmn., og féllst n. á að flytja frv. Ég skal ekki endurtaka það, sem getið er í grg. um starfssvið hljómsveitarinnar, en henni er ætlað að vinna fyrir ríkisútvarpið, þjóðleikhúsið og einnig að halda opinbera hljómleika. Að sjálfsögðu mun ríkisútvarpið og þjóðleikhúsið bera kostnað þann, sem verður af rekstri hljómsveitarinnar, en þó munu þeir aðilar ekki geta lagt til allt það fé, sem með þarf, og er því lagt til, að ráðstafanir fari fram vegna þessarar starfsemi.

Að svo komnu máli sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið, en vænti þess fyrir hönd menntmn., að málinu verði vísað til 2. umr.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Það er ekki nema góðra gjalda vert, að þeir, sem taka þátt í störfum, sem hér um ræðir, leggja oft á sig mikla vinnu við flutning tónverka. Annað mál er það, hversu mikil störf symfóníuhljómsveit muni vinna í þágu kvikmyndahúsa úti um land. Starfssvið hennar mun fyrst og fremst verða í Rvík. Eins og menn vita, þá hefur verið innheimtur skattur af skemmtunum um allt land til byggingar þjóðleikhúss í Reykjavík. Hins vegar tel ég þjóðleikhús gott mál og þarft, en það er að bera í bakkafullan lækinn að bæta ofan á þjóðleikhússkattinn skatti til hljómlistarstarfsemi, sem aðallega yrði bundin við Reykjavík. Ég get fallizt á frv. þetta með þeim breytingum, að þessi skattur yrði bundinn við Reykjavík. Mér finnst það eðlilegra, og vil ég bera fram brtt., sem miðar í þá átt, þannig að á eftir orðinu „kvikmyndahúsum" komi: í Reykjavík.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Ég vil fara fram á það við hv. þm. Ísaf., að hann geymi brtt. sína, þar til við 2. umr. málsins, svo að menntmn. geti athugað hana á milli umr. Eins og nú standa sakir, liggur ekkert fyrir um það, hversu mikið fé til skemmtanaskattsins muni koma utan af landi. Hins vegar er vitað, að hljómsveit þessi muni vinna mikið fyrir ríkisútvarpið, eins og segir í grg., sem fylgir frv. Fyrir þau störf mundi hljómsveitin geta aflað töluverðra tekna, og með nokkrum styrk af almannafé ætti hún að vera fjárhagslega tryggð. Með því að starfa fyrir ríkisútvarpið mundi sveitin þannig starfa fyrir allan landslýð. Slík hljómsveit ætti að auðga mjög tónlistarlíf landsmanna, engu síður en þjóðleikhús og háskóli hafa þau áhrif, að þau mega teljast nauðsynlegar menntastofnanir fyrir allt landið. Á þessu stigi málsins ræði ég ekki brtt. hv. þm. Ísaf., og ég vil mælast til þess, að umr. um hana bíði þar til við 2. umr., er menntmn. hefur athugað, hvað í henni felst.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 18. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 463, 511).

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Viðvíkjandi brtt. frá hv. þm. Ísaf., sem hann flytur á þskj. 511, hef ég þrátt fyrir eftirgrennslan ekki getað á þessum skamma tíma fengið upplýsingar um það, hvaða fjárhagslega þýðingu það hefur fyrir hljómsveitina, ef sú breyt. yrði samþ., sem þar er lagt til. En hvað sem því líður, get ég ekki annað en lagt eindregið á móti þessari brtt. Mér sýnist það svo augljóst mál, að hér sé verið að stofna til menningarstarfsemi, sem þjóðina alla varðar, að ég álít, að það eigi ekki að koma aðeins í hlut Reykvíkinga að standa undir þeim fjárhagslegu byrðum, sem af þeirri starfsemi leiðir. Og ég vil sérstaklega benda á það, að eigi að takmarka þetta algerlega við Reykjavík, eins og lagt er til í brtt. hv. þm. Ísaf., þá virðist mér það ekki koma til mála, því að það er öllum ljóst, sem til þekkja, að það eru ekki aðeins Reykvíkingar, sem sækja hingað skemmtanir slíkar sem þær, sem symfóníuhljómsveitin mundi halda, heldur sækir þær skemmtanir fólk úr Hafnarfirði og jafnvel úr kaupstöðum við sunnanverðan Faxaflóa. Það er víst, að Reykvíkingar sækja mikið bíósýningar til Hafnarfjarðar, og hafa Hafnfirðingar af því tekjur, þannig að ef ætti að setja takmörk vegna þessa sætagjalds, þá álít ég ekki koma til mála að undanþiggja Hafnarfjörð.

Ég heyri, að nokkur ágreiningur muni vera um þessa brtt., og hv. þm. Borgf. mun hafa kvatt sér hljóðs, og vil ég vita, hvað hann hefur fram að bera um málið, og mun ég ef til vill svara honum, ef ástæða verður til.

Forseti (BG): Brtt. á þskj. 511 er tekin til baka til 3. umr.

Pétur Ottesen: Ég vissi ekki, þegar ég bað um orðið, að brtt. hefði verið tekin til baka. Ég mun því láta bíða að ræða hana til 3. umr. málsins. Ég get bara sagt sem mína skoðun, að ég mun, þegar að því kemur, styðja þessa brtt. og tel hana í alla staði réttláta.

ATKVGR.
Brtt. 511 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 16:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:2 atkv.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv. (A. 463, 511).

Pétur Ottesen: Ég vil, áður en ég hef umr. um þetta mál, fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá, þar sem flm. brtt. á þskj. 511 er lasinn og getur ekki mætt á fundi. Ég geri ráð fyrir, að hv. flm. brtt. geti mætt á morgun eða a. m. k. á mánudaginn og geti þá reifað till. sína og tekið þátt í afgreiðslu málsins. Mér er kunnugt um, að hann hefur áhuga á máli þessu og hefur lagt rækt við það, og þar sem það hefur verið venja forseta að sýna tilhliðrunarsemi slíka sem hér er farið fram á, þá vænti ég, að hann verði við ósk minni og taki málið af dagskrá.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins taka það fram, að mér finnst það engan veginn frambærileg rök fyrir frestun þessa máls, að hv. þm. Ísaf., sem flutt hefur hér brtt. við þetta, sé lasinn og geti ekki mætt á fundi. Það hefði ekkert verið við því að segja, þótt málinu hefði af þessum sökum verið frestað, ef þetta hefði verið fyrr á þingi og nægur tími fyrir hendi til þess að fjalla um málið, en þar sem nú er mjög áliðið þings, þá vinnst í raun réttri ekki tími til að verða við þessari ósk um að taka málið af dagskrá. Ég óska því, að umr. fari fram um málið, og þeir, sem ræða vilja brtt. á þskj. 511, geta þá gert það við þessa umr.

Forseti (BG): Þar sem mér virðast gildari rök hníga að því, að málið sé nú tekið til umr., heldur en að því sé frestað sökum lasleika hv. flm. brtt. á þskj. 511, hv. þm. Ísaf., þá sé ég mér ekki fært að verða við þeirri ósk að taka málið af dagskrá.

Pétur Ottesen: Ég vænti þess þá, að hæstv. forseti reikni mér ekki til ræðu það, sem ég sagði áðan. — Ég verð að víkja nokkrum orðum að því, sem hæstv. menntmrh. sagði um það, að sjálfsagt hefði verið að fresta umr. um þetta mál, ef ekki hefði verið svo áliðið þings. Ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að mál þetta kom ekki fram hér fyrr en nú fyrir nokkrum dögum, og þegar á það er litið, er ekki nema eðlilegt, að þm. vilji fá nokkurt tóm til að athuga málið. Það er ekki mér eða öðrum þm., sem kunna að vilja leggja orð í belg um þetta mál, að kenna, að það hefur komið svo seint fram, heldur er sökin þeirra, sem fluttu það. Og í skjóli þess, að nú sé svo áliðið þings, ætla þeir að keyra það í gegn og þar með næstum banna mönnum að ræða það til hlítar, og með því hyggja þeir, að stýrt sé fram hjá þeim boðum og hindrunum, sem fyrir afgreiðslu málsins kunna að verða.

Ég skal nú víkja nokkrum orðum að brtt. á þskj. 511. Mér virðist, að það beri mikið á því nú í afgreiðslu fjölmargra mála, að allt snúist um Reykjavík. Það er að vísu svo, að hér er miklum mun betri aðstaða til fjölbreytts skemmtanalífs heldur en alls staðar annars staðar á landinu, en það er skoðun mín, að þeir, sem njóta þessara skemmtana, eigi einnig að standa straum af þeim fjárhagslega. Ég fæ heldur ekki betur séð en að hér sé sá fjárhagsgrundvöllur fyrir hendi, að engin ástæða sé fyrir Reykvíkinga að sellast ofan í buddu landsmanna til að greiða fyrir skemmtun, sem svo engir aðrir njóta en Reykjavíkurbúar sjálfir. Það má því með sanni segja, að með frv. þessu sé einkennilega að farið.

Nú er mönnum kunnugt um það, að hinn svokallaði skemmtanaskattur af öllu landinu hefur runnið til þess að koma upp þjóðleikhúsi hér í Reykjavík. Þetta var reyndar mörgum þyrnir í augum, en málið gekk þó sinn gang. En svo þegar að því kom að halda uppi starfsemi leikhússins, þótti ekki tiltækilegt að láta allan skattinn renna áfram til þess. Á síðasta Alþ. var því ákveðið, að 40% af skemmtanaskattinum skyldi varið til starfsemi þjóðleikhússins, en 40% til þess að hlúa að skemmtanalífi úti um land. 10% skyldu svo renna til bókasafna, óstaðsettra.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir, á svo enn á ný að fara að skattleggja landsmenn til þess að halda uppi hljómsveit hér í Reykjavík, en telja má, að hún geti starfað sem deild eða þáttur úr þjóðleikhúsinu, og virðist því, að nægilega sé búið að skattleggja landsmenn þetta varðandi. Ég er því algerlega fylgjandi till. hv. þm. Ísaf., en hún fer í þá átt að mæla gegn því, að verið sé að sellast í vasa allra landsmanna til að halda uppi þessari hljómsveit. Ef menn álíta, að hún sé svona bráðnauðsynleg eins og þeir hafa viljað vera láta, þá finnst mér það harla einkennilegt, að Reykvíkingar skuli ekki reynast þess umkomnir að halda í henni líftórunni. Mönnum utan af landi hlýtur að koma það harla einkennilega fyrir sjónir. Ég vil því eindregið mæla með brtt. hv. þm. Ísaf. um, að þessi nýi skattur taki eingöngu til kvikmyndahúsanna í Reykjavík og frv. verði samþ. þannig breytt.

Víða úti um land er mikill áhugi vakandi fyrir að halda uppi skemmtanalífi, og er það nærri undravert, hvað víða hefur tekizt að halda uppi góðu skemmtanalífi, þótt aðstæður og ástæður séu ekki alls staðar sem beztar í þeim efnum. T. d. fréttist nú frá Sauðárkróki, að þar sé verið að sýna stórt og merkilegt leikrit, Gullna hliðið, og hef ég heyrt, að það væri sýnt þarna við mjög góðar undirtektir og þætti prýðilega leikið. Menn úr nærsveitum — og einnig úr Húnavatnssýslum og meira að segja frá Akureyri, þar sem leikstarfsemi er með miklum blóma, — hafa streymt til Sauðárkróks til þess að horfa á leikinn. Þetta sýnir það, að þegar nægur áhugi er fyrir hendi, þá má komast býsna langt í þessu sem öðru, og er þessi viðleitni og árangur manna úti um land vissulega góðra gjalda verð og verðskuldar fyllilega að því sé gaumur gefinn og að einhverju leyti styrkt.

Þegar á það er litið, að hér í Reykjavík eru skilyrði fjölbreyttari til skemmtana og skemmtanalífs í miklum blóma, þá er það næsta furðulegt, að Reykvíkingar skuli geta lagzt svo lágt að ætla sér að sellast í vasa landsmanna eftir fé til þess að halda uppi þeim þætti skemmtanalífs síns, sem hér um ræðir, og ég er hissa á, að hæstv. menntmrh., sem löngum hefur viljað telja sig forsvarsmann sveitanna, skuli nú láta svo „fallerast" af sjónarmiði Reykvíkinga, að hann standi að flutningi slíks frv. sem hér liggur fyrir. Ég vildi því mega vænta þess, að sveitunum takist að halda

hér fast á móti og hæstv. menntmrh. verði að láta hér undan síga.

Ég veit ekki, hvort mér hefur með ræðu minni tekizt að hræra svo hjarta hæstv. ráðh., að hann hafi skipt um skoðun á þessu máli, en frv. er vel þess vert, að því sé gaumur gefinn og vakað yfir því, að það séu ekki aðeins hagsmunir og sjónarmið Reykvíkinga, sem þar ráða.

Ég get látið að sinni útrætt um þessa brtt. og þetta mál, en vænti þess, að hæstv. Alþ. sýni þá sanngirni í þessu máli að samþykkja brtt. hv. þm. Ísaf. og láti hann ekki gjalda þess, að hann getur ekki verið hér viðstaddur vegna sjúkleika og ég er ekki fær um að mæla eins vel með brtt. og hann hefði gert. (SigfS: Þú mælir betur.) Nei, það verður sterkara, eftir því sem fleiri koma saman. Og svo er það atkvæðið. Ég er ekki viss um að hæstv. forseti leyfi, að ég greiði atkv. fyrir hann.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði, vil ég benda á það, að skemmtanaskattur er ekki innheimtur nema í kaupstöðum og samkv. þessu frv. er heimilað að fara eins að með þetta gjald af kvikmyndum. Enn fremur er ekki gert ráð fyrir, að symfóníuhljómsveitin starfi aðeins fyrir Reykvíkinga. Þar eð henni er ætlað að starfa bæði við þjóðleikhúsið og ríkisútvarpið, sem nær til allra landsmanna. Þá er gert ráð fyrir því í reglugerð hennar, að flokkar úr henni ferðist um landið og haldi hljómleika, og njóta þannig einnig menn úti á landi góðs af starfi hennar. Ég vil því leyfa mér að mæla á móti till., sem hv. þm. Borgf. mælti með.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál mikið. En ræða hv. þm. Borgf. olli mér undrun. Ég hafði búizt við þeim rökum, að ástæðulaust væri að verja fé í þessu skyni. En hinu hafði ég síður búizt við, að andmælin yrðu í því fólgin, að málið væri talið einkamál Reykvíkinga og reykvískum kvikmyndahúsagestum einum þess vegna ætlað að standa undir þessum kostnaði. Það má deila um, hvort rétt sé að verja svona miklu fé í þessu skyni, og fer það eftir því, hve hver og einn telur slíka hljómsveit mikils virði. Ég er í þeim hópi, sem tel, að slík hljómsveit hafi mikið menningargildi. Ég tel hana jafnnauðsynlega og kvikmyndir og jafnvel útvarp, og ég tel, að útvarp geti ekki fullkomlega gegnt hlutverki sínu án góðrar hljómsveitar. Enn fremur tel ég, að hún sé skilyrði þess, að um innlenda tónmenningu verði að ræða. Ég get skilið, að þeir, sem meta tónmenningu einskis, séu á móti þessu, en hinir, sem meta hljómlist mikils, vona ég, að vilji láta reka slíka hljómsveit, jafnvel þótt hún kosti nokkuð mikið. Slíkum almennum rökum er þó ekki beitt, heldur sagt, að óeðlilegt sé að leggja 25 aura gjaldið á um allt land. Hv. þm. Ísaf. mælti með, að þetta gjald yrði aðeins lagt á í Reykjavík, og sama gerði hv. þm. Borgf. En hv. menntmrh. benti réttilega á, að þetta væri ekki einkamál Reykvíkinga, heldur væri höfuðstarf slíkrar hljómsveitar við ríkisútvarpið. Mér kemur það mjög á óvart, ef hv. þm. Borgf. heldur því fram, að útvarpið hafi einungis þýðingu fyrir Reykvíkinga. Þessi röksemd er því algerlega úr lausu lofti gripin. Þá kemur mér á óvart sá málaflutningur, að kvartað sé yfir því fyrir hönd landsbyggðarinnar, að Reykjavík sé að sellast í vasa hennar eftir fé. Hv. þm. Borgf. veit, hvernig skemmtanaskattinum er skipt. En það er vitanlegt, að mestur hluti skemmtanaskattsins kemur úr Reykjavík. Ég veit ekki fyrir víst, hversu mikið, en sennilega um 80 %. Nú fara 40—50% af skattinum til byggingar samkomuhúsa utan Reykjavíkur. Svo er staðið upp hér á Alþ. og talað um, að verið sé að sellast í vasa manna utan Reykjavíkur. Fjarri fer því, að þjóðleikhúsið sé einkaeign Reykvíkinga, það er það ekkert fremur heldur en menntaskólinn og útvarpið eru einkaeign Reykvíkinga. Ég gæti nefnt ótal dæmi þess, hve ósanngjörn þau brigzl eru, að Reykjavík sé ómagi á þjóðinni og að hún sé að stinga hendinni í vasa landsbúa. Alþ. er nú að afgreiða fjárl. Það þarf ekki að fletta þeim lengi til að sjá, hvert mestur hluti fjárins fer. Ekki til Reykjavíkur, heldur út á land. Ef tóm gæfist til, mætti athuga, hvaðan mestur hluti skattteknanna kæmi, og síðan, hvernig þeim væri varið, og bera saman hlut Reykjavíkur og annarra landshluta. Sá samanburður yrði flókinn, en ég hygg, að þeim áburði, að Reykjavík væri að sellast í vasa annarra landsbúa, mundi verða hrundið. Ég gæti tekið næg dæmi til að sýna, að rökin fyrir brtt. á þskj. 511 hafa ekkert við að styðjast.

Mergurinn málsins er tvíþættur. Í fyrsta lagi er rík menningarástæða til að koma hér upp symfóníuhljómsveit, þótt hún kosti 5—6 hundruð þúsund. Og ég tel því fé skynsamlega varið og skynsamlegt að leggja þennan kostnað á biómiða, Enginn fælist frá að fara í bíó, þótt miðinn sé 25 aurum dýrari, en þjóðin auðgast menningarlega fyrir gjaldið. Í öðru lagi skiptir hljómsveit þessi máli fyrir menningarlif allrar þjóðarinnar, þar eð hún á að starfa við útvarpið. Þar af leiðandi er óeðlilegt að binda fjáröflun við Reykjavík eina. En þar sem nær engin kvikmyndahús eru utan kaupstaðanna, er ekkert tekið utan þeirra. (**PO:** Kaupstaðirnir eiga allir að mjalta til Reykjavíkur.) Þetta er mergurinn málsins. Ég mun því styðja frv. eindregið eins og menntmn. hefur afgreitt það.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Mér virðist málið komið í það óefni, að til vandræða horfi. Ég er því hér með brtt., sem ég vona, að verði sætzt á. Ég hef gaman af hljómlist, en samt sem áður treysti ég mér ekki til að vera með hærra framlagi en ½ millj. 25 aura sætagjaldið mun nema 700 þús. til 1 millj. kr. eða jafnvel meira, þar eð kvikmyndahúsum er alltaf að fjölga, og gæti farið yfir það, en ekki er hægt að segja um það fyrir víst, þar sem við höfum aðeins tölur úr Reykjavík. Ég geri ráð fyrir, að flestum finnist þetta ofrausn, jafnvel þótt við unnum hljómlist. Eðlilegast væri að styrkja hljómsveitina úr ríkissjóði, eins og efni standa til í hvert sinn. Nú er þetta frv. fram komið, og leyfi ég mér að flytja svo hljóðandi brtt. við 1. gr.: Innheimta skal jafnhliða skemmtanaskatti sérstakt sætagjald af kvikmyndahúsum, er nemi allt að 100 aurum á hvert sæti. — Sumum finnst ef til vill mikið að hækka hvern miða um 1 krónu. En ég er sannfærður um, að menn kaupa miðanna jafnt, hvort þeir kosta 3 eða 4 kr., ef þeir á annað borð ætla á bíó. Þessi skattur verður ekki tilfinnanlegur. En með því að

innheimta 1 kr. aukagjald á hvern miða fást tekjur, sem nema munu 3—4 millj. króna. Þá vil ég flytja brtt. við 2. gr., svo hljóðandi: Fé það, sem innheimt er samkvæmt 1. gr., skal renna óskipt í ríkissjóð. — Ríkissjóður er alltaf í fjárþröng, en með þessu móti mætti styrkja ýmis nytsöm menningarmál, t. d. symfóníuhljómsveit. Ég tel því sjálfsagt að nota þennan tekjustofn, sem mundi gefa af sér 3—4 millj. kr. á ári, þegar neita verður um fé til framkvæmda, sem eru nauðsynlegar, og varla hægt að skila fjárlögum hallalaust. Ég fjölyrði nú ekki frekar um þetta. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um sérstakt sætagjald af *kvikmyndahúsum*. — *Ég vona*, að *menntmn.* taki þetta til nákvæmrar athugunar, og verður því varla hægt að afgreiða það í kvöld. Ég vona, að n. taki þetta fyrir á fundi og geti sætzt á þessa breytingu.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Ég álít, að forseti eigi að úrskurða þessa till. frá, vegna þess að hér er um allt annað efni að ræða, og ef slíkt frv. lægi fyrir, bæri að senda það til fjhn. Hér er um að ræða fjáröflunartill., en ekki till. um symfóníuhljómsveit Íslands, og ber því að vísa henni til fjhn., en ekki til menntmn. Ég vænti forsetaúrskurðar.

Forseti (SB): Ég vil benda hv. 6. þm. Reykv. á, að fyrir síðasta þingi lágu frv. um, hvernig skemmtanaskattinum skyldi varið, og þau frv. fóru til menntmn., eins og hv. þm. veit manna bezt.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Menntmn. hafði til umr. frv. um þjóðleikhúsið, það átti þar heima, einnig frv. um félagsheimili, sem einnig átti þar heima, og loks frv. um styrk til lestrarfélaga og frv. um skólamál, sem öll áttu þar heima. Þessi frv. voru einnig öll um útgjöld, en þetta er um tekjuöflun ríkissjóðs. Rök forseta eru því með öllu haldlaus.

Forseti (SB): Varðandi ósk hv. 6. þm. Reykv. um forsetaúrskurð skal tekið fram, að breytingin á frv. er svo mikil, að nálgast gerbreytingu. Ég vil benda á, að til þess að till. megi koma til umr., þarf afbrigða við. Hæstv. ríkisstj. og þm. ráða því, hvort synjað verður um afbrigði. Forseti treystir sér ekki til að dæma um þetta mál og leggur það á vald hæstv. ríkisstj. og deildar, hvort afbrigði verða leyfð.

Þessi till. (sjá þskj. 584) er skrifl. og of seint fram komin. Vill hæstv. ríkisstj. leyfa afbrigði fyrir henni?

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Nei, ég neita um afbrigði.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég veiti afbrigði fyrir till.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það er aðeins um þingsköp. Það er ljóst, að þessi till., ef samþ. verður, gerbreytir alveg frv., og yrði þá að byrja umr. um málið á ný. Nú er hér 3. umr. málsins, og ef till. þessi yrði samþ., yrði þetta 1. umr. málsins og þyrfti það 3 umr. í hvorri d. Þó að óvenjulegt sé að synja um afbrigði, þá tel ég það eðlilegt, að slíkt sé gert, þegar slíkar till. sem þessi koma fram við 3. umr. máls. Ég mun greiða atkv. móti afbrigðum og vænti þess, að hv. þm. geri það.

Nú mun það kannske ekki ljóst, hvort einn eða fleiri ráðh. þurfa að veita afbrigði. Það er ákveðið í þingsköpum sem segir, að ráðh. veiti afbrigði, En þar sem ekki er alveg ljóst, hvernig eigi að skilja það ákvæði, mætti greiða úr þessum vanda, þar sem synjað er um afbrigði af þeirra hálfu, með því að spyrja hv. þm., hvort þeir leyfi afbrigði. Ef þeir neita um slíkt, þá virðist vandinn vera leystur.

Pétur Ottesen: Ég vil heldur vara við, að sá háttur verði tekinn upp hér á hv. Alþ. að neita um afbrigði. Ég veit ekki, til hvers það gæti leitt. En ég vil benda á, ef hæstv. forseti vildi hlusta á mál mitt, af því að hann er nýgræðingur í stólnum, að þegar afbrigða er leitað, þá er held ég undantekningarlaust sú aðferð viðhöfð að spyrja ríkisstj. fyrst, hvort hún vilji veita afbrigði, og svo á eftir er leitað atkv. þm. Og ég held, að það væri líka hyggilegt, að við reyndum að vera dálítið fastir í formi — það hefur sína kosti — og færum ekki að bregða út af okkar venju að ganga fyrst úr skugga um það, hvort ríkisstj. vildi leyfa afbrigði. (GTh: Það er ekki skylda að bera fyrst undir ríkisstj.) En það er venja, og lýðræðisþjóð eins og Englendingar, sem hafa enga stjórnarskrá, breyta eftir föstum venjum og telja ekkert betra. Ég álít, að við Íslendingar ættum að reyna að verða fastari í formi yfirleitt, en ekki breyta til hins gagnstæða. — [Ys varð um hríð í deildinni og samræður.]

Ég vil enn þá skjóta því til hæstv. forseta og hæstv. ríkisstj. og allra aðila, hvort það mundi ekki vera heppilegust lausn á þessu máli, að það yrði tekinn frestur til morguns. Þá er hægt að sigla fram hjá skerjum, sem brýtur hættulega á núna, svoleiðis að ég held, að það verði öruggara, að málið komist í góða höfn á morgun en í kvöld.

Forseti (SB): Vegna þess ágreinings, sem upp hefur komið um afgreiðslu þessa máls, þá er forseti neyddur til þess, þó að hann á engan hátt vilji tefja afgreiðslu málsins, að taka það af dagskrá.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég álít, að hæstv. forseti hefði átt að úrskurða þessa brtt. frá af þeim ástæðum, sem hér hafa komið fram. Mér sýnist hún ekki geta staðizt eftir þingsköpum. En ef málinu verður frestað nú, þá er alveg útséð um, að það verði afgr. á þessu þingi. Og þá vil ég fyrir mitt leyti vinna það til að samþ. afbrigði fyrir till. og því verði svo skotið undir úrskurð hv. d. og þá í trausti þess, að hún neiti um afbrigði.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa nú heyrt yfirlýsingu hæstv. menntmrh., og lít ég svo á, að afbrigði séu leyfð af hálfu ríkisstj., og verður þá leitað atkv. hjá hv. þm.

ATKVGR.

Nafnakall var viðhaft, og sögðu

já: StJSt, StSt, EOl, EmJ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, PO, SB.

nei: SigfS, SK, SkG, EystJ, GTh, GÞG, HÁ, KTh, ÞÞ.

JG, JörB, LJós greiddu ekki atkv.

13 þm. (SG, SEH, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, BG, BÁ, FJ, HB, HelgJ, HermG, JJ, ÓTh) fjarstaddir.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Sigfús Sigurhjartarson: Ég vil yfirleitt ekki neita um afbrigði, þótt brtt. sé of seint fram komin eða skrifleg. En hér vil ég synja um afbrigði, þar sem till. er þess eðlis, að hún getur ekki samkvæmt þingsköpum komið til atkv. Ég segi nei.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég segi nei einungis vegna þess, að ég tel, að brtt. fái ekki staðizt ákvæði þingskapa.

Gylfi Þ. Gíslason: Ég segi nei með tilvísun til fyrirvara hæstv. menntmrh.

Jóhann Hafstein: Ég tel, að hæstv. forseti hefði átt að vísa þessari brtt. frá. En ég tel málinu stefnt í meiri tvísýnu með því að neita um afbrigði og segi því já.

Forseti (SB): Þar sem afbrigðin hafa ekki fengið nægilegt fylgi samkvæmt þingsköpum, er þeirra synjað.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vil, til þess að koma ekki aftan að þessari hv. d., skýra frá því, að ef á að halda uppi þessum hætti, þá mun ég greiða atkv. móti afbrigðum í Ed. Ef á að neita mönnum að koma með brtt., þá verða gerðar ráðstafanir á móti.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. 4. þm. Reykv. vildi ég segja nokkur orð um þetta mál. Ég vil taka það fram strax, að ég er hlynntur þessu máli, sem hér liggur fyrir og er um það, að komið verði á fót symfóníuhljómsveit. Og ég get einnig fallizt á það, að þessari hljómsveit verði tryggt rekstrarfé með því að leggja nokkurn skatt á kvikmyndahúsin. Hins vegar verð ég að segja, að ég lít nokkuð svipað á þetta mál og hv. þm. Ísaf. og hv. þm. Borgf. Og ég álít, að allmikil rök hnígi að því, að það gjald, sem hér er gert ráð fyrir, að lagt verði á kvikmyndahúsin í landinu til þess að koma á fót þessari symfóníuhljómsveit, verði fyrst og fremst lagt á kvikmyndahúsin hér í Reykjavík. En það skiptir allt öðru máli um álögur á kvikmyndahúsin utan Reykjavíkur.

Í tilefni af þessari skoðun lét hv. 4. þm. Reykv. undrun sína í ljós og sagði, að hann teldi betra, að þm. væru þá alveg á móti málinu. En eins og ég sagði áðan, er ekki þannig farið með mig, og ég tel miklu skipta að koma upp þessari hljómsveit. En hins vegar sýnist mér allmikill munur á því að leggja þetta gjald á kvikmyndahúsin hér í Reykjavík eða annars staðar á landinu. Það er áreiðanlegt, að þessi hljómsveit verður miklum mun meira fyrir Reykjavík en aðra kaupstaði landsins. Um þetta verður ekki deilt, þótt menn vilji smeygja sér fram hjá því með því að segja, að þessi hljómsveit geti komið í útvarpið og þannig náð til allra landsmanna. Það er rétt, að því leyti getur hún náð til allra landsmanna. En það er líka gert ráð fyrir, að hún leiki í þjóðleikhúsinu, og það verður fyrir Reykvíkinga eina saman. Og það er líka gert ráð fyrir, að hún leiki fyrir Reykvíkinga í þeirra aðalsamkomusölum. Ég býst líka við því, ef þessi hljómsveit leikur í ríkisútvarpið, þá muni það greiða henni fyrir það nokkurt gjald.

Þá er eitt þýðingarmikið atriði í þessu máli, að hagnaður af kvikmyndahúsarekstri í Reykjavík og Hafnarfirði er allt annar og meiri en af öðrum kvikmyndahúsum landsins. Það er öllum ljóst, að þessir tveir staðir hafa allt önnur og betri skilyrði til síns rekstrar en önnur kvikmyndahús. Ágóðinn af kvikmyndahúsum er venjulega ekki mikill í öðrum kaupstöðum landsins.

Þá er og þess að geta, að nokkuð víða úti um land er þannig komið fyrir starfsemi kvikmyndahúsa, að hagnaði af þeim hefur beinlínis verið ráðstafað til mjög nytsamra stofnana, og yrði þar með þessu gjaldi gengið á þær ráðstafanir.

Tekjum af kvikmyndahúsum hér í Reykjavík hefur verið allt öðruvísi háttað. Þau hafa grætt stórfé og eru í höndum þeirra aðila yfirleitt og mér sýnist í það góðri aðstöðu, að ekki sé of mikið á þau lagt að greiða þetta gjald.

Þetta er afstaða mín, og ég álít mjög hyggilegt og gott að koma þessari hljómsveit upp, og ég vil vinna að því. En verði meiri hluti fyrir því, að þetta sætagjald komi niður á öll kvikmyndahús á landinu, þá mun ég þó fylgja málinu. En mér sýnist slíkt ekki réttlátt, og mun ég greiða atkv. með þeirri brtt., sem hér er komin fram um að undanþiggja í þessu tilfelli kvikmyndahús utan Reykjavíkur.

Hv. 4. þm. Reykv. vildi fá bæði mig og aðra þm. utan af landi til kappræðna um það, hvernig skipt væri yfirleitt milli kaupstaða og landshluta annars vegar og Reykjavíkur hins vegar ýmiss konar fjárframlögum. Ef þm. yrðu við ósk þessa hv. þm., sem ég geri ekki ráð fyrir, þá yrði útkoman allmiklu öðruvísi en hann vildi láta í skína.

Þá vil ég í þessu sambandi minna á það, að skemmtanaskatturinn, sem nýlega hefur verið gerð breyting á, var ekki innheimtur alls staðar á landinu, heldur var hann bundinn við staði, sem höfðu yfir 1500 íbúa. En í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er gengið mun lengra í því efni með þennan skatt en með skemmtanaskattinum. Hér er farið inn á þá leið að leggja á alla minnstu staði á landinu, sem eru að reyna að halda uppi hjá sér kvikmyndahúsrekstri með sáralitlum eða engum hagnaði, og það látið renna til Reykjavíkur. Ég er þess fullviss, að symfóníuhljómsveitina mun skipta mjög litlu máli, hvort þessi skattur er teygður svo út á landsbyggðina eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. En hins vegar getur það skipt kvikmyndahúsin á hinum smærri stöðum nokkru máli að fá þennan skatt á sig.

Ég vona, að ég hafi gert grein með þessum orðum fyrir minni afstöðu til málsins. Ég mun fylgja þeirri brtt., sem hv. þm. Ísaf. hefur borið hér fram.

Pétur Ottesen: Ég held, að það kapp, sem hér hefur verið lagt á að knýja þetta mál fram, ætti að snúast í höndunum á þeim, sem standa fyrir því verki. Meðferðin á því hér í kvöld hefur orðið þess valdandi, að tekinn hefur verið upp alveg sérstakur háttur á Alþ. (SigfS: Að fylgja þingsköpum.),

sem ekki hefur verið beitt áður, svo að ég muni til, sem sé að neita um afbrigði fyrir till., sem fram er borin, að það er vitanlega þess vert, að því sé gaumur gefinn, sem hæstv. dómsmrh. sagði hér áðan vegna afbrigða. Og ég tel þess vegna, þrátt fyrir það að nú eigi að fara vel með tímann, þá sé með þessu búið að búa svo um hnútana í þessu máli, að það séu litlar líkur til þess, að málið nái fram að ganga á þessu þingi. Það var ekki ákaflega mikið í húfi þótt þessi afbrigði hefðu verið veitt, því að ef þannig væri háttað hér í hv. d., að hv. þm. litu svo á, að hér væri verið að brjóta þingsköp, eins og hv. 6. þm. Reykv. sagði, þá hafði d. það á valdi sínu að fella þessa brtt. Það gat hún gert með alveg eðlilegum hætti og án þess að brjóta þá reglu, sem gilt hefur á Alþ. um langt árabil. Og þegar búið er að brjóta þá reglu, þá er náttúrlega óvandari eftirleikurinn að feta í þau óheillaspor. Við vitum það ekki nú hér í kvöld, til hvers er stofnað með því að fara svona að, en hyggilegt var það ekki. Og fyrsta afleiðing þess verður sú, að það bitnar á þessu máli, sem hér liggur fyrir, og hefur það þó sennilega engan veginn verið tilgangur þeirra ofurkappsmanna í þessu máli, að svo skyldi fara. En það er sannarlega ofurkapp út af fyrir sig, að þegar fram er komin brtt. og þm., sem að henni stendur, getur ekki sökum lasleika seint á kvöldi eða næturþeli mætt til þess að standa fyrir sínu máli, þá skuli málið vera knúð svo fast fram, að það er verið að nota sjúkleika þessa manns til þess að koma málinu áfram, því að hvað sem um það má segja, hvaða áhrif ræður hans hefðu haft, þá gat atkv. hans haft áhrif við atkvgr. málsins. En þessum hv. þm. er fyrirmunað með þessu háttalagi að neyta atkvæðisréttar síns nú í málinu, sökum þess að hann er sjúkur og getur ekki mætt við afgreiðslu málsins hér. — Ég vænti þess vegna, að þetta, sem komið hefur fyrir hér í kvöld, að synjað hefur verið um afbrigði, geti orðið nokkur lærdómur fyrir hv. þm. Og það er þess að vænta, að hann verði þá á þá lund, að hv. þm. gæti betur ofurkapps síns í sambandi við sókn mála hér heldur en átt hefur sér stað hér í kvöld.

Ég skal ekki fara langt út í ræðu hæstv. menntmrh. eða ræðu hv. 4. þm. Reykv., af því að hv. 2. þm. S-M. hefur tekið að mestu leyti af mér það ómak, bæði að því er það snertir, hve ósanngjarnt er að leggja á þennan skatt úti um byggðir landsins, og líka með tilliti til þeirra fullyrðinga, sem hv. 4. þm. Reykv. var hér með í sambandi við samskipti Reykjavíkur annars vegar og annarra landshluta hins vegar. Hæstv. menntmrh. sagði, að þessi skemmtanaskattur næði alls ekki til allrar landsbyggðarinnar. Hann á vissulega að greiðast á öllum þeim stöðum, þar sem eru 1500 íbúar eða fleiri. Og það er vitanlegt, að kvikmyndahúsin á þessum stöðum eru sótt af mönnum víðs vegar úr hinum dreifðu byggðum, sem eiga þess litinn kost heima fyrir að afla sér skemmtana með svipuðum hætti. Og ég tel engan veginn útilokað, að innheimtu þessa skatts yrði hagað þannig, ef þetta yrði samþ., að reynt yrði í þessu efni að teygja klærnar til umferðakvikmyndasýninga til þess að ná tekjum fyrir þessa symfóníuhljómsveit. Þessir hv. þm., sem eru að reyna að sellast eftir þessum skatti utan úr dreifbýlinu, líta svo á, að það sé ekki stoð í neinu skemmtanalífi öðru heldur en því, sem fram fer í Reykjavík, því að ef þeir litu svo á, að það bæri að hlynna að slíkri starfsemi annars staðar á landinu og efla hana og gera hana sem allra sjálfstæðasta út af fyrir sig, þá mundu þeir ekki viðhafa þessa aðferð, sem þeir nú viðhafa í þessu sambandi. En eins og hér hefur verið lýst, þá er fjárhagsaðstaða til skemmtanahalds svo gerólík hér í Reykjavík annars vegar og annars staðar á landinu hins vegar, að því er ekkert saman að jafna. Og þess vegna býr fólkið úti um landið við allt aðra aðstöðu í þessu efni heldur en í Reykjavík og við miklu meiri erfiðleika í sambandi við að fullnægja skemmtanalöngun sinni og verður að leggja miklu meira á sig úti á landsbyggðinni til þess heldur en hér í Reykjavík, þar sem hin mikla mannmergð er og hin mikla peningavelta til þess að standa undir þessu skemmtanalífi. Það, sem fram hefur komið hér, er þess vegna yfirlýsing þeirra manna, sem skattleggja vilja dreifbýlið til þess að Reykvíkingar geti skemmt sér, um það, að skemmtanalífið og þátttaka manna í því úti um landsbyggðina sé svo lítilfjörlegt við hliðina á slíkri starfsemi hér í höfuðstaðnum, að það eigi að veikja og skerða þá aðstöðumöguleika, sem til þessa eru fyrir hendi úti um landið, til þess að halda uppi skemmtanalífi í Reykjavík — til þess að hlaða undir slíka starfsemi hér í Reykjavík. Þannig líta þeir á. Og það var við þetta, sem ég miðaði, þegar ég beindi því áðan til hæstv. menntmrh., að honum hefði förlazt nokkuð sýn að því er snertir umhyggju fyrir þeim, sem búa úti um hinar dreifðu byggðir landsins og hafa miklu erfiðari aðstöðu til að halda uppi skemmtanalífi hjá sér og fullnægja þörfum og kröfum fólksins í því efni heldur en Reykvíkingar. Og það leiðir af sjálfu sér, að því erfiðara sem fólki er gert fyrir með að hafa þessa starfsemi úti um landið, en jafnframt meir hlúð að þessari starfsemi í Reykjavík, því sterkari og viðtækari er gerð sú keðja, sem dregur fólkið utan af landi til Reykjavíkur. Og er sú keðja orðin ærið sterk og umfangsmikil áður, þótt ekki sé verið að sjóða það stál frekar en orðið er né fjölga hlekkjum í þeirri keðju. En þannig hlyti þetta að verka, ef samþ. væru ákvæði þessa frv.

Ég hafði ekki fellt neinn dóm um starfsemi þessarar symfóníuhljómsveitar, sem hér er um að ræða. Ég er ekki fær um að fella þann dóm. Þess vegna gerði ég það ekki. En þrátt fyrir það að ég sé fákunnandi á þessu sviði, þá var mér það ljóst, hvílíkar öfgar voru fólgnar í þeim lýsingum, sem hv. 4. þm. Reykv. var að gefa á slíkum hlutum, þar sem allt annað virtist hverfa í skuggann fyrir þessu hjá honum og að hann sæi engin önnur verðmæti eða verðgildi í okkar þjóðfélagi heldur en hljómsveit og öll önnur menningarviðleitni væri í raun og veru ekki annað en blaktandi sinustrá, ef við ekki höndluðum þetta hnoss (!) Ég veit ekki, hvernig við höfum getað lifað menningarlífi öll þessi ár án þess að hafa symfóníuhljómsveit. (GÞG: Það hefur vantað þetta.) En við höfum þó skrimt. — En þegar á svo að fara að stíga upp á hásætis-hátopp listarinnar hér í Reykjavík, þá finnst mér allt of langt gengið, ef það á ekki að vera hægt án þess að sellast út um allar byggðir landsins og sækja þaðan 25 aura af hverjum einasta biómiða, sem fólk þar kaupir. Og það mundi þó ekki byggjast á efnaskorti manna hér í Reykjavík, ef svo væri að farið, heldur hinu, að fólkið hér í Reykjavík liti allt öðr-

um augum á þessa starfsemi heldur en hv. 4. þm. Reykv. gerir. Ef til þessa óyndisúrræðis þyrfti í raun og veru að grípa, hlyti það að stafa af því, að fólkið hér í Reykjavík mæti ekki hljómlist þessarar hljómsveitar til jafnmikils gildis eins og hv. 4. þm. Reykv. gerir, þ. e. ef það treystir sér ekki til að standa undir þessari skemmtanastarfsemi á annan hátt. — Hæstv. menntmrh. talaði um það, að hann ætlaði að láta fólkið úti um dreifbýlið fá nokkuð í staðinn. Jú, það átti að fá að heyra í hljómsveitinni í útvarpinu endrum og eins, — og máske mundi hún eyða sumarfríinu með því að fara út um landið sér til hressingar og upplyftingar, eins og Reykvíkingar gera. Hvað útvarpið snertir, þá get ég gengið inn á, að hún mundi koma þar kannske nokkrum sinnum fram. En ég verð að segja, að landsfólkið borgar fullt fyrir það, sem útvarpið ber á borð fyrir það, með því að borga 100 kr. skatt á hverju ári. Það má náttúrlega segja, að þar hallist ekki á, því að Reykvíkingar borgi þann skatt eins og aðrir, sem útvarpið nota. En ég vil ekki bera það saman — og er ég þá kominn inn á hugsunargang hv. 4. þm. Reykv. um gildi þessarar symfóníuhljómsveitar, þó að ég sé ekki eins háspenntur eins og hann, þá er ég kominn inn á það, að þessi hljómsveit hafi náttúrlega þýðingu og gildi —, en er það þá réttlátt að bera það saman, þegar maður leggur ríkisútvarpið eitt til grundvallar, að láta þá menn, sem búa utan Reykjavíkur úti á landsbyggðinni, borga jafnt til þess að halda uppi symfóníuhljómsveit eins og Reykvíkinga, sem njóta hennar allan árstímann? Ég álít það ekki réttlátt, heldur mjög fjarri því. Og hvað útvarpið snertir gagnvart þeim, sem úti á landi búa, þá ekki aðeins borga, heldur margborga menn það, sem þeir fá frá útvarpinu. — Nei, það er allt of langt seilzt og lágt lagzt og ósanngjarnlega að farið, ef á að fara að skattleggja þannig fyrir Reykjavík fólkið úti á landsbyggðinni. Það er ósanngjarnt út frá því sjónarmiði, hversu aðstaða fólksins utan Reykjavíkur, víðast hvar, er erfið til þess að halda uppi skemmtanalífi þar. Og það er alveg undravert, hvað því tekst í því efni.

Ég skal svo aðeins segja fáein orð út frá því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði í sambandi við þau orð, sem ég hafði sagt og einnig voru byggð á því, að það væri allt of langt seilzt með þessu. Þessi hv. þm. hélt hér langa ræðu, og þar var það grunntónninn — uppistaðan og fyrirvafið —, að eiginlega lifði allt landið á Reykjavík. (**GÞG**: Ekki sagði ég það.) Hann talaði um, að hún bæri allt uppi í landinu. Ja, hvar værum við staddir, ef Reykjavík væri ekki? (**Rödd af þingbekkjum**: Dauðir úr hungri.) Já, það segir einn hv. þm. bak við mig, að þá værum við dauðir úr hungri. Þá væru víst mennirnir, sem leggja til allt kjötið í landinu og mjólkina, dauðir úr hungri, ef ekki væru svo margir munnar í Reykjavík til að taka á móti framleiðslu þeirra. (**SigfS**: Við höfum talsvert af fiski.) Togararnir leggja ekki upp afla sinn í Reykjavík, heldur selja hann fyrir erlendan gjaldeyri, sem er náttúrlega þýðingarmikil starfsemi. En fólkið, sem býr utan Reykjavíkur, framleiðir mikið af því, sem menn leggja sér til munns í landinu. — En hvernig hefur Reykjavík byggzt upp? Hefur ekki fólkið utan af landsbyggðinni flutzt til Reykjavíkur? Hefur ekki fólkið utan af landsbyggðinni flutt þau efni, sem það var búið að afla sér, hingað til Reykjavíkur? Og hvert er komið andvirði jarðanna, sem fólkið hefur yfirgefið í sveitunum? Er það ekki komið í byggingar hér í Reykjavík og aðrar framfarir hér? Og hvernig býr svo Alþ. og ríkisvaldið að Reykjavík í þessum efnum? Hvaða þýðingu hefur það fyrir Reykjavík, að þar eru allar stjórnarskrifstofurnar? Og hvaða þýðingu hefur það að hafa skólana hér í Reykjavík? Hvaða þýðingu hefur það, að meginhlutinn af öllum vörum, sem fluttar eru til landsins, er fyrst lagður á land í Reykjavík? Hvaða þýðingu hefur það fyrir Reykjavík, að allar einkasölur ríkisins, svo sem áfengisverzlunin, tóbakseinkasalan, viðtækjaverzlunin o. fl., eru hafðar hér í Reykjavík? Og af hverju er þetta? Er þetta ekki af því, að löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið hefur hagað þessum málum þannig? Þó að hv. 4. þm. Reykv. vilji hér taka upp fjárl. og benda á það, að allmikið af fé því, sem varið er t. d. til verklegra framkvæmda, rennur til byggðanna utan Reykjavíkur, þá er það ekki nema örlítið brot af útgjöldum fjárl., sem fer út um hinar dreifðu byggðir landsins, og það er ekki nema örlítil brotgreiðsla af þeim skattálögum, sem Reykjavík tekur af landsmönnum sem afleiðing af þeim stjórnarráðstöfunum, sem við búum hér við. — En ef við förum svo og athugum tölur á fjárl. í sambandi við launagreiðslur og annað slíkt, hvaða staður á landinu fær þar stærstan hlut? Það væri gott, að hagfræðingurinn, hv. 4. þm. Reykv., stingi niður penna og færi að reikna það út. Ég vil þess vegna taka undir það með hv. 2. þm. S-M., að okkur er alveg óhætt, að hv. 4. þm. Reykv. settist niður og reiknaði út eftir sínni hagfræðiþekkingu og kunnáttu skiptinguna þar. (**GÞG**: Ég skal gera það við tækifæri. — **HB**: Er þetta ádeila á Reykjavík eingöngu orðin?). Ég var að svara hv. 4. þm. Reykv. Og ef maður snýr sér að stórkaupmönnunum og öllu því liði hér, þá taka þeir sinn skerf af verðmætum fólksins.

Ég skal svo ekki fara lengra út í þetta mál. En ég hef verið neyddur til að svara hv. 4. þm. Reykv., því að mér virðist, að þeir ættu ekki að kasta grjóti, sem sjálfir búa í glerhúsi. En það er ekkert óeðlilegt út af fyrir sig, þó að í sambandi við þetta mál, sem fyrir liggur, sé nokkuð minnzt á aðstöðu Reykjavíkur til að gera upp þessar sakir. En þar kemur náttúrlega margt til greina. Og ef á að fara langt út í það, þá verður að gera það á miklu umfangsmeiri hátt heldur en á þá leið, sem umr. hafa farið nú á milli okkar hv. 4. þm. Reykv. og mín.

Ég vænti þess svo, að þessi brtt. verði samþ. Ég held, að það sé öllum bezt, sem að þessu standa, og líka langsamlega eðlilegust afgreiðsla í sambandi við þetta mál. Og það má segja, að með því að afgreiða þetta mál þannig, að tekjur handa þessari hljómsveit komi héðan úr Reykjavík, þá feli það í sér miklu meiri viðurkenningu á þýðingu og gildi þessarar hljómsveitar, því að það sýnir þá, að skilningur þeirra manna á gildi þessarar starfsemi, sem fyrst og fremst njóta hennar, er sá, að því fólki þykir svara kostnaði, að slíkri hljómsveit verði haldið uppi, og að það vilji eitthvað á sig leggja til þess.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Þessi brtt., sem ég flutti hér áðan, er nú ekki til umr. hér í hv. d., þar sem henni var vísað frá. Hæstv. menntmrh. ætlaði að nota sitt vald sem ráðh. til þess að neita um afbrigði. En hv. d. var nú svo greiðasöm að gera þetta fyrir hann og taka af honum þá skömm, sem hann hefði orðið fyrir, ef hann hefði haldið fast við sína fyrri ákvörðun. Það má vel vera, að þessi skömm verði léttari, þar sem hún hvílir á fleiri bökum, og skal ég ekki frekar um það ræða. En, eins og hæstv. dómsmrh. tók fram hér áðan, þá mun hv. þm. ljóst vera, að þessi ofsi, sem greip ýmsa hv. þm. hér áðan, getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir það mál, sem þeir vildu berjast hraustlega fyrir. Það má vel vera, að þótt meiri hluti hv. þm. verði með því og telji ekki ofrausn að verja einni millj. kr. árlega til þess að hafa hér symfóniuhljómsveit, þá nái málið samt sem áður ekki fram að ganga, því að hér í þessari hv. d. hefur verið gefið fordæmi um að neita um afbrigði fyrir brtt., sem fram er komin á löglegan hátt.

Ég tók fram hér áðan, að ég tel, að það sé vel þess vert að efla hljómlist í landinu og að hún geti haft menningarlegt gildi fyrir þjóðina. En ég endurtek það, að ég tel of mikið að skattleggja borgarana þannig, að þeir greiði eina millj. kr. á ári til symfóniuhljómsveitar. Slíkt geta milljónaþjóðir gert, en ekki Íslendingar, sem eru ekki nema um eitt hundrað þús. að tölu. (SigfS: Þetta eru ekki nema 600 þús. kr.). Þetta eru ekki nema 600 þús. kr., segir þessi hv. þm. En þetta er nærri ein millj. kr., þegar allt landið er með reiknað, og byggi ég það á nákvæmum tölum, sem ég hef fengið á borgarstjóraskrifstofunni um bíóhúsin hér í Reykjavík. En eftir að þær tölur voru upp gefnar, hefur bætzt við Austurbæjarbíó, sem alltaf er fullt á hverju kvöldi, og líka Tripólíbíó, sem ekki voru tekin með í reikninginn, þegar þessi útreikningur var gerður. Nú er tekinn 21 eyrir af hverjum bíómiða sem sætagjald, sem rennur í bæjarsjóð. Og af þessum þremur bíóum, Tjarnarbíói, Gamla bíói og Nýja bíói, hefur árin 1944, 1945 og 1946 komið þannig í tekjur til bæjarins um 400 þús. kr. á ári. Svo bætast við tvö bíó, og er þá öruggt, að þegar þau eru tekin með, þá hafa tekjur bæjarins af þessu 21 aura sætagjaldi orðið um 600 þús. kr. En þetta er aðeins Reykjavík, og það er það, sem hv. 6. þm. Reykv. reiknar með. Hann reiknar aðeins með Reykjavík, þegar hann talar um tekjurnar af þessu, en ætlast þó til, að ákvæði frv. gildi öll kvikmyndahús á landinu. En ég geri ráð fyrir, að þegar öll kvikmyndahús á landinu eru tekin með í reikninginn í þessu efni, þá sé öruggt, að tekjurnar af þessu 25 aura gjaldi verði nær einni millj. kr. Í öllum stærri bæjum eru kvikmyndahús og sums staðar tvö, og kvikmyndahús eru komin víðs vegar um landið í kaupstöðum og þorpum. Og ef þessi lög eiga að gilda fyrir allt landið, þá tel ég öruggt, að þetta 25 aura gjald nægi til þess að ná inn einnar millj. kr. tekjum. — Það er ekki svartsýnin hjá hæstv. menntmrh. og ekki hjá hv. alþm., sem telja, að við séum svo efnum búnir, Íslendingar, að við getum haldið uppi symfóniuhljómsveit, sem kostar hvorki meira né minna en þetta. Hvaða þjóð í heimi mundi leyfa sér að verja jafnmiklu fé hlutfallslega eins og þessir ágætu menn ætlast til, að 130 þúsunda þjóð geri, með því að fá þetta frv. samþ.? Ég tel miklu eðlilegra, að það sé árlega, eftir því sem efnahagur leyfir og ástæður þykja til, varið ákveðinni og hóflegri fjárhæð á fjárl. til eflingar hljómlist í landinu.

Ég leyfi mér að bera fram rökstudda dagskrá við þetta mál á þessa leið:

Enda þótt vert sé að efla hljómlist í landinu og symfóniuhljómsveit hafi menningarlegt gildi, telur deildin ofrausn að skattleggja landsmenn allt að einni milljón króna árlega til symfóniuhljómsveitar í Reykjavík, eins og verða mundi, ef frumvarpið á þingskjali 463 verður að lögum, og telur réttara að verja hæfilegri fjárhæð í fjárlögum, ef fært þykir, í því skyni og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég ætlaði aðeins að segja, að það er ástæðulaust að menn geri sig svo hátíðlega út af afbrigðum, því að það eru fjöldamörg fordæmi fyrir því, að neitað hafi verið um afbrigði, og kvað svo rammt að þessu um skeið, að gerð var þingskapabreyt. um frv. flutt eftir ósk stj., vegna þess að þetta var talsvert tíðkað.

Ég vil aðeins taka það fram út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að hér er um heimild að ræða, en ekki skyldu. Auk þess vil ég taka það fram út af því, sem hann áðan sagði, að ég lít þannig á, að þetta „jafnhliða skemmtanaskatti" í frv. geri það að verkum, að þetta gjald verði ekki innheimt nema þar, sem skemmtanaskatturinn til ríkisins er innheimtur, og við það verða menn að miða sínar ályktanir. Þess vegna er ástæðulaust að tala um 1 millj., og finnst mér það undarleg álög á hv. 2. þm. Rang. í sambandi við þetta mál að flytja fyrst brtt., sem er tvímælalaust þannig vaxin, að frv. hefði ekki getað staðizt, ef hún hefði verið samþ., og flytja svo dagskrá, þar sem rangt er sagt frá staðreyndum.

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Ég vil aðeins taka það fram, að þar sem talað er um 600.000 kr. í grg. þessa frv., þá er það miðað við upplýsingar frá skattyfirvöldunum um selda miða að þeim kvikmyndahúsum, sem þar eru tilgreind.

Í öðru lagi vil ég benda á, að samkvæmt 2. gr. þessa frv.. er til þess ætlazt, að menntmn. veiti symfóniuhljómsveitinni styrk úr þessum sjóði, og það er á þess valdi, hvað mikið það veitir á hverju ári.

[Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.]

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Það hafa risið upp deilur um það, hvort rétt sé að afla fjár í fyrirhugaðan sjóð á þennan hátt, frá kvikmyndahúsum í öllum kaupstöðum þessa lands. Ég benti á það, þegar ég ræddi till. hv. þm. Ísaf., að að svo miklu leyti sem hljómsveitin ynni fyrir ríkisútvarpið, þá fengi hún það borgað af almannafé. Vissulega ber fyrst og fremst að líta á hljómsveitina sem menningartæki, sem vinnur í þágu allra landsmanna. Ég held, hvað sem þessu líður, þá hafi Reykvíkingar og næstu bæir verulega sérstöðu í þessu máli. Í Hafnarfirði starfa tvö kvikmyndahús, en svo er málum háttað, að þangað

sækja Reykvíkingar iðulega kvikmyndahús og Hafnfirðingar til Reykjavíkur. Út frá þessum forsendum hefur menntmn. orðið sammála um að leggja til, að frv. yrði breytt í það horf, að hið umrædda 25 aura gjald yrði aðeins innheimt í Reykjavík og Hafnarfirði. Menntmn. leggur því til, að 1. gr. frv. orðist svo: „Heimilt skal að innheimta sérstakt gjald af kvikmyndahúsum í Reykjavík og Hafnarfirði, er nemi 25 aurum á hvern seldan aðgöngumiða, samkv. nánari fyrirmælum í reglugerð, er menntamálaráðuneytið setur.“

Ég leyfi mér að leggja þessa brtt. fyrir hæstv. forseta og sé ekki ástæðu til að rökræða hana frekar á þessu stigi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 593) leyfð og samþ. með 17:1 atkv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Af því að hv. menntmn. hefur komið sér saman um að breyta frv. samkv. till., sem hér hefur verið lýst, og mér er kunnugt um, að víðtækara samkomulag er í d. um þessa till., og ég tel mig ekki sérstaklega vera fyrirsvarsmann fyrir Reykjavík og Hafnarfjörð, þá sé ég ekki ástæðu til að rökstudda dagskrána, sem ég hef áður lýst, komi undir atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vil nú ekki lengja mikið þessar umr., en ég get ekki látið málið fara fram hjá mér án þess að fara um það nokkrum orðum. Mér finnst, að málið sé sótt af æði miklu kappi og eiginlega að sumu leyti af meira kappi en forsjá. Hér er ekki tekið tillit til óskar, sem fram kom um að bíða, þar til flm. brtt., sem er veikur, gæti komið og gert grein fyrir sínu máli. Hér hefur einn hæstv. ráðh. neitað um afbrigði á óvenjulegan hátt fyrir till. Og yfirleitt er málið sótt og flutt á mjög óvenjulegan hátt. Það er komið inn seinustu daga þingsins, og eins og ég sagði áðan, skákað í því skjóli, að það fái ekki þá málsmeðferð og þá gagnrýni sem venja er um flest þingmál. Ég get gengið inn á það út af fyrir sig, að það sé æskilegt, að þessi hljómsveit yrði stofnuð að sumu leyti, en ég get ekki varizt þeirri skoðun, að þetta sé fjárhagslega stærra mál heldur en svo, að ekki sé rétt að eyða í það dálitið meiri tíma til umhugsunar heldur en hér er gert. Hér er lagt til, að stofnuð verði ný embætti í tugatali, að vísu ekki á kostnað ríkissjóðs beinlínis, en þó tekið af þeim tekjustofni, sem sameiginlegur er einum af þeim tekjustofnum, sem ríkissjóður notar og fær tekjur úr, svo að segja má, að það sé a. m. k. á óbeinan hátt tekið af ríkissjóði eða skertir þeir tekjumöguleikar, sem hann hefur, með því að gjaldið er tekið á þennan hátt og embættin, sem þarna er stofnað til, eru beinlínis launuð á svipaðan hátt sem um gjald ríkissjóðs væri að ræða.

Það hefði einhvern tíma verið saga til næsta bæjar, að seint um kvöld á Alþ. hafi verið stofnuð 30 ný embætti án þess að fjalla rækilega um það. Ég efa það ekki, að málið er vel þess vert, að það fengi venjulega málsmeðferð, en sé ekki hespað af eins og lagt er til, að gert verði. Um tekjustofn til að standa undir þessu veltur á ýmsu, því að fyrir skömmu var það nú till. flm., að þessara tekna yrði aflað með því að leggja skatt á öll kvikmyndahús landsins, en nú er búið að takmarka það við Reykjavík og Hafnarfjörð. Ég skil ekki, hvers vegna Hafnarfjörður hefur orðið fyrir þeirri náð að lenda í flokki með Reykjavík, því að vísu má svo vera, að skemmtanir séu sóttar á víxl í þessum bæjum, en meiri hl., sem sækir skemmtanir í Hafnarfirði, sækir þær líka í Reykjavík. Ég sé því ekki neina ástæðu til þess, ef endilega á að afgreiða málið á þennan hátt, að Hafnarfjörður sé þar með, og leyfi mér að flytja skrifl. brtt. um, að Hafnarfjörður verði tekinn þar úr.

En ég vil aðeins taka það fram að lokum, að mér finnst málið vera fljótfærnislega afgr. og vera stærra en svo, að því hæfi þessi afgreiðsla sem hér er lagt til, að það fái. Ég held það væri skaðlaust, þótt málið yrði látið bíða til næsta þings og fengi þá einhverja betri afgreiðslu eða úrlausn. En á þessu stigi málsins óska ég eftir, að hæstv. forseti taki við hinni skrifl. brtt. minni við brtt. menntmn.

Forseti (BG): Mér hefur borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hæstv. viðskmrh. við brtt. á þskj. 593: Orðin „og Hafnarfjörður“ falla niður. — Hér þarf tvöföld afbrigði, til þess að till. megi koma fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 595) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Rökst. dagskrá á þskj. 594 tekin aftur.

Brtt. 595 felld með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, StSt, ÁÁ, EmJ, GTh, IngJ, JG, JS, JörB, PO, BG.

nei: SB, SG, SK, EOl, EystJ, GÞG, HÁ, HB, JóhH, KTh, PÞ, SigfS.

SkG, JPálm, LJós greiddu ekki atkv.

9 þm. (SEH, StgrSt, ÁkJ, BÁ, FJ, HelgJ, HermG, JJ, ÓTh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Sigurður Kristjánsson: Ég er mótfallinn málinu og þá allri þrengingu skattsins. Ef það ætti hins vegar að leggja þennan skatt á, þá tel ég rétt, að hann nái yfir allt það svæði, sem gert er ráð fyrir í upphafi, og ég er á móti þessari þrengingu og segi því nei.

Brtt. 593 samþ. með 17:3 atkv.

Brtt. 511 kom ekki til atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Sþ., 19. marz, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 596).

Á 83. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 596, n. 658).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Þegar forseti leitaði afbrigða, mælti

dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í hv. Nd. voru vinnubrögðin þannig við afgreiðslu þessa frv., að d. neitaði að veita afbrigði fyrir sanngjarnri brtt., og ég lét þess þá getið, úr því að frv. væri stefnt með slíkum hætti í tvísýnu í Nd., að ég mundi ekki veita afbrigði fyrir málinu í Ed., er það kæmi þangað. Ég kann ekki við að neita um afbrigði í nafni ríkisstjórnarinnar, en ég leyfi þau ekki.

Forseti (BSt): Úr því að einn ráðh. vill ekki leyfa afbrigði, verð ég að snúa mér til annarra ráðh. og spyr þá hæstv. fjmrh., hvort hann vilji leyfa afbrigðin. **(Fjmrh.:** Já.)

ATKVGR.
Afbrigðin samþ. með 9:2 atkv.

Frsm. meiri hl. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Eins og nál. ber með sér, hefur meiri hl. fjhn. orðið sammála um að mæla með frv. og leggur til, að það verði samþ. Ég sé ekki ástæðu til að fara að flytja hér langt mál né endurtaka það, sem segir í grg. þeirri, sem fylgir frv., en kunnugleiki minn á málinu byggist á þeim upplýsingum, sem þar eru gefnar. En ég tek fram, að ekki er líklegt, að frv. þetta nái fram að ganga, þar sem nú er svo mjög áliðið þingtímans, nema samkomulag hafi náðst um það innan ríkisstj. Er málið kom til fjhn., lá ekkert fyrir um það, en n. vildi ekki stöðva málið. Hins vegar virðast nú þær vonir, sem upphaflega var gert ráð fyrir, að frv. næði fram að ganga, hafa brugðizt. Ég geri ekki ráð fyrir því, að frv. þetta nái fram að ganga eftir þá yfirlýsingu, sem hæstv. dómsmrh. gaf hér áðan. Ég geri þess vegna ekki ráð fyrir því, ef því fer fram, sem hæstv. dómsmrh. hér lýsti yfir, að langar umr. verði um málið, þar sem kl. er nú eitt og hálf að nóttu, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að hafa frekari umr. um þetta mál, fyrr en það hefur sýnt sig, hvort því er ætlað að ganga í gegn á þessu þingi eða ekki, sem er undir því komið, hvort samkomulag næst um málið. En meiri hl. fjhn. er því meðmæltur, eins og fyrir liggur, að málið gangi fram.

Forseti (BSt): Þetta mál er, samkv. ósk hæstv. ríkisstjórnar, tekið af dagskrá.

Umr. frestað, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

32. Vegalagabreyting.

Á 4. fundi í Sþ., 9. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 23. apríl 1947 (þmfrv., A. 16).

Á 5. fundi í Ed., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þegar ég í byrjun þessa þings sezt undir umr. hér í d., vil ég byrja á því að flytja hér brtt., sem ég flutti á áliðnu þingi í fyrra, en þá þótti hv. dm. ógerningur að flytja málið á milli, án þess þó að þeir færðu nokkur rök fyrir þeim mótbárum, önnur en þau, að áliðið væri þings. Ég vil nú leyfa mér að koma með brtt. aftur ásamt tveim brtt. frá meðflm. mínum. Ég hygg, að allar brtt. miði til bóta, en sumar þeirra miða að því, að staðir séu ekki uppnefndir, heldur nefndir sínum eigin nöfnum, nöfnum, sem þeir eru skírðir í lögunum. Ég skal ekki fara út í hverja einstaka brtt. hér, því að það er gert í grg., en ég vil geta þess, að frá flestum þeim, sem hér eiga hlut að máli, hef ég gögn í höndunum, sem mæla með þessum brtt. Og þrátt fyrir það, að hæstv. Alþ. hefur ekki séð ástæðu til að hafa þessa vegi á vegalögum, þá hefur hæstv. ríkisstj. á síðastliðnu sumri látið leggja einn þessara vega fyrir ríkisfé, og sýnir það ljóslega, hversu sjálfsagt það var álitið að leggja þennan veg. Vegurinn um Hegranesið var einnig lagður fyrir lánsfé í sumar fyrir atbeina ríkisstj. Svo sjálfsagt þótti það einnig. Það stafar kannske af ókunnugleika hv. þm., að þeir hafa ekki viljað samþykkja þetta, a. m. k. virðist mér, að svo hljóti að vera. T. d. skulum við taka veginn, sem vegal. gera ráð fyrir, að endi í Árnesi. Brtt. miðar að því, að vegur þessi sé lengdur um ca. 5—6 km og látinn enda í Ingólfsfirði, en þar er nú komin síldarverksmiðja, og er þar að rísa upp þorp, sem vitanlega á að tengja við akvegasamband landsins. Allir hljóta að sjá, hversu nauðsynlegt og sjálfsagt þetta er. Svipað má segja um ýmsar hinar brtt. Þær eru allar svo sjálfsagðar, að ekki er hægt með nokkurri sanngirni að mæla á móti þeim, nema ef vera kynni veginum um Hvítársíðuna, en í brtt. geri ég ráð fyrir, að hann nái af Kleifavegi um Hvítársíðu að Fljótstungu. Hv. 1. þm. Reykv. fannst ástæða til þess í fyrra að vera á móti því, að vegurinn frá Bjarnastöðum yfir Hvítá og á Borgarfjarðarbraut nálægt Reykholti væri samþykktur. En hann gætti þess ekki, að Borgarfjarðarbraut liggur fram með Reykjadalsá að Húsafelli og svo áfram, og það verður að tengja veginn frá Bjarnastöðum við þann veg. Hitt er svo rétt, að sýsluvegur liggur fram með Hvítá, og liggur hann af Borgfirðingabraut hjá Reykholti um Stóra-Ás og á Borgfirðingabraut aftur fyrir framan Hraunsás. Eftir till. minni yrði nú nokkuð af þessum vegi ríkisvegur, og finnst mér, að svo verði að vera til þess að koma ríkisvegunum saman. — Þetta var misskilningur hjá hv. 1. þm. Reykv. og kemur af því, að hann hefur haldið, að vegurinn með Hvítá væri ríkisvegur.

Ég vildi þá aðeins drepa hér á tvær brtt. í viðbót, en það eru þær, sem heyra undir l- og k-lið. Nú er ekki ákveðið, hvert vegurinn skuli liggja, því að enn er ekki ákveðið, hvort hin væntanlega brú á Vatnsdalsá skuli vera framan eða utan Ásbrekku. Nú er Ásbrekka orðin aðalsamkomustaður Vatnsdæla, og með brtt. er því slegið föstu, að þó að brú á Vatnsdalsá verði sett utar í dalinn, þá skuli þjóðvegurinn samt vera að Ásbrekku, og virðist það ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, þar sem um samkomustað er að ræða, auk þess sem vegurinn er nauðsynlegur til þess að margir bæir geti komið frá sér mjólk. Það er því lífsnauðsyn fyrir Vatnsdalinn að fá brúna á Vatnsdalsá sem fyrst og hafa

hana sem fremst í dalnum, svo að hægt sé að koma mjólkinni til Blönduóss, en ég held því fast fram, að vegurinn nái að Ásbrekku, enda þótt svo illa kynni að takast til, að brúin yrði sett utar í dalinn. — Svipuðu máli gegnir um Skagafjörðinn. Ekki er enn ákveðið, hvar Héraðsvötn eða Jökulsárnar verði brúaðar í fram-Skagafirði, og vegna þess er því slegið föstu með brtt., að þó að þau eða þær verði brúaðar utan Goðdala, þá skuli þjóðvegur *ná þangað fram eftir*. Vafalaust kemur einhvern tíma brú þarna, en það verður að líkindum ekki strax, og þess vegna er nauðsynlegt, að vegurinn nái að Goðdölum, og ef brúin kæmi hjá Telgakoti, væri allur framfjörðurinn vegalaus.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Vænti ég þess, að hv. þm. líti á brtt. með *sanngirni og skilningi og setji sig inn í málið* og hafi Íslandskort fyrir framan sig, þegar þeir þekkja ekki staðina, sem um er að ræða, svo að þeir fái betur skilið þetta mál en á síðasta þingi. — Ég vil leggja til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 12 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 16. marz, var útbýtt nál. frá meiri hl. samgmn., á þskj. 506, og nál. frá minni hl. n., á þskj. 512, brtt. bárust á þskj. 555 og 578, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

33. Menntaskólar (frv. HV og PZ).

Á 13. fundi í Ed., 3. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla (þmfrv., A. 75).

Á 15. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. var flutt hér á síðasta þingi, en kom þá svo seint fram, að það hlaut ekki afgreiðslu, þótt *séð væri*, að það *mundi*, eins og *vænta mátti*, fá góðar undirtektir, því að menntmn. og þessi d. afgreiddu málið frá sér einróma og mæltu með samþykkt þess.

Samkvæmt núgildandi l. um menntaskóla er þar ákveðið, að menntaskólar skuli vera tveir, annar í Rvík og hinn á Akureyri. Auk þess skal stofna menntaskóla í sveit í Sunnlendingafjórðungi, þegar fé er veitt til þess í fjárl. Þá er það kunnugt, að auk þess hefur Verzlunarskóli Íslands rétt til þess að útskrifa stúdenta, og eru menntaskólar því raunverulega tveir í Rvík. Síðan þetta frv. var flutt í fyrra, hefur héraðsskólinn á Laugarvatni fengið rétt til þess að hafa lærdómsdeildarnám og hefur á þessum vetri byrjað að undirbúa nemendur undir stúdentspróf. Því gefur að skilja, að menntaskóli, sem stofnaður skal í sveit í Sunnlendingafjórðungi, verður menntaskólinn að Laugarvatni. Hins vegar er það svo, að í Vestfirðingafjórðungi er enginn og í Austfirðingafjórðungi ekki heldur neinn menntaskóli. Á Ísafirði starfar nú gagnfræðaskóli með um 230 nemendum, og eru þannig að meðaltali um 80 nemendur í bekk í þeim skóla. Í Austfirðingafjórðungi er fjölmennur héraðsskóli. Gagnfræðaskóli er einnig í Neskaupstað og unglingaskóli í Seyðisfjarðarkaupstað. Þannig er í Austfirðingafjórðungi fjöldi nemenda, sem aðstöðu hafa til að ljúka menntaskólaprófi. En þeir, sem miðskólaprófi ljúka, eiga samkvæmt nýju löggjöfinni rétt til að stunda nám í menntaskóla eða kennaraskóla.

Auk gagnfræðaskólans á Ísafirði eru starfandi á Vestfjörðum tveir héraðsskólar, þ. e. héraðsskólinn á Núpi í Dýrafirði og héraðsskólinn á Reykjanesi. Unglingaskólar eru nú á þessu hausti að hefja starfið í flestum þorpum Vesturlands, að mér er kunnugt. Í Bolungavík, Flateyri, Þingeyri, Patreksfirði og víðar er í undirbúningi að hafa unglingaskólarekstur. Þeir, sem unglingaskólaprófi eða miðskólaprófi hafa lokið, eiga rétt til framhaldsnáms í kennaraskóla eða menntaskóla, eins og ég hef áður sagt. Nú er þannig, eins og kunnugt er, að menntaskólinn á Akureyri er yfirfullur og erfitt að koma nemendum að. Enn erfiðara verður það, þegar unglingaskólarnir rísa upp og nemendur koma frá gagnfræðaskólunum með próf sín og kalla til framhaldsnáms. Sökum heimavistarinnar í Akureyrarskóla hefur það löngum verið helzti skólinn fyrir nemendur af Austfjörðum og Vestfjörðum að leita til og fá þar heimavist, meðan á náminu stendur. Því er það torsótt fyrir nemendur utan af landi að stunda nám í Rvík, nema með miklum kostnaði. Talið er, að kostnaður við eins vetrar nám muni kosta 5—7 þús. kr. með ýtrustu sparsemi og ef vel er á haldið

Undanfarin ár hafa verið miklar bollaleggingar um það, hvernig koma ætti fyrir málefnum menntaskóla í Rvík. Og enn þá vita menn ekki, hvernig þau mál munu verða leyst. Nýlega skrifuðu tveir menntaskólakennarar grein í Morgunblaðið um það mál. Gefur sú grein glögga hugmynd um það, hversu reikulir menn eru í ráði um lausn þessa máls. Fyrir ári síðan hefur verið í ráði að reisa nýtt skólahús í Laugarnesi fyrir 500—600 nemendur og leggja niður gamla skólann. Þetta hús átti að verða 130 metra langt og 3 hæðir og gangarnir í því 40% af rúmmáli þess og ½ km. af lengd þess. Þetta hús, sem í ráði var að reisa, fordæma þessir kennarar báðir tveir og telja það ekki ná nokkurri átt að reisa slíkt skólabákn sem menntaskóla í borg. Þá skýra þeir frá því, að nú hafi komið fram síðan till. til lausnar á þessu máli á þá leið, að reisa beri 6 hæða hús á lóð frá Bankastræti að Bókhlöðustíg, og eigi gamla skólahúsið að víkja fyrir þessu bákni, sem þeir kalla á öðrum stað í grein sinni skýjakljúf. Orðrétt segja þessir kennarar um þessa hugmynd: „Okkur er sagt, að þessi till. sé borin fram í alvöru, en ekki gríni.“ Þess vegna er það ljóst, að þessum tveimur ágætis kennurum finnst hugmyndin vera fjarstæðukennd.

Um aðstöðu fyrir utanbæjarnemendur til að stunda nám hér í Rvík segja þessir menn á þá leið: „Reykjavíkurskólinn var ekki einu sinni

byggður fyrir utanbæjarnemendur, enda utanbæjarnemendum svo til ókleift að stunda nám hér í Rvík fyrir húsnæðissakir og dýrtíðar.“ Ég er sammála þessum ágætu mönnum um, að mjög mannmargir skólar séu óheppilegir. Þeir lýsa sig andvíga því, að hér sé reist slíkt skólabákn, sem rúmi 600—700—800 nemendur eða fleiri, sem kemur til með að kosta tugi milljóna kr. Í fyrra kom það fram hér, að lóð ein undir menntaskólahús og þær byggingar aðrar, sem reisa þyrfti í sambandi við það á þeim stað, mun kosta 5—6 millj. kr. Mér er nær að halda, að þær skólabyggingar, sem þyrfti að reisa á Ísafirði og Eiðum fyrir slíka skóla á hvorum stað, mundu ekki fara langt fram úr þeirri upphæð einni. Ég hygg, að þegar tekið er tillit til þeirra mannvirkja, sem eru á hvorum staðnum, þurfi ekki annað en reisa skólahús með 4—5 stofum og svo rektorsbúð. Íþróttahús er á báðum stöðum og sundlaug og ágætt bókasafn á Ísafirði, og eru þannig veruleg verðmæti til, sem nota mætti ekki aðeins í þjónustu þeirra skóla, sem fyrir eru, heldur einnig menntaskóla í viðbót.

Ég mun ekki ráða fram úr því, hvernig hagað verður stækkun á húsrými menntaskólans í Rvík. En ég hygg, að það verði ekki um það að ræða, að nemendur af Vestfjörðum og Austfjörðum eigi greiðan aðgang að skólanámi hér í borg. Hitt hef ég sýnt fram á, að menntaskólinn á Akureyri mun naumast geta tekið þá aðsókn, sem að þeim skóla verður úr Norðlendingafjórðungi einum, þegar nýja skólakerfið er komið í gang. Ég hef sýnt fram á, að nemendafjöldi er nógur á Austfjörðum og Vestfjörðum til menntaskólanáms.

Það er hverju orði sannara, að það er ekki hverjum nemanda fært að fara í langskólanám, enda ekki æskilegt. Þessu er ekki til að dreifa, þegar bekkjasókn á ári er orðin um 80—90 nemendur í hverjum bekk. Og segjum, að 15 haldi áfram bóklegu námi í menntaskóla, þá er þar um að ræða gott úrval um bóklega námshæfni miðað við nemendur eins og ég þekki til í mínum skóla og yfirleitt þar, sem ég hef kynni af.

Ég held, að við flm. getum fullyrt, að það er ekki gengið á rétt neins með flutningi frv. eins og þessa. En frv. er í þá átt að gera aðstöðu ungs fólks á Austur- og Vesturlandi til framhaldsnáms nokkru jafnari en verið hefur og sýnilegt er, að verður, ef ekki verður úr bætt. Því að ég hygg, að það sé ekki ofmælt, að að nokkrum árum liðnum mundi fara svo, ef þetta frv. næði ekki samþykki á Alþ., að þá yrði lítt möguleikar fyrir ungt fólk úr þessum tveimur fjórðungum að halda áfram námi nema með því móti, að fjölskyldur nemenda yrðu að taka sig upp og flytja til Rvíkur til þess að reyna á þann veg að geta aðstoðað börn sín til framhaldsnáms í skólum hér. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að slíkir fólksflutningar, þar sem oft á í hlut ágætis fólk, eru byggðarlögunum að austan og vestan hin mesta blóðtaka. Ég sé ekki, að Rvíkurborg geti tekið við áframhaldandi fólksflutningi utan af landi eins og undanfarin ár.

Í raun og veru er engin furða, að til eru hér hverfi eins og Kleppsholt, með 4—5 þús. manns, eða upp undir það eins og Akureyri, þar sem ekki er til neinn barnaskóli, varla nokkur leikvöllur, ljósmóðir né nokkur löggæzla. Rvík hefur vaxið ört vegna fólksflutninga utan af landi og hún hefur ekki kraft til þess að veita félags- og menningarlega aðstoð eins og þyrfti. Það eru stórir bæjarhlutar, sem hafa þotið hér upp á fáum árum. Ef þessi straumur heldur áfram og ekkert er gert til þess að skapa aukið jafnvægi í þjóðfélaginu fyrir fjöldann, þá hygg ég, að þetta frv. hafi raunverulega almenna þjóðfélagslega þýðingu í jafnvægis átt.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál á þessu stigi. Ég flutti hér ýtarlega ræðu fyrir málinu í fyrra, og er samþm. minum málið nokkuð kunnugt. Ég hygg, að með þeirri grg., sem frv. fylgir, sé gerð nokkuð ýtarleg grein fyrir málinu í heild, og vil fastlega vænta þess, að þetta réttlætis- og sanngirnismál fái góðar undirtektir. Mér er ljóst, að þótt það verði afgr. sem l. frá Alþ., kemur það ekki til framkvæmda á sömu stundu, heldur tekur framkvæmd þess allmörg ár. Vafalaust er það og, að ekki verða til byggingar strax, og má því byrja á þeim skólum, sem til eru á þessum stöðum, eins og á Laugarvatni, og hefja kennslu í 1. bekk í húsi gagnfræðaskóla Ísafjarðar og héraðsskólanum á Eiðum. Ef til vill mætti koma þar fyrir 5. bekk síðar, þegar búið er að afla starfskrafta til að inna slíka kennslu af höndum. Þá yrðu nemendurnir frá þeim stöðum sendir til prófs að námi loknu, annaðhvort til menntaskóla Akureyrar eða Rvíkur.

Ég minnist þess, er ég var í gagnfræðaskóla Akureyrar fyrir 20 árum. Þá voru þar 90 nemendur, en á Ísafirði eru nú 300 nemendur. Þá var barátta Norðlendinga fyrir menntaskóla hjá sér langt komin og lauk nokkru síðar. Þá var það merkur menntaskólakennari, sem skrifaði um málið og sagði, að ef Norðlendingar fengju sinn menntaskóla, þá mundi ekki numið staðar fyrr en Vestfirðingar fengju sinn að nokkrum árum liðnum. Páll Sveinsson skrifaði grein í Skírni um, að nú hefðu Vestfirðingar ekki fylgt rétti sínum. Eftir liðin 20 ár er þetta nú vakið, og hygg ég, að ekki verði við því spornað. Með því mæla öll skynsamleg rök.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki mæla á móti því, að skóli verði stofnaður á Ísafirði og Eiðum. Ég hef ekki gert mér nægilega grein fyrir því. Hins vegar vildi ég aðeins sem Reykvíkingur og kosinn á þing með atkvæðum Reykvíkinga láta það uppi, að ég tel ákaflega hæpið, að það verði lögboðið, að aðeins einn menntaskóli skuli vera í Rvík.

Flm. las hér upp úr grein eftir menntaskólakennara, sem nýlega birtist í Morgunblaðinu, þar sem á rökvísan hátt var sýnt fram á, að það yrði fjarstæða að flytja gamla skólann frá sínum stað, og var þar bent á, að hvað sem öðru liði, þá ætti skólinn að vera kyrr, þar sem hann er nú. En ég held, að það fylgi með í þessari grein, að þar sé gert ráð fyrir, að ef skólinn er kyrr og ekki er fengið frekara húsrými honum til handa, þá sé nauðsynlegt að reisa fleiri menntaskóla í Rvík. og ég held, að það sé ákaflega djarft að setja löggjöf um byggingu menntaskóla víðs vegar um land og ganga fram hjá þessari þörf Rvíkur. Ég mundi þess vegna vilja skjóta því til n., sem fær þetta mál til athugunar, hvort ekki væri rétt að

setja það í löggjöfina, svo að ekki þyrfti frekar um það að deila, að menntaskólinn skuli vera á sínum gamla stað í bænum, að það væri þannig ákveðið, svo að framkvæmdarvaldið og ýmsar n. þurfi ekki frekar að burðast með það, og síðan sé ákveðið, að fleiri menntaskólar skuli vera reistir í bænum eftir ákvörðun kennslumálastjórnarinnar, þegar fé er veitt til þess í fjárl. Og hvað sem menn segja um þörf annarra landshluta fyrir menntaskóla, sem ég skal ekki vefengja á þessu stigi málsins, þá held ég, að ekki verði deilt um þörf Rvíkur bæði vegna hins mikla fólksfjölda hér og einnig vegna þess, að það eru ætíð talsvert margir utanbæjarmenn, sem æskja skólavistar í Rvík, svo að það er ljóst, að það þarf fleiri en einn skóla hér. Það var hugsunin að ráða bót á þessu með því að byggja þetta ógurlega skólabákn, sem lýst var í þessari ágætu grein tveggja af kennurum menntaskólans, en ef menn hverfa frá þeirri hugmynd, held ég, að öll rök hnígi að því, að það þurfi að reisa fleiri skóla. Hv. flm. heldur, að hægt sé að komast fram hjá þessu með því að reisa skóla úti um land. Það kann að vera rétt að nokkru leyti, en ekki nema að nokkru leyti. Eins og þjóðfélagsháttum okkar er nú varið, þá er það svo, að vegna fjölmennis í bænum og vegna þess, að hér er fólk hvaðanæva af landinu og nánir ættingjar unglinga á skólaaldri, þá mun það ætíð koma sér vel fyrir aðstandendurna að senda unglinga hingað, svo að þeir geti verið til heimilis og á vegum vandamanna sinna, þó að það séu ekki nánir aðstandendur eins og foreldrar, en slík aðstoð kemur miklu síður til greina á stöðum eins og Ísafirði og Eiðum, þar sem ekki er nema tiltölulega fátt fólk. Það verður því að gera ráð fyrir, að talsverður hluti utanbæjarmanna komi hingað til náms, auk þess sem það er greinilegt, að Rvík yrði afskipt, ef hún ætti aðeins að hafa þennan eina gamla skóla, ef það eiga að koma fjórir aðrir víðs vegar um landið, eins og mér skilst, að gert sé ráð fyrir í þessu frv. Þegar Rvík hefur nú yfir 50 þús. íbúa, þá er greinilegt, að mjög væri misskipt, ef bærinn ætti ekki að hafa nema einn skóla af fimm, þar sem mér líka skilst, að Akureyrarskólinn hljóti að verða nokkuð ámóta stór og skólinn hér eða hafa möguleika til þess með þeim viðbótarbyggingum, sem nú er verið að gera þar.

Ég held því, að hvernig sem litið er á þörf landsins eða þörf Rvíkur, sé óumflýjanlegt að gera ráð fyrir því, að fleiri en einn menntaskóli sé hér og að það sé einmitt lausnin á þessu byggingarvandamáli menntaskólans í Rvík að láta skólann verða þar, sem hann hefur verið, og lögfesta það, svo að ekki verði frekar um það deilt, og veita heimild í l. til þess að byggja annan menntaskóla í Rvík, þegar fé er veitt til þess í fjárl.

Það kemur ekki þessu máli við, að hv. flm. gat þess, að það hefði verið talað um að kasta 5 millj. kr. í kaup á lóðum einum til viðbótar við núverandi menntaskólalóð, svo að fullnægjandi væri, ef ætti að hafa skólann á sama stað. Ég held, að sú upphæð, sem að vísu er miðuð við núverandi verðlag, sé miðuð við, að öll húsin séu keypt með. En þá er þess að gæta, að á þessum lóðum eru fjöldamörg hús, sem eru mjög mikils virði og hægt að hafa mikið gagn af, hvort sem þau eru notuð til íbúðar eða annarra nota, ef menn kjósa það. Það er mjög mikið, ef á að ráðast í það á 1—2 árum að kaupa eignir fyrir 5 miljónir og rífa öll hús til grunna. Slík framkvæmd kemur ekki til greina, heldur hafa þau not, sem hægt er, af þessum húsum, en meðal þeirra er eitt stærsta samkomuhús og skólahús landsins, hús K.F.U.M., sem hefur nú verið stórlega endurbætt eftir brunann í fyrra. Það er samkomuhús og þar er skóli, einn af þeim stærstu í bænum. Það er gefinn hlutur, að ef vilji væri fyrir hendi, þá væri hægt að nota þetta hús áfram til slíks, þó að það kæmist í eigu ríkisins. Þar þarf enga verðmætasóun, það er hægt að semja við félagið að selja húsið. Það á tvær aðrar lóðir, og önnur er á bezta stað í bænum, svo að ef félagið fær fullt verð fyrir húsið, þá er það alls ekki illa sett, en ríkið fengi hús, sem hægt er að nota til kennslu og ýmiss konar starfsemi í sambandi við menntaskólann og, að ég hygg, án stórvægilegra breyt., til íbúðar. Húsin í kring má einnig nota til íbúðar. Hér er ekki um það að ræða að kaupa hús og jafna allt við jörðu, heldur að kaupa og haga svo til, að að nokkrum tíma liðnum sé hægt að reisa þarna gott og einangrað skólahverfi, sem ekki er hægt að búast við, að spretti upp úr jörðinni á einum degi fremur en hvað annað. Þannig er hægt, ef vilji og skilningur væri fyrir hendi, með hæfilegum útgjöldum að nota þessa aðstöðu mjög fyrir menntaskólann án þess að byrja á nýjum byggingum, meðan öðrum verkefnum þarf að sinna. En það verður ekki gert fyrr en því er slegið föstu í eitt skipti fyrir öll með löggjöf, að menntaskólinn skuli vera á sínum stað. Og úr því að nú er komið fram frv., sem ég álít sjálfsagt að athuga til hlítar, úr því að búið er að koma upp þessu mikla skólakerfi og það verður því að fullnægja þeim fyrirmælum l., að unglingar fái þá menntun, sem þeir hafa undirbúning til og þeir eru sveigðir til að óska eftir, þá finnst mér, að það komi til mála, að menntaskólar séu settir eins og lagt er til í þessu frv. En þá má ekki ganga fram hjá þörfum og hagsmunum Rvíkur í þessu efni, en ástæðan til þess, að ég stóð hér upp, var sú, að ég vildi benda á það og enn fremur, að réttast sé að lögfesta það nú, að menntaskólinn í Rvík skuli ekki verða fluttur af núverandi stað, því að það mundi ákaflega hreinsa loftið, ef það yrði ákveðið með l.

Þá vil ég leiðrétta misskilning hjá hv. flm., þó að það komi ekki beint þessu frv. við. Það er misskilningur hjá honum, að byggðin í Kleppsholti hafi engan barnaskóla. Það má deila um það, hvenær fullnægt er ýtrustu kröfum í þeim efnum, en skólinn í Laugarneshverfinu er auðvitað svo stór og veigamikill, að hann nægir fyrir þetta hverfi, sem hann er byggður fyrir, enn um hríð, og var alltaf hugsaður einnig fyrir Kleppsholtið, annars væri hann allt of stór. En eftir því, sem tímar líða, þarf sjálfsagt að byggja fleiri skóla og þá sjálfsagt einn fyrir Kleppsholtið eða öllu heldur inni í Langholti eða nálægt Suðurlandsbraut. Laugarnesskólinn er svo glæsileg bygging, að hann stendur ekki að baki barnaskólanum á Akureyri og Ísafirði, og ég hygg, að hann sé einhver glæsilegasta skólabygging, sem hér hefur verið reist, og sé ekki ástæðu til að gera lítið úr þeirri byggingu. Það má eins deila um, hvenær leikvellir séu nægir,

en nokkrum hefur verið komið þarna fyrir, þó að þeir séu ekki með fullkominni gæzlu í þessu byggðarlagi. Auk þess er á það að líta, að síðar þarf fullkomna leikvelli þar, sem byggð er svo dreifð. Það er miklu meiri þörf á fullkomnum leikvöllum í þéttbýlinu hér niðri í bæ en þar inn frá, meðan allt í kring er óbyggt.

Mér fannst nokkuð hallað í þessari frásögn hv. flm. og vildi leiðrétta það, þó að það komi ekki beint við þessu máli.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég mun greiða atkv. með þessu frv. til 2. umr. og n.

Það, sem ég segi hér, er nánast upplýsingar, sem ég vil, að n. taki til athugunar við meðferð málsins, svo að það komi skýrt fram aðalatriðin í því, sem ég óska, að hún taki til athugunar. Það er svo um þetta mál, að það skaðar ekki, þó að það sé undirbyggt með þeim beztu rökum, sem hægt er að finna, og má vel vera, að aðrir hv. þm. geti beðið n. að athuga málið frá fleiri hliðum.

Í fyrsta lagi vil ég, að það komi fram og að þess sé getið í nál., hvað margir nemendur hafi verið í menntaskólunum báðum, og vil ég miða þetta við þriggja ára tíma, svo að það sjáist, hve ör vöxturinn hefur verið í nemendafjöldanum. Í öðru lagi: Hversu mörgum nemendum hefur verið neitað um skólavist þrjú síðustu ár? Í þriðja lagi: Hvaðan af landinu eru þeir nemendur, sem neitað hefur verið um skólavist? Í fjórða lagi: Hversu mikill fjöldi stúdenta stundar nú framhaldsnám í háskólum hér og erlendis, prósentvís? Í fimmta lagi: Hve mikill hluti stúdenta snýr sér að hinum ýmsu störfum við atvinnuvegi landsins? Í sjötta lagi: Hvað mikill hundraðshluti stúdenta á Norðurlöndum stundar háskólanám, miðað við svipaðan hundraðshluta hjá okkur?

Það mætti vel vera fleira, sem upplýsa þyrfti. Ég skýt þessu fram m. a. af því, að það eru möguleikar á því, að svo mikill hluti unglinga hugsi sér að stunda nám við menntaskóla og jafnvel enn þá æðri skóla, að það verði tiltölulega meiri fjöldi en hollt er fyrir atvinnulífið í landinu. Þetta er hugsanlegur möguleiki. Það er nú svo, og ég hygg, að sú reynsla sé almenn, að þeir, sem ganga þessa leið menntabrautarinnar, snúi sér yfirleitt ekki aftur til hinna almennu starfa við atvinnuvegi landsins. Hins vegar verður að játa það, að öll menntun á að koma hverjum einstaklingi til góðs, að hvaða starfi sem hann snýr sér. En ég hygg, að það sé ekki rangmæli, að reynslan sé sú, að þau ungmenni, sem yfirleitt hugsa sér langskólanám, séu horfin úr atvinnulífi þjóðarinnar. Og þá er spurningin, hvað ein þjóð hefur ráð á að missa mikinn fjölda út á þessa braut.

Ég vil gjarnan, að n. gefi sér tíma til að athuga þetta, því að það má vel vera, að við slíka athugun komi í ljós, að við séum enn þá skemmra komnir með menntakerfi okkar en þær þjóðir, sem við teljum með meiri menningarþjóðum, eins og Norðurlandabúar, sem eru skyldir okkur á svo marga lund og hafa lagt svo mikla áherzlu á að skapa alþýðumenntun í æðri og lægri skólum. Ég er ekki með þessu á neinn hátt að draga úr, að frv. sem þetta megi öðlast fylgi hér á þingi. En ég hygg, ef almenningur fer að ræða um málið, að því sterkari verði rökin fyrir því, þegar þessar upplýsingar liggja fyrir, sem ég hef nú minnzt á, og jafnvel fleira, sem menn kynnu að óska.

Ég ætla ekki að fara út í ræðu hv. flm. Sumt, sem hann hélt fram, efast ég um, að sé alveg rétt. Hæstv. utanrrh. hefur svarað fyrir Rvík, en ég býst við, að innstreymið til Rvíkur, sem hann réttilega minntist á, stafi ekki mest af þessari orsök, sem hann nefndi, að það sé vegna barna, sem ætti að koma í skóla í Rvík. (**HV:** Við vitum, hvaða fólk hefur farið frá okkur.) Við vitum líka, hvaða fólk hefur komið til okkar. Það er ekki þessi ástæða, sem er höfuðatriðið. Það kann að vera, að finna megi um það einstök dæmi, en það er svo lítill hluti af því, sem hingað hefur streymt, sem kemur af þessari ástæðu. Ef fram færi athugun á þessu, þá mundi mín skoðun áreiðanlega staðfestast. Ég fer ekki út í rök hv. flm. fyrir þessu máli, en vil óska þess, að n. sæi sér fært að afla þeirra upplýsinga, sem ég hef nú beðið um, svo að þær liggi ljósar fyrir okkur, sem eigum að fjalla um málið við 2. og 3. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af ummælum hæstv. ráðh., sem hann beindi til n., að rannsaka, hvort ekki ætti að setja inn í menntaskólal. ákvæði, sem bindi það, að Menntaskólinn í Rvík yrði áfram á þeim stað, sem hann nú er, vil ég segja nokkur orð.

Að sjálfsögðu væri það ekki neitt, sem ekki væri hægt að raska síðar, þó að Alþ. setti nú með lagaboði, að eitthvað skuli gera. Það má velta því um á næsta þingi. En ég vildi benda á, að ef þetta ætti að standa í l. langan tíma, þarf það mikillar athugunar við. Vænti ég, að n. leiti þá upplýsinga hjá viðkomandi aðilum, m. a. skipulagsn., hvort hún mundi samþykkja það skipulag, sem koma yrði, ef skólinn ætti að vera áfram á sama stað.

Það eru ekki mjög margar ástæður, sem mæla með því, að skólinn verði framvegis þar, sem hann er nú, en þær eru veigamiklar. Hann er miðbæls, stutt í hann úr mörgum bæjarhlutum. Hin ástæðan er gamlar minningar, sem við skólann eru tengdar, og mér skilst, að það séu aðallega minningar nemenda, sem verið hafa í skólanum, sem valdi því, að þeir halda fram, að skólinn eigi að vera áfram í sama formi og hann er nú.

Það er hægt að finna fjöldamargar ástæður á móti. Ef á að ákveða með l., að skólinn skuli vera áfram á núverandi stað, þá verður að sjá svo um, að ekki verði byggð nema í hæsta lagi tveggja hæða hús nálægt honum, en ef á að byggja nálægt honum 6 hæða hús, þá verður þetta skólahús að fara, hvað sem öðru líður. Við skulum hugsa okkur, að það ætti að byggja 6 hæða hús frá Bankastræti að Amtmannsstíg og fyrir sunnan Bókhlöðustíg. Þá setur þetta skólahús ekki lengur þann svip á bæinn, sem það setur á hann nú í dag. Það verður því að sjá um, að ekki verði byggð þarna stórhýsi, sem yfirgnæfa skólann.

Þá er annað atriði, sem ég hygg, að menn reki sig á, ef farið er að ræða málið við yngri menn, að þeir sjá þennan gífurlega mismun, sem er á þægindum á menntaskólanum eins og hann er nú og öðrum skólum, sem nú er verið að reisa. Ég veit ekki, hvort þyngra er á vogínni hjá þeim, hinar gömlu minningar þessa skóla eða þægindin, sem þeir fara þar á mis við. Ég segi þetta ekki af því,

að ég vilji rífa þennan skóla og byggja þetta skólabákn, sem talað hefur verið um. En ef á að lögbinda, að skólinn verði þarna um aldur og ævi, þá má vel benda á þetta.

Í sambandi við það, hvort byggja eigi annan menntaskóla, þá er ég því sammála. Ég tel, að hægt sé að gera það með hliðsjón af þörfinni og síðan sé þessi skóli notaður svo lengi sem tiltækilegt er að hafa hann sem slíkan og ekki þarf að kosta svo miklu upp á hann, að það sé ekki rétt kostnaðar vegna. Ég hygg, að réttast væri að byggja skólann í austurbænum, t. d. á Skólavörðuhæð, eða þá þar, sem mér sýnist skemmtilegast, undir Öskjuhlíð vestanverðri, á móti háskólanum, svo að þessar tvær menntastofnanir standi þar hvor gagnvart annarri. Þá kemur einnig mjög til greina þriðji staðurinn, en það er gamla sjómannaskólalóðin, en nú er búið að koma þar upp skóla með 2—3 bekkjum. Það er spurning, hvort það verði ekki lausnin að byggja skólann þar.

Í sambandi við frv. sjálft vil ég skjóta því til hv. fim. og n., hvort ekki væri eðlilegra að láta gagnfræðaskólana útskrifa fjórða bekkjar nemendur. Mér skilst, að ef setja á menntaskóla, eins og ráðgert er í þessu frv., verði þeir bæði gagnfræðaskólar og menntaskólar, nema þeim sé ætlað að vera sérstakir menntaskólar. (**HV**: Alveg sérstakir). Þá eru komnir tveir slíkir skólar á þessum stöðum, og spurningin er, hvað það er mikill ávinningur. Það gæti verið meiri ávinningur að bæta við tveimur bekkjum, sem gætu tekið við, líkt og nú er á Laugarvatni. Þá gætu þeir tekið við nemendum, sem vildu halda áfram, en fengju ekki inngöngu í Rvík. Ég held, að það væri eðlileg lausn á málinu fyrst til að byrja með. Kerfinu hefur verið breytt þannig, að menntaskólinn tekur nú ekki nema 2 fyrstu bekki eldri nemenda frá landsprófi og ætlazt til, að hann verði 4 ára skóli, og er þá ekki óeðlilegt, að slíkur skóli á Ísafirði og Eiðum fengi skilyrði til þess að láta nemendur sína halda þar áfram, eins og nú er gert á Laugarvatni, og taka 3. og 4. bekk þaðan og ganga þá sem úrval upp í menntaskólann. Þá er hér ekki nema tveggja ára dvöl í staðinn fyrir fjögurra, og það ætti að geta verið millistig um það, að öðrum verkefnum væri mætt en eingöngu því að *tryggja skóla í öllum landsfjórðungum.*

Ég vil svo segja hv. 1. landsk. (SÁÓ) það, að mín skoðun er sú, að bezta útgerðin sé að mennta fólkið. Ég álít, að stúdentsmenntun sé ekki annað en nauðsynlegur undirbúningsskóli fyrir alla þá, sem ætla sér að verða eitthvað annað en verkamenn. Hitt er svo annað atriði, að við verðum að gæta að því á hverjum tíma, að hægt sé að bera slíkt uppi fjárhagslega, og þar ber að taka til athugunar, hvort er dýrara að hjálpa fólki á sínum stöðum heima fyrir eða senda það að heiman, því að það er líka kostnaður að senda það til annarra staða til þess að læra. Tel ég því til athugunar að fara þessa leið, þar sem hægt væri að mætast á miðri leið og gera þessa skóla svo úr garði, að þeir gætu haldið áfram að kenna meira en tveimur bekkjum.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég skal ekki blanda mér í þær umr., sem fram hafa farið milli hv. þm. Barð. og hv. 1. landsk. þm., en verð þó að láta það uppi, að stúdentsmenntun er töluvert meiri en svo og tekur lengri tíma að afla sér hennar en svo, að það sé rétt og fái staðizt, að það sé sú menntun, sem allir þeir, sem ekki ætla sér að verða verkamenn, eigi að leggja kapp á að fá. Að vísu er það alveg rétt, að það er nauðsynlegt, að allir, bæði verkamenn og aðrir, njóti sem beztrar menntunar, en stúdentsmenntunin er með þeim hætti, að allur þorri manna hefur ekkert við hana að gera. Þeim tíma, sem til þess náms færi, væri í rauninni ekki beint kastað á glæ, en hann væri hægt að nota til þess að afla sér þroska á annan og hagnýtari veg fyrir allan þann fjölda manna, sem ekki ætla sér að leggja stund á bókleg fræði sér til lífsframfæris. Stúdentsmenntunin er auðvitað fyrst og fremst miðuð við það að búa menn undir háskólanám og veita mönnum undirstöðuþekkingu í fjöldamörgum greinum, svo að þeir hafi undirstöðu í því, sem þeir síðar ætla að velja sér til sérnáms. Þess vegna er stúdentsmenntun líka flokkuð niður og er að vissu leyti orðin sérnám, sem er greint í máladeild annars vegar og stærðfræðideild hins vegar, og í hvorri deildinni um sig eru lærðir hlutir, sem fæstir mennskir *menn hafa nokkurn hlut við að gera.* Og þó að segja megi, að menn hafi gagn af öllu námi, vegna þess að það þroski menn, er þar með ekki sagt, að menn geti ekki hlotið þann þroska í sjálfu sér á heppilegri veg með því að leggja stund á annað en þetta langa skólanám á sínum þroska- og uppvaxtarárum. Ég vil þess vegna mótmæla þeim hugsunarhætti, að það sé út af fyrir sig æskilegt, að allir eða sem flestir taki stúdentspróf. Hitt er annað mál, að það verður að gefa þeim mönnum kost á því, sem hafa til þess sérstaka *hæfileika og eru þannig skapi eða gáfum farnir,* að það liggi sérstaklega fyrir þeim að leggja stund á það í lífinu, og þar má auðvitað ekki efnahagur ráða eða ytri aðstæður, heldur verður að leggja kapp á, að þeir, sem þessum gáfum eru gæddir, eigi þess kost að láta þær njóta sín. Hitt fannst mér koma of mikið fram hjá hv. þm. Barð., sá gamli hugsunarháttur, að það út af fyrir sig væri einhver upphafning að ganga í gegnum þessa skóla. Sannleikurinn er sá, að fjöldamargir menn hafa öðlazt meiri þroska á annan veg en þann að ganga í *gegnum þessa löngu skólagöngu og eru í sjálfu* sér allt eins fróðir og menntaðir menn. En þessi langa skólaganga er nauðsynleg forsenda fyrir sérstökum störfum í lífinu. Það verða menn að skilja, og ég held, að það sé ekki hægt að ráða þessum málum til lykta nema með fullkomnum skilningi á þessu og að þessi langa skólaganga óneitanlega dregur menn töluvert frá praktiskum störfum. Bæði er menntun þannig háttað og eins alltaf viðloðandi í þessum skólum sá andi að líta heldur niður á þá menn, sem vinna að praktiskum störfum, sem er afleiðing þess, að menntunin gengur í þá átt að draga menn frá því yfir í bóknám, sem á að vera sú eðlilega afleiðing að loknu námi. Hitt er svo annað mál, að bóknámið getur verið praktiskt í þeim efnum, sem það á við. Það er alveg rétt, sem hv. þm. Barð. sagði, að þessu máli verður ekki ráðið til lykta í eitt skipti fyrir öll. Þótt fest sé í l., að menntaskóla sé valinn staður, er hægt að breyta því næsta ár á eftir, en vandinn er þá tekinn af ráðh. Það hefur sýnt sig, að það hefur

verið að vefjast fyrir yfirvöldunum um margra ára bil, hvort ætti að færa skólann eða ekki, og hefur það orðið til þess, að á meðan það hefur verið að vefjast fyrir yfirvöldunum, hefur menntaskólanum á Akureyri hlotnazt það, að þar hefur verið ráðizt í stórfelldar framkvæmdir, sem gera aðstöðu hans miklu betri en áður var. Ef þessi vafi hefði ekki leikið á um skólann hér, býst ég við, að búið væri að slá því föstu, að skólinn ætti að vera á sínum gamla stað. Þá hefði verið farið að kaupa lóðirnar eftir brunann í fyrra og búa þar að skólanum. K.F.U.M.-húsið hefði verið keypt, meðan það var skemmt, fyrir lítinn pening. Viðgerð og innrétting hefði verið hafin, þannig að það hefði komið skólanum að gagni. — Hins vegar vil ég segja það, að þótt það sé á valdi Alþ. að breyta l. aftur, þá er það enginn vafi, að það yrði veruleg kjölfesta til opinberra ákvarðana í þessu efni nú í bili að kveða svo á, að skólinn skuli verða hér, ekki sízt ef menn eru komnir inn á það, sem ég hélt, að flestir væru sannfærðir um, að þetta stórkostlega skólabákn, sem ráðgert hefur verið, sé óheppilegt.

Hv. þm. Barð. vildi svo gera lítið úr því, að skólinn ætti að vera kyrr, og sagði, að það væru aðeins gamlir skólanemendur, sem því héldu fram. Sannleikurinn er sá, að því miður er rækt þeirra gömlu skólanemenda allt of lítil, því að ef hún hefði verið slík sem æskilegt er, þá hefði aldrei komið til mála, að bollaleggingar um að flytja skólann hefðu náð nærri eins langt og þær hafa náð, því að þær bollaleggingar eru sprottnar í huga einstakra gamalla nemenda skólans, að vísu í óþökk mikils hluta þeirra.

En það er fleira en það, að þeim nemendum, sem þarna hafa verið, eigi að þykja vænt um skólann. Þetta er einn af þeim fáu stöðum hér á landi, sem við höfum nærri eingöngu góðar minningar tengdar við, — minningar, sem ná þó nú orðið töluvert langt aftur í tímann. Það er að vísu til einstaka eldri bygging, eins og við skulum segja stjórnarráðshúsið, en það var fyrst byggt sem hegningarhús, varð síðan stiftamtmannshús, en aðsetur hins æðsta valds, útlends valds, sem gerir það að verkum, að í því sambandi getur fárra sögulegra hárra og helgra minninga í hugum íslenzks fólks. Hið sama er að segja um Bessastaði. Það er að vísu gamalt hús, sem þar stendur. En það er byggt með tilstyrk þeirra útlendinga, sem þar sátu mann fram af manni. Það er eingöngu sá skammi tími, þegar menntaskólinn var þar, frá því um 1800 og fram til 1845, sem sá staður eiginlega tengist tryggðum í hugum íslenzkra manna, þannig að þeir bera ekki heldur kaldan hug til hans, og svo aftur síðan hann var gerður að forsetasetri. Alveg gagnstætt þessu hefur menntaskólahúsið hér í Rvík frá fyrstu tíð verið nátengt öllu því bezta, sem orðið hefur í Íslandssögu þann tíma, sem liðinn er síðan það hús var reist. Það þarf ekki að geta um það, að sá skóli, sem starfar þar, er sá skóli, sem er ein helzta menntastofnun landsins og er framhald af elztu skólastofnun landsins. Minna má á fyrsta rektor í þeim skóla, Sveinbjörn Egilsson, sem öllum öðrum mönnum frekar á þakkir skilið fyrir það að hafa endurreist og endurlífgað íslenzka tungu. Hann má að vísu telja fremstan af þeim rektorum, sem þar hafa verið, en þar hafa líka verið margir afburðamenn, sem getið hafa sér gott orð í sínu starfi bæði varðandi skáldskap og vísindi. Frá skólanum hefur á þessum tímum útskrifazt fjöldinn allur af fremstu mönnum íslenzku þjóðarinnar á þessu aldursskeiði. Í skólahúsinu var haldið Alþ. fyrst eftir að það var endurreist. Þar var þjóðfundurinn háður, sem er einn áhrifaríkasti atburður í Íslendingasögunni. Þar situr löggjafarþingið þegar Alþ. fékk löggjafarvald. Þar var haldin söguleg sýning við lýðveldisstofnunina, sem mun eftirminnilegur atburður, og þannig mætti lengi telja. Það eru ekki svo margir staðir, sem hafa slíkar minningar, hér á landi, að við getum fórnað þeim stöðum, jafnvel þó að það kannske samrýmist ekki 6 hæða nýtízku húsum að láta gamalt 2—3 hæða tréhús standa við hliðina á þeim. En ég held, að flestar aðrar þjóðir mundu meta meira 2—3 hæða tréhúsið en 6 hæða nýtízku byggingarnar. Ég minnist þess frá landi skýjakljúfanna, að þar er t.d. borgarstjóraaðsetrið í New York gömul bygging, eins eða tveggja hæða, sem stendur innan um 20—30 hæða hús. Það mundi engum detta í hug, að vegna þess, að þarna eru komin svo há hús í kring, ætti að rífa þetta gamla hús og byggja skýjakljúfa í staðinn. Og meðan húsið stendur, er því haldið við, og það er eitt af því, sem menn telja sjálfsagt að skoða í New York borg. Á sama veg hygg ég, að þetta sé í Englandi.

Það er ákaflega mikill misskilningur að halda, að gildi skólanna út af fyrir sig standi í sambandi við þægindi, sem hægt sé að hafa í skólastofunum. Oftast eru þessi þægindi í göngum og í stigum, og það getur verið þægilegt fyrir þá, sem elga að halda hreinu, og sumpart fyrir kennara, en nemendum má yfirleitt standa á sama. Og jafnvel þó að eitthvað sé óþægilegt fyrir nemendur, er það svo, að ef maður kemur t. d. í Eton-skólann í Englandi, þá mundi hann vera talinn mjög skuggalegur og gamaldags, jafnvel miðað við okkar menntaskólahús, en sá maður mundi sennilega fá heldur kaldar kveðjur í Englandi, sem gerðist talsmaður þess að rífa niður Eton-skólann vegna þess, að hann væri gamaldags. Hið sama er að segja um byggingarnar við ensku háskólana, t. d. Oxfordháskólann. Þar er margt glæsilegt, en flestar af kennslustofunum eru skuggalegar miðað við okkar hugmyndir. Mönnum dettur hins vegar ekki í hug að breyta þessu, vegna þess að ef frá þessu yrði horfið, þá hyrfi einmitt einn helzti þáttur uppeldisins og einn helzti vinningurinn við það að láta menn vera í þessum skóla.

Þessu gerir hv. þm. Barð. sér ekki grein fyrir, þegar hann segir, að allir ættu að verða stúdentar, sem ekki eru verkamenn. Ég álít þetta, eins og ég sagði, mikinn misskilning. En það er enginn vafi á því, að það á að láta sem allra flesta menn njóta þeirra uppeldisáhrifa að vera í þeirri stofnun, sem hefur með réttum skilningi og réttri túlkun kennara og nemenda aðrar eins minjar og okkar gamla menntaskólahús hefur. Það er alveg rétt, að það verður nokkuð að vera að þessu starfað vísvitandi af hálfu skólastjóra og kennara. En ef þeir nota rétt uppeldisáhrif, sem hægt er að fá gegnum þessar minjar, og hvetja nemendur sína til dáða í krafti þeirra minninga, sem vissulega lifa á slíkum stað í hugum góðra manna, er þar um að ræða miklu áhrifaríkari kennslu en það, þó að verið

sé að troða í mann öllum þeim vísindagreinum, sem kenndar eru í þessum skólum. Enda er það vitað mál, að t. d. kennsla í gamalli Rómverjasögu og Grikkjasögu og annað slíkt gengur að miklu leyti út á að kenna mönnum einstaka atburði, sem í sjálfu sér eru sízt tilkomumeiri eða frásagnarverðari en t. d. þjóðfundurinn, sem skeði í gamla menntaskólahúsinu hér í nágrenninu. Og menn mega ekki varpa slíkum kennslutækjum fyrir borð eingöngu af því, að það þykir, miðað við okkar hugmyndir í dag, fara illa á því að láta þetta gamla hús standa þarna. Það er mesti misskilningur, að ekki sé hægt að byggja upp á þessum lóðum í kring fallegar byggingar og samræmdar, þó að þessi bygging standi. Ef þetta er einhver vandi, þá á að miða við menntaskólann sem frumbyggingu og haga hinum byggingunum í samræmi við það. Og það er enginn vandi að byggja mjög glæsilegar byggingar á svæðinu frá Amtmannsstíg og út að Bankastræti, — byggingar, sem ekki þurfa að koma illa heim við skólann, þó að hann standi enn um hríð. Og jafnvel þó að hann muni fúna, þá er spurning, hvort ekki eigi að vekja þann hug hjá mönnum, að hann verði byggður upp jafnóðum í sínu gamla formi sem okkar elztu fornminjar í þessum efnum. Þegar við komum t. d. á staði eins og Skálholt annars vegar og Hóla hins vegar, hljótum við að sjá, hvaða meginmunur er að koma á þessa staði. Menn hafa í rauninni skammazt sín fyrir sjálfa sig, þegar þeir koma í Skálholt, hvernig þar er allt í niðurníðslu. Menn telja oft, að íslenzka þjóðin eigi þar meiri minjar en menn geta gert sér grein fyrir, þegar þeir koma í ekki stærri byggingu en dómkirkjan á Hólum er, og það er af því, að þar er fornum minjum haldið við og sýnd tryggð. Og þó að það sé rétt, að margt af því, sem þar er nú, sé endurbyggt og reist eftir hugmyndum manna um það gamla, þá eru Hólar nú ein helzta prýði landsins, af því að þessum fornu hlutum er haldið við, þar sem Skálholt er einn skammarlegasti bletturinn á okkur. Ég held þess vegna, að það eigi ekki að ráða þessu máli til lykta eftir þeim sjónarmiðum, sem komu fram hjá hv. þm. Barð., og þess vegna hef ég fjölyrt um þetta og vildi vekja athygli á því, að hér eru meiri verðmæti í húfi en minningar mínar og annarra pilta, sem voru nokkur ár í þessum skóla. Skólinn er ekki í gildi okkar vegna, vegna þess að við vorum þar, heldur vegna þess, að þar hafa þjóðinni helgir atburðir gerzt fyrir löngu, og staðurinn fær á sig meiri helgi og þýðingu eftir því, sem tíminn líður. Það eru þessi verðmæti, sem við megum ekki kasta á glæ.

En svo er það líka rétt, sem hv. þm. Barð. sagði, að skólastaðurinn sem slíkur er sá bezt valdi hér í bænum. Það eru mjög fáir staðir, sem liggja meira miðsvæðis en einmitt menntaskólinn, og þegar af þeirri ástæðu er fullkomin fjarstæða að vera að tala um að flytja skólann burt, hvort heldur væri vestur í bæ eða eitthvað inn fyrir bæ. Menn verða líka að gera sér grein fyrir því, að það mundi kosta stórkostlegt fé, ef slíkur flutningur ætti að eiga sér stað. Hvað halda menn, að það mundi kosta í daglegum flutningsgjöldum, ef skólinn hefði verið settur niður í Laugarnesi, eins og talað var um, eða á Golfskálahæðinni, sem þó er betri en Laugarnes? Ég er viss um, að ef daglegur kostnaður við slíkan flutning væri reiknaður til stofnkostnaðar, mundi það nema milljónum, sem þannig væri kastað á glæ. Hitt er svo annað mál, að sjálfsagt er að byggja menntaskóla einhvers staðar í kringum óskjuhlíðina fyrir þau hverfi, sem eru þar í nágrenninu, og ætla honum gott rúm. En að ætla að fara að byggja skóla fyrir Rvík alla svo langt út úr, nær ekki neinni átt. Þetta hefur að vísu verið gert með Sjómannaskólann, en þar stendur öðruvísi á. Þar er um að ræða eldri og þroskaðri menn, sem koma viðs vegar af landinu og geta valið sér búsetu eftir því, sem þeim hentar. En í menntaskólanum eru að vissu leyti börn, sem verða að fara að heiman í myrkri á morgnana um langan veg, og þeim er ekki á nokkurn veg treystandi til að fara svo langa leið nema með sérstökum ferðum, sem til þess væri komið upp.

Ég held því, hvort sem litið er á málið frá þeirri hagkvæmu hlið, sem hv. þm. Barð. minntist á, að hefði hér mikla þýðingu, eða frá þeirri enn þá þýðingarmeiri og áhrifaríkari hlið, sem ég byggi helzt á, að þá verði niðurstaðan sú sama, að nauðsynlegt sé og æskilegt að ákveða þetta sem fyrst, að skólinn verði á sínum gamla stað, og haga frekari framkvæmdum og ráðagerðum í framhaldi af þeirri ákvörðun Alþ. Ég bið hv. flm. afsökunar á því, að ég blanda þessum umr. inn í það mál, sem hér liggur fyrir, en það er vegna þess, að þegar ákveða á um skóla í Rvík, þá er það einn þáttur þess máls, sem hann hefur tekið upp.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Umr. um þetta mál hafa að nokkuð verulegu leyti snúizt um Menntaskólann í Rvík, og er kannske ekki við því að segja. Hæstv. dómsmrh. hefur sérstaklega rætt um það mál, og skal ég strax taka það fram, að ég er ekki hneykslaður á því, þó að hann fjölyrði um þetta mál, því að bæði er málið mikilsvert fyrir höfuðborgina og þar að auki tilfinningamál, eins og hv. þm. Barð. gat um, og skil ég það mjög vel. Ég hef að vísu aldrei verið nemandi í menntaskólanum í Rvík, en mér finnst samt, að ég skilji þá menn vel, sem halda því fram, að meðan hægt er að hafa menntaskólahúsið á gamla staðnum, eigi þar menntaskóli að vera. Ég er því síður en svo andvígur, ef það er hægt formsins vegna, að inn í l. um menntaskóla kæmi ákvæði um það, að menntaskólinn skuli vera á þeim stað, þar sem hinn almenni menntaskóli hefur frá öndverðu verið. En frv. okkar fjallar ekkert um það að því er Rvík snertir, svo að það er síður en svo, að við séum nokkuð að ganga fram hjá rétti Rvíkur, eins og hæstv. dómsmrh. orðaði það. Við höfum ekki haggað einum stafkrók í gildandi l. að því er Rvík snertir og menntaskólahald þar. Við höfum aðeins sett töluna 4 í staðinn fyrir, að nú eru aðeins 2 menntaskólar. Greinin er tekin upp í frv. eins og hún er í gildandi l. að því er Rvík snertir. Einasta breyt., sem í frv. okkar felst, er þessi, að til viðbótar við þessa menntaskóla skuli koma menntaskóli á Vesturlandi og annar á Austurlandi.

Annað atriði viðvíkjandi ræðu hæstv. dómsmrh. er þegar hann segir, að það, sem ég sagði í framsöguræðu minni um, að Rvík hefði vaxið svo ört, að hún gæti ekki séð sómasamlega um skólahald í bænum, væri ekki rétt, vil ég segja þetta. Ég talaði engan veginn um þetta sem árásarefni. Ég tók

aðeins til dæmis nokkur fjölmennustu hverfin í bænum, sem enga eða mjög litla skóla hafa. Þannig er það t. d. með Laugarnesskólann, að hann er svo fullskipaður, að það verður að þriskipa í sumar stofurnar, eftir upplýsingum, sem ég hef fengið. Vegna þess, hversu nemendur af stóru svæði þurfa að sækja þann skóla, hefur orðið að flytja börnin á bíl, sem kostar 300 kr. á dag. Því verður ekki neitað, að vöxtur Rvíkur er svo mikill, að þrátt fyrir góðan vilja hefur ekki verið hægt að sjá fjölmennum, nýjum úthverfum fyrir skólum.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. landsk. þm. (SÁÓ) var að spyrja um, hve margir nemendur væru í menntaskólunum, get ég upplýst þetta. Samkvæmt upplýsingum menntaskólakennaranna Sigurkarls Stefánssonar og Einars Magnússonar eru í Menntaskólanum í Reykjavík á fimmta hundrað nemenda, en húsið rúmar þó ekki meira en 250 til 300 nemendur, í mesta lagi. Auk þess er upplýst, að enn fleiri nemendur mundu sækja að skólanum, þ. e. námsfólk utan af landi, sem vegna húsnæðisleysis og næstum óheyrilegs kostnaðar hér í bænum er bægt frá skólanum. Nú, þannig eru þá á fimmta hundrað nemendur í Menntaskólanum í Reykjavík, en auk þess útskrifar svo Verzlunarskóli Íslands nokkra stúdenta. Í Menntaskólanum á Akureyri eru nálægt 300—350 nemendur.

Svo spurði hv. 1. landsk. um það, hvaða menn það væru, sem neitað væri um skólavist, hversu margir þeir væru og hvaðan. Ég hygg, að rektor Menntaskólans í Reykjavík hafi ekki skráð neitt um það og ekki heldur aðrir, en það er vitað, að þeir eru ekki svo fáir. Ég hef sjálfur fyrir skömmu fengið neitun um skólaveru fyrir einn nemanda. Þó tekur skólinn hér í Rvík til sín alla þá nemendur, sem með góðu móti er hægt, og fleiri þó.

Hv. 1. landsk. vildi einnig fá að vita, hve mikill hundraðshluti íslenzku þjóðarinnar stundaði nám í menntaskólum í samanburði við aðrar þjóðir. Ég hygg, að okkar hlutfall sé mjög miklu hærra en hjá milljónaþjóðunum. Í samanburði við þær erum við dvergþjóð á flestum sviðum. Þó er þetta hlutfallslega bókaútgáfu hér á landi, sem við munum hafa heimsmet í að tiltölu við fólksfjölda. Þetta er ekkert óeðlilegt. Það er eins og þjóðina hungri eftir meiri menntun, og fróðleiksþráin hefur gripið hana sterkum tökum um leið og hún er að rétta sig úr kútnum, eftir margra alda áþján og menningarlegan skort. — Ég get ekki skilið, að enn skuli örla á þeim ótta hjá mönnum við það, að of margir af þjóðinni stundi nám í stað þess að þeir ættu að beita kröftum sínum við framleiðslustörf þjóðarinnar. Frá því fyrsta, er ég man um þessi efni, hefur þessi ótti alltaf verið til staðar. Það hefur verið sagt, að ekki væri betra að hafa atvinnulausa stúdenta en aðra, og var það ein höfuðröksemd gegn stofnun Menntaskólans á Akureyri á sínum tíma. Þessar hrakspár hafa ekki rætzt. Reynslan hefur sýnt allt annað. Ég skal nú skýra frá því, hvernig mér finnst málið blasa við nú. Í Reykjavík er menntaskóli. Gagnfræðadeild hans starfar nú í seinasta sinn í húsinu, og verður hann þá úr því 4 ára skóli. Hann verður skóli Rvíkur og rúmar um 250 til 300 nemendur, sem stunda þar nám seinustu fjögur árin að stúdentsprófi. Auk þess er svo verzlunarskólinn. Það eru því tveir skólar í Rvík, sem útskrifa stúdenta, og í nágrenni Rvíkur, eða á Laugarvatni, er svo verið að stofna menntaskóla, en á Vestfjörðum er enginn skóli og ekki heldur á Austurlandi. Norðlendingar hafa sinn skóla, sem er Menntaskólinn á Akureyri. Það er því undir sanngirni komið, hvort menn vilja fyrst byggja skóla í Rvík, sem hefur þegar tvo, á undan skólum á Austfjörðum og Vestfjörðum. Ég skal viðurkenna það, að undireins og ég sæi fram á, að Rvík þyrfti á þriðja skólanum að halda, mundi ég telja mér það ósamboðið að berjast gegn því. Eins og hæstv. dómsmrh. tók hér fram áðan, þá mega ekki efnahagsörðugleikar hindra það, að hæfileikamenn eigi kost á því að ganga í menntaskóla og taka stúdentspróf. Þetta er alveg rétt hjá hæstv. dómsmrh., en því miður er reyndin oft sú, að einmitt fjárhagsörðugleikar koma í veg fyrir það, að ágætlega gefið fólk geti stundað nám hér í Rvík, vegna þess hvernig málunum er skipað. Ef nægjanlegt skólarými hefði verið í menntaskólanum á Akureyri og í Rvík, hefði verið erfitt að knýja fram þetta frv. um menntaskóla á Ísafirði og á Eiðum. En nú standa þannig sakir, að það er skortur á skólahúsnæði á Akureyri og í Rvík. Spurningin er því sú, hvort á að byggja skólahús hér í Rvík til viðbótar þeim, sem eru fyrir, eða litla menntaskóla í þessum landsfjórðungum, Austurlandi og Vesturlandi, sem enga hafa, og losna þannig við flutning manna milli landshluta. Ég fullyrði, að úr mínum skóla eru nú a. m. k. 20 nemendur í Rvík og álíka margir á Akureyri, þ. e. a. s. frá gagnfræðaskólanum á Ísafirði. Þessu fylgir ærinn kostnaður fyrir aðstandendur, að kosta unga fólkið að austan, norðan og vestan til Rvíkur í fjögur ár, sem það þarf til undirbúnings undir stúdentspróf. — Ég held, að það hafi verið hv. 1. landsk., sem sagði, að það væri vegna þess, að fólk flytti til Rvíkur, að það vildi koma ungu fólki til náms. Ég skal viðurkenna, að það er ekki höfuðorsökin, en mörg dæmi eru samt til þess, að menn taki sig upp, þegar unglingarnir eru búnir með héraðskólana og ef möguleikar eru á að flytjast brott, og setjist að í Rvík. Í slíkum tilfellum er mikil eftirsjá eftir fólki, sem flyzt þannig burtu. Ég hef í huga mörg slík tilfelli frá Ísafirði og nágrenni.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta miklu meira. Það er þó eitt atriði, sem kom fram í ræðu hv. þm. Barð. Hann var að tala um, hvort ekki mundi vera hægt að auka skólatíma skólanna á Ísafirði og á Eiðum um tvo vetur. Þetta væri að vísu hægt, en skólakerfinu er nú þannig háttað, að menntaskólinn hér og á Akureyri búast við að taka við nemendum eftir miðskólapróf og hafa þeir alltaf rúm fyrir þá nemendur, sem svo fylla bekksagnirnar. Ef svo kæmi stór hópur nemenda í miðju námi frá tveim stöðum á landinu, væri áreiðanlega erfitt að troða þeim inn í fullar bekksagnir, því að nemendur úr bóknámsdeild skólans á Núpi og skólans á Ísafirði mundu samsvara heilum bekksögnum í menntaskólunum. — Hér er aðeins um að ræða, hvort við eigum að veita unga fólkinu sem jafnasta aðstöðu til mennta, og réttasta leiðin til þess er að stofna litla menntaskóla, svo að slíkir skólar yrðu í öllum landsfjórðungum.

Hæstv. forseti hefur farið þess á leit, að menn yrðu stuttorðir, og skal ég ekki skorast undan því. Ég treysti að lokum sanngirni manna í þessu máli. Ég skal fúslega taka allan mögulegan þátt í at-

hugunarstarfi n., sem mun fá þetta mál til að fjalla um.

Páll Zóphóníasson: Ég skal ekki verða langorður. En ég vil í sambandi við það, sem hér hefur verið sagt, mælast til þess, að sú n., sem fær þetta mál til athugunar, athugi um leið, hvort ekki væri rétt að ákveða í lögunum stað fyrir Menntaskólann í Reykjavík.

Viðvíkjandi spurningu hv. 1. landsk. um, hve mikil prósenttala Íslendinga séu stúdentar, vil ég benda honum á það, að með slíkar samanburðartölur hér og í öðrum löndum er lítið að gera. Öll íslenzka þjóðin er ekki fjölmennari en ein gata í stórborg, hún lifir í öllu landinu enn og þarf því miklu fleiri embættismenn en aðrar þéttbýlli þjóðir.

Viðvíkjandi því, sem hann sagði, að fáir stúdentar fari út í atvinnulífið, þá vil ég bara segja það, að það er miklu meira um það hér, að tiltölu, að íslenzkir stúdentar fari út í atvinnulífið en í öðrum löndum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af svari hv. flm. við spurningu minni um, hvort ekki mætti bæta tveimur árum við skólana á Ísafirði og á Eiðum, þá vil ég segja það, að fordæmið er þegar gefið á Laugarvatni. Annars vænti ég, að n. athugi þetta gaumgæfilega.

Út af ræðu hæstv. dómsmrh. vil ég segja, að okkur ber ekki svo mikið á milli um það, hvar menntaskólinn í Rvík á að standa. Hann taldi upp kosti og ókosti. Hæstv. ráðh. lagði aðaláherzluna á minningarnar, sem tengdar væru við skólann. En ég er viss um, að ef fara á að byggja sex hæða hús sitt hvorum megin við skólahúsið, þá hverfur hann fyrr en hæstv. dómsmrh. óskar. — En okkur ber mikið á milli um það, hvort ýta eigi undir menn að verða stúdentar í landinu. Hann sagði það sannarlega óþarfa, að menn gengju í skóla undir stúdentspróf nema þeir ætluðu sér að fara í einhvern ákveðinn starfa, sem sú menntun gæfi tilefni til. Ég vil benda hæstv. dómsmrh. á, að hann er allt of gamaldags í þessu. Það er enginn óþarfi að njóta góðrar menntunar. Ég tel stórkostlega bót að því, að sem flestir og úr sem flestum stéttum gætu orðið stúdentar. Það er vitað, að ungt fólk meðal þjóðarinnar — til 16 ára aldurs og jafnvel lengur, allt til 18 og 19 ára aldurs — hefur ekki alltaf í annað hús að venda en að ganga í skóla. Auk þess eru þeir unglingar, sem fara í skólana, hálft árið í atvinnulífinu, sem er bæði þeim og atvinnulífinu til stórbóta. Það er alls ekki ætlazt til þess, að þessir menn stundi bóknám allt sitt líf. Ef þeir hætta námi að stúdentsprófi loknu, eru þeir miklu færari að standa í lífsbaráttunni með þessa menntun að baki, hvert svo sem starf þeirra kann að verða. Af skipstjórum er t. d. krafizt þekkingar, sem ekki er ýkja fjarri þeirri menntun, sem krafizt er til stúdentsprófs. Það er enginn skaði að hafa stúdentsmenntun, þótt ekki sé farið lengra.

Ég vænti þess, að n. taki þetta til athugunar. Það eru ýmis önnur atriði, sem ég þarf að ræða, en samkvæmt ósk forseta skal ég ekki fara inn á það nú. Væntanlega gefst tími til þess að athuga það.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég óskaði þess í fyrri ræðu minni, að n. aflaði sér ýmissa upplýsinga, sem gætu legið fyrir okkur hér í d. Ég hef ekki fengið nein svör frá neinum nm., hvort þeir hafa tekið ósk mína til greina, en slíkt er að mínu áliti til fræðslu og leiðbeiningar um það, hvers konar afstöðu menn mynda sér. Það, sem við þurfum að fá upplýst, er það, hve margir óska eftir að komast í menntaskóla, og fá það ákveðið í tölum af þeim, sem um þessi mál fjalla. Flm. dró í efa, hvort hægt væri að segja til um, hvað mörgum væri neitað, og að skólastjóri hefði skrá yfir, hverjir hafa sótt um og hverjum væri neitað. Ég þekki einn skóla hér, en það er Sjómannaskólinn, þar sem hver maður er skráður, sem biður um pláss, þó að það þurfi að neita honum. Sama hlýtur að vera um menntaskólana. Það er einmitt ef slíkar tölur liggja fyrir, sem sönnun fæst um þörfina fyrir fleiri skóla, og þessar upplýsingar geta orðið til að sannfæra vantrúaðar sálir um þörfina fyrir menntaskóla.

Að mínu áliti er það ekki óþarfi að setja lög til menningarþroskunar, og þá er þessari þjóð hefur verið sýnt svart á hvítu, að við stöndum ofar, þá er það vinningur fyrir okkur í almenningsáliti, sem gjarnan má koma fram. Það hlýtur að vera hægt að fá þeim, sem mest og bezt um þessi mál fjalla og vita, hvernig þessu háttar í nágrannalöndunum, þetta mál í hendur. Það er engin ástæða til að draga þar undan að láta þessar tölur koma fram.

Það er eitt atriði, sem ég vildi segja um þetta, sem flm. virðist telja meginókosti í 2 landsfjórðungum. Það eru örðugleikar fyrir fólkið að kosta börnin til náms. Ég vil taka til dæmis skóla á Ísafirði. Fyrir þá menn, sem búa á Ísafirði, verður það kostnaðarminna, en fyrir aðra er það engu ódýrara að lifa þar en í Rvík. Sama hygg ég að verði að nokkru leyti með þá skóla, sem settir verða á Austfjörðum. Það verða allir að gefa með börnum sínum, til þess að þau geti dvalið í þeim skóla. Hins vegar get ég ekki neitað því, að það er til, að fólk hafi flutt til Rvíkur af þeim ástæðum til að geta menntað börn sín. En það er hverfandi lítill hluti, sem hefur flutt beinlínis til bæjarins af þessari ástæðu, en þó hef ég ekki neinar tölur þar um. Embættismannabörn utan af landi hafa í mörgum tilfellum stundað nám hér og farið svo til háskólanáms. En það eru að vísu fleiri en embættismenn, sem senda börnin sín til náms. Ég get ekki farið fram hjá þeirri staðreynd, að það er hægara fyrir nemendur, sem eru efnalitlir, að kosta sig til náms nú en fyrir 10 árum. Ég býst við, eins og ástæður hafa verið s. l. ár, þar sem hver námsmaður getur fengið að vinna yfir heila 4—5 mánuði ársins fyrir góðu kaupi, að það nægi til þess, að nemendur geti sjálfir kostað sig til náms yfir veturinn, hvort heldur er hér eða í öðrum skólum, þar sem áður var byggt á foreldrunum. Nú þurfa það ekki endilega að vera miklir menn, sem kosta börnin sín til náms, eins og áður. Ég fyrir mitt leyti skammast mín ekkert fyrir að segja frá því, og það er nærtækt dæmi um mig, að minir drengir fóru ekki í menntaskóla öðruvísi en að vinna sjálfir fyrir sér, og svo er það líka með hundruð heimila í þessum bæ. Ég vil segja það, að ég vil ekki draga úr því, að unga kynslóðin fái fyllstu menntun. Ég er ekki nógu kunnugur því, hver útkoman er yfirleitt nú í námsþroska þjóðarinnar og hvaða árangur námið ber. Heyrt hef ég þó því haldið

fram, vegna þess hve mörgum er nú ýtt til æðra náms, að það komi lakari námssveinar nú en áður, sem vegna bætts efnahags ýtt er undir að halda áfram námi. Ég held ég fari ekki þarna með neinar rökvillur. Reynslan hefur sýnt, að þeir, sem fara í langskólanám, vilja ekki fara beint inn í atvinnulífið eða vinna hin svo kölluðu ófinni störf. Þó eru undantekningar til, en þær eru ekki almennar. Sá, sem fer í langskólanám, skoðar sig orðinn það menntaðan mann, að hann geti lifað af öðru en að strita með sínum höndum eins og verkamenn og iðnaðarmenn o. s. frv. Ég get hugsað mér, að slíkur menntamannahópur, sem hugsar sér að lifa þannig, geti orðið nokkuð stór. Ef þjóðin getur ekki sjálf skapað starf fyrir slíkan hóp, verður það fyrsta fólkið, sem leitar eftir möguleikum meðal annarra þjóða. Það er vitað, að stór hópur, sem hefur lært að skapa sér lífsstarf meðal erlendra þjóða, er okkur glatað fólk.

Ég vil taka fram við þessar umr., að ég vænti þess, að n. geri sitt bezta til að upplýsa málið sem bezt. Það er enginn vafi, að um það eru skiptar skoðanir, hve fast við eigum að stefna stórum hluta hinnar yngri kynslóðar í langskólanám.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég get verið stuttorður. Það er sérstaklega hv. þm. Barð., sem hefur valdið misskilningi á því tvennu, annars vegar nauðsynlegri menntun fyrir menn af ýmsum stéttum þjóðfélagsins, hins vegar stúdentsmenntun. Það er æskilegt, að flestir borgarar, konur sem karlar, fái beztu menntun við sitt hæfi. Stúdentsmenntun er í raun og veru sérmenntun. Þó að það sé oft kallað almenn menntun, þá er í eðli sínu verið að búa menn undir ákveðið starf í þjóðfélaginu. Fyrir þá menn, sem ekki leggja stund á þau störf, er önnur menntun hagkvæmari. Það var það, sem fólst í orðum mínum. Það er ekki vafi á því, að sá maður, sem ætlar að verða bóndi, hefur betra af því að ganga í búnaðarskóla og eyða tíma sínum í það en að gerast stúdent. Sá, sem ætlar að verða stýrimaður, hefur betra af að fara í sjómannaskóla, vélstjóri í sinn skóla, húsmóðir í húsmæðraskóla. Það er rétt, að töluvert af fólki hefur horfið frá námi, þó að það væri stúdentar. En það er rétt, að það komi fram, að það hefur heldur verið litið niður á þá menn, sem horfið hafa frá námi og eingöngu orðið stúdentar. Og ætli það sé ekki beinlínis hugsunarhátturinn hjá þessu fólki, að almennt sé sú menntun til sérstaks náms? Það er ekki æskilegt, að svona sé litið á af þessu fólki, sem í þessu hefur verið, sem kemur eingöngu af því, sem ég segi, að þetta sé undirbúningsmenntun til sérstaks náms. Þeir, sem vilja leggja stund á annað, verja tímanum betur til þeirra starfa með því að stunda aðra skóla, sem býr þá betur undir það starf en það, sem menntaskólinn býr menn undir.

Það er rétt, sem hv. 1. landsk. sagði, að stúdentsmenntun sé til þess löguð og byggist á því með þeim tíma, sem til þess fer, að draga menn frá líkamlegri vinnu. Það er að vísu ekki æskilegt, en svona er þetta. Það er æskilegt, að þeir, sem ætla sér að fara út í önnur störf, eyði ekki tíma sínum í þá bókmenntun, sem fólgin er í stúdentsmenntun, heldur leggi meiri stund á aðra skóla, svo sem búnaðarskóla, sjómannaskóla, verzlunarskóla eða annað slíkt. Menn mega ekki rugla þessu saman, hvort menn vilja mennta sig eða hvort menn ætla sér að verða stúdentar. Það gat átt við þegar menntaskólinn eða hinn lærði skóli, sem þá var kallaður, var eini skólinn í landinu til að sjá fyrir menntun í óteljandi greinum, eftir því sem hverjum stúdent hentaði.

Ef það er rétt, að skipstjórar hafi sömu almenna menntun og stúdentar, þá vil ég segja það miklu hagkvæmara fyrir allan þorra manna, sem ekki halda áfram að læra, að verða skipstjórar. Þá geta þeir gripið til þess og haft not af fræðslu sinni. Ef menntunin er sú sama, er hagkvæmt að fara í stýrimannaskólann. Það er sannað mál, að allt þetta bóklega nám í fólki er ekki svo lítils virði. En það verður að játa þá staðreynd eins og er, að menn hafa misjafnt upplag til að læra. Ég vil upplýsa það, að spurningar, sem 8—9 ára barn fékk hér í Rvík, voru margar eins erfiðar og menn fengu við stúdents- og gagnfræðapróf. Þetta sýnir, að þessi fræðikennsla er öll komin inn á villigötur. Við eyðum tímanum í hluti, sem ekki skipta máli og þar með vitleysa að kenna þá, svo að ég held, að það sé rétt, að ekki sé ástæða til þess að ýta undir menn að gerast stúdentar. Það er ekki fyrir alla, nema þeir hafi til þess sérstaka eiginleika. Einn getur verið ágætur sjómaður, og þá á að beina honum að læra til þess. Annar hefur upplag til að læra bókleg fræði. Þá á að beina honum til þess og hann að verða stúdent. Þetta upplag, sem verið er að greina á milli, gerir manninn engu lakari — síður en svo — heldur oft og tíðum miklu betri, þó að hann hafi ekki upplag til bóklegs náms.

Verzlunarskólinn er ekki heldur talinn með í frv., þar sem gert var ráð fyrir einum menntaskóla í Rvík. Þó að aðrir skólar verði settir á stofn, er ekki hægt með því að skjótast undan því, að Rvík fái menntaskóla á borð við aðra staði í landinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv., og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A 75, 142, n. 165).

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Menntmn. hefur rætt þetta mál á allmörgum fundum og í því sambandi aflað upplýsinga hjá skrifstofu fræðslumálastjóra, m. a. viðvíkjandi þeim spurningum, sem hv. 1. landsk. þm. (SÁÓ) kom fram með við 1. umr. málsins.

Ég vil fyrst svara þeim spurningum hans, sem hægt er að svara á þessu stigi málsins.

Í fyrsta lagi spurði hann um það, hve margir nemendur væru í menntaskólanum. Í menntaskólanum í Reykjavík eru 430 nemendur, þar af 64 í gagnfræðadeild, en í menntaskólanum á Akureyri 340, þar af 185 í gagnfræðadeild.

Í öðru lagi spurði hann að því, hvort þurft hefði að neita fólki um inntöku í skólana. Allra síðustu árin hefur þess ekki þurft.

Í þriðja lagi spurði hann að því, hve mikill hluti þjóðarinnar stundaði menntaskólanám. Samkvæmt upplýsingum fræðslumálaskrifstofunnar eru það um 4%. Það var líka spurt um það, hvort hlutfallstalan mundi vera svipuð hjá öðrum þjóðum, en

fræðslumálaskrifstofan gat ekki gefið upplýsingar um það.

Ég vænti þess, að hv. 1. landsk. þm. láti sér nægja þessar upplýsingar.

Þá vil ég víkja með nokkrum orðum að afgreiðslu n. á málinu. Skýrsla fræðslumálastjóra um það, hve mörg prósent landsbúa stunda menntaskólanám, er sundurliðuð fyrir einstaka bæi og sýslur. Sóknin til menntaskólanna frá hinum ýmsu kaupstöðum og sýslum er ákaflega misjöfn, allt frá því að vera 1,81% af íbúafjölda og niður í ekki neitt, þar sem erfiðast er að sækja. Það kemur í ljós, að fyrir norðan er hlutfallstalan í þeim sýslum, sem næstar eru Akureyri, fyrir ofan meðallag og hæst á Akureyri. Hins vegar er þetta ekki alveg sambærilegt, því að í gagnfræðadeildinni eru tiltölulega margir nemendur frá Akureyri, og hækkar það hlutfallstölu bæjarins. Aðrar sýslur á Norðurlandi eru yfirleitt líka fyrir ofan meðaltal. Hlutfallstalan á Vesturlandi og Austurlandi er mjög lág. Allar líkur benda til þess, að ástæðan sé sú, hve langt er til menntaskólasetranna frá þessum landshlutum.

Samkvæmt þessu hefur n. ákveðið að mæla með þessu frv. Hún telur, að hér sé um að ræða eðlilega þróun byggða á staðreyndum, sem þegar hafa komið fram fyrir mörgum árum, er menntaskólinn á Akureyri var stofnaður, og telur, að einnig beri að stofna menntaskóla í Vestfirðinga- og Austfirðingafjórðungi, til þess að jafna þann aðstöðumun, er nú er.

N. vildi þó ekki fallast á frv. algerlega óbreytt, en í því er gert ráð fyrir, að tveir menntaskólar verði stofnaðir strax, á Ísafirði og Eiðum, en menntaskóli í Sunnlendingafjórðungi verði stofnaður þegar fé verði veitt til þess í fjárl. N. tók þá leið að breyta þessu þannig, að stofnun allra hinna nýju skóla yrði bundin við það, að fé væri veitt til þeirra í fjárl. Það má ætla, að þetta verði framkvæmt þannig, að byrjað verði á framhaldsnámi og að menntaskólarnir verði stofnaðir smátt og smátt. (**Forseti**: Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm., hvort langt er þangað til hann hefur lokið máli sínu, þar sem ætlunin er að fresta umr.). Ég get lokið þessu fljótlega. Það verður eflaust ástæða til þess að koma nánar inn á málið síðar. Ég vil aðeins enda með að lýsa afstöðu n. Hún leggur til, að menntaskólarnir verði stofnaðir smátt og smátt, en einn nm. var fjarstaddur, er þessi samþykkt var gerð, og annar hefur óbundnar hendur.

Ég mun svo ekki orðlengja þetta meira nú, þar sem hæstv. forseti hefur lýst yfir því, að fresta eigi umr.

Umr. frestað.

Á 68. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Ed., 27. febr., var frv. aftur tekið til frh. 2. umr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til þess að fara fram á frest fyrir að taka 2. dagskrármálið (Menntaskólar) fyrir í dag. Ég sé, að hæstv. utanrrh. flytur brtt. við það mál, en hann er nú enn ekki kominn úr ferð sinni til útlanda, en von er á honum á morgun. Ég vil því eindregið mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki út af dagskrá 2. dagskrármálið.

Forseti (BSt): Út af ummælum hæstv. fjmrh. vil ég upplýsa, að hæstv. utanrrh. talaði við mig um málið, áður en hann fór í för sína til útlanda, og ráðstafaði hann, hvað gera skyldi vegna brtt. þeirrar, sem hann á við frv. Samt sem áður tel ég, að það sé eðlilegast, að hæstv. ráðh. sé sjálfur við 2. umr. málsins. Ég setti málið á dagskrá í dag vegna þess, að ég gerði fastlega ráð fyrir, að hæstv. ráðh. yrði hér við í dag. Mál þetta hefur dregizt alllengi hjá hv. menntmn., og er því nauðsynlegt, að hv. d. skeri úr um það hið bráðasta. En þar sem eindregin ósk hefur hér fram komið frá starfsbróður hæstv. utanrrh., mun ég verða við þeim tilmælum að taka 2. dagskrármálið út af dagskrá til mánudags.

Á 71. fundi í Ed., 1. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Forseti (BSt): Flm. brtt. á þskj. 142 hefur tjáð mér, að hann taki hana aftur til 3. umr., a. m. k. ef umr. lýkur nú, og liggur því sú brtt. ekki hér fyrir til umr.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég man ekki svo vel, hvernig umr. stóð síðast. En hitt er mér ljóst, hvaða þskj. hér er um að ræða. Og það hefur verið rætt um þetta mál í menntmn. þessarar hv. d., og ég hef áskilið mér óbundnar hendur um afstöðu mína til málsins. Ég gerði það af því, að eins og frv. liggur fyrir, um það, að þessir skólar skuli vera fjórir eða fimm í landinu, þá hrýs mér hugur við svo hraðri aukningu á menntaskólunum. Það er ekki af því, að ég viðurkenni ekki, að full rök séu fyrir því, að aðstaða ungra og framgjarnra manna sé mjög mismunandi til náms í menntaskólum í þessu landi. Og ef hægt væri að líða til á þann veg, að þeir, sem hæfastir væru til að stunda stúdentsnám, fengju tækifæri til þess að geta það, hvar sem þeir annars eiga heima á landinu, þá væri slíkt mjög æskilegt. En það má setja lög um það atriði á misjafnlega hentugan veg, og má kannske líka kaupa þetta of dýru verði og þannig, að það komi ekki að eðlilegum notum. Og þó að segja megi, að auðveldast sé fyrir nemendur að sækja nám heimanað, fyrir þá sem hafa aðstöðu til þess, þá álít ég of dýru verði keypt að jafna aðstöðumuninn í þessu efni með því að fjölga menntaskólunum úr tveimur allt í einu upp í kannske fimm. Stúdentaframleiðslan í landinu þarf að vera eðlileg. Hún er nú úr þremur skólum í landinu, því að Verzlunarskólinn hefur rétt til að útskrifa stúdenta, og sýnist hún vera að höfðatölunni til nóg. Ég geri fyrirvara um það, hvort þeir menn, sem náð hafa stúdentsprófi, eru þeir, sem hentugast er frá þjóðhagslegu sjónarmiði, að nái því framar öðrum mönnum í landinu. Um slíkt verður seint nokkuð sannað. En ef setja á niður nýja menntaskóla á Ísafirði og Eiðum, þarf að athuga mjög vel, hvort nóg kennaralið væri fyrir hendi til þess. Ef slíkir skólar hafa ekki sæmilegum kennurum á að skipa, er verr farið en heima setið að stofnsetja þá. Og þetta er verulegt atriði í málinu. Jafnvel segja sumir, að ekki megi tæpara standa, að nóg kennaralið sé fyrir hendi til þess að annast kennslu í þeim menntaskólum, sem til eru nú. Þetta kann að vera rangt. En gott væri að fá skýringar á þessu, sem ég ber hér fram eftir

umsögn, en ekki eftir eigin reynslu. Ég hygg, að stúdentar séu nógu margir að höfðatölu, og að þrátt fyrir allt okkar skólakerfi sé það á allt öðru sviði, sem menn hafa ekki fengið nægilega undirbúningsmenntun hér á landi fyrir lífsstarf sitt. Ég vildi gjarnan, að Vestfjarðakjálkinn, sbr. till. um Ísafjörð, og Austfirðingafjórðungur, sbr. till. um Eiða, nytu sem beztra möguleika um fræðslu unga fólksins. (**HV**: Gott er að heyra það). En ég held, að þessi stúdenta-buket, sem hér er réttur fram af þinginu, sé ekki sá rétti veizlubúnaður. Ég held, að það rétta í því efni mundi frekar vera fólgið í öðru. — Ég vil samt áskilja mér rétt til þess við 3. umr. að bera fram nokkrar brtt., þar sem ég, eftir því sem ég hef helzt hug á, miðaði við það, að menntaskólarnir væru áframhaldandi tveir, eins og nú er, í Rvík og á Akureyri, og ef heimild yrði veitt um fleiri menntaskóla, þá yrði næsti menntaskóli reistur í sveit á Suðurlandi, þegar veitt yrði fé til þess á fjárl. Það er langt síðan bornar voru fram á Alþ. fleirum sinnum till. um, að svo væri gert, af allt öðrum en mér og án tillits til allrar héraðatogstreitu um að hlynna að einu héraði öðru fremur. Þetta vakir alls ekki fyrir mér af því, að Sunnlendingar þurfi þess vegna fjarlægðar frá höfuðstaðnum eða af því að þeir séu hlunnindi fyrir Sunnlendinga, að þeir fái menntaskóla í sveit, heldur álít ég, menningarlega séð, gott að hafa einn menntaskóla í sveit, sem tilbrigði frá kaupstaðaskólunum. (**LJóh**: Mundi ekki menntaskóli koma að sama gagni á Eiðum?). Ef till. koma um það, eru þær til umr. Og á það er að líta, að mér hefur ekki verið falið neitt í sambandi við menntaskóla á Suðurlandi. Það er ekki sérstakur áhugi fyrir því meðal Sunnlendinga, að þar verði settur menntaskóli. Það er allt annað skólakerfi, sem þeirra áhugi er fyrir. En ég vildi opna dyrnar fyrir því, að reynt væri, hvort sveitin markaði stúdentafræðslunni nokkuð annan farveg en kaupstaðirnir gera.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það hefur mjakazt heldur seint áfram þetta frv., eins og fleiri mál hér á Alþ. Frv. var útbýtt þann 3. nóv. fyrra árs. Til 1. umr. kom það fram 6. nóv. Þá var því vísað til 2. umr. og menntmn. Menntmn. hélt fjótlega fund um málið. En með því að þá hafði ýmsum spurningum, er málið snertu, verið beint til n., var ákveðið að senda það til umsagnar fræðslumálastjóra og mþn. í skólamálum, m. a. til þess að fá svör við áður nefndum spurningum. Eftir að svör höfðu borizt frá þessum aðilum, var hvað eftir annað boðað til fundar í menntmn., og var rætt um málið, en jafnan vantaði þar til nefndarstarfa fulltrúa Sjálfstfl. Þar sem um allþýðingarmikið mál var að ræða, þótti rétt að afgreiða málið á fundi fullskipaðrar n., ef unnt væri, eða a. m. k. fá það rætt að öllum nm. viðstöddum. En þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir í þessa átt tókst það aldrei. Loks — þann 16. febr. hygg ég, að það hafi verið — náðust þó fjórir nm. á fund. og var frv. þá afgr. með sameiginlegri afstöðu þriggja nm. og þar með meiri hl. menntmn., en einn tók ekki afstöðu til málsins og áskildi sér rétt til að gera síðar grein fyrir atkv. sínu. Hefur þessi nm., hv. 2. þm. Árn. (EE), nú lýst afstöðu sinni hér í hv. d., og skildist mér af hans löngu grg., að hann mundi varla greiða málinu atkv., nema með einhverri breyt., sem hann óljóst gerði grein fyrir og boðaði, að hann mundi bera fram við 3. umr.

Loks komst málið á dagskrá á ný 23. febr. Þá bar annað mál svo brátt að, að frsm. menntmn. gafst rétt með naumindum tóm til að ljúka máli sínu, og þó aðeins með því að stytta ræðuna. Ástæðan var sú, að sá sjaldgæfi atburður gerðist, að með mikilli fyrirhöfn hafði tekizt að smala öllum dm. til atkvgr. um mál, sem mikið þótti við liggja að geta stöðvað, og varð því að rjúfa umr. um þetta mál, til þess að ljúka atkvgr. hins málsins, sem hvað eftir annað hafði orðið að fresta vegna fjarvista þm. Í það sinn var því þetta mál tekið af dagskrá og umr. frestað. Þann 24. febr. kom málið aftur á dagskrá og var enn tekið af dagskrá. Þann 27. febr. sést það enn á dagskrá og er þá einnig tekið af dagskrá og nú að beiðni hæstv. fjmrh. vegna fjarveru hæstv. dómsmrh. Nú, hinn 1. marz, er þá málið enn þá einu sinni komið á dagskrá og til umr., hvort sem afgreiðsla fæst á því í þetta sinn eða ekki.

Ég taldi rétt að rekja þessa sögu seinlætis og vafninga, ekki af því, að hún sé einstök í þessu máli, heldur miklu fremur vegna hins, að hún er hin sameiginlega skipbrotssaga flestra mála, sem einstakir þm. flytja og þingið á um að fjalla. Mönnum liggur við að sturlast og missa alla þolinmæði af að sitja hér dag eftir dag, viku eftir viku og mánuð eftir mánuð og hafast ekkert að, vegna þess að allt stendur fast. Þm. hafa ekki tíma mánuðum saman til þess að mæta á fundum þeirra n., sem þeir hafa verið kosnir í, og ekki heldur tíma til að mæta á þingfundum til að greiða atkv. um þau fáu mál, sem úr dauðadái nefndanna rakna seint og síðar meir. Þegar í óefni er svo komið, eru forsetar beðnir dag eftir dag, í hverju málinu á fætur öðru, að bíða nú með atkvgr. í dag, því að þennan eða hinn þm. vanti — og venjulega fleiri en einn. Það er því ekki réttmætt, þegar forsetunum er í opinberum ádellugreinum kennt um verð Alþ. Þar eru aðrir sekari, eins og hrakningasaga þessa máls sýnir. Það eru þm. almennt, sem stefna heiðri Alþ. í voða með vanrækslu í nefndarstörfum og þingfundasókn. Og slíkar vanrækslur ásamt þeim silabrag í lausn allra vandamála, sem ávallt fylgir sambræðslustjórnum, eru tvímælalaust orsakir þeirrar verðar, sem nú er orðin höfuðeinkenni á störfum Alþ. á þessari öld hraðans allt í kringum okkur.

Þetta var nú um meðferð málsins fram til þessa, en nú hverf ég að efni þess. Er þá held ég rétt að geta þess fyrst, að nokkru eftir að við hv. þm. N-M. bárum fram frv. okkar, bar hæstv. dómsmrh. fram brtt. við það. Sú till. er á þskj. 142. Leggur ráðh. til, að 1. gr. menntaskólal. orðist svo:

„Menntaskólar skulu vera í Reykjavík og á Akureyri. Ef fé er veitt til þess í fjárl., er heimilt að koma upp fleiri menntaskólum, þar sem Alþingi þá ákveður. Menntaskólinn í Reykjavík skal vera á sama stað og nú er, en heimilt er að reisa í Reykjavík fleiri skóla samkv. ákvæðum næstu málsgr. á undan. Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði."

Það, sem fyrir ráðh. vakir með brtt. þessari, er þá í fyrsta lagi það að koma í veg fyrir, að

lögfest verði menntaskólasetur í öllum landsfjórðungum. „Menntaskólar skulu vera í Reykjavík og á Akureyri," segir hann. Þannig vill hann meira að segja láta fella niður ákvæði gildandi laga um menntaskóla í sveit á Suðurlandi, þegar fé sé veitt til þess á fjárl. Heimild vill þó ráðh. hafa í l. til að koma upp fleiri menntaskólum, þar sem Alþ. þá ákveður, þegar þar að kemur. En nú á þessari stundu má enginn stafkrókur frv. benda á neinn ákveðinn stað vestanlands, sunnan- eða austanlands. *Hins vegar finnst ráðh. ekki nóg, að* l. gr. *laga* um menntaskóla byrji á menntaskóla í Rvík. Hún verður líka að enda á ákvæðum um, á hvaða þúfu Menntaskólinn í Rvík skuli vera staðsettur í framtíðinni. Í niðurlagi gr. vill ráðh. líka hafa ákvæði, sem bendi sérstaklega til hinna óljósu ummæla fyrr í gr. um heimild til að fjölga menntaskólum, og áréttar hann þar í till. sinni, að þau eigi að þýða það, að heimilt sé að reisa í Rvík fleiri menntaskóla. Þetta virðist mér vera efni brtt. á þskj. 142.

Á fundi menntmn. var till. rædd, og töldu engir nm. það vera lagasetningaratriði, hvar í Rvík menntaskóli skyldi vera settur. Ákvörðun um það hlyti miklu fremur að heyra undir stjórnarvöld Rvíkur og í annan stað koma sem beint framkvæmdaatriði undir fræðslumálastjórnina. Auk þess skildist mér, að nm. teldu þetta heita ágreiningsatriði Reykvíkinga, svo fjarskylt efni frv., að það ætti ekkert erindi inn í menntaskólalögin. Þeir menntamálanefndarmenn, sem að nál. standa, telja því, að till. á þskj. 142 beri að fella, þar sem efni hennar samrýmist á engan hátt efni frv. Hv. frsm., 8. landsk. (ÁS), tók það fram, að n. hefði ritað bæði fræðslumálastjóra og mþn. í skólamálum bréf vegna fyrirspurnar, sem hv. 1. landsk. bar hér fram við 1. umr. málsins. Svör bárust frá báðum þessum aðilum, og er það ekki n. sök, að fremur lítið *var á svörum þessara aðila að græða.* Fræðslumálastjóri kvaðst hafa leitað til skólastjóra menntaskólanna og upplýsingaskrifstofu stúdentaráðs og fengið þau svör, að ekki væri unnt á skömmum tíma að fá fullnægjandi svör nema við nokkrum þeim spurningum, sem fram væru bornar. Vil ég vænta þess, að hv. 1. landsk. sætti sig við þau svör, sem hægt var að afla, þótt *ófullkomin væru,* enda skal það fram tekið, að ekkert hefði n. verið kærara en að unnt hefði reynzt að upplýsa allt sem bezt varðaði þetta mál. Held ég líka, að allt, sem verulegu máli skiptir fyrir afgreiðslu þess á þessu stigi, megi heita nokkurn veginn fullljóst. Ég er sannfærður um það, að framgangi málsins er það hollast, að það sé grannskoðað og athugað sem vandlegast frá öllum hliðum. Réttlætismál eins og þetta græðir en tapar ekki á gaumgæfilegri athugun.

Í svörum mþn. er það látið í ljós, að það muni verða dýrara að hafa fleiri og smærri menntaskóla en fáa og stóra. Einnig dregur n. það í efa, að íbúafjöldinn á Vestfjörðum og Austfjörðum tryggi menntaskólum í þessum landshlutum nægilegan nemendafjölda. Að þessum atriðum báðum skal ég koma síðar.

Þá er þess að geta, að báðum svarbréfunum, sem n. bárust, bæði frá fræðslumálastjóra og eins frá mþn., fylgdu yfirlitsskýrslur um það, hvaðan af landinu þeir nemendur voru, sem sátu í menntaskólunum báðum veturinn 1946—47, þ. e. í fyrravetur. En um það hafði einmitt verið spurt, hvaðan af landinu þeir nemendur, sem setið höfðu í menntaskólunum 3 ár, hefðu verið. Kveðst fræðslumálastjóri gera ráð fyrir því, að svipað því sem í þessari skýrslu kemur fram hafi hlutfallið verið þau þrjú ár, sem um var spurt. Þó játar hann, að ekki hafi unnizt tími til að sannprófa það. Ég skal taka það fram, að ég er mjög ánægður með að hafa fengið þessa skýrslu frá fræðslumálastjóra, þó að hún sé engan veginn tæmandi. Um eitt atriði er hún þó beinlínis villandi. *Eins og allir vita,* útskrifar Verzlunarskóli Íslands einnig stúdenta og hefur gert það í nokkur ár. Þessa er að engu getið í skýrslunni, og gefur hún þannig beinlínis ranga hugmynd um tölu menntaskólanemenda í höfuðborginni og þá jafnframt ranga, þ. e. of lága hlutfallstölu menntaskólanema hér miðað við íbúatölu hér í Rvík. Röng verður því hlutfallstala Rvíkur líka af þessum sökum, miðað við hlutfallstölur annarra staða á landinu. Þetta ber mjög að harma, þar sem hér er um að ræða skýrslu frá sjálfri fræðslumálastjórninni, skýrslu, sem vitað var, að nota átti sem óyggjandi sönnunargagn um undirstöðuatriði í mikilvægu máli.

Samkvæmt viðtali, sem ég hef átt við skólastjóra Verzlunarskólans, herra Vilhjálm Þ. Gíslason, eru nú 27 nemendur í tveimur efstu bekkjum Verzlunarskólans. Þetta þýðir það, að ef miðað væri þar við fjögurra vetra lærdómsdeild, eins og í menntaskólanum í Rvík og eins og skólalöggjöfin nýja ætlast til, þá væri þarna um 54—60 nemendur að ræða við menntaskólanám. Sýnir þetta, að þarna er því um miklu meira en smáónákvæmni að ræða í umræddri skýrslu.

Þá er þess enn að geta, að ekkert minnist fræðslumálastjóri á það í bréfi sínu eða í sambandi við skýrsluna, að við Laugarvatnsskólann starfar nú í vetur einn bekkur menntaskóla samkvæmt sérstöku leyfi ráðh. Er þar að vísu ekki um háa tölu nemenda að ræða, enda fyrsta tilraun, og ekki auglýst um starfrækslu þessarar deildar fyrr en rétt áður en skólar tóku til starfa s. l. haust.

Samkvæmt símskeyti Bjarna Bjarnasonar skólastjóra á Laugarvatni til mín, dags. 19. des. s. l., eru 8 nemendur í Skálholtsdeild Laugarvatnsskólans, en svo nefnist hinn nýi vísir að menntaskóla Sunnlendinga, sem þegar er farinn að skjóta rótum og vaxa úr grasi að Laugarvatni. Væri þarna um fjóra árganga að ræða, aðeins með 8 nemendur í hverri ársdeild, og þarna ekki gert ráð fyrir neinum vexti frá hinum fyrsta vísi, sem auðvitað væri þó rangt, þá væri þarna samt um 32 menntaskólanemendur að ræða. Hefur þetta því þýðingu í þessu máli, þegar verið er að mynda sér skoðanir um hlutfallsaðstöðu íbúa Rvíkur og nágrennis hennar til menntaskólanáms miðað við t. d. sams konar aðstöðu Vestfirðinga og Austfirðinga. Sé þeim nemendum, sem menntaskólanám stunda í Verzlunarskólanum, bætt við nemendur Menntaskólans í Rvík, verða það 500 nemendur samtals, og verður þá hlutfallstala höfuðborgarinnar, miðað við 50 þús. íbúa, rétt 1% menntaskólanemenda, eða 10 af þúsundi, en ekki 0,72%. eins og í skýrslunni segir.

Skýrslan frá fræðslumálastjóra er samt að mínu áliti sterkt sönnunargagn í þessu máli. Hún sýnir, að Rvík skilar hlutfallslega nálega fjórfalt fleiri unglingum til menntaskólanáms en Ísafjörður, og

að Akureyri, hitt menntaskólasetrið, skilar meira en sexfalt fleiri unglingum til menntaskólanáms en Ísafjörður. Kaupstaðirnir Ólafsfjörður og Siglufjörður hafa hátt hlutfall og sömuleiðis sýslufélögin til beggja handa við Akureyri. Alveg sömu sögu er að segja um kaupstaðina í námunda við Rvík, Hafnarfjörð og Akranes. Þeir hafa hátt hlutfall og njóta þannig bersýnilega nálægðar sinnar við menntaskólann hér. Jafnskýrt er það, að Ísafjörður og sýslurnar á Vestfjörðum gjalda fjarlægðar sinnar og einangrunar í þessu efni mjög tilfinnanlega. Skýrslan sýnir, að hlutfallið milli íbúatölu Rvíkur og menntaskólanemenda þar er 0,72%. En með nemendum Verzlunarskólans verður hlutfallstala höfuðborgarinnar 1%, eins og fyrr segir. Hlutfallstala Akureyrar er hins vegar 1,81%. Meðaltala kaupstaðanna er 0,72% og meðaltala sýslufélaga 0,36%, en meðaltala landsins alls er 0,56%. Hins vegar er meðalhlutfallstala Ísafjarðar aðeins 0,28%, meðaltala sýslufélaganna á Vestfjörðum 0,16% og meðaltala Vestfjarða allra 0,19%. Á Vestfjörðum er Strandasýsla harðast úti með 0,05%. Á Austfjörðum er sömu sögu að segja. Múlasýslur báðar og Skaftafellssýslur eru með mjög lágar hlutfallstölur.

Af þessu er bert, að ef menntaskólar kæmu á Vestfjörðum og Austfjörðum, mundi aðstaða unga fólksins til að stunda menntaskólanám eins og hæfileikar standa til jafnast mjög verulega, og er það fullkomið sanngirnis- og réttlætismál.

Vil ég enn undirstrika þau ummæli hæstv. dómsmrh. (BBen), er hann lét falla í umr. um mál þetta í vetur, þegar það var lagt fyrir d. Hann sagði:

„Ytri aðstæður, svo sem efnahagur eða það, hvar menn eru búsettir á landinu, eiga ekki að ráða embættismannavali þjóðarinnar eða því, hverjir geti notið menntaskólanáms.“

Þetta er hverju orði sannara, en hingað til hefur þetta þó ráðið óeðlilega miklu um embættismannaval þjóðarinnar. Efnahagur og búseta hafa útilokað fjöldamarga bráðgáfaða unglinga á Vestfjörðum og Austfjörðum frá að stunda langskólanám. Eru mér slík dæmi mörg kunn frá 10 ára skólastjórn fjölmenns gagnfræðaskóla á Vestfjörðum.

Ég gat þess í upphafi máls míns, að ég mundi síðar víkja að svari mþn. í skólamálum. Nú vil ég efna það, en get þó orðið fremur fáorður um það. Svari n. fylgdi afrit af sömu skýrslunni og um hefur verið rætt hér á undan, og einnig var fskj. með bréfi fræðslumálastjóra. Er skýrsla sú, eins og áður er að vikið, óhrekjandi sönnun þess, að aðstaða unga fólksins til menntaskólanáms sé næsta ójöfn, svo að fyllsta þörf sé úr að bæta.

Að öðru leyti taldi n. sig ekki geta mælt með nýjum menntaskóla á Ísafirði og Eiðum. Í fyrsta lagi af því, að tveir slíkir skólar yrðu dýrari en færri menntaskólar og stærri, og svo af því, að þeir teldu ekki líkur til, að menntaskólar á þessum stöðum fengju nægilega marga nemendur. Báðar þessar staðhæfingar eru vægast sagt næsta vafasamar. En þegar slíkur aðili sem mþn. í skólamálum setur fram slíkar fullyrðingar, tel ég samt rétt að ræða þær nánar.

Það má nú telja víst, að sú lausn verði á menntaskólanáminu hér, að gamla menntaskólahúsið verði notað sem framtíðarskólahús. Því fylgir kaup á mikilli lóðarspildu í miðbænum. Upplýst er, að sú lóðarskák, sem þar takmarkast af næstu götum, muni með þeim byggingum, sem á henni eru, kosta 5—6 millj. kr. Fyrir þá upphæð — ég mundi jafnvel vilja segja fyrir helming þeirrar upphæðar — mætti byggja hæfilega stóra menntaskóla bæði á Eiðum og Ísafirði. En þá væri þó eftir bygging ýmissa viðbótarbygginga, og þær mundu kosta mikið fé, margar millj. í viðbót, ef byggja ætti upp framtíðarlandsskóla móti Akureyrarskólanum. En verði engir skólar byggðir vestanlands og austan, yrði auk þess byggður hér annar menntaskóli, eins og þegar hefur verið farið fram á. Stofnkostnaðurinn væri ekki meiri, þótt skólarnir yrðu fleiri og smærri.

Um rekstrarkostnaðinn er það að segja, að eftir að skóli hefur náð þeirri stærð, að bekkir séu fullskipaðir, dregur ekki úr resktrarkostnaði með vaxandi stærð, heldur þvert á móti. Eftir því sem skólar verða stærri umfram meðalstærð, fer fleira og meira í súginn, enda skiljanlegt, að stjórn verði lausari og nál til færri smáatriða. En margt smátt gerir þó eitt stórt, eins og spakmælið segir. Þessi varð og niðurstaða menntaskólakennara í vetur, er þeir skrifuðu um einn eða tvo menntaskóla í Rvík. Stórt bákn mundi verða dýrara, mundi verða dýrara í rekstri, sögðu þeir, en tveir skólar af hóflegri stærð. Þessu hefur ekki verið mótmælt og verður heldur ekki hnekkt með rökum. Fullyrðing mþn. um, að fleiri og smærri skólar yrðu dýrari, styðst því ekki við góð og gild rök, hvort sem litið er á stofnkostnað eða rekstrarkostnað. — Skal ég svo ekki eyða fleiri orðum að því atriði.

En þá er það nemendafjöldinn. Ég hef áður látið í ljós, að reynsla bendi til, að í gagnfræðaskóla með ca. 300 nemendur komi um það bil 15 nemendur á ári með góðum hæfileikum til menntaskólanáms. Þótt talan sé ekki há, gætu kannske einhverjir samt álitið, að hún væri ýkt, og skal ég því sanna mál mitt um þetta atriði og nota til þess skýrslu fræðslumálastjóra.

Flestum kennurum mun koma saman um það, að æskilegasta nemendatala — til góðs árangurs af kennslu — sé um 20—25 nemendur í bekk.

Ef reiknað er með hlutfallstölu landsins alls, ætti Ísafjörður og nágrannasýslur hans að hafa ca. 70 menntaskólanemendur. Væri Dalasýsla tekin með og miðað þar við meðaltal sýslufélaganna, ætti hún að koma út með 9 nemendur, og verður þá þarna um að ræða rétt um 80 menntaskólanemendur, eða 20 í bekksögn. Réttara væri þó að taka Ísafjörð sér, annaðhvort með hlutfallstölu Akureyrar eða Rvíkur, og væri þá réttara að gera þar samanburðinn við þann kaupstaðinn, sem sambærilegri er um flesta hluti, sem sé Akureyri. Þá kæmi dæmið þannig út: Ísafjörður með 60 nemendur, en með meðaltölu sýslnanna yrðu það 33 nemendur. Þannig reiknað yrðu þá Vestfirðirnir samtals með 93 nemendur, það er í bekksögn 23—24 nemendur. Væri Dalasýsla meðtalin með 9 nemendur, eins og í fyrra dæminu, væri þannig um 102 nemendur að ræða, eða 25—26 nemendur í bekk.

Nú hefur með þessum tölum ekki verið tekið tillit til þeirrar breytingar, sem verður með framkvæmd skólalöggjafarinnar nýju á næstu árum. En sú breyting, að unglingaskólar koma upp í öllum

kauptúnum, og reyndar í flestum sveitarfélögum líka, mun auka mjög tölu þeirra, sem miðskólaprófi ljúka. En það þýðir, að allar þær tölur sem hér hefur verið miðað við, verða mun hærri að fáum árum liðnum. Það er því út í bláinn sagt hjá mþn. og varpað fram að óathuguðu máli, er hún telur, að grundvöll skorti fyrir menntaskóla á Vestfjörðum vegna of litillar aðsóknar.

Um Austfirði er það að segja, að fólksfjöldi er að vísu nokkru minni í fjórðungnum, en á það má benda, að vafalaust mundi menntaskóli á Eiðum með heimavistum fá nemendur víðs vegar af landinu, og ekki aðeins úr sveitum, heldur einnig úr kaupstöðum landsins.

Með þessum orðum þykist ég hafa leitt rök að því, að hvorug mótbára mþn. sé vel rökstudd, og skal ég ekki eyða fleiri orðum að því. En hinu er ég mest hissa á, að n. skuli ekki jafnframt því sem hún sá ástæðu til að flika þeirri vafasömu skoðun sinni, að dýrara verði að hafa fleiri menntaskóla og smærri, víkja einu orði að því, hvað sé uppeldisfræðilega réttari leið og farsællegri, að hafa menntaskóla fleiri og smærri eða færri og stærri. Það er þó meginatriði málsins og furðulegt, að n. skuli hafa gleymt þeirri hlið þess eða leitt hana hjá sér. En um það atriði er sama, hvaða uppeldisfræðingar væru spurðir og hvar sem væri í heiminum, að hin stóru skólabákn hafa hvarvetna gefizt illa sem uppeldisstofnanir og eiga nú formælendur fáa meðal skólamanna.

Einn nm. í hv. menntmn. varpaði fram þeirri spurningu, hvort ekki gæti hugsazt, að af staðsetningu menntaskóla í öllum landsfjórðungum leiddi viðsjárverða örvun til menntaskólanáms. Þetta viðhorf er sjálfsagt að athuga. Nú öðlast allir þeir unglingar rétt til menntaskólanáms, sem ljúka miðskólaprófi. Enginn hefur lagt til að breyta þeim lagaákvæðum hið minnsta. Staðsetning menntaskólanna í öllum landsfjórðungum fjölgar því ekki miðskólaprófsfólki um einn einasta. Aðeins er hugsanlegt, að af því leiði það, að fátækir nemendur, sem þessa prófraun hafa staðizt austanlands eða vestan, þurfi ekki að gjalda fátæktar sinnar eða þess, hvar þeir eru búsettir, og geti notað rétt sinn til framhaldsnáms, ef menntaskólarnir eru í öllum landsfjórðungunum, en yrðu annars að neita sér um það.

Ég skal taka það fram, að ég tel, að strangar námskröfur eigi að gera til þeirra unglinga, sem leggja út á braut langskólanáms. Og fyrir því er vissulega séð í nýju skólalöggjöfinni. Miðskólaprófið er að allra dómi, sem það hafa kynnt sér, langþyngsta prófraun á öllum námsferlinum, að undanteknu háskólaprófi. Og ég tel, að þannig eigi það líka að vera. Það próf standast engir aðrir en þeir, sem gæddir eru mjög góðum námsgáfum eða varið hefur verið miklu fé til að kaupa vit í, með mikilli ítroðslu og aukakennslu. En það er hvergi algengara en einmitt hér í Rvík, og mælir það reyndar sízt með því að staðsetja stærsta menntaskóla landsins hér.

Eins og nú standa sakir, hefur rektor menntaskólans hér verið skipað að taka við öllum þeim, sem lokið hafa miðskólaprófi og um skólavist sækja. Af þessu leiðir það, að það eru miðskólaprófin, sem ráða tölu menntaskólanema á hverjum tíma. Ef menntaskólarnir eru aðeins á Akureyri og í Rvík, eru nemendur bara keyptir þangað og þeir skólar þandir út eftir þörfum landsins alls. Með því móti gætu aðeins nokkrir fátækir unglingar í afskekktum héruðum eða landshlutum útilokazt frá langskólanámi, en þó kæmi það jafnan á skýrslum, að engum hefði verið synjað um skólavist, eins og rektor hefur nú upplýst vegna spurningar, sem til hans var beint um það atriði.

Einnig hefur það verið rætt, hvort örðugleikar á að fá næga kennara til menntaskólanna gætu ekki staðið í vegi fyrir framkvæmd málsins, þó að frv. þetta væri samþykkt. Það er rétt, að ef hinir nýju menntaskólar væru með mjög fáa nemendur, svo að bekksagnir fengjust ekki fullskipaðar, þyrfti fleiri kennara með fleiri skólum. En ef bekksagnir eru fullskipaðar, þarf ekki fleiri kennara til að kenna því fólki, sem miðskólaprófi lýkur, þó að kennslan fari fram í fleiri skólum og smærri. Það þyrfti t. d. nákvæmlega jafnmarga kennara til að kenna 2000 nemendum í einum skóla með þeim nemendafjölda og í 10 skólum, sem hver um sig hefði 200 nemendur. Þetta skilja allir, og þarf ekki að eyða fleiri orðum að því.

Nú skal ég fara að stytta mál mitt. Þó vil ég að lokum minna á það, að bæjarstjórn Ísafjarðar hefur sent Alþ. svo hljóðandi áskorun, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórn Ísafjarðar samþykkir að skora á hið háa Alþingi að samþykkja frv. það til l. um menntaskóla. er þeir Hannibal Valdimarsson og Páll Zóphóníasson flytja. Jafnframt samþykkir bæjarstjórnin, að ákveðið verði að reisa menntaskóla á Ísafirði, og er hún þess reiðubúin að leggja skólanum til ókeypis lóð á hentugum stað."

Ályktun þessi var gerð með samhljóða atkvæðum bæjarfulltrúa úr öllum stjórnmálaflokkum, sem þar eiga sæti.

Svo mikla áherzlu lagði bæjarstjórnin á, að málinu væri fylgt fast eftir, að hún fól tveimur bæjarfulltrúum — einum fyrir hönd meiri hlutans og öðrum frá minni hlutanum — að semja ýtarlegan rökstuðning með áskoruninni. Hefur hv. menntmn. kynnt sér áskorun þessa ásamt grg.

Það sýnir einnig áhuga Ísfirðinga fyrir þessu máli, að ég hef fengið fjölda bréfa, þar á meðal frá ákveðnum pólitiskum andstæðingum minum, þar sem ég er hvattur til að fylgja málinu fast fram og fullvissaður um almennan áhuga í héraði fyrir framgangi þess.

Ég get því fullvissað hv. alþm. um það, að hvort sem brugðið verður fæti fyrir mál þetta nú eða ekki, þá er það víst, að gegn því verður ekki staðið til lengdar. Það er fullsannað, að nemendafjöldi er þegar fyrir hendi — og mun stóraukast, þegar unglingaskólarnir eru alls staðar teknir til starfa samkvæmt nýju skólalöggjöfinni. Það er sannað, að bezt sé séð fyrir jafnréttisaðstöðu íslenzkrar æsku til menntunar með menntaskóla í hverjum landsfjórðungi. Og það er einnig sannanlegt, að uppeldishlið málsins er betur borgið með fleiri skólum og smærri en færri og stærri. Þegar á öll þessi meginatriði er litið, get ég ekki efazt um úrslit málsins í þessari hv. d. og læt því lokið máli minu í þetta sinn.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Það má vel vera, að menntaskólar eigi að verða fimm í fram-

tíðinni og rétt sé að reisa þá á þeim stöðum, sem lagt er til í frv., en það liggja bara fyrir nærtækari verkefni, og þess vegna tel ég ekki ástæðu til að lögfesta frv. sem þetta, og mun því greiða atkv. á móti því. Það er röng stefna að hafa menntaskólana fleiri en þörf krefur og ástæður leyfa, og það rýrir áreiðanlega gildi stúdentsmenntunarinnar.

Hv. 3. landsk. hélt því fram, að skólar ættu ekki að vera mjög stórir, og þetta er rétt, ef skólarnir fara yfir visst mark. Að mínu áliti er skóli með fimm hundruð nemendur heppilegur. Með því að hafa skólann það fjölmennan, er hægt að nýta til fulls fullkomna kennslukrafta í hverri grein, og miklu betur en í fámennari skólum. Hv. þm. hélt því fram, að eftir að bekkjasagnir væru fullskipaðar, þyrfti ekki fleiri kennara, þó að skólarnir væru fámennir, en þetta er ekki hægt að leysa með einfaldri samlagningu, því að það er áreiðanlega erfiðara að fá vandaða kennslu, ef sá háttur er á hafður. T. d. mundu starfskraftar kennara ekki nýtast eins vel, því að það er of lítið verkefni fyrir valinn stærðfræðikennara að kenna í þremur bekkjum, en ekki líklegt, að hann kærði sig um að taka að sér aðra kennslu. En auðvitað er það aðalatriðið að fá sem vandaðasta kennslukrafta. Verkefni það, sem nú liggur fyrir og er aðkallandi, er að byggja menntaskóla í Rvík. Og bygging menntaskóla í Rvík með 500 nemendum fullnægði þörfinni í bili. Að sjálfsögðu yrði þessi skóli að hafa heimavist, sem tæki við nemendum utan af landi, en ef heimavist væri fyrir hendi, þar sem nemendur hefðu nægilega og ódýra aðbúð, skiptir ekki verulegu máli, hvort skólinn er hér í Rvík eða einhvers staðar annars staðar, þar sem nemendurnir hljóta að verða að dvelja frá heimilum sínum. Það vantar ekki einungis húsnæði fyrir skóla hér, heldur vantar líka fullkomin kennslutæki, og það er auðveldara að afla þeirra í einn fjölmennan skóla en marga litla. Hvort fleiri eða færri stúdentar útskrifast utan af landsbyggðinni, ræðst ekki af því, hvar skólarnir eru staðsettir, heldur ræður það úrslitum, hvaða möguleikar eru til að sækja skólana, og það er þess vegna aðstaða nemenda utan af landi, sem veldur því, hve fáir koma þaðan. Og þessi aðstöðumunur stafar af því, að það eru ekki til heimavistir, sem geta tekið við þessum nemendum. Það er því aðkallandi verkefni að bæta aðstöðu landsbyggðarinnar með því að koma upp þægilegri og ódýrri heimavist hér í Rvík, sem gæti tekið við nemendunum utan af landi. Röð verkefnanna í þessu máli er því í fyrsta lagi að byggja menntaskólahús í Rvík. Hv. 3. landsk. sagði, að ákveðið væri að byggja nýtt skólahús á gömlu lóðinni og nota gamla skólahúsið. Ég álít mjög misráðið að leggja í þann kostnað, sem af því mundi leiða, sem auk þess mundi sennilega verða það mikill, að hægt væri að byggja fyrir hann meira en einn skóla. Ég get ekki skilið, að þetta eigi að verða tilfinningamál, enda munu flestir vera því sammála, þegar þeir athuga málið í rólegheitum. Þegar lokið væri þessu fyrsta verkefni, að byggja fullkominn skóla hér í Rvík, þá kæmi að því, sem væri þá annað verkefnið, að reisa heimavist hér fyrir nemendur utan af landi, þar sem þeir gætu haft góða og ódýra aðbúð. Þriðja verkefnið gæti svo ef til vill verið að byggja menntaskóla í sveit.

Ég álít misráðið að lögfesta nú þetta frv. og tel, að það gæti orðið til þess að tefja eðlilegan gang þessara mála. Hvað snertir brtt. frá dómsmrh., þá lít ég á hana sem svo mikla fjarstæðu, að hún komi ekki til mála, og vænti ég, að þm. taki hana ekki alvarlega. Annars er hún víst tekin aftur til þriðju umr., og mun þá væntanlega gefast tækifæri til að ræða hana.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að gera grein fyrir afstöðu minni í þessu máli. Ég vil byrja á því að gera aths. við meðferð málsins, því að hún virðist vera harla einkennileg. Málið kom til menntmn. Ed. þann 6. nóv. s. l. Nú er búið að útbýta frá n. áliti, þar sem afstaða er tekin með þessu máli, þó að upplýst sé, að 2. þm. Árn. sé á móti málinu og 1. þm. Reykv. hafi ekki tekið þátt í afgreiðslu þess. Það má kannske segja, að þetta skipti ekki miklu máli, en það virðist þó harla einkennilegt að senda málið til umsagnar og láta ekki fylgja því nein skjöl, svo að þm. gætu kynnt sér málið, en gefa þess í stað út nauðaómerkilegt nál. En svo kemur einn nm. með langa ræðu, þar sem hann mælir mjög fast með málinu, og það verður ekki annað skilið en að hinir nm. hafi drattazt með til þess að hefta ekki hinn brennandi áhuga hv. 3. landsk.

Þegar rætt er um byggingu nýrra menntaskóla, þá er fyrsta atriðið að vita, hvort við þurfum á þeim að halda, en um það kom ekkert fram í fyrirlestri hv. 3. landsk., heldur lagði hann áherzlu á, að skólum yrði dreift um landið. Það hefði verið æskilegra að fá upplýsingar frá fræðslumálaráðherra, hvort raunverulega væri æskilegt, að fleiri gengju háskólabrautina. En hvorki ráðh. né fræðslumálastjóri hafa látið neitt í ljós um þetta mál, þó að þeir beri í raun og veru ábyrgð þessara mála. Ef þetta mál væri vandlega undirbúið og rannsókn hefði leitt í ljós, að nauðsyn væri að fjölga menntaskólum, þá hefði málið horft allt öðruvísi við. En ég segi fyrir mig, að ég er ekki dómbær á það. Þó að allir séu sammála um, að það sé nauðsynlegt að mennta þjóðina, þá verður bara spurningin sú, hvort rétt er, að sú menntun fari fram sem menntaskólanám og háskólanám eða með einhverjum öðrum hætti. Um hitt atriðið, það er að segja staðsetningu skólanna, ef þeir væru taldir heppilegir og nauðsynlegir, er ég algerlega ósammála frv. Ég tel það t. d. alveg vanhugsað atriði að staðsetja slíkan skóla á Ísafirði, þó að reisa ætti skóla fyrir Vestfirðingafjórðung, Reykjanes væri miklu heppilegri staður. Ísafjörður hefur engin skilyrði upp á að bjóða. Þar er ekkert landrými og ekki einu sinni hægt að fá mjólk. Staðurinn er fyrst og fremst fiskiþorp, og þess vegna teldi ég miklu nær að reisa þar fiskiðjuver, eins og rætt var um í fyrra, eða grútarbræðslu, en sízt af öllu ætti að byggja menntaskóla. Um Eiða er það að segja, að ég fæ ekki séð, að það sé heppilegt að reisa þar menntaskóla nú, meðan samgönguerfiðleikar eru jafnmiklir þar eystra og nú er, en auk þess hljóta öll skilyrði að vera margfalt erfiðari á slíkum stöðum. Ég held, að skólarnir verði að rísa þar, sem skilyrðin eru bezt og auðveldast er að búa skólann sem bezt úr garði, því að nemendurnir verða alltaf að fara að heiman alveg eins, þó að skóli væri á Ísafirði eða Eiðum, og þá verður aðalatriðið, að vel sé búið að skólanum og nemendunum. Þá má

benda á, að við háskólann er fjöldi nemenda utan af landsbyggðinni. Það hafa risið upp stúdentagarðar fyrir þessa nemendur, og þessi skólaheimili hafa gefizt vel, svo að það eru margir, sem jafnvel vildu heldur búa þar en heima hjá sér í bænum. Þar er ódýr húsaleiga og góð aðbúð. Slík heimili þarf að reisa við skólana, og þá verður ekki lengur talið mikilvægt atriði, hvar þeir standa, í sambandi við þá hlið málsins. Ég hygg, að ef það yrði ákveðið að bæta við einum skóla í sveit, gæti komið til álita að setja hann á einhvern þeirra staða, sem tengdar eru við sögulegar minningar. Á ég þar við Skálholt eða Hóla, en auk þess mætti nefna Rafnseyri. Hins vegar er sennilegt, að á slíkan stað yrði mjög erfitt að fá kennara.

Annars er ég undrandi yfir, að 1. þm. Eyf. skuli fylgja þessu frv. án fyrirvara. Ég minnist þess, að hann hefur mjög ráðizt á eyðslusemi fyrrv. stjórnar, og ég veit ekki betur en mlðstjórn flokks hans hafi nú gefið út nýja vasabók til þess að skýra frá, hversu illa hafi verið farið með fé landsmanna. En það er einmitt ein aðalfjárfesting fjárhagsráðs nú, sem fer til fræðslumálanna. T. d. á að verja nálega 17 millj. kr. til skólabygginga 1948, á meðan ekki eru áætlaðar nema 14,4 millj. til vega, en það er svipuð upphæð og varið var til viðhalds s. l. ár. Þetta framlag til skólabygginga núna er afleiðing af stjórn Ólafs Thors, sem þessi þm. sleppir engu tækifæri til að svívirða fyrir óhóf og eyðslusemi, en svo leggur hann bara sjálfur til, að byggðir verði bara hvorki meira né minna en þrír menntaskólar til viðbótar. Það virðist vera dálítið einkennilegt samræmi í þessu. Og þetta er ein af ástæðunum fyrir því, að vikja verður burt nauðsynlegum framkvæmdum við hafnargerðir og vegaframkvæmdir í landinu, að það verði að láta ganga fyrir að uppfylla þessi lagafyrirmæli. Svo er komið fram hér með nýjar till. um, að haldið verði miklu stórstígar áfram á þessari braut, þannig að ekki verði tveir menntaskólar í landinu, heldur fimm. Svo eru þessir menn með iðnskóla í sveitum á stefnuskrá sinni, sem mundi kosta nokkrar milljónir. Mér finnst nokkuð mikið bilið milli orða og athafna hjá þessum ágætu mönnum. Ég verð að segja það.

Ég mun því ekki greiða þessu máli atkv. Ég mun greiða atkv. á móti brtt. þegar við þessa umr. Ég mun einnig greiða atkv. á móti frv. sjálfu, vegna þess að ég tel, að það séu ýmis önnur þörf landsmál, sem séu meir aðkallandi en þær skólabyggingar, sem hér er um að ræða. Þær kunna að vera aðkallandi. En ég tel aðrar framkvæmdir miklu meir aðkallandi. Að vísu stendur hér í 2. gr. frv., að þetta skuli gert jafnóðum og fé er veitt til þess á fjárl. Þetta á að réttlæta það, að slík fjarstæða, sem hér er á ferð, sé samþ. En ég tel það ekki vera alveg öruggt til þess, að ekki yrði veitt fé til þessara hluta á fjárl. Því að ef ég þekki þessa menn rétt, sem eru með þessu máli, þá yrði þeim ekkert flökurt af því að koma sér saman um að samþ. einhverja upphæð á fjárl., til þess að hægt væri að byrja á að byggja slíka skóla.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. (HV) var hér með nokkrar ádeilur um það, hvernig afgreiðsla þessa máls hefði gengið. Og þó að ég viti það nú, að hann er því máli svo kunnugur sjálfur, að hann beindi ekki þeim ádeilum til mín, þá mundi það þó geta skilizt svo af þeim, sem ekki væru málinu mjög kunnugir, þar sem ég er form. þeirrar n., sem um þetta mál hefur fjallað, og einnig forseti þessarar hv. d. Ég ætlaði nú, þegar ég ákvað að taka til máls, aðeins að tala um þessa hlið málsins og hvernig málinu hefði þokað áfram og hvaða ástæður lægju til þess, að gefnu tilefni frá hv. 3. landsk. En ég býst við, að ég verði þó að bæta við nokkrum orðum út af ræðu hv. þm. Barð.

Það er alveg rétt, eins og hv. 3. landsk. þm. tók fram, að það leið mjög langur tími frá því, að þessu máli var vísað til menntmn., og þangað til hún skilaði áliti. Hann gerði nú sjálfur grein fyrir því. Þetta var að nokkru leyti því að kenna, að menntmn. bað um umsögn ýmissa aðila, og það stóð á þeim umsögnum, en þó var það ekki hvað sízt því að kenna,, hvernig fundir voru sóttir í menntmn., og skýrði hv. 3. landsk. þm. frá því að nokkru. Ég boðaði hvað eftir annað fundi í menntmn. Var það sí og æ, að á þessum fundum mættum við aðeins þrír nm., — þeir af okkur, sem skrifum undir nál. á þskj. 365. En okkur þótti viðurhlutamikið að afgreiða málið án þess svo mikið sem að heyra álit hinna nm., sem þó ekki mættu. Og einu sinni kom það fyrir, þegar ég hafði boðað fund í n. með nægum fyrirvara, að við mættum aðeins tveir nm. á fundi, form. og ritari n., sem er hv. 3. landsk. þm. — Hér í d. kannast ég heldur ekki við að hafa tafið málið. Þegar það var tekið af dagskrá hið fyrra sinn, var alveg komið að fundarlokum og maður var búinn að kveðja sér hljóðs. Það var því sýnilegt, að málinu yrði ekki lokið á þeim fundi, þó að ég hefði atkvgr. um annað mál, sem ekki tók langan tíma, eftir að þetta mál var tekið af dagskrá. Og þannig stóð á, þegar málið var tekið af dagskrá hið síðara sinn, að þá var það eftir beiðni hæstv. fjmrh. fyrir hönd hæstv. utanrrh., sem þá var á leiðinni til landsins, en hann á hér brtt., svo sem kunnugt er, og þótti mér sanngjarnt að verða við þeim tilmælum. — En nú skal málið ekki verða tekið af dagskrá. Því að þótt fundartími til kl. 4 endist e. t. v. ekki til að ljúka því, þá gefst tími til þess í kvöld. — Þarf ég svo ekki að ræða meira um þetta, að því leyti sem ræða hv. 3. landsk. þm. gaf tilefni til.

En þá kem ég að ræðu hv. þm. Barð. Það hefur nú áður borið á góma á milli okkar, að hann hefur fundið að því, að meiri hl. n., sem ég hef átt sæti í, hafi skilað áliti og áliti frá n., en þess hafi ekki verið getið, að það væri meiri hl. n. En ég bara fullyrði það — ég er nú eldri þm. en hv. þm. Barð. — ég bara fullyrði, að þetta er síður og hefur alltaf verið síður, þegar þeir menn, sem á fundum sitja, koma sér saman um einhverja afgreiðslu. Þá kalla þeir sig nefnd, en taka alls ekki fram, að það sé meiri hl. n., því að það er ekki víst, að n. sé neitt klofin í málinu. Þegar við afgreiddum þetta mál í menntmn., vorum við þrír sammála um að mæla með frv. með þeim breyt., sem eru á þskj. 365, og skrifuðum þann veg undir nál. Hv. 2. þm. Árn. (EE) var á fundinum og tók það eitt fram um sína afstöðu, að hann hefði óbundið atkv. um málið, og það var því ómögulegt að telja hann minni hl. n. Þegar hann hafði óbundið atkv. um málið, gat hann alveg eins greitt atkv. með okkar till., en um það vissum við ekkert, hvar hann

mundi koma niður. En ég skal játa, að þar sem hann ekki klýfur n., hefði verið réttara, að hann hefði skrifað undir nál. og þá með fyrirvara. Ég veit nú ekki, satt að segja, hvers vegna hann hefur ekki gert það. Á því hef ég enga skýringu fengið. En ég býst við, að það hefði nú mátt bíða nokkuð lengi eftir áliti fimmta nefndarmannsins. Því að ég man nú yfirleitt ekki eftir honum á fundum í menntmn., a. m. k. ekki, þegar þetta mál hefur verið til umr.

Þá var hv. þm. Barð. að tala um það, að þau svör, sem n. hefði fengið frá ýmsum aðilum, hefðu ekki verið birt. En það er nú alltaf álitamál, hvað á að prenta. Það kostar töluvert fyrir ríkissjóð að prenta hvert bréf, sem prentað er. En ég hygg, að hv. 3. landsk. þm. hafi nú gefið hv. þd. allglögga hugmynd um þessi svör, þannig að bæði hv. þm. Barð. og aðrir geti verið ánægðir með það.

Þá var hv. þm. Barð. að tala um, að þetta væri mjög ómerkilegt nál., sem við hefðum gefið út. Það kann vel að vera, að nál. hefði átt að vera ýtarlegra og betur undirbyggð skoðun okkar á málinu í nál., enda þótt það séu nú mörg nál., sem koma fram hér á Alþ., sem jafnvel hv. þm. Barð. skrifar undir, ómerkilegri en þetta. Því að það tíðkast nú mjög, að í nál. stendur aðeins þetta: Nefndin er sammála um að mæla með málinu, — eða eitthvað slíkt. Hér er þó ofurlítið vikið að málinu í okkar nál.

Ég ætlaði nú ekki að tala um efnishlið málsins. En ég get ekki stillt mig um að minnast á það, að mér virðast umr. um þetta mál nú minna ákaflega mikið á umr. um það fyrir mörgum árum, hvort það ætti að vera menntaskóli á Akureyri. Þá var af sumum talið alveg óþarft að koma upp menntaskóla á Akureyri og talið, að menntaskóli í Rvík dygði, þetta mundi verða til þess að fjölga stúdentum í landinu, og stúdentar væru óþarfir, nema mjög takmörkuð tala þeirra o. s. frv. Og meira að segja þm. Akureyrarkaupstaðar var þá mjög framarlega í flokki þeirra, sem litu svo á, að það væri mjög óviðeigandi að hafa menntaskóla annars staðar en í höfuðstaðnum. En hver vildi nú óska þess, að Menntaskólinn á Akureyri hefði ekki verið stofnaður? Ég hygg enginn, tæplega hv. þm. Barð. heldur.

Það má deila um það, hvort stúdentafjöldi í landinu sé of mikill, hæfilegur eða of lítill. Ég held fyrir mitt leyti, að það geri nú engum manni neitt til, þó að hann verði stúdent, hvaða stöðu sem hann ætlar að leggja fyrir sig síðar í lífinu. Og óska vildi ég þess, að ég væri stúdent. Ég hefði sennilega orðið það, ef heilsuleysi hefði ekki komið til greina, þegar ég var unglingur. Hitt er annað mál, að ég býst við, að það sé töluvert takmarkað, hvað æskilegt sé, að margir æskumenn gangi í háskóla til þess að búa sig þar undir embættispróf. Og álít ég, að það væri mjög til athugunar, hvort ekki ætti að vera lás, — ekki óopnanlegur lás, — en einhver lás fyrir dyrum háskólans fremur en fyrir dyrum menntaskólanna. En svo er það alveg óvíst, hvort stúdentar yrðu fleiri, — sennilega þó eitthvað fleiri, — ef þetta frv. væri samþ. og ákvæði þess framkvæmd um fjölgun þessara skóla. En eins og hv. 3. landsk. veik að, þá er líka mikill vafi á því, að þær framkvæmdir yrðu dýrari en það, sem kom svo greinilega fram í ræðu hv. 4. landsk. og vitað er, að er stefna Reykvíkinga í þessum málum og margra annarra, þ. e. að koma upp stóru menntaskólabákni hér í Rvík.

Svo fór hv. þm. Barð. að tala um Framsfl. og fjármálin og mig sérstaklega í sambandi við það. Það er rétt, að við framsóknarmenn höfum deilt á fyrrv. ríkisstj. fyrir ógætni í fjármálum og fyrir það m. a. að ákveða fjárframlög til ýmissa hluta, sem nú væri ekki hægt að efna vegna féleysis. En eftir till. okkar nm. í menntmn., þá víkur hér allt öðruvísi við. Það stendur skýrt í l., að ríkið á að útvega t. d. Stofnlánasjóði ákveðna fjárupphæð, og ríkið á að útvega Ræktunarsjóði ákveðna fjárupphæð. En samkvæmt till. menntmn. í þessu máli er hér ekkert annað lagt til en að það sé takmarkið að koma upp þessum menntaskólum, og að l. um það komi til framkvæmda jafnóðum og fé er veitt til þess á fjárl.

Hv. þm. Barð. var að tala eitthvað um hrossakaup í þessu sambandi og um það, að mér skildist, að flm. frv. mundu nú hafa einhver hrossakaup um það að fá fé í þessa menntaskóla, jafnvel þó að ríkissjóður væri ekki fær um það. Ég veit nú um það álit, sem þessi hv. þm. hefur á Framsfl. Og þó að það beri minna nú á reiðilköstum hans við Framsfl. en áður var, þá er grunnt á því. En við hvern ætti Framsfl. að hafa hrossakaup í þessu máli? Við hvern á hann yfirleitt í því efni að hafa hrossakaup, eins og þingið nú er skipað? Það skyldi þó aldrei vera hv. þm. Barð. og Sjálfstfl., sem hann ætti að hafa hrossakaup við? Og ég held, að þá væri ekki annað fyrir þennan hv. flokk en að neita hrossakaupunum, ef hann telur ekki fjárhag ríkisins þess megnugan að koma þessu í kring. — Ég lagði áherzlu á það, að þessi brtt. kæmi inn í frv. Og með því álít ég, að það sé engin sanngirni í því að bera okkur nm. á brýn glæframennsku í fjármálunum. Því að Alþ. á að vera sú stofnun, að það leggi ekki fram fé til svona framkvæmda nema það sjái sér það fært fjárhagsins vegna. En þó að ekki væri lagt fram fé svo mikið í næstu framtíð, þá eru þessi l., ef frv. yrði samþ., ekki þýðingarlaus fyrir því. Þetta er þá takmark, sem þarna er sett fram og ríkið ætlar að ná. Og auk þess hafa lögin þá þýðingu, að þetta á að sitja fyrir því að sjálfsögðu, að farið verði að byggja tvo menntaskóla í Rvík. Það er líka stefnuyfirlýsing, að því er þetta snertir. (**PZ**: Það eru nú tveir menntaskólar hér). Það eru ekki tveir menntaskólar í Rvík, heldur tveir skólar, sem útskrifa stúdenta.

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál mitt, bæði vegna þess, að hv. form. n. og hv. 3. landsk. þm. hafa svarað mestu af því, sem fram hefur komið í málinu.

Hv. þm. Barð. taldi nál. frá n. um þetta mál ómerkilegt og sagði, að það væri ekki frá allri n., heldur aðeins meiri hl. hennar. Til að svara því vildi ég bæta því við það, sem hv. 1. þm. Eyf. hefur sagt, að ég sýndi hv. 2. þm. Árn. nál., áður en það fór í prentun, og spurði hann, hvort hann vildi skrifa undir það með fyrirvara, sem hefði verið eðlileg afstaða hans til þess, ef hann hefði kært sig um. Hins vegar stendur hér greinilega í nál., að einn nm. var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt, og hafði óbundnar hendur um afstöðu í málinu. Og þótt ég hafi ekki verið lengi á þingi, þá veit ég,

að nákvæmlega sams konar afgreiðsla er algeng á málum undir svipuðum kringumstæðum.

Þá var sami hv. þm. að tala um, að það skorti mjög á, að menn gætu áttað sig á málinu af nál., af því að ekki væru prentuð með nál. skjöl, sem n. bárust. Ég skal játa, að nál. er stutt. Og ef sérstakar ástæður hefðu ekki verið fyrir hendi, þegar ég flutti mína framsöguræðu, hefði ég gert meiri grein fyrir málinu í þeirri ræðu. En hins vegar hefur hv. 3. landsk. þm. tekið af mér ómakið hvað það snertir, svo að þar er litlu við að bæta, en þó vildi ég víkja nokkuð að málinu sjálfu.

Það er dregið í efa hér, að þörf sé á fleiri menntaskólum í landinu, og ástæðan fyrir því er sú, að talið er, að stúdentar séu kannske orðnir of margir í landinu, og geti verið vafasamt, hve mikla áherzlu skuli leggja á það, að margt fólk nái háskólaprófi, eins og hv. þm. Barð. orðaði það. Ég leyfi mér í þessu sambandi að benda á, að fyrir einum 20 árum síðan þótti mjög æskilegt fyrir ungt fólk, sem aðstöðu hafði til þess, að ljúka gagnfræðanámi. Þá var gagnfræðamenntun álitin mjög æskileg menntun fyrir hvern mann, sem ætlaði sér yfirleitt að taka þátt í einhvers konar störfum, sem kröfðust meiri þekkingar en aðeins líkamleg vinna. Síðan hafa orðið mjög miklar breytingar. Það má fullyrða, að gagnfræðanám, sem þá þótti mjög gott, er ekki að sama skapi jafnfullnægjandi lokatakmark nú. Og ég ætla, að ég fari ekki með fleipur, þó að ég fullyrði, að það líður ekki langur tími, þangað til jöfn nauðsyn þykir fyrir slíkt fólk að ljúka menntaskólanámi eins og þótti fyrir um 20 árum síðan að ljúka gagnfræðanámi. Þjóðlíf okkar er að breytast svo, að það eru gerðar meiri og meiri kröfur til fjölda fólks hvað þekkingu snertir, enda þótt það sé ekki þar með sagt, að þeir, sem ljúka menntaskólanámi, þurfi nærri allir að fara á háskóla á eftir. Enn fremur virðist, eins og ástatt er nú hjá okkur, að það fari fjarri því, að stúdentaframleiðsla sé hér of mikil. Og ég vil benda á, að það vantar hjá okkur tilfinnanlega menn með faglega þekkingu, til dæmis verkfræðiþekkingu, og er það sérstaklega áberandi viðkomandi þeirri breyt., sem er að verða á atvinnulífi þjóðarinnar. Og á næstu árum þarf að fjölga mjög nemendum við verkfræðinám. Og þegar á það er litið, sýnist vera mikil ástæða til að örva aðsókn að menntaskólanámi, vegna þess að hér sé beinlínis um nauðsyn að ræða, einnig hvað þetta snertir, sem ég gat um. — Enn fremur vil ég benda á það, að það er rétt, sem komið hefur fram hjá öðrum hv. þm., sem talað hafa hér í þessu máli, að það þarf auðvitað að gæta þess vel í sambandi við fjölgun menntaskóla, að til sé nægilegt af góðu kennaraliði. En einmitt það kennaralið verður ekki skapað öðruvísi en með því að tryggja, að nægilega margir nemendur gangi á menntaskóla og háskóla líka. Þetta vildi ég segja um þessa hlið málsins.

Þá vildi ég undirstrika það, sem ég reyndar lagði sérstaka áherzlu á í framsöguræðu minni við 1. umr., sem komið hefur fram af gögnum, sem n. hefur fengið, að mjög mikill munur er á aðsókn að menntaskólum úr ýmsum héruðum landsins, og um það virðist mjög miklu ráða staðsetning skólanna. Að vísu viðurkenni ég það, sem hv. þm. Barð. talaði um, að nokkur bót væri ráðin í þessu efni, ef við menntaskólann hér í Rvík kæmi góð heimavist. En ég tel það samt ekki fullnægjandi bót í þessu efni. Það er mjög áberandi nú, að fólk utan af landi, sem langar til að koma börnum sínum til mennta, flytur til Rvíkur til þess að stunda atvinnu hér til þess að eiga hægra með að láta börn sín stunda skólanám. Þó að e. t. v. mætti ráða einhverja bót á í þessu efni með því að byggja heimavistir, þá tel ég það ekki fullnægjandi bót, og þess vegna sé nauðsynlegt að fjölga menntaskólum þannig, að einn verði í hverjum landsfjórðungi.

Hv. 1. þm. Eyf. benti réttilega á það, að með sömu rökum væri nú mælt á móti þessu frv. og flutt hefðu verið fram á Alþ., þegar um stofnun Menntaskólans á Akureyri var að ræða hér á þingi. Ég hef litið yfir þær umr. og vil undirstrika, að þetta er rétt. Og reynslan hefur orðið sú, að þessi mótmæli hafa ekki haft við rök að styðjast.

Hv. þm. Barð. (GJ) var að minnast á það, að enda þótt það kæmi til mála að byggja fleiri menntaskóla, mundi staðsetning þeirra eins og fram kæmi í frv. vera á röngum grundvelli byggð, og taldi réttara að byggja slíkan skóla vestur á Reykjanesi en Ísafirði. Ég býst við, að hv. 3. landsk. þm. (HV) taki þetta til frekari athugunar, en ég hygg réttara að byggja menntaskóla á Ísafirði og læt þar með útrætt um það atriði.

Í sambandi við þetta mál vil ég sérstaklega minnast á Austurland. Á Eiðum er nú fjölsóttur gagnfræðaskóli, og hefur þessi staður verið menntasetur allt síðan búnaðarskóli var stofnaður þar árið 1880. Og þótt allmargir kaupstaðir eða bæir séu á Austurlandi, hygg ég, að Austfirðingar mundu ekki hvað sízt kjósa, ef ákveðið yrði að reisa menntaskóla á Austurlandi, að hann yrði á Eiðum. Þá álít ég, að við uppbyggingu menntaskóla á Austurlandi ætti að hafa sömu aðferð og notuð var við að koma á fót menntaskóla á Akureyri, sem sé að byrja á framhaldskennslu og síðan auka við hana, eftir því sem ástæður leyfa, því að ég álít hentugra fyrir þá unglinga, sem eiga ekki hægt um vik með að sækja nám til Rvíkur eða langar leiðir, að eiga þess kost að menntast nærri heimkynnum sínum og fá síðan að ganga upp eftir því, sem ástæður leyfðu og þörf væri á.

Hv. 2. þm. Árn. (EE) lýsti þeirri afstöðu sinni hér, sem okkur var ekki kunn frá störfum hans í n., að hann mundi ef til vill koma fram með brtt. við frv. við 3. umr., er fjallaði um það, að næsti menntaskóli yrði reistur í sveit á Suðurlandi. Ég býst við því, að ég og aðrir hv. þm. séum sammála um það, að rétt sé að stefna að því, að menntaskóli verði reistur í sveit, til þess að þeir nemendur, sem kjósa heldur að stunda menntaskólanám sitt þar, eigi þess kost, en vil leyfa mér að benda á í sambandi við afstöðu hv. 2. þm. Árn., að nú þegar er hafin framhaldskennsla á Laugarvatni og því ekki sérstök ástæða til að reisa menntaskóla í sveit í nágrenni Rvíkur, heldur einmitt annars staðar á landinu, þar sem nemendur eiga erfiðara með að sækja nám til Rvíkur en úr þessu næsta nágrenni hennar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, nema eitthvað sérstakt komi fram, sem gefur mér ástæðu til að taka til máls síðar.

Umr. frestað.

Á 72. fundi í Ed., 2. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil út af ræðu hv. 1. þm. Eyf. taka það fram, að orð mín átti ekki að skilja sem ásökun á n. Ég benti aðeins á það, að við umr. kom skýrt í ljós, að einn nm. hafði sérstöðu í málinu og var alveg á móti nál., og vil ég leiðrétta það, ef hæstv. forseti hefur skilið mig á þann veg, að ég væri að óvirða n. En því verður ekki neitað, að það kom í ljós við umr., að þetta nál. er ekki merkilegt plagg í málinu og þannig úr garði gert, að þm. hefðu hlotið að fá ranga hugmynd um málið, ef þeir hefðu aðeins lesið nál., en ekki hlustað á klukkustundarræðu eins nm., sem var þó ekki frsm., en upplýsti þó fjölmörg atriði, sem nál. kemur ekkert inn á.

Hæstv. forseti þarf ekki að vera að tala um hrossakaup í þessu sambandi, og ég lýsi yfir því, að hann getur a. m. k. ekki gert hrossakaup við mig. Hann sagði, að afstaða sín til málsins væri mörkuð af því, að hann væri á móti menntaskólabákni í Rvík. En það hefði þá átt að koma skýrt fram í gögnum, að hann væri því mótfallinn. Því að þótt hann hafi samþ. brtt. menntmn. á þskj. 365, þá sé ég ekki, að það sé nein yfirlýsing móti því, að ekki verði reistir fleiri menntaskólar í Rvík. Brtt. hnígur fyrst og fremst að því, að það eigi að koma þrír nýir skólar í landinu og að þeir risi annars staðar áður en fjölgað er slíkum stofnunum í Rvík.

Þá fullyrðir hann, að kostnaður verði ekki meiri, þótt skólum verði fjölgað. Því til sönnunar liggja hér engin gögn fyrir, og reynslan sýnir hið gagnstæða. Því fleiri skólar, því meiri kostnaður. Skólinn á Eiðum hlýtur t. d. að kosta miklu meira fé með heimavist en heimavistarlaus skóli eins og á Ísafirði. En á Eiðum varð vitanlega ekki komizt hjá slíkum kostnaði og jafnvel ekki hjá því að reisa kennarabústaði eða nýbýli fyrir kennara.

Annars hef ég haft till. í þessu máli, sem hv. menntmn. hefur ekki viljað sinna.

Hv. þm. (BSt) sagði, að það hefði verið dregið í efa, að fleiri menntaskóla þyrfti á Íslandi, og beindi því til mín. En hér er um misskilning að ræða. Ég sagði aðeins, að ég væri ekki bær að dæma um það, og ég efast um, að nokkur sé raunverulega fær um að segja nákvæmlega eða dæma um það. Hitt er ég hv. þm. sammála um, að miðað við menntunarkröfur nútímans og menntun almennings, þá sé stúdentspróf hlutfallslega ekki meira en gagnfræðapróf fyrir 40 til 50 árum, en hvorugur okkar er bær um að dæma um það, hvort fjölga þarf menntaskólunum.

Hv. þm. sagði, að fólk flyttist til Rvíkur til að geta komið börnum sínum þar til mennta, en mér er þá spurn: Yrði það ekki alveg sama útkoman með Ísafjörð, ef menntaskóli yrði reistur þar? Ef það er hætta á, að fólk flytjist til Rvíkur til að koma börnum sínum þar í menntaskóla, yrði um sömu hættu að ræða á Ísafirði, ef þar væri reistur menntaskóli, að menn flyttust í kaupstaðinn, nema því aðeins að hv. þm. ætlist til þess, að jafnframt verði reistar heimavistir á Ísafirði, og ef hann ætlast til þess, þá eru fallin burt rökin fyrir því, að nauðsynlegt sé að hafa menntaskóla í hverjum landsfjórðungi. En séu ekki byggðar heimavistir, sé ég ekki annað en það sé nákvæmlega sama hættan á því, að fólk flytji að skólanum með börn sín.

Ég bað hv. flm. og menntmn. að athuga, hvort ekki gæti orðið samkomulag um, í stað þess að ákveða tölu menntaskólanna í lögum, að efla svo héraðsskólana, að þeir ættu þess kost að auka við sig bekkjum, 3. og 4. bekk menntaskóla, og svo áframhaldandi. Þess sér hvergi stað í þessu frv., en ég hygg, að það verði samt þróun þessara mála, að þeir héraðsskólarnir, sem mest eru sóttir, eins og t. d. Laugarvatn, þróist smátt og smátt upp í að verða menntaskólar. Þar er nú framhaldsdeild í vetur, sem samsvarar 3. bekk, og taka nemendur úr henni próf upp í fjórða bekk menntaskólans í vor. Á þennan hátt, sem ég álít réttan, geta unglingarnir dvalizt tveimur til þremur árum lengur við nám heima í héraði, og svo smáþróast og lengist skólahaldið, unz kominn er fullgildur menntaskóli. Það er vitanlegt, að það veltur mest á mönnunum, sem stjórna þessum skólum, sbr. Möðruvallaskóla og Jón Hjaltalín og Stefán Stefánsson skólameistara og Sigurð skólameistara, alveg án tillits til þess, hvar skólarnir eru staðsettir. Og það er eins með skólann á Núpi í Dýrafirði. Það hefði enginn miðlungsmaður komið upp þeim skóla til að byrja með; um það er varla ágreiningur. Ég tel þá stefnu, sem ég hef lýst, vera happasælli en að leggja allt kapp á að ákveða, að menntaskólar skuli vera 5 í landinu.

Ég treysti mér ekki til að vera með þessu frv. eins og það er, og mun ég því greiða atkvæði móti því.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þegar ég í gær ræddi um seinagang þann, sem verið hefur á afgreiðslu þessa máls hér, rakti ég það samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu þingsins. Ég hélt, að ég hefði ekki skellt skuldinni á hæstv. forseta, eða hann sem formann menntmn., enda er það fjarri mér að segja, að hann eigi sök á þessu. Ég get þvert á móti sérstaklega tekið það fram, að hann hefur boðað á milli 10 og 20 fundi í n., en án árangurs, þar eð ekki hafa komið nema tveir og þrír á fund. (GJ: Ræðumaður kom ekki sjálfur á nefndarfund í morgun.) Ég hygg, að það sé eini nefndarfundurinn, sem ég hef ekki mætt á. Nei, sökina á því, hvernig þetta mál hefur þvælzt, eiga þeir, sem ekki hafa fengizt til að mæta á fundum, og svo mun vera um fleiri mál, sem forseta er kennt um, að hann dragi að taka fyrir. Ég kann alltaf bezt við þá andstæðinga, sem ganga beint framan að mönnum og málum, en ekki þá, sem svíkjast frá störfum heilt þing til að drepa mál.

Ég skal þá víkja að ræðu hv. 4. landsk. (BrB). Hann tjáði sig hreinlega vera andstæðing þessa máls, og hef ég ekkert við það að athuga í sjálfu sér, hann um það. Hann ræddi síðan nokkur efnisatriði, og kem ég nú að því. Hann taldi, að ýmsum málum lægi meira á en þessu, og hv. þm. Barð. sagði eitthvað svipað. Auðvitað get ég ekki, sem er annar af flm. þessa frv., vitað, í hvaða röð málin eru í heila þessara hv. þm. En það stendur hvergi skrifað. — það get ég sagt, — að þetta mál skuli vera númer eitt á framkvæmdaskrá ríkisins. Það er hreint og beint gefið í vald fjárveitingavaldinu á hverjum tíma, hvenær ráðizt skuli í framkvæmdir þær, sem hér um ræðir. Það er aðeins ákveðið, að menntaskóli skuli vera í hverjum fjórðungi.

Hv. 4. landsk. taldi rangt að stofna fleiri og smærri skóla, aðallega smærri, og talaði einkum um kennaravandræði í því sambandi. Góðir sér-

kennarar hefðu ekki nóg að starfa á stöðum úti á landi, og kraftar þeirra nýttust ekki eins vel og þyrfti. Það er rétt, að það þarf úrvalskennara í tungumálum, stærðfræði, íslenzku og fleiri greinum við slíka skóla. En á Ísafirði og Eiðum, og ef menntaskóli á Suðurlandi yrði stofnaður á Laugarvatni, er of lítlu starfssviði ekki til að dreifa, því að á öllum þessum stöðum eru skólar fyrir, sem hafa fulla þörf fyrir þá starfsgetu góðra kennara, sem afgangs kynni að verða frá menntaskólunum á þessum stöðum. Væri t. d. afburðamaður kennari í íslenzkum fræðum á Ísafirði, við menntaskóla þar, þá er gagnfræðaskóli við hliðina og nemendur í honum hátt á þriðja hundrað að tölu, svo að nóg væri fyrir þann kennara að gera. Alveg hið sama yrði á Laugarvatni, og eins á Eiðum, þar sem héraðs- og menntaskóli væru hlið við hlið. Þessi mótbára, um að starfskraftar kennaranna nýttust ekki til fulls, er því ekki á rökum reist.

Þá benti hv. 4. landsk. á, að erfitt mundi verða að útvega þessum stöðum góða kennslukrafta, og verra en í Rvík, en reynslan bendir ekki sérstaklega í þá átt, samanber t. d. Menntaskólann á Akureyri. Ég ætla ekki að fara í neinn mannjöfnuð, en ég hygg, að það sé almennt álitið, að þar séu ekki verri kennslukraftar en í Rvík. Og við gagnfræðaskólann á Ísafirði held ég, að séu sambærilegir kennslukraftar við aðra sams konar skóla, t. d. í Rvík, þar sem aðdráttaraflið á að vera mest. Ég hygg, að kennarar við Menntaskólann í Rvík séu rétt upp og ofan að „kvaliteti," eins og kennarar úti um land. Þeir geta verið stórmisheppnaðir menn þar eins og annars staðar, jafnvel kennarar í aðalfögum. Ég geri því ekki upp á milli í þessum efnum. Það fer mest eftir því, hvernig forráðamönnum skólanna tekst um útvegun góðra kennslukrafta, og það tekst oftast nær, ef vel er unnið.

Þá er það kostnaðarhliðin. Ég tók ekki eftir því, að hv. 4. landsk. reiknaði það út, að ódýrara yrði að færa út kvíar menntaskólans í Rvík en reisa menntaskóla í öðrum landsfjórðungum, enda væri erfitt að fá þá útkomu á dæminu. Ef farin verður sú leið, sem mér finnst liggja í loftinu, að nota gamla menntaskólahúsið í Rvík lengi enn þá sem skólahús, þá fer ekki hjá því, að kosta yrði verulegu fé til þess, þó vonandi ekki eins miklu og til Bessastaðastofu og Bessastaðakirkju, er mun skipta milljónum. Í öðru lagi þyrfti að byggja einhver ný hús og breyta öðrum, t. d. húsi K.F.U.M., ef það yrði keypt og notað til kennslu. Og það er upplýst, að lóðin umhverfis skólann, með þeim húsaskrokkum, sem á henni standa og eru í eigu einstaklinga, mundi kosta 5 til 6 millj. kr. Og svo ætti að kveða í kútinn hugmyndina um menntaskóla á Austurlandi og Vestfjörðum og láta Rvík taka við nemendum úr þessum fjórðungum að hálfu móti Akureyri, og mundi þá að því reka, að byggður yrði nýr menntaskóli hér, ekki síst, ef reist væri hér stórt heimavistarhús, eins og hv. þm. taldi sjálfsagt og mest aðkallandi í öllum þessum málum. Ég veit, að kostnaðurinn við slíkar ráðstafanir í Rvík yrði margfaldur á við það að leysa þetta spursmál með tveimur smærri menntaskólum úti á landi og tiltölulega litlum á við skóla hér.

Hér í menntaskólanum eru nú um 460 nemendur, en 500 mun vera hámarkið, og er því að því komið að reisa hér nýjan skóla, ef ekkert er að gert. Nú er verið að leggja niður gagnfræðadeildina við menntaskólann í Rvík, og rýmkast þá í skólanum sem svarar tveimur bekkjum. Ef nú væru reistir menntaskólar á Eiðum og Ísafirði á meðan verið er að fylla upp í þá rýmkun, gæfist Reykvíkingum tóm til þess á meðan að rífast hér um þetta mál, menntaskólamál sitt, ef það yrði þá ekki allt í hönk eins og í menntaskólaleiknum núna. En það ynnist sem sagt tími til að rífast um málið og athuga það. Kostnaðarhliðin er á þá lund, að hún er ekki Reykjavíkur-skólabákni í hag.

Mér skildist, að hv. 4. landsk. væri því meðmæltur, að fyrr eða síðar yrði reistur menntaskóli í sveit, og þá talaði hann ekki um kennaravandræðin, sem eru orsök til þess, að hann er á móti menntaskóla á Ísafirði, þó að þar sé skóli með viðbótarkennslukröftum annars vegar og með viðbótarverkssviði fyrir fasta kennara við menntaskólann hins vegar. Meira að segja kom hv. þm. Barð. nú inn á þá hugmynd, að héraðsskólarnir allir færu nú að bæta við sig smátt og smátt bekkjum menntaskóla og halda þannig áfram, unz að því kæmi, að unnt yrði að ljúka stúdentsprófi við þá heima í héraði. Hvað segja menn um nýtingu kennslukraftanna í þessu sambandi? Í 300 manna héraðsskóla væru kannske 15 nemendur í framhaldseða menntaskólanámi og 3—5 í 100 manna skóla hjá þeim kennurum, sem ættu að heita menntaskólakennarar. Þetta væri hin ópraktiskasta meðferð kennslukrafta, sem hægt væri að hugsa sér. Auk þess vil ég benda á, að ef erfitt er að útvega kennara til reglulegra menntaskóla úti á landi, hversu erfitt yrði þá ekki að útvega hæfa kennara að þessum fámennu menntadeildum, þar sem menntaskólakennslan væri beinlínis aukahlutverk? Það yrðu fyrst vandræði að eiga við það og óhyggileg sóun á kennslukröftum á fáeina nemendur, eða að góðir kennarar fengjust beinlínis ekki til starfsins. Nei, ég held, að í framkvæmd yrðu þeir agnúar á þessari hugmynd, að hún komi ekki til greina.

Með nýju fræðslulögunum var áreiðanlega meginhugsunin sú að gefa gáfuðum unglingum, hvar sem þeir eru á landinu, færi á að njóta gáfna sinna og krafta, og fyrir því er vel séð í l. allt fram að miðskólaprófi. En þegar því er lokið, verður unglingurinn að hafa getu til að ráðstafa sér til framhaldsnáms í Rvík eða á Akureyri. Ef hann ætlar til Rvíkur, hvað kostar það hann? Ekki minna en 8—10 þús. kr. yfir veturinn. (*GJ*: Hvað kostar það á Ísafirði?). Þar hefur þetta ekki komið til greina enn þá, m. a. vegna þess, að hv. þm. Barð. hefur verið á móti því að reyna það, en þeir, sem komast þar til náms, gera það oftast í skjóli skyldmenna og kunningsskapar, en þá aðstöðu hafa þeir ekki í Rvík yfirleitt. Kunningsskapar- og fjölskylduböndin eru af eðlilegum ástæðum nánari innan hvers fjórðungs en úti í frá. Sú aðstaða auðveldar námssóknina að geta komið börnum sínum fyrir hjá kunningjum og skyldfólki, og það sannast hvarvetna, að úr næsta nágrenni skólanna er námssóknin alltaf mest, og þetta er vel skiljanlegt. Þessi aðstaða mundi notast miklu betur fyrir Vestfirði t. d., ef menntaskóli væri á Ísafirði. Í gagnfræðaskólanum þar eru nú upp undir 300 nemendur. Um 20% af þeim eru viðs vegar af Vestfjörðum, og nokkrir lengra að komnir, flestir gegnum kunningsskaparsambönd.

Ég held, að það bezta, sem felst í nýju skóla-

löggjöfinni, sem hv. 4. landsk. á mestan heiðurinn af sem fyrrv. menntmrh., sé það, að mönnum er gert sem jafnast undir höfði um aðstöðu til að ná miðskólaprófi og öðlast rétt til að setjast í menntaskóla. En ef gera á aðstöðuna sem jafnasta áfram til stúdentsprófs, þá er ekki önnur leið fær en að stofna litla menntaskóla í hverjum landsfjórðungi, og mér er það óskiljanlegt, hví ekki á að fylgja anda löggjafarinnar áfram til stúdentsprófs, og fæ ekki skilið, að hv. 4. landsk. geti verið á móti því á eftir því, sem á undan er gengið. Það kom mér alveg á óvart og er alveg í mótsögn við hans fyrri aðgerðir í þessu máli.

Það er nú alger óþarfi að svara þeirri ræðu, sem hv. þm. Barð. (GJ) hélt hér í gær. Af mörgum fáránlegum ræðum, sem ég hef heyrt hann flytja hér í þessari hv. d., var ræða hans í gær langfáránlegust. Hann hafði allt á hornum sér. Nál. var svo ófullkomið og stutt. Frsm. hafði haldið svo stutta framsöguræðu. Annar maður hafði haldið of langa og ýtarlega ræðu um málið og hafði komið með upplýsingar, sem ekki voru í nál. Hvernig ætli það sé annars? Ætli allar upplýsingar, sem koma fram við umr. um mál, verði að koma fram í nál.? Skyldu allar upplýsingar, sem hv. þm. Barð. (GJ) hefur í hinum löngu ræðum sínum, koma fram í þeim nál., sem hann gefur út? Ég held ekki. Það yrði þá aðeins lengd á þeim nál., því að einhverjar upplýsingar hljóta þó að slæðast með í hinum löngu ræðum hv. þm. Barð., sem samanlagt munu vera jafnlangar og ræður allra annarra dm. til samans. Hann hafði allt á hornum sér. Allt var öðruvísi en það átti að vera. Hann vildi kenna forseta þessara d., hv. 1. þm. Eyf. (BSt), hvernig hann ætti að ganga frá nál. Það mátti ekki kalla það álit frá n., ef meiri hl. gekk frá því. Hann kunni ekki við það, að hv. 2. þm. Árn. (EE) hafði áskilið sér að gera grein fyrir atkv. sínu. Þetta kom þó fram í nál. Hv. þm. Barð. (GJ) áskildi sér líka rétt til að gera grein fyrir atkv. sínu, og það gerði hann með löngum skýringum, sem ég botnaði ekki neitt í fremur venju.

Svo þegar hv. þm. hafði látið í ljós, hvað hann væri óánægður með allt, sem gert hafði verið af hálfu n., gerði hann grein fyrir afstöðu sinni til málsins, og það var hreint og skýrt og ólíkt mennilegra en aðferðir sumra hv. þdm. til þessa máls: að hliðra sér hjá því að láta afstöðu sína til málsins koma fram. Hann sagðist hreint og klárt vera á móti þessu máli. Og hvers vegna? Af því að Ísafjörður væri bara fiskiðjuver og ætti því ekki skilið að fá slíka stofnun sem menntaskóla. Þar væru ekki nokkur skilyrði til skólahalds. Um lífsskilyrðin sagði hann, að þar væri ekki nokkurt ræktanlegt land, alla mjólk þyrfti að kaupa að og Ísafjörður væri óbyggilegur staður. Ekkert væri óeðlilegra en að þar kæmi menntaskóli. Þar þyrfti að koma grútarbræðsla, og það er alveg satt. Það er engin ný uppgötvun hjá hv. þm. Barð. (GJ). Þar þarf að koma grútarbræðsla, en þess þarf líka á Bíldudal. En rétta lausnin sagði hann, að væri, ef nemendur úr Rvík færu að Skálholti, af því að það væri sögufrægur staður, og svo að Rafnseyri. Það er víst enginn á móti því, að þar komi upp menntasetur, og það var víst n., sem átti að unga einhverju út í því skyni að koma upp menningarstofnun á Rafnseyri, en það bara örlar ekki á því enn þá. En er aðstaða til menntaskólaseturs þar? Það yrðu að koma fram einhver rök fyrir því, að þangað yrði hægt að fá kennara og að eitthvað yrði fyrir þá að gera. Það yrðu að koma fram fyrir þessu einhver rök, sem ekki hafa komið fram hjá hv. þm. Barð. og hv. 4. landsk. þm. (BrB), eitthvað annað en það, sem þeir hafa þegar sagt. En sé það svo, að litið yrði að gera fyrir menntaskólakennara á Ísafirði, yrði að líkindum enn þá minna að gera fyrir góða sérfræðikennslukrafta við menntaskóla á Rafnseyri.

Menn hafa dregið mjög í efa þörfina fyrir menntaskóla víðar en í Rvík og á Akureyri. Þessir menn hugsa áreiðanlega ekki um það, að við setningu nýju skólalöggjafarinnar hefur orðið gerbreyting við það, að hægt er að útskrifa nemendur með miðskólaprófi um gervallt landið, þannig að nú fjölgar mjög þeim mönnum, sem rétt hafa til menntaskólanáms. Ef menntaskólar eru ekki fyrir austan og vestan, verður að segja þessu fólki að sækja um skólavist á Akureyri og í Rvík. Þeir, sem ekki geta það, sitja heima og gjalda þannig efnahags síns. En hinir, sem hafa aðra aðstöðu, fara í þessa skóla, og þeir eru þandir út eftir þörfum með byggingu heimavista og nýrra skólahúsa í Rvík, og þar með er tryggt, að skólarnir verði bundnir við Akureyri og Rvík og kannske við nágrenni Rvíkur. Nei, af nýja skólakerfinu leiðir fjölgun nemenda í menntaskólunum, og þá er spurningin: Á að hafa menntaskóla eingöngu norðanlands og sunnan, eða á að hafa þá líka í Austfirðinga- og Vestfirðingafjórðungi, sem ég tel engin rök hafa komið á móti, sem gagn er í?

Annað var það, sem hv. þm. Barð. (GJ) sagði. Hann sagðist ekkert skilja í forseta þessarar d., hv. 1. þm. Eyf. (BSt), að hafa ekki borið fjárhagslegar áhyggjur af framkvæmd þessa máls. Nú eru till. n. á þá leið, að engin fjárhagsleg skuldbinding er lögð á ríkið í sambandi við þetta á næstu árum, og þingið getur kannske spornað við framkvæmdum langa tíð, vegna þess að fjárveitingar til menntaskóla þessara eiga að ákveðast með ákvæðum fjárl. á sínum tíma. Ég held því, að núv. form. fjvn., ef hann heldur ekki, að hann verði það eilíflega, þurfi ekki að hafa þungar áhyggjur af fjárhagshlið málsins. Ég held ekki heldur, að hv. 1. þm. Eyf. (BSt) hafi áhyggjur af fjárhagshlið málsins, þegar það er framkvæmt á þennan hátt. Ef málið verður samþ., stendur til boða ókeypis lóð undir menntaskólahús, því að bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur sent tilboð um það til þingsins. Gagnfræðaskólinn mundi reyna að fá kennslukrafta til þess að taka við af miðskólaprófinu og kennsla yrði hafin fyrir 1. bekk menntaskóla — við skulum segja næsta vetur — og í framhaldi af því síðan 2. bekkjar kennsla og á 3 ári 3. bekkjar kennsla. Og þetta væri hægt í þeim góðu húsakynnum, sem gagnfræðaskólinn býr við, án þess að byrja þyrfti að byggja. En eftir að allir árgangarnir fjórir væru komnir í gang, þyrfti nýtt hús. Það eru því ekki horfur á öðru, þótt undinn yrði að þessu bráður bugur, en að það yrði ekki fyrr en eftir 4 ár, sem ríkið þyrfti að fara að standa straum af byggingu. Það yrði að vísu nokkuð aukinn kennslukostnaður, og síðar, eftir því sem kennslan yksist, mundi sá kostnaður fara hækkandi. Svona hygg ég, að þetta mundi gerast á Ísafirði og sennilega líka á Eiðum. Það þyrfti hvorki að gerast í ár né að ári, og sennilega yrði árabil

þangað til þetta yrði komið í kring á báðum stöðunum.

Mér finnst, að eina atriðið, sem hægt er að deila um eins og nú stendur, sé það, hvort það sé rétt, að þeirri útþenslu, sem fyrirsjáanleg er og verður í aðsókn að menntaskólunum, sé svarað með byggingu menntaskóla vestanlands og austan, eða hvort stefnan eigi að vera sú að færa út kviar menntaskólanna í Rvík og á Akureyri, hvort það á að byggja heimavist í Rvík, auka stúdentafjöldann þaðan. Verzlunarskólinn er nú að byrja að byggja, sjálfsagt með tilliti til þess að útskrifa stúdenta. Á þá að byggja þrjá menntaskóla hér í Rvík og þann fjórða á Akureyri og svo á Laugarvatni og í Skálholti? Þetta er sennilega þróunin, og þá sjá menn væntanlega, hvert verður jafnrétti æskunnar í landinu til náms. Ef þetta yrði, mundu nemendur skólanna ekki koma frá Austfirðingafjórðungi og Vestfirðingafjórðungi, og framvegis eins og hingað til yrðu embættismenn þjóðarinnar úti um landið valdir úr Rvík og af Akureyri, en það sýnir skýrsla fræðslumálastjóra og mþn. í skólamálum, að hefur verið venjan.

Brynjólfur Bjarnason: Það voru aðeins örfá orð vegna ræðu hv. 3. landsk. (HV). Ég býst við, að í þessu máli sé það alveg hið sama sem fyrir okkur vakir, svo að við ættum að geta rætt það alveg rólega. Við viljum báðir, að að því sé stefnt að skipa málum þannig, að sem allra mest jafnrétti yrði milli þegnanna og milli landshluta. Við erum þar á sama máli. En jafnframt þyrfti að vera tryggt, að námið yrði eins fullkomið og kostur er á og aðstaða leyfir í landi okkar.

Hv. þm. (HV) vildi ekki gera neitt úr því, að kennslukraftar nytust verr, þótt komið væri upp svona mörgum menntaskólum víðs vegar um landið. Ég færði rök að því, að svo hlyti að vera, þar sem um litla skóla væri að ræða. Það yrðu erfiðleikar á því, að úrvalskennslukraftar notuðust. Hv. þm. benti á, að þessir kennslukraftar gætu líka haft verkefni við gagnfræðaskólana. Þá er nú fyrst því til að svara, að oft er óheppilegt að blanda saman kennsluliði við menntaskóla og gagnfræðaskóla. Það er oft óheppilegt að nota þá krafta við menntaskóla, sem hægt er að nota við gagnfræðaskóla. Í öðru lagi efast ég um, að nægileg verkefni væru fyrir hendi í ýmsum námsgreinum, jafnvel þótt gagnfræðaskólar yrðu teknir með, og alveg sérstaklega kemur þetta til greina þar, sem gera verður ráð fyrir því, að menntaskólar séu tviskiptir, í máladeild og stærðfræðideild, því væri farið að byggja menntaskóla víðs vegar um landið, sem ekki væri hægt að skipta í máladeild og stærðfræðideild, teldi ég það illa farið, en það eru líkur til, að svo yrði þar, sem ekki er hægt að fullskipa bekkina. Nú býst ég ekki við, að þetta vaki fyrir hv. flm. En ég teldi það illa farið að koma upp mörgum menntaskólum og stærðfræðideildir yrðu aðeins á tveim stöðum. Ef þetta yrði, yrðu einir 3 menntaskólar, sem hefðu eingöngu máladeild, en það yrði til þess, að nemendur úti um land, sem þessa skóla sæktu, mundu fara í máladeild, því að þeir ættu ekki annars kost. Það mundi fara þannig, að þessir nemendur færu í máladeild, þótt þeir annars hefðu farið í stærðfræðideild, ef þeir ættu jafnan kost á því. Nú er það svo, að nám í stærðfræðideild er eitt af því allra nauðsynlegasta og það, sem mest vöntun er á í okkar þjóðfélagi. Það er nauðsynlegt fyrir verkfræðinga, náttúrufræðinga í ýmsum greinum, efnafræðinga o. s. frv., sem mikill skortur er á. Þótt ekki væri annað en þetta, teldi ég það mjög óheppilegt, enda er það svo, að það er mjög kostnaðarsamt að koma upp stærðfræði- og náttúrufræðideild með sæmilegri aðstöðu, ef slík deild á að vera eitthvað lík því, sem nauðsynlegt er, að hún sé.

Þá vildi hv. þm. ekki upp úr því leggja, að erfiðara væri að fá kennslukrafta út á land en hér í Rvík og benti á Akureyri. Það má segja, að sæmilega hafi gengið að fá kennslukrafta til Akureyrar, en þó kvartaði fyrrverandi skólameistari undan erfiðleikum, sem á því væru vegna samkeppninnar við Rvík (**HV:** En gengur ekki líka erfiðlega að fá kennslukrafta í Rvík?). Jú, en rektor menntaskólans í Rvík kvartar ekki undan samkeppni við Akureyri. Það er enginn vafi á því, að það er hægara að fá menn til þess að setjast að á Akureyri en á stöðum eins og Ísafirði og Eiðum, og get ég vitnað í það, hve erfitt er að fá kennslukrafta fyrir gagnfræðaskólana úti um landið, því að það er svo erfitt, að því fer fjarri að þeir hafi þá kennslukrafta, sem krefjast verður af gagnfræðaskólum.

Þá spyr hv. þm., hvort dýrara sé að hafa marga skóla, og kemst að þeirri niðurstöðu, að það sé ekki dýrara, en þegar hann var að ræða um þetta, varð mér ljóst, hvað í till. hans felst, hvað fyrir honum vakir. Það á ekki að byggja nýtt menntaskólahús í Rvík. Í stað þess eigum við að byggja skóla úti um landið. Það er þessi röð, sem hann vill hafa á framkvæmdunum. Þegar ég heyrði þetta, var ég enn þá sannfærðari en áður um það, að hér er verið að fara ranga leið. Ég er því nú enn þá meira á móti þessu frv. Mér varð af þessum kafla í ræðu hv. þm. ljóst, hversu skakkt það er, sem hann leggur til. Ég er sannfærður um, að þýðingarmesta verkefnið er að koma upp nýju menntaskólahúsi í Rvík. Þetta hús, sem kennt er í, er ófullnægjandi á alla lund. Húsakynni eru þar svo lítil og það er troðið svo í skólann, — og verður haldið áfram að troða í hann, — að það er alveg óforsvaranlegt. Og í staðinn fyrir það, að hv. 3. landsk. þm. (HV) telur hæfilegt að hafa 20—25 í bekk, eru þar, eftir því hvað stofurnar eru stórar, í bekk upp undir 40. Þessi þrengsli eru þó út af fyrir sig, en húsakynnin eru svo léleg, að það er alveg óviðunandi og háir kennslunni. — En svo er ekki bara um þetta að ræða. Hér eru engin skilyrði fyrir náttúrufræði- og stærðfræðikennslu, og því þarf að koma upp nýju húsi. Það þarf að koma upp skólastofum, sem geta gegnt sínu hlutverki fyrir eðlisfræði og efnafræði og til þess að geta gert tilraunir. Þetta er mjög aðkallandi. Og til þess að hægt sé að koma menntaskólamálinu í lag, þarf að koma upp menntaskólahúsi í Rvík. Það er höfuðröksemd mín gegn frv., að við eigum að einbeita okkur að því nauðsynlegasta á undan öðru.

Þá sagði hv. þm., þegar hann var að tala um kostnaðarhliðina, að það að byggja heimavist í Rvík mundi verða eins dýrt og að koma upp menntaskólum úti um landið. M. ö. o., hann álítur ekki brýna nauðsyn á því að koma upp heimavist í Rvík. Ég er alveg á öðru máli. Það þarf að koma upp

heimavist, og þótt þessir skólar yrðu úti um landið, þyrfti líka að koma upp heimavist. En ég er alveg sannfærður um það, að aðalmenntaskólanámið verður í Rvík, enda er það vafalaust heppilegasti staðurinn fyrir slíka hluti, m. a. vegna bókasafnanna.

Hv. 3. landsk. þm. minntist á það í lok ræðu sinnar, eða lok þess hluta ræðunnar, er hann beindi til mín, að ég hefði talið, að til mála gæti komið að stofna menntaskóla í sveit síðar meir, og að þá hefði ég ekki talað um nein kennaravandræði. Það er rétt, að ég minntist ekki á kennaravandræði í sambandi við það, vegna þess að ég álít, að við þurfum að kosta kapps um að auka kennaralið okkar á næstu árum, því að það er nauðsynlegt til þess að geta haldið uppi kennslu fyrir þann fjölda nemenda, sem ætla að stunda menntaskólanám, á hvern hátt sem þessi mál verða leyst, hvort sem þessir skólar verða fleiri eða færri. Og ég gerði ráð fyrir, að jafnvel þó að byggt yrði hús hér í Rvík og skapaðar aðstæður til þess að hafa hér skóla með 500 nemendum eða fleiri og svo hafður annar skóli slíkur á Akureyri, þá mundi það, þegar stundir liða, og það fljótlega, ekki fullnægja þörfinni fyrir slíka skóla. Og það þýðir, að ef komið er upp fleiri nýjum skólum, þarf að fá til þeirra auklð kennaralið. Það er auðvitað ekki það, sem okkur greinir á um, að auka þurfi kennsluna og bæta við kennslukröftum í menntaskólum, ef þarf að sjá fleiri og fleiri nemendum fyrir þeirri kennslu, heldur en ágreiningur um það, hvaða leiðir eigi að fara og í hvaða röð verkefnin skuli vera tekin.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vildi biðja hæstv. forseta, ef hann sæi sér fært, að fresta atkvgr. um þetta mál fram undir kl. 4, til þess að hægt verði að reyna að ná í þá hv. þdm., sem ekki eru nú staddir í d., til atkvgr.

Forseti (BSt): Það hefur enginn hv. þdm. beðið um fjarvistarleyfi nema hæstv. dómsmrh. Og samkv. upphafi 33. gr. þingskapa ber hv. þm. að vera við atkvgr., nema þeir hafi fjarvistarleyfi. Þó mun ég verða við þessari ósk um stund að fresta atkvgr. En þessi atkvgr. fer fram áður en fundi lýkur eða er frestað, ef honum verður frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Ed., 3. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 142 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 365,1 samþ. með 8:5 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 8:7 atkv.
Brtt. 365,2 (ný 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:7 atkv.

Á 75. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Ed., 8. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 424, 426, 438).

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég tók aftur við 2. umr., vegna þess að ég gat ekki verið viðstaddur umr. nema að litlu leyti, brtt., sem ég flutti strax við 1. umr. málsins. Síðan var frv. breytt við 2. umr., og hef ég reynt að laga brtt. svo í hendi, þannig að hún falli inn í frv. eins og það er nú og meiri hl. d. vildi á það fallast við 2. umr. Vera kann þó, að meiri hl. hv. d. líki ekki til hlítar aðalbreyt. Og eins og varabrtt. er, sýnist mér hún vera alveg fullnægjandi fyrir þá hv. þm., sem eru mér sammála um, að ákveða beri stað menntaskólanum í Rvík samhliða því, sem kveðið er á um, hve margir menntaskólarnir skuli vera í landinu. Ég held þess vegna, að brtt. minar, sérstaklega varatill., geti ekki á nokkurn hátt orðið til þess að spilla fyrir þessu máli, heldur mundu miklu frekar ýta undir framgang þess, svo að þeir, sem vilja á annað borð vera því hlynntir, að menntaskólanum verði fenginn ákveðinn staður hér í Rvík, ættu að leggja lið sitt til þess, að brtt. mín verði samþ. Við 1. umr. gerði ég rækilega grein fyrir ástæðunum, sem eru til þess, að ég flutti þá brtt., og sé ég ekki ástæðu til þess að ítreka það.

Ég sá þess getið í blöðum, að hv. 4. landsk. þm. hefði mælt á móti brtt. minni, og kemur mér það að vísu ekki á óvart, eins og hann hefur komið óhöndulega við sögu byggingarmála menntaskólans hér í Rvík. Því að það er óhætt að segja, að enginn maður ber frekar ábyrgð á því en hann, að þeir miklu veltutímar, sem undanfarið hafa gengið, hafa svo liðið, að ekkert hefur verið gert til þess að bæta úr húsnæðisskorti þessa menntaskóla. Og er mjög átakanlegt, hversu illa til hefur tekizt í því efni um menntaskólann hér í Rvík, gagnstætt því, sem átt hefur sér stað um menntaskólann á Akureyri, en það, hve vel gekk um þann síðar nefnda skóla, var ekki fyrir forustu þáv. menntmrh., heldur skólameistara þess skóla, en stórfé hefur verið varið til þess á síðustu árum að bæta húsakost menntaskólans á Akureyri. Ef svipuð vinnubrögð hefðu verið viðhöfð hér syðra og farið eins að og eitthvað ákveðið hefði fyrir mönnum vakað og eitthvert viðráðanlegt takmark sett, hefðu áreiðanlega getað átt sér stað stórkostlegar umbætur í sambandi við húsakost menntaskólans hér syðra, ekki síður en hið nyrðra hafa orðið í þessum málum. — En sérstaklega hlýtur það að verða þungur áfellisdómur, sem kveðinn verður yfir fyrrv. hæstv. menntmrh., hv. 4. landsk. þm., fyrir það, að í hans menntmrh.-tíð var látið líða hjá hið einstakasta tækifæri, sem nokkurn tíma hefur komið til þess að stækka lóð menntaskólans hér í Rvík, en það var þegar húsbruninn varð við Amtmannsstíg haustið 1946. Ef þá hefðu verið af framsýni látnar hendur standa fram úr ermum, hefði áreiðanlega verið hægt að gera ráðstafanir, sem stórlega hefðu bætt húsnæðismál menntaskólans. Því miður var það vegna þess, að þáv. form. menntamálastjórnarinnar í landinu hafði ekki skilning á þessu máli, að þetta einstaka tækifæri var látið ganga sér úr greipum. Þó tel ég síður en svo ástæðu til að örvænta um, að smám saman megi fá ærnar lóðir í námunda við núverandi menntaskólahús hér í Rvík, sem að sæmilegu gagni kæmu fyrir þennan skóla. Og það er vitað, að meginhluti gamalla nemenda skólans og flestir þeir, sem hugsa um skólann og hús hans sem holla uppeldisstöð og dýrmætan menningararf þjóðarinnar, leggja á það mjög ríka áherzlu, að skólinn verði hafður áfram á þeim sama stað og hann hefur verið og þar verði reistar fyrir hann

nauðsynlegar byggingar. Og þær hagkvæmniástæður, sem til greina koma, hniga mjög eindregið í sömu átt og grg. þeirra Einars Magnússonar og félaga hans, sem um þetta rita, glögglega sýndu, svo að ekki verður lengur um deilt.

Ég held þess vegna, að það væri ákaflega mikilsvert, ef menn vildu af alvöru stuðla að því, að bætt verði úr húsnæðisvandamálum menntaskólans hér í Rvík, til þess að hægt verði að bæta aðstöðu við skólann fyrir nemendur til náms, og að nú verði í þessu augnamiði tekin ákvörðun um það, hvar skólinn eigi að standa. Ég er hræddur um, að þangað til sú ákvörðun verður tekin og meðan menn eru að hoppa holt af holti, eins og gert var af fullkomnu ráðleysi í tíð fyrrv. menntmrh. í sambandi við það, hvar þessi skóli eigi að standa, þá verði ákaflega lítið framkvæmt í þessu og þá haldi menntaskólinn í Rvík áfram að dragast aftur úr. — Það er skiljanlegt, að þessi hv. þm., 4. landsk., vegna skoðana sinna á menningararfi þjóðarinnar, sé því andstæður, að þjóðfundarhúsið gamla haldi áfram að vera aðalskóli íslenzkra menntamanna. En sem betur fer held ég nú, að sú stefna njóti mjög minnkandi fylgis meðal hv. þm., að nota beri ekki þá miklu menningararfleifð og þau hollu uppeldisáhrif, sem eru einmitt fólgin í því að láta þennan skóla halda áfram á þessum sama stað.

Ef brtt. mín skyldi ekki ná samþykki hér í sambandi við þetta mál, er ég sannfærður um, að það muni vera af því, að menn vilja ekki láta blanda efni hennar inn í frv. um tölu menntaskólanna. Og þá verður að taka það mál, að ákvarða þetta um menntaskólann í Rvík, upp á öðrum vettvangi. En það mundi greiða fyrir þessu frv., ef hv. þm. vildu leysa þetta mál fyrir okkur Reykvíkinga í sömu andrá og ákvörðunin um skólafjöldann væri tekin.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég á hér brtt. á þskj. 426, sem er smávægileg. Þessi brtt. er við brtt., sem hæstv. dómsmrh. flutti, og fellur inn í brtt. eins og hún var, þegar ég samdi mína brtt. En nú hefur sú breyt. orðið á, að hæstv. ráðh. hefur gert brtt. að nýju, eins og hann lýsti. Mín brtt. fellur því ekki lengur inn í brtt. hæstv. dómsmrh., nema eitthvað sé sniðin til önnur hvor brtt. Ég vil því leyfa mér að bera fram skriflega brtt. við brtt. frá hæstv. dómsmrh. á þskj. 438. En skriflega brtt. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „1. málsgr. fyrri gr. orðist svo: Menntaskólar skulu vera í Reykjavík og á Akureyri. Enn fremur er heimilt að reisa menntaskóla í sveit á Suðurlandi, þegar fé er veitt til þess á fjárl.“ Þetta er enginn efnismunur frá því, sem er í minni prentuðu brtt., heldur er hún felld á eðlilegan hátt við þá brtt., sem ég ætlaðist til, að brtt. mín væri flutt við. En fyrri brtt. mína, á þskj. 426, tek ég aftur.

Um þetta mál að öðru leyti er óþarft fyrir mig að vera margorður. Og þó að ég leggi hér til, að menntaskóla verði heimilað að reisa á Suðurlandi, geri ég það alls ekki af því, að ég hafi verið hvattur fram til þess af Sunnlendingum, af því að þeir telji sér svo bráðnauðsynlegt að fá menntaskóla. Það er annað, sem fyrir mér vakir, nefnilega það, að hér hafa fyrir hæstv. Alþ. einatt legið till. um að stofnaður skuli verða menntaskóli í sveit og þá á Suðurlandi einhvers staðar. Ég geri ráð fyrir, að þeir hv. þm., sem flutt hafa þetta fram á Alþ., allt aðrir en sunnlenzkir þm., hafi gert það ekki af hvötum, sem miðast hafa við það, frá hvaða héraði þeir hafa verið, heldur hafi till. þessar miðazt við það, hvað heppilegast væri í málinu, þegar litið er til þess, að hagkvæmt mætti vera að nokk ur hluti menningarstarfsemi menntaskólanna færi fram í sveit, í staðinn fyrir að sú starfsemi fari öll fram í kaupstöðum. Og þetta eitt vakir fyrir mér með því að flytja þessa brtt. En mér þykir of mikið í ráðizt eins og gert er ráð fyrir í frv., að gera ráð fyrir fjórum menntaskólum í landinu. Ég efa, að nokkurri menningarþörf á Íslandi sé eins vel borgið og þeirri, sem menntaskólar uppfylla, þegar miðað er við höfðatölu þeirra, sem útskrifast sem stúdentar á ári hverju. Það mætti svo fara, að of mikil stúdentaframleiðsla gæti orðið eins mikið til böls eins og bóta hér á landi. Og ef menntaskólar koma upp víða á landinu, verður að gæta þess, að þeir verði ekki því ófullkomnari sem þeir verða fleiri, með tilliti til kennslukrafta. Þetta verður að athuga vel og hleypa ekki hlassinu fram fyrir sleðann. Ég sé ekki eftir því, þótt Ísfirðingar og Austfirðingar njóti aukinnar menntunar og njóti skilnings Alþ. um þær þarfir sínar. En ég held, að þessum stöðum sé þörf á annarri aðhlynningu en að keppast við að koma þar upp menntaskólum. Það er rétt, sem hér hefur verið bent á, að fátækir, námfúsir piltar, sem heima eiga langt úti á landi, eiga nú við erfiðleika að etja um að njóta menntaskólanáms. En ég vona, að sá skilningur um þessi mál verði alltaf fyrir hendi, að hæstv. Alþ. og aðrir, sem hlut eiga að máli, verði fúsir til að vinna að lagfæringu á þessu máli með því að koma upp heimavistum til þess að létta undir með þessum námsmönnum, sem erfiðasta aðstöðuna eiga um menntaskólanám.

Ég vil ljúka máli mínu með því að taka það aftur fram, að með þessari brtt. minni um heimild til þess að reisa menntaskóla í sveit, og þá á Suðurlandi, þegar fjölgað verði menntaskólunum, — með þessari till. nefni ég Suðurland sem líklegan stað til þessa. En ég vil standa fjarri allri héraðapólitík í þessu efni. Og ég vil með því að nefna Suðurland í þessu sambandi taka í sama streng og Pálmi Hannesson hefur gert og fleiri menntamenn hafa gert áður, og enginn hneykslaðist þá á því. Og það er af sömu rótum, sem ég ber fram mína brtt.

Forseti (BSt): Brtt. á þskj. 426 er tekin aftur, og ég skil það svo, að brtt. á þskj. 142 sé einnig tekin aftur. **(Dómsmrh.:** Já).

Mér hefur borizt skrifleg brtt., sem hv. þm. hafa heyrt, frá hv. 2. þm. Árn. (EE), við brtt. á þskj. 438. Það þarf tvöföld afbrigði til þess að þessi brtt. megi koma til atkvgr., þar sem hún er of seint fram komin og skrifleg.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 456) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Ég vil taka það fram, að sem form. menntmn. mun ég óska eftir því, að umr. verði ekki alveg lokið nú um málið, svo að menntmn. geti aðeins athugað nýjar brtt., sem fram hafa komið síðan n. hafði málið til meðferðar, þ. e. varatill. hæstv. ráðh. og þá skriflegu brtt., sem nú

var lýst. Ég tel því réttara fyrir þá, sem ræða málið nú eitthvað áfram, að tala sig ekki alveg dauða, ef þeir mundu þurfa að taka til máls við framhald umr.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég sagði nú við 2. umr. þessa máls, að mér fyndist nú ekki taka því að vera að ræða mikið um þessa brtt. hæstv. ráðh., og gerði það heldur ekki. En einhvers staðar hefur hann samt sem áður séð, að ég mælti á móti henni, og það er rétt með farið. En mér fannst þetta svo fjarri öllu lagi, sem í brtt. stóð, að mér fannst ekki rétt að ræða mikið um það.

Annars virðist mér þessi hæstv. ráðh. vera farinn að líkjast iskyggilega einum fyrrv. ráðh., núv. hv. þm. S-Þ. (JJ). Það er ákaflega algengt, að *hann fær einhverjar flugur í höfuðið*, þannig að við hvert tækifæri, mögulegt eða ómögulegt, ber hann fram eitthvert hégómamál, sem honum er sérstaklega umhugað um, sérstaklega ef hann hefur lent í hörðum deilum um það eða svipað mál við menn, sem honum er illa við. Þá hefur hann fengið einhverja meinloku á heilann, sem þarf að fá útrás. Það er nákvæmlega það sama, sem gerist hjá hæstv. dómsmrh. Við öll tækifæri, möguleg og ómöguleg, reynir hann að koma þessu menntaskólamáli að, þessari meinloku sinni, að menntaskólinn í Rvík þurfi að standa á einhverri ákveðinni lóð, og þá er alveg sama, hvort þetta á við eða ekki. Nú, þegar menn ganga með svona andlegar meinlokur, þá er náttúrlega ósköp leiðinlegt að standa í því að rökræða við þá, enda var það ekki meining mín. En náttúrlega nær ekki nokkurri átt, að setja eigi inn í l. um menntaskóla ákvæði um það, á hvaða lóð menntaskólinn í Rvík eigi að standa, enda var sýnilegt, að ein ástæðan og kannske aðalástæðan til þess, að hæstv. dómsmrh. hóf máls við þessa umr., var að fá tækifæri til þess að þjóna skapi sínu vegna þessa máls.

Nú er það svo, að hæstv. ráðh. sagði, að mér hefði á sínum tíma farizt mjög óhöndulega í þessu máli. Nú, en til þess að girða fyrir það, að ekkert óheppilegt verði aðhafzt í þessu efni, þá þarf ekki nú að fara að setja slíkt ákvæði inn í l., því að nú er komin ný ríkisstj. Og maður skyldi ætla, að þessi nýja stjórn, þar sem hæstv. dómsmrh. er einn aðalmaður og andlegur leiðtogi, sæi um, að ekki væri hætta á því, að svo óhöndulega færi, að hún gæti ekki ráðið fram úr því, á hvaða lóð skuli reistur menntaskóli í Rvík. Og því furðulegra er, að hæstv. ráðh. skuli koma með slíka till.

Annars, úr því að ég stóð upp, þá er rétt að geta þess, að ástæðan til þess, að ekki er enn hafin bygging á nýju menntaskólahúsi í Rvík, er eingöngu framkoma þessa hæstv. ráðh. Það er hans sök eingöngu. Undir hans forustu í bæjarstjórn var það tafið, að samþykki fengist fyrir að byggja menntaskólahús á þeim stað, sem sú n., sem hafði með höndum undirbúning að byggingu menntaskólahúss í Rvík, hafði einróma lagt til. En í þessari n. var rektor menntaskólans og skipulagsstjóri og Sigfús Sigurhjartarson. Þessi n. lagði einróma til, að skólinn yrði byggður á ákveðnum stað. En það var andstaða á móti því frá hæstv. dómsmrh., sem þá var borgarstjórinn í Rvík. Og þegar það loks fékkst samt sem áður samþ., komu nýjar hindranir í veginn. Það var sem sé ákveðið af samtökum útgerðarmanna, að byggð yrði mikil stöð fyrir fiskiðnaðinn, og hafður var augastaður til þess á þeim stað, sem ætlaður hafði verið menntaskólanum, og var þess sérstaklega óskað, að menntaskólinn rýmdi fyrir þessum fyrirhuguðu framkvæmdum útgerðarmanna. Nú vildi ég með engu móti standa í vegi fyrir því, ef það væri svo sérstaklega nauðsynlegt, að einmitt þessi staður yrði valinn fyrir þetta fyrirtæki, og var óskað eftir því í samráði við n., sem hafði undirbúning málsins með höndum. Enda varð þarna alveg samkomulag um, að önnur lóð yrði afhent fyrir skólann, sem undirbúningsnefnd menntaskólahúsbyggingarinnar einnig taldi mjög hagkvæma, eftir því sem kostur var um lóðir í Rvík, og var sammála um að mæla með henni. En þessi lóð fékkst ekki, hvernig sem ítrekuð var beiðni um hana, fyrir skólann. Það var ekki nokkur kostur á að fá samþykki fyrir þessari lóð. Það er þannig eingöngu af þessum ástæðum, að það dróst, að hafin yrði bygging menntaskólahúss í Rvík. M. ö. o., bæjarstjórnin í Rvík, og þá fyrst og fremst undir forustu hæstv. núv. dómsmrh., hefur beinlínis komið í veg fyrir, að hafin yrði bygging nýs menntaskólahúss í Rvík. Það lá þarna á bak við, að núv. hæstv. dómsmrh. hafði bitið svona óskaplega fast í sig, að menntaskólinn yrði hafður á þessari sérstöku lóð, sem hann nú er á. Og þetta er hans kappsmál fyrst og fremst í þessu sambandi. En vegna þess, að það voru ýmsir fleiri, sem höfðu áhuga fyrir því, að menntaskólinn væri áfram á þessum sama stað, gerði ég ráðstafanir til þess, að þetta væri rannsakað til hlítar. Það hafði verið fyrst athugað um *þennan stað bæði af húsameistara ríkisins og sérfræðingum*, sem einróma lögðu á móti því að byggja á þessum stað vegna ýmissa örðugleika. En samt sem áður, til þess að ganga úr skugga um þetta, óskaði ég eftir því, að borgarstjórinn í Rvík, sem þá var núv. hæstv. dómsmrh., skipaði mann til þess að gera endanlegar athuganir um þetta í samvinnu við skipulagsstjóra ríkisins, Hörð Bjarnason. Hann gerði það og tilnefndi Einar Sveinsson. Þeir skiluðu svo áliti, og þeirra álit er, að ef menntaskólinn yrði byggður á þessum stað, þá kæmi vart annað til mála en að byggja hann annars staðar en á þeim stað, sem hann er nú. Ég geri ráð fyrir, að allir séu sammála um það, að ef sú leið yrði farin, hvað sem liði þeim kostnaði, sem það hefði í för með sér, þá hlyti það að tefja byggingu menntaskóla í Rvík um alllangan tíma. Hins vegar er bygging nýs menntaskóla í Rvík aðkallandi mál, sem þolir ekki neina bið.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er mikið og margt, sem ég hef að segja út af ræðu hv. síðasta ræðumanns, sem persónulega lýsti því yfir, að ég væri haldinn andlegum sjúkdómi og hefði framið einhvern verknað, sem mundi nema ævilöngu fangelsi, og eftir valdatöku hans flokks þyrfti ekki einu sinni að draga mig fyrir dóm, heldur tafarlaust hægt að loka mig inni á geðveikrahæli. Þessi sjúkdómur átti helzt að koma fram í því, að ég við öll möguleg tækifæri flytti till. um, hvar menntaskólinn í Reykjavík ætti að standa. Ég hef vikið nokkrum sinnum að þessu, en ekki flutt aðra till. heldur en í sambandi við frv. eða till. um menntaskóla. Og hvar á það **frekar við að ákveða honum stað heldur en einmitt**

í sambandi við frv. til l. um menntaskóla? Ég held einmitt, að það sé sá rétti vettvangur til að hreyfa því máli á, og ég er hissa á svo miklum málaflutningsmanni og stjórnmálamanni eins og hv. 4. landsk. er, að hann skuli telja það bera vott um andlegt bilunarmerki, þó að ég flytji þessa till. Þetta sýnir betur en flest annað, hvaða þröngsýni hefur gripið þennan gáfaða og mikilhæfa þm. En þótt það sé rangt, sem hann hefur látið uppi, þá skiptir það ekki máli, því að hann hélt, að ég flytti þessa till. af einhverri illkvittni til sín. Það er ein furðulegasta staðhæfing, sem ég hef heyrt, því að ég hef miklar mætur á þessum þm. og álít hann einn hæfasta mann, sem situr á Alþ. Íslendinga, eftir því, sem gerist í þeim flokki. Hitt er annað mál, að ég álít skoðanir hans varhugaverðar, og ber því að gjalda meiri varúð við því, sem hann heldur fram, hvaða mál sem það er, jafnvel þótt það sé ekki annað en lóð undir hús. Þetta sýnir, hve slæmar skoðanir geta leitt til þröngsýni eða skilningsleysis.

Hæstv. forseti hefur með till. sinni um, að þessari umr. yrði frestað, bersýnilega sýnt, að hann telur þetta réttan vettvang til að flytja till. á, því að ef hún kæmi ekki þessu máli við, þá væri hægt að fella hana athugasemdalaust. Sannleikurinn er því sá, að hv. 4. landsk. veit, að margir af fremstu mönnum þjóðarinnar hafa bundizt félagsskap, sem ég er hvergi nærri, um að reyna að fá því áorkað, að menntaskólinn fái að vera á sínum gamla stað.

Meðan hv. 4. landsk. var í stjórn sem menntmrh., þá hafði hann með þetta mál að gera, en hann gerði enga till., um það, og því ber hann allra manna mest ábyrgðina á því, að húsnæðismál skólans eru komin í meira öngþveiti og niðurníðslu en þau hafa nokkurn tíma verið áður. Ef hann hefði þá haft þann áhuga, sem hann lætur hafa nú, þá væri ekki svo illa komið í þessum málum eins og nú er. En Þjóðviljinn, blað hans flokks, segir, að það hafi verið ég, sem hindraði ráðh. í að koma skólanum upp, og þá sem borgarstjóri Reykjavíkur. Ég verð því miður að segja það, að saga blaðsins af því máli er í flestum atriðum röng, því að það var svo fjarri, að ég stæði á móti því sem borgarstjóri, að menntaskóli yrði reistur á öðrum stað heldur en ég tel, að hann eigi að vera á. En að ég hef ekki lagt mig fram í að útvega þann stað, sem ráðh. óskaði, var af þeirri ástæðu, að ég ætlaði ekki sem borgarstjóri að taka ákvörðun eða ráða, hvar skólinn yrði settur í Rvík. Ég vildi ekki gefa neinum færi á mér sem borgarstjóra, að ég spillti málinu, og mér þótti rétt, að stjórnarvöldin fengju því ráðið, sem þau hefðu heimild til að ráða. Þess vegna beitti ég mér fyrir því í bæjarstjórn, að bæjarráð féllist á að ætla skólanum fyrst í stað að vera í Laugarnesi, en þegar horfið var frá þeirri ákvörðun, þá barðist ég eindregið fyrir því, að skólinn fengi annan stað, og þá meðal annars þar, sem golfskálinn er nú. En vegna þeirra mannvirkja, sem búið var að gera þar, var erfitt að taka þann stað. Ég var einu sinni hlynntur því, að ríkið fengi þennan stað í þessu skyni, en fyrir ráðleysi þessa hv. þm., þegar hann var ráðh., þá hef ég reynt að hafa áhrif hér og reyni enn þá um, að skólinn verði settur á hinn rétta stað, sem ég tel vera.

Hitt er annað mál, sem ég held að menn ættu að hætta að deila um eftir grein Einars Magnússonar, að það er ekki hægt að komast af með einn menntaskóla til frambúðar í bænum. Þar er sýnt fram á, að eðlilegast væri að láta skólann halda áfram þar, sem hann er nú, og eftir því sem stækkunar þyrfti við, þá að gera ráð fyrir hæfilega stórum skóla í úthverfi, í stað þess skólahúss, sem ætlað var að reisa undir stjórn fyrrv. menntmrh., og það er tilgangslaust og máttlaust að reyna að kenna mér það, sem hv. þm. gat ekki gert í sínu ráðuneyti, og hann gerir lítið úr sér með því að finna slíka afsökun fyrir ódugnaði sínum.

Forseti (BSt): Óskar frsm. menntmn. að segja nokkuð?

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Ég vil aðeins taka það fram, þar sem hæstv. forseti og form. menntmn. vill fresta málinu, þá hef ég sem frsm. ekkert við það að athuga.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég þarf ekki að svara þessu miklu. Það, sem ég sagði áðan um þessa undarlegu meinloku, sem þessi till. virðist vera sprottin af, það sannaði hæstv. ráðh. með sinni ræðu. Hann sagði, að það þyrfti að gæta varúðar við till. frá slíkum manni eins og mér, hvaða mál sem það snerti, jafnvel þótt ekki sé um annað að ræða en lóðir undir hús, og sýnir þetta, að þetta er ekki heilbrigt. Hann heldur, að hér sé eitthvað voðalegt á ferðinni, sem sé hættulegt fyrir þjóðfélagið. Sennilega held ég, að þarflaust sé að ræða þessa hluti nánar, en ég vil víkja að hinu, að hann hefur komið í veg fyrir, að hægt hafi verið að byggja menntaskóla í Reykjavík, og þýðir ekki neitt fyrir hæstv. ráðh. að koma sér undan því. Það er staðreynd, sem honum þýðir ekki að bera á móti. Mér datt ekki í hug annað en að hann játaði þetta sem forseti fyrir bæjarstjórn í þessu máli. Og ef svo er, að hann hefur forustuna í þessu máli, þá er það honum að kenna, því að bæjarstjórnin á sökina á því, að húsið er svona. Í raun og veru játaði hæstv. ráðh. þetta í sinni ræðu. Hann skýrði frá því, að hann hafi að vísu ekki reynt að koma í veg fyrir það, að skólinn yrði byggður í Laugarnesi, eins og n., sem fjallaði um undirbúning málsins, lagði til. Hæstv. ráðh. skýrir frá því, að hann hafi ekki viljað hindra það að koma upp þessu mannvirki, og þá óskað eftir öðrum stað, en sá staður var þar sem golfskálinn er, en sá staður fékkst ekki. Það hefði ekki á nokkurn hátt þurft að standa fyrir þessu, þó að golfskálinn stæði þarna. Það, sem á stóð, var samþykki bæjarráðs, og það fékkst ekki, hvernig sem eftir því var leitað. Það stóð ekki á því að komast að samkomulagi við þá, sem höfðu þetta land á leigu, heldur á samþykki bæjarráðs. Þannig var útkoman sú, að þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir var ekki hægt að fá nokkra lóð hér í Reykjavík vegna bæjarstj. Hún hindraði það, að lóð væri hægt að fá, en benti stöðugt á að byggja á sama stað, sem allir sjá, að ekki er annað en að fresta málinu til mjög langs tíma eða að hindra það, að byggt yrði hér skólahús í náinni framtíð. Þetta mál heyrir undir hæstv. menntmrh., en hæstv. ráðh. ætlar með þessu móti að láta löggjafarvaldið taka fram

fyrir hendurnar á hæstv. menntmrh. og stj., af því að hann treystir honum ekki til að ráða fram úr þessu máli. Ég er aftur á móti þeirrar skoðunar, að eins og ástandið er, þá sé nægilegt og aðkallandi að byggja eitt skólahús í Reykjavík fyrir 500 nemendur. En ef hafa á tvö skólahús í Reykjavík, þá þarf sannarlega að byggja tvö ný skólahús, vegna þess að gamla skólahúsið er ófært. Það er t. d. ekki boðlegt að hafa þar skóla, sérstaklega fyrir stærðfræðideild og náttúrufræðikennslu, sem nauðsynlegt er að hafa í menntaskóla, sem er sómasamlega úr garði gerður. Skólahúsið er í alla staði ófullkomið til að hafa barna kennslu. Sannleikurinn er sá, að ég held, að það sé engin tilviljun, að óeðlilega mikið er um sjúkdóma í skólanum, t. d. berklaveiki.

Ég ætla ekki að fara að ræða þetta ýtarlega, en ef á að fara inn á það, þá er hægt að leiða rök að því, að það er aðkallandi að byggja nýtt menntaskólahús í Reykjavík og hætt að kenna í þessu húsi. Það er erfitt að koma því fyrir. Ég er sammála þeirri hugmynd, sem fram hefur komið um að hafa tvo skóla í Rvík með stærðfræði- og máladeild, en óheppilegt væri að byggja tvö hús, sem stæðu langt hvort frá öðru.

Ég þarf ekki að segja miklu meira um frv. þetta, hvaða skoðun sem menn kunna annars að hafa á þessu. Þetta er mál, sem menn verða að gera sér fulla grein fyrir, og hvaða skoðun sem menn kunna annars að hafa á þessu, ættu þm. þó að geta verið sammála um, að það er óviðeigandi að setja í l., hvar menntaskólahús eigi að standa. Það er alveg fráleitt, og það kemur ekki til mála að samþykkja slíka brtt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. 4. landsk. þm. játaði í ræðu sinni, að hér væri um nokkurt vandamál að ræða og að menn væru á nokkuð mismunandi máli um það, hvar velja skyldi stað fyrir menntaskólabyggingu í Rvík. Þó virðist honum það ekki vera meiri vandi en svo, að hann telur mína skoðun í þessu máli bera þess ljósan vott, að ég sé andlega vanheill maður. Það er sumpart dálítið erfitt að rökræða við þm., sem notar slík rök sem ég drap á. Mál hv. þm. bar þess ljósan vott, að hann heldur, að ég standi einn undir því, sem gert er í þessu máli, en að öðru leyti var ræða hans skipuleg, og skal ég ekki ræða við hann frekar um það, hvernig andlegri heilsu minni sé varið.

Einn var sá háttur í ræðu hv. 4. landsk., sem ég undraðist mjög, en það er, að hann gat ekki stillt sig um að kenna bæjarstjórn Rvíkur um það, að ekki var byrjað á byggingu menntaskólahúss í Rvík í ráðherratíð hv. þm. Það er staðreynd, að ef Reykjavíkurbær hefði reynt að þvælast eitthvað fyrir þessu máli, þá hefði hv. þm., ef hann hefði viljað ýta málinu áfram, ekki látið bæjarstjórninni haldast slíkt uppi, en hefði flutt frv. til l. á Alþ. um eignarnámsheimild fyrir lóðir undir menntaskólahús. Nei, það sanna í þessum ummælum hv. þm. er, að hann hefur búið þessa sögu til í dag, er hann varð flæktur í nokkurn vanda í umr. um málið. Þannig er þetta til komið. En hv. 4. landsk. ber sjálfur hér nokkra ábyrgð. Ekki vegna þess, að hann sé ekki andlega heill og ekki af neinum illum vilja, býst ég við, en hann réð ekki við málið. Hann flaug og hoppaði holt af holti eins og kría, var óákveðinn og hafði ekki kjark í sér til þess að taka ákvörðun. Ég var borgarstjóri í Rvík, er hv. 4. landsk. gegndi starfi menntmrh., og ég reyndi af fremsta megni að verða við óskum hv. þm. um lóð undir menntaskólann, og ég hafði þá skoðun, að ég sem borgarstjóri ætti ekki að hindra ríkisstj. í eðlilegum framkvæmdum vegna þessa máls. Ég talaði við þm. og reyndi sem ég gat til þess að fá hann til þess að ákveða eitthvað í þessu. En slíkt tókst ekki, það reyndist árangurslaust. Og svo geri ég það fáheyrða að leggja til, að ákveðið verði með l., hvar byggja skuli menntaskóla í Rvík og með því að reyna að losa um málið, svo að ekki verði hoppað til og frá, sem hv. þm. gerði, er hann hoppaði holt af holti.

Hv. 4. landsk. sagði, að ekki mætti samþykkja brtt. mína sökum þess, að það væri sama og vantraust á starfsbróður minn, hæstv. menntmrh. Ég veit nú varla, hve sárt hv. 4. landsk. fyndist það, þó að hæstv. menntmrh. fengi vantraust og stjórnarsamvinnunni yrði þar með lokið. Ég er hræddur um, að það yrði ekki neinn sorgardagur fyrir hv. 4. landsk. né flokksbræður hans. Ég býst frekast við því, að hann mundi halda hátíð, þar sem ekki yrði alllitið um dýrðir. Þess vegna er það aðeins uppgjöf hjá hv. þm., er hann ber slíkt fyrir sig sem þetta. Hér er ekki verið að leggja nein höft á hæstv. menntmrh., og hæstv. ráðh. hefur ekki færzt undan, að þessi breyt. yrði samþ., en því flyt ég þessa brtt., að ég vil binda endi á slíkt ráðdeildarleysi sem hv. 4. landsk. þm. sýndi í ráðherratíð sinni. Vegna ráðleysis hv. 4. landsk. mun hafa reynzt erfitt að hrinda nýrri menntaskólabyggingu af stað, og nú sýnist það vera allhæpið, að hafizt verði handa, fyrr en þá einhvern tíma á næsta ári. Varðandi það atriði, sem hv. þm. talaði svo mjög um, að vald ráðh. væri skert, ef skólanum yrði ákveðinn staður með lagasetningu, þá hefur nú annað eins skeð og það, að stjórnarskipti hafi átt sér stað og ákvarðanir fyrri ráðh. verið að engu gerðar.

Ég ætla ekki að fara að ræða um gerðir hinnar ágætu fyrrv. ríkisstj. En ég vil minna hv. 4. landsk. þm. á það, að ég studdi hann með ánægju sem menntmrh. í fyrrv. ríkisstj., en ég harma, hve hv. þm. hefur hlaupið hrikalega út undan sér í þessu máli. Í þessu máli kom hann illu einu til leiðar í ráðherratíð sinni, sem leiddi það af sér, að byggingarmál Menntaskóla Reykjavíkur eru í hinni mestu niðurníðslu. Er hv. þm. var ráðh., var hann samvizkusamur í störfum sínum og vildi á sinn máta láta gott eitt af sér leiða, og ég held, að hann hafi lagt mikla alúð við störf sín yfirleitt. En í þessu máli lét hann illt eitt leiða af afskiptum sínum af því. Mannleg gæði stoða nú ekki að eilífu, og satt að segja furðar mig á því, hversu hv. þm. hegðar sér í þessum umr. Hér í Rvík búa nú um 50 þús. manna, og hefur því mikið að segja, hvar skólinn er staðsettur í borginni. Alþ. hefur oft látið sig skipta mál, sem minni þýðingu hafa haft en þetta. Svo kemur hv. þm. hér og lýsir yfir því, að það sé allt mér að kenna, hversu dregizt hefur að byggja nýtt menntaskólahús. Mér finnst hálfleitt að þurfa að segja frá þeirri sáru reynslu, að þrátt fyrir mikinn þægslagang hv. 4. landsk., er hann var ráðh., hafði það engar aðrar

afleiðingar en að tefja málið. Það má nú minna á, hversu langt þm. hefur verið á veg kominn með skýjaborg sína, að ekki alls fyrir löngu skrifuðu tveir kennarar menntaskólans grein í Morgunblaðið, þeir Einar Magnússon og Sigurkarl Stefánsson, um staðarval fyrir menntaskólann. Það má rétt geta sér til, hversu langt málið hefur verið á veg komið, að kennarar menntaskólans höfðu ekki verið spurðir ráða né þeim neitt erindi um þetta sent til umsagnar. Málið er því ekkert nema á umræðustigi, og um engar raunhæfar framkvæmdir hefur verið að ræða. Það hefur aldrei komið til kasta kennara menntaskólans, og það eina, sem þeir vissu um, það var það, sem þeir höfðu lesið á skotspónum. Hv. 4. landsk. hefur víst ekki þótt taka því að taka tillit til kennara menntaskólans. Ég get ósköp vel sagt það, að ég er ekkert of góður til að læra af öðrum mönnum, það sem þeir hafa gott fram að leggja. Mér fannst grein þessara tveggja menntaskólakennara vera merkileg og get gert þeirra rök að mínum rökum. Og það á að vera auðsætt mál, að Alþ. hefur enga afsökun, ef það lætur þetta mál ekki til sín taka.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég ætla aðeins að gera stutta aths. út af ræðu hæstv. dómsmrh. Aths. mín er sú, að ég furða mig á því, að hæstv. ráðh. skuli fullyrða í áheyrn þm., að bæjarstjórn Rvíkur hafi veitt þessu máli fullan stuðning og veitt lóð undir menntaskólann, eftir að Laugarnes var úr sögunni. Þetta eru helber ósannindi. Það er dæmalaust af hæstv. ráðh. að standa hér frammi fyrir þm. og fara með slík ósannindi, Ég reyndi hvað eftir annað að fá bæjarstjórnina til þess að samþykkja stað undir menntaskólann, eftir að Laugarnes var úr sögunni, en það kom fyrir ekki. Eftir það reyndi ég að fá bæjarráð til þess að samþykkja ákveðinn stað í bænum, Golfskálahæðina, en það fékkst engin ákvörðun, hvorki já né nei. Það er ekki hægt að þrátta um þetta. Hæstv. ráðh. talaði um, að þm. ættu að kynna sér plögg, sem lægju fyrir um mál þetta. Já, hv. þm. ættu að kynna sér þessi plögg.

Svo sagðist hæstv. ráðh. furða sig á því, að ég skyldi ekki bera fram frv. um eignarnámsheimild hér í þinginu. Ég vildi nú ekki grípa til þess úrræðis fyrr en í síðustu lög, í þeirri von, að hægt væri að ná samkomulag í einhverri mynd. Fyrir mér vakti það eitt að fá lausn á málinu, og ég tel, að það hafi verið mjög vonlítið að fá eignarnámsheimild frá þinginu. Bæjarstjórn Rvíkur ber ein ábyrgð á því, hvernig komið er. En hvers vegna gat hæstv. ráðh., er hann var borgarstjóri, ekki hindrað það illa verk?

Ég hef nú ekki lengri ræðutíma. Ég hef ekki fordæmt hugmyndir menntaskólakennaranna, og það var annað, sem hindraði málið. Þá var hugmyndin um tvo menntaskóla ekki til, og sú hugmynd var ekki framkvæmanleg eins og á stóð, er ég fór með menntamálin. Það er skjalsannað, að rök hæstv. dómsmrh. í þessu máli eru aðeins eitt hálmstrá, sem hann lafir í. Hæstv. ráðh. hefur haft hér í frammi frekleg ósannindi.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Klippt var það. Skorið var það. Svo má lengi deila. Ég er sammála hv. 4. landsk. þm. um það, að hv. þm. ættu að kynna sér þau gögn, sem er að finna í þessu máli. Þá mun sannast, að bæjarstjórn Rvíkur hefur ekki tafið fyrir þessu máli. En bæjarstjórnin var ekki í standi til þess að taka land, sem annar aðili hafði á leigu, Golfskálahæðina, og var ætlað til annars. Það kom og bein neitun frá Golffélaginu, að landið yrði tekið.

Um afskipti mín sem borgarstjóra af málinu er þar skemmst frá að segja, að ég var á fundum Sameinuðu þjóðanna, er mál þetta var á döfinni, og ég var skamma hríð borgarstjóri eftir að ég kom aftur. Ég hafði því lítil skipti af málinu. **(BrB:** Þetta eru hrein ósannindi). Nú, hvað er þetta? Hv. þm. virðist ekki ráða við sig og veður um gólf og hrópar og æpir. Ég skil ekki, hvað þetta er. Það kann að vera, að samvizkan sé farin að hafa einhver slæm áhrif á hv. þm., að hún sé farin að segja til um ósannindin. Hv. þm. mun komast hjá því að velta því á mig, að ég hafi á samvizkunni einhvern ódugnað í málinu. Það var skylda hans að koma málinu áleiðis. Eftir að hann hafði sent menn út um heim til þess að skoða skólahús, félist hann loks á það í fullri alvöru að athuga þann möguleika að nota gamla skólastaðinn sem framtíðarstað fyrir menntaskóla í Rvík. Þá var loks fallizt á í alvöru að láta athuga, hvort ekki væri hægt að nota gamla staðinn, en vegna þess, hve seint þetta var gert, dróst málið. Ef skynsamlega hefði verið á málinu haldið — og enginn neitar því, að hv. 4. landsk. er vel viti borinn maður —, þá hefði verið byrjað með þessari rannsókn, er gerð var fyrst í lokin. Það hefur verið sannað af sérfræðingum, að vel er hægt að láta skólann standa á gamla staðnum, þótt ekki þyrfti sérfræðinga til að sanna það. Skólinn hefur staðið þarna í 100 ár og getur staðið þar í 100 ár enn, eða jafnvel 1000.

Allt ráðlag hv. 4. landsk. í þessum málum hefur verið eins og engin skynsemi kæmist að, líkt og áðan, er hann óð hér um í d. og heilti úr sér ónotum. Það var vaðið holt af holti og helzt á staði, er áður voru uppteknir.

Reykjavíkurbær tók þessu máli vinsamlega, en hitt er vitanlegt, að skipulagsmál þarfnast tíma, áður en þau verði leyst. Það var hægt að hugsa sér fleiri staði en Laugarnes og Golfskálahæðina, t. d. hæðina fyrir ofan þvottalaugarnar, og ég sagði rektor, að ég væri því hlynntur. Túnin fyrir sunnan Háteig gátu líka komið til greina. Þannig var um óteljandi staði að ræða, en hv. 4. landsk. skorti viljann. Eftir að hafa setið í tvö og hálft ár sem menntmrh. skildi hann þannig við málið, að skólinn er nú sístækkandi í gömlu húsi, sem talið er heilsuspillandi fyrir nemendur. Svona framkvæmdastaða gefur ekki góða samvizku, en mér skal ekki um kennt, skömmin er hans.

Forseti (BSt): Málið er tekið út af dagskrá.

Brynjólfur Bjarnason: Það er hart að fá ekki að bera af sér svona óheyrilegar lygar.

Forseti (BSt): Ég mun veita hv. þm. leyfi til að gera stutta athugasemd til þess að bera af sér sakir.

Brynjólfur Bjarnason: Það er mér ekki nægilegt að fá aðeins stutta athugasemd.

Forseti (BSt): Ef svo er, mundi það ekki kalla á aðra ræðu frá manni, sem hefur leyfi til að tala eins og hann vill? Ég geri ráð fyrir, að þetta verði allt í fersku minni, þegar málið verður tekið fyrir næst.

Umr. frestað.

Á 77. og 78. fundi í Ed., 9. og 15. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

34. Landshöfn í Höfn í Hornafirði.

Á 14. fundi í Ed., 4. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um landshöfn í Höfn í Hornafirði (þmfrv., A. 79).

Á 15. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Það er nú langt liðið á fundartímann og ekki hægt að hefja miklar umr. Ég get tekið það fram, að ég þarf ekki, vegna þess að málið er kunnugt frá fyrra þingi, að flytja langt mál nú, en get að mestu leyti vísað til þeirrar ræðu, sem ég flutti við 1. umr. hér á síðasta þingi, og grg., sem því fylgir. Hv. þm. kannast við það, að málið hefur verið rætt í báðum deildum þingsins áður, *næstsíðast* í Nd. og var vísað frá með rökst. dagskrá, þar sem vitamálaskrifstofunni var falið að láta fara fram betri undirbúning um málið en áður hafði verið. Síðan var málið flutt hér í þessari d. og náði þá samþykki við 2. umr. eftir miklar breyt. Nú höfum við flm. ákveðið að flytja málið í þeirri mynd, sem það var samþ. við 2. umr. hér.

Það, sem ég vildi sérstaklega taka fram, er að minna á helztu rök fyrir því, að málið er flutt, sem við teljum vera nægilegt til þess, að það fái samþykki Alþ.

Í fyrsta lagi er farið fram á, að ríkið taki að sér að byggja fiskihöfn við Suðausturland, þar sem um langt skeið, eða upp undir 30 ár, hefur nú verið *aðalfiskihöfn Austurlands*. Það er ástæða til og nauðsynlegt að hefjast nú handa um aukna og bætta hafnargerð. Eins og kunnugt er, er vélbátaflotinn að verða stærri en áður, og það gerir það að verkum, að á þessum stað getur nú fiskiflotinn af Austurlandi ekki stundað veiðar sem áður og verður þá að leita frá þessum fiskimiðum þarna og bætast við flotann, sem stundar veiðar hér í Faxaflóa.

Í öðru lagi er þarna um að ræða 300 manna hrepp, sem hefur ekki aðstöðu til að vinna þau mannvirki, sem nauðsynlega þarf að gera, og ekki sanngjarnt að ætlast til, að hann ráðist í það, þar sem hér er um hagsmunamál heils landsfjórðungs að ræða. Ég vil þá í sambandi við það minnast á það atriði, sem nefnt er í grg. frv. og sýnt er fram á, hversu mikil verðmæti hafa verið í þeim fiski, sem flutzt hefur á land nú á síðustu árum, sem sýnir greinilega, að þarna er um að ræða svo nauðsynlegan stað fyrir atvinnulíf landsins, að þjóðin hlýtur að bíða tjón, sé það ekki tekið til athugunar að skapa þarna þá aðstöðu, sem nauðsynlegt er.

Enn fremur vil ég minna á það, að þinginu hafa borizt margar áskoranir frá sjómönnum og útgerðarmönnum af Austurlandi um að samþykkja þetta frv. Er meðal annars á þski. birt undirskrift heimtu af 138 borgurum á Austfjörðum, og voru þar með a. m. k. allir þeir sjómenn og útgerðarmenn, sem ekki voru beinlínis á þeim tíma staddir við fiskveiðar í Faxaflóa. Auk þess hefur komið áskorun frá hafnarn. Hafnarkauptúns. Þetta sýnir greinilega, að með þessu máli er mjög fylgzt í fjórðungnum og einróma krafa, að það úr þessu nái samþykki þingsins.

Vegna þess, að fundartíminn er á þrotum, verð ég að láta þetta nægja.

Nú skal ég síðast geta þess, að þótt málið hafi verið samþ. hér við 2. umr. á síðasta þingi, er ég ekki á móti því, að því verði nú vísað til sjútvn., en vænti þess, að n. afgreiði það hið bráðasta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 16. fundi í Ed., 10. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 12. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 79, n. 311 og 324).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur verið borið fram hér tvisvar sinnum áður, þó að í nokkurri annarri mynd hafi verið en það er nú borið fram á þskj. 79. Á hinum fyrri þingum var það þannig, að gert var ráð fyrir að byggja sameiginlega hafnarmannvirki og fiskiðjuver í Hornafirði og að ríkissjóður kostaði hvort tveggja, þ. e., að það yrði ákveðin landshöfn þarna, sem ríkissjóður kostaði að öllu leyti, og í sambandi við hana yrði svo byggt fiskiðjuverið. En í frv., eins og það liggur fyrir á þskj. 79, er aðeins gert ráð fyrir að byggja á þessum stað landshöfn á kostnað ríkissjóðs, en í því frv. er ekki gert ráð fyrir, að byggt verði fiskiðjuver þar, enda er um það sérstakt mál hér á þinginu. Það er því nú raunverulega um það að deila, hvort Alþ. vill fallast á það fyrst og fremst, að Höfn í Hornafirði verði gerð að landshöfn, og það er það, sem hv. d. því efnislega þarf nú að taka afstöðu til í þessu máli.

Sjútvn. hefur haldið um þetta fjóra fundi, og þótti henni rétt að senda málið til umsagnar nokkrum aðilum, þótt það hins vegar hefði verið sent til umsagnar á fyrri þingum. Var það nú sent til umsagnar vitamálastjóra, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Landssambandi íslenzkra útvegsmanna. L. Í. Ú. hafði ekki sent neinar umsagnir um frv., en vita- og hafnarmálastjórinn og Farmanna- og fiskimannasambandið sendu sínar umsagnir, sem eru prentaðar sem fskj. með áliti meiri hl. n. á þskj. 324. En þess ber að gæta, að

þessi bréf eru einnig svör við því, að frv. um landshöfn á Þórshöfn var sent til umsagnar þessara aðila. N. þótti ekki ástæða til að birta þessi svör á báðum þskj., en lét því nægja að vísa til þessa.

Sjútvn. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Minni hl. n. litur svo á, að það eigi að gera landshöfn í Höfn í Hornafirði. Þetta gat meiri hl. n. ekki fallizt á. N. hefur því klofnað, og minni hl. n. gefur því út sérstakt nál. hér á þskj. 311.

Ég skal leyfa mér að geta þess, að sömu aðilar fjölluðu um þetta mál á síðasta Alþ., og þá var málið afgr. frá meiri hl. n. með till. um rökst. dagskrá. Meiri hl. n. fylgdi þá þeirri dagskrártill. og einnig hv. þm. N-Þ., sem nú fylgir hv. minni hl. n. að málum um, að það eigi að gera Höfn í Hornafirði að landshöfn, og gerir hann sjálfsagt grein fyrir því, hvers vegna hann hefur tekið þá stefnu, sem kann að vera m. a. vegna þess, að nú er þetta skilið í sundur, sem fyrr var sameiginlega borið fram, — annars vegar, að koma skuli landshöfn í Höfn í Hornafirði, og hins vegar fiskiðjuver.

Um fjárhaginn í sambandi við þessar framkvæmdir í Hornafirði er það að segja, að samkvæmt bréfi frá vita- og hafnarmálastjóra, dags. 12. febr. 1948, þ. e. í dag, þá á Hornafjörður inni hjá ríkissjóði ónotað fé nú um áramótin s. l. 310500 kr. Það eru tillög frá 1944, 1945, 1946 og 1947. Auk þess hefur vitamálastjóri lagt til, að á þessa árs fjárl. verði lagt til Hafnar í Hornafirði 100 þús. kr., sem ég get ekki sagt um á þessu stigi, hvort verður samþ. En ef svo yrði, þá hefði Höfn í Hornafirði yfir að ráða fé, sem nema mundi meira en 400 þús. kr. Það verður því ekki séð, að það standi nokkuð á fjárframlögum frá ríkissjóði til þess að halda áfram framkvæmdum á mannvirkjum á þessum stað. En það má þá frekar segja, að það standi á framlögum frá hafnarsjóði á viðkomandi stað um að leggja fram fé á móti þessum rúml. 400 þús. kr., sem væntanlega verða til á þessu ári hjá því opinbera handa þessum stað. En ef farið verður eftir hinum almennu hafnarl. um framkvæmd á hafnarmannvirkjum á þessum stað, þá liggur fyrir, að ríkissjóður ábyrgist 60% af kostnaði við allar framkvæmdirnar. Svo að hér mætti vinna að hafnarmannvirkjum á þessum stað fyrir um eina millj. kr., ef hafnarsjóðurinn á þessum stað notfærði sér ákvæði hinna almennu hafnarlaga. En til þess þyrfti hafnarsjóður að sjálfsögðu að taka lán um 600 þús. kr. með ábyrgð ríkissjóðs. Ef nú yrði horfið að því ráði að gera landshöfn á þessum stað, þá lítum við, sem erum í meiri hl. n., svo á, að það mundi ekki hraða neitt framkvæmdum hafnarmannvirkja á þessum stað, nema síður væri. Ríkissjóður mundi tæplega láta til þessara framkvæmda á þessu ári meir en rúmar 400 þús. kr., sem fyrir eru og ég gat um. Þær mundu geta verið handbærar til þess að leggja þær fram. Og með tilliti til annarra lántaka ríkissjóðs, þá sjáum við ekki, að hægara mundi verða fyrir ríkissjóð að taka lán til þessara mannvirkja en það mundi vera fyrir aðra að taka lán til þeirra með ríkisábyrgð. Ég þekki það frá síðasta ári, að peningastofnunum hefur yfirleitt verið miklu ljúfara að hjálpa einstökum héruðum til þess að fá fé að láni til ýmissa framkvæmda, þegar það hefur verið með aðstoð þeirra peningastofnana, sem heima eiga í þeim sömu héruðum, t. d. sparisjóðanna. Mér er kunnugt um, að Suðurfjarðahreppur er búinn að taka 500 þús. kr. lán með ríkisábyrgð, og hefur fenglð það í gegnum sinn eigin sparisjóð með aðstoð Landsbankans. Og hafa ráðamenn Landsbankans tjáð mér, að sú peningastofnun sé miklu fúsari til þess að styðja framkvæmdir þannig, þegar eitthvað sé lagt af mörkum heima fyrir, eins og ég hef þegar lýst hér. Nú hef ég hugmynd um, að það muni enginn sparisjóður vera til í Hornafirði. Getur hv. 8. landsk. (ÁS) vafalaust upplýst, hvort nokkur sparisjóðsdeild er starfandi þar í kaupfélaginu. Því að það hefur verið horfið að því ráði víða í héruðum landsins nú, jafnvel þar, sem sparisjóðir eru fyrir, að kaupfélög hafa sett upp sparisjóðsdeildir hjá sér og safnað þannig til sín fé og jafnvel greitt á síðasta ári sums staðar hærri vexti en sparisjóður á staðnum hefur gert, til þess að draga fé til sín. Kann að vera, að slík deild sé til í Hornafirði, en það vona ég að fá upplýst. En með tilliti til þess, að hér á ekki aðeins að vera um að ræða framkvæmdir fyrir Hornafjörð sjálfan, heldur fyrir allt Austurland, þá sé ég ekki, að það þurfi að vera erfiðleikum bundið, ef áhugi er fyrir því á Austurlandi að fá höfn þarna, að Austfirðingar gætu þá staðið saman um að útvega, með fullri ábyrgð ríkissjóðs, lán að upphæð 600 þús. kr. á móti framlagi ríkissjóðs. Og ég álít, að þessi aðferð væri miklu heppilegri fyrir staðinn en ef farið væri að ákveða með l., að landshöfn skyldi vera reist á þessum stað. Því að það að ákveða að gera þennan stað að landshöfn er ekki það sama og að tryggja, að hafnarframkvæmdir yrðu gerðar á þessum stað, nema síður sé. Það er einmitt að mínu áliti tryggara til þess, að framkvæmd verði á þessum stað hafnarmannvirki, að gera ráð fyrir, að það verði gert undir ákvæðum hinna almennu hafnarl. Því að ríkissjóður hefur ekki látið standa á sér með að leggja fram sinn hluta, þegar um hafnarframkvæmdir hefur verið að ræða, ef héruðin gera sitt eftir þeim almennu hafnarl. Það mundi einnig sýna sig í sambandi við þennan stað. Aftur á móti væri mjög vafasamt, hvort ríkissjóður léti það ganga fyrir öðrum framkvæmdum að leggja fram 100% framlag til þessara framkvæmda beint úr ríkissjóði, til þess að hrinda þessu verki í framkvæmd. Skal ég í því sambandi benda á framkvæmd landshafnarinnar í Njarðvíkum. Þar er eina landshöfnin, sem búið er að samþykkja á Alþ. Og síðan það var ákveðið með l., að þar skyldi verða landshöfn, hafa svo að segja alveg stöðvazt framkvæmdir hafnargerðar þar. Þetta fé, sem ríkissjóður hefur talið sig geta lagt fram til þeirrar hafnar, hefur að mestu leyti verið notað til þess að kaupa upp mannvirki, sem fyrir voru, og litið sem ekkert hefur verið gert að framkvæmdum þar. Og sá hæstv. ráðh., sem hefur með þetta að gera, hefur sagt mér, að stöðva yrði þær framkvæmdir vegna féleysis. Hann hefur einnig lýst yfir við mig, að hann teldi, að ekki neitt verulegt fé fengist til landshafnarframkvæmda á öðrum stöðum, fyrr en búið væri að koma þessari einu landshöfn, sem búið er að ákveða, í viðunandi ástand. Og ég álít, að það væri hreinn bjarnargreiði gerður útvegsmönnum á Austfjörðum að eiga að hverfa frá því fyrirkomulagi, sem nú er

um þessi mál, og ákveða, að þarna á Hornafirði eigi að verða landshöfn.

Vitamálastjórinn sagði hér í bréfi sínu, er hann var spurður frá n., hvort hann teldi, að yfirleitt ætti að fara inn á að gera hafnir að landshöfnum, í staðinn fyrir að byggja framkvæmdir upp á hinum almennu hafnarl., — sagði hann, að þar, sem svo hagaði til, að nauðsyn væri á að gera höfn vegna þjóðarbúskaparins, en hreppsfélögin væru fátæk og hefðu ekki getu til þess að framkvæma það, þá væri réttlátt, að ríkið byggði hafnir og iðjuver. Nú lít ég svo á, að hafnarsjóður í Hornafirði geti sjálfur staðið undir þessu, með þeim lagafyrirmælum, sem fyrir eru. Fyrst og fremst ætti ekki að vera þörf á að fara með í framkvæmdir 5 millj. kr., eins og vitamálastjóri áætlar. Það er vel hægt að gera sæmileg hafnarskilyrði fyrir 1½ millj. kr. Það er ekki ástæða að fara inn á alla þá dýpkun, sem hann talar um, og sízt af öllu þær uppfyllingar, sem hann talaði um. Það eru fleiri staðir en Hornafjörður, sem verða að beygja sig undir það að geta ekki lokið fullkomnum hafnarmannvirkjum á einu ári. Ef það er nauðsynlegt að dýpka til þess að bátur geti haft þar viðlegu, er ekki nauðsynlegt að reikna með allri þeirri uppfyllingu, sem hann gerir, sem er 150 þús. kúbikmetrar. Það mætti draga mikið úr þeim kostnaði.

Sama má segja um hafskipabryggju. Á fyrsta ári þarf að gera bátabryggju, nægilega stóra fyrir þau skip, sem þar eru. Þá er ekki fé á einu ári nema 750 þús. kr., og verður því að byggja hana á fleiri árum, eins og annars staðar. Ég er þess fullviss, að þó að höfnin yrði gerð að landshöfn, hefur ríkissjóður ekki þegar fé til að ljúka henni á einu ári.

Það má segja, að hafnarsjóður sé enn þá svo fátækur í Hornafirði, að hann gæti ekki staðið undir vöxtum og afborgunum af þeim lánum, 600 þús. kr., sem þarf til að byrja á framkvæmdum. Sá, sem tekur að sér að ábyrgjast lán, tekur líka að sér að ábyrgjast vexti og afborganir. Og hvernig sem málið fer, virðist hagkvæmast, að héraðið heima fyrir geri þetta.

Ég vil benda á stórkostlegt atriði um reynslu í þessu, sem er í Njarðvík og víðar. Þegar búið er að ákveða að gera þar landshöfn, hækkar landið í verði og útilokað að fá það fyrir sanngjarnt verð. Nú, í Hornafirði á ríkið landið, en það hefur ekki umráðarétt yfir því. Mér skilst, að það sé leigt hjá ákveðnum aðilum, sem geti sett stólinn fyrir dyrnar. Sama eins og í kaupstöðum. Þar á ríkissjóður landið. Hver er reynslan? Sú, að ríkissjóður hefur orðið að kaupa leiguréttinn á landinu, sem það á sjálft, fyrir mikið fé. Ætli það fari ekki eins hér í Hornafirði? Með tilvísun til þeirra raka leggur meiri hl. n. til, að frv. sé felld, en leggur hins vegar til, að fjárveitingarvaldið hér á þingi leggi þessu máli allt það lið, sem hægt er.

Eins og ég gat um áðan, eru fyrir rúm 300 þús. kr., sem ekki eru notaðar.

Ég vænti, að menn, sem fylgja þessu, séu úti um, að á þessu ári verði lagt til hafnarmannvirkja á Hornafirði eins og ákveðið er til slíkra hluta.

Ég sé ekki annað en að málinu sé fullkomlega borgið, — eða betur en mörgum öðrum höfnum á landinu, sem hafa átt við mikla fjárhagserfiðleika að etja, eins og málið horfir nú við.

Ég veit ekki, hvort öllum flutningsmönnum er það ljóst, að það er til fé inni, sem er óeytt. Ég sé ekki annað en að það mundi verða til hins lakara fyrir Hornafjörð, ef horfið væri að því að samþykkja l. um landshöfn, því að það mundi tefja fyrir nauðsynlegum hafnarframkvæmdum í staðinn fyrir að flýta fyrir þeim, sem ég geri ráð fyrir, að vaki fyrir flm. Meiri hl. n. leggur því til, að frv. verði felld.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, vegna þess að það er þm. kunnugt og vegna þess, að það hefur verið flutt tvisvar áður hér á þingi, en þó í öðru formi, í sambandi við aðrar framkvæmdir. Það liggja þegar fyrir upplýsingar um þetta mál, og ég geri ráð fyrir, að þm. sé það þegar orðið svo ljóst, að það muni ekki breyta mjög miklu, hvort sem það er rætt meira eða ekki.

Eins og frsm. meiri hl. n. hefur lýst, gerði sjútvn. till. um málið, og meiri hl. n. flutti frv. með það fyrir augum, að gengið yrði út frá því, að þær framkvæmdir, sem nauðsynlegt er að gera, verði gerðar á grundvelli hinna almennu hafnarl.

Minni hl. leggur til, að frv. verði samþ. og að hafnarmannvirki þarna verði reist af ríkinu sem landshöfn. Höfuðrök okkar í minni hl. fyrir þessu eru þau í fyrsta lagi, að þarna eru fyrir suðausturlandinu auðug fiskimið, sem ekki verða notuð eins og efni standa til vegna þess, að á því svæði, sem þessi fiskimið liggja, eru ekki nægileg hafnarskilyrði, því að bátarnir eru það stórir, sem nú stunda fiskveiðar, að þeir geta ekki hagnýtt sér fiskimiðin vegna þess. Það er víst, að undanfarið hefur verið allmikil sjósókn frá Höfn í Hornafirði, og bátar, einkum af Vesturlandi, hafa haft þar viðlegu á vertíð og fiskur þannig borizt þar að landi. Eins og kunnugt er, stækka fiskibátar nú ört, en það leiðir af sér, að þau hafnarmannvirki, sem fyrir eru og minni bátar geta notazt við, verða smátt og smátt ófullnægjandi, eftir því sem bátarnir stækka. Og það leiðir ekki eingöngu til þess, að þau útiloki vaxandi útgerð frá þessum stað, heldur verða minni bátar lagðir niður, og þá minnkar með hverju árinu sú útgerð, sem þarna verður. Virðist því vera ljóst, að mikil þörf sé á því frá þjóðfélagslegu sjónarmiði séð, að þarna verði gerð fullkomnari mannvirki en nú eru.

Hins vegar lítur minni hl. svo á, og sömuleiðis flm. þessa frv., að þetta fámenna hreppsfélag, sem þarna á hlut að máli, sé svo fátækt og hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til að reisa þau hafnarmannvirki, sem nauðsynleg eru. Á þeim grundvelli er með þessu frv. leitað inn á þá leið, sem aðrar hafnir hafa ekki farið nema í einu tilfelli enn þá, og það er að byggja þarna landshöfn á kostnað ríkisins. Þessi hugmynd okkar minni hl. og flm. markast af því, eins og kemur fram, að hafnargerðin er ekki einkamál viðkomandi hreppsfélags. Því verði gerð þarna höfn, þá stunda ekki aðeins heimamenn útgerð þarna, heldur einnig útgerðarmenn víðs vegar af Austurlandi. Þess vegna er þetta hagsmunamál á breiðari grundvelli en viðkomandi hreppsfélags, og þess vegna er eðlilegt, að framkvæmdin sé byggð á þeim grundvelli. Nú hefur frsm. meiri hl. sjútvn. haldið því fram, að mér skilst, að aðalrök meiri hl. fyrir því að fallast

ekki á þetta frv. séu þau, að þetta muni ekki flýta neitt fyrir framkvæmdum og hreppsfélagið eigi jafnauðvelt með að framkvæma þetta á grundvelli hinna almennu hafnarl., sem mundi taka skemmri tíma að koma því fram en ef um landshöfn væri að ræða. Í því sambandi var upplýst, að fyrir hendi væri fé af framlögum ríkisins, samtals 400 þús. kr., sem sé óeytt, og þess vegna standi ekki á framlögum ríkisins til þessara framkvæmda nú, heldur sé það bara fyrir hreppinn að útvega lán, sem ríkið ábyrgist samkvæmt hafnarl. Frsm. meiri hl. telur, að það mundi verða auðveldara fyrir hreppinn en ríkið að útvega lán til sinna eigin framkvæmda. Ég get ekki séð, að það mundi vera auðveldara fyrir hreppinn en ríkið. A. m. k. vil ég í því sambandi minna hv. frsm. meiri hl. á, að þau rök, sem hann heldur fram í sambandi við annað mál, sem hann hefur áhuga á og er til meðferðar á þinginu nú, þau eru gagnstæð við þetta.

Það er í sambandi við byggingu þurrkvíar við Elliðaárvog, sem gert er ráð fyrir, að ríki og bær standi fyrir. Nú hefur frsm. meiri hl. hér haldið því fram, að Rvík hefði ekki fé til að byggja þetta og því verði að leita til ríkisins. Þau rök hans í því máli stangast við það, sem hann flytur fram til að fella það frv., að byggð verði landshöfn í Hornafirði, heldur eigi hreppurinn að standa þar sjálfur að. Hins vegar sýnist mér líka, að í þeim upplýsingum, sem hann gaf áðan, væri áætlað, að um 400 þús. kr. væru ónotaðar. Það hefur staðið til að fá dýpkunarskip, sem nú er fyrir hendi. Það er einmitt auðveldara fyrir ríkið að bæta við það, sem til vantar til nauðsynlegra framkvæmda. Ég býst ekki sjálfur við, að það yrði gert á einu ári, þó að um landshöfn væri að ræða, og býst við, að frsm. búist ekki við því heldur. Hins vegar mundi það vera erfitt fyrir hreppinn að leggja fram sín 60% af kostnaðinum, eins og þyrfti að gera samkvæmt hinum almennu hafnarl. Auk þess þarf hreppurinn að standa straum af öðrum framkvæmdum til þess að skapa önnur skilyrði til þess, að sjósókn geti blómgazt á þessum stað.

Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um áðan, hefur vitamálastjóri fallizt á þær röksemdir, sem fluttar eru fyrir frv. um, að þarna verði gerð landshöfn. Hann telur nauðsynlegt og réttlátt, ef farið verður að breyta til um hafnarframkvæmdir, að Höfn í Hornafirði komi í fyrstu röð.

Það stendur hér í nál. meiri hl., að óeðlilegt sé að ákveða landshafnir af handahófi, eins og hér sé ætlazt til með frv. þessu, heldur eigi ríkisstj. að hafa um það frumkvæði, að lokinni nákvæmri athugun. Ég get ekki fallizt á það, þótt tekin sé ákvörðun um að byggja landshöfn þarna, að það hafi verið gert af handahófi. Það hafa farið fram ýtarlegar athuganir á þessu, og eins og ég hef lýst hér áður, er þetta flutt samkvæmt eindregnum ummælum trúnaðarmanns stj., þ. e. vitamálastjóra.

Ég held, að það sé í raun og veru ekki ástæða til að fjölyrða meira um þetta. En ég vil aðeins undirstrika það, sem ég hef áður sagt, að ef ekki verður horfið að því að byggja þarna hafnarmannvirki nú bráðlega, þá mun það leiða til þess, að þau fiskimið, sem þarna eru úti fyrir ströndinni, muni notast verr, í staðinn fyrir, að mikil þörf er á, að þau séu notuð betur en nú er gert. Ef þeir bátar, sem eru frá Austur- og Suðausturlandi og stundað hafa þarna fiskiróðra áður, verða að hverfa þaðan burtu og leita til annarra hafna, sérstaklega hér við Faxaflóa, sem leiðir til þess, að fiskimiðin verða þétt setin, sem þau eru nú, og einnig mun það þrengja aðstöðuna, sem fyrir hendi er hér í landi á verstöðvunum og torvelda það, að þjóðin í heild geti haft þau not af fiskimiðunum, sem þörf er á. Með því að byggja góða höfn á Austurlandi mundi rýmkast á hinum þéttsetnu fiskimiðum við Faxaflóa, sem leiddi til þess, að fiskimiðin við Austurland yrðu hagnýtt og með því aflað þjóðinni í heild meiri tekna en áður og um leið meiri gjaldeyris fyrir útfluttar vörur. Ég álít því, að það séu full rök fyrir því, að þetta frv. verði samþ., og leyfi mér að leggja til fyrir hönd minni hl. sjútvn., að það verði gert.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Eins og frsm. minni hl. tók fram, er búið að ræða þetta mál mikið, og er það því kunnugt. Ég vil samt segja nokkur orð út af því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði í ræðu sinni, að það mundi beinlínis tefja fyrir hafnarframkvæmdum, ef þarna yrði reist landshöfn. Þegar þetta mál var flutt hér 1946, var það afgr. í Nd. með rökst. dagskrá, sem beinlínis fól í sér áskorun til stj. um að láta framkvæma rannsókn á þessum stað til undirbúnings hafnargerðar, sem ríkið væntanlega tæki að sér að gera. Þessar rannsóknir voru framkvæmdar. Þegar sumarið eftir lét vitamálaskrifstofan framkvæma þær undirbúningsrannsóknir, sem þurfti til að hefja framkvæmdir þarna. Árangurinn af þessum rannsóknum og áætlunum um bygginguna er birtur hér með frv. Þar er gert ráð fyrir þrenns konar tilhögunum. Í fyrsta lagi tilhögun I, en þar er gert ráð fyrir fullkomnum mannvirkjum í fullkominni fiskihöfn, og er þar gert ráð fyrir, að hún kosti rúmar 4 millj. kr. Vitanlega verða aðrar áætlanir um framkvæmdir til stórbóta fyrir staðinn eins og er, en þær eru ekki nægilegar í framtíðinni. En það vill svo til, að þessar minni áætlanir geta verið liður í hinum stærri, þannig að þótt þær verði framkvæmdar fyrst, verður það verk ekki ónýtt.

Í sambandi við þær upplýsingar, að ekki standi á framlögum frá ríkissjóði, vil ég gefa þær upplýsingar, að það er rétt, að ríkissjóður hefur lagt dálitið fé til framkvæmda á þessum stað undanfarin ár á grundvelli hinna almennu hafnarl. Nú síðustu árin, þegar hafnarn. Hornafjarðar ætlaði sérstaklega að fara að byggja þarna mannvirki, eftir því sem möguleikar voru til, á grundvelli hinna almennu hafnarl., þá kom það fyrir, að landsbankastjórnin neitaði um lán til þessara framkvæmda. Á þessu sjáum við það, hvort það er nú virkilega á rökum byggð sú fullyrðing meiri hl., að peningastofnanir láni sveitarfélögum fremur en ríkinu til þessara framkvæmda. Það virðast því vera erfiðir möguleikar fyrir hafnarn. í Hornafirði að vinna hér að þessari framkvæmd, þar sem það liggur fyrir, að bankinn hefur neitað um lán til þess að hún gæti uppfyllt þau skilyrði, sem hún á að uppfylla samkvæmt almennu hafnarl. um að leggja fram % á móti ríkissjóði. En það fór svo, að Landsbankinn neitaði að lána fé til hreppsins. Þetta eru ástæðurnar fyrir því, að ekki var hægt

að notfæra sér framlag ríkissjóðs á síðasta ári, og enn fremur var það vegna þess, að dýpkunarskip, sem lofað hafði verið, kom ekki. Vegna þess, að lánsfé fékkst ekki, var ekki hægt að greiða bryggjuefni, sem hreppurinn átti kost á að fá. Það var þetta, sem ég vildi upplýsa í þessu sambandi. Meginatriðið í þessu máli er það, hvort ríkið eigi að skapa útgerðinni á Austur- og Suðausturlandi þau skilyrði, sem hún þarf. Mþn., sem athugaði þessi mál og gerði till. um þá staði, þar sem ríkið ætti að reisa landshafnir, nefndi Hornafjörð sem einn af þeim stöðum, þar sem fyrst skyldi reisa slíka höfn. Þótt hún að vísu teldi Keflavík og Njarðvíkur fyrst, lagði hún til, að Hornafjörður yrði síðar tekinn upp samkvæmt þeirri stefnu, að ríkið tæki að sér að byggja hafnir á æskilegustu stöðum. Hv. frsm. meiri hl. taldi, að ekki væru meiri líkur til, að fé fengist, þótt landshöfn yrði byggð í Hornafirði, og segir svo síðast í nál. meiri hl., með leyfi hæstv. forseta:

„Lánsmöguleikar hafnarsjóðs með fullri ábyrgð ríkissjóðs eru engu minni en lánsmöguleikar ríkissjóðsins sjálfs, og ríkissjóður mundi tæplega ætla meira fé til framkvæmda hafnarmannvirkja á Hornafirði fyrst um sinn, þótt frv. yrði að l., en sem svaraði árlegum styrk skv. fyrirmælum gildandi hafnarlaga. Er þetta og skoðun samgöngumálaráðherra á málinu."

Það, sem hér er aðalröksemdin, er því það, að ekki séu meiri möguleikar fyrir ríkisstj. en hreppinn í Hornafirði til þess að koma upp hafnarmannvirkjum. Mér þykir þetta æði merkileg yfirlýsing frá stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj., að ríkið geti ekki meir en lítill hreppur úti á landi, og skil ég ekki, hvernig sú ríkisstjórn — því að þetta virðist vera álit hæstv. samgmrh. — ætlar sér eiginlega að stjórna landinu. — Afstaða hæstv. samgmrh. mótast fyrst og fremst af því, að hann er alveg á móti því, að ríkið taki þetta að sér. Hann hefur alltaf verið á móti þessu máli og sýnist hafa sömu afstöðu enn.

Frsm. minni hl. lagði áherzlu á það, að ekki væru tryggðar framkvæmdir með löggjöfinni einni saman, og er það rétt, ef ríkisstj. vill ekki framkvæma gildandi l. Það var fyrir skömmu rætt í Sþ. um önnur lög, sem ríkisstj. hafði ekki framkvæmt, og mun hv. frsm. minni hl. hafa átt einhvern þátt í þeim umr. Þá var því borið við af hálfu ríkisstj., að ekki fengist lánsfé. En það stafar af því, hvað mikið hefur verið dregið úr peningaumferðinni í landinu, en það er þáttur í þeim aðgerðum ríkisstj., sem ég fer ekki nánar inn á.

Þá var hv. frsm. minni hl. að tala um, að þegar ákveðnar væru svona framkvæmdir á einhverjum stað, þá hækkaði land mjög í verði, og gæti það valdið ríkissjóði erfiðleikum, þar sem landið væri leigt einstaklingum. Engin vandræði mundu verða af því í Hornafirði, því að bæði á höfnin nokkurt land og það, sem fyrst og fremst þarf að gera, eru dýpkunarframkvæmdir og bryggjubygging, og til þess þarf ekki mikið landrými. Ég þori því að fullyrða, að þetta mundi aldrei standa í vegi.

Björn Kristjánsson: Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. gat þess, að afstaða mín til þessa máls væri nú nokkuð önnur en í fyrra, og er það rétt. Það var, ef mig minnir rétt, árið 1943 eða 1944, að mþn. í sjávarútvegsmálum sat að störfum. Hún gerði það að till. sinni, að ríkið léti byggja á tilteknum stöðum hafnir, sem kölluðust landshafnir. Lá á bak við þetta sú hugmynd, að þar, sem fiskimið væru góð, en ekki möguleikar til framkvæmda, þar eigi þjóðarheildin að leysa vandann. Hafi þessi skoðun verið rétt þá, skilst mér, að þörfin sé enn meir aðkallandi nú, þegar fiskiskipaflotinn hefur aukizt eins mikið og raun ber vitni. Hér við Faxaflóa eru orðin mikil þrengsli í höfnum og eins á fiskimiðunum, sem mjög eru takmörkuð fyrir svo stóran flota, og er því nauðsynlegt að nota jafngóð fiskimið annars staðar, og finnst mér því álit mþn. alveg rétt.

Einn af þeim stöðum, þar sem góð mið eru úti fyrir, en engin fjárhagsleg geta í héraði, er Þórshöfn. Því flutti ég frv. á þinginu 1945 um landshöfn þar. Þá var og borið fram frv. um landshöfn í Hornafirði, og voru bæði málin afgreidd með rökst. dagskrá og þar lagt fyrir ríkisstj. að láta rannsaka málið, á hvaða stöðum byggja ætti landshafnir og í hvaða röð. Ég treysti því, er rökst. dagskráin var samþ., að þetta yrði gert. Og þegar frv. um landshöfn í Hornafirði var flutt að nýju, beið ég með frv. um landshöfn í Þórshöfn og fylgdi ekki frv. um Hornafjörð, því að ég vildi bíða eftir gerðum ríkisstj. í málinu. Ég var því aldrei andvígur málinu í sjálfu sér, eins og ég mun hafa tekið fram við atkvgr. um það í fyrra. — Nú horfir málið hins vegar svo við, að rannsóknir eru að mestu ógerðar. Þó hefur verið gerð framhaldsrannsókn í Hornafirði, en engin á öðrum stöðum, og þegar svo langur tími var liðinn í aðgerðaleysi, sá ég ekki ástæðu til að draga það að flytja frv. mitt, né heldur að vera á móti frv. um landshöfn í Hornafirði.

Þá er önnur ástæða fyrir því, að ég nú styð þetta frv., en hún er sú, að í fyrra var gert ráð fyrir að byggja líka stór fiskiðjuver, sem orðið hefðu mjög dýr. Nú er þetta fellt úr, og er því um minni kostnað að ræða.

Mér þótti rétt að geta þessa, svo að sjást megi, að það er ekki að ástæðulausu, að ég hef aðra afstöðu til málsins en í fyrra. Að öðru leyti vildi ég segja um Hornafjörð, að þar eru mjög góð fiskimið, sem ekki notast án hafnarbóta á staðnum, og er þetta því mjög aðkallandi, að hafizt verði þar handa um hafnarmannvirkjagerð. Sama máli gegnir um Þórshöfn, og má ekki láta þau fiskimið vera ónotuð, og er því nauðsynlegt, að ríkið hefji þar framkvæmdir. — Ræðu hv. frsm. meiri hl. hefur þegar verið svarað af öðrum, og læt ég því hér við sitja.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Hv. þm. N-Þ. hefur nú gert grein fyrir, hvers vegna hann hefur skipt um skoðun á málinu, og veit ég ekki, hvort þar er um einhverja samninga að ræða og skal ekki fara út í það, en hv. þm. virðist vera í kapphlaupi, þegar hann fylgir þessu máli.

Ef menn hafa haldið, að hv. 8. landsk. þm. (ÁS) hafi borið þetta mál fram af einlægni, hljóta menn að stórefast um það nú, eftir að hafa hlýtt á síðustu ræðu hans. Ef frv. væri flutt af einlægni, þá á ekki að halda svona ræður, því að þetta var hrein pólitísk agitasjónsræða um þessi óskyldu vandamál, og held ég því, að hér sé aðeins um

auglýsingastarfsemi hjá hv. þm. að ræða. — Hann talaði um, að ríkisstj. hefði ekki meiri möguleika en fátækur hreppur úti á landi. Hefur hv. þm. gleymt allri þeirri aðstoð, sem ríkissjóður hefur veitt þessum hrepp? Það liggja fyrir 300 þús. kr., sem hreppurinn getur fengið að láni með fullri ábyrgð ríkissjóðs, og 60 þús. kr. beint framlag til framkvæmdanna. Það er því sannarlega ekki um fátækan hrepp að ræða, heldur aðila, sem hefur 100% ábyrgð ríkissjóðs á bak við sig. Eru þessir menn svo vesælir, að þeir vilji ekkert leggja á sig til þess að útvega það lán, sem ríkissjóður ber fulla ábyrgð á? Mér er kunnugt um það, að Landsbankinn leggur mikið upp úr því, að héruðin heima fyrir standi að framkvæmdunum og einstaklingar þar leggi sparifé sitt í þær. Það hefur verið bent á, að komast mætti langt með 600 þús. kr. lán. Mundu menn heima fyrir vilja reyna að leggja eitthvað á sig og kaupa trygg skuldabréf? Ef svo væri, mundi Landsbankinn áreiðanlega lána, en ekki, ef enginn vilji er heima fyrir nema til þess að heimta allt af ríkissjóði. Og ég spyr hv. 8. landsk.: Er honum ekki kunnugt um allar þær göngur, sem fjmrh. hefur orðið að fara til Landsbankans til að fá lán? Veit hann ekki, að nota þarf fé víðar en á Hornafirði og að það eru aðrir aðilar, sem einnig þurfa aðstoð? Ef þetta hérað hefur einhvern vilja til að leggja eitthvað á sig, hefur það nú meiri möguleika en nokkur annar staður á landinu, nema Rvík. Við skulum bara hugsa okkur, hvað aðrir hafa gert, t. d. í Bolungavík eða Ólafsvík. Hverju hafa þeir áorkað með vilja og dugnaði? En það er búið að koma því svo fyrir í Hornafirði, að enginn vill skipta sér neitt af atvinnumálunum.

Hv. 8. landsk. sagði, að ekki hefði verið hægt að greiða byggingarefni, vegna þess að Landsbankinn hefði neitað um lán. Þetta segir hv. þm. þegar fyrir liggja 310 þús. kr. til að kaupa efni. Ég fullyrði, að þetta getur ekki verið rétt, því að vitamálastjóri tilkynnti, að hreppurinn hefði 310 þús. kr. geymt fé. Það er þá lítið traust á þessum mönnum, ef Landsbankinn vill ekki afhenda þeim féð.

Þá talaði hv. þm. um, að hér væri aðeins lagt til að byggja landshöfn, en ekki fiskiðjuver. Ástandið er nú þannig í Hornafirði, að það þarf að flytja mikið af aflanum þaðan burtu, til stórtjóns fyrir útgerðina, og þetta yrði alveg eins, þótt þarna kæmu bryggjur og uppfyllingar. Í Hornafirði eru því engin skilyrði til þess að gera aflann að verðmæti, og því eðlilegast, að landshöfnin komi ekki fyrr en fiskiðjuverið hefur verið reist. Um það, hvort byggja eigi landshafnir eða hafnir skv. hafnarl., þá er það hreint prinsipatriði. Ég tel hollara að byggja eftir hafnarl., því að þá ráða aðilar heima fyrir, hvernig framkvæmdirnar verða, og hraðanum geta þeir ráðið með framlögum sínum heima fyrir, því að sjaldan hefur staðið upp á ríkissjóð og greiða sín framlög á móti.

Reynslan hefur sýnt, að það er á allan hátt hepplegast, að héruðin eigi sjálf hafnir sínar, en ekki landið. Ef landið hefði t. d. tekið Reykjavíkurhöfn, þá væri það út af fyrir sig ekki leiðinlegt. Í byrjun voru veittar til hennar 400 þús. kr., en nú er Reykjavíkurhöfn milljónafyrirtæki, sem gefur milljónir í tekjur á ári hverju. Málið liggur því svo fyrir, að ef gera á landshafnir um allt land, verða hafnirnar eign ríkisins og þangað renna síðan hafnargjöldin, en héruðin fá ekkert af þeim í hafnarsjóði. Undir þeim gjöldum mundu ekki aðeins Hornfirðingar standa, heldur allir Austfirðir, og reynslan hefur sýnt það, að í innheimtu hafnargjalda er farið eins langt og hægt er, og fyrir hefur það komið bæði á Austfjörðum og annars staðar, að reynt hefur verið að niðast á landlegubátum.

Hv. 8. landsk. þm. talaði mjög um, að hæstv. ríkisstj. hefði andúð á þessu máli. Ég hef nú ekki orðið var við slíkt, og held ég, að það sé ofmælt hjá hv. þm. Er það andúð ríkisstj., ef hún greiðir úr ríkissjóði 300 þús. kr. til þess að reka íbúðir í Höfn í Hornafirði? Það merkilega er, að hæstv. ríkisstj. virðist hafa mikla samúð með Hornfirðingum, þrátt fyrir ágalla þeirra.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að út af Hornafirði væru fiskimið mjög auðug, en mannvirki væru léleg og ófullkomin í landi til nýtingar aflans. Þetta virðist nú lítið koma máli þessu við, sem hér er um rætt, og það er ekkert skilyrði, sem mælir með því að byggja landshöfn í Hornafirði, þó að auðug fiskimið séu úti fyrir. Alþ. hefur þegar viðurkennt, að nauðsyn sé að bæta lendingarskilyrði með því að styrkja hafnargerð þar. Það breytir því ekki neinu um fiskimiðin, þau eru viðurkennd. En það, sem hér greinir á um, er það, hvaða leið skuli farin.

Höfuðröksin, sem færð eru fyrir landshöfn í Höfn, eru þau, og ekki önnur en þau, að menn vilja ekki leggja á sig þær byrðar og bera sinn kross sem önnur héruð. Þetta er einna líkast því, sem kom fyrir á Eskifirði, þegar Eskfirðingar vildu ekki setja niður kartöflurnar, sem ríkisstj. sendi þeim um árið, en seldu þær suður aftur, þar sem þær voru étnar.

Hv. 8. landsk. fullyrðir, að fiskimiðin út af Hornafirði verði ekki notuð, ef þetta frv. verður ekki samþ. Ég mótmæli þessu. Fyrsta skrefið er að koma upp atvinnutækjunum og koma þeim í gang. Nú er þar ekkert nema lélegar verbúðir. Það er ekki einu sinni frystihús þar. Nú eru 70 starfandi frystihús í landinu. Hvernig stendur á því, að Hornfirðingar hafa ekki haft manndóm í sér til þess að koma sér upp frystihúsi eins og önnur héruð? Þá hefur vantað viðsýni. Hún hefur nú ekki verið meiri en þetta. Þeir hafa ekki haft manndóm í sér til þess, þó að þeir búi við mjög auðug fiskimið, og því er Hornafjörður í aumingjaskap. Fyrsta skilyrðið til þess, að réttmætt sé að byggja þar höfn, er það, að í landi séu mannvirki, sem vinni úr aflanum. Hafnarbygging hlýtur að stranda, þar til einhver vegur er til þess að hagnýta aflann, er á land kemur.

Hv. 8. landsk. segir, að hreppurinn hafi ekki fjármagn til þess að standa undir hafnarbyggingu. Ég vil benda á, að það er fé ríkissjóðs, sem ráðstafað er. Ef Hornfirðingar eru þeir vesalingar, að þeim er ekki treystandi til þess að ráðstafa fé ríkissjóðs, þá er þeim vart bjargandi. Ríkissjóður leggur fram 40% kostnaðar við byggingu hafnar, samkv. l. um hafnargerðir, en eftirstöðvunum, eða 60%, gengur ríkissjóður í ábyrgð fyrir. Hv. þm. virðist ekki treysta Hornfirðingum, en nokkuð finnst mér varhugavert af 8. landsk. að mæla svo.

Hv. frsm. minni hl. færði fram þau rök á móti min-

um, að ég hefði barizt fyrir, að byggð yrði þurrkví í Rvík. Ég vil benda hv. þm. á það, að Rvík er heimilað með hafnarl. að fá 40% ríkisstyrk til byggingar á þurrkví, sem mun kosta um 15 millj. kr. Ég nefni þetta vegna þess, að fyrir Reykjavíkurhöfn liggja framkvæmdir, sem kosta munu 12 millj. kr., og Rvík fær enga aðstoð til. Ef Rvík fengi 40% þessa fjár úr ríkissjóði, sem þarf til hafnarbygginga, og 60% lánað á ábyrgð ríkisins, þyrfti ekki mikið fé til þurrkvíar í Rvík. Rvík kemst af vegna mikilla tekna af hafnargjöldum. Þessar tekjur af höfninni hefur Rvík notað til þess að stækka og endurbæta höfnina smátt og smátt. Til sama er ætlazt af Hornfirðingum. Og þar sem höfn í Hornafirði mundi verða notuð af flestum þeim bátum, sem stunda veiðar á þessum miðum, ættu tekjurnar af höfninni ekki að verða svo litlar. — Hv. þm. talaði um, að hreppsfélagið hefði nóg að gera með peninga sína. Það kemur ekkert þessu máli við, þó að hreppurinn hafi ómagaframfæri og önnur útgjöld sem önnur hreppsfélög. Það er allt annað mál. Hér er um tvennt að ræða með aðskildu reikningshaldi, og ef hreppurinn getur ekki staðið undir ómagaframfæri sínu, þá er ekki að furða, þó að Landsbankinn vilji ekki lána nema ríkisstj. skrifi á víxil fyrir öllu saman.

Þá lagði hv. frsm. minni hl. mikið upp úr ummælum, sem borizt hafa frá vitamálastjóra, en þau eru nú ekki alltaf positiv, og ég get ekki annað séð en ummæli vitamálastjóra geti gert mál hv. 8. landsk. skaða, sé farið eftir till. hans, og er ekki nema rétt að birta hér ummæli vitamálastjóra, þó að það sé ekki í hag hv. þm.

Í bréfi, sem vitamálastjóri sendi fjvn. í haust, tekur hann alls ekki Höfn í Hornafirði í 1. flokki, en leggur til, að nokkrar hafnir fái hækkun á ríkisframlagi úr 200 þús. kr. í 250 þús. kr., en Höfn í Hornafirði 100 þús. kr. Álit vitamálastjóra rekst því nokkuð á það, sem segir til um í nál., og ég er viss um, að bygging hafnar í Höfn mundi taka skemmri tíma, ef framkvæmdir fara eftir almennu hafnarlögunum, en ef ákveðið yrði, að um landshöfn væri að ræða.

Hvað viðkemur ummælum hv. 8. landsk. um það, að hæstv. samgmrh. hefði andúð á málinu, þá er enginn snefill fyrir þeirri staðhæfingu. Hæstv. ráðh. hefur einmitt samúð með málinu, en telur því bezt borgið undir hinum almennu hafnarl., sem ég og fleiri aðilar, sem sent hafa umsagnir sínar. Frá Fiskifélaginu hefur borizt sú umsögn, að það sé skoðun þess, að ekki eigi almennt að framkvæma hafnargerðir sem landshafnir, heldur undir hinum almennu hafnarl. Það er stundum vitnað í ummæli þessara aðila, sem ég hef minnzt hér á, en stundum ber nú skoðunum þeirra ekki saman við það, sem stendur á öðrum skjölum. Stjórn Fiskifélagsins leggur t. d. til, að ekki verði horfið frá þeim ákvæðum, sem segir á hinum almennu hafnarl. Þegar l. voru til umr. og afgreiðslu á Alþ., voru þau þrauthugsuð, og þá var talað um að setja inn í þau ákvæði um 1. flokks landshafnir, sem Alþ. gat ekki fallizt á, og er ekki heppilegt, að fleiri landshafnir verði samþ., þó að byggð verði landshöfn í Njarðvíkum. Umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um það, hvar kæmu til greina landshafnir, var sú, að þeir bentu á Akranes, Skagaströnd, Þórshöfn, Húsavík og Vestmannaeyjar, en Höfn í Hornafirði kom ekki til greina. — Ég er ekki að minnast á þetta vegna þess, að þessar till. séu einhlítar, eða til þess að færa þetta fram sem sterk rök. Þvert á móti. Ég bendi aðeins á það, hve umsagnirnar geta verið mismunandi og að einn aðili rífur niður það, sem annar byggir upp.

Ég skal ekki deila frekar um þetta. Mál þetta er vel upplýst og liggur mjög ljóst fyrir. Hér er aðeins deilt um það, hvort vikja eigi frá þeirri stefnu, sem Alþ. hefur þegar tekið, eða ekki, — vikja frá héraðshöfnum í landshafnir. Um þetta munu atkv. ganga og úr skera, og ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann fresti atkvgr. um málið, þar eð svo fáir þdm. eru viðstaddir. Það er réttast í svo stóru máli sem þessu, að sem flestir þdm. séu viðstaddir, er málið er borið upp til atkv., svo að þingviljinn komi sem allra skýrast í ljós og állt einstakra þm.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Í ræðu minni áðan gat ég þess, að ríkisaðstoð að 2/5 hlutum við hreppinn væri mikils virði og einnig, að ríkissjóður ábyrgist hinn hluta lánsins til hafnargerðarinnar. En nú er sýnt, að lánsstofnanir vilja ekki leggja fram fé þetta, sem þó Landsbankanum ber að gera samkv. l. Það gæti verið, að það væri einhver staður í héraði hv. þm. Barð., sem líkt væri ástatt um. Það er skjalfest, að Landsbankinn hefur neitað að lána til hafnar í Höfn, a. m. k. á þessu ári. En er það ekki samkvæmt lögum um hinar almennu hafnir, að ríkissjóður á að leggja fram fé það, sem til þarf? Þetta er næg ástæða til þess að sýna, að það er rétt, sem ég hef haldið hér fram.

Hv. þm. Barð. talaði mjög um það, hversu miklir vesalingar Austfirðingar væru, en ég spyr hv. þm. Barð., hvort það séu þá ekki álíka vesalingar í Njarðvíkum, sem heimtuðu landshöfn þar. Í því héraði stóðu þó sjálfstæðismenn að því verki. Eru það þá ekki tómir vesalingar? Þetta er dómur hv. þm. Barð., en ekki minn. Andúð hv. þm. Barð. á máli þessu er sú, að þm. finnst, að kjördæmi sitt hafi engra hagsmuna að gæta í sambandi við byggingu landshafnar í Höfn. Hvað viðkemur ummælum hæstv. samgmrh., þá hef ég ráðið af þeim, að hæstv. ríkisstj. sé á móti málinu og hæstv. samgmrh. muni vera maður til þess að viðurkenna ummæli sín, að hann sé á móti því að samþykkja frv. þetta. Þótt hæstv. ráðh. hafi látið í ljós þessa skoðun, er hann ekki á móti því, að hafnarmannvirki verði gerð í Höfn í Hornafirði. Það vissi ég vel, en hann vill ekki styðja málið nú.

Þá talaði hv. þm. Barð. um pislargöngur, sem hæstv. fjmrh. (JJós) hefði orðið að ganga til landsbankastjórnarinnar. Það kæmi nú litið þessu máli við, þó að hæstv. fjmrh. hefði orðið að ganga einhverjar pislargöngur í Landsbankann — og þetta voru orð hv. þm. Barð., en ekki mín. Það, sem fram kom í ræðu hv. þm. Barð., bar helzt að skilja svo, að fyrir lægi lán með ábyrgð ríkissjóðs, en því er nú ekki til að dreifa.

Enn fremur lét hv. þm. á sér skilja, að á Austfjörðum væri allt í kalda koli sökum þess, að Hornfirðingar hefðu rekið af höndum sér athafnamanninn Þórhall Danielsson. Þórhallur á þakkir skilið fyrir dugnað sinn, en hann var ekki flæmdur í burtu eða amazt við honum á neinn hátt. Þessi maður mun kunna hv. þm. Barð. litlar þakkir fyrir slík ummæli.

Einnig er það ósatt hjá hv. þm., að ekki væri hægt

að greiða nauðsynlegt byggingarefni. Því að það, sem strandað hefur á, er það, að ekki hefur reynzt hægt að útvega lánsframlagið, sem ríkissjóði ber að greiða á móti framlagi úr héraði. (GJ: Hefur ríkisstj. algerlega neitað því?) Ég veit ekki til, að málið sé komið svo langt enn þá. Ég veit, að þessir menn ætluðu að reyna allt til þess að fá framlag á móti, eins og lög standa til.

Það er rétt, að aðstaðan er þannig, eins og hv. þm. Barð. sagði, að það þarf að eyða fé til þess að flytja burt fiskinn. Það er þess vegna, sem þörf er á framkvæmdum, fyrst og fremst hafnarframkvæmdum.

Þá sagði hann, að það væri betra fyrir viðkomandi sveitarfélög að eiga þessi mannvirki sjálf, og ég efa það ekki, enda er víst, að margir stærri bæir kæra sig ekki um hjálp. En það er viðurkennt, fyrst af mþn. og síðan af Alþ., er það samþykkti landshafnirnar í Keflavík og Njarðvíkum, að nauðsynlegt sé, að ríkið geri þetta fyrir útgerðina. Þetta liggur til grundvallar. Þessar framkvæmdir eru nauðsynlegar til þess að tryggja vertíðina á Austurlandi, svo að fiskimiðin notist til fulls.

Þá má minna hv. þm. á það, að till. um þurrkvína, sem hann flutti sjálfur, stangast við rök hans í þessu máli. Hann notar rökin eins og honum hentar, en samræmið vantar hjá honum.

Hann minntist á skiptingu vitamálastjóra á hafnarfé og að Hornafjörður hefði bara fengið 100 þús. kr. á þessu ári. Það er eðlilegt. Fyrst ekkert var unnið síðastliðið ár, kemur það fé til góða á þessu ári. Það er byggt á núgildandi hafnarl., en vitamálastjóri hefur sagt, að hann telji eðlilegt, að ríkið taki að sér þessar framkvæmdir.

Þá vil ég aðeins minnast á umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem er mjög einkennileg, og hv. þm. Barð. lýsti því sjálfur, hve mikil fjarstæða hún væri. Þar eru ræddir allt aðrir staðir en spurt er um, og því svarið út í hött.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira, nema sérstök ástæða gefist til. Ég vænti þess, að d. sýni eins og á síðasta þingi, að hún sé þessu máli fylgjandi, og að það verði samþ.

Forseti (BSt): Það er sýnilegt, að þessu máli verður ekki lokið nú, þar sem margir hafa kvatt sér hljóðs. Auk þess hefur form. sjútvn. óskað þess, að atkvgr. yrði frestað. Þykir því rétt að fresta umr. og taka málið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Ed., 13. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég þarf nú í raun og veru litlu sem engu að svara því, sem hv. frsm. meiri hl. sjútvn. beindi að mér í ræðu sinni í gær. En það er eitt atriði, sem hann lagði nokkuð mikla áherzlu á og ég tel nokkru máli skipta og því rétt að ræða nokkru nánar. En það er, að hann hélt því fram, að með því að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir, og ákveða þar með að reisa landshöfn í Höfn í Hornafirði, þá væri verið að hverfa frá reglu, sem felst í hinum almennu hafnarl. Og hann færði fram þessu til stuðnings ummæli úr umsögn Fiskifélagsins, sem að þessu hnigu. Og sömuleiðis vildi þessi hv. þm. halda fram, að það drægi úr meðmælum vitamálastjóra með þessu frv., að það kæmi fram, að hann væri ekki ákveðinn í því, hvort hann vildi fylgja þessari stefnu um landshafnir eða fylgja reglunni, sem er í hinum almennu hafnarl. Ég held, að það sé misskilningur hjá þeim, sem halda fram, að með þessu, að leggja til að byggja landshafnir, sé á nokkurn hátt verið að hverfa frá reglunni, sem felst í hinum almennu hafnarl., heldur er hér verið að gera það, sem oft hefur verið rætt um áður, — m. a. hefur komið fram sú skoðun hjá mþn. í sjávarútvegsmálum, sem áður hefur verið til umr. hér á Alþ. og gerðar hafa verið samþykktir um, — að á þeim stöðum, þar sem sérstaklega hagar til um, að hafnir hafi þýðingu ekki sérstaklega fyrst og fremst fyrir íbúana á viðkomandi stað, heldur engu síður og jafnvel kannske meir fyrir aðra staði á landinu, — og gildir þetta þá um viðleguhafnir fyrir báta vegna veðurs að af landinu, — sú skoðun hefur oft komið fram, að ástæða sé til þess, að ríkið kosti hafnargerðir á þessum stöðum vegna þeirrar almennu þýðingar, sem þessir staðir hafa og ekki er sérstaklega bundin við hagsmuni þessara staða sjálfra. Er þetta vegna þess, að í ýmsum tilfellum hagar svo til, að ýmsir þessir staðir eru ekki svo fjölmennir og efnum búnir, að þeir geti reist af eigin rammleik þær hafnir, þótt eftir hafnarl. sé, sem nauðsyn er á til þess að notazt geti þau fiskimið, sem að liggja, bæði fyrir menn á staðnum og á öðrum stöðum á landinu vegna veðurs. Það er því ljóst, að þessar tvær leiðir stangast ekki, heldur eiga þær að styðja hvor aðra og ef svo má að orði komast uppfylla hvor aðra. Og það kemur að *minu áliti* mjög glöggt fram í erindi vitamálastjóra, sem birt er hér með áliti meiri hl. sjútvn., að hann gerir upp á milli þessara leiða og telur þær báðar jafnréttmætar, *eftir ástæðum á hverjum stað*. Það stendur orðrétt í bréfinu frá vitamálastjóra, sem birt er hér með áliti meiri hl. sjútvn., með leyfi hæstv. forseta:

„Þar, sem svo hagar til, að nauðsyn er á höfn vegna þjóðarbúskaparins, en hreppsfélögin eru svo fátæk, að þau hafa ekki getu til þessara framkvæmda, þá álít ég það fjárhagslega réttmætt, að ríkið byggi höfn og iðjuver.“ Og svo heldur hann áfram: „Það, hvort hafnir eigi almennt að vera ríkisfyrirtæki, er annað mál.“ Vitamálastjóri hefur gert það ákveðið upp við sig — og virðist ekki vera neinn vafi um það —, að á vissum stöðum sé réttmætt og sjálfsagt, að ríkið byggi almennar hafnir, þ. e. a. s. landshafnir, en hins vegar komi það alls ekki í bága við almennu regluna, sem felst í hafnarl., og henni eigi auðvitað að fylgja almennt, en landshafnir eigi að vera aðeins þar, sem svo hagar til, eins og hann minnist á þarna, að möguleikar eru miklir um öflun fisks, en þar skortir á, að hægt sé af þeim, sem þar búa, og byggja höfn, svo að þessi fiskimið nýtist. Ég held því, að það sé alger misskilningur, að með því að samþykkja þetta frv. sé nokkuð verið að falla frá þeirri almennu reglu, sem fylgt er í almennu hafnarl., heldur sé aðeins með þessu verið að gera ráðstafanir til þess, að ríkið komi til aðstoðar á stað, þar sem svo hagar til, *að viðkomandi hreppsfélag hefur ekki bolmagn* til þess að reisa nauðsynleg hafnarmannvirki. Enda hefur, eins og öllum hv. þm. er kunnugt, verið

gengið inn á þessa braut, sem gert var með því að samþykkja l. um landshöfn í Njarðvíkum, sem byrjað er á að byggja, þó að það gangi miklu hægar en æskilegt væri. Ég man ekki eftir, að í sambandi við þau ákvæði, sem um það voru samþ., kæmu neinar röksemdir fram um það, að með því væri verið að hverfa frá reglunni í ákvæðum almennu hafnarl., enda voru almennu hafnarl. sett um það leyti. Þessar röksemdir hygg ég því ekki frekar frambærilegar nú í sambandi við þetta mál, sem fyrir liggur, heldur en þá var, og að mínu áliti eru þetta heldur engar röksemdir. Þetta eru aðeins tvær leiðir, sem farnar eru í hafnarmálunum eftir skilyrðunum, sem fyrir hendi eru á hverjum stað, þar sem hafnarmannvirki þarf að reisa. Og þó að það kunni að vera fleiri staðir en Njarðvíkurnar og Höfn í Hornafirði, — og kröfur eru þegar komnar um fleiri staði, — sem fengju landshafnir, þá hygg ég, að það verði ekki almennt komið upp hafnargerðum eftir þeirri leið. Það hafa komið fram kröfur um landshafnir á fleiri stöðum, svo sem í Rifi á Snæfellsnesi, þar sem er fátækt og fámennt hreppsfélag, sem það hafnarstæði er í. Og sama er að segja um Þórshöfn í sambandi við frv. það, sem afgr. var frá þessari hv. þd. í gær. E. t. v. eru fleiri staðir, sem slíkar kröfur mundu vilja gera. En ég hygg, að þessir staðir, sem ég hef talið, séu þeir helztu, sem koma til greina í þessu sambandi. Og þó að byggðar væru landshafnir á nokkrum stöðum í landinu, væri samt ekki horfið með því frá reglunni, sem gildir eftir almennu hafnarl.

Það var aðeins þetta, sem ég vildi mótmæla í ræðu hv. frsm. meiri hl. sjútvn., því að það skiptir nokkru, hvaða skilningur er í þetta lagður. Önnur atriði, sem fram komu, tel ég ekki skipta neinu máli né að hafi nokkur áhrif á afgreiðslu málsins. Mun ég því ekki fara að karpa neitt um þau.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hlýddi á umr. um þetta mál hér í gær, og mér fannst hv. þm. Barð. vera nokkuð þungorður í garð Austfirðinga að tilefnislitlu í sambandi við þetta mál. Mér heyrðist á honum, að hann teldi það hreinan aumingjaskap af þessu sveitarfélagi og Austfirðingum í heild, ef þeir ekki megnuðu að hrinda því mannvirki, sem hér um ræðir í þessu frv., í framkvæmd eftir reglum hinna almennu hafnarl., án þess að það kæmi undir þau ákvæði, sem gilda eiga um landshafnir. Ég þori að fullyrða, að ef einhver hv. Austfirðingaþm. hefði haft eins stór orð í garð Vestfirðinga í sambandi við eitthvert undirstöðumál undir atvinnulífi þeirra, þá hefði hv. þm. Barð. hlaupið kapp í kinn vegna Vestfirðinga, og þá sérstaklega, ef orðin hefðu verið látin snerta hans elskulegu Barðstrendinga. Ég lít svo á, að fólkið í þessum landshlutum, á Austfjörðum og á Vestfjörðum, sé nokkuð svipaðrar tegundar, harðgert fólk og duglegt, og því sé ástæðulaust að láta orð falla í þá átt, að þar sé um nokkra vesalinga að ræða, sem allt vilji láta rétta upp í hendur sér, en vilji ekki fórna sjálft til þess að tryggja afkomu sína. Slíkt hygg ég óverðugt að segja bæði gagnvart Austfirðingum og Vestfirðingum. Og ég veit fyrir víst, að þó að allmikið fé hafi runnið til Barðastrandarsýslu úr ríkissjóði vegna dugnaðar hv. þm. Barð. og fyrir góða aðstöðu hans í fjvn., þá er það ekki ástæða til þess, að stimpla beri Barðstrendinga sem aumingja fyrir og segja þess vegna, að þeir hafi verið svo aumir, að þeir þyrftu frekar en aðrir hjálpar við, eins og hv. þm. Barð. vildi gagnvart Austfirðingum tala hér í gær.

Mér skilst, að hér sé um að ræða að koma upp í Höfn í Hornafirði mannvirki, sem áætlað er, að kosti á fimmtu millj. kr., og héraðið, sem þarna á hlut að máli, er hreppsfélag með um 300 íbúum. Þetta hreppsfélag hefur án efa í mörg horn að líta. Það þarf að koma upp dýrum mannvirkjum eins og vatnsveitu og rafveitu og vafalaust mörgu fleiru, og sér sér því ekki fært að koma upp nauðsynlegum hafnarmannvirkjum, sem er þó aðalundirstaða undir aðalatvinnu hreppsbúa, og þetta hreppsfélag fer þess vegna fram á, að ríkið láti þennan stað njóta þeirra hlunninda, sem felast í l. um landshafnir. Þeir benda á það, fylgjendur þessa frv., að þarna standi þannig á, að hafnarmannvirki, sem reist yrðu á þeim stað, kæmu ekki sérstaklega til nota fyrir íbúa þessa hreppsfélags eins, heldur mundi fiskveiðafloti Austfjarða nálega allur sækja til Hornafjarðar og stunda þaðan atvinnu sína. Mér skildist á hv. þm. Barð., að sökum þessarar aðstöðu lægi beint við, að Austfirðingar allir tækju að sér að koma upp þessum mannvirkjum í Höfn í Hornafirði. Ég skil ekki, hvernig hv. þm. Barð. hugsar sér þessi sameiginlegu átök á Austfjörðum, að koma þessu upp. Ég held, að Seyðisfjörður hafi nóg með sín hafnarmannvirki, og ég held, að sama megi segja um Neskaupstað, Fáskrúðsfjörð, Djúpavog o. s. frv. Ég held, að hafnarsjóðir þessara staða hafi eigi meiri tekjur en svo, að þeir eigi fullt í fangi með að sjá fyrir sínum eigin málum. Það, sem þm. Barð. gæti þá helzt hafa átt við í sambandi við þetta, væri það, að hann telji, að Austfirðingar ættu allir að leggja á sig byrðar til þess að útvega lánsfé til þess að byggja þessi mannvirki í Höfn í Hornafirði, því að þeir ættu hagsmuna að gæta í sambandi við það, að þetta mannvirki yrði til. En þá efast ég um, að þetta mannvirki kæmist upp, þó að allir Austfirðingar yrðu samtaka um að útvega fé til fyrirtækisins gegn ríkisábyrgð. Mér finnst það liggja nokkurn veginn í augum uppi, að hafnarmannvirki, sem byggja þarf í sveitarfélagi með 300 íbúum, verði varla reist, nema ríkið veiti til þess þá fyrstu aðstoð, sem það annars veitir við byggingu slíkra mannvirkja. Og þegar á það er litið, að þarna hefur heill landsfjórðungur hagsmuna að gæta vegna hinna auðugu fiskimiða, því að víðlegubátar mundu mjög stunda róðra þaðan, þá finnst mér, að ef það á nokkurs staðar við, að landshafnir séu byggðar fyrir ríkisfé, þá eigi það þarna við.

Hv. þm. Barð. taldi, að ekki væri hægt að tala um neina eindregna afstöðu vitamálastjóra til þessa máls. Ég held, að þetta sé rangt, því að það er varla hægt að úttala sig ákveðnar og eindregnar jákvætt með málinu en vitamálastjóri gerir í þessari umsögn sinni á þskj. 324. Þar segir: „Því, í hvaða röð ég telji, að landshafnir eigi að koma, vil ég því til svara, að ég set númer eitt Höfn í Hornafirði, annaðhvort sem landshöfn eða þá að séð verði um með öðrum hætti, að fiskútflutningshöfn geti vaxið þar fljótlega upp. Næsta stað tel ég Rif á Snæfellsnesi.“ Hann ræðar þessu upp, svo að ekki er um að villast. Fyrst er Höfn í Hornafirði og svo Rif á Snæfellsnesi. — Við þessa umsögn sína bætir vitamálastjóri því til skýringar, hvernig undirbún-

ingur þessa máls stendur: „Fyrir báða þessa staði, Höfn og Rif, liggja fyrir uppdrættir og kostnaðaráætlun, og á hvorugum staðnum þarf að binda mjög mikið fé fyrst í stað.“ Ég sé ekki annað en hann mæli eindregið með því, að höfnin verði landshöfn, og telur hann staðinn númer eitt á framkvæmdaskrá um slík mannvirki.

Ég hjó líka eftir því, að hv. þm. Barð. taldi, að hæstv. samgmrh. mundi vera andvígur málinu. Ég held þó, að andstaða hæstv. ráðh., ef hún annars er til, sé eingöngu við það bundin, að hann telji mikla erfiðleika á því að afla fjár til þessara mannvirkja nú samtímis því, að verið sé að framkvæma hin væntanlegu miklu mannvirki í sambandi við landshöfn í Njarðvíkum. En ég tel mig mega fullyrða, að málefnislega sé hæstv. samgmrh. síður en svo andvígur því, að reist verði landshöfn í Hornafirði.

Ég tók afstöðu með þessu máli, þegar það var til umr. og afgreiðslu á síðasta þingi. Og ég hef ekki fundið neina ástæðu til að breyta þeirri afstöðu minni nú, því að mér finnst allt mæla með málinu. Það væru kannske helzt fjárhagsörðugleikar, sem gætu torveldað framkvæmd þess. Ég fylgi því þessu máli eindregið og tel, að til þess standi öll rök.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þetta mál hefur nú verið rætt nokkuð mikið, og skal ég ekki fara mikið út í efnishlið þess, en drepa á nokkrar aths., sem fram hafa komið á þessum fundi.

Hv. 3. landsk. þm. (HV) lagði aðaláhersluna á það, að þetta frv. ætti sérstaklega mikinn rétt á sér vegna þess, hve mörg önnur héruð nytu góðs þar af vegna hinna auðugu fiskimiða á þessum stað. En ef þetta sjónarmið væri látið ráða, kæmu til greina miklu fleiri staðir en Höfn í Hornafirði. Má þar til nefna Þorlákshöfn, en þar er mjög heppilegt að hafa bæði stóra viðleguhöfn og uppskipunarhöfn. Má í þessu sambandi nefna marga fleiri staði, sem til greina gætu komið, t. d. Rif á Snæfellsnesi, og svo sannarlega mætti nefna Sandgerði, en þar hefur verið mjög mikill reipdráttur um það að fá landshöfn. Þarna kæmi líka til greina Akranes, sem hefur lagt einna mest fram til hafnarmannvirkja. Þarna kæmi líka til greina Selárdalur, Hafnarfjörður og Hvallátrar. — Ég bendi aðeins á þetta, því að allir þessir staðir hafa skilyrði vegna auðugra fiskimiða, þar sem þeir eru enn fiskauðugri en Hornafjörður.

Þá minntist hv. 3. landsk. á afstöðu vitamálastjóra, þar sem hann enn dregur allt úr samhengi. Vitamálastjóri sagði, að hann vildi ekki taka afstöðu til þess, hvort þetta yrði raunverulega byggt sem landshöfn. Hann sagði, að hann ætlaðist til, að þar sem fé væri ekki fyrir hendi, hjálpaði ríkið til þess að gera það, annaðhvort með því að byggja landshöfn eða styrkja á annan hátt, og vill jafnvel, að það sé opið, að þetta sé gert að héraðshöfn á eftir. Og nú stendur svo á, að fyrir eru 300 þús. kr., sem liggja fyrir til Hafnar í Hornafirði, og er þá hægt að koma þessu mannvirki í það horf, að það sé mjög vel við unandi á næstu árum, fyrir 1 millj. kr., eftir þeim áætlunum, sem fyrir liggja, og þarf þá ekki annað en útvega ríkissjóðsábyrgð fyrir 600 þús. kr. Og ég er viss um, að þetta yrði fljótlegast fyrir Hornafjörð. Ummæli vitamálastjóra, að á hvorugum staðnum þurfi að binda mikið fé, sanna þetta, að með þessu fé megi koma upp þessum framkvæmdum, sem hann telji viðunandi.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál meira, en legg til fyrir hönd meiri hl., að frv. verði felld.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hef nú því miður ekki haft tækifæri til að fylgjast með þessum umr., en langar til þess að segja um málið nokkur orð, áður en það fær endanlega afgreiðslu úr deildinni.

Hugmyndin um byggingu landshafna byggist á því fyrst og fremst, að viðkomandi hreppsfélög séu þess varla umkomin að ráðast í byggingu þessara mannvirkja, sem í flestum tilfellum er mjög kostnaðarsöm, á þann hátt, sem æskilegt væri vegna legu, aflavona og ýmissa annarra möguleika, sem þar gætu verið fyrir hendi, ef góð hafnarskilyrði væru. Fyrir lítil sveitarfélög yrðu fjárhagsörðugleikar kannske það erfiðasta, og gæti það orðið þeim ofviða að standa straum af rekstrinum meðan hafnirnar væru að vinna sig upp. Þessir landshafnarstaðir, sem komið hafa til greina, eru einir 5 eða 6 á ýmsum stöðum við landið og hafa verið ræddir flestir ýtarlega á undanförnum þingum, svo að ég skal ekki fara út í það, enda málið í heild sinni rætt ýtarlega. En það, sem kom mér til að standa upp, var það fyrst og fremst, að ég vildi gjarnan fá leyfi til þess að skýra d. frá því, hvernig ríkinu hefur gengið að koma í framkvæmd þeim einu landshafnarlögum, sem þegar eru orðin að veruleika, lögum sem landshafnargerð í Keflavík og Njarðvíkum. Þau voru, eins og kunnugt er, samþ. fyrir nokkru síðan hér á Alþ. og ríkisstj. heimilað að hefja framkvæmdir og vinnu fyrir allt að 10 millj. kr. og taka nauðsynleg lán í því skyni. Þegar þessi l. voru samþ., stóðu yfir framkvæmdir í miðjum klíðum, aðallega í Keflavík, en að nokkru leyti einnig í Njarðvíkum. Þessum framkvæmdum varð að ljúka, og eftir að ríkisstj. hafði yfirtekið eignirnar og þar með um leið skuldbundið sig til að sjá verkinu farborða, varð hún að sjá um framkvæmdir úr því. En þá kom það fyrir, sem hefur gert mjög mikið strik í reikninginn, að hvernig sem leitað var, var ekki hægt að fá nóg lánsfé til þessara framkvæmda, og þess vegna varð á fyrsta stigi að stöðva þessar framkvæmdir í Keflavík og Njarðvíkum. Ég vona nú fyrir mitt leyti, að þar sé eingöngu um bráðabirgðaörðugleika að ræða, sem muni verða einhvern veginn viðráðanlegir á næstunni, svo að halda megi verkinu áfram. En þó hafa þessir örðugleikar, eins og ég sagði, valdið því, að ekki hefur verið hægt að halda áfram með verkið.

Þetta er því miður ekki eina verkið, sem þannig er ástatt um og l. hafa verið samþ. um á Alþ. Get ég í því sambandi nefnt ýmsar verksmiðjubyggingar, svo sem tunnuverksmiðju, lýsisherzluverksmiðju, símaframkvæmdir o. fl. Alþ. hefur falið ríkisstj. að koma í framkvæmd þessum mannvirkjum öllum, eftir því sem fjármagn kann að vera til, en það hefur hins vegar ekki verið til svo mikið fé, að hægt hafi verið að ráðast í þessi mannvirki, eins og Alþ. hafði gert ráð fyrir — Ég geri þess vegna ráð fyrir því, að ef samþ. verða l. um landshöfn í Höfn í Hornafirði, mundi það verða til þess, að hafnarn. Hafnarkauptúns

mundi kippa að sér hendinni um allar frekari framkvæmdir, því að þar með verður hún ekki lengur aðili, eftir að landshafnarl. hefðu verið samþ. Hins vegar mun fiskveiðasjóður eiga fullt í fangi með að koma í framkvæmd landshöfn í Keflavík og ýmsum öðrum framkvæmdum, sem enn skortir fjármagn til, þannig að setning landshafnarl. á þessum stað gæti beinlínis orðið til þess, eins og hv. þm. Barð. sagði hér áðan, að framkvæmdir stöðvuðust í bili, þar sem hafnarn. Hafnarkauptúns yrði þar með sett úr leik og gæti ekki haldið áfram nauðsynlegum aðgerðum, sem hún gæti kannske ráðið við í bili, ef í smáum stíl væri, en ríkið mundi ekki taka þarna upp framkvæmdir í stærri stíl, fyrr en það hefði fyrst séð farborða þeim framkvæmdum, sem áður hafa verið samþ. l. um og að margra dómi liggur meira á, sem sé landshöfn í Keflavík og Njarðvíkum. Það getur að vísu verið álitamál, hvaða hafnarframkvæmdir eru mest aðkallandi, en ég tel, að fyrir því megi færa ýmis rök, að landshöfn í Keflavík og Njarðvíkum komi þar í allra fyrstu röð, enda býður sá staður upp á meiri möguleika en Höfn í Hornafirði, að henni ólastaðri. Ég hefði því talið, að meðan þessir lánsfjárörðugleikar eru, væri ekki heppilegt, að þetta frv. yrði samþ., sem mundi hafa þær afleiðingar, sem ég hef nú lýst, heldur yrði hafnarn. staðarins gert kleift að reyna að halda uppi endurbótum á höfninni innan þeirra takmarka, sem hennar möguleikar standa til, en láta lagasetningu um landshöfn bíða, þar til meiri líkur eru fyrir, að ríkið geti komið henni í framkvæmd. Að samþykkja l. án þess að sjá um leið fyrir fjárútvegun til þeirra framkvæmda, er l. fjalla um, er algerlega ómerkt og þýðingarlaust, en ef Alþ. getur hins vegar séð um leið fyrir fjármunum til framkvæmdanna og bent ríkisstj. á, hvar fé á að taka til þeirra, annaðhvort ákveðið það á fjárl. eða tryggt nauðsynlegt lánsfé, horfir málið allt öðruvísi við. Ég mæli ekki þessi orð til þess að leggja stein í götu málsins, því að ég hef ávallt síðan ég fór að kynnast hafnarmálum Hafnarkauptúns reynt eftir fremsta megni að greiða götu þessara mála, en tel, eins og lánsfjármöguleikum okkar er komið, það engan greiða við málið að samþykkja l. um landshöfn á þessum stað á þessu stigi málsins.

Forseti (BSt): Hv. form. sjútvn., hv. þm. Barð., hefur óskað eftir því, að atkvgr. um þetta mál verði frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Ed., 19. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, BrB, EE, HV, HermJ, PZ, StgrÁ, ÁS, BSt.

nei: BBen, GJ, JJós, PM, SÁÓ, ÞÞ.

2 þm. (GÍG, LJóh) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Þar sem mér er kunnugt um, að lánsfjáröflun til landshafnarinnar í Njarðvíkum og Keflavík hefur þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir engan árangur borið, og þær framkvæmdir, sem þar hafa farið fram, hefur ríkissjóður orðið að bera uppi einsamall, þá sé ég ekki, að það hafi hina minnstu þýðingu að vera að binda ríkissjóði fleiri slíka bagga eins og hér er stefnt að með þessu frv., og þegar af þeirri ástæðu get ég ekki fylgt því og segi því nei.

2.—16. gr. samþ. með 9:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:4 atkv.

Á 67. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Það hafa þegar gengið atkv. um þetta mál, og er sjáanlegt, að teknar verða inn fleiri landshafnir en þegar hefur verið gert. Þetta hefur breytt viðhorfinu, og vil ég því óska þess, að umr. verði frestað, svo að sjútvn. geti athugað málið, þar sem það getur komið til mála, að brtt. verði bornar fram um fleiri landshafnir, eins og á Þórshöfn og við Rif. Ég lofa því að taka málið fyrir á næsta fundi n., sem verður á miðvikudag, svo að þetta þarf ekki að tefja málið mikið.

Ásmundur Sigurðsson: Það er búið að ræða þetta mál mikið og sýnt, að meiri hl. er með því. Þetta hefur því aðeins þær afleiðingar, að málið verður tafið og fullnaðarafgreiðslu þess seinkað.

Forseti (BSt): Ég verð að verða við þeim tilmælum, sem komið hafa fram um að taka málið af dagskrá. Form. n. hefur lofað að leggja málið fyrir n. á miðvikudag, svo að hægt ætti að vera að taka það fyrir á fimmtudag. Málið er þá ekki tafið til skaða.

Umr. frestað.

Á 69. fundi í Ed., 26. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þegar þetta frv. var síðast til umr. hér í d., óskaði ég, að umr. yrði frestað, vegna þess að ég vildi ræða hið nýja viðhorf við hv. sjútvn. Hefur það nú verið gert, og varð meiri hl. n. sammála um að bera fram nýja brtt. Er sú brtt. við 16. gr. og er á þessa leið:

„Ríkisstjórninni er heimilt að fresta framkvæmd þessara laga, þar til kostnaðarupphæðin skv. 2. gr. hefur verið tryggð landshöfninni með lánum eða framlagi beint úr ríkissjóði."

Ástæðan til þessarar brtt. er í rauninni tvenns konar. Í fyrsta lagi er hún sú, að vitað er fyrir fram og yfir lýst af samgmrn., að ekki er enn fé fyrir hendi til að hægt sé að hefja framkvæmdir strax, og því er það, eins og meiri hl. n. hefur haldið fram, að frv. þetta yrði, ef það yrði samþ. óbreytt, aðeins pappírsgagn. Hin ástæðan er sú, að ef frv. þetta er gert að l. óbreytt, getur það orðið til þess, að framkvæmdir stöðvist um óákveðinn tíma, og væri það illa farið, jafnmikið og ligg-

ur á höfninni. Ef höfnin yrði yfirlýst landshöfn og ríkið sæi sér ekki fært að leggja fé í hana eins og til skilið er, þá er viðbúið, að hafnarsjóður sæi sér ekki fært að greiða þessi 60%, sem ætlazt er til, að hann greiði. Ætlazt er til þess, ef brtt. verður samþ., að ekkert í l. þessum komi strax til framkvæmda. Frv. felur að sjálfsögðu í sér, að til þess þurfi samþykki fjárveitingarvaldsins á Alþ. Meiri hl. n. lítur svo á, að þetta sé mikið nauðsynjamál, enda hefur það líka komið fram við atkvgr. í d., en hins vegar telur þessi sami meiri hl. ekki fært fyrir stj. að framkvæma þessi l. eins og nú er ástatt fyrir ríkissjóði, og leggur því fram brtt., sem væntanlega verður borin upp og rædd.

Forseti (BSt): Það hefur borizt skrifleg brtt. frá meiri hl. sjútvn. þess efnis, að ríkisstj. sé heimilt að fresta framkvæmd þessara l., o. s. frv. — Hér þarf tvöföld afbrigði, þar sem till. er bæði skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 398) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Hv. form. sjútvn. skýrði frá því hér, að þetta mál hefði aftur verið á dagskrá í sjútvn. og hefði meiri hl. n. fallizt á að flytja þá brtt., sem hér liggur fyrir. Ég skal ekki fullyrða neitt um þennan fund, en frekar held ég nú samt, að hann hafi aldrei verið haldinn, eða að minnsta kosti var ég aldrei boðaður á hann, þó að ég eigi sæti í sjútvn. Hitt mun sennilegra, að þessi till. sé borin fram af mönnum í sjútvn., þó að ekki hafi verið um það formlegur fundur.

Annars sýnist mér. að efni till. sé á þá leið, að það leyni sér ekki, að hún er fram komin til þess að eyðileggja frv. Ég tel engin rök mæla með því, að ekki sé hægt að halda framkvæmdum áfram þar eystra. Það verður að sjálfsögðu ekki hægt að gera ráð fyrir, að hafnargerðinni verði lokið á einu ári, en það ætti ekki síður að vera hægt fyrir ríkið að halda áfram framkvæmdum en Hafnarhrepp, og ég veit ekki betur en það sé unnið að hafnargerð í Njarðvíkum, þó að ekki sé allt fé til framkvæmdanna fyrir hendi. Þess vegna sé ég ekki annað en þessi till. sé tilraun til þess að eyðileggja þetta mál, enda hefur form. sjútvn. barizt á móti málinu frá upphafi.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Það var ekki ætlunin, að ég léti mig nokkru skipta afgreiðslu þessa máls, en það, sem veldur því, að ég kveð mér nú hljóðs, er afstaða mín til þessara mála yfirleitt. Þegar ég greiddi atkv. með þessu frv. við 2. umr., vakti það fyrir mér, sem frá upphafi hefur verið kjarni málsins í stofnun landshafna, en það var sú heilbrigða hugsun forustumanna málsins, að á vissum stöðum yrði það opinbera að hafa forustu um hafnargerðir. Í hinum stærri kaupstöðum, eins og t. d. Rvík, gerist þess ekki þörf, því að hér hefur bæjarfélagið haft aðstöðu til að gera höfn án opinberrar aðstoðar. Þetta gegnir öðru máli úti um hinar dreifðu byggðir. Þar er aðstaðan öll erfiðari og ekki nema eðlilegt, að lítið hreppsfélag skorti bolmagn til að binda slíka bagga, þó að slíkar hafnir séu fullkomlega nauðsynlegar og jafnvel undirstaða undir afkomunni í heilum landsfjórðungum. Til þess að lyfta undir með þeim, sem slíka aðstöðu hafa, taldi ég og tel réttmætt og nauðsynlegt, að byggðar verði landshafnir, og á þetta sjónarmið hefur Alþ. líka fallizt með þeim árangri, að nú er hafin ein slík hafnargerð á vegum þess opinbera. En svo man ég ekki betur en Höfn í Hornafirði væri einn meðal þeirra staða, sem gert var ráð fyrir að byggja landshöfn á, en það virðist vera í þessu máli eins og svo mörgum öðrum, að það er heiðara í lofti þegar gott mál er að brjótast fram en þegar á að fara að framkvæma það í einstökum atriðum.

Að lokum vil ég svo drepa á, að það voru fleiri staðir nefndir í sambandi við landshöfn en Njarðvíkur og Höfn í Hornafirði. Þar á meðal var Þorlákshöfn. Þar hefur nú verið hafizt handa, og eru sýslufélögin við það bendluð, þó að það sé miklum vafa bundið, hvort hinar dreifðu byggðir hafa bolmagn til þess að fullgera slíkt stórvirki, sem þó er mjög aðkallandi við hina löngu og hættulegu strandlengju Suðurlands. Það má því gera ráð fyrir, að hin sterka hönd ríkisins þurfi að grípa þarna inn í, eins og þegar hefur verið gert í Njarðvíkum. Vegna þessa staðar og fleiri, sem svipað er ástatt um, tel ég þörf á heildarskipulagi í þessum hafnarmálum, og þætti mér það illa farið, ef togstreita og úlfúð eyðilegði eða spillti framgangi þeirra hugsjóna, sem á bak við frv. um landshafnir búa. Þar sem ég tel, að þetta frv. sé einn liðurinn í framkvæmd þessara mála, greiði ég atkv. með frv., en ekki vegna þess, að ég telji það neitt lokamark.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var til 2. umr., taldi ég mig ekki geta greitt því atkv. Ástæðurnar, sem ég hafði til þessarar afstöðu, voru einkum þær, að nú stendur yfir bygging landshafnar í Njarðvíkum, eins og kunnugt er, en þar hefur gengið mjög illa að afla fjármagns, vegna þess að heildarlán hefur enn ekki fengizt. Þetta hefur haft þær afleiðingar, að ríkissjóður hefur nú orðið að leggja fram fé án þess að raunverulega sé ráð fyrir því gert, og mun þessi upphæð vera orðin á þriðju millj. kr. Ég leit svo á í sambandi við þetta frv., að á þessu stigi málsins væri ekki rétt að bæta fleiri landshöfnum við, á meðan ekki gengi betur að útvega fjármagn til framkvæmdanna.

Það liggja að sjálfsögðu rök til þess, að byggja þarf höfn í Hornafirði, en þó held ég, að hún sé ekki frekar aðkallandi en höfnin í Njarðvíkunum. Nú hefur þetta frv. svo mikið fylgi í d., að það var samþ. hér við 2. umr. þrátt fyrir aðvaranir mínar viðvíkjandi fjárskorti til framkvæmdanna, og í sjálfu sér er ekkert við því að segja, því að sjálfsögðu hefur meiri hl. d. það á sínu valdi, hvað hún samþykkir. En þegar athugað er, hvernig ástatt er fyrir ríkissjóði nú, tel ég, að till. sú, sem hér er fram komin frá meiri hl. sjútvn., eigi fullan rétt á sér, enda þótt frv. komist í gegnum þingið. Í fyrsta lagi vegna þess, að það er þýðingarlaust að samþykkja framkvæmdir nema séð sé um leið fyrir hinni fjárhagslegu hlið málsins, og í öðru lagi er það ekkert ánægjulegt fyrir Alþ. og ekki til að auka virðingu þess, að það sé að setja lög, sem algerlega séu byggð í lausu lofti. (HV: Ætli það hafi ekki komið fyrir fyrr?). Að

minu áliti hefur það skeð of oft, og teldi ég ekki óviðeigandi, að haldið væri frá þeirri hálu braut. Ég álít því, að það sé rétt að heimila drátt á framkvæmdum í þessu máli, þar til séð hefur verið fyrir hinni fjárhagslegu hlið málsins á einn eða annan hátt. Ef hv. d. vill hins vegar ekki fylgja þessari till., vil ég leyfa mér að efa, að það fylgi hugur máli hjá þeim, sem á þessu stigi hafa samþ. frv., og gefi það tilefni til að ætla, að samþykkið væri frekar til að sýnast.

Það liggja nú þegar fyrir allmargar skuldbindingar, sem Alþ. hefur gert og ekki hefur verið hægt að framkvæma vegna fjárskorts. Þess vegna er það leið til að skapa öngþveiti að auka nú á skuldbindingar ríkissjóðs án þess að gera frekari ráðstafanir til þess að afla fjármagns. Það hefur komið fram gagnrýni á Alþ. fyrir það, að það hafi ekki verið nægilega gætið í málefnum, sem snerta fjárhaginn, og verður það að teljast réttmæt aths., en það leiðir ekki alveg af sjálfu sér, að þótt þeirri leið hafi verið fylgt, þá sé nauðsynlegt að halda áfram sömu leiðina.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Mér kom það ekki óvart, þó að eitthvað kæmi frá hv. form. sjútvn. í þeim tilgangi að tefja þetta mál, enda hefur ekki staðið á því. En það, sem ég vil leggja áherzlu á, er það, að það hafa engin andmæli komið enn hér í d. varðandi nauðsyn þess að byggja höfn í Hornafirði, og það viðurkenna allir, að þessi staður sé mjög heppilegur sem miðstöð fyrir bátaútveg Austurlands. En eins og kunnugt er, eru hafnarmannvirki svo léleg nú þar eystra, að það er ekki nema um tvennt að ræða, annaðhvort að leggja niður staðinn sem útvegsstöð eða gera þarna góða höfn. Nú hefur ekki þótt fært að leggja staðinn niður, en þá er deilt um það, hvort ríkið eða hreppurinn eigi að framkvæma verkið. .... Og þess vegna get ég ekki séð, að ástæða sé til þess að samþykkja þá breyt.

Ég vil enn fremur benda á, að það er hægt að vinna þetta verk í áföngum þannig, að það, sem gert er, komi að gagni og bæti aðstöðuna þegar í stað. Það hygg ég, að sé meira en hægt er að segja um slíka staði annars staðar á landinu í þessum einum.

Hins vegar er það að segja um þá till. að fresta framkvæmdum, þangað til búið sé að tryggja alveg fé til þeirra, að ég hygg, að það sé mjög óvenjulegt í l. Það er venjulegt að hafa það þannig, að l. skuli koma til framkvæmda fyrir einhvern ákveðinn tíma, en það er ekki algengt, að ákveðið sé að fresta framkvæmd þeirra, þangað til búið sé að afla nægilegs fjár, nema ef slíkt er bundið við ákveðið fjárl. Ef þessi brtt. verður samþ., er ég hræddur um, að opnuð verði leið til þess, að þetta dragist um ófyrirsjáanlegan tíma. Þess vegna mæli ég eindregið móti þessari brtt.

Hæstv. ráðh. (JJós) vildi leyfa sér að draga í efa, að við, sem flytjum þetta mál, flyttum það af heilum hug, ef við vildum ekki einmitt ganga inn á þetta, að framkvæmdunum sé frestað alveg um óákveðinn tíma. Skyldu það verða margir þm., sem flytja mál, sem þeir hafa verulegan áhuga fyrir, sem vildu fallast á það að setja í slíkt frv., eða l., ef frv. yrði samþ., ákvæði, sem gætu orðið til þess að fresta framkvæmdum þeirra l. um alveg óákveðinn tíma eða að þær yrðu svo að segja engar. Ég hygg, að það yrðu ekki margir. Og ef allir hv. þm., sem mótmæltu slíkri afgreiðslu, yrðu sakaðir um að bera mál sín eingöngu fram til þess að sýnast, þá gætu þeir kannske orðið nokkuð margir. Ég vil þess vegna vísa alveg á bug þeirri ásökun.

Hv. frsm. meiri hl. sjútvn. hélt því fram, að ef frv. yrði samþ. í því formi, sem það er, gæti það orðið til þess, að framkvæmdirnar stöðvuðust algerlega. Ég tel, að svo þyrfti alls ekki að vera. Ég hef bent á, að framkvæmdirnar eru þegar byrjaðar, og það er dálítið fé fyrir hendi, þó að það sé ekki mikið, en það mundi mega vinna fyrir það til að byrja með. Ég sé ekki, hvaða ástæða er til þess að telja, að framkvæmdirnar þurfi að stöðva, þó að þetta frv. yrði samþ., heldur þvert á móti. Þetta mundi fara eins og hv. 6. landsk. (StgrA) benti á, að ef ríkissjóður sjálfur tæki þetta allt að sér, yrði höfnin yfirtekin með þeim mannvirkjum, sem búið er þegar að gera, og þeim skyldum, sem á hvíla.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi leyfa mér að lýsa yfir því fyrir hönd meiri hl. n., að hann er sammála um, að þetta orðalag sé óbreytt, eins og hæstv. forseti gat um. Það má að vísu deila um það, hvort bráðabirgðaákvæðið á að koma á eftir síðustu gr., um það, hvenær l. öðlast gildi. En eins og hæstv. forseti gat um, mun það vera venja, að það komi síðast.

Í ræðu sinni sagði hv. 6. landsk. þm., að það hefði ekki verið haldinn fundur í sjútvn. um málið. Það er rétt. Fundur var ekki boðaður sérstaklega. Það mættu ekki nægilega margir til þess að hægt væri að halda fund. Ég hafði lofað hæstv. forseta að halda ekki málinu lengur en þann dag. Ég ræddi svo málið við meiri hl. sjútvn., sem ber fram þessa brtt. Auk þess ræddi ég við hv. þm. N-Þ., sem fylgir minni hl. að málum, og taldi hann ekki ástæðu til þess að kalla á minni hl. n. til þess að fjalla um þessa brtt., því að hann sagði, að hann mundi ekki geta fallizt á hana, eins og þegar er komið á daginn. Það er því meiri hl. n., sem hefur fjallað um málið og er með brtt.

Þá vildi ég benda á, án þess að ég vilji, að það sé teklð sem andúð við málið, að hér er ekki gefin nein heimild í þessu frv. til þess að yfirtaka þessi mannvirki. Það vantar í frv. Í l. um landshöfn í Njarðvíkum er í 3. gr. talað um heimild til þessa. Ef þetta frv. verður samþ. óbreytt, er ekki hægt að yfirtaka þetta fyrirtæki. Það er engin heimild í frv. til þess. Ég hef ekki orðið var við það í þessu frv., að gert sé ráð fyrir að semja um kaup á þessum mannvirkjum, sem fyrir eru, og því síður nokkuð um það að taka þau eignarnámi. Sé þetta ekki rétt hjá mér, verður það vonandi leiðrétt. En sé þetta hins vegar rétt, bendir það til þess, að þetta mál sé flutt meira af kappi en forsjá. Það er því mjög vafasamt, og enda alveg víst, að eins og frv. er nú, þá er ekki einu sinni hægt að nota það fé, sem nú er veitt til hafnarsjóðs í Hornafirði, nema ákveða sérstaklega um það. Þetta fé er veitt allt öðrum aðila. Það er búið að veita hafnarsjóði Hornafjarðar það, og það er ekki frekar hægt að nota það fé og veita því til landshafnar þar, en að taka það og veita því til framkvæmda vestur í Barðastrandarsýslu eða Norður-Ísafjarðarsýslu, sem yrði þar vel þegið, nema með samþykki þess aðila, sem féð átti að fá.

Ég sé ekki heldur annað en ef þetta verður að l., verði að afnema ákvæðin úr hinum almennu hafnarl. um rétt og skyldur hafnarstjórnar Hornafjarðar, því að eins og stendur í þeim l., hefur hafnarsjóður ákveðinn rétt til fjárframlega og þá um leið ákveðnar skyldur. (**HV**: Hann hefur öðlazt frekari rétt með þessum l.). Hann hefur ekki öðlazt frekari rétt með þessum l. En eftir gildandi l., eins og ég sagði áðan, hefur hafnarstjórn og hafnarsjóður rétt til þess að fá fé sitt til sinna mannvirkja. Þetta var ekki gert vegna landshafnar í Njarðvíkum, vegna þess, að sá staður var ekki tekinn í hafnarl., af því að bæði þessi l. voru ekki á sama tíma. Á þetta benti ekki meiri hl., vegna þess að hann gerði þá ráð fyrir, að málinu yrði vísað frá með rökst. dagskrá, sem hann lagði til, að yrði samþ. En þegar það var ekki gert, verður að taka málið fyrir eins og það liggur fyrir nú. Og þegar að því kemur, að ákveðið er, að fleiri landshafnir verði hér á landi en í Njarðvíkum, þá er ástæða til þess að athuga, hvort taka eigi fleiri landshafnir í l. og þá hverjar.

Ég vildi ekki bera fram brtt. nú við þessa umr., sumpart vegna þess, að það hefði þurft að gerbreyta frv., og ég vildi ekki gera það. En hins vegar hefur komið til greina og heyrzt hafa raddir um það að gera Þorlákshöfn að landshöfn. Nú hefur hv. 2. þm. Árn. (EE) lýst yfir því, að hann greiði atkv. með þessu frv. í því fulla trausti, að hér fari fleiri á eftir, og nákvæmlega það sama er að segja um afstöðu hv. þm. N-Þ. (BK). Hann greiðir atkv. með frv. í trausti þess, að Þórshöfn verði síðar gerð að landshöfn, og hefði þá verið miklu eðlilegra að taka upp kerfi um landshafnir yfirleitt.

Nú vildi ég skýra frá því viðvíkjandi Þorlákshöfn, að mér þykir afstaða hv. 2. þm. Árn. ákaflega einkennileg í þessu máli. Fulltrúar frá sýslunefndum Árnes- og Rangárvallasýslna hafa verið hjá fjvn. og alveg sérstaklega rætt um þetta mál við mig sem formann fjvn. og formann sjútvn. d., og þeir hafa verið það viðsýnni en hv. 2. þm. Árn., að þeir telja, að í framtíðinni sé það miklu skynsamlegra fyrir þá að koma þessu áfram með því að hafa þetta undir hinum almennu hafnarl., en þeir óska ekki eftir því, að þar verði gerð landshöfn. Þess vegna þykir mér undarlegt, þegar hv. 2. þm. Árn. lýsir yfir því hér, að fylgi hans við þetta frv. stafi fyrst og fremst af áhuga fyrir landshöfn í Þorlákshöfn. Hv. 8. landsk. sagði, að engin mótmæli hefðu komið fram gegn nauðsyn þessa máls. Ég veit ekki til, að mótmæli hafi komið fram frá Alþ. gegn því, að nauðsyn væri á því að byggja hafnir annars staðar á landinu. Það er síður en svo. Ég býst t. d. við, að engum hafi dottið í hug að halda fram, að ekki væri nauðsynlegt að byggja höfn í Bolungavík. Ég hygg, að Bolungavík sé engu síður verstöð að verðgildi en t. d. Hornafjörður. En það er allt annars eðlis en hvort þar eigi að vera landshöfn. Að hinu hef ég fært rök, mörgum sinnum, að það er langtum auðveldara fyrir menn að ráða, hve framkvæmdirnar komast fljótt upp með því að þetta sé undir hinum almennu hafnarl. en að þurfa að sækja allt til ríkisstj. um að fá fjárframlag til þeirra hafna, sem eru ákveðnar landshafnir. Það liggja þegar fyrir beinar yfirlýsingar um það frá hæstv. samgmrh. annars vegar, að þessar framkvæmdir verði látnar bíða, hvort sem þetta frv. verði samþ. eða ekki, og verði aðeins haldið áfram fyrst og fremst með þau mannvirki, sem þegar sé farið að vinna við og nokkuð langt komin. Þá hefur hæstv. fjmrh. lýst yfir því sama, að hann telur, að ekki sé hægt að byrja á því verki og það mundi þokast seinna áfram, ef samþ. yrði, að þarna yrði landshöfn. Ég verð þá að segja það, að eftir þessar yfirlýsingar hæstv. ráðh., þá stappar það nærri andúð á málinu að halda svo fast með þessu frv.

Hv. 8. landsk. heldur því fram, að annaðhvort verði að leggja staðinn niður sem slíkan eða þá að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir. Frá mínu sjónarmiði er þetta fjarstæða. Mér skilst, að verði þetta frv. samþ., verði aðeins um heimildarl. að ræða. Hvar stendur svo þetta mál þá, eftir að bæði hæstv. samgmrh. og hæstv. fjmrh. hafa lýst yfir því, að fyrst um sinn verði ekkert gert; það verði ekki byrjað þarna á neinum framkvæmdum. Á hvaða stigi stendur svo málið? Það stendur á því stigi, að það verður ekkert gert á staðnum, enda þótt samþ. verði þessi heimild fyrir ríkisstj. (**StgrA**: Er þetta ekki vantraust á ríkisstj.?). Nei, það er það ekki. Því að þegar búið er að þjarma svo að ríkissjóði, til þess að standa straum af margvíslegum framkvæmdum, og þegar við vitum, að í landinu eru svo mörg verkefni, sem kalla að, þá er það ekki vantraust á ríkisstj., sem þar er um að ræða. Það er margbúið að lýsa yfir því, að ríkissjóður verði að leggja mjög mikið að sér til þess að uppfylla þau ákvæði, sem snerta landshöfn í Njarðvíkum, sem þegar er farið að vinna að. Það er alveg víst, að þessar framkvæmdir dragast, þótt þetta frv. yrði samþ., og hér er líka aðeins um heimildarl. að ræða. En samkvæmt almennum hafnarl. er það skylda, að ríkissjóður skuli leggja fram fé á móti viðkomandi stað. (**ÁS**: Eru það ekki heimildarl. um Njarðvíkur?). Jú, en það er búið að framkvæma svo mikið af þessu, að það væri ekki skynsamlegt að láta það verk bíða og byrja á öðrum verkum sams konar. Og þeir, sem halda svo fast við þetta mál, eru ekki að hugsa um hag þjóðarinnar, heldur eitthvað allt annað.

Ég hef bent hér á veilur í frv., og ég býst ekki við að taka til máls aftur, nema sérstakt tilefni gefist til.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Hv. þm. Barð. vildi í sinni ræðu gera mikið úr því, að það vantaði heimild í frv. til þess að yfirtaka þau hafnarmannvirki, sem nú er búið að gera á Hornafirði, og sagði, að hafnarsjóður hefði rétt til þess að starfrækja þau áfram, nema samþykki þeirra aðilla fengist, sem þar réðu, til þess að ríkið yfirtæki þau. Ég vil benda á í sambandi við þetta, að fyrir liggja áskoranir hafnarn. og hreppsn. í Hornafirði um það, að ríkið taki þetta að sér. Þess vegna þori ég að fullyrða, að engin vandræði munu verða að ná samkomulagi heima fyrir um framkvæmd verksins, ef þetta frv. verður samþ.

Enn fremur sagði hv. þm. Barð., að hér væri aðeins um heimild fyrir ríkisstj. að ræða til þess að taka lán til þeirra framkvæmda, og vildi segja, að framkvæmdirnar væru þar með úr sögunni.

Ég endurtek það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, að ég mótmæli samþykkt þessarar skriflegu brtt., sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.

Brtt. 398 samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, ÞÞ, EE, GJ, GÍG, JJós, LJóh.

nei: StgrA, ÁS, BK, BrB, HV, BSt.

4 þm. (PM, BBen, HermJ, PZ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég sé ekki betur en eftir frv., eins og það liggur fyrir, séu ákvæði, sem þýði í raun og veru það sama og felst í brtt. Fylgi mitt við frv. er fólgið í þeim ákvæðum, sem ég hef getið um, og ég álít, að á sínum framkvæmanlega tíma eigi höfnin í Hornafirði að vera landshöfn, og þess vegna segi ég já við frv. Ég álít, að þetta sé í hendi ríkisvaldsins, og get ég sagt viðvíkjandi skilningi mínum á málinu, að brtt. við frv. sé meinlaus hlutur gagnvart þessu frv., og segi því já.

Bernharð Stefánsson: Ég sé ekki annað en að í 2. gr. frv. — og reyndar víðar í frv. — felist svipuð trygging og á að ná með brtt. og að hún sé því alveg óþörf, og ég segi því nei.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 65. fundi í Nd., 27. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 399).

Á 66. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Páll Þorsteinsson: Þetta mál er þm. vel ljóst. Ber tvennt til þess: að málið hefur komið fyrir áður og að grg. og fylgiskjöl eru svo góð, að létt er að glöggva sig á málinu. Eigi að síður vil ég þó fylgja málinu úr hlaði með nokkrum orðum.

Málið hefur verið lagt fyrir tvisvar áður. Árið 1945 var það flutt í svipuðu formi, en var vísað frá með rökst. dagskrá þess efnis, að nánar yrðu rannsökuð hafnarskilyrði í Hornafirði, þar sem þinginu þótti ekki áætlanirnar nógu fullkomnar. Þessi rannsókn var framkvæmd 1946 og henni lokið, áður en þingið 1946 hóf störf sín. Málið var þá flutt aftur í Ed. og náði fram gegnum tvær umr., en dagaði þá uppi. Snemma á þessu þingi var svo málið tekið upp aftur í Ed.

Það er kunnugt, að útgerð hefur verið á Hornafirði, síðan vélbátaútgerð hófst. Hafizt hefur verið handa um verbúðir og bátabryggjur til nota fyrir Austfirði almennt. En þær bryggjur, sem byggðar voru, voru að sjálfsögðu miðaðar við útgerð þeirra tíma og því öruggt fyrir stærri báta að athafna sig þar við bryggju. Síðan hefur þessi verstöð verið fullnotuð og stundum orðið að vísa frá mönnum, sem hafa sótt um aðstöðu til útgerðar þar.

Fiskimiðin út af suðurströndinni austanverðri eru mjög góð. Það hefur margra ára reynsla sýnt. Eru þau sambærileg við fiskimiðin við Suðvesturland yfir vetrarvertíðina. Á síðari árum hefur verið lögð mikil stund á að auka bátaflotann og efla sjávarútveginn, og er sú starfsemi kunnari en frá þurfi að segja. Hefur hún komið fram í því að fjölga skipum og stækka skip, svo að þau hafi meira burðarmagn, geti sótt á fjarlægari mið og dregið meiri afla á land en hægt er með smærri bátum. En það hefur alltaf þótt nauðsynlegt vegna sjávarútvegsins og alls þjóðfélagsins að dreifa atvinnutækjunum sem allra víðast, til þess að fiskimiðin verði ekki upp urin á einum og sama stað. Hefur sú dreifing aldrei verið nauðsynlegri en nú, eftir að hinn mikli vöxtur er kominn inn í sjávarútveginn, sem nú á sér stað. En um leið og veiðarfæri og skip eru bætt, svo að meiri afli er dreginn á land en fyrr, þarf einnig að koma til greina aukin og bætt aðstaða fyrir báta til að athafna sig í verstöðvum landsins. Er það m. a. mjög aðkallandi í Hornafirði að bæta þar um eigi síður en annars staðar. Síðan bátar stækkuðu, hefur verið of grunnt við bryggjurnar og bryggjurúm of lítið og fiskgeymslur of litlar miðað við þann afla, sem þar er dreginn á land.

Það er enn fremur stórt atriði, að innsiglingu á Hornafjörð er þannig háttað, að flutningaskip, sem flytja farm milli landa, geta *tæplega* — og stór skip alls ekki — komizt inn að bryggju til að athafna sig. Er því mikil nauðsyn að ráða bót á þessu atriði. En allar framkvæmdir í sambandi við hafnargerð á Hornafirði hafa dregizt mjög úr hömlu og miklu meir en menn hefðu kosið. En til þess liggja ýmsar ástæður, og fyrst og fremst þær, að ríkið sjálft, vitamálastjórnin, var ekki undir það búið að láta dýpkun fara fram á Hornafirði fyrr en á þessu ári, þar sem dýpkunarskip ríkisins er fyrir skömmu komið til landsins og hefur haft ærið að starfa annars staðar. Um eitt skeið var mjög um það talað að byrja umbætur þarna og reisa bryggjur, en við nánari athugun var mönnum ráðið frá því af hálfu vitamálastjóra með það fyrir augum, að dýpkunin yrði að ganga á undan, af því að það væri ekki hægt að gera bryggjurnar svo traustar sem nauðsyn krefði, nema dýpkunin kæmi fyrst og síðan væru staurar reknir niður í botninn, eins og hann ætti að vera að lokinni dýpkuninni. Nú er verið að hefjast handa, þar sem dýpkunarskipið er komið á þennan stað, og verður væntanlega framhald á því, því að það er ljóst, að þar þarf að gera stórt átak til hafnarbóta.

En þá er spurningin: Hvaða aðili á að standa fyrir þeim framkvæmdum og bera kostnaðinn uppi? Sumir segja sem svo: Það er sjálfsagt og eðlilegt að miða við þá venju, að hafnarsjóður hreppsins sjái um þessar framkvæmdir með þeirri aðstoð, sem veitt er samkvæmt almennum hafnarl. Höfn í Hornafirði er vaxandi þorp, og þar hlýtur að verða aukin útgerð, og hún þarf að aukast að mun frá því, sem nú er. Sú aðstaða, sem þar er þegar fengin, er nægileg og mundi verða það um næstu ár og áratugi, ef ekki kæmi annað til greina en að sjá fyrir útgerðaraðstöðu fyrir þorpið eitt út af fyrir sig og héraðið, sem að því liggur. Ef ekki væri um annað að ræða, mundi enginn fara fram á, að landshöfn væri byggð á þessum stað. En hér er annað og meira um að ræða. Hornafjörður er útgerðarstaður alls Austfirðingafjórðungs. Þaðan stunda veiðar bátar af öllu svæðinu frá Langanesi og suður á Hornafjörð, meira og minna úr öllum þorpum og kaupstöðum, auk þeirrar útgerðar, sem er úr héraðinu sjálfu. Þess vegna er það, að ef á að gera Höfn að öflugri útgerðarstöð, er fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru til hennar af öllum þessum aðilum, þá er það alltaf að verða fleiri og fleiri mönnum ljóst, að það er Hafnarhreppi ofvaxið að sjá um þessar framkvæmdir.

Þá er á það að minnast, að það er fleira á þessum stað, sem krefst aðgerða en hafnargerðin ein út af fyrir sig. T. d. er nokkurt vandhæfi að sjá fyrir neyzluvatni, en þar, sem mikil útgerð er og fiskiðnaður, er vissulega mikil þörf á vatni. Nú er hreppsn. Hafnarhrepps að undirbúa að setja upp vatnsleiðslukerfi í þorpið og ætlar að sjálfsögðu að sjá fyrir þeirri framkvæmd án þess að leita til ríkisins umfram þá almennu aðstoð, sem það veitir í því skyni. Enn fremur hefur hreppurinn á prjónunum rafstöð, og hefur verið gripið til þess ráðs í því efni að reisa þar olíurafstöð, þar sem ekki horfir svo, að þar komi vatnsvirkjun til greina á allra næstu árum. Þetta verkefni ætlar hreppurinn að annast án þess að krefjast nokkurrar sér-aðstöðu við það.

Þá kynnu ýmsir að segja, að þeir aðilar, sem þarna er um að ræða, þ. e. a. s. Austfirðir, ættu ásamt Hornfirðingum að sameinast um framkvæmd þessa máls. Þar er fyrst og fremst því til að svara, að kaupstaðirnir og þorpin í Múlasýslum þurfa öll að sinna hafnarbótum heima hjá sér, og hygg ég, að þau þykist hafa þar ærið verkefni, þó að þau fari ekki að bæta því á sig að styðja hafnargerð á Hornafirði í ofanálag. Og þó að kaupstaðir og þorp í Múlasýslum vildu leggja fé til hafnargerðar á Hornafirði úr hafnarsjóðum sínum, þá efast ég um, að slíkt væri í samræmi við gildandi lög. Þegar allt þetta er athugað, er skiljanlegt, að alltaf séu fleiri og fleiri að komast á þá skoðun, að til þess að ráða bót á því ástandi, sem þarna er, sé bezta ráðið að gera Hornafjörð að landshöfn. Á þessi hugmynd mjög almennu fylgi að fagna á Austfjörðum, og má því til sönnunar benda á, að í fyrra, þegar málið lá fyrir þinginu, barst áskorun á annað hundrað sjómanna og útgerðarmanna úr Múlasýslum til Alþ. þess efnis að óska, að frv. yrði gert að l. Það sannar m. a., að það eru ekki aðeins Austur-Skaftfellingar, sem er það áhugamál að fá samþykkta landshöfn á Hornafirði, heldur er það áhugamál allra þeirra, sem stunda þar fiskveiðar ag nota þá aðstöðu, sem þar er.

Ég hef þá með þessum fáu orðum drepið á helztu rökin, sem fyrir þessu máli eru, og vil að síðustu draga þau saman í örfáar setningar. — Fiskimiðin út af Hornafirði eru mikil og auðug, og þjóðfélagið má ekki við því að láta þau ónotuð. Þess vegna verður að skapa fullnægjandi aðstöðu á þess um stað fyrir þann bátaflota, sem stundar veiðar á þessum miðum — þrír fjórðu hlutar þessa flota, sem stundar veiðar frá Hornafirði, eru og hafa um langt skeið verið aðkomubátar, en aðeins fjórði hlutinn frá Hornafirði. Þó að Hornfirðingar vildu sjálfir sjá farborða þeim flota, sem þar er á vertíð, er þeim um megn að skapa fullnægjandi aðstöðu fyrir þann flota, sem kemur annars staðar frá. Vitamálastjóri hefur haft þetta mál til umsagnar og hefur einróma mælt með málinu, því að hann segir svo í umsögn, sem prentuð er sem fskj. með nál. meiri hl. sjútvn. í Ed., með leyfi hæstv. forseta:

„Því, í hvaða röð ég telji, að landshafnir eigi að koma, vil ég því til svara, að ég set númer eitt Höfn í Hornafirði, annaðhvort sem landshöfn eða þá, að séð verði um með öðrum hætti, að fiskútflutningshöfn geti vaxið þar fljótlega upp."

Að lokum má benda á, að það sjónarmið er líka uppi, að þeir aðilar úr þremur sýslum, sem stunda þarna útgerð, hafi allir jafnréttisaðstöðu, þannig að það sé ríkisfyrirtæki, sem þeir semja við um þá aðstöðu, sem þeim er þar látin í té.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri við þessa umr. málsins, m. a. vegna þess, að öllum hv. þm. er málið meira og minna ljóst, en ég tel eðlilegt, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til sjútvn., og vil ég um leið og ég legg það til mælast eindregið til þess, að sjútvn. sjái sér fært að afgreiða málið með nokkrum hraða, þar sem búast má við, að þinghald geti nú óðum farið að styttast, til þess að sjá við því, að málið þurfi að daga uppi hér í þinginu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

35. Bindindisstarfsemi.

Á 15. fundi í Ed., 6. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að verja fé til eflingar bindindisstarfsemi (þmfrv., A. 90).

Á 17. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég lagði þetta frv. *fram á síðasta þingi skömmu* fyrir þingslit, og varð það ekki útrætt. Í sjálfu sér skýrir frv. sig sjálft í grg. Ég held, að engum geti blandazt hugur um það, að drykkjuskapur hér á landi sé meiri en góðu hófi gegnir. Um hitt má deila, með hverjum hætti vænlegast sé að berjast gegn honum. Ég get sagt það óhikað sem mína skoðun, að ég tel bann eða höft ekki líklega leið í þessum efnum, heldur verður þar að koma til þroski einstaklinganna og manndómur í því að fara með þessa hluti sem aðra. Enginn vafi er á því, að einn þátturinn í þeirri viðleitni er sá að efla bindindisstarfsemi í landinu, og er *nauðsynlegt*, að henni sé veitt betri aðstaða en verið hefur nú um hríð. Frv. er flutt til þess að bæta úr þessu. Samkvæmt því er ráðgert, að ríkið leggi fram ríflega fjárhæð til bindindisstarfsemi, en að hún sé miðuð við tekjuafgang þann, sem verður af Áfengisverzlun ríkisins, að vísu ekki þannig, að áfengissalan standi beinlínis undir þessu, og er séð fyrir því, að bindindismenn tapi ekki fjárhagslega á því, þótt árangurinn af bindindisstarfseminni verði á þann veg, að hagnaður af áfengissölunni minnki. Má deila um þetta fyrirkomulag, eins og sjálfsagt má deila um það, hvort eðlilegt sé, að bindindisstarfsemin fái styrk úr ríkissjóði eða að einstaklingar standi meira undir henni en verið hefur. En þar sem greinilegt er, að þessa starfsemi þarf að efla og hæpið er, að einstakling-

ar verði fáanlegir til þess að leggja fram nógu háar fjárhæðir í þessu skyni, hygg ég, að annað vænlegra úrræði sé ekki fyrir hendi en að ríkið styrki starfsemina á einn eða annan veg, og hef ég þó eftir töluvert vandlega athugun ekki komið auga á aðra heppilegri leið en þessa. — Vænti ég, að hv. d. sýni málinu þann velvilja, að hún leyfi því nú að ganga til n. og greiði síðan fyrir framgangi þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., 1. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 90, n. 371)).

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur farið gegnum hendur allshn. Þegar n. barst frv., sneri hún sér fyrst til Stórstúku Íslands til þess að heyra undirtektir hennar gagnvart þessu máli og hvaða till. hún hefði fram að færa í málinu. Álit Stórstúkunnar hefur borizt til n. í bréfi, og fylgir það hér með nál. sem fylgiskjal, þar sem Stórstúkan lýsir ánægju sinni yfir þeim skilningi, sem frv. virðist bera vott um, að góðtemplarareglunni sé nú mikil nauðsyn á allmiklu fé til þess fyrst og fremst að geta eignazt hæfilegt húsnæði í höfuðborginni fyrir starfsemi reglunnar, og að ríkinu beri skylda til þess að gera reglunni þetta fjárhagslega kleift. Þetta er náttúrlega alveg rétt hjá Stórstúkunni, og ég verð að játa, að það er miklu viðkunnanlegra að gefa ríkisstj. í eitt skipti fyrir öll heimild til þess að verja fé til bindindisstarfsemi í landinu og þar með góðtemplarareglunni en að reglan sé alltaf að betla um styrki, sem þingið lætur henni í té með hangandi hendi og allmiklum eftirtölum. Það er því ekki nema eðlilegt, að stúkan tæki fegins hendi þessari hreyfingu, sem nú er hér á þingi.

Það hefur verið ýmsum breytingum háð, hvað framlagið hefur verið til Stórstúkunnar, — ég held frá 100 þús. kr. upp í allt að 200 þús. kr. Okkur í meiri hl n. þótti nokkuð stórt spor stigið, ef frv. væri samþ. eins og það liggur fyrir, og þótti því rétt að takmarka framlagið, að minnsta kosti þar til séð yrði, hver geta ríkissjóðs væri til þess að leggja fram fé. Við tókum því það ráð að draga mikið úr þessu, þannig að það væri 0,75% af hreinum ágóða áfengisverzlunarinnar, sem lagður væri fram til bindindisstarfsemi. En færi svo, að hagnaður áfengisverzlunarinnar yrði meiri en 40 millj. kr., þá hækkaði einnig framlagið til reglunnar. Því að eins og allir sjá, er rýmra um fé í ríkissjóði, ef almenningur hefur ráð á að kaupa svo mikið áfengi. Og í öðru lagi, að þegar selt er mjög mikið áfengi, þá er um leið vissulega meiri þörf að efla regluna og bindindisstarfsemi í landinu. Því töldum við þetta rétt ráðið í þessu efni, en stilla þó í hóf fjárframlaginu og sjá, hvernig útlitið yrði.

Ég veit, að þetta má telja að einhverju leyti vonbrigði fyrir Stórstúkuna, að n. vill ekki samþykkja frv. eins og það var lagt fram, en allir hljóta þó að sjá, að með till. n. er þó stigið mikið spor í áttina, því að þarna mundi góðtemplarareglan fá eitthvað um 500 þús. kr., þó að það sé ekki endilega víst, að það fari allt til reglunnar, en gera má ráð fyrir, að því yrði varið til bindindisstarfsemi í landinu. En þetta er aðeins heimild fyrir ríkisstj., sem hér er um að ræða. Hún er ekki skyldug til þess að leggja fram þetta fé, ef hún telur sig févana til þess.

Eins og ég hef tekið fram, þótti okkur meiri hl. n. of mikið að samþykkja frv. eins og það lá fyrir, og ég geri ráð fyrir, að sá nm., sem er fjarstaddur, hafi svipaða skoðun og við hinir, en um skoðun fimmta nefndarmannsins er mér ekki til hlítar kunnugt í þessu máli.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég sá ekki þessar brtt., sem fram eru komnar við frv., fyrr en nú á fundinum, og þó að ég hafi vitað áður, að brtt. mundu koma fram í þessa átt, þá er ég hins vegar ekki reiðubúinn til þess að ræða þær í einstökum atriðum. Ég veit þó, að Stórstúkan og bindindismenn telja það form á frv., sem brtt. gera ráð fyrir, óaðgengilegt. Ég legg því eindregið á móti því, að þessar brtt. verði samþ. En til frekari athugunar á málinu vil ég stinga upp á því, að n. taki brtt. aftur til 3. umr. til athugunar, en frv. verði látið ganga til 3. umr. í dag.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Síðan ég kom hér á Alþ., hef ég þótzt verða þess var, að þau mál, sem flutt eru varðandi bindindisstarfsemina í landinu, eru flutt af óheilindum gagnvart þeirri stefnu að draga úr neyzlu áfengis. Það hefur komið hér fram till. í frumvarpsformi frá hæstv. dómsmrh. um það, að varið sé fé til bindindisstarfsemi, og skyldi upphæð þess fara eftir því, hvernig ríkinu gengi að selja þjóðinni brennivín og aðra áfenga drykki. Þetta fé, sem varið skyldi til bindindisstarfsemi, skyldi vera viss hundraðshluti af þessum tekjustofni ríkissjóðs. Með öðrum orðum, að það, hve bindindismenn fá mikið fé til þess að berjast móti böli áfengis, ætti að fara eftir því, hversu sú starfsemi gengi fyrir ríkið að sá til þess, sem stúkan svo á að uppræta með þessu fé. Ég get því varla séð, að þetta frv. sé af heilindum fram borið, þegar ég sé það. En ég þóttist sjá, að hyggindalega væri breitt yfir hinn sanna tilgang frv., að reyna að fá bindindismenn í landinu til þess að sætta sig við ofdrykkju áfengis, af því að þeir ættu þar undir sína tekjumöguleika. Ég verð að játa, að yfirbreiðslan var nokkuð vel framkvæmd í frv. hæstv. ráðh., þar sem gert er ráð fyrir, að bindindismenn ættu að fá hækkaðan hundraðshluta af tekjum af áfengissölu eftir því, sem minna seldist af áfengum drykkjum. En þegar málið er komið til hv. n., er grímunni kastað. Þá eru tekjur bindindismanna af sölu áfengra drykkja látnar vaxa að hundraðshluta eftir því, sem ágóði ríkisins af áfengissölunni eykst. Af fyrstu 40 millj. kr. ágóðanum eiga bindindismenn að fá ¾%, en seljist betur, fer hlutur þeirra vaxandi, eða sem nemur 1% af þeim hreina hagnaði, sem er yfir 40 millj. kr. á ári. Er þá ekki jafnframt verið að vona með þessum till., að áhugi bindindismanna verði minni fyrir því að draga úr neyzlu áfengis, og þeir fari að hugsa meir um sínar auknu tekjur?

Hér er blaðið Einingin. Á forsíðu þess er mynd af veglegri vonarhöll bindindismanna í Rvík og kannske víðar. Það kom hingað til mín fyrir nokkrum dögum góður bindindismaður utan af landi og sagði við mig: „Hve lengi skyldum við þurfa að bíða eftir, að þessi vonarhöll okkar bindindismanna verði að veruleika?“ Eftir því, sem hér liggur fyrir, á hún að verða reist því fyrr, sem meira af áfengi er hægt að koma niður í þjóðina.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta mál. Ég hef mesta viðbjóð á því eins og það er flutt hér. Ég er alveg hissa á því, að nokkur hv. þm. skuli telja sér það sæmandi að gera þannig gabb að bindindisstarfseminni í landinu og koma með aðra eins till. og þetta. Og hæstv. dómsmrh. hefur einnig fengið ógeð á þessu, og þess vegna mælist hann til þess, að þessar brtt. verði teknar aftur og ekki hleypt í gegnum þingið.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal vekja athygli hv. síðasta ræðumanns á því bréfi, sem Stórstúkan sendi allshn. Ed. og er dagsett 19/11 1947 og er á þessa leið:

„Stórstúkan lýsir ánægju sinni yfir þeim skilningi, sem frv. virðist bera vott um, að góðtemplarareglunni sé nú mikil nauðsyn á allmiklu fé til þess fyrst og fremst að geta eignazt hæfilegt húsnæði í höfuðborginni fyrir starfsemi reglunnar og að ríkinu beri skylda til að gera reglunni þetta fjárhagslega kleift.

Jafnframt vill Stórstúkan taka fram, að eðlilegra hefði verið og í fyllra samræmi við óskir Stórstúkunnar, að ríkið veitti góðtemplararreglunni fé til húsbygginga og annarra framkvæmda reglunnar beint úr ríkissjóði, án þess að slík fjárframlög væru háð sölu Áfengisverzlunar ríkisins, eins og hún kann að verða á hverjum tíma.

En með því að sú leið hefur verið reynd án árangurs og frekari tilraunir virðast hæpnar, eins og sakir standa, en málið þolir hins vegar enga bið, treystir Stórstúkan því, að frv. verði vel tekið af Alþ., og mælir með samþykkt þess.“

Þetta er orðrétt tekið upp úr bréfi frá Stórstúku Íslands, þannig að Stórstúkan hefur mælt eindregið með samþykkt frv., sem ég hef borið hér fram.

Að öðru leyti vil ég ekkert vera að skattyrðast við þennan hv. þm. Ég veit betur en hann, hvað fyrir mér vakir með flutningi þessa frv. Ef hann telur það vera flutt af óheilindum og fláttskap, þá hann um það. Ég deili ekki um innræti mitt við hann.

Ég vil aðeins endurtaka ósk mína um, að brtt. verði teknar aftur til 3. umr. Ég veit, að bindindismönnum er sú leið, sem þar er stungið upp á, ógeðfelld. Þeim er ógeðfellt að taka við peningum þannig, að tekjur þeirra séu þannig bundnar við sölu áfengis eins og þar er stungið upp á. En hins vegar hafa þeir fallizt á það fyrirkomulag eins og gert er ráð fyrir í frv. vegna þess, að þar eiga þeir að fá þeim mun meira sem minna er drukkið. Varðandi það, að þeir eigi að græða á vínsölunni, þá er því til að svara, að ef engin vínsala væri, mundi engin bindindisstarfsemi þurfa að eiga sér stað. (**HV:** Og mundu bindindismenn sízt harma það). Já, ég veit, að þeir mundu sízt harma það. En vegna þess að vindrykkja er í landinu, er nauðsynlegt að halda uppi bindindisstarfsemi.

Ég sé ekki heldur, að öðru fé sé betur varið til þess að draga úr áfengisneyzlunni en að taka af þeim lúxusskatti, sem kallaður er áfengisgróði og er ekki sölugróði af áfengi, heldur stærsti eyðsluskattur, sem þekkist í landinu.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég get lýst yfir hvað mig snertir og meðnm. mína í allshn., að við höfum ekkert á móti því, að brtt., sem við höfum lagt fram, bíði til 3. umr. og get ég óskað þess þá, að það verði gert.

Ég ætla að taka mér betri manna dæmi og fara ekki að skattyrðast við hv. 3. landsk. (HV). Hann má ekki heyra brennivín nefnt, og það var varla brennivín nefnt, þegar hann þaut upp. Ég held, að slík uppþot hrindi ekki áfram byggingarmálum templara eða öðrum góðum málum.

Ég sé ekki, að ástæða sé til að ætla, að áhugi fari vaxandi hjá templurum fyrir brennivínssölu ríkisins, þó að þetta frv. verði að l., því að ég geri ekki ráð fyrir, að þeir séu svo skapi farnir, að ef þeir fá nokkrar krónur, þá agiteri þeir fyrir því, að það sé sem mest drukkið. Ég væni ekki heiðarlega templara um þá hluti.

Nú koma þessar brtt. hér ekki til atkvgr. í þetta skipti, og því er ekki ástæða til að skattyrðast neitt nú um þessa hluti sérstaklega. Mun ég geyma mér að svara frekar hv. 3. landsk. þm., þangað til við 3. umr. málsins. En eftir því sem keypt er fyrir meira fé vín, þá er hætt við því, að starfið verði meira fyrir þá menn, sem vilja halda uppi reglu og bindindisstarfsemi í landinu, og því er eðlilegt, að í því tilfelli fái þessir starfsmenn meira fé í hendur til starfsemi sinnar.

Við í meiri hl. n. tökum brtt. okkar aftur til 3. umr.

Forseti (BSt): Brtt. á þskj. 371 er tekin aftur til 3. umr.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vona, að hv. þm. Dal. (ÞÞ) þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur út af taugaóstyrk mínum, og ég vil vænta þess, að hann létti þeim áhyggjum alveg af sér. Ég tók eftir því í ræðu hæstv. dómsmrh. (BBen), að hann taldi sig hafa borið sig saman við forráðamenn góðtemplararreglunnar áður en hann hefði samið þetta frv. Játaði hann, að þeim hefði ekki verið með öllu geðfellt, að tekjur þær, sem bindindismenn fái til þess að berjast gegn áfengisbölinu í landinu, væru bundnar við hundraðshluta af áfengissölu hjá ríkinu. En hæstv. dómsmrh. sagði: Þó fengust þeir til að sætta sig við það. — Síðan vitnaði hann til þess, að fyrir lægju eindregin meðmæli góðtemplara til fylgis við þetta frv., sem hér er til umr., eins og það lægi fyrir frá sinni hendi. Ég get nú ekki samþykkt, að það sé rétt mælt af hæstv. dómsmrh., að hér liggi fyrir þessi eindregnu meðmæli með frv. frá góðtemplurum, sem hann talaði um. Þeir segja, að þar sem ekki séu líkur á því, að þeir fái nauðsynlegt fé til þessarar starfsemi með öðrum hætti en þessum, vilji þeir mæla með samþykkt frv. Mér virðist það skína í gegnum þessi ummæli, að þeir telji sig verða að sætta sig við þetta frv., þar sem þeir muni ekki fá fé til sinnar starfsemi að öðrum kosti. Það lá hér fyrir till. um 300 þús. kr. fjárveitingu til bindindishallar í Rvík. Þeirri beiðni var synjað. Templarar hafa því rekið sig á það, að þeim hefur verið neitað um fé úr ríkissjóði eins og þeir telja sig þurfa til þess að

starfrækja bindindisstarfsemi hér í höfuðstaðnum. En þá er þeim boðið upp á að fá fé, — eftir till. hv. þm. Dal. hvorki meira né minna en 300 þús. kr., ef áfengissala ríkisins nær vissu hámarki. Ég endurtek það, að ég álít, að þetta sé það sviviröilegasta form, sem hægt sé að hafa á því að verja fé af hálfu þess opinbera til þess að vinna á móti því böli, sem áfengisneyzla hefur í för með sér. Og ég tel, að það að hafa þetta form á þessu geti ekki verið af heilindum sprottið. Og hvað snertir brtt. n. þá eru þær grímuklæddar. Ég skil ekki, ef ríkissjóður er á annað borð fær um að verja 300 þús. kr. eða 400—500 þús. kr. til þessara mála, eftir þeim leiðum að setja þessa greiðslu í samband við áfengissölu ríkisins, að hann sé það þá ekki eins með því að verja þessu fé beint úr ríkissjóði. Því að í ríkissjóði lenda blóðpeningarnir af áfengissölunni fyrr eða síðar. Ég sé ekki annað en hagur ríkissjóðs leyfi það sama í báðum tilfellum, hvort sem farið er eftir aðferð frv. eða peningarnir eru greiddir beint úr ríkissjóði.

Það var ekki að mínu áliti nein getsök, að heilindi hefðu ekki ráðið því formi, sem haft er á þessu frv., heldur tel ég mig byggja það á reynslu frá síðasta þingi. Þá flutti ég till. um héraðabönn. Það mál kom á dagskrá snemma á þinginu, og svo kom það aftur á dagskrá, eftir að ég hafði rekizt í því. En eftir að það var tekið á dagskrá aftur, urðum við flm. varir við, að það var tekið aftur út af dagskrá. Og þegar spurt var, hvers vegna það væri tekið af dagskrá, var gefið upp, að það væri eftir ósk frá hæstv. dómsmrh., að það væri tekið af dagskrá. Þá var ekki bindindisáhugi hans meiri en það, að hann vildi ekki greiða götu þeirrar þáltill., sem þá lá fyrir um héraðabönn, heldur tafði hann fyrir henni, og hún var tekin af dagskrá eftir beiðni frá honum. Þess vegna tel ég mig hafa fulla ástæðu til að ætla, að hæstv. ráðh. hafi ekki tekið slíkum sinnaskiptum frá því í fyrravetur, að hann sé svo iðrandi út af þessum aðgerðum eða öðrum í garð bindindismanna, að honum hefði þótt sjálfsagt að bjóða bindindismönnum fé til starfsemi sinnar. Og ég byggi á þessu, sem ég hef nú sagt, að ekki sé af heilindum fram borið þetta frv. En ég þóttist sjá, að með birtingu bréfsins, sem fylgir nál., hefði hv. allshn. viljað láta það verða öllum landslýð kunnugt, hvert álit góðtemplarareglan hefði á þessari aðferð. Nú hefur hér verið í ræðum vitnað til þess, að meðmæli Stórstúkunnar séu fyrir hendi um þetta frv. En það sést af bréfi Stórstúkunnar, sem prentað er sem fskj. með nál. meiri hl. n., að hún sætti sig við þá leið, sem farin er í frv., þar sem önnur leið „hafi verið reynd án árangurs," en telur eðlilegra, að fé hefði verið veitt „beint úr ríkissjóði, án þess að slík fjárframlög væru háð sölu Áfengisverzlunar ríkisins," eins og stendur í bréfi Stórstúkunnar. Ég held, að það liggi fyrir mótmæli gegn forminu á því rausnarlega tilboði, sem hv. allshn. hefur tekið upp í brtt. sínni. (ÞÞ: Ekki hafa þau verið send n.) Nei, ég hefði varla búizt við því, að n. væri sýnd sú kurteisi, því að ekki hefur n. sýnt Stórstúkunni þá kurteisi að sýna henni brtt. A. m. k. er það ekki prentað sem fskj. hér með brtt. n. Það má furðu sæta, ef Stórstúkan mótmælir ekki þessari brtt. og nál., sem fylgir. Ég gæti hugsað mér, að hv. allshn. ætti eftir að fá svipuð mótmæli frá bindindisstarfseminni í landinu, eins og hetjurnar, sem að ölfrv. standa, hafa fengið. Óheilindin þar í garð bindindismanna áttu að hyljast með till. um sjúkrahúsbyggingar, sem hefði verið nær að láta vera till. um að byggja drykkjumannahæli eða vitfirringahæli. Það hefði verið drengilegra. Og hér hefði í þessu máli, sem fyrir liggur, verið drengilegra að láta skína í eitthvað annað en bindindishöll, að bindindismenn skuli fá svo eða svo mikið hækkandi framlag sem hundraðhluta af áfengissölu í landinu — jú, guðvelkomið —, ef þeir vilji lúta svo lágt að biggja það.

Ég veit ekki, hvort bindindismenn eru fjölmennir í Dalasýslu. En ég vona, að þeir séu það sterkir, að þeir eigi eftir að þakka fyrir þessar trakteringar við kjörborð.

Forseti (BSt): Þar sem hæstv. dómsmrh., flm. frv., hefur fengið fjarvistarleyfi af fundinum, er málið tekið af dagskrá og umr. frestað.

Á 72. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Ed., 4. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 90, n. 371, 423).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það verður ekki um það deilt, að þetta er eitt mesta vandamál þjóðarinnar. Ríkið rekur stór viðskipti, sem færa ríkissjóði tugi milljóna kr. á ári, en áhrif þess eru þau að gera fleiri eða færri menn að vesalingum. Það er staðreynd, sem ekki verður á móti mælt, að hér í bæ eru um 30 vesalingar, sem venjulega eru fastagestir í kjallaranum á hverri nóttu. Við, sem höfum haft tækifæri til að kynnast þessum málum nú í haust, erum sammála um, að svo geti ekki gengið lengur og að bæta verði úr þessu böli. Ég tel því ekki, að bætt sé svo skjótt úr þessu máli sem þarf. Þótt 200—300 þús. kr. sé varið árlega til bindindishallar, bjargar það ekki þessum vesalingum. Ég er því efnislega á móti málinu eins og það er hér, að veita sérstaka upphæð til bindindishallar, hvort sem góðtemplarar, Stórstúkan eða aðrir aðilar stjórna henni. Ég tel ekki, að þetta bæti svo skjótt sem þarf. Ég er hins vegar með ákveðinni fjárhæð til að hefja jákvæðar aðgerðir til bjargar þessum vesalingum, sem hér er um að ræða og hver um sig hefur kröfu á ríkisstj., þar eð þeir hafa hnotið um þann þröskuld, sem hún hefur lagt. Ég hef rætt um þetta mál við þá Helga Tómasson og landlækni, sem báðir sitja í mþn. um þetta mál. Þeirra skoðun er sú, að greina þurfi þessa menn í tvo flokka. Í öðrum flokknum eru þeir, sem ekki verður bjargað nema með hælisvist. Í hinum flokknum eru menn, sem þyrftu að dvelja á sérstökum sjúkrahúsum, sem mundu leitast við að hjálpa þeim. Vísindin eru nú komin það langt áleiðis, að nú er farið að bjarga þessum mönnum með sérstökum innsprautum. Mér er ekki kunnugt um, hvaða efni eru notuð, en hitt er staðreynd, að þetta hefur verið reynt og gefizt vel. En það versta er, hvílíka erfiðleika þessir menn eiga við að stríða er þeir koma aftur út af hælunum. Félagar þeirra, sem dýpst eru fallnir, reyna að ná þeim aftur í sinn flokk, og það eru kannske langmestu erfiðleikarnir í þessu efni. Og það er kannske langmesta ástæðan til þess að taka þá úr umferð og einangra þá, svo að þeir geti ekki náð til fólksins.

Ég mun því ekki treysta mér til þess að greiða atkv. með þessu frv. eins og það er á þskj. 90, og því síður mun ég treysta mér til þess að greiða atkv. með brtt. n., þar sem einmitt er gert ráð fyrir því, eins og hv. 3. landsk. (HV) tók fram, — þó að ég hefði kosið, að hann hefði haft um það önnur orð og haldið sig í umr. betur við sjálft málið, — að því meira sem drukkið er af áfengi, því meira fé á að renna til bindindisstarfseminnar, og er það varla viðkunnanlegt og kannske nokkur freisting fyrir viðkomandi aðila að loka augunum fyrir hættunni, sem af áfengisneyzlunni getur stafað.

Verði brtt. samþ. við 2. umr., mun ég koma með brtt. við 3. umr. um það, að veitt verði til áfengisvarna ákveðin upphæð á ári. Svo má deila um það síðar, hvaða aðilar hafi yfirumsjón með því fé og stjórni þeim málum. Það er ef til vill líka nauðsynlegt að ákveða það í l. t. d., hvort það heyri undir heilbrmrh. eða undir sérstaka stofnun eins og Stórstúku Íslands, og væri ég fyrir mitt leyti ekkert á móti því, að það heyrði undir hana, ef þar væri ekki um eitt atriði að ræða, sem mælir á móti því, en það er ósamkomulag, sem ríkir innbyrðis meðal þeirra manna, sem fara með þessi mál í landinu.

Það hafa komið til fjvn. beiðnir og kröfur frá þeim mönnum, sem tekið hafa að sér að vinna að útrýmingu áfengis í landinu, að vera lausir við afskipti Stórstúkunnar. Það hafa komið beiðnir frá áfengisvarnanefnd karla um það, að þeirri starfsemi yrði veitt ákveðin upphæð til þess að starfa fyrir, og þeir telja sig geta gert meira gagn með sinni starfsemi fyrir minna fé en Stórstúkan fær. Hið sama er að segja um áfengisvarnanefnd kvenna, að óskir hafa komið fram um það að fá veittan styrk beina leið til sín. Það mun sitja áfengisvarnaráðunautur, sem gerir lítið annað en að hirða laun sín, og átök eru um það, hvort Pétur Sigurðsson skuli taka laun sín frá Stórstúku Íslands eða hvort hann skuli tekinn upp á sérstaka gr. fjárl. Og þegar svo mikið ósamkomulag er hjá þessum aðilum, sem vilja fá stórar fjárfúlgur til þessara mála, þá sé ég ekki, að hægt sé að mæla með því, að þeim sé falið að ráðstafa því fé.

Ég mun fylgja frv. til 3. umr. og mun koma með brtt., ef það kemst svo langt, en ég mun, eins og ég sagði áðan, verða á móti þeirri brtt., sem nú liggur fyrir, með þeim rökum, sem ég hef þegar skýrt.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér ásamt hv. 3. landsk. (HV) brtt. á þskj. 423, sem kveður svo á, að ríkisstj. skuli heimilað að verja árlega úr ríkissjóði allt að fimm hundruð þús. kr. til eflingar bindindisstarfsemi í landinu. Rök okkar fyrir þessari brtt. voru færð fram af hv. 3. landsk. við þessa umr. málsins, og þarf ég þess vegna ekki að fara um hana mörgum orðum.

Við teljum ástæðulaust að binda fjárframlag til varnar áfengisneyzlu endilega við sölu áfengis. En það er ákvæði um það í frv. nú, og enn lengra er gengið í brtt., sem hv. meiri hl. n. ber fram. En hins vegar hafa engin rök komið gegn því að ákveða sérstaka upphæð úr ríkissjóði án þess að binda hana við sölu áfengis. Og ég tek undir það, sem hv. 3. landsk. sagði hér við umr. málsins, að ég tel, að það sé bein móðgun við bindindisstarfsemina í landinu að bjóða henni upp á fjárstyrk á þessum grundvelli. Og mér er kunnugt um, að þrátt fyrir það, að hér séu með hangandi hendi gefin meðmæli Stórstúkunnar með frv., þá eru mjög skiptar skoðanir innan Stórstúku Íslands um þetta frv. eins og það liggur fyrir.

Verði þessi brtt. felld, mun ég greiða atkv. á móti brtt. meiri hl. n. og einnig móti frv. í þeirri mynd, sem það er nú.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls við þessa umr., en ég heyri, að svo margir þurfa að vitna hér um þetta stóra mál, að ég held, að það sé þá rétt, að ég verði einnig í þeirra hópi.

Eins og næstsíðasti ræðumaður sagði, er þetta mál eitt af okkar stærstu vandamálum. En hins vegar virðist mér, að það hafi verið oft svo, að minnsta kosti hér á hæstv. Alþ., að hv. þm. hafa staðið býsna andvígir ýmsum till., sem fram hafa verið bornar af áhugamönnum til úrbóta þessu stóra vandamáli. Okkar sorglega reynsla er líka sú, að ríkissjóður hefur að verulegu leyti tekjur sínar af áfengissölu. Og ég hygg, að það sé alveg sama, hverjir fara með völd í þessu landi, í það minnsta nú næstu árin, að þá telji þeir örðugt að afnema þennan tekjustofn með öllu.

Í þessu landi hefur starfað félagsskapur, sem hefur það markmið að draga úr og útrýma áfengum drykkjum, og hefur honum orðið margt vel ágengt. Margir drykkjumenn hafa snúið við á þeirri braut og gerzt bindindismenn, sumir lengri eða skemmri tíma, sumir ævilangt. En það er í raun og veru ekki nema ein leið til þess að lækna þá menn, sem fallið hafa fyrir Bakkusi, og þeirri stefnu hef ég fylgt, en það er, að áfengi sé burrkað alveg út úr landinu. En ég ætla ekki að tala með svo mikilli bjartsýni að halda því fram, að það sé neinn möguleiki á því eins og er.

Í frv. hæstv. dómsmrh. má segja, að komi fram viðleitni til þess að reyna að finna leið til þess að hjálpa þeim félagsskap, sem ég nefndi, til þess að reyna að vinna að umbótum á þessu sviði. Og skil ég vel, hvers vegna frv. hans er fram komið. Á síðasta Alþ. lá fyrir beiðni frá Stórstúku Íslands um það að verja nokkru fé til bindindisstarfsemi fyrir regluna hér í bænum. En um leið lágu fyrir beiðnir um fjárstyrk frá öðrum aðilum, tveimur eða þremur, meðal annars frá Norræna félaginu. Það varð svo töluvert reiptog innan Alþ. um þetta, og virtist ekki vera þægilegt að veita neinum þessara aðila styrk, en neita öðrum, og niðurstaðan varð svo sú, að þessum beiðnum var öllum synjað.

Það var því ekki gott útlit fyrir góðtemplararegluna, þar sem Alþ. vildi ekki taka undir óskir hennar og veita henni fé til bindindisstarfsemi sinnar hér í bæ, og virtist sú leið vera lokuð. En hvernig fór með þetta mál í fyrra, hygg ég, að sé aðalástæðan fyrir flutningi þessa frv., sem hæstv. dómsmrh. flytur.

Horfurnar eru þannig í fjármálum okkar, að litlar líkur eru fyrir því, að reglunni takist að fá meiri hl. Alþ. til þess að samþykkja þá fjárveitingu, sem hún hefur farið fram á, þar sem líka hliðstæðar beiðnir um fjárframlög hafa legið fyrir þinginu, og er þá ekki nema eðlilegt, að sú spurning komi upp í huga þeirra, sem vilja sýna það í

verki, að þeir meti verk bindindismanna, hvort sú leið væri fær, sem stungið er upp á í frv.

Það hafa komið fram raddir um það, að það væri óvirðing gagnvart bindindisstarfseminni í landinu að bjóða henni fjárstyrk á þennan hátt. Ég býst við, að þær raddir hafi helzt komið frá mönnum utan af landi, því að vitanlega mundi litlu af því fé verða varið til byggingar fyrir starfsemi reglunnar úti á landi, fyrst um sinn að minnsta kosti. En þeir menn, sem starfa hér í bænum að þessum málum, líta á það með raunhæfum augum. Og þó að þeir áhugamenn séu ekki alls kostar ánægðir með leiðina, sem valin er til fjáröflunar fyrir þessa starfsemi, þá er þeim vel kunnugt um, hvernig horfurnar eru í þeim málum, og vilja haga sér eftir því, og þess vegna er það, að Stórstúkan lýsir ánægju sinni yfir þessu frv.

Það hafa komið fram raddir um það í þessum umr., að varla væri hægt að fá góðtemplarareglunni þetta til ráðstöfunar, því að innan reglunnar ríkti svo mikið ósamkomulag. En það hygg ég, að sé að mestu leyti á misskilningi byggt. Um aðalmál og stefnu reglunnar er ekki ágreiningur og hefur aldrei verið.

Eins og kunnugt er, hefur reglan búið í Góðtemplarahúsinu nú um langan tíma, en það mun ekki vera langur tími, þar til reglan á að skila því húsi. Er þá ekki eftir annað húsnæði fyrir þessa starfsemi hér í bæ nema húsið Frikirkjuvegur 11, sem vissir menn úr reglunni festu kaup á. En það hús er að mestu leyti leigt út til ýmiss konar starfsemi, mest til ríkisstofnana. Hins vegar er þar mjög lítill fundarsalur, sem fullnægir að örlitlu leyti þörf reglunnar hér í bæ. En það ósamkomulag, sem vitnað hefur verið til, er einmitt um meðferð á þessari eign.

Eins og ég tók fram áðan, þá eru bindindismenn ekki sundurlyndir, heldur einhuga um að vinna að því að bæta úr böli áfengisins í landinu og að ala upp æskuna í landinu í því að vera afneitandi víns, með því að skapa henni hollan samastað, þar sem eitt og annað getur farið fram, sem henni er gagn og gleði að. Góðtemplararegla er að vísu ekki ein um þetta áhugamál fyrir æsku þessa bæjar, því að nú nýlega hefur verið stofnað félag eða samband æskulýðsfélaga í bænum, sem hefur það markmið að reisa æskulýðshöll hér í bæ, og þar er stefnt nákvæmlega að sama marki.

Þá hefur verið spurt að því, hvort reglan ætti mikið í sjóði, og get ég svarað því, af því að ég þekki þar vel til, að svo mun ekki vera. Eins og ég sagði áðan, þá var ósamkomulag eða ágreiningur um ráðstöfun á húsinu Frikirkjuvegur 11, en þar var lagt í kostnað, sem varð svo mikill, að þar var eytt því fé, sem til hafði verið í sjóði. Þá hefur og reglan haft nokkra starfsemi annars staðar, sem hún hefur lagt fé í, en það er t. d. sumardvalarheimilið á Jaðri.

Þetta, sem ég hef lýst, hefur orðið til þess, að reglan hefur leitað hvað eftir annað til Alþ. um stuðning til þess að hrinda þessu nauðsynjamáli í framkvæmd, en það virðast hafa verið allt of fáir áhugamenn hér á Alþ. fyrir því að veita nauðsynlegt fjármagn, sem reglan telur sig þurfa.

Ég hygg, að allir, sem skipa sér undir merki góðtemplararreglunnar, vilji reyna að gera allt, sem unnt er til varnar áfengisneyzlu í landinu, og ég veit, að allir bindindismenn eru á einu máli um það. Ég hygg það alveg ofmælt og á misskilningi byggt, að sá ágreiningur, sem verið hefur innan reglunnar og ég hef minnzt á, þurfi að verða þess valdandi, að fyrir þá sök þyki réttara að fara einhverjar aðrar leiðir með þá fjárveitingu, sem hér hefur verið stungið upp á að verja til bindindisstarfseminnar í landinu. Hún er virðingarverð að vísu, sú starfsemi, sem farið hefur fram hjá ýmsum félögum, sem tekið hafa að sér að styðja það mál, þó að þau hafi ekki verið bundin föstum böndum innan reglunnar. Það er allt virðingarverður stuðningur við sjálft málefnið. En ég get ekki séð, að aðrir aðilar séu réttari til þess að taka móti þeim stuðningi, sem Alþ. á hverjum tíma lætur af hendi rakna, en einmitt Stórstúka Íslands. Hún er svo virðuleg stofnun, komin á sjötta tug ára, og það væri óeðlilegt, ef ætti alveg að sniðganga hana. Því að hvað sem menn annars segja um bindindisstarfsemina yfirleitt, þá verður ekki hægt að neita því, að góðtemplarareglan hefur unnið mikið og þarft starf á undanförnum árum, þó að kannske megi segja, að það hafi borið misjafnlega góðan árangur, eins og oft vill verða.

Þá hafa komið raddir um það, að þessi aðferð, sem hér er stungið upp á í frv., verði til þess að slaka á bindindisstarfseminni í landinu. Slíkt finnst mér alveg fjarstæða og ómaklegar aðdróttanir til bindindismanna, að láta sér detta í hug, að áhugi þeirra fyrir sínu mikla áhugamáli, að vinna gegn áfengisneyzlu í landinu, muni slappast og minnka, þó að menn eigi von á fleiri þús. kr. eða millj. kr. úr ríkissjóði með því skipulagi, sem hér er gert ráð fyrir. Ég er góðtemplari, og þó að ég hafi ekki unnið mikið fyrir þá starfsemi og nú á fallanda fæti, þá er ég það kunnugur starfsemi reglunnar, að ég þori að fullyrða, að það er ástæðulaus ótti að halda, að slíkt mundi draga úr baráttu hennar, þó að hún fengi þennan fjárstyrk. Og þó að æskilegra hefði verið, að styrkurinn hefði verið veittur á öðrum grundvelli, þá mun reglan ekki setja það fyrir sig, því að hún veit það vel, að hafni hún þessum fjárstyrk, þá hefur hún litla eða enga möguleika til þess að byggja hús fyrir starfsemi sína hér í Rvík í náinni framtíð.

Ég er því ákveðinn í því að greiða atkv. með frv. Þar er ég sammála Stórstúkunni, eins og hún hefur lagt fram álit sitt, sem prentað er á þskj. 371. Ég mun ekki fallast á brtt. n., en mun fylgja frv. eins og það liggur fyrir. Um brtt. þeirra hv. 8. landsk. þm. (ÁS) og hv. 3. landsk. þm. (HV) er það að segja, að ég mun greiða atkv. með þeirri brtt., en er vonlaus um, að hún nái fram að ganga. En að henni fallinni mun ég greiða atkv. með frv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka sérstaklega hv. 8. landsk. þm. fyrir það, að hann skyldi mæla á móti þessu frv., vegna þess að það sýnist mér vera vitnisburður um, að frv. gangi í rétta átt, að hann og hans flokkur er því andstæður. Því að í seinni tíð hafa þessir menn sjaldan flutt góð mál, heldur lagzt á móti því, sem betur mætti horfa.

Að öðru leyti hef ég ekki mikið um málið að segja. Hv. síðasti ræðumaður gerði mjög ýtarlega grein fyrir aðalkjarna þessa máls og rakti það rækilega, að eins og nú horfir hlýtur frv. að vera til bóta frá sjónarmiði allra þeirra, sem hafa trú

á, að hægt sé að vinna á móti áfengisneyzlunni í landinu með öflugri bindindisstarfsemi. — Ég skal alls ekki hafa á móti því, sem hv. þm. Barð. (GJ) sagði um nauðsynina á aðgerðum vegna ýmiss konar vesalinga og aumingja, sem hafa alveg fallið fyrir áfengisneyzlunni. En það er í raun og veru óskylt atriði þessu máli, sem hér er til umr. nú. Það er að vísu angi af sama máli, en það er annað atriði en það, sem hér er um að ræða. Ég játa vissulega, að það, sem fyrir honum vakir, þurfi að taka til greina, að það verði að hafa öflugar ráðstafanir til þess að reyna að bjarga þessum vesalingum, a. m. k. forða þeim frá hunda og manna fótum, þar sem þeir liggja nú. Sízt skyldi ég hafa á móti öflugum aðgerðum í þessa átt. Því miður fór nú sú tilraun, sem gerð var með stofnun drykkjumannahælis, fyrst í Kumbaravogi og síðar í Kaldaðarnesi, sorglega út um þúfur, — e. t. v. vegna þess, að þar var ekki frá fyrstu tíð fylgt ráðum ágætustu manna um þetta, eins og dr. Helga Tómassonar og slíkra, sem vöruðu við þeirri starfsemi, eins og í hana var ráðizt. Ég skal játa á mig þá synd, að ég átti þátt í, að fé var lagt fram til þeirra tilrauna, vegna þess að mér sýndist þá, að það væri ekki hægt að láta þetta alveg kyrrt liggja. Og þetta var þá eina tilraunin, sem uppi voru till. um að gera til þess að ráða bót á þessu böli. Nú eru menn eftir þessari reynslu komnir inn á aðrar lausnir í því máli. Þarna er um að ræða heilbrigðismál, sem ég veit, að hæstv. heilbrmrh. er að íhuga, hvernig bezt verði séð fyrir. Þetta er alls ekki eins einfalt mál og menn vilja vera láta, vegna þess að það er búin að standa þessi tilraun með Kumbaravog síðan 1942, og það er fyrst nú, sem menn sjá, að sú tilraun, eins og byrjað var á henni, fær ekki staðizt. Það er auðvelt að tala um aðgerðir í þessu. En það er erfiðara að finna lausnina í þessu efni, eins og svo mörgum öðrum. En ég vil vekja athygli á því, að hvaða niðurstöðum sem menn komast að í þessu efni, þá er það annað atriði en fyrir mér vakti þegar ég flutti þetta frv., nefnilega að efla hreyfingu og starf bindindismanna þeirra, sem reyna að draga hugi manna frá áfengisneyzlunni og reyna að fá æskulýðinn til þess að hafa önnur áhugamál en áfengisneyzlu og reyna að bjarga þeim mönnum, sem ekki eru komnir lengra á glötunarleiðinni af áfengisneyzlu en svo, að þeim er hægt að bjarga án þess að beinar læknisaðgerðir komi til. Og það eru mörg tilfelli, þegar aðgerðir hins opinbera hafa orðið til þess að bjarga þessum mönnum, og mér finnst full ástæða til þess að styrkja þessa menn í þeirra starfi.

Menn tala um, að það sé óeðlilegt að tengja styrkinn til bindindismanna til bindindisstarfsemi við áfengissölu ríkisins. Já, hversu oft eru menn ekki búnir að heyra talað um gróða, sem verður af áfengissölunni hjá ríkinu. En það er vitað mál, að ef engin áfengissala væri og því enginn gróði af áfengissölu, þá þyrfti ekki að bæta það böl, sem hér er um að ræða. Starfsemi bindindismanna er alveg tengd við áfengissöluna, þ. e. við áfengisneyzluna í landinu. Ef áfengisneyzla væri ekki fyrir hendi, þyrfti ekki að halda uppi þeirri sérstöku starfsemi, sem bindindismennirnir að því leyti inna af höndum, er þeir berjast á móti áfengisbölinu. Þess vegna er það alger rökleysa, þegar menn taka það sem sérstaka móðgun við bindindismenn, sem þeim sé gerð í starfi þeirra, að þeim sé ætlaður nokkur hluti af tekjum af áfengissölunni í landinu. Það eru einmitt þessar tekjur, sem gera það að verkum, að það er þörf á þeirra bindindisstarfi. Með þeim fyrirvara vil ég segja, að jafnvel þó að þessar tekjur væru afnumdar og hér sett á bann, þá mundi það að vísu ekki vera nein lausn á áfengisbölinu að mínu viti, heldur stórt spor aftur á bak og verka til margfaldrar spillingar og eyðileggingar, eins og dæmin sýna, bæði hér og annars staðar. En það er áfengisneyzlan, sem gerir það að verkum, að bindindishreyfingin á rétt á sér, og það er nauðsynlegt að styrkja bindindishreyfinguna, og þá tel ég, að eðlilegast sé að taka fé til verulegra átaka í þeim einum á þann hátt, sem fyrir mér vakir með þessu frv. Hitt er annað mál, sem Stórstúkan hefur bent á, að það hafa einmitt verið gerðar tilraunir til þess að útvega fé í þessu skyni með öðrum hætti. Og þær tilraunir hafa ekki náð fram að ganga. Ef menn hafa trú á því, að þær tilraunir mundu takast t. d. með einfaldri ákvörðun við samningu fjárlaga, þá er það mjög takandi til athugunar, og mætti vera, að þetta frv. yrði þá óþarft. En hvort tveggja er, að fyrri reynsla sýnir okkur, að það hefur ekki tekizt að fá fé með þeim hætti, sem og hitt, að þó að það tækist í eitt skipti, væri þar um alveg ótrygga tekjuöflun að ræða. En ef l. væru sett með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir, þá er um öruggan og haldgóðan tekjustofn að ræða.

Hv. þm. Barð. sagðist vera andvígur því, að þetta fé yrði sett í bindindishöll. Það er ekki ákveðið í frv., að þetta skuli fara í bindindishöll. Það hlýtur að liggja undir mati ríkisstj. hverju sinni, hvernig þessu fé skuli verða varið. En það er þó skýrt, að ætlazt er til, að peningarnir fari til bindindisstarfsemi, en ekki til byggingarstarfsemi, eins og hv. þm. Barð. gerði ráð fyrir, sem, eins og ég sagði áðan, er tvennt gersamlega ólíkt.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Það hafa nú komið fram hér við fyrri hluta þessarar umr. ásakanir á mig um óheilindi í þessu máli. Ég verð að segja, að gagnvart þeim mönnum, sem þykjast hafa áhuga fyrir þessum efnum, en vilja ekki fylgja þessu frv., þegar vitað er, hversu erfitt hefur verið að fá peninga til verulegrar bindindisstarfsemi hjá þinginu, mætti vel hafa grun um heilindi þeirra sjálfra í málinu. Ég ætla þó ekki að vera með neinar getsakir í því efni. En ég treysti því, að menn að lokum sameinist um þetta mál í einhverju formi, þannig að flutningur þessa frv. geti náð þeim tilgangi, sem fyrir mér vakir. Og ég vona, að það nái fram að ganga fyrr eða síðar.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Tilefni þess, að ég stóð upp, var það, að hv. 3. landsk. þm. (HV) fór mjög mikið að tala um það, að við, sem værum hér með brtt. — og ég held hv. flm. frv. líka, — kæmum hér grímuklæddir. Það er nú svo, að menn geta vel haft sínar skoðanir og komið fram með þær, án þess að það þurfi sérstaklega að vera að drótta því þess vegna að mönnum, að þeir meini eitthvað annað en þeir sýna á pappírnum. Það mætti þá með sama rétti segja um hv. 3. landsk. þm., að hann sé að tala um það, að hann vilji ekki láta veita þetta fé eins og hér er gert ráð fyrir, bara af

þeirri ástæðu, að hann vilji koma þessum styrk til templara fyrir kattarnef, svo að þeir standi eftir vegalausir, húslausir og athafnalausir.

Annars er þetta mál þannig, eins og tekið hefur verið fram, að þetta er ekki neitt hlátursmál, heldur áhugamál fyrir alla, bindindisstarfsemin í landinu. Og það er rétt, sem hv. þm. Barð. sagði, að það er ekki nóg að byggja höll eða hlaða undir templara. Templarar eru gildir og góðir á sína vísu, sumir ágætir, aðrir í meðallagi eða svo. En það er ekki nóg. Það verður að bjarga því, sem bjargað verður af þessum mönnum, sem eru að tortímast vegna ofdrykkjunnar. Þess vegna verða þm. að taka höndum saman í því efni. Og ég gæti gjarnan verið með í að hækka heldur meira þetta tillag en n. hefur lagt til, með því móti, að því væri þá einnig varið til þess, sem hv. þm. Barð. minntist á. Og sennilega verður athuguð í n. till. hans fyrir 3. umr.

En ég skil ekki í því, hvernig stendur á því, að templarar eða annað fólk álítur, að þetta fé megi ekki koma frá áfengisverzluninni. Ég sé ekki nokkurn minnsta mun á því, hvort þetta tillag er afhent templurum beint úr „Dýrarikinu" eða hvort það fer í hendur ríkisféhirðis fyrst. Nú er því svo farið hjá okkur, að fjórði eða fimmti hver peningur, sem kemur í ríkissjóðinn, kemur frá þessari stofnun, áfengisverzluninni. Og þá verður útkoman sú, að ein fjórða eða ein fimmta hver króna, sem við hv. 3. landsk. þm. og ég fáum í laun hér, er fé frá þessari stofnun. Og ég held, að það fari fyrir okkur þannig, að við finnum lítla lykt af þessum krónum og tökum við þeim án þess að væma við. Þess vegna tel ég það rétta, að þessi stofnun, áfengisverzlunin, greiði beint til þessarar starfsemi, sem unnin er í landinu gegn áfengisnautn, en að ekki sé borgað fyrir að telja þetta fé mann frá manni frekar. Þess vegna finnst mér líka óþarfi að vera að tala um, að þetta fé megi helzt ekki koma frá áfengisverzluninni. Og ég sé ekki, að þetta, sem kemur hér fram í frv., sé nein slík móðgun sem hv. 8. landsk. þm. var að tala um. Það er bara misskilningur hjá þeim góða manni, og ég geri tæplega ráð fyrir, að hann haldi þeim misskilningi mjög til streitu. — Annars er það svo, að ef það fé, sem góðtemplarar fá til starfsemi sinnar, er ekki látið á þann hátt, sem þeir vilja, þá gerast þeir háværir, eins og hv. 3. landsk. þm. gerðist hér, þegar hann fór að hella sér yfir mig. Og hann fór að sækja sér efni í ræðuna úr umr. um ölfrv. í Nd. og halda ræðu um það við þessa umr. Hann var ekki ölóður. (GJ: Hann var ölfróður). En það var hreyfing komin í hann. Nei, hann var síður en svo ölfróður. En með svona hamagangi vinna þessir menn ekki góðtemplarareglunni eða meðbræðrum sínum neitt gagn.

Þá var hv. 3. landsk. eitthvað að tala um, að mér skildist, að koma mér frá þingmennsku. En enn sem komið er hafa Dalasýslubúar ekki tekið sérlega mikið tillit til sérskoðana hans. Og viðvíkjandi því sambandi, sem var milli Dalasýslubúa og hans fyrir nokkrum árum, þá ætla ég, að það verði ekki betra, þótt seinna verði.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hv. frsm. fyrir það, að hann vill ræða þetta mál við okkur hina, sem ekki erum alveg á sömu línu. Vildi ég vita, hvort hann vildi ekki taka þessa brtt. n. aftur til 3. umr. (ÞÞ: Ég er búinn að því). Og jafnframt vildi ég vita, hvort hv. 8. landsk. þm. vildi ekki taka þannig líka aftur sína brtt. og láta málið ganga svo fram nú.

Í sambandi við ræðu hæstv. dómsmrh. (BBen) vil ég taka fram, að andstaða mín við frv. hans nú miðast einmitt ákaflega mikið við það að þó að það sé ekki tekið fram í frv. sjálfu, að þessu fé, sem það er um, skuli varið til húsbyggingar á templarahöll, þá hefur allt umtal í hv. þd. um þetta fé snúizt um það, að það sé sjálfsagt að svo verði. Og vil ég í því efni leyfa mér að vísa til ræðu hv. 1. landsk. þm. (SÁÓ), sem gekk alveg út frá því, að þetta fé allt ætti að fara í templarahöll. Beinlínis þess vegna er ég á móti málinu eins og það er sett fram í frv. Ef hins vegar hæstv. ráðh., flm. frv., vill samvinnu um það að breyta frvgr. þannig, að það sé alveg ugglaust, að þessir menn geti ekki gert ótvíræða kröfu til allrar fjárhæðarinnar, eins og mér skildist á hv. 1. landsk. þm., að templarar ættu að hafa, þá er ég til samvinnu um það mál. Mér er ljóst, að það er óheppilegt og sorglegt, ef ekki er hægt að koma á fullu samkomulagi við þá menn í landinu, sem ekki eru góðtemplarar, en unna bindindismálum eins mikið og góðtemplarar sjálfir. En ástandið er þannig í landinu, að þessir tveir flokkar treysta sér ekki til að vinna saman um þessi mál, sem er engu síður Stórstúkunni að kenna en hinum aðilunum. Og ég vitna til þess, að nú koma til Alþ. mjög sterkar og háværar kröfur frá mönnum, sem halda fram, að þeirra starfsemi að bindindismálum sé engu minna virði en hjá templurum, um að fá nokkru meira starfsfé til þess að geta aukið þessa starfsemi sína í landinu. Í sambandi við þetta vil ég minna á, að einmitt undir stjórn Stórstúkunnar var Kumbaravogur starfræktur. Það hefur verið einnig undir stjórn góðtemplarareglunnar, sem Kaldaðarnes hefur verið starfrækt. Og hvernig er komið? Þessi starfsemi er komin í það öngþveiti, að það verður að leggja starfsemina niður. Og þetta var undir stjórn templara. (HV: Ekki Kaldaðarnes). Það var árangurinn af starfseminni í Kumbaravogi. Og það vita allir, að það var Stórstúkan og góðtemplarar, sem höfðu með þetta að gera. Mér finnst því ástæðulaust að veita milljónir króna til þessarar sömu stofnunar til þess að reisa fyrir bindindishöll hér í Rvík, sem ég fyrir mitt leyti hef enga tryggingu fyrir, að mundi bæta stórkostlega úr í þessum málum. Hv. 1. landsk. þm. var að tala um, að það þyrfti að koma upp einhverjum stað, þar sem æskulýðurinn gæti haft eitthvert verkefni annað en að iðka öldrykkju eða vindrykkju, og það er rétt. Ég vil benda á, að það er verið að reyna að koma slíkri stofnun upp, þar sem er æskulýðshöllin. Ég tel það hennar verkefni og þeirra manna, sem fylgja góðtemplarareglunni, að athuga, hvaða leið muni vera heppilegust til skjótrar úrlausnar. Ég tel það svo mikinn kjarna þessa máls, að það sé sá hluti, sem fyrst beri að taka til athugunar. Hinn liðurinn er svo það, hvort mögulegt er að breyta almenningsálitinu í landinu. Hér er drukkið fyrir 50—60 millj. kr. og eyðilagt líf og heilsa í stórum stíl. Hverjum ber þar að ganga fremstur? Sjálfum embættismönnunum í landinu, skólastjórum. Hve margir skólar eru það, þar sem vitað er, að þeir menn halda ekki þessa reglu? Hvernig er það í háskólanum?

Ég hef sjálfur verið þar og séð greinar um það. Svo lengi sem hægt er að halda uppi og þola, að vísindastofnun og skólar, sem kostaðir eru af ríkissjóði, gangi ekki fyrst fram til bóta í þessu, þá er sama, hvað mikið fé er lagt í góðtemplarareglu*na hér í Rvík. Hér er svo mikið vandamál, að* það verður ekki læknað með nokkrum krónum eða tugþúsundum króna úr vínverzlun. Það er sannarlega ástæða til þess að vekja upp almenningsálitið í landinu á þessu sviði og fyrst og fremst gegn þeim skólum, sem ríkið sækir sína forustumenn til enn þann dag í dag. Ég álít það miklu auðveldari leið og fljótfarnari en að verja milljónum króna til góðtemplara. Þess vegna vel ég allt aðra leið í málinu. Ég tel eigi að síður aðkallandi að hjálpa þeim mönnum, sem veikir eru og hjálpar þurfa við, og sérstaklega þeim mönnum, sem hægt er að bjarga, eins og Helgi Tómasson fullyrðir við mig, en góðtemplarar vildu þó ekki hlusta á í þessu máli, þegar hann var spurður á þeim tíma í sambandi við Kumbaravog. Það þurfa að vera sérstakir spítalar eða deildir, þar sem drykkjumenn væru teknir og settir þar inn á stofu og fengju læknisaðgerð, eftir að aðstandendur vissu um, að þeir hefðu verið teknir. Hann fullyrti við mig, að það væru fleiri í þessum bæ, sem hverfa á nóttunni nú en unglingar undanfarið, og heimilin vissu ekkert um þá. Þetta er alvarlegt atriði. Ég er ekki farinn að sjá, að margra ára framlag til templarahallar bæti úr þessu. Þetta er svo alvarlegt, að fyrst þarf að bjarga, þótt ekki sé meira en 20—30—40 mönnum í þessum bæ. Þá væri það meira virði en að koma upp bindindishöll, sem ég er viss um, að tæki 5—10 ár. Auk þess er engin trygging fyrir því, hvernig sú stofnun yrði. Það er ekki alltaf góður félagsskapur, þótt ekki sé drukkið. Ég segi það ekki til templara. Ég vil bara benda á, að skilyrði til að halda uppi svona stofnun er ekki aðeins að hafa ekki vín um hönd, það er ýmislegt annað, sem þarf að vera þar ráðandi. Hvað snertir fyrirkomulag með styrkinn, þá vil ég segja það, að ég á *erfitt með að skilja, hvers vegna hæstv. ráðh. vill* ekki láta greiða beint úr ríkissjóði. Því miður verður að hafa það hér eftir því, sem er í 1. gr., *að eftir því sem tekiur af víninu lækka, eftir því* á að hækka hundraðshlutann. Því er ákveðin upphæð látin úr ríkissjóði, hvernig sem gengur. Hins vegar er það rökrétt hugsun hjá n., er hún vill láta minna, eftir því sem verr gengur, og meira, eftir því sem vel gengur. (**HV**: Út frá sjónarmiði brennivínskaupmanns.) Út frá því að þessi stofnun beri uppi kostnaðinn. Þegar ég var fyrst í fjvn., þá barðist ég fyrir því, að aukin yrðu framlög til Stórstúku Íslands um hundruð þúsunda kr. En allar þær vonir, sem stóðu á bak við það, hafa brugðizt *af Stórstúku Íslands, því miður, svo að það er sann*arlega ekki furða, þó að ég vilji ekki hér leggja því lið, að þessi stofnun skuli hafa ótakmarkað vald yfir þessu fé. Ég sé ekki ástæðu á þessu stigi að ræða málið nánar, vil mjög hafa samvinnu við n. og þá, sem af alhug vilja þessu máli vel.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Það stendur hérna í nál. meiri hl. allshn. á þskj. 371, að ég muni hafa einhverja sérstöðu í málinu, svo að það mun nú þykja hlýða, að ég geri þá grein fyrir þessari sérstöðu, sem n. minnist þarna á. En þessi sérstaða mín í málinu er í því fólgin, að ég viðurkenni að vísu, að mér finnst þessi breyt. meiri hl. n. í frv. verða til þess að gera það nokkru rökréttara heldur en það var. En á hinn bóginn get ég ekki fallizt á það í frv., vegna þess að ég lít svo á, að þessi aðferð, sem nota á til að veita Stórstúkunni styrk til starfseminnar í landinu, sé með öllu óviðeigandi. Mér finnst þetta vera svona svipað því eins og að glæpamannafélagi í Bandaríkjunum væri gert að skyldu að greiða nokkurn hluta af tekjum sínum til lögreglunnar til að vinna á móti glæpum, svo að ég verð að vera þeim þm. sammála, sem hafa látið það álit í ljós, að þetta sé mjög svo óviðeigandi. Einmitt þess vegna hef ég ekki getað á þetta fallizt. Hæstv. dómsmrh. sagði í sinni ræðu, að þetta væri öruggur tekjustofn, og það voru þau rök, sem hann færði fram fyrir því, að réttara væri að fara þessa leið en að veita ákveðna upphæð í fjárl. Mér finnst það þurfi ekki að fara þessa leið fyrir því, þótt reynt væri að tryggja bindindisstarfseminni öruggan tekjustofn. Það mætti ákveða í l., að ríkið skyldi leggja ákveðna upphæð á ári til starfseminnar. Það er rétt, að þessi upphæð er lögð fram vegna þess, að það er drukkið í landinu. Og mér finnst það betur viðeigandi og viðkunnanlegra að ákveða upphæð, sem veitt sé óháð því, hvaða tekjur áfengisverzlunin hefur. Þess vegna felli ég mig miklu betur við brtt. þær, sem 3. og 8. *landsk. þm. eru með á þskj. 423. Hins vegar er* það rétt, að hér er aðeins um heimild að ræða, og er því hér ekki um eins öruggan tekjustofn að ræða, en ég trúi ekki öðru en það mætti komast að samkomulagi við ráðamenn og flm. þessarar till. um, að hér væri um fasta fjárveitingu að ræða. Hins vegar finnst mér rétt að taka til athugunar, um leið og gengið er frá þessu frv., hvernig þessu fé verði varið, því að ég er sammála hv. þm. Barð., að ef Alþ. vill veita fé til slíkrar starfsemi, þá séu sett ákvæði um, hvernig því sé varið, og það sé ekki notað til útgáfu blaða eins og t. d. Einingarinnar, sem ég tel sýnu verra en Heróplð.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vil taka af allan vafa um, að ég mun ekki haga fylgi mínu við þetta mál eftir því, hvort ákveðin verði föst framlög úr *ríkissjóði, en ég er sannfærður um,* að það mun torvelda framgang málsins hér í d. En með frv. er ætlað að afla þessa fjár, sem er frá ríkinu, til þess, sem ég tel að þurfi til þessarar starfsemi. Hitt verður ítrekað enn, að það er nokkur skoðanamunur hér, sem kemur fram, en hann er ekki aðeins varðandi fyrirkomulag á fjárgreiðslum, heldur til hvers fénu er varið. Með frv. legg ég til, að fé sé veitt til almennrar bindindisstarfsemi, en ekki til lækningar á þeim fáu mönnum, sem fallið hafa fyrir ofdrykkju, og ef frv. verður samþ., þá er áætlað ríflegt fé til bindindisstarfseminnar, sem ég álít annað mál en að lækna sjúka. Ég er sannfærður um gagnstætt því, sem hv. þm. Barð. lét *uppi, að slík fjárveiting til starfseminnar, m. a.* til að koma upp viðunandi húsnæði fyrir starfsemina í bænum, hún er stórkostlegt atriði í því að efla bindindi í landinu. Varðandi afstöðu góðtemplarareglunnar í bænum, þá hafa þeir ekki annað en þetta hús, sem er fyrir sunnan alþingishúsið, sem ég álít, að Alþ. ætti að skerast í leikinn til að fá í burtu, því að Alþ. á rétt til, að garðurinn yrði lengdur suður, og þar að auki er það of lítið og ófullnægjandi. Þess vegna, ef bindindisstarfsemin á

að halda áfram miðað við þá breyt., sem þjóðfélagið tekur, þá mun hún þurfa á mjög auknu húsnæði að halda. Þeir menn, sem streitast á móti því, eru með því að fordæma starfsemina og segja, að hún eigi ekki neinn rétt á sér. Ég er ósammála mörgu því, sem reglan hefur gert, m. a. því að beita sér fyrir bannlögum og ég álít, að það sé stórt skref aftur á bak og spilli reglunni og hrindi mönnum frá henni, meðan hún hefur það á stefnuskrá. Ég er sannfærður um, að fár félagsskapur hefur gert meira gagn frá upphafi sínu til þessa dags en góðtemplararegluan. Eftir því sem ég hef haft nánari kynni af þeim vandamálum, sem upp koma í sambandi við ofneyzlu áfengis, þá tel ég, að það sé að fordæma starfsemina að vilja ekki hjálpa henni til að koma upp viðunandi húsnæði.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti Það eru nokkrir alþm., sem hafa snúizt hvatskeytislega gegn þessu máli. Þegar ég sá, hvaða úrlausn átti að gera í málinu af þeirri n., sem um það fjallaði, þá gat ég ekki annað en látið það í ljós, að þó að ég teldi formið á frv. hjá hæstv. ráðh., sem flytur það, óheppilegt, þá teldi ég því mikið spillt með till. n. frá því, sem það var. Eins og ég lét í ljós með framtökum hjá einum þm., sem talaði, þá kom ekki beinlínis fram í formi frv. hjá hæstv. ráðh., að hann liti á málið frá sjónarmiði brennivínskaupmanns. En það er augljóst, að meiri hl. n., sem gerði brtt., miðaði hana við það, að ef vel seldist af víni, þá væri ekki þorandi að láta bindindismenn, sem vildu vinna á móti þessu böli, fá ¾% af gróða, heldur ef vel seldist þá 1%. Þetta er sjónarmið brennivínskaupmanns, en ekki mannúðarsjónarmið meiri hl. n., sem fjallaði um þetta stóra alvörumál, sem hér er til umr. Hins vegar er ég sammála hæstv. ráðh. um, að starf bindindismanna í landinu er bein afleiðing af sölu áfengis, sem ríkið rekur, þess vegna er það, sem þarf á varúðarráðstöfunum að halda. En ég vil segja, ef sú yrði niðurstaðan í þessu máli, að Alþ. teldi sér sæma að leysa það í þessu formi, þá getur það ekki verið tekið öðruvísi af bindindismönnum en sem hnefahögg í andlitið.

Hv. frsm. meiri hl. n., hv. þm. Dal., minntist á, að fjórði hver peningur, sem ég fengi í laun, væri fyrir áfengi kominn í ríkiskassann. Það er rétt, að ¼ hluti af tekjum ríkissjóðs er af áfengissölu. Ég get sagt fyrir mig, að ég vildi vinna það til að fá fjórðu hverri krónu færra heldur en þurfa að vita af því áfengisbölí, sem þessi króna skapar í landinu. En ég er ekki alveg viss um, að hv. þm. Dal. vildi sjá af fjórðu hverri krónu sinni. (**Forseti:** Ég vil taka fram, að þetta er aðeins stutt athugasemd, sem þm. hefur rétt til að gera.) Það er rétt, ég er búinn að tala tvisvar. — Hv. þm. Barð. minntist á lækningu, sem hægt væri að beita við drykkjusjúklinga, og gaf þær upplýsingar, að margur maður, sem langt var leiddur, hefði fengið lækningu, og hélt því fram, að þarna væri fundin ágæt leið. Það færi betur, að svo væri. Því miður hef ég aðrar spurnir af slíku. Af þeim fáu dæmum, sem ég veit til, virðast mér flest eða öll misheppnuð. Ég spurði einn ágætan lækni að þessu áðan, og hann sagðist ekki vita til, að það hafi borið æskilegan árangur, þessi læknir er Helgi Jónasson. Ég veit því ekki, hvort hægt er að segja á þessu stigi málsins, hvort hægt er að hjálpa þeim, sem eru ofdrykkjumenn hér í bæ, með svo auðveldu móti. Því miður virðist mér öllum bera saman um, að það sé ekki hægt. En það tel ég höfuðatriðið, að hægt væri að gera eitthvað til þess að bjarga þeim, sem fallnir eru fyrir áfengisástríðunni, og taka þeim tökum bindindismálin í landinu að koma í veg fyrir, að unga fólkið farist unnvörpum af þessum ástæðum, eins og lítur út fyrir, að verða muni, ef ekkert er að gert. Það er rétt, að það eru allt of margir af skólamönnum landsins, sem telja sér ekki skylt að vera bindindismenn. Og það eru allt of margir skólar í þessu landi, sem kenna nemendunum að drekka. Ég tók þetta ekki sem sneið til mín, þegar sagt var hér, að betur færi á því, að skólastjórar væru bindindismenn. Það færi betur á því, að alþm. og aðrir stjórnendur ríkisins væru æskulýðnum fögur fyrirmynd á þessu sviði. Það færi betur, ef þeir, sem tala um að skapa heilbrigt fordæmi í þessum efnum, hefðu forustuna um það að skapa það almenningsálit, að það sé vansæmandi að neyta áfengis í óhófi. Og almenningsálitið er að verða sterkt um þetta, af því að augu þjóðarinnar eru að opnast fyrir skaðsemi áfengisins. Ég skal ekki hafa þetta miklu lengra mál. En ég vil aðeins láta í ljós, að ég tel, að ef útreikningur hv. þm. Dal. er réttur, þá sé eins hægt að veita það fé, sem um væri að ræða eftir þessu frv., ef samþ. yrði, beint úr ríkissjóði. Þá væri eins hægt að láta bindindismenn hafa á fimmta hundrað þús. kr. beint úr ríkissjóði, því að þangað fara tekjur áfengisverzlunarinnar.

Út af því, sem hv. 1. landsk. sagði hér áðan, að hann teldi líkur til þess, að hægt væri að komast af án áfengisteknanna, vegna þarfa ríkissjóðs á næstunni, þá held ég, að þó að erfitt kynni að reynast að skera niður við trog þessar tekjur ríkissjóðs allar í einu, þessar 40—50 millj. kr. tekjur, þá mætti smátt og smátt — segjum með 10 ára áætlun — minnka tekjurnar frá ári til árs, þar til þær gætu horfið með öllu. Þetta væri hægt, og bæta ríkissjóði hallann með peningum, sem teknir væru með betra móti frá siðferðilegu sjónarmiði en þessir blóðpeningar eru teknir.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Því hefur verið haldið fram hér, að andstaða okkar gegn því, að þessar tekjur, sem bindindisstarfseminni eru ætlaðar með þessu frv., komi beint frá áfengisverzluninni, stafaði af því, að við óttuðumst, að með því móti fari minna af þessum peningum til bindindisstarfsemi úti á landi. Ég mótmæli þessu, hvað mig snertir, og þori að fullyrða það um fleiri hv. þm. utan af landi, að andstaða þeirra gegn þessu frv. stafar alls ekki af þessum ástæðum. Og ég bendi á það, að það mun ekki vera ástæðulaust, að þessi bindindisstarfsemi sé mest hér í Rvík, vegna þess að hér er áfengisverzlunin og þess vegna áfengisneyzla meiri en víða annars staðar á landinu.

Þá var það hæstv. dómsmrh. (BBen), sem lét þau orð falla, að hann teldi öruggt, að þetta mál væri gott mál, fyrst ég væri á móti því og minn flokkur. (**Dómsmrh.:** Öruggara). Ég hef nú ekki haft það álit á hæstv. dómsmrh., að hann yfirleitt myndaði sér skoðanir á málum eingöngu eftir því, hvort þessi eða hinn maðurinn væri með þeim eða móti. — En það voru tvö atriði önnur í ræðu hæstv. dómsmrh. Fyrst minntist hann á, að með þessu fyrirkomulagi væri verið að skapa bindindis-

starfseminni öruggan tekjustofn. Ef það er meiningin að skapa bindindisstarfseminni í landinu öruggan tekjustofn með því að láta hana hafa vissan hundraðshluta af áfengisgróðanum, þá liggur í því óbeint sú ályktun, að starfsemi bindindishreyfingarinnar muni ekki bera þann árangur, sem til er þó ætlazt, að útrýma áfengisbölinu í landinu, því að annars gæti sá tekjustofn ekki verið öruggur.

Annað atriði í ræðu hæstv. dómsmrh. var það, að hann hélt fram, að verið væri að fleyga málið með brtt. minni og hv. 3. landsk. þm., vegna þess að ef hún yrði samþ., þá mundu fleiri hv. alþm. snúast gegn málinu. Ég vil benda á það, sem þegar hefur verið tekið fram, að hér í brtt. er alls ekki um annað atriði að ræða en það, hvort á að veita þetta fé beint úr ríkissjóði til bindindisstarfseminnar eða hvort það á að veitast sem sérstakur hundraðshluti af áfengisgróða. Hér er ekki um að ræða nein aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, þó að þessi brtt. okkar yrði samþ. Það er ekki hægt að sjá annað en að ákvæðið um, að þetta fé skuli koma sem hundraðshluti af áfengisgróða, sé sett inn til þess, að hægt sé að bendla bindindisstarfsemina við það síðar meir, að hún megi vera fegin að hafa tekjur sínar af áfengissölunni. Og þess vegna vil ég leyfa mér að segja, að þeir hv. þm., sem kynnu að snúast á móti málinu fyrir það eitt, ef þessir peningar ættu að koma beint úr ríkissjóði, þeir fylgja ekki málinu af heilindum. Hins vegar þakka ég hæstv. dómsmrh. fyrir það, að hann kvaðst sjálfur mundu fylgja málinu, þó að þessi brtt. væri samþykkt.

Viðkomandi beiðni hv. þm. Barð. (GJ) um að taka þessa brtt. aftur til 3. umr., til þess að reyna að finna samkomulagsgrundvöll um málið, þá skal ég lýsa yfir, að við flm. brtt. erum fúsir til þess að taka brtt. þannig aftur, og er það gert hér með.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Aðeins örfá orð, af því að ég er nm. og stend með þeim meiri hl., sem flytur brtt. á þskj. 371. Ég lít þannig á áfengið, að það ætti að hverfa úr landinu. Og ég lít þannig á, að þó að hér sé verið að tala um, að ríkissjóður fái fjórðu hverja krónu fyrir vín af því fé, sem hann þarf að nota, þá sé vandalaust að finna tekjur á móti því, ef vínið hyrfi úr landinu með öllu. En það er ekki um það að ræða hér. Meiri hluti þjóðarinnar óskar eftir því að hafa vínið, og mikill meiri hluti Alþ. vill hafa ríkistekjurnar af því. Þess vegna er ekki um það að ræða hér, að vínið hverfi úr sögunni á þessu landi. En hér er um það að ræða að skapa þeim flokki manna í landinu, sem vinnur að því að reyna að minnka vínnautn í landinu og draga úr áhrifum hennar, möguleika til þess að fá starfsfé og nokkuð af því beint frá ríkinu. Og það vitum við, að undanfarið hefur á fjárl. alltaf verið veitt eitthvað til þessara mála, en alltaf skorið meira eða minna við nögl. — Þegar þetta frv. kom fram frá hæstv. dómsmrh., þá var ekki frá mínu sjónarmiði annað í því en það, að því væri slegið föstu, að það ætti að hætta að deila um það á hverju ári í sambandi við afgreiðslu fjárl., hve miklu fé yrði varið til þessarar starfsemi, en í stað þess væri ákveðið í eitt skipti fyrir öll, að bindindisstarfsemin fengi ákveðið fjárframlag frá hinu opinbera.

Þegar um þetta mál var rætt í n., litu sumir nm. svo á, að því meira sem drukkið væri í landinu, því meiri ástæða væri til að vinna á móti áfengisnautninni. Og fram kom sú skoðun í n. að vilja láta þetta framlag fara stighækkandi eftir því, sem meira væri selt af áfengi, þannig að því meira kæmi í hlut bindindisstarfseminnar í landinu sem vínnautn væri meiri. Þó að mikið óbragð væri að þessu og svo gæti litið út sem þetta gæti freistað eitthvað miður heils hugar bindindismanna til þess að vinna slælegar að útrýmingu vínnautnar í landinu en ella, þá taldi ég, að réttara væri þó að tryggja bindindisstarfseminni þetta fé, þó að óbragð væri að því, heldur en að láta það árlega vera bitbein á Alþ., hversu fé til þessarar starfsemi skuli vera mikið. Þess vegna stóð ég með meiri hl. n., sem vildi tryggja um lengri tíma, að bindindisstarfsemin í landinu fengi rekstrarfé frá ríkissjóði. Og ég vil halda því sjónarmiði að láta það ekki vera eftir geðþótta Alþ. hverju sinni, hve mikið fé bindindismenn fá til sinnar starfsemi, sem ævinlega er skorið við nögl af Alþ., því að þannig hefur Alþ. verið sinnað almennt um langan tíma í þessu máli, og það er það enn, eins og sjá má af þeim till., sem liggja fyrir sameinuðu þingi, og því, hvaða meðferð þær hafa fengið í þinginu. — Ég veit, að það má túlka þær brtt., sem n. gerir, á ýmsa vegu. En það, sem fyrir mér vakir með því að fylgja þeim, er, að ég vil ekki með minni frammistöðu leggja stein í götu þess, að bindindisstarfsemin geti fengið fast fjárframlag úr ríkissjóði.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að það er misskilningur, sem kom fram hjá hv. 8. landsk. þm. (ÁS), að eftir því, sem minna væri drukkið, mundu tekjurnar af þessu minnka. Eftir frv. mínu, eins og það var lagt fram, er þetta öruggur tekjustofn, það er séð fyrir þessu í frv. Þetta sýnir, að hv. 8. landsk. hefur alls ekki skilið meginatriði málsins, úr því að hann hreyfir þessari aths. á móti mínu máli. Það er einmitt séð fyrir því í þessu frv., að bindindismenn halda tekjum sínum til bindindisstarfsemi meðan verulegur drykkjuskapur er í landinu. Hitt er annað mál, að ef drykkjuskapur minnkar mjög, svo að hann hverfur nær alveg, þá er ekki ástæða til þess að halda uppi stórfelldri bindindisstarfsemi. Þá væri það óþarfi, því að þá væri sú breyt. komin á almenningsálitið í landinu í þessu efni, sem dygði til þess að hægt væri að snúa sér að öðrum verkefnum.

Ég vil halda því fram, að menn sýni hug sinn til þessa máls með því, hvort þeir fylgja málinu í hvaða formi sem er. Ef hv. þm. fara að vera á móti málinu, nema eitthvert tiltekið form sé á fjárveitingunni, þá sýna þeir sömu menn, að þeir hafa alls ekki áhuga á að ná því marki, sem ætlazt er til með frv. Ef þeir telja nauðsynlegt að útvega bindindisstarfseminni þetta framlag, sem þarna ræðir um, mundu þeir teygja sig ákaflega langt til þess að fylgja frv. í hvaða formi sem er. En auðvitað kemur það fram hjá hv. 8. landsk. þm., eins og hans flokki svo ákaflega oft, að þeir eru á móti málum, nema því aðeins að þeir geti lagt þar eitthvað til, sem þeir geti helgað sér sjálfum, vegna þess að áhugi þeirra snýst ekki um málefni, heldur atkvæðaveiðar fyrir öfgakenningar sínar og ofstæki.

Það hefur verið talað hér um óbragð að styrk, sem veittur sé sem hundraðshluti af áfengisgróð-

anum, og að það þyrfti að hætta að láta ríkið taka tekjur sem gróða af áfengissölu. Þetta væri ákaflega skynsamlegt allt saman, ef líklegt væri, að með banni á sölu áfengis í landinu og þar með afnámi áfengisgróðans væri tryggt, að minna yrði drukkið í landinu. En sannleikurinn er, að reynslan frá bannárunum, bæði hér og annars staðar, sýnir, að menn hafa ekki hætt að drekka þrátt fyrir bannið, heldur hefur drykkjuskapur við það fengið á sig enn þá ljótara og verra form en nokkru sinni áður. Þess vegna er það eina, sem dugar í þessum efnum, að skapa það almenningsálit, að menn fari þannig með vín, að það verði ekki til skaða og skammar. En bann verkar öfugt í þeim efnum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. sagði, að dómur manna um það, hvort styrkja beri bindindisstarfsemina í landinu, kæmi fram í því, hvernig menn greiddu atkv. um þetta frv. Ég tek afstöðu til þessa máls eftir því, hvort ég álít, að með samþykkt þessa frv. sé unnið á réttan hátt að því að styrkja bindindisstarfsemina í landinu í heild. Ef verja á þessu fé til þess að byggja fyrir það bindindishöll, eins og kemur að vísu fram í grg. frv. og kom fram í ræðu hv. 1. landsk. (SÁÓ), þá er ég á móti málinu. Því fé, sem varið er til bindindisstarfsemi, tel ég, að eigi að verja á þann veg, að það kæmi að meiri notum en með því að verja því í bindindishöll. Þetta vildi ég láta koma skýrt fram vegna þess, sem hæstv. dómsmrh. talaði um andstöðu gegn málinu.

Ásmundur Sigurðsson: Hv. þm. Barð. tók af mér ómakið. En út af orðum hæstv. dómsmrh. vil ég segja það, að þau voru nokkuð utan við málið, vegna þess að ég gaf ekkert tilefni til þess, að álitið væri, að ég yrði á móti málinu. En ég bendi á, að það fé, sem hér er gert ráð fyrir að verja til bindindisstarfsemi, hlýtur að skerða tekjur ríkisins að vissu marki. Og það er grundvallaratriði fyrir mér í þessu máli, að það sé til vansa að halda fast við það að greiða þetta fé til bindindisstarfseminnar með þeim hætti, sem ráð er fyrir gert í frv. Um þetta hefur verið deilt og annað ekki.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Út af ummælum hv. þm. Barð. (GJ) vildi ég aðeins taka fram, að hann hefur nokkra sérstöðu í þessu máli, e. t. v. á borð við hv. 4. landsk. þm. (BrB), að þeir eru báðir á móti þeirri almennu bindindisstarfsemi. Ég veit, að hv. þm. Barð. er á móti allri áfengisnautn. Hann er allra alþm. skeleggastur í því. En hann er á móti bindindisstarfsemi, vegna þess að hann telur önnur atriði hafa meiri þýðingu. Þess vegna er hann á móti kjarna þessa frv. Við því er ekkert að segja. Um það höfum við skiptar skoðanir. Hinir, sem telja, að nauðsynlegt sé að styðja þá almennu bindindisstarfsemi í landinu, og sérstaklega góðtemplararegluna, þeir hljóta að vera með frv., ef fé fæst til þessarar starfsemi í einhverju formi, sem Stórstúkan telur sér fullnægjandi. Því að ekki getur hv. þm. verið annara um heiður Stórstúkunnar en henni sjálfri. Stórstúkan hefur afþakkað féð í því formi, sem n. lagði til, en vill fá það í því formi, sem ég legg til. Þeir, sem finna að þessu frv., segjast finna meira til út af forminu á þessu en Stórstúkan lætur uppi. Þess vegna hlýtur andstaða þessara hv. þm. að stafa af því, að þeir vilji málið feigt. Mín afstaða er hins vegar þannig, að ég tel þetta form á fjárveitingunni líklegast til árangurs. En jafnvel þó að fjárframlagið væri samþ. í öðru formi en ég hef lagt til, mundi ég vera með málinu. Ef þeir, sem talað hafa á móti frv., segðu fyrir sitt leyti það sama, að þeir gætu verið með frv. í öðru formi en þeir leggja til sjálfir, mundu þeir varpa af sér öllum grun um óheilindi í málinu. En þeir vilja ekki hafa frv. í því formi, sem Stórstúkan mælir með því í.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að mótmæla þeim ásökunum, sem hæstv. dómsmrh. hefur borið á mig, að ég sé á móti bindindisstarfsemi í landinu. Ég veit ekki, hvaðan hann hefur heimild til að fullyrða slíkt. Ég mun tala um þetta við hæstv. dómsmrh. við 3. umr. (**HV:** Tala um fyrir honum).

ATKVGR.
Brtt. 371 og 423 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 76., 77. og 78. fundi í Ed., 8., 9. og 15. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við frv. bárust á þskj. 454.

---

36. Sölugjald af jörðum.

Á 29. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um sölugjald af jörðum** (þmfrv., A. 157).

Á 30. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, var sent landbn. frá landbrn. með ósk um, að n. flytti það. Landbn. hefur athugað frv. og var sammála um að flytja það sem slíkt, án þess þó að nm. létu nokkuð í ljós um fylgi sitt við það. Með frv. er mjög löng grg., og má að mestu láta nægja að vísa til hennar í stað þess að flytja langa ræðu.

Aðalefni frv. er að veita hreppsnefndum eða hreppum kost á því, þegar jarðir eru seldar mjög háu verði, að þá fái hreppar hluta af þeim mikla gróða. Þó er það takmark að neðan, að ef jörð er seld prefölduð fasteignamatsverði, komi ekkert sölugjald, en þegar komið er yfir þrefalt fasteignamatsverð, komi gjald. Yfirleitt munu jarðir ekki vera seldar fjórföldu fasteignamatsverði nema sérstök hlunnindi fylgi. Menn hafa talið rétt, að þegar jarðir eru seldar fyrir geysilega hátt verð, þá verði þetta sölugjald tekið til ýmislegs gagns fyrir eftirkomendurna í sveitunum. Nú er það svo, að ef tekið er dæmi af einni jörð, sem virt er á 10000

kr., en er seld fyrir 40000 kr., þá á ekkert gjald að koma, en sé hún seld á 50000 kr., greiðist í sölugjald 1000 kr. Ef jörðin er seld fyrir 60000 kr., verður sölugjaldið 3000 kr. Það er óþarfi að rekja þetta lengra. Hv. þdm. skilja, að hann er ekki tilfinnanlegur þessi skattur, nema fyrir þá, sem selja gelpiverði. Ætlazt er til, að þetta gjald verði notað af hreppum í fyrsta lagi til að kaupa fasteignir, og mundi það verða til þess, að þær fasteignir, sem eru í hreppunum, hyrfu síður til framandi manna, í öðru lagi til þess að gera umbætur á eignum hreppanna, og í þriðja lagi ætti að nota sjóðinn til þess að kaupa, eftir till. búnaðarfélags hreppsins, landbúnaðarvélar fyrir hreppsfélagið sjálft. Sú nefnd, sem undirbjó þetta frv., leitaði umsagnar búnaðarfélaga um land allt. Mörg þeirra voru svarafá, en þau, sem svöruðu, voru því meðmælt, að eitthvað þyrfti að gera. Hér var áður talað um söluskatt af jörðum, en hann var öðruvísi og kom víðar niður en þessum er ætlað að gera. Þessi skattur kemur aðeins niður á þá, sem verða margfalt ríkari að krónutali af jarðabraski, og hann kemur svo létt niður, að ég hygg, að drenglyndir menn vilji fúslega skilja eitthvað eftir af öllum auðnum í þeim hrepp, sem þeir hafa auðgazt í. Frv. er aðeins bundið við jarðir í sveitum, en nær ekki til landa eða fasteigna í kaupstöðum og kauptúnum. Mþn. milli búnaðarþinga hafði þetta til athugunar, en hún taldi ekki rétt að fara út fyrir þann ramma, sem henni hafði verið settur.

Ég býst við, að þetta frv. mæti e. t. v. einhverri andúð, eða þá að menn óski eftir að gera á því einhverjar breyt. Það er ekki nema rétt og sjálfsagt, en ég treysti því, að hv. þm. taki það, sem þeir telja til bóta, en geri breyt. á því, sem þeim finnst miður fara. Þó að ég hafi átt þátt í þessari frumvarpsgerð og hafi hér framsögu, er ég reiðubúinn og þakklátur að taka við öllum þeim breyt., sem menn kunna að koma fram með og verða mega til bóta. — Að svo mæltu óska ég þess, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Maður skyldi nú ætla, að þegar svona merkilegt frv. er á ferðinni, veittu hv. þm. því meiri athygli en raun ber vitni um, þar sem í d. eru aðeins flm. og frsm., en þeir, sem hlustuðu á upphaf framsöguræðunnar hér áðan, hafa sér þó e. t. v. nokkuð til afsökunar, því að þeir kunna að hafa álitið, að hér væri á ferðinni mjög meinlaust frv. Mér heyrðist ekki betur á frsm. en hér væri um ósköp litilfjörlegt mál að ræða. Ég vil þó benda á nokkur varhugaverð atriði, ef að lögum verða, sérstaklega þar sem lögð er áherzla á það frá búnaðarþingi, að hér sé aðeins um litilfjörlegt upphaf á almennum söluskatti að ræða, og segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnframt því, að búnaðarþing samþykkir frv. til l.. um sölugjald af jörðum og frv. til l. um kauprétt á jörðum, ályktar búnaðarþing að skora á Alþingi að setja lög um sölugjald af fasteignum yfirleitt í þeim tilgangi að draga úr óeðlilegri verðhækkun þeirra og að skatturinn verði látinn renna í hlutaðeigandi sveitar- og bæjarsjóði.“

Þetta er þess vegna ekkert meinlaust eða ómerkilegt mál, þetta er upphaf að nýrri, mjög harri skattalöggjöf á allar fasteignir í landinu. Byrjunin er að taka 10—40% skatt af öllum seldum fasteignum, og er það ekkert smávægilegt atriði. Ég vil leyfa mér að benda hæstv. forseta á, að það er í hæsta máta undarlegt, að landbn. skuli flytja svona mál, og vil ég beina því til forseta, ef það er ekki á móti þingsköpum, þar sem málið er flutt af n., hvort hann vilji ekki bera það undir d., að málinu verði vísað til fjhn. til athugunar, því að þetta er fyrst og fremst fjárhagsmál, en ekki landbúnaðarmál.

Ég skal nú snúa mér að sjálfu frv., og þá er fyrst, hve margir aðilar hafa óskað eftir breytingum. Það stendur hér í grg., að 16 búnaðarfélög hafi talið þörf á úrbótum á núverandi ástandi, en þó leggja þau mismunandi áherzlu á umbótaþörfina. Fjögur af þessum félögum telja enga þörf úrbóta, eitt þó með fyrirvara varðandi lóðir í kaupstöðum og kauptúnum og jarðir þar í grennd. Þrjú félög segja ekkert, en 12 vilja, að söluverð jarða sé miðað við fasteignamat eins og það er á hverjum tíma. Sex vilja opinbera eign á jörðum og 4 opinbera eign á lóðum og löndum í kaupstöðum og kauptúnum. Aðeins eitt félag er með söluskatti og eitt á móti, og fellur það því, ef um atkvgr. væri að ræða. Svo vill eitt félag, að kaupandi jarðar fyrirgeri eignarrétti sínum á jörðinni, ef hann situr hana ekki sjálfur.

Sannleikurinn í þessu er, að þetta frv. hefur ekkert verið undirbúið, engin heildarstefna hefur verið mörkuð, og þess vegna er ekki hægt að gera ráð fyrir, að þm. samþykki slikt umsvifalaust. Á seinustu tímum hafa verið uppi nokkrar deilur um það, hvort ábúendur jarða ættu jarðirnar sjálfir eða þær væru í eigu þess opinbera. Nú hefur reynslan sýnt það, að jarðir, sem eru í eigu hins opinbera, eru miklu verr setnar en jarðir, sem eru í einkaeign, og ríkisjarðir eru langsamlega verst setnar — og það svo sums staðar, að það er smánarblettur á ríkinu að eiga slíkar jarðir. Sama hefur orðið uppi á teningnum, þar sem sveitarstjórnir hafa keypt jarðirnar. Hv. 1. flm. ætti að vita það, að á mörgum jörðum eru ófær húsakynni bæði fyrir fólk og búfé, einmitt á jörðum, sem eru í eigu hreppsfélaga, og það gengur svo langt, bæði hvað viðkemur jarðeignum hreppa og ríkis, að fjöldamörg prestssetur eru þannig á sig komin, að þar eru húsakynni, sem ekki eru viðunandi mannabústaðir né gripahús. Það er þó lögboðið af Alþ., að verja skuli árlega fjárfúlgu til að tryggja, að fyrir hendi séu þessi frumskilyrði fyrir ábúðarhæfi jarðanna, að þar séu mannsæmandi húsakynni, og það er einnig lögboðið, að prestar skuli sitja á ákveðnum stöðum. Ég get því ekki séð, hvers vegna það á að vera keppikefli, eins og þetta frv. ber með sér, að jarðir fari til þeirra aðila, sem mest hafa svikizt um að uppfylla frumskilyrðin til þess, að jarðirnar væru ábúðarhæfar. Ég tel það afar hættulegt að fara inn á þessa braut, vegna þess að reynslan sýnir, hversu illa það hefur gefizt. Og hvers vegna hefur það gefizt svo illa? Það er vegna þess, að það hefur verið svo erfitt að skilja á milli, þegar einn á landið og afnot þess, en hinn á byggingarnar á landinu. Leiguliðar vilja ekki leggja í byggingarkostnað eða viðhaldskostnað nema sem minnst og nauðsynlegt er, vegna þess að þeir vita, að það er ekki þeirra eign. Tilgangur þessa frv. er fyrst og fremst sá að ná sem flestum jörðum undir hið opinbera, og þá er sjálfsagt að breyta frv. eftir því. Ef sveitarfélögin þurfa tekjur, er það vandamál, sem leysa á á annan og réttlátari

hátt. Það má heimila að leggja sérstök gjöld á slíkar eignir, ef eigendurnir gera ekki skyldu sína. Ég vil sannarlega vera með því að gefa hverju sveitarfélagi heimild til að leggja slíkt gjald á.

Eins hefði átt að fara að í Rvík. Það er ekkert vit í því, að óbyggðar lóðir séu í hjarta bæjarins. Á þær á að leggja skatta, svo að eigendurnir séu þvingaðir til að gera eitthvað, sem vit er í. Hins vegar á ekki að setja ný þrælaskattalög, eins og hér er farið fram á, til þess að ná þessum árangri.

Þá er það í sambandi við þann stighækkandi skatt, sem frv. gerir ráð fyrir, að greiða skuli af söluverði jarða. Ef jörð, sem er 5000 kr. virði að fasteignamati, yrði seld fyrir kr. 24999.99, yrði að greiða 10% af þeirri upphæð í skatt. En ef söluverðið er einum eyri fram yfir 25000 kr., yrði að greiða 20% af því í skatt. Ég bendi á þetta, svo að það verði athugað, því að þessi takmörk gilda þannig um alla flokkana. Eins glöggur reikningsmaður og hv. frsm. hlýtur að sjá þetta.

Annars læt ég mig ekki dreyma um það, að frv. fari nokkurn tíma í gegn. Þótt skattabrjálæðið sé orðið mikið og eitt forustublað hafi hrópað upp, að guði sé lof væru fáir milljónamæringar á Íslandi, þá verður þó þetta frv. aldrei samþ.

Þá sný ég mér að því, til hvers á að nota þetta fé. Það er einkennilegt, að strax og óvinsælt mál er borið fram, er reynt að milda það með því að láta þær tekjur, er það skapar, renna til einhverra þarfra hluta. Þannig er það t. d. með ölfrv. Þar þótti sjálfsagt, að ágóðinn rynni til spítala. Á þennan hátt var reynt að breiða yfir þá andúð, sem þjóðin hafði á frv. Þetta er óviðeigandi. Hér er um það að ræða, hvort leggja skuli 40% skatt á söluverð jarða eða ekki, til hvers sem það gjald fer. Ef sveitarfélögin þurfa hins vegar tekjur, eiga það ekki að vera tekjur, sem eru eins óvissar og þessar tekjur verða. Þetta ákvæði er hreinasta blekking og annað ekki.

Hv. frsm. sagði, að jarðir væru ekki oft seldar yfir þrefalt fasteignamat. En samkvæmt grg. hafa af alls 1402 jörðum, sem seldar hafa verið frá ársbyrjun 1938, 186 verið seldar fyrir þrefalt fasteignamat og þar yfir. Hér er það því staðhæft, að 12% jarðanna hafi verið seldar fyrir þrefalt fasteignamat og þar yfir, og auk þess eru 60 jarðir, sem enginn veit, hvað hafa verið seldar fyrir. Síðan þetta var samið getur verið, að margar jarðir hafi verið seldar hærra verði. Annars er matið lágt, svo að þetta er ekki óeðlilegt.

Þá held ég, að hann geri of lítið úr því fé, sem hér gæti komið til skattgreiðslu.

Svo vil ég ræða eitt prinsipatriði, sem komið er inn á í grg. á bls. 6. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eigi verður um það deilt, að verðhækkun sú, sem felst í umbótum og mannvirkjum á jörðunum sjálfum, er með öllum rétti eign þeirra, sem að framkvæmdunum standa. Hins vegar verður að telja, að sú verðhækkun, sem á sér samfélagslegar orsakir, eigi ekki, a. m. k. ekki nema að nokkru leyti, að renna í vasa þeirra, sem landið eiga, heldur sé hún eign samfélagsins, heildarinnar, og eigi að koma henni til góða.“

Þetta er einmitt mikið þrætuatriði og verður meðan þjóðfélagið er byggt eins og er. Það er ekki viðurkennt, að ríkið eigi að eignast þá verðhækkun, sem t. d. bygging hafna, vega og brúa fyrir opinbert fé hefur í för með sér. Það hefur aldrei verið viðurkennt, að slík eignaaukning fari til annarra en þeirra, sem eiga viðkomandi fasteignir. Í grg. er það hins vegar skýrt tekið fram, að verðhækkun fasteigna af þessum ástæðum eigi að renna til ríkisins eða sveitarfélaga. Ég veit, að það er lífsskoðun Jens Hólmgeirssonar, að þannig sé þessu bezt farið, en ég hef ekki fyrr vitað, að hv. frsm. væri á þessari skoðun. Það er ekki viðtekin regla, að þetta skuli vera þannig, og stafar það ef til vill af því, að lítill munur er á því orðinn, hvað er fé einstaklinga og hvað ríkisins, þar sem hægt er að taka allt af einstaklingunum og fá í hendur ríkinu hvort eð er.

Það er alkunnugt, að meðferð ríkissjóðs á fé er verri en einstaklinganna. Það hafa síldarverksmiðjurnar sýnt, sem ríkið hefur aldrei getað rekið eins vel og einstaklingar. Sama er um landbúnaðinn. Ríkið rekur búskap, en alls staðar með tapi, þó að 6000 bændur eigi að hafa lífsafkomu sína af honum. Það er af þessum ástæðum, að ekki hefur verið farið inn á þessa braut.

Það mætti margt fleira segja um frv. og grg., sem er lífsspeki Jens Hólmgeirssonar, er mest hefur að þessu máli unnið, sem er fyrsta sporið í þá átt að taka alla eign fasta og lausa til opinberra aðila. Ég mun fylgja málinu til 2. umr. og n. og vil spyrja hæstv. forseta, hvort ekki sé rétt að senda það til fjhn.. þótt það sé borið fram af annarri n. Það eru dæmi um, að þannig hefur verið farið að áður, og ég er viss um, að í Nd. verður málinu vísað til fjhn. Málið verður að fá mjög nákvæma athugun í fjhn.

Forseti (BSt): Ég get ekki séð, að það sé andstætt þingsköpum,, að frv. sé vísað til annarrar n. Komi till. fram um það, mun ég því bera hana upp.

(GJ): Ég hef gert það að till. minni). Þá mun ég bera till. upp. Þetta er að vísu óvenjulegt, því að venjan er að vísa málum til þeirra n., sem hafa undirbúið þau. Samkvæmt eðli málsins má þó eins vísa því til fjhn. og landbn. Deildin verður að afgera þetta.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það mundi teygja tímann um of, ef ég svaraði orði til orðs öllu því, sem hv. þm. Barð. (GJ) hefur sagt. Ég verð að segja það, að oft hefur skörin færzt upp í bekkinn, en sjaldan eins og nú. Hann hefur viljað segja fyrir verkum bæði einstaklingum og n., en nú vill hann fara að segja hæstv. forseta fyrir verkum. Mér finnst það nokkuð langt gengið. Rökin eru þau, að í grg. frv. er ályktun frá búnaðarþingi um það, hvað því sýnist, að eigi að gera seinna í þessum málum, en þetta er ekki bundið við frv., sem er rakið og ákveðið landbúnaðarmál. Viðskiptin fara öll fram innan sveita, miðað við sölufyrirkomulag í sveit, og auk þess er um það að ræða, hvernig hreppsn. eigi að verja því fé, er þær fá, til frama fyrir landbúnaðinn.

Við hv. þm. Barð. erum ráðdeildarmenn og getum hagað rekstri okkar betur en hið opinbera. En það fer öðrum einstaklingum og ráðleysingjum verr úr hendi. Hann getur kallað mig kommúnista, ef hann vill, en ég álít, að ef hið opinbera hefur lagt mikið fram til verðhækkunar á jörð einstaks manns, þá sé það ekki fjarri, að hið opinbera fái eitthvað í aðra hönd, ef eigandinn selur jörðina og braskar

með hana. Hið opinbera ætti að hafa meira eftirlit með ýmsu braski og þyngja skatta á bröskurum, sem frekar eru til niðurdreps fyrir þjóðfélagið.

Hv. þm. sagði, að nú séu opinberar eignir víða illa setnar, og ef þetta frv. yrði að l., yrðu jarðirnar illa setnar. En í frv. er sett undir þennan leka, því að það á að verja tölu verðu úr sjóðnum til þess að bæta fasteignir hreppanna.

Hv. þm. heldur því fram, — ekki veit ég, hvort hann er jarðeigandi sjálfur, — að á þennan hátt nái hrepparnir undir sig öllum jörðum á landinu. En það er bara lítill hluti, sem hér er um að ræða.

Tilgangur frv. er að hindra brask. Þegar braskarar eiga í hlut, setjast þeir að jörðunum eins og hrafnar að hræi, kaupa þær og setja einhverja amlóða á þær. Sveitamenn, sem þannig missa góða félaga, geta ekki unað við þetta, heldur vilja tryggja það, að á jörðunum sé setið sæmilega. Það er ekki gaman fyrir hreppsn. að verjast ágangi þessara manna, sem fleka undir sig jarðir, sem síðan verða gagnslausar fyrir afkomu sveitarinnar.

Hv. þm. segir, að þessu megi koma fram með öðruvísi l. En því hefst hann ekki handa sjálfur í þessu efni, svo athafnasamur sem hann er?

Ég skildi hann ekki vel, þegar hann talaði um sölustigann. Hækkunin er ekki eins mikil og hann talaði um, og ef hann athugar málið betur, veit ég, að hann sér það. Ég vil taka það fram aftur, að mér fannst kenna misskilnings um, að þetta byrjaði með 3. flokks verði, en það byrjar með 4. flokks verði. Svo að við höldum hans dæmi, byrjar þetta sölugjald ekki fyrr en jörðin er komin yfir 20 þús. Annars er hér margt fleira að segja, og býst ég við, að mörgu sé ósvarað, enda er þetta 1. umr. og ekki vani að þenja sig vítt og breitt þá strax, svo að ég mun hætta þessum umr., en held fast við það, sem ég hef áður sagt um n. En auðvitað ræður þd. þessu, og er sjálfsagt fyrir forseta að bera þetta upp, hann verður að gera það sem sína skyldu. Ég skal ekki segja, hvort hv. þm. Barð. (GJ) fær talið þd. á sitt mál, en það má hann vita, að ég fylgi málinu, enda þótt það verði fært á milli nefnda.

Eiríkur Einarsson: Á þessu stigi málsins vil ég ekki láta mig neinu skipta þau deiluatriði, sem hér eru til umr. milli tveggja hv. þm. Eins og tekið hefur verið fram, er þetta 1. umr., og hefur málið verið flutt af n., eins og skjalið ber með sér. En af því að ég á sæti í þeirri n., er þess að geta af minni hálfu, að einstakir menn hafa óbundnar hendur gagnvart brtt., sem þeir flytja sjálfir eða fram koma. Ég tel líka, að gagnvart frv. hafi ég óbundnar hendur, þótt það sé flutt af n., af þeirri venju, að þegar stj. biður um að mál sé flutt, þá játast n. undir það. Það er af því, sem ég játaðist undir að flytja þetta. En ég vil segja í sambandi við þá uppástungu að vísa þessu til annarrar n. en landbn., að þá mundi þetta með kostum sínum og ágöllum verða eignað hinni n., sem varð til að flytja það. Ég skal segja það, að ég er ekki ánægður með frv. eins og það er. Hvort ég yrði það síðar, skal ég láta ósagt. Það er því meiri ástæða til að segja þetta, ef það yrði hlutskipti annarrar n. að fjalla um frv.

Ég vil segja það, að ég hef óbundnar hendur, en vil segja það, að ég tel málið þurfa meiri athugunar við áður en síðasta orðið yrði sagt, hvort sem það verður áfram í höndum landbn. eða fer til nýrrar nefndar.

Gísli Jónsson: Ég skal ekki tefja þetta mál mikið. Frsm. (ÞÞ) sagði, að það væri óvenjulegt að þenja sig vítt og breitt við 1. umr. Hann er nú svo þingvanur maður, að hann hlýtur að vita, að 1. umr. stendur oft dögum saman, og hefur það gerzt eftir slíka umr., að málið hefur ekki komið frá n., sbr. búnaðarmálasjóðinn, sem menn þöndu sig yfir vítt og breitt, eftir að hafa þanið sig um hann á undanförnum þingum.

Um uppástungu mína um að ætla að senda þetta til annarrar n. er það að segja, að þetta er ekki af andúð á honum eða þeirri n., sem hann er form. í. Mér var það ljóst, að hann átti sæti í þeirri n., sem ég stakk upp á, og var þetta ekki gert til þess að hindra hans afskipti af málinu.

Um fullyrðingu hans um það, að hann fylgdi málinu í hvorri n. sem það væri, vil ég segja það, að ég þekki hann að því að fylgja ekki nema þeim málum, sem eru til heilla fyrir þjóðina. Uppástunga mín um að láta málið í fjhn. er tilkomin af því, að þetta er fjárhagsmál, en ekki landbúnaðarmál. Hér er um að ræða að setja skatta á fasteignir og hús, og skulu þeir renna til sveitarfélaga. Hitt er annað atriði, að í landbn. geta verið menn, sem eru eins opnir fyrir þessu og aðrir, en málið á heima í fjhn. og hvergi annars staðar. Ég skal ekki segja, hvernig þetta fer í þessari d., en ég þykist vita, að í hinni d., ef það fer þá þangað, komi fram sterkar raddir um, að málið fari til fjhn. þeirrar d., enda hefur það oft komið fyrir, að mál væru sett í allt aðra n. í annarri d. en hinni.

Ég vil svo óska þess, að forseti beri till. mína upp. Ég var ekki að skipa hæstv. forseta að bera till. upp, og er það ekki annað en taugaóstyrkur hjá hv. þm. Dal. (ÞÞ) að halda, að ég hafi verið að skipa. Þetta skattabrjálæði er farið að hafa svo mikil áhrif á hann, að hann er eins og bergnuminn og vakinn og sofinn í þessum skattamálum. Hér er ekki um annað að ræða en eignarán. Þetta er eins konar eignaupptaka.

Hv. þm. talaði um, að verið væri að forða jörðunum frá því að lenda í höndum braskaranna. Ég held, að þm. sé farinn að hafa of mikið sambýli við einn vissan flokk manna. Hverjir hafa svo fengið þessa braskaranafnbót? Það eru athafnamennirnir í þjóðfélaginu. Þeir menn, sem mest hafa borið uppi atvinnulífið í landinu og mest greitt í ríkissjóðinn. Það væri ljótt, ef eitthvað af jörðunum lenti í höndum þessara manna. Ég skal benda á einn. Einn þessara manna, einn braskarinn, er Páll Stefánsson frá Þverá. Hefur nokkur jörð í Húnavatnssýslu verið betur setin en jörðin, sem hann keypti? Ég held, að engin jörð sé betur setin. Hér á þingi er það talin goðgá, ef einhver maður er milljónamæringur, og ef slíkur maður eignast jörð, þá á að skattleggja það. Ég veit ekki betur en að Vestmannaeyingar hafi fengið leyfi til að leggja fasteignaskatt á hverja jörð. Hvers vegna má ekki gera það eins og að fara inn á eignarán það, sem hér er talað um?

Hv. þm. (ÞÞ) spurði, hvers vegna ég kæmi ekki með frv. um lóðaverð í Rvík. Ég hef komið hér með frv. til l. um breyt. á ábúðarl., þar sem ég lagði til, að breyt. yrðu gerðar á leigu, sem goldin væri í dún og sel. En hv. þm. Dal. (ÞÞ) setti sig

á móti því, af því að hann sagði, að það væri á móti stjskr. Nú vill hann setja á 40% skattahækkun, en hann vildi ekki hjálpa þessum mönnum, þó að skattur þeirra yrði 10 sinnum meiri. Fyrir það, að þetta frv. var ekki samþ., er m. a. sú jörð, sem hann var eigandi að, farin í eyði. Það getur verið, að hún byggist aftur eftir að þetta frv. er komið í lög.

Ég tel svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en held fast við mína till.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég hafði nú ákveðið að tala ekki meira í þessu máli, en úr því að þessi ofsi hljóp í hv. þm. Barð. (GJ), verð ég einhverju ofurlitlu að svara.

Ég verð að segja, að við höfum áhyggjur af mörgu þessa dagana, og það er eins og gengur, að allir erum við björginni fegnir, og í þessu efni mun vera eins erfitt að gæta fengins fjár eins og að afla þess.

Svo var hann með braskaranafnbót. Ég hef ekki sagt það um hann Pál okkar frá Þverá, að hann væri braskari. Hann hefur mikið gert fyrir sína jörð, en þetta er bara stórheiðarlegur heildsali, en alls ekki braskari. Ég tók það fram, hverja ég teldi braskara í þessu tilliti. Það væru menn, sem kæmu eins og hrafnar og byðu jarðirnar upp úr öllu valdi, en flýðu svo burt úr sveitinni og sveitin hefði ekki nokkurt gagn af þeim. Þeir skildu við jarðirnar í auðn og leigðu kannske út hlunnindin, án þess að hægt væri að skattleggja þá. Þetta fyrirkomulag vil ég reyna að fyrirbyggja eins og ég get. Meðal annars eru til hreppsfélög, sem mundu vilja leggja fram fé til þess að fá slíka menn burtu, en fá í staðinn góða menn, sem bættu jörðina og væru stoð fyrir sveitina.

Hann fór að skensa mig út af eftirgjaldi á jörðum. Ég get hugsað, að Óðinn hafi hvíslað því í eyra Baldri, en ég vil geta þess, að þetta frv., eins og svo margt annað hjá þessum hv. þm., var svo illa úr garði gert, að það var ekki hægt að samþykkja það. Hann greip til þess, sem næst honum var, en gerði enga grein fyrir því, að langflestar jarðir, sem goldið er fyrir í friðu, eru greiddar með fóðri. Þetta varð að rannsaka, og það var einmitt landbn., sem ákvað að fresta þessu í bili, en þá datt alveg botninn úr þessum hv. þm.

Þá var þm. að skensa mig fyrir það, að Hergilsey, sem ég á hlut í, væri óbyggð. Það er ekki allt sök afgjaldanna, það geta líka verið vonbrigði. Þegar búið er að vonast lengi eftir, að mikil stöð komi á næstu eyju, þar komi bryggja og frystihús og allt, og ekki verður neitt úr neinu, þá segja þeir lausu og hlaupa til lands.

Gísli Jónsson: Út af ummælum hv. þm. Dal. (ÞÞ) um, að botninn væri dottinn úr mér við að flytja þetta frv., þá upplýsti hann sjálfur, að landbn. hefði ætlað að láta fara fram rannsókn á þessu máli, en það hefur ekki orðið. Ég veit ekki um þetta annað en að hann sagði, að frv. stríddi á móti stjskr., og hann hefur víst ekki séð neina möguleika til þess að laga þá ágalla, sem á því voru. Hitt er svo staðreynd, að menn hafa ekki getað greitt gjöldin eins og þau eru skv. ábúðarl., og þegar ekki fékkst fyrir tilverknað þessa þm. að laga þau, þá tóku margir þann kostinn að flýja frá jörðunum. Við skulum ekki tala um Hergilsey. Það eru líka aðrar jarðir í eyði og beinlínis vegna þess, að þessi ákvæði eru eins og þau eru, enda vita allir, að bændur geta ekki goldið frá 8—10 þús. kr. í afgjald, eins og verið hefur.

Um hitt atriðið, þar sem hann talaði um bryggjugerð, frystihús o. s. frv., vildi ég, að þm. setti sig raunverulega inn í málið og af meiri sanngirni. Ef hann getur fengið hreppsn. til að segja, að þetta sé sett, á hann að endurtaka þetta, en ef hann getur það ekki, á hann að bíða fyrirgefningar. Það er þm. (ÞÞ) ekki til sóma að blanda saman óskyldum efnum til þess að breiða yfir galla þessa frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér í einkamál milli þeirra samflokksmannanna, þm. Dal. (ÞÞ) og þm. Barð. (GJ). Ég kann engin deili á því, hvorki bryggjubyggingu í Flatey, hver hafi reynt að nota sér það mál til framdráttar, né eftirgjaldi eftir hluta af Hergilsey og hver hafi þar viljað skera sér heldur þykka sneið. Bítist þeir um það, samflokksmennirnir.

Þetta frv. er í raun og veru nokkurs konar samkomulagsfrv. Eins og hv. þm. Barð. (GJ) tók fram, eru til menn í þessu landi, sem líta svo á, að jörð verði við hver eigendaskipti að hækka í verði og að ábúendurnir verði ár frá ári að greiða vexti af hærri og hærri fjáreign, hærri og hærri landskuld. Hins vegar líta aðrir svo á, að þegar hið opinbera gerir einhverja framkvæmd eða styrkir framkvæmdina, þá sé það ekki fyrir þennan eina mann, heldur fyrir heildina og framtíðina. Það sé ekki ætlazt til þess, þegar ríkið lætur gera höfn og aðstaðan batnar, að sá maður, sem á landið, sem liggur að höfninni, geti skattlagt alla aðra og látið þá greiða hærri lóðargjöld til sín vegna hinnar bættu aðstöðu. Hugsunin hefur verið allt önnur. Nákvæmlega sama er með jarðir í sveit, rás tímans hefur látið þær hækka í verði. Nýir vegir, nýjar brýr hafa látið þær hækka í verði. Þetta er gert fyrir atbeina hins opinbera, og það er litið svo á, að það sé ekki rétt að láta þann mann, sem býr á jörðinni, geta selt næsta viðtakanda jarðarinnar alla verðhækkunina í stað þess, að vegurinn var lagður til þess að þeir, sem við hann byggju, hefðu hagnað af honum, hann létti þeim lífsbaráttuna.

Hins vegar eru margir svo miklir sérhagsmunamenn, að þeir vilja láta hvern eyri í sína buddu og þeim er alveg sama, þó að aðrir þurfi að borga meira fyrir jörðina fyrir það, að hið opinbera hefur lagt veginn.

Milli þessara tveggja manntegunda hefur verið skoðanamunur, og þessi skoðanamunur leiddi svo til þess, að n. var sett til þess að finna leið til þess, að jarðir hækkuðu ekki í verði, og sem fulltrúi annars flokksins var hv. þm. Dal. (ÞÞ) í n. Ég verð að segja það, að sú niðurstaða, sem þeir hafa komizt að, að leggja söluskatt á til þess að nokkur hluti af kúfnum fari í gegnum hendur hins opinbera og til þess að hið opinbera geti hindrað, að jarðir hækki í verði, — sú niðurstaða er mér ekki alls kostar að skapi. Ég lít á þetta frv. sem nokkurs konar samkomulagsfrv. Það er mjög langt frá því, að ég sé alls kostar ánægður með það. Samt mun ég sætta mig við að fylgja því, af því að það er ofurlítið skárra en ekki neitt. Það nær þó ekki öllu, sem það þarf að ná.

Ég hef sjálfur þá skoðun, að hið opinbera eigi að eiga jarðirnar. Ef lóðirnar hér við Arnarhvol væru álika dýrar og þær voru áður en Rvík var byggð, hver væri þá lóðaleiga hér í Rvík? En það er nú búið að selja þær nokkrum sinnum og búið að gera mörg mannvirki af hálfu hins opinbera, sem hafa orðið til þess, að betur er búið að þeim, og þeir, sem áttu þær, hafa notað sér það að hækka þær. Við fyrstu bæjarstjórnarkosningarnar hér í Rvík eftir að ég flutti í bæinn, þá var aðaldeilan milli flokkanna um það, hvort það ætti að selja lóðirnar á hafnarbakkanum eða ekki. Þá var Sjálfstfl. sannfærður um, að það ætti að selja þær allar; einstaklingar þurftu að fá þær með lágu verði, svo að þeir gætu selt þær aftur með hagnaði. En nú hefur hann vitkazt það, að honum dettur ekki í hug að selja þær lengur, og er það framför.

Ég held, að það æskilegasta í þessu öllu sé, að ríkið eigi allt land, en það þarf að búa þannig um, að sá maður, sem notar það, meðan hann hefur það til umráða fyrir sig og sína ætt, geri það eins og hann ætti það sjálfur. Það þarf að gera eitthvað til þess, að hann finni ekki aðeins hvöt hjá sér, sem margir menn hafa, til að leggja sig fram fyrir sjálfan sig, heldur ekki síður fyrir aðra. Ég minnist þess vel, er ég fyrir mörgum árum kom á prestssetur. Það var nýbúið að leggja það niður við brauðasamsteypu, og nú hafði presturinn fengið jörðina keypta. Það var ekkert farið að slétta og ekkert farið að gera til umbóta á jörðinni. Þegar ég lét í ljós undrun mína yfir því, hvað lítið var búið að gera á þessari jörð, þá sagði þessi prestur þessi orð: „Hefði ég fengið jörðina keypta fyrr, þá hefði ég verið búinn að gera meira á henni.“ Þetta eru orð, sem eru töluð út úr hjarta þeirra manna, sem ekki finnst þeir geti gert neitt nema fyrir sjálfa sig. En til þess að ekki sé tekin af þeim þessi hvöt til að vinna fyrir sjálfa sig, þá á landið allt, jarðirnar og lóðirnar að vera þannig byggt eins og þeir, er hafa það til afnota, njóti arðs af verkum sínum meðan þeir vilja, að öðru en því, að þeir geti ekki selt þau. Með því er hægt að halda hvötinni til þess að láta menn leggja sig fram eins og þeir væru að vinna fyrir sjálfa sig, þó að þeir í rauninni séu að vinna fyrir heildina, og þá er að fyrirbyggja, að þeir geti selt og látið eftirkomendur sína hafa erfiðari lífsbaráttu en þeir hafa sjálfir með því að selja það, sem þeir hafa ekki lagt peninga í. Þetta frv. er sem sagt samkomulagsmál milli þessara tveggja óliku sjónarmiða, sem ég hef reynt að lýsa, og þó að það sé langt frá því, að ég sé ánægður með það eins og það er, þá mun ég þó telja það ofurlitið spor í áttina og þess vegna fylgja því. Það má vera, að þeim, sem fastastir eru í sérhagsmunastefnunni, finnist þetta spor of stórt, það eigi ekkert spor að stiga í þessa átt. En þrátt fyrir það, að þetta sé aðeins lítið hænufet í rétta átt, er það þó vinningur, og mun ég þess vegna fylgja því.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki misbjóða þolinmæði hæstv. forseta, en vil aðeins lýsa yfir því, að þessa ræðu mun ég taka til athugunar við 2. umr. Ég hef ýmsu að svara í henni, en vil aðeins benda á það í þetta skipti, að þessi leið, sem hv. þm. benti á, að aðallega væri fær, það er leið, sem yfirlýst er í grg., að ekki hafi þótt fær. — Hitt læt ég þá deila um, hann og hv. frsm., hvort það er rétt, að hv. frsm. hafi verið fulltrúi þeirra manna í n., sem ekkert vilji gera nema fyrir sjálfa sig.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til fjhn. felld með 9:1 atkv.

Á 33., 46. og 53. fundi í Ed., 16. des., 23. jan. og 5. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Ed., 6. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 157, 288).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Um þetta mál, sem hér liggur fyrir, hélt landbn. þessarar hv. d., sem flutti þetta frv., fund, en varð ekki að öllu leyti sammála um það, en sá þó ekki ástæðu til þess að koma með neitt nál. eða kjósa neinn sérstakan frsm. um það. En ég sem form. n. get lýst yfir því, að ég býst við, að nokkur hluti n. vilji samþykkja frv. eins og það liggur fyrir. Tveir hv. nm. hafa komið hér fram með brtt. við frv., og einn hv. nm. hefur þegar við 1. umr. lýst sig yfirleitt frekar andvígan frv.

Ég ætla ekki að taka upp almennar umr. um þetta mál. Það var rætt við 1. umr., og það á margan hátt mjög uppbyggilega(!), og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka neitt af því, sem þá var sagt, enda er þetta mál fyrir löngu síðan og nú enn á ný margrætt á þingi og líka í blöðum. — Ég get lýst afstöðu minni þannig til málsins, að ég taldi mig sammála frv. eins og það var borið fram, og þeirri afstöðu minni til frv. mun ég fylgja, og mun ég fyrir mitt leyti leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir, en að brtt. við frv., sem hér liggja fyrir, verði felldar. Þær eru ekki stórvægilegar, en ég tel þær ekki til bóta. Ég játa, að frv. þetta, eins og það liggur hér fyrir, er ekki nákvæmlega eins og mþn. búnaðarþings gerði það úr garði. En að öllu athuguðu tel ég mig geta vel unað við þetta frv., og sé ég því ekki ástæðu til að fara að breyta þar um neinu í minni afstöðu og tel réttast, að frv. verði samþ. eins og það liggur hér fyrir.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég lýsti yfir því í landbn., þegar frv. þetta var þar til umr., að ég sæi mér ekki fært að ljá því atkv. mitt eins og það liggur hér fyrir. Ég hef um þetta mál sérafstöðu í n., því að allir hinir nm. munu á einn eða annan veg vera með þessu frv., en ég hef þá skoðun, að það sé lítil hagkvæmni og harla lítil trygging að lögfesta þennan söluskatt, sem um ræðir í frv. Ef lögfesta á einhver ákvæði um takmarkanir á frjálsræði manna í viðskiptum með ýmis eignagæði manna, þá þarf að koma fram með rökfastari forsendur fyrir slíkum skorðum í viðskiptalífi manna en mér virðast hafa komið fram í sambandi við þetta mál. Við höfum reynt þetta hvað jarðasölu snertir, þótt það hafi verið í nokkuð annarri mynd en hér er gert ráð fyrir í þessu frv., að setja takmarkanir fyrir viðskiptafrelsi manna. Og sumt af því hefur gefizt illa og því einnig orðið til leiðinda, þegar reynslan hefur komið á þær ráðstafanir, þó að ég játi, að þar hafi ekki verið um slíkt að ræða, sem jafngildi þessu, sem hér er verið með.

Tilgangurinn með þessu frv. mun vera sá að reyna að sporna á móti óeðlilegu og óheppilegu braski með jarðirnar og er að því leyti góður. Ef það væri meginmarkmiðið og annað kæmi ekki til greina og það gelgaði ekki í framkvæmdinni, heldur næðist það takmark, þá væri í raun og veru ekki nema gott eitt um það að segja. En mín afstaða að vera ekki með því, að frv. þetta verði samþ., byggist á því, að ég held, að einmitt þessi söluskattur, eins og frv. gerir ráð fyrir honum, sé þannig, að þar mundi vera leiddur nýr freistari inn í viðskiptalíf landsmanna, ef frv. þetta yrði að l., en viðskiptalíf landsmanna er sannarlega ekki of hreinn vettvangur fyrir. Ég á þar við það, að þar sem hér er miðað við, samkv. 2. gr. frv., að leggja sérstakt hundraðshlutagjald á söluverð jarða eftir vissum reglum, ef það verður margfalt á við fasteignamat, þá hljóti við þá framkvæmd, eftir leiðinlegri reynslu að dæma, að koma fram, að það verði svartamarkaðsverzlun með jarðir, sem aukizt að einhverju leyti við eigendaskipti á jörðum vegna þessara ákvæða, ef samþ. yrðu. Það eru ekki allir svo sannir og hreinskiptnir, því miður, að þeir mundu ekki færa sér þá möguleika í nyt. Og þess vegna mundi það fara svo, ef þessi ákvæði yrðu lögtekin, að þarna myndaðist nýr svikavefur, þannig að söluverðið á jörðunum yrði ákveðið í mörgum tilfellum annað á pappírnum en það raunverulega væri, til þess að sleppa við söluskattinn af þeim. Og þó að þessum ákvæðum frv. sé ekki ætlað að verða til skólunar í viðskiptasvikum á þennan hátt, þá mundi þetta nú fara svona. Og um allt, sem verður til skólunar í þeim efnum, er verr farið af stað með en heima setið. Þess vegna hygg ég, að það að samþ. þetta frv. mundi ekki svara til tilgangsins með því að bera frv. fram, heldur mundi árangurinn eingöngu fara eftir því, hversu rétt menn segðu frá í viðskiptum með jarðir eða hvort menn skráðu annarlegar tölur og sannleikanum ósamkvæmar til þess að komast hjá sölugjaldinu. — Þegar um eigendaskipti er að ræða á jörðum, þá held ég, að í mörgum tilfellum gæti staðið svo á, að seljandi væri þess maklegur að njóta fulls andvirðis fyrir sína jörð, miðað við annað, sem selt er, t. d. húseignir. Það er oft þannig, að bónda, sem selur jörð sína og er búinn að búa vel á henni í alla staði, dettur ekkert brask í hug í sambandi við jörðina, en hann verður þó, þegar hann hættir búskap, að selja hana óviðkomandi mönnum, af því að hann annaðhvort er barnlaus eða börnin eru farin til annarra starfa. Og þá finnst mér sá maður vera alveg eins vel að því kominn að fá hátt verð fyrir jörð sína eins og húseigandi í Reykjavík t. d., sem án sölugjalds væri að selja þar húseign sína. Þess vegna hygg ég, að bændastétt landsins sé ekki boðið upp á neitt öryggi eða tryggingu eftir óskum sínum og þörfum með því að bera fram þetta frv. Hreint ekki. Það er líka svo ólíkt ástatt um jarðir í þessu efni, að það er hreinasta handahóf, hvað þær ættu að hækka í fasteignamati og í raun og veru matsatriði. Söluverði jarða ber oft að réttu lagi að vera 400% umfram fasteignamatsverð, fimmfalt fasteignamatsverð, en við það er miðað að byrja að taka sölugjaldið samkvæmt 2. gr. frv. Það fer eftir mati í hvert skipti, hvort telja megi verð á jörð uppskrúfað eða ekki. — Það er rétt að setja sanngjarnar reglur um jarðasölu. Og því er verr, að til eru jarðir, sem eru á hrakhólum um eigendur og ábúendur, sem maður getur sagt. Þær eru ekki útgengilegar. Þær eru þannig, að það er á takmörkunum, hvort nokkur fæst til að yrkja þær. Þegar einnig þetta er lagt saman við það, sem ég hef áður sagt, þá held ég, að heildarmyndin, sem út af þessu kemur, verði: Því meiri takmarkanir, sem settar eru á frjálsræði manna í þessum efnum, því bölvaðra verður útlitið með það, að bændur geti litið björtum augum á þessi eignagæði sín, jarðirnar. Ég tek það fram enn, að ef þetta væri haldkvæmt ákvæði, sem hér er tiltekið um söluskatt af jörðum, þá væri mjög maklegt, að sveitarsjóðir nytu þessara gjalda af sölu jarða, ef hægt væri að standa menn að hinum raunverulegu söluverðsákvörðunum. En af því að hægt væri að fara í kringum svona lagaákvæði eins og eru í þessu frv., þá hygg ég, að erfitt muni vera að hitta sökudólgana hverju sinni með svona löggjöf. Og svo langt sem slík ákvæði gætu náð í þessu efni eru ákvæðin réttmæt. En ég álít, að þau geti ekki náð nema svo skammt, að það mundi ekki nærri vega upp á móti því óhagræði, sem bændur hefðu sjálfir af svona lagaákvæðum, þar sem þeir hefðu þá ekki eignar- og umráðarétt yfir jörðum sínum eins og skyldi. Ef það væri gert að álitamáli, að þessi söluskattur, sem hér er talað um, yrði samræmdur og yrði yfirleitt settur á allar fasteignir í landinu, húseignir í kaupstöðum líka, þá væri allt öðru máli að gegna. Hvers vegna eru jarðir teknar hér út úr? Hvergi á landinu er meiri brasksala á fasteignum en í kaupstöðum og þá fyrst og fremst í höfuðstaðnum. Ef gjalda ætti varhuga við húsasölubraski í kaupstöðunum, en ekki að taka jarðirnar út úr í þessu efni, þá horfði málið allt öðruvísi við frá mínu sjónarmiði, ef slíkan söluskatt, sem hér er um að ræða, ætti að greiða af öllum fasteignum í landinu, bæði jörðum og húseignum í kaupstöðum.

Ég hef kynnt mér þetta mál, eftir því sem ég hef tök á. Og í þeim héruðum, þar sem ég er kunnugastur, þá eru brasktilfelli í jarðasölu til, en hitt er þó tíðara, að jarðir gangi þar kaupum og sölum af alveg eðlilegum og nauðsynlegum viðskiptaástæðum vegna bændastéttarinnar sjálfrar, þar sem menn eru heiðarlegir og sannir í viðskiptum. Og fyrst og fremst ber að líta á viðskiptalífið í þessu efni frá sjónarmiði hreinskiptinna manna, en ekki refanna. Og það er áreiðanlega bændastéttinni hollast, að hún sé sem frjálsust í þessum efnum, en ekki sé stofnað til þess með nýrri lagasetningu, að það verði sagt á þá leið um jarðasölur: Já, hann seldi jörðina nú fyrir hátt verð, hvað sem hann skráði um það, hann taldi verðið lágt, bara til þess að komast hjá söluskattinum.

Það hefur oft verið talað um, hvort rétt væri, að það opinbera ætti allar jarðir í landinu. Ég álít, að annaðhvort eigi bændastéttin að eiga jarðeignir sínar sem frjálsast, þannig að hún einnig sé sem bezt hvött til þess að bæta þær, eða þá að ríkið taki þær hreint og beint að sér. Hitt tel ég alls ekki horfa til þrifa fyrir bændastétt landsins, að löggjafarvaldið sé sífellt að hlutast til um alla skapaða hluti á jörðum bænda. Það verður ekki annað en þvæla og óheilindi úr því. Það, sem að þarf að vinna, er, að það opinbera og einstaklingar haldist í hendur um að gera jarðirnar góðar og byggilegar, svo að bændur, sem á þeim ætla að

búa, finni, að þeir og synir þeirra geti stundað þar svo hagkvæma atvinnu, að þeir finni sig sem fyrsta flokks meðlimi í mannfélaginu. En til þess að bændum finnist svo gott í sveit að búa, að þetta megi verða, dugar enginn söluskattur af jörðum eða annað slíkt.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Eins og kemur fram í grg. þessa frv., þá er það samið af mþn., sem skipuð var af búnaðarþingi 1945 til þess að athuga, hvernig hindra mætti óeðlilega verðhækkun á jörðum. N. hefur athugað málið mjög gaumgæfilega, og árangurinn af þeirri athugun er þetta frv., sem flutt er hér. Það kemur enn fremur ljóst fram, að rannsókn n. hefur leitt ýmislegt í ljós, sem sýnir, að full nauðsyn er á að hindra óeðlilega verðhækkun á jörðum, sem mun hafa illar afleiðingar fyrir þá, sem á þeim eiga að búa. Verð á jörðum hefur verið allmikið síðustu árin, þannig að allmikið af þeim jörðum, sem seldar hafa verið, hefur verið selt á háu verði, og það háa verð hefur sérstaklega skapazt næst stærstu kaupstöðum landsins. T. d. í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum hefur nú á síðasta tíma verið seldur um það bil þriðjungur af jörðum, sem þar hafa verið seldar, fyrir þrefalt fasteignamatsverð og þar yfir. Sömuleiðis hafa verið seldar þannig á sama tíma þó nokkrar jarðir í Árnessýslu; og helmingur þeirra jarða, sem seldar hafa verið í Gullbringu- og Kjósarsýslu á sama tíma, hafa verið seldar fyrir þrefalt fasteignamatsverð eða meira. Og dæmi eru til þess, að jörð hafi verið seld fyrir seytjánfalt fasteignamatsverð, og hlýtur slíkt að hafa slæmar afleiðingar fyrir búskap á þeirri jörð síðan. — Í sambandi við þetta og til að ráða bót á því er þetta frv. flutt. — En n. bendir á annað í sambandi við þetta mál, að fleiri leiðir hefðu getað komið til greina til þess að hindra óhæfilega verðhækkun í sölu jarða, t. d. að lögfesta verðhækkunarskatt, og mín skoðun er sú, að það hefði kannske verið heppilegri leið en sú, sem hér er farin. Og út af ræðu hv. 2. þm. Árn. (EE) vil ég segja það, að hefði sú leið verið farin, þá hefði hún getað komið mikið í veg fyrir það, sem hann taldi galla á þessu frv., að opnuð væri leið fyrir svartan markað í sambandi við jarðasölu. En ef það hefði átt að gera það, þá kostar það miklu meiri lagabreyt., sem sé að byggja fasteignamatið upp öðruvísi en nú er gert. Það þyrfti þá að taka upp þau ákvæði í l. um fasteignamatið, að sér væru metnar þær eignir, sem yrðu tvímælalaust eignir ábúendanna, og sér það, sem væri eign þess opinbera. En till. um slíka breyt. lá ekki fyrir landbn. En ég læt þetta aðeins koma fram af þessu tilefni.

Þá eru það brtt. á þskj. 288, sem við hv. 1. þm. N-M. flytjum við frv. Það er ekki deilt um það, að *tilgangurinn með flutningi þessa frv.* er ekki fyrst og fremst sá að afla tekna í sveitarsjóði eða fasteignasjóði svo kallaða, heldur eingöngu að koma í veg fyrir, að jarðir hækki of mikið í verði. Til þess að hindra verðhækkun á jörðum teljum við flm. þessarar brtt., að ástæða sé til að hækka það sölugjald, sem á að koma í veg fyrir verðhækkunina, nokkuð frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. sjálfu, þegar verð jarðanna er farið að fara óhæfilega hátt yfir fasteignamatsverð. Við erum sammála því ákvæði frv., sem gerir ráð fyrir því, að það sé ekki óeðlileg verðhækkun á jörðum, að verð þeirra sé allt að 400% umfram fasteignamatsverð, miðað við fasteignamatið frá 1939. Og þegar jarðir eru seldar fyrir verð, sem er 400—500% umfram fasteignamat, þá gerum við ráð fyrir sama sölugjaldi af þeim í brtt. okkar og gert er ráð fyrir í frv. Hins vegar teljum við, að þegar farið er að selja jarðir á sexföldu og sjöföldu verði og þar yfir, þá sé verðið í flestum tilfellum komið óhæfilega hátt, og við ætlumst til þess með okkar brtt., að krafizt sé hærra sölugjalds af slíkum upphæðum en eftir ákvæðum frv., þannig verði krafizt af því, sem er 500—600% umfram fasteignamat, 25% þeirrar upphæðar, í stað 20% eftir frv., af því söluverði, sem er 600—700% umfram fasteignamat, 40% í stað 30% eftir frv., og af söluverði, sem er 700% og hærra umfram fasteignamat, verði krafizt 60% upphæðarinnar, í stað 40% eftir frv. Við teljum, að með því að hækka nokkuð þessa hærri flokka sé gerð meiri trygging fyrir því, að tilgangi lagasetningarinnar verði náð, heldur en eftir frv., þeim tilgangi að hindra verðhækkun á jörðunum, en muni ekki skapa sveitarsjóðunum neitt meiri tekjur en ákvæði frv. eins og þau eru.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Mig langar til að gera örstutta grein fyrir atkv. mínu um þetta mál, þó að *ég sé* nú ekki vanur því.

Ég fyrir mitt leyti vildi mjög gjarnan stuðla að því, að hægt væri að koma í veg fyrir, að jarðir séu í braski, sem kallað er, og eins það, að ábúendur jarða, sem hafa keypt þær, verði að gjalda fyrir þær geysihátt kaupverð, sem þeir fá ekki undir risið, sem oft hefur sýnt sig, að hefur átt sér stað. En ég verð að segja það eins og er, að ég hef takmarkaða trú á því, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, geti orðið til þess að leysa þann vanda, og enn minni trú hef ég á því, að sú brtt., sem fyrir liggur um að hækka söluskattinn, yrði til þess. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta atriði, vegna þess að hv. 2. þm. Árn. (EE) benti alveg réttilega á ýmis ljón, sem þar eru á veginum. Ég er nefnilega ákaflega hræddur um það, ef farið væri að leggja mjög háan söluskatt á jarðir, sem seldar væru nokkuð margföldu verði fram yfir fasteignamat, að þá yrði framkvæmdin sú í fjöldamörgum tilfellum, að það yrði aðeins falsað verðið, jarðirnar yrðu taldar seldar lægra verði en í raun og veru ætti sér stað, eins og hv. 2. þm. Árn. var nú að vikja að. Ég man það frá því ég var oddviti, að í minni sveit átti einu sinni að selja jörð, sem gert var, því að bóndinn, sem var eigandi jarðarinnar, ætlaði að flytjast burt úr sveitinni, og þess vegna átti hreppurinn forkaupsrétt að þessari jörð. Hreppurinn hafði mikinn hug á að eignast jörðina, vegna þess að afréttarland lá að henni, en jörðin var að nafninu til keypt svo háu verði, að eftir þáverandi verðlagi náði það ekki nokkurri átt. Og það vissu allir í sveitinni og hreppsnefndin líka, að þetta var bara yfirvarp til að bola hreppnum frá, vegna þess að kaupandi og seljandi jarðarinnar voru kunningjar. Eins er ég hræddur um, að gæti farið, þó að aðferðin yrði að visu öfug við það, sem þarna varð, þar sem talið var, að jörðin væri seld hærra verði en átti sér stað, en með söluskattinum er ég hræddur um, að jarðirnar yrðu taldar seldar lægra verði en ætti sér stað. Og svo er annað, og það er það, að í mörgum tilfellum mundi oft þessi söluskattur

leggjast á kaupandann, sem auðvitað yrði þá hinn væntanlegi ábúandi jarðarinnar, og þess vegna beinlínis verið að hækka verðið fyrir hann. Þó að ég hafi því takmarkaða trú á gagnsemi þessa frv. og enn minni trú á því breyttu á þann veg, sem hér er lagt til, þá er samt sem áður með frv. sjálfu svo hóflega í sakirnar farið, — og auk þess er á það að líta, að frv. er komið frá stéttarsamtökum bænda, Búnaðarfélagi Íslands, og samið af mþn., sem búnaðarþing kaus, — að ég mun ekki af þeim ástæðum ganga á móti frv. sjálfu. En af þeim ástæðum, sem ég hef greint, mun ég greiða atkv. á móti þeirri brtt., sem hér liggur fyrir, en alls ekki sökum þess, að ég vilji ekki gjarnan koma í veg fyrir, að jarðir lendi í braski.

Ég vil fara allt aðra leið en hér er stungið upp á í þessum málum. Sú leið er að nokkru leyti lögfest, þótt lítið hafi verið um framkvæmdir. Ég álít, að það ætti að vera þannig um jarðir, að þegar jörð er seld án þess að tryggt sé, að hún fari í sjálfsábúð, þá ætti ríkið eða opinber stofnun að kaupa allar slíkar jarðir, og svo ætti sú stofnun jafnharðan að selja jarðirnar þeim, sem vildu búa á þeim, því að það er alveg óbifanleg sannfæring mín, að svo væri bezt komið málefnum landbúnaðarins að þessu leyti, að hver maður ætti þá jörð, sem hann býr á, eða a. m. k. sem allra flestir. Mér finnst, að síðustu ár hafi sýnt það, að það er sízt vænlegra til þrifa, að t. d. ríkið eigi jarðirnar og leigi þær einstaklingum en að þeir eigi þær sjálfir, og kemur þetta ekki í bága við það, sem ég sagði, að ég vildi helzt, að ríkið eða opinber stofnun keypti þær jarðir, sem annars mundu lenda í braski, en ég vil ekki, að þær séu keyptar af því opinbera til að eiga þær, heldur til að selja þær væntanlegum ábúanda. En að þetta frv. greiði fyrir sjálfsábúð í landinu, það efa ég, nema þá kannske í einstaka tilfellum, en þó virðist mér, að það mundi ekki verða til mikils tjóns í því efni, ef frv. er samþ. óbreytt, en sé farið að ganga lengra á þessari braut, þá veit ég ekki nema það mundi verka alveg þveröfugt við það, sem flm. væntanlega ætlast til, og verða til þess að greiða fyrir því að koma jörðunum í brask.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja mjög mikið umr. á þessu stigi, en vil þó gera nokkrar aths. við frv. Fyrir þeirri mþn., sem undirbjó frv. í fyrstunni, vakti aðallega tvennt, eins og sést á grg. frv. Það fyrst að torvelda, eftir því sem unnt væri, að utansveitarmenn gætu náð eignarhaldi á jörðum án þess að sitja á þeim sjálfir eða reka þar búskap. Ég sé ekki, að þetta frv., þótt það yrði að l., fyrirbyggi á nokkurn hátt, að einstakir menn nái eignarhaldi á jörðum út af fyrir sig. Það kann að gefa viðkomandi sveit einhverjar sárabætur fyrir það, að þessu takmarki hefur ekki verið náð, en takmarkinu sjálfu verður ekki náð með frv. Hin ástæðan var sú að halda verði jarðanna innan hæfilegra takmarka, svo að auðveldara sé að stunda á þeim búskap, og torvelda, jafnframt fjárflótta úr sveitunum í sambandi við sölu á jörðum. Þetta er annað atriðið, sem mþn. lagði áherzlu á. Ég sé ekki heldur, að með þessu frv. sé þessu síðara atriði náð.

Hv. 2. þm. Árn. hefur bent á, að það er hægt að fara alls konar krókaleiðir í þessum efnum. Hann er sjálfur lögfræðingur og þekkir þetta þar af leiðandi vel, eftir að hafa verið 5—6 ár að læra, hvernig á að fara í kringum l. Ég hef ekki orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að læra, en ég sé ýmsar leiðir til að fara í kringum þetta og skal t. d. benda á eina. Það er ekkert hægara fyrir bónda, sem vill selja jörðina sína, heldur en að leigja jörðina kaupanda fyrir ákveðið verð, gefa svo afsal eftir ákveðið árabil og láta leiguna ganga upp í jarðarverðið. Þetta er aðeins ein af fjöldamörgum aðferðum, sem sjálfsagt verða notaðar til þess að fara í kringum þessi ákvæði. Ég veit, að hv. þm. Dal. er ljóst, að menn gera mjög mikið að því að reyna að forðast lágt stimpilgjald og hafa þar af leiðandi ekki gefið upp söluverðið. Þess vegna hefur Alþ. orðið að fara inn á þá braut að ákveða, ef ekki er gefið upp söluverð, að stimpla afsal með fimmföldu fasteignamati. Þetta er komið fram vegna þess, að þegnunum þykir ríkissjóður fara hér um of ofan í vasa manna í sambandi við sölu eigna. En hvað mundi þeim þá finnast, ef ætti að taka 60% af andvirðinu? Það er enginn vafi á því, að það eru til alls konar möguleikar til þess að komast fram hjá þessu. Ég skal viðurkenna, að það frv., sem hér liggur fyrir nú um forkaupsrétt sveitanna fram yfir forkaupsrétt ábúanda, skapar að nokkru leyti möguleika til að geta selt jarðirnar opinberlega öðru verði en eðlilegt er, þar sem viðkomandi sveitarsjóður gripi inn í og keypti jörðina við hæsta afsali, en það frv. er ekki orðið að l. enn, og það eru hins vegar til margar aðrar leiðir, sem verða áreiðanlega notaðar, og ég sé ekki, að þetta frv. muni stöðva það. Frv. sjálft gerir hins vegar ráð fyrir því að ná öðrum árangri en mþn. ætlast til. Það hefur tvenns konar markmið að stefna að. Annars vegar að hefta fjárflótta úr sveitunum, þannig að mikill meiri hluti jarðarverðsins verði eftir hjá sveitarfélaginu. En hinn megintilgangurinn er að nota þetta fé til ýmissa verklegra framkvæmda í sveitum landsins, en þar er farið inn á braut, sem farið hefur verið inn á fyrr hér á Alþ., þó að ekki hafi verið gert mikið að því; m. a. er farið inn á það með ölfrv. Það er að reyna að nota féð til þess að bera á sárin eins og nokkurs konar smyrsl. Þar er ætlazt til, að fé, sem kemur inn fyrir ölbrugg, verði notað til líknarstarfsemi í landinu, en hér er ætlazt til, að þær sneiðar, sem skornar eru af eignum manna, verði notaðar til framfara í sveitunum. Ég veit ekki, hvort það er hv. flm. ljóst, að þetta er eins og að selja hv. þm. Dal. bók, sem er ekkert annað en lélegur reyfari að innihaldi, en spjöldin eru ágæt og bókin vel bundin og gyllt. Það er þessi aðferð, sem þeir hafa hér. Ég er fyrst og fremst á móti frv. vegna þess, að ég tel það rangt að taka einhverjar sérstakar fasteignir í landinu og setja á þær slíkan söluskatt. Ég teldi þá rétt að láta það ná yfir allar fasteignir í landinu. Ég er þess utan hræddur um, að þetta frv. gæti haft aðrar afleiðingar en til er ætlazt. Ég er hræddur um, að það yrði til þess, að fasteignamat í landinu yrði stórkostlega að hækka. Við vitum, að fasteignamat er mjög lágt, miklu lægra en almennt gangverð. Það hafa komið fram háværar raddir um það að hækka fasteignamatið að einhverju leyti í samræmi við það, sem gangverð er á eignum nú, en það hefur mætt alveg ákveðinni mótspyrnu vegna þess, að þetta er enn þá raunverulega tryggasti tekjustofn sveitanna. Ef ætti að hækka matið þannig, að það

hækkaði fasteignaskattinn, eða hækka fasteignaskattinn sérstaklega, þá hafa á móti því komið þau rök, að þetta er kannske tryggasti tekjustofn sveitanna. Frá þessum stofni fá sýsluvegirnir og hreppsvegirnir sínar tekjur. Það er lagt ákveðið gjald á fasteignir til þess að geta þokað áfram ýmsum framkvæmdum í sveitunum sjálfum. Ef þetta frv. yrði svo til þess að hækka stórkostlega fasteignamatið og hækka þar af leiðandi skattanna til ríkisins, þá minnkar það um leið tekjurnar til sveitanna.

Þá vil ég benda hv. frsm. á, að ég tel mjög vafasamt, að 1. málsl. 4. gr. geti staðizt. Það er hægt að segja, að seljandi jarðar greiði sölugjaldið, en það er ekki hægt að fyrirbyggja, að seljandi og kaupandi geri með sér samning um, hvor þeirra eigi að greiða það, svo að það er ekki alveg ugglaust, að seljandi greiði gjaldið, þó að það sé sagt hér.

Ég skal hins vegar ekki eyða tíma hæstv. forseta í að ræða þetta mál nánar, því að það er þrautrætt, en vildi frá minni hálfu aðeins láta þetta koma fram á móti frv. í heild. Ég er þó enn meira á móti brtt. 288 en frv., og mér dettur ekki í hug að halda, að hv. 1. þm. N-M. hafi borið hana fram í alvöru.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég lofaði í upphafi að hafa ekki langar umr. og mun halda mig við það. Ég verð að biðja forláts á því, að ég athugaði ekki að hlusta, þegar hv. þm. Barð. var að lýsa þessum 5—6 ára löngu lærðu krókaleiðum, sem hv. 2. þm. Árn. hefði lært, svo að ég á erfitt með að svara því, en hann mun eitthvað hafa minnzt á svartan markað. En yfirleitt hafði ég ekki orðið var við þann svarta skóla, þegar ég var að læra lögfræði, heldur var kennt, hvernig ætti að leysa málin og greiða úr l. eins og þau lægju fyrir. En ég býst við því, að það geti verið hægt að fara eitthvað á bak við þessa löggjöf eins og flest annað, en þær leiðir geta verið seinfarnar og torsóttar eins og leiðin, sem hv. þm. Barð. minntist á. Það er alveg rétt, að maður, sem vill selja jörðina, getur leigt hana, látið leiguna koma inn í kaupin og sagt svo við leigjandann, að hann skuli, þegar hann er búinn að vinna sér forkaupsréttinn, fá jörðina fyrir ekki afar hátt verð. Þetta er hægt, en þetta er löng leið, því að einmitt með frv. um kauprétt á jörðum, sem búið er að afgreiða frá d., var þetta bannað og ábúandinn fær ekki forkaupsrétt fyrr en eftir 4 ár, og er því vafasamt, hvort sú samningsleið verður yfirleitt farin.

Þá er annað, sem mér virtist hv. þm. Barð. misskilja. Hann er alltaf að tala um það, að það eigi að taka 60% af söluverði jarða eftir brtt. og mundi það þýða það sama og það ætti að taka 40% eftir frv. eins og það liggur fyrir. Þetta er ekki rétt, við skulum taka dæmi. Ef jörð er metin á 10 þús. kr., en seld á 90 þús. kr., eða níföldu verði, þá skilst mér, að þar verði tekið 10 þús. kr. Það er ekkert sölugjald greitt af fyrstu 50 þús. kr. Ef söluverðið er 60 þús. kr., þá er söluskatturinn 100 kr., af 70000 kr. 2000 kr., ef söluverð er 80000 kr., þá bætast við 3000 kr. af þeim tug, og þá eru komnar 6000 kr., af níunda tugnum verður að greiða 4000 kr., svo að mér telst til, að það verði að borga 10000 kr. af jörð, sem seld er á 90000 kr., eða um 11% af jarðarverði, og það mun vera fátítt, að jarðir séu seldar með svo margföldu fasteignamatsverði. — Þetta vildi ég leiðrétta hjá hv. þm. Barð., og ég held kannske, að hann liti heldur ljúfari augum á frv., þegar hann er búinn að athuga þetta. En hvað viðvíkur því, að það muni varla vera hægt að lögbjóða, að seljandi greiði sölugjaldið, þá held ég, að það reki sig ekki á aðra löggjöf, enda þótt kaupandi greiði stimpilgjald af afsali og þinglesningargjald.

Ég segi fyrir mig, að ég er að mörgu leyti mjög nálægt skoðun hv. 1. þm. Eyf. (BSt) á þessu máli. Ég tel þetta frv. ekki neitt, sem allækni þetta ástand, en tel það tilraun í rétta átt, sem ég vona, að verði heldur til gagns en til skaða. Varðandi þau dæmi, sem hv. þm. nefndi, þá held ég, að þetta komi yfirleitt ekki að sök, því að ef jarðir eru seldar háu verði, þá kemur söluskatturinn á seljandann, en ef menn ætla að fara að nota lága verðið, þá kemur forkaupsrétturinn, sem hreppsnefndin aftur hefur, svo að seljandinn er þarna í nokkurs konar kví, það er staðið að honum á báðar hliðar. En yfirleitt er það svo, og það sýnir sig kannske, ef frv. verður að l., að mannsandinn er furðu seigur að finna upp mótvarnir. En ég held samt sem áður, að þessi löggjöf og l., sem áður voru samþ. um kaupréttinn, séu mikið aðhald að mönnum og þeir geti ekki svo mikið farið fram hjá þessu. Og ég verð að segja það, að það er alltaf nokkur bót í máli, þegar jarðir eru seldar feikna verði, ef eitthvað verður eftir af þeim gróða í sveitinni, sem svo gæti orðið til gagns fyrir þá jörð, sem þannig er með farið.

Ég ætla ekki að fara lengra út í þetta mál við þessa umr., en mun sjá til, hvernig atkvgr. fer, og mun þá við 3. umr., ef ástæða þykir til og einhverjar breyt. verða, taka til máls í þessu máli. Menn hafa þegar látið í ljós sína skoðun, þeir, sem talað hafa, svo að það ætti ekki að breyta neinu, þó að frekari orðadeilur fari fram um það.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef ekki mikið um þetta mál að segja, því að hv. þm. Dal. (ÞÞ) svaraði að mestu leyti því, sem þurfti að svara.

Eftir þeim orðum, sem hv. þm. Barð. (GJ) sagði í sambandi við till. okkar, þá á hver maður, sem selur jörð, að greiða 60% af öllu söluverði. Hv. þm. Dal. lýsti yfir því hér, að hér væri um misskilning að ræða. Ég vil skýra þetta betur. Ef það er virkilega hans skilningur, að ætlazt sé til að greiða þetta af öllu söluverði, eins og mér skildist í ræðu hans, þá er það skakkt. Það eru 40%, sem á að greiða. Þá á maður, sem á jörð, sem metin er á 10 þús. kr., og selur á áttfalt fasteignarverð, sem samsvarar 80 þús. kr., að greiða eftir till. okkar 1. þm. N-M. 13500 kr.

Eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni, þá vildi ég heldur fara aðra leið, sem n. hefur haft til athugunar. Ég hef einnig tekið það fram, að till. um, að allar jarðir yrðu seldar í gegnum hendur hins opinbera, gæti einnig komið til greina. Ég vil aðeins taka það fram, að fari svo, að frv. verði felt, þá mun ég vera fús til að ræða um aðrar leiðir, m. a. þessa, sem 1. þm. Eyf. (BSt) talaði um.

Forseti (BSt): Ég vildi gjarnan, að umr. yrði lokið og vil minna dm. á, að það kemur dagur á eftir þessum degi, og kemur málið þá til 3. umr.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Eyf. (BSt) fyrir þau orð, sem hann mælti um frv. Ég get vel fallizt á, að frv. mundi ekki verða til þess að bæta úr þar, sem því er ætlað. Ég mun greiða atkv. um þetta frv. í samræmi við þau rök, sem ég hef fært fyrir atkv. mínu.

Ég man eftir því, að það hefur verið brýnt fyrir okkur af lærðum kennurum, að í allri lagasetningu væri eignarréttarins bezt gætt, að það væri í góðu samræmi við réttarþroska þjóðarinnar. Af hverju var eignakönnunin gerð? Er það ekki af því, að réttarþroski og hlýðni þjóðarinnar er ekki í nógu góðu samræmi við lagareglur, sem settar hafa verið? Verða ekki allir jarðabraskarar að lúta réttarskyldum og greiða skatt samkvæmt skattalöggjöfinni? En það er lagasetning, sem hér liggur fyrir þinginu um kauprétt á jörðum, sem ætti að koma í veg fyrir, að menn fari að braska með jarðir. En það er annað atriði, að jarðeignir í landinu hækki í verði. Ég er á gagnstæðri skoðun. Ég held, að jarðeignir í landinu, eins og aðrar eignir, hækki í samræmi við það, hvað mikil eftirspurnin er. Það eru ýmis kot, sem liggja í eyði og eru landinu einskis virði, því að enginn vill líta við þeim. En ef jarðirnar hækka í verði, þykja þær einhvers virði. Því þykir mér það sérstakt, ef það er frá forustumönnum bændanna þessi hugsun, að jarðirnar megi ekki hækka í verði, og að þeir standi fyrir þessu, þá álít ég þá eiga forsvarsmenn á allt annarri lífsskoðun.

Ég set mig að nokkru leyti á móti þessu frv., til þess að svo lengi sem réttur málsins er fram borinn, þá vil ég hafa sem minnst fjötur um fót í viðskiptum milli viðskiptaaðila.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þessu frv., sem hér er fyrir, er, að því er mér skilst, ætlað að bæta úr tveimur meinsemdum, sem báðar hafa gert vart við sig í landinu í heild. Önnur er sú, að fyrir áhrif ýmissa viðburða í landinu hefur hækkað stöðugt verð á jörðum og lóðum í landinu. Þetta hækkar af því, að hið opinbera leggur vegi, byggir hafnir og af ýmsum fleiri ástæðum, sem gerir mönnum léttara að lifa en áður. Þetta allt verður til þess, að sá maður, sem kaupir þær jarðir, treystir sér til að gefa meira fyrir þær en áður. Þannig rennur kostnaður við umbæturnar smám saman inn í landverðið.

Það fé, sem hið opinbera leggur fram í því augnamiði að létta þjóðfélagsþegnum lífsbaráttuna, rennur á næstu árum í vasa þeirra manna, sem landið eiga. Þeir menn, sem nota jarðir, hvort heldur þeir byggja eða rækta, verða að vaxta þetta. Ég skal taka dæmi. Þegar einhvers staðar verður lagður vegur í gegnum sveitina, sem kostar 100 þús. kr., verður þetta til þess að hækka verðið á jörðunum og enn fremur til þess, að þau gæði, sem áttu að koma fólkinu til góða, renna í vasa einstakra manna, sem jarðirnar eiga og græða á þessu vegna hækkaðrar jarðarleigu. Þessu er frv. ætlað að ráða bót á. Ef land er selt margföldu verði miðað við það, sem metið er, þá álít ég, að nokkur hluti af því fé renni í sjóð sveitarinnar, sem hlut á í málinu. Ég viðurkenni, að þetta er ekki nema mjög lítil vörn við þessu, en með þeim l., sem hér hafa nýlega verið samþ. og send Nd., um kauprétt á jörðum, er reynt að fyrirbyggja, að á bak við þetta ákvæði sé farið, og enn fremur, að hreppurinn geti ráðið því, hverjir komi á jarðirnar. En þessu vilja þeir ekki breyta, sem ráða og eiga jarðirnar, því að þeir telja sér hag í því að eiga jarðirnar og láta þær hækka í verði. Því er það, sem við flytjum þetta frv., ef það skyldi verða til þess að bæta eða létta afkomu manna í landinu. Hitt er annað atriði, að undanfarin ár hefur fólkið flutt úr sveitinni í bæina. Árið 1930—1938 seldu bændur, sæmilega stæðir, jarðir sínar í einni ákveðinni sveit, ekki langt hér frá, sem hv. 2. þm. Árn. (EE) ætti að þekkja. Það var af því, að þeir voru orðnir svo gamlir og þeir voru að hætta að búa. Þeir fluttu með sér 1 millj. og 500 þús. kr. Í staðinn koma menn og kaupa með því að taka lán og skulda því meira og minna. Aðstaða sveitarfélags til að leggja á útsvör og standa undir öllum þörfum breytist við þetta. Þar eru möguleikar til að fá útsvörin allt aðrir. Á þennan hátt hefur fé farið út úr sveitunum með mönnum, sem hafa stundað starf sitt í sveitinni og hafa síðan viljað selja jarðirnar vegna þess, hve gott verð er fyrir þær. Til þess að fyrirbyggja, að þessi fjárflótti haldi áfram, er gert ráð fyrir því, að sölugjald þetta renni til sveitarinnar, sem jörðin er í. Mundi þá sveitin fá svolitið af þeim gjöldum, sem þessir menn hefðu annars farið með úr sveitinni, og svo yrði fjárflóttinn ekki eins mikill.

Með þessu frv. er, að mínum dómi, stigið spor til hins betra, þó að ég viðurkenni, að það sé ekki nema pínulitið skref í áttina til þess, sem vera þarf. Ég tel sjálfur, að það eigi að samþykkja brtt., og náttúrlega tel ég, að ef hún verður samþ., þá eigi að samþykkja frv., þótt það gangi ekki nema lítið í þá átt, sem það þarf að ná.

Forseti (BSt): Ég vil spyrja hv. þm. Barð., hvort hann ætli að tala langt mál. (GJ: Ég þarf langa ræðu eftir þessar umr.) Úr því að svo er, þá verð ég að fresta umr. og taka málið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Ed., 9. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að ræða þetta mál frekar við þessa umr., en ræður annarra hv. dm. gefa tilefni til frekari umr. Það er athyglisvert, að hv. frsm. hefur lagt á það megináherzluna, að ekki bæri að ræða málið, og virðist það benda til þess, að hann sé hræddur um, að í umr. komi eitthvað fram, sem ekki er gott fyrir málið sjálft. En þetta mál er ekkert annað en stórkostlegt skattamál og ætti því að mínum dómi að ræðast mjög ýtarlega, í stað þess að hv. frsm. vill ekki ræða málið og fer undan í flæmingi. Það er misskilningur, að ég hafi haldið, að skatturinn væri af öllu söluverðinu. Ég hef aldrei haldið það. Hins vegar eru stuðningsmenn frv. ekki enn búnir að koma sér saman um, á hve mikinn hluta skatturinn leggist, því að einn fékk út 9000 kr., en annar 13000 kr., og reiknuðu þó báðir af sömu upphæð.

Annars er meginspursmálið í sambandi við þetta frv. annað en skattaspursmálið, — það, hvort rétt sé að keppa að því, að það opinbera eignist jarðirnar. Nú miðar þetta frv. að því, að jarðirnar fari úr eigu einstaklinga til hreppsfélaganna, og er þá rétt að athuga, hvernig jarðir hins opinbera eru

setnar, og bera það saman við jarðirnar, sem í einkaeign eru, en þar er reginmunur á. Ef menn fara um landið, geta menn bent á þær jarðir, sem ekki eru í einkaeign, því að þar er allt í niðurníðslu. Mér datt í hug saga um einn fyrrverandi vinstriflokksþm., sem nú situr sem prestur úti á landi. Hann kom í heimsókn til kunningja sins og leit yfir sveitina og spurði, hver ætti allar þessar glæsilegu jarðir. Það voru allt sjálfseignarbændur og líka sjálfstæðisbændur, þó að það komi nú ekki þessu máli við. Svo kom hinn flokkurinn, sem neðar var í ástandinu, bændur undirokaðir af karakúlpest og mæddir af andlegum og veraldlegum þjáningum. En í mestri niðurníðslu voru ríkisjarðirnar. Það má tilgreina fleiri sveitir, þar sem svona er ástatt. Á ríkisjörðunum eru húsin í mestri niðurníðslu og jarðrækt og annað í verstu ástandi, af því að allar umbætur fara yfir í eigu ríkisins. Meginhugsun frv. er því til hins lakara.

Í sambandi við þetta vil ég benda á það, að hér er raunverulega upp vakinn sá draugur, sem fylgdi 17. gr. jarðræktarl. Það er einkennilegt, að hv. þm. Dal. (ÞÞ) skuli vekja hann upp aftur, eftir að hafa barizt gegn honum í mörg ár, vakið skilning á þeirri baráttu og kveðið hann niður. En hann hefur ekki fyrr kastað rekunum á óskapnaðinn en hann reynir að vekja hann upp aftur. Og þetta er mörgum sinnum verra. Ef þetta verður að l., ætti hann að finna til andúðar á þeim, ekki síður en 17. gr., og taka upp baráttu fyrir því, að þau verði afnumin.

Hv. 1. þm. N-M. (PZ) ræddi um það, að öll verðhækkun væri til bölvunar fyrir heildina. Þó skildist mér hann ekki vera á móti því, að jarðir væru seldar hærra verði, ef seljendurnir flyttu ekki til Rvíkur með ágóðann. Ég skal ekki segja, hvort hægt er að komast að samkomulagi við hann um það að skattleggja þá sérstaklega, sem vilja búa í Rvík. En þetta eru einkennileg rök. Margir hafa selt jarðir sínar án þess að flytja til Rvíkur. Gjábakki, sem að fasteignamati er virtur á fimm þús. kr., var seldur ríkinu eftir mati fyrir 150 þús. kr., þó að ekki hafi einu sinni verið lagður vegur þangað, og bóndinn býr þar enn þá. Ég sé ekki, að þetta sé ógæfa fyrir Þingvallasveit.

Hitt er annað mál, hvort verðhækkanir, sem stafa af opinberum ástæðum, eiga að einhverju leyti að renna í ríkissjóð. Það á að taka það almennt, og ég er fús að ræða það, en það er annars eðlis og kemur ekki þessu við.

Svo vildi ég segja nokkur orð í sambandi við það, sem hv. 1. þm. Eyf. (BSt) sagði. Hann gaf hér svipaða yfirlýsingu í þessu máli og hann gaf í sambandi við afgreiðslu dýrtíðarfrv. Ég gat ekki annað skilið en að hann mundi greiða atkvæði móti betri vitund, vegna þess að um afgreiðslu þessa máls væri samkomulag eða fyrirskipað, að það ætti að afgreiða það. (**Forseti**: Þetta er alls ekki rétt). Hann lýsti yfir því, að hann vildi helzt, að sett yrði á laggirnar stofnun, sem kaupa ætti jarðirnar. Ég hélt nú ekki, að hann væri svona ákafur í að koma upp stofnun til þess að hafa með höndum jarðabrask. Hér yrði um eins konar miðlarastofnun að ræða, og hún hlyti að lenda einhvern tíma í því að kaupa jarðirnar hærra verði en hún gæti selt þær, ef ekki fást kaupendur, sem kaupa vilja fyrir sama verð og hún hefur keypt fyrir. Jarðir, sem ríkið kaupir, eru síðan leigðar fyrir 3% af fasteignamati og endurbætur eru engar gerðar, heldur eru leiguliðarnir látnir níða þær niður. Ef hressa þarf upp á húsin eða endurbæta eitthvað, verður leiguliðinn að bera kostnaðinn sjálfur. Í bezta lagi leggur ríkissjóður til efnið og hækkar jarðarleigurnar um 3% af þeirri upphæð, sem fer til endurbótanna. Afgjöldin fara öll til viðhalds og auk þess ¼ millj. kr. úr ríkissjóði. Þegar bezt lætur, selur svo ríkið jörðina eða gefur hana, til þess að geta keypt hana aftur af börnunum eða barnabörnunum. Það er að þessu, sem þetta frv. stefnir, en það er engan veginn æskilegt.

Ég geymi mér svo frekari umr. um málið til 3. umr. og mun ekki ræða það nánar nú, nema sérstakt tilefni verði gefið til þess. Hins vegar getur verið, að ég ræði málið frekar við 3. umr.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að segja mörg orð, en ég verð að leiðrétta rangfærslur hv. þm. Barð. (GJ). Það er undarlegt með þennan hv. þm., sem sækir manna bezt þingfundi, hve illa honum gengur að hafa rétt eftir. Um viðleitnina verður ekki efazt, og eftirtektarhæfileikinn getur því ekki verið meiri en þetta.

Ég hef ekkert sagt um það, að ég mundi greiða atkv. móti betri vitund. Ég sagði, að ég hefði takmarkaða trú á frv. og teldi aðra tilhögun betri. Ég sagði, að ég hefði því minni trú á þeirri brtt., sem hér liggur fyrir, og lýsti yfir andstöðu minni við hana. Það hefur engin flokkssamþykkt verið gerð um þetta mál af Framsfl., en það hefur orðið samkomulag um málið á búnaðarþingi, og mér finnst, að nokkurt tillit beri að taka til þess, ef það hefur verið afgreitt þar ágreiningslaust. Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða meira um þetta.

Ég þarf ekki heldur að svara bollaleggingum hv. þm. um ríkisjarðirnar. Ég tók frá upphafi þá stefnu í því máli, að bezt væri, að bændur ættu sjálfir jarðirnar, sem þeir búa á. En stundum er þetta ekki hægt. Svo var það fyrir nokkrum árum, er taka þurfti jarðirnar upp í skuldir. Þá var jarðakaupasjóður stofnaður, og eins og á stóð, var það hyggileg ráðstöfun. Jafnframt voru sett l. um það, að ábúendur gætu fengið jarðirnar aftur með vissum skilyrðum, þótt það væri athugavert við þau l., að skilyrðin voru of þröng. Það má kalla þetta miðlunarskrifstofu, en ég álít bezt, að löggjafarvaldið greiddi fyrir því, að allir bændur yrðu sjálfseignarbændur, en ef það er ekki hægt, að opinber aðili kaupi jarðirnar, ekki til þess að þær verði eign ríkissjóðs, heldur til þess að selja þær aftur þeim sömu, ef þeir geta keypt þær, eða öðrum ábúendum, svo að löggjafarvaldið tryggi á þann hátt sjálfseignarbændur. Þetta hefur alltaf verið sannfæring mín, og ég hef aldrei fylgt öðru en því, sem verið hefur í fyllsta samræmi við þetta.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég ætlaði ekki að segja meira um þetta mál nú. Þó er það svo, að ég get ekki orða bundizt, heldur verð að minnast á ræðu hv. þm. Barð. (GJ). Skynsemissólin hefur ekki verið í hvirfilpunkti hjá honum við þessa umr. Sumir halda því fram, að hann sé ruglingslegur í ræðum sínum, en nú hefur borið óeðlilega mikið á þessu.

Fyrst sagði hann, að ég vildi ekki ýtarlegar umr. um þetta mál. Það hef ég ekki sagt, heldur að málið hafi verið rætt lengi við 1. umr., sem

var mjög uppbyggileg umr., og kom þá ýmis speki frá munnum okkar hv. þm. Barð., þótt ekki sé ástæða til að tyggja það upp aftur.

Nú hélt hv. þm. Barð. því fram, að 17. gr. jarðræktarl. væri hér endurgengin á ferðinni, nema þetta væri verra, eins og uppvakningar venjulega eru. Hugmyndir hans um takmörkun eignarréttarins eru eitthvað sljóvar, því að samkvæmt 17. gr. eignaðist ekki jarðeigandinn umbætur, sem gerðar voru. Þær voru ekki taldar með í eignaskýrslum og töldust einskis eign, og þær mátti ekki veðsetja. En hér er um algerlega frjálsan umráðarétt að ræða, þar til menn fara út í brask, þá eru lagðar á dálitlar hömlur. Þetta er léttara en stimpilgjaldið, er sett hefur verið á fasteignasölu. Ef ekki er um að ræða meira en fimmfalt fasteignamatið, kemur sölugjaldið ekki til greina. En hann vildi gera úlfalda úr mýflugunni og sagði, að greiða yrði 60% af söluverðinu. Samkvæmt því, sem venja er í mæltu máli, varð ekki annað séð en hann ætti við söluverðið allt. Það getur alltaf komið fyrir, að mönnum skjátlist, en það er bezt að viðurkenna það og vera ekki með undanskot.

Svo segir hann, að hv. 8. landsk. þm. hafi komið með aðrar tölur en ég. Ég reiknaði eftir sölugjaldi frv., en hv. 8. landsk. þm. eftir sölugjaldi brtt. Það gæti ekki verið um brtt. að ræða, ef hún breytti engu.

Ég get tekið það fram, að ég legg ekki sérstaka keppni á þetta mál. Ég get tekið undir það, sem hv. 1. þm. Eyf. (BSt) sagði, að hér er ekki um algera lækningu að ræða, en þetta er í áttina til bóta. Ef ég sé ókosti á frv., sem ég flyt, tel ég sjálfsagt að breyta því til bóta. Það getur svo farið, ef þetta frv. bregzt, að ég og hv. þm. Barð. getum sameinazt um að fá það lagfært á næsta þingi, eins og við börðumst saman fyrir því að afnema búnaðarmálasjóð, og látið það þá ná líka til húseigna. Annars sé ég ekki ástæðu til þess að svara frekar.

Páll Zóphóníasson: Ég skal ekki lengja umr. Ég vil bara spyrja hv. þm. Barð. (GJ), hver sé að tala um það, að ríkið eignist jarðirnar? Hér er um að ræða skatt, sem renna á til sveitarfélaganna. Hann er að tala um eitthvað allt annað frv. en það, sem hér liggur fyrir.

Ég sagði, að frv. væri ætlað að koma í veg fyrir tvo ágalla. Í fyrsta lagi, að allar umbætur og verðhækkanir, sem gerðar væru fyrir opinbert fé, falli í eigu þess, er á jörðina, svo að þegar hann selur, notast ekki almenningi þau gæði, er gerð voru af hálfu þess opinbera, heldur falla þau í hlut jarðeigandans. Með skattinum er reynt að ráða bót á þessu. Hitt atriðið er að ráða bót á því, að kapitalið flytjist burt úr sveitunum, með því að láta nokkurn hluta verðhækkunarinnar renna til sveitarfélaganna. Svo tók ég það fram, að þessu yrði ekki náð nema að litlu leyti með þessu frv., en það væri spor í rétta átt og hvert hænufet í þá átt að láta almenning búa að umbótunum, sem gerðar væru, en láta þær ekki falla í skaut jarðeiganda, ætti mitt fylgi og þess vegna væri ég með frv.

Hitt er svo annað, að ég tel það eðlilegt, að ríkið eigi allar jarðir, en það kemur ekki þessu máli við. Ég er hins vegar reiðubúinn að ræða það mál við hv. þm. Barð., hvenær sem tilefni gefst til.

Það, sem hann sagði um ríkisjarðirnar, er ekki rétt nema hvað snertir einstaka jarðir og menn, sem aldrei sjá út fyrir eigin vasa og buddu, eins og hann sjálfur.

Gísli Jónsson: Það er í rauninni enginn ágreiningur milli mín og hv. 1. þm. Eyf. Ég sagði, að hann hefði ekki viljað brjóta samkomulag, sem gert hefði verið um málið, og nú segir hann, að samkomulag hafi orðið um málið á búnaðarþingi og þess vegna sé hann því meðmæltur. Sama sagði hann í sambandi við dýrtíðarl. Þá var það samkomulag flokkanna, sem hann vildi ekki brjóta. Annars er skoðun okkar á málinu lík.

Hins vegar er rétt að geta þess, að það var ekkert samkomulag á búnaðarþinginu um þetta. Hv. þm. Borgf. (PO), sem sæti á í stjórn Búnaðarfélags Íslands, hefur sagt mér, að hann muni berjast gegn þessu frv. í Nd. (**ÞÞ:** Hann á ekki sæti á búnaðarþingi). Nei, en hann er í stjórn Búnaðarfélags Íslands. (**PZ:** Hvernig féllu atkv. á búnaðarþingi?) Meiri hl. var með því, en þar fyrir var ekki um samkomulag að ræða.

Ég er búinn að heyra það oft hjá öðrum en hv. þm. Dal., að þm. Barð. sé vitlaus og illgjarn. (**ÞÞ:** Þetta sagði ég ekki). En þetta eru náttúrlega engin rök og kemur ekki nærri kjarna málsins. Svona kjaftshögg lenda beint aftur á þann, sem gefur þau. Ég hef heyrt svipuð rök frá ráðherrastólunum, en hvað oft hafa þeir ekki orðið að éta þau ofan í sig? Það eru léleg rök að hafa ekki öðru til að svara þeim, sem rekur ofan í mann vitleysurnar, en að hann sé vitlaus og flámæltur.

Við hv. 1. þm. N-M. (PZ) mun ég ræða við næstu umr. Ég vil ekki þreyta hæstv. forseta frekar nú.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 288 felld með 8:4 atkv.
2. gr. samþ. með 10:2 atkv.
3.—9. gr. samþ. með 10:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:3 atkv.

Á 59. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BK, BrB, GÍG, HV, PZ, SÁÓ, StgrA, ÞÞ, ÁS, BSt.
nei: EE, GJ, LJóh, BBen.
3 þm. (HermJ, JJós, PM) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Nd.

Á 55. fundi í Nd., 12. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 56. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

37. Síldarbræðsluskip o. fl.

Á 42. fundi í Ed., 19. des., var útbýtt:
Frv. til l. um kaup á skipi til síldarbræðslu o. fl. (þmfrv., A. 239).

Á 44. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég tók fyrir, ásamt tveimur öðrum hv. þm., að flytja þetta mál um kaup á skipi til síldarbræðslu o. fl., og má telja það eitt í þeirri röð af hugmyndum og uppástungum, sem hafa komið fram til úrlausnar þessum síldarbræðslumálum, einkum síðan vart varð við hina miklu veiði í Hvalfirði. Nú er það vitað, að lengi hefur staðið til, að síldarbræðsluverksmiðja verði sett upp á Norðausturlandi. Og í sambandi við það hafa ýmsar hugmyndir komið fram, t. d. um fljótandi síldarbræðsluverksmiðju, sem formenn Sósfl. á sínum tíma og síðar einn hv. Alþfl.-maður (GÞG) báru fram till. um. Og uppástungur hafa komið fram í skrifum í blöðum um það, hvernig þessi mál skyldi leysa. Sem sagt, menn hafa yfirleitt látið þetta mál sig miklu skipta.

Hér á Alþ. kom fyrir skömmu fram frv. frá hv. þm. Borgf. um að reisa nýja síldarverksmiðju á Akranesi, og þá sérstaklega miðað við þá þörf, sem er á síldarverksmiðju í sambandi við Hvalfjarðarsíldveiðina. En hugmyndin um fljótandi síldarbræðsluverksmiðju hefur frá öndverðu byggzt á því að geta fullnægt bræðsluþörfinni með sömu tækjum víðar en á einum stað í landinu. Og þessi hugmynd hefur fengið nýjan byr í seglin við það fyrirbæri, sem fram kom á síðasta ári, að sumarsíldveiðin varð langrikust við norðausturströnd landsins og síðan kom mikil vetrarsíldveiði við suðvesturströndina. Það er eðlilegt, að þá hafi menn farið miklu ýtarlegar að hugsa um úrræði, sem gætu greitt úr vandanum fyrir hvora tveggja þessa staði eða svæði í þessu efni, ekki sízt þegar síldveiði er á annarri árstíð fyrir norðan og norðaustan land en við Suðvesturland, sem nú hefur raun á orðið í bili. Enginn veit náttúrlega, hve lengi þetta kann að standa svona. Þó má alltaf búast við, að við Norðurland verði breytileg síldveiði, þannig að ýmist verði hún meiri austan til á því síldveiðisvæði eða vestan til, eins og verið hefur.

Síðan þessi hugmynd varð ofarlega í minum huga, sem hér liggur fyrir í frv. okkar þremenninganna, hafa aðrar till. komið fram og virðast hafa mikið fylgi og óflugt, og getur vel verið að það reynist betra að fara eftir þeim. Enda er það svo með þetta mál eins og í fleiru, að meðan ekki er séð til fulls, hvað bezt sé eða heppilegast, þá er öllum skylt að hafa það heldur, er betra virðist og sannara reynist við nánari athugun.

Með þessum ummælum vildi ég svo leggja til, að þessu máli yrði vísað til hv. sjútvn., því að ég ímynda mér, að þó að farnar yrðu aðrar leiðir, þar sem ríkið er ekki sá eini hluthafi, eins og hv. þm. er kunnugt um, að hugmynd er uppi um í Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, þá yrði það fyrst að athugast í sjútvn. Þar er hugmynd uppi um að framkvæma sömu vinnu með sömu tilfæringum með þátttöku ríkisins, en ekki alveg sem ríkisfyrirtæki. Rétt finnst mér, að það sjónarmið komi til álita sjútvn. En það, sem fyrst og fremst fyrir okkur flm. þessa frv. vakti, var það að geta með þessu úrræði, með skipi, hvort sem það væri þetta skip, sem við hér minnumst á, eða annað skip, e. t. v. stærra, tryggt vinnslu á það miklu síldarmagni, að verulegu munaði fyrir framleiðsluna á síldarafurðum við Suðvesturland, þannig að hinar sömu vélar væru til taks líka til þess að geta tekið að sér uppfyllingu á eins miklu af þeirri bræðsluþörf fyrir Norðausturlandið, þar sem enn þá er verksmiðjulaust, eins og aðstæður kunna að krefjast og auðið er. — Það virðist vera skynsamleg hugmynd, sem liggur að baki hjá öllum þeim, sem bæði fyrr og síðar hafa hreyft þessu fljótandi verksmiðjumáli, sem sé þetta, að geta fullnægt síldarbræðsluþörf víðar en á einum stað með sömu tækjum.

Ég vona, að með því frv., sem hér liggur fyrir, hafi e. t. v. verið stigið spor í áttina til viðráðanlegri úrlausnar í þessu vandamáli en þegar menn hugsuðu um kaup á flugvélamóðurskipi, sem yrði mjög dýrt í rekstri. Og þó að þeir menn, sem undirbjuggu þetta frv., þeir Ólafur Sigurðsson skipaverkfræðingur og forstjórinn í vélsmiðjunni Héðni, hafi komið fram með þetta, þá er víst, að aðrar hugmyndir geta þarna einnig komið til greina. Engan dóm skal ég á það leggja nú, hver hugmyndanna mundi reynast bezt í framkvæmd. — Vona ég, að hv. þd. láti þetta mál ganga til þeirra aðila í hæstv. Alþ., sem ber að leggja úrskurð á afgreiðslu slíkra mála og ég býst við líka, að kvaddir verði til ráðuneytis um það, hvort ríkið tæki þátt í svona framkvæmdum á öðrum grundvelli en hér eru till. um í þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

38. Sjúkrahús o. fl.

Á 37. fundi í Sþ., 27. jan., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 12. febr. 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl. (þmfrv., A. 276).

Á 50. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Eins og tekið er fram í grg. þessa frv., er frv. flutt af n. eftir ósk frá ráðh. Sú eina breyt., sem þar er farið fram á frá núgildandi l., er sú, að ráðh. yrði veitt heimild til þess, þegar í hlut eiga fámenn læknishéruð, að auka styrki til læknisbústaða og sjúkra-

húsbygginga upp í allt að ¾ af byggingarkostnaði, í staðinn fyrir að í l. er ætlazt til, að það sé ⅔.

Þegar n. tók þetta mál til flutnings, tók hún ekki endanlega afstöðu til málsins. Það kom fram í n., að það væri dálitið mikið að láta ráðh. hafa þessa heimild, því deila má um, hver séu hin fámennu læknishéruð. Þá kom og fram í n., hvort ekki væri reynandi að binda þetta frekar, t. d. með tölum um, hve margir íbúar þyrftu að vera í læknishéraði, sem nyti þeirra réttinda. En um það var ekki tekin afstaða.

Nú vil ég fyrir hönd n. biðja hæstv. forseta að taka málið ekki aftur á dagskrá, til þess að ekki þurfi að vísa því til n., en n. mun halda um það fund og þá taka afstöðu til málsins og þá koma sér saman um brtt. við frv.

Ef við lítum á læknishéruðin, þá eru t. d. 5 á landinu, þar sem íbúatalan er fyrir neðan 500, 286 þar, sem fæst er, 314 og 329, 444 og 498. Ef maður vildi t. d. binda sig við íbúatöluna 500, þá eru a. m. k. á tveimur þessara staða til læknisbústaðir, og þá eru þessi aukaútgjöld ríkissjóðs bundin við 3 hin. Vildi maður fara með töluna í 1000, væru það 16 læknishéruð, sem hefðu neðan við 1000 íbúa, og búið er að byggja læknisbústaði í fullum helming þeirra. — Hvaða afstöðu n. tekur um þetta, skal ég ekki slá föstu nú, en bið hæstv. forseta að lofa n. að fá tíma til að athuga þetta milli umr. og taka það ekki aftur á dagskrá, fyrr en hann hefur frétt frá henni.

Forseti (BSt): Ég mun verða við þessum tilmælum nefndarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 52. og 53. fundi í Ed., 3. og 5. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Ed., 6. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 276, 298, 307).

Brtt. 307 of seint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Áður en ég geri grein fyrir till. n., vil ég taka fram, að ég tel þá breyt., sem hér er lögð til, aðeins til bráðabirgða og l. engan veginn til frambúðar. Ríkið reisir nú hús yfir ýmsa embættismenn sína, og gilda sín l. fyrir hvert embætti, ein fyrir læknisbústaði, önnur fyrir prestsseturshús o. s. frv., og ég tel brýna þörf á, eins og ég hef áður haldið fram, að öll þessi l. séu samræmd og ein l. látin gilda fyrir alla jafnt.

Það er augljóst um læknisbústaðina, að þörfin á framkvæmdum er þar mjög misjöfn. Engin þörf er að reisa slík hús þar, sem sæmileg húsakynni eru þegar fyrir, sem læknir getur fengið keypt eða leigð, en annars staðar gegnir öðru máli.

N. lítur aðeins á till. sem bráðabirgðabreyt. til lagfæringar, þar sem gengið sé til móts við þær óskir, sem fram hafa komið um byggingarstyrki til læknisbústaða í hinum fámennari og fátækari héruðum. Ráðh. leggur til, að lagt sé í hans vald að auka styrki til læknisbústaða upp í allt að ⅝ byggingarkostnaðar þar, sem ráðh. telur brýnasta þörf á. N. taldi hæpið að leggja þetta á vald ráðh. og vildi setja sem ákveðnust fyrirmæli um það, hvar styrkinn ætti að hækka. Henni fannst eðlilegt, að miðað væri við íbúatölu í læknishéruðunum, sem er afar misjöfn, allt niður í 286 íbúa. Varð n. sammála um að leggja til að binda aukinn styrk við þau læknishéruð, sem hafa færri íbúa en 850. Þeir staðir, sem þá koma til greina, eru þessir: Reykhólar, með 444 íbúa. Þar er læknisbústaður, sem ríkið hefur styrkt áður, en þarf aðgerðar við. Flateyjarhérað, með 314 íbúa og engan læknisbústað. Bíldudalshérað, með 557 íbúa og læknisbústað, sem telja má viðunandi. Bolungavíkurhérað, með 749 íbúa. Þar er þannig ástatt, að þörfin á, að reistur sé þar læknisbústaður, er mjög brýn. Ögurhérað, með 739 íbúa. Þar er góður læknisbústaður. Hesteyrarhérað, með 329 íbúa. Þar er bústaður, sem þarf mikillar aðgerðar. Árnes, með 498 íbúa. Þar er einnig bústaður, sem þarf aðgerðar við. Grenivík, með 518 íbúa. Þar er bústaður sæmilegur. Vopnafjörður, með 689 íbúa. Þar er enginn læknisbústaður. Læknirinn býr þar í gömlu húsi, sem hann á sjálfur og nýr læknir mundi varla sætta sig við. Bakkagerðishérað, með 286 íbúa, er fámennast allra læknishéraðanna. Þar er enginn læknisbústaður, en hins vegar er þar til töluverður sjóður, sem íbúarnir hafa myndað í þessu skyni. Djúpavogur, með 803 íbúa, hefur læknisbústað, en hann þarfnast aðgerðar. Breiðabólstaðarhérað, með 816 íbúa. Þar — og sama er að segja um Bolungavík — er aðkallandi að reisa læknisbústað, ef það á að halda lækninum.

N. lítur svo á, að öll þessi héruð séu of fámenn til þess, að þau geti staðið straum af byggingarkostnaði með smástyrk, og leggur til, að styrkur til þeirra bústaða, sem þar þarf að reisa, verði ⅝ byggingarkostnaðar í stað ⅜, sem frv. gerir ráð fyrir. Í fimm af þessum héruðum kallar þörfin bráðast að: þremur, sem eru læknisbústaðalaus, og tveimur, þar sem læknisbústaðir eru lélegir og læknar af þeim ástæðum að hrekjast þaðan brott.

N. er öll sammála um þessa till., en síðan n. lét af störfum hefur komið hér fram önnur brtt., og geri ég hana ekki að umtalsefni að svo stöddu, fyrr en flm. hafa gert grein fyrir henni.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég ætla að fara fram á það við hæstv. forseta að fresta umr., þar sem ég get ekki verið lengur á fundi, en vildi gjarnan fylgjast með málinu.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Ed., 10. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hv. frsm. þessa máls sagði, að í raun og veru væri frv. þetta aðeins bráðabirgðaráðstöfun, og öllum hlýtur að vera það ljóst, að nauðsyn er á, að læknar fái fasta bústaði eins og aðrir embættismenn ríkisins. Frv. þetta er til þess að bæta úr brýnustu þörfinni í þessum efnum, þar til hæstv. ríkisstj. kann að koma með frv. til l. um bústaði embættismanna yfirleitt, og mun þá eðlilegast, að þeim l., sem um þetta gilda, verði steypt saman í eina heild.

Ég hygg, að rík nauðsyn sé á að létta undir við byggingar og endurbætur læknisbústaða, og fámenn og dreifbýl héruð fá ekki risið undir þeim kostnaði,

sem af byggingu nýrra bústaða eða endurbótum á gömlum leiðir. Reyndar litur illa út um efniskaup til þessara húsa sem annarra nú í bili, en úr því kann að rætast.

Við flm. brtt. á þskj. 307 vildum reyna að sameina þau sjónarmið, sem uppi eru um þetta. Við játum, að erfitt er fyrir fámenn héruð að rísa undir þessum kostnaði, og þess vegna viljum við láta þau fá hærri styrk en þau, sem fjölmennari eru, en styrkinn til þeirra höfum við gert ráð fyrir að hækka í ¾ í stað ⅝ byggingarkostnaðar, eins og gert er ráð fyrir í frv., því að ég óttast, að ef gengið er fram hjá fólksmörgu héruðunum í þessum efnum, taki menn upp á því að kljúfa stóru héruðin í smærri héruð til þess að verða hærri styrksins aðnjótandi, og væri það illa farið.

Það er lagt á vald ráðh. og honum gefið fullt atkvæði til að ákveða um, hvort greiða skuli byggingarstyrkinn og hvað hann telji hæfilegt í hinum einstöku tilfellum. Einnig ef um endurbætur á byggingu er að ræða, þá sé til þess veittur styrkur eftir mati ráðh. og e. t. v. landlæknis. Við hv. þm. N-Þ. reyndum að sameina þetta, án þess þó að ríkissjóður yrði fyrir tilfinnanlegum fjárútlátum, en læknishéruð fengju nokkra hjálp í þessum efnum.

Ég hef að svo stöddu litlu við þetta að bæta, en vænti þess, að hin hógværa till. okkar nái fram að ganga.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Undanfarið hefur það komið fram, að mönnum þykir framlag ríkisins til byggingar læknisbústaða og sjúkrahúsa of lágt, einkum þegar um hin fámennari héruð er að ræða. Við í heilbrigðismálaráðuneytinu og landlæknir höfum ráðgazt um þetta, og fundum við þann mikla erfiðleika, að erfitt er að draga markalínuna í þessum efnum. Niðurstaðan varð svo sú, að ⅝ byggingarkostnaðarins skyldu greiðast úr ríkissjóði, og var frv. þannig flutt.

Nú hafa komið fram 2 brtt., önnur frá heilbr.- og félmn. og miðar hún að því, að styrkurinn sé aukinn í ⅘ í læknishéruðum, þar sem íbúar eru færri en 850. En hin brtt. er, eins og hv. þm. er kunnugt, frá hv. þm. Dal. og hv. þm. N-Þ., og vilja þeir láta heimildina haldast til þess að veita styrk allt að ¾ byggingarkostnaðar héruðum þeim, sem fámenn eru og afskekkt. Ég hef íhugað þetta nokkuð, og virðist mér, að ekki sé rétt að fara lengra í þessum styrkveitingum en sem nemur ⅝ byggingarkostnaðar, eins og ráð er fyrir gert í frv., og er ég þess fýsandi, að frv. verði samþykkt óbreytt, þó að ég hins vegar viti, að það er ekki gallalaust, en ef brtt. yrðu samþ., mundu fleiri ágallar koma í ljós.

Ég hef svo ekki fleiru við þetta að bæta, en hygg, að ekki sé ástæða til að gera þetta að kappsmáli, því að til mála getur komið að breyta þessu, ef ástæða þykir til síðar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mönnum er nú orðið það ljóst, að full þörf er á að auka styrk ríkisins til læknisbústaða og sjúkrahúsa, sérstaklega þegar um fámenn og fátæk héruð er að ræða. Ég er þeirrar skoðunar, að fámenn héruð geti ekki staðið undir þeim kostnaði, sem af þessum byggingum leiðir og þeim er ætlað að standa undir. Til dæmis um þetta vil ég nefna hér læknisbústað þann, sem byggður var í Reykhólahéraði og því var ætlað að standa undir. Útkoman varð sú, að héraðið gat hvorki staðið straum af lánum né viðhaldi og ríkissjóður var farinn að greiða allt kostnaðarverðið í vöxtum af lánunum, og að síðustu varð hann svo að greiða það upp. M. a. með skírskotun til þessa hef ég í Sþ. borið fram þáltill. um, að ríkið kosti alveg byggingu læknisbústaðar í Flatey, með því líka að ástand það, sem þar ríkir í þessum efnum, er algerlega óviðunandi. Ég álít því, að það sé ekki einungis nauðsynlegt, að þessi héruð eigi bústaði fyrir lækna, heldur er nauðsynlegt, að þau eigi bæði læknisbústaði og lyfjabúðir. Ég hef ekki viljað flytja brtt. á þessu stigi málsins, en hins vegar tel ég, að það sé lágmark, að ríkið greiði ¾ af byggingarkostnaði við bústaðina. En ég vil líka taka það fram, að mér finnst, að þessir embættismenn geti greitt fulla leigu, þegar þeim er séð fyrir góðum húsum. Það var byggður læknisbústaður á Bíldudal 1939, mjög vandaður bústaður, en vegna þvingunar af hálfu læknastéttarinnar var ekki hægt að leigja hann fyrir nema 600 kr. á ári, þó að sanngjörn leiga og eðlileg hefði verið 1800 kr., því að þarna var um 5 herbergja íbúð að ræða. Það virðist vera dálítið einkennilegt, að þessir embættismenn skuli sjálfir ráða, hvað þeir greiða í húsaleigu, og vildi ég gjarnan spyrja, hvort það sé í samráði við landlækni.

Þá væri líka fróðlegt að fá upplýst, hvort það sé staðreynd, að fé hafi verið fyrir hendi á árinu 1947, sem ætlað hafi verið til læknisbústaða og sjúkrahúsbygginga, en Patreksfjarðarhéraði neitað um það og féð heldur látið ónotað. Ef einhver sérstök ástæða er fyrir synjuninni, væri fróðlegt að vita, hver hún væri. Landlæknir hefur haldið því fram, að það mundu vera sömu erfiðleikarnir að fá lækni í Flatey, þó að þar væri læknisbústaður. Ég veit ekki, hvað landlæknir hefur fyrir sér í þessu. Í Flatey eru nú 314 íbúar, og það er einmitt verkefni landlæknis að ráða fram úr þeim örðugleikum, sem þarna eru í sambandi við þetta mál. Annars væri æskilegt að fá að vita hjá hæstv. ráðh., hvað heilbrigðisstjórnin hyggst að gera í því máli. Eftir 10. gr. l. um aðstoð við byggingar á læknisbústöðum og sjúkrahúsum virðist mér, að þar eigi allir jafnan rétt. Þess vegna vildi ég gjarnan fá upplýsingar um, hvers vegna Patreksfirðingum hefur verið synjað um aðstoð við að fullgera læknisbústað, sem þeir hafa í smíðum.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Barð. spurði um það, hvort þetta frv. væri flutt í samráði við landlækni. Því er til að svara, að þetta er flutt af heilbrigðisstjórninni, eftir að ráðgazt hafði verið við landlækni. Þó vil ég taka það fram, að engin skrifleg umsögn liggur fyrir frá landlækni.

Varðandi læknisbústaðinn á Patreksfirði þá er ég ekki reiðubúinn að gefa skýrslu um það mál. Hins vegar hygg ég, að ástæðan fyrir því, að ekki hefur fengizt fé til þessa bústaðar, sé sú, að það mun vera venja, að þau héruð, sem fengið hafa styrk til sjúkrahúsbygginga, fái ekki fé til byggingar læknisbústaða. Þá mun það líka vera venja, að fé er ekki veitt fyrr en bústaðurinn hefur verið samþykktur af heilbrigðisstjórninni, en slíkt samþykki mun ekki liggja fyrir varðandi þennan bústað. Ef heilbrigðisstjórnin hætti nú að gera þar

kröfur, væri fyrirsjáanlegur alger glundroði í þessum málum. Hins vegar mun þetta mál ekki vera útkljáð, og vil ég leyfa mér að skora á hv. þm. að tefja ekki það mál, sem hér er á ferðinni, með því að blanda þessu saman.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka ráðh., þó að ég sé í vafa um, að hann hafi fengið réttar upplýsingar í þessu máli eða þá að hann hafi fengið öll gögn. Hins vegar skal ég verða við þeim tilmælum að tefja ekki afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
Brtt. 307 (ný 1. gr.) samþ. með 6:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞÞ, ÁS, BBen, BK, EE, GJ.
nei: PZ, BSt.
SÁÓ, StgrA, BrB, HV greiddu ekki atkv.
5 þm. (HermJ, JJós, LJóh, PM, GÍG) fjarstaddir.
Brtt. 298 kom ekki til atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 12. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 326).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 55. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 56. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 326, n. 501).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Þetta mál er hingað komið frá hv. Ed. og var flutt þar af heilbr.- og félmn. samkvæmt ósk félmrh.
Frv. var breytt nokkuð í Ed. N. fór fram á ⅝ byggingarkostnaðar, en Ed. breytti þessu í ¾ og ⅘ til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli í læknishéruðum með færri íbúum en 850.
Heilbr.- og félmn. þessarar d. fellst á málið eins og það kom frá Ed., vegna þess að nú er orðið svo áliðið þings, en þó er n. ekki alls kostar ánægð með þá afgreiðslu. Ég veit þó ekki nema n. kunni að koma fram með brtt. milli umr., og áskilur hún sér rétt til þess að koma fram með brtt. til 3. umr.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Fyrir hönd heilbr.- og félmn. vil ég leggja til, að málið sé tekið af dagskrá í þetta sinn.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

39. Fiskiðjuver í Höfn í Hornafirði.

Á 38. fundi í Sþ., 28. jan., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um fiskiðjuver ríkisins í Höfn í Hornafirði** (þmfrv., A. 284).

Á 51. fundi í Ed., 30. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið.— Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Ég veit, að allir hv. þdm. minnast þess, að á síðasta þingi var flutt frv. um fiskiðjuver ríkisins að tilhlutun þáv. atvmrh. Þar var gert ráð fyrir, að ríkið reisti 4 fiskiðjuver, á Suðurnesjum, í Hornafirði, í Vestmannaeyjum og á Ísafirði, þannig að ríkið tæki að sér forustu í fiskiðnaði landsmanna eins og að undanförnu í síldariðnaðinum. Þetta frv. náði ekki samþykki eða öllu heldur dagaði uppi á síðasta þingi í Nd. og hefur ekki komið fram aftur á þessu þingi, meðal annars af því, að ekki hafa þótt vera sömu ástæður fyrir hendi gagnvart sumum af framangreindum stöðum, og kem ég nánar að því síðar. En hins vegar hef ég leyft mér ásamt hv. 1. þm. N-M. að flytja frv. um fiskiðjuver ríkisins í Höfn í Hornafirði. Það blandast engum hugur um það, að við höfum stórkostlega þörf fyrir að auka fiskiðnað okkar. Við höfum lengst af verið fiskveiðaþjóð, og var lengi vel eina fiskiðnaðaraðferð okkar að verka í salt, og vorum við komnir þjóða lengst í þeirri grein. Það hefur hins vegar gerzt í heiminum, að okkur er ekki nægilegt að framleiða góðan saltfisk, og höfum við því orðið að fara inn á nýjar leiðir.
Hv. þdm. muna, að upp úr kreppuárunum í kringum 1930 varð sú stefna ofan á að inniloka sem mest öll viðskipti með tollmúrum, og varð þá saltfiskmarkaður okkar mjög þröngur, og var þá farið inn á þá braut að byggja hraðfrystihús, og hefur fiskurinn að miklu leyti verið hraðfrystur síðan. Fyrst og fremst hefur þó verið um það hugsað að verka aðeins það verðmætasta af fisknum, þ. e. a. s. flökin, en hitt hefur að miklu leyti farið til spillis, svo að okkur vantar enn allmikið til að hafa náð gernýtingu aflans. Það er enn fremur kunnugt, að þegar kom fram á stríðsárin, þá jókst útflutningur á ísvörðum fiski til Englands. En nú er það uppi á teningnum, að ísfiskmarkaðurinn er lokaður nema fyrir togarana, sem sigla á England, og það litla af vélbátafiski, sem mun verða hægt að selja til Vestur-Þýzkalands. En þó að ísfiskmarkaðurinn væri mikill á stríðsárunum, þá er hann alltaf ótryggur á friðartímum, og verð-

ur þá alveg nauðsynlegt að auka möguleikana á því að hagnýta aflann, einkum þegar þess er gætt, að fiskiskipaflotinn hefur nær tvöfaldazt á tveim síðustu árum, eða vaxið úr 24400 smál. árið 1945 upp í 44200 smál. árið 1947 skv. upplýsingum Fiskifélagsins, og er þá enn ókominn helmingur nýsköpunarskipanna. Það er því augljóst mál, að við verðum að gæta þess alvarlega að hafa möguleika til að verka aflann, þegar veiðiskipin eru orðin svo mörg, og þá eru þeir möguleikar fyrir hendi — í 1. lagi að fjölga hraðfrystihúsunum, í 2. lagi auka niðursuðu, fiskúrgangsvinnslu, og fiskimjölsframleiðslu og í 3. lagi söltun, því að alltaf má gera ráð fyrir einhverjum saltfiskmarkaði. Það er því ljóst, að hefjast verður handa um að efla fiskmarkaðinn til þess að tryggja rekstur bátaflotans og afkomu útvegsmanna. Þessi nauðsyn er sérstaklega brýn á Hornafirði.

Ég gat þess áðan, að í frv., sem kom fram í fyrra, hefði verið gert ráð fyrir, að ríkið reisti fiskiðjuver á 4 stöðum. Á tveim þessara staða, Vestmannaeyjum og Ísafirði, hafa nú verið hafnar framkvæmdir í þessa átt fyrir forgöngu bæjarfélaganna og útgerðarmanna á staðnum, og hygg ég, að þetta sé aðalástæðan fyrir því, að frv. hefur ekki verið flutt aftur á þessu þingi. Á Hornafirði er hins vegar engin von til, að skapazt geti slík samtök, með því að þar eru ekki nema um 350—360 íbúar og útgerð ekki mikil. Þrátt fyrir það, að fámennt sé í Hornafirði, þá hefur þar verið aðalverstöð Austfjarðabátanna um 30 ára skeið. Þar voru alltaf fram undir stríð 30—40 vélbátar gerðir út til veiða. Aflinn var yfirleitt saltaður, en sú verkun féll niður á stríðsárunum, en í staðinn var fiskurinn fluttur ísaður til Englands. Á síðustu vertíð, þegar ísfiskmarkaðurinn lokaðist Englandi, þá var farið að salta aflann, en veiðin varð svo mikil, að miklum erfiðleikum var bundið að fá aflann saltaðan, og urðu bátar oft að liggja í landi, þótt gæftir væru, vegna skorts á húsrúmi til söltunar, eða þá að bátarnir urðu að fara með afla sinn til Austfjarðahafna, en það gerir alla útgerðina mun óhagstæðari. Á Hornafirði eru sem sé svipaðar aðstæður fyrir fiskveiðar og hér í Rvík fyrir vetrarsíldveiðarnar, og sýnir þetta, að það þolir enga bið, að byggja þarna fiskiðjuver og bæta þar með aðstæðurnar til að verka afla bátaflotans, og til þess er þetta frv. flutt. Það er, eins og ég sagði í upphafi, svipað því frv., sem flutt var hér á Alþ. í fyrra um fiskiðjuver ríkisins, og sé ég ekki ástæðu til að ræða það nánar, en vildi óska þess, að að þessari umr. lokinni yrði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 284, n. 394 og 413).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft þetta mál til meðferðar og afgreiðslu og haldið um það nokkra fundi og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Hv. 6. landsk. þm. (StgrA) vill láta samþykkja frv. óbreytt, og hefur hann gefið út sérálit um málið á þskj. 413 og mun gera grein fyrir sinni afstöðu í málinu. Hann vill láta samþykkja frv. óbreytt. En á það gat meiri hl. n. ekki fallizt.

Mál þetta var fyrst flutt á Alþ. hér á síðasta þingi og þá í sambandi við landshöfn í Hornafirði. Á þessu sama þingi var einnig flutt frv. um fiskiðjuver ríkisins á Ísafirði. Og enn fremur var þá flutt frv. um fiskiðjuver ríkisins. En þessi mál náðu engin fram að ganga.

Árið 1945 hóf fiskimálan. byggingu á fiskiðjuveri ríkisins hér í Rvík. Það var að vísu mjög dregið í efa, hvaða heimild fiskimálan. hefði til þess að ráðast í þá starfsemi, sem hún gerði þá á kostnað fiskimálasjóðs eða þess fjár, sem fiskimálan. hafði þá með höndum. En fiskimálan. mun þó telja, að hún hafi haft þá heimild í 14. gr. l. nr. 75 frá 1937. En þar er tekið fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórninni er heimilt að veita stofnunum, félögum og einstaklingum lán eða styrk úr fiskimálasjóði til þess, er hér greinir: 1. að koma á fót niðursuðuverksmiðjum fyrir sjávarafurðir eða styrkja niðursuðuverksmiðjur, sem fyrir eru; 2. að kaupa hraðfrystitæki í þau frystihús, sem samkvæmt áliti ráðherra og fiskimálanefndar eru vel sett og hæf til þess að frysta fisk til útflutnings; 3. að styrkja félög sjómanna, verkamanna og annarra til að kaupa í tilraunaskyni togara með nýtízku vinnslutækjum o. s. frv.; 4. að gera tilraunir til veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum og leita nýrra aflamiða; 5. að verka fisk eða aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, leita nýrra markaða" o. s. frv.

Það er tekið miklu nánar fram hér í l., til hvers má verja fé fiskimálasjóðs, en í aðaldráttum er verksviðið eins og ég hef tekið hér fram. — Í 5. tölul. þessarar gr. er enn fremur tekið fram: „Ríkisstjórninni er heimilt, ef henta þykir, að fela fiskimálanefnd einni ýmsar framkvæmdir samkvæmt framanskráðu, eftir nánari fyrirmælum ráðherra." Þetta er í raun og veru sú eina veika heimild, sem stjórn fiskimálanna hafði til þess að ráðast í þetta milljónafyrirtæki sem fiskiðjuver ríkisins er. Og það hefur mjög verið deilt um það, hvort ekki gæti talizt, að það þyrfti að fá aðra og meiri heimild til þess að koma slíku fyrirtæki á stofn. En út í það skal ekki farið nánar hér.

Kostnaður við stofnun þessarar stofnunar er hvorki meiri né minni en um 8 millj. kr. Og það hefur aldrei verið leitað annarra heimilda Alþ. fyrir þessum fjárútlátum heldur en þeirra, sem ég hef þegar lesið upp úr 14. gr. fyrrgreindra l. — Skuldir fiskiðjuversins í lok októbermán. s.l. munu hafa verið samkv. reikningum um 7,7 millj. kr. Og mér þykir rétt að lesa hér nokkuð upp, hvernig þessar skuldir skiptast hjá stofnuninni, með leyfi hæstv. forseta. Það er þá fyrst, að tekið hefur verið sem stofnlán lán hjá fiskimálasjóði 750 þús. kr. Fiskimálasjóður hefur fyrst lánað til þessarar stofnunar 750 þús. kr. og síðar annað lán, 515 þús. kr. Síðan hefur stofnunin fengið þriðja lánið, kr. 730689,85. Svo hefur fyrirtækið fengið lán, sem það skuldar, úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins, og ég sé ekki, hvaða heimild er til þess. En úr stofnlánadeildinni hefur fyrirtækið fengið að láni kr. 3333000,00. Þá er eitt lánið víxill í Landsbankanum upp á kr. 800000,00, sem ríkið mun ábyrgjast, eftir upplýsingum, sem ég hef fengið. Svo er skuld við styrktar- og lánasjóð fiskiskipa 400000.00 kr.

Auk þess er skuld við ríkissjóð kr. 301817,00 og skuld við bæjarsjóð Reykjavíkur kr. 150000,00 — Þessar skuldir er alls samtals kr. 6980506,85.

Allar þessar skuldir eru til komnar fyrir byggingarkostnað iðjuversins. En auk þess eru rekstrarlán, sem fyrirtækið skuldar, upp á 992600,00 kr. við Landsbankann, sem mér skilst, að ríkissjóður sé ábyrgur fyrir að mikla eða öllu leyti.

Þessar upplýsingar eru gefnar upp 27. ágúst 1947, og munu liðir þessarar skýrslu hafa eitthvað breytzt eða færzt til síðan. Byggingarkostnaður er 31. okt. 1947 alls 7705622,91. En þar er meðtalinn rekstrarhalli, sem orðið hefur á fiskiðjuverinu, 55 þús. kr. En auk þess eru ógunnar aðkallandi framkvæmdir við fiskiðjuverið fyrir rúml. eina millj. kr., eftir því sem hér er upp gefið frá fiskiðjuverinu. — Eftir upplýsingum, sem fyrir liggja, hefur fiskiðjuverið átt í mjög miklum fjárhagslegum erfiðleikum, sem heldur er ekki að furða sig á, þar sem svo mikil vaxtabyrði hlýtur að hvíla á fyrirtækinu, þegar tekið er tillit til allra þeirra lána, sem ég hef þegar bent á.

Með ráðherrabréfi, sem gefið var út í byrjun febrúar 1947, er gerð sú skipan, að báv. hæstv. sjútvmrh. skipar sérstaka stjórn til þess að annast rekstur fyrirtækisins, sem þá um leið er gert að sérstöku fyrirtæki með sjálfstæðu bókhaldi, en þeir, sem áður höfðu stjórnað fiskimálan., voru skipaðir í stjórn fyrirtækisins. Hvað sem segja má um þá heimild, er ég ræddi um áðan og taldi vafasama, þá var engin lagaheimild til þessarar ráðstöfunar, að reka þessa stofnun sjálfstætt. Til þess var alls engin heimild. En með l. nr. 89 23. maí s. l. er fiskimálan. lögð niður og skv. 1. gr. þeirra l. getur ráðh. falið stjórn fiskimálasjóðs störf fiskimálan. Í nóvember s. l. er svo enn gefið út bréf þess efnis, að þeir, sem fari með stjórn fiskimálasjóðs, fari einnig með stjórn þessa fyrirtækis, en fyrir því var heldur ekki heimild. Það má því segja, að fyrirtækið sé í hrakningum, rekið heimildarlaust á kostnað ríkissjóðs. Nú hefur þetta ekki hjálpað neitt til við reksturinn, enda hefur verið erfitt að afla rekstrarfjár til fyrirtækisins, og er það raunar ekki að undra, þegar svona er um hnútana búið, í stað þess að setja heildarlöggjöf um reksturinn. Reksturinn hefur líka orðið þannig, að fyrirtækið hefur orðið að selja út eða ráðstafa ýmsum þeim umbúðum, sem það þurfti á að halda, vegna þess að það gat ekki leyst þær út sökum fjárskorts. En umbúðir eru eitt af því allra nauðsynlegasta fyrir slíkt fyrirtæki, og sýnir þetta ljóslega, hvernig reksturinn gengur. Að öðru leyti hefur fiskiðjuverið einhverja þá beztu aðstöðu, sem fengin verður hér á landi. Það hefur ágæta höfn og nægilegt hráefni að vinna úr allt árið um kring, ýmist þorsk, flatfisk eða síld. Það hefur beztan aðgang að vinnuafli, því að vinnuframboð er hér langmest, svo að ég held, að hvergi sé hægt að benda á stað með hagkvæmari skilyrði. Þá hefur það einnig fyrstu útskipunar- og uppskipunarhöfn, og þarf því ekki að reikna með umhleðslukostnaði, en samt sem áður er rekstrarhallinn 31. okt. s. l. 55 þús. kr. og fjárhagurinn eins og ég hef lýst. Enn þarf að verja stórfé til fyrirtækisins, ef það á að kallast starfhæft. — Þegar þetta er borið saman við Höfn í Hornafirði, þá er aðstaðan þar öll önnur og lakari. Þar eru að vísu nóg verkefni, meðan vertíð stendur, en það er þó ekki nema 4—5 mánuði ársins í hæsta lagi. Þó skal ég ekki fullyrða um, hvað verða mætti, en svona hefur það verið, og vera má, að eitthvað aflist þar á öðrum tíma ársins en vetrarvertíðinni, en fyrir því er ekki fengin reynsla. En þó svo væri, að nægilegt hráefni fengist allt árið, þá er hitt augljóst, að öll önnur skilyrði eru þar verri. Hafnarskilyrði eru mun lakari og umskipun verður allt af kostnaðarsöm. Þá er miklu erfiðara að fá vinnufólk og mjög erfitt að staðbinda sérfræðinga á þessum stað. Um það verður því ekki deilt, að aðstaðan er öll miklu verri en hér í Reykjavík, og rekstur fiskiðjuvers yrði því enn óhagstæðari þar. Nú er gert ráð fyrir því í 1. gr., að þetta hraðfrystihús skuli geta fryst um 30 tonn af flökum miðað við 8 klst. vinnu, og verður þá helmingi stærra en hraðfrystihús fiskiðjuversins hér eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið hjá dr. Jakob Sigurðssyni, því að hraðfrystihúsinu hér er ætlað að frysta 30 tonn miðað við 16 klst. vinnu. Þá á niðursuðuverksmiðja þess fiskiðjuvers, sem hér er lagt til að reist verði, að geta soðið niður um 10 tonn á sama tíma, og er það svipað því, sem er í niðursuðuverksmiðju fiskiðjuversins hér. Þá kemur til greina, hvort ekki þurfi enn stærri geymslur þar, því að líklegt er, að útskipun þaðan verði ekki eins ör og héðan, og er því auðséð, að þetta fyrirtæki mundi að minnsta kosti kosta 3 millj kr., en ekki 4 millj. kr., eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. Þá bendi ég á, að í 6. gr. er ætlazt til þess, að fyrirtækið kaupi hráefnið af þeim, sem afla þess, eða útgerðarmönnum og sjómönnum fyrir verð, er miðist við markaðsverð, að frádregnum nauðsynlegum kostnaði, sbr. 8. gr., en 8. gr. kveður svo nánar á um þennan kostnað, en hann er í fyrsta lagi allur venjulegur rekstrarkostnaður, í öðru lagi fyrningargjald, í þriðja lagi 2% gjald af keyptu efni í varasjóð og í fjórða lagi skattar og útsvör. Með öðrum orðum, að fiskimenn fái ekki annað en verðmætið sem út úr rekstrinum fæst. Áhættan er lögð á þá, sem selja aflann, og segi ég ekki, að það sé óeðlilegt, en þá er bara engin trygging fyrir því, að þeir vilji láta aflann. Það gæti svo farið, að ekki fengist nema hálfvirði fyrir hann. Hygg ég því, að fljótt kæmu fram kröfur um, að afkoma þeirra, sem hráefnisins afla, yrði tryggð, ef frv. þetta verður að l. Það er staðreynd, að hér eru nú um 70 hraðfrystihús víðs vegar um landið, og eru þau ýmist í eign einstaklinga eða félaga, byggð með aðstoð hins opinbera. Hafa þeir, sem reist hafa slík hraðfrystihús, fengið hagstæð lán hjá fiskveiðasjóði, fiskimálasjóði og stofnlánadeild sjávarútvegsins, og hefur hið opinbera yfirleitt kostað kapps um að styðja slíka starfsemi. Að svo mörg hraðfrystihús hafa risið upp á síðustu árum, er annaðhvort af því, að um stórgróðafyrirtæki hafi verið að ræða, eða þá að styrkur hins opinbera hefur verið mikill, og hygg ég, að það síðara hafi jafnan ráðið. Í sambandi við hraðfrystihúsin hafa og verið reistar lýsisbræðslur og fiskimjölsverksmiðjur, eins og nauðsynlegt er. Sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að þróunin geti orðið sú sama á Hornafirði, og að sjálfsögðu ber því opinbera að styrkja slíka starfsemi þar sem annars staðar. Þá vil ég taka það fram, að sumir nm. telja, að með þessu frv. sé farið inn á nýja braut. Það er ljóst, að fjöldi staða muni telja sig hafa aðra eins kröfu um fisk-

iðjuver eins og Hornafjörður. Ég bendi t. d. á Bolungavík. Þar verður ekki deilt um aflaskilyrði, því að þar fæst aflinn allt árið um kring. Sama má segja um Húsavík, Ólafsfjörð, Dalvík og Þórshöfn og svo ýmsa staði á Vesturlandi aðra en Bolungavík, og á öllum þessum stöðum væri það geysimikið atriði, ef ríkisstj. setti þar upp 4 milljóna króna fiskiðjuver án nokkurra skuldbindinga héraðanna — ég held við þær 4 milljónir, sem frv. gerir ráð fyrir, þótt ég hafi sýnt fram á, að verkið muni kosta a. m. k. 8 milljónir. — Það er eðlilegt, að reynt yrði að reka þetta á einhvern hátt, þar sem ½% bruttó arður rennur beint inn í hreppinn, og er þetta ekki svo lítill hagur. Ég gæti t. d. trúað, að þm. G-K. þætti ekki afleitt, ef ríkið setti upp fiskiðjuver í Grindavík, Sandgerði og Keflavík.

Það má segja, að ekki sé meiri áhætta að byggja fiskiðjuver en t. d. síldarverksmiðjur, en bæði er það, að rekstur síldarverksmiðja ríkisins hefur farið alla vega, og er t. d. alveg vafasamt, að tekjur séu af rekstri þeirra í vetur, og ýmis ríkisrekstur gengur ekki betur en hjá einstaklingum, t. d. var 150 þús. kr. tap s. l. ár á rekstri samgangna milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, og var þetta þó eitt af allra eftirsóttustu sérleyfunum fyrir fáum árum og talið, að einn af bílakóngum landsins hafi grætt mest á þessari leið. En nú er 150 þús. kr. tap. Áður hef ég minnzt á önnur dæmi, og tel þau ekki upp, en þeir menn, sem telja varhugavert, að ríkið fari langt inn á þessi svið, hafa markað að nokkru af því afstöðu sína til þessa máls. Með tilvísun til þess, sem ég hef rakið, og með tilvísun til þeirrar skoðunar meiri hl. n., að rísið geti á Hornafirði atvinnufyrirtæki með aðstoð hins opinbera eins og annars staðar, þá legg ég til, að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, er hljóðar svo:

Með því að ljóst er, að skilyrði til að reka fiskiðjuver í Hornafirði á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv., eru á margan hátt lakari en þau, sem fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík á nú við að búa, en það á samkv. gögnum, sem fyrir liggja, í mjög miklum fjárhagslegum örðugleikum, og í trausti þess, að athugað verði, á hvern hátt annan ríkissjóður geti veitt útgerð í Hornafirði fjárhagslega aðstoð, er að gagni mætti koma, en væri ríkissjóði ekki jafnfjárfrek og áhættusöm, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Umr. frestað.

Á 74. og 75. fundi í Ed., 4. og 5. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Ed., 8. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Ég gat því miður ekki verið viðstaddur, er málið var fyrst tekið fyrir til 2. umr., og hlustaði því ekki á framsöguræðu hv. frsm. meiri hl. Ég veit því ekki, hvaða viðbótarrök hann kann að hafa komið fram með, og held mér við þau rök, sem koma fram í nál. á þskj. 394.

Það hefur verið mikið um það rætt, hve mikil nauðsyn þjóðinni sé á því að koma sér upp tækjum til þess að vinna verðmeiri vöru úr fiskinum. Í fyrra vetur birtist mjög áberandi skýrsla í einu af dagblöðum bæjarins, er sýndi, að Íslendingar stóðu þjóða fremstir hvað öflun fisks snerti. Aflamagn hvers fiskimanns var meira en annars staðar. En þegar reiknað var út til verðmætis, kom í ljós, að verðmætið fyrir hverja einingu var minna hér á sjómann en hjá öðrum þjóðum. Við höfum flutt út meginhlutann af fiskinum óverkaðan eða lítið verkaðan og því fengið lægra verð fyrir hann en aðrar þjóðir, er vinna úr honum ýmiss konar vörur og gera hann þannig verðmætari. Á þessu byggjast þær miklu umr., er farið hafa fram um nauðsyn Íslendinga á fiskiðnaði. Mér skilst, að flestir eða allir séu sammála um, að Íslendingar ættu að skapa sér aðstöðu til þess að fá meira verð fyrir fiskinn og afla sér þannig meiri tekna og meiri erlends gjaldeyris.

Nú bregður hins vegar svo kynlega við í sambandi við þetta frv., að meiri hl. sjútvn. og form. hennar koma með álit, sem er í raun og veru rökstuðningur fyrir því, að þetta sé of áhættusamt og að fiskiðjuverið við Grandagarð, er hafi betri aðstöðu, muni ekki hafa skilyrði til að bera sig. Ef þetta er rétt, er ekkert vit í því að fara inn á frekari tilraunir í þá átt að gera aflann verðmætari og ekkert vit í því, að ríkið taki að sér að byggja fiskiðjuver í Höfn í Hornafirði.

Sú rökst. dagskrá, sem meiri hl. n. leggur fram, felur raunverulega það í sér, að farið er fram á, að d. samþykki, að fiskiðnaðurinn sé vonlaus og ekki vert að hugsa frekar fyrir honum. Ég skal ekki segja, hvort d. vill samþ. slíkt. Ég vil ekki gera það. Ég hef því kiofið n. og skila sérstöku áliti á þskj. 413. Þar er það lagt til, að haldið verði áfram á þeirri braut að gera aflann verðmætari og að ákveðið verði sem einn liður í þeirri viðleitni, að ríkið láti byggja fiskiðjuver í Hornafirði.

Þessi afstaða mín byggist á því, að ég álít það gefið, að þessi iðnaður geti ekki aðeins borið sig, heldur sé líka mjög arðvænlegur, bæði fyrir þá, sem reka hann, og eins til að tryggja viðunandi verð fyrir hráefnið, þ. e. a. s. nýjan fisk til þeirra, sem sjóinn sækja. Þessi iðnaður er ekki áhættusamur, þegar til lengdar lætur. Þótt hallatímabil geti komið og óhöpp borið að höndum, er sú áhætta ekki það mikil, að ástæða sé til að láta hana fæla frá tilraunum. Hitt er einnig ómótmælanlegt, að ef unnið er úr fiskinum eins og unnt er, verður útflutningurinn miklu meiri og þar með tekjurnar í erlendum gjaldeyri. Það er því hagsmunamál allrar þjóðarinnar, að þessum iðnaði verði komið upp.

Það var rætt um það hér í sambandi við hafnarmál Hornafjarðar, hve aðstaða hreppsfélagsins er veik, er um fjárfrekar framkvæmdir er að ræða. Hér gildir líka það sama. Fjárhagslegt bolmagn er ekki fyrir hendi, og því er leitað til ríkisins. Þeir, sem hér hafa hagsmuna að gæta, eru smáútvegsmenn, dreifðir um fjölmarga staði á Austurlandi, og það er ekki mikil von til þess, að þeir hafi getu til að koma upp þessu fiskiðjuveri. Niðurstaðan er því sú, að leitað er til ríkisins um aðstoð.

Það er á misskilningi byggt, er meiri hl. n. leggur áherzlu á það, að þetta sé áhættusamt fyrir ríkið. Mér skilst, að samkvæmt frv. sé áhættan ekki lögð á ríkið, heldur þá, sem leggja inn fisk til vinnslu. Frá endanlegu verði til sjómanna á að draga allan rekstrarkostnað fyrirtækisins. Áhættan

lendir því á þessum aðilum. Ég skal ekki segja, hvort þetta er réttasta leiðin. Ég hef tilhneigingu til að álíta, að ríkið eigi líka að bera áhættuna, en nú er áhættan ekki ríkisins, heldur þeirra, sem fiskinn eiga að leggja inn.

Ég held, að ég hafi ekki ástæðu til að ræða þetta miklu frekar og það því fremur, sem ég hafði ekki tækifæri til að hlusta á ræðu hv. frsm. meiri hl. Málið liggur nokkuð ljóst fyrir, og ég geri ráð fyrir því, að öllum hv. dm. sé það kunnugt. Ef það er rétt, að nauðsyn sé fyrir þjóðina að vinna meira úr fiskinum en áður hefur verið gert, er útgerðarmönnum ekki síður en öðrum þessi nauðsyn brýn. Og ég held líka, að af þeim umr., sem orðið hafa hér í hv. d. um útgerðar- og hafnarmál í Höfn í Hornafirði, þá hljóti mönnum líka að vera það ljóst, að þessum framkvæmdum verður tæplega komið á fyrir forgöngu þeirra fátæku aðila, sem þar eiga fyrst og fremst hagsmuna að gæta, og það sé því eðlilegast í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir, eins og í sambandi við hafnarmálin þarna, að ríkið taki að sér að koma þessari framkvæmd á og skapa þessum útgerðarmönnum og sjómönnum á Austfjörðum aðstöðu til þess, þegar þeir koma í land með afla sinn, að geta eitthvað við hann gert og komið honum í verð, sem sæmilegt geti talizt, svo að þeir geti haft framfæri sitt af þessum atvinnuvegi áfram eins og hingað til. Og ég vonast til þess, ef þetta verður framkvæmt, að þeir tryggi sér betri afkomu í sinni atvinnugrein heldur en hingað til hefur verið.

Umr. frestað.

Á 77. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Ed., 15. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Forseti (BSt): Ég vil líta svo á, að umr. um þetta mál sé lokið, því að þegar ég tók það fyrir síðast og tveir hv. þdm. voru á mælendaskrá, þá var annar ekki við, hafði raunar fjarvistarleyfi, en hinn hv. þm. féll frá orðinu. Mun ég því líta svo á, að umr. sé lokið, og láta atkvgr. fram fara, ef enginn mælir því í gegn.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þegar málið var síðast tekið fyrir, gat ég ekki verið við sökum anna í fjvn., en hef hins vegar ekkert á móti því, að atkvgr. verði nú látin fram fara og fell frá orðinu.

Ásmundur Sigurðsson: Ég get einnig fallið frá orðinu.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 394 felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, ÞÞ, BK, GJ, GÍG.

nei: LJóh, PZ, StgrA, ÁS, BrB, HV, HermJ, BSt.

EE greiddi ekki atkv.

3 þm. (JJós, PM, BBen) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 9:3 atkv.

2.—13. gr. samþ. með 9:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. visað til 3. umr. með 9:5 atkv.

Á 79. og 81. fundi í Ed., 16. og 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

40. Húsaleiga.

Á 43. fundi í Sþ., 11. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu (þmfrv., A. 327).

Á 61. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs aðeins í því augnamiði að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki mál þetta út af dagskrá. Ég vil færa þá ástæðu fyrir þessu, að félmrh., hæstv. forsrh., sem þetta mál heyrir undir, mundi eflaust æskja þess að vera hér við umr. á fyrsta stigi málsins og geta lagt það til málanna, sem honum sýndist, en að því er ég bezt veit, er hann enn ekki kominn til bæjarins, þótt hann sé kominn til landsins.

Forseti (BSt): Mér þykir rétt að verða við þessum tilmælum hv. 1. landsk. þm. (SÁÓ) og tek rök hans til greina, en vil vænta þess út af meðferð þessa máls hér á dagskrá, að framvegis verði afgreiðsla þess ekki hindruð af því, að menn séu að forfallalausu fjarverandi úr hv. d., en í þessu tilfelli eru forföll hæstv. félmrh. þannig, að þau ber að taka til greina, og eins er um hv. þm. Seyðf. (LJóh), sem hefur tilkynnt sjúkdómsforföll, en hann hefur verið ákveðinn frsm. þessa máls, þótt skjöllin beri það ekki með sér.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég er í þeim meiri hl. heilbr.- og félmn., sem stendur að flutningi þessa frv., og get vel fallizt á þá ósk hv. 1. landsk. þm. (SÁÓ) að taka málið af dagskrá, en vil hins vegar láta það koma hér fram, að það var rætt við hæstv. forsrh. um þetta mál, áður en hann fór, og hafði hann ekkert við það að athuga, að málið yrði tekið fyrir, meðan hann yrði í burtu, en finnst hins vegar ekki nema eðlilegt, að forföll hæstv. forsrh. séu tekin til greina, þar sem hann er nú kominn til landsins og getur því verið hér í d. á næsta fundi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Ed., 16. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hv. þm. Seyðf. átti að hafa framsögu um mál þetta, en þar sem hann er ekki viðstaddur, hleyp ég í skarðið fyrir hann.

Það hafa komið fram margar óskir um að taka húsaleigul. til athugunar, og ýmislegt er það í þeim, sem menn vilja breyta, og sumir vilja jafnvel

láta afnema þau. N. hefur athugað þetta, og meiri hl. hennar hefur samþ. að flytja brtt. Aðalefni hennar er að heimila húseigendum að segja upp leigjendum.

Ríkisstj. skipaði nefnd manna til þess að taka húsaleigul. til athugunar og koma fram með breyt., sem til bóta mættu verða. Í nefnd þessari voru 3 menn, þeir Baldvin Jónsson hdl., Egill Sigurgeirsson hrl. og Gunnar Þorsteinsson. Þessi n. mun hafa skilað áliti fyrir hartnær tveimur árum og komið með ýmsar brtt. Hæstv. ríkisstj. hefur ekkert gert í málinu og takmarkað aðgang að álitinu nefndarinnar. Ég hef litið yfir það nál. í góðu tómi og tel, að sjálfsagt sé, að almenningur fái að sjá það.

Hvort tveggja er, að langt er síðan ég leit á nál. þetta og að ég leit á það þá sem trúnaðarmálefni, og mun ég ekki vitna í það að svo stöddu, en tel, eins og ég hef áður sagt, að almenningur og þm. eigi að fá að sjá það, og mun þá koma í ljós, hvort almannarómur er réttur eður eigi, en almennt er talið, að ekki séu meira en ⅔ leigjenda, sem búi í sömu íbúðum og fyrir stríð, en ⅓ hafi flutt á þeim tíma. Ekki er vitað, hvað margir af þessu eru húseigendur og hvað margir leigjendur, en hægt að sjá, að mestur hlutinn hefur flutzt síðan fyrir stríð. Þá er það og vitað, að húsaleigun. hefur leyft of háa húsaleigu, og mun hægt að koma með dæmi um það, að húseigendur hafi látið ný hús borga sig á 6 árum með því að leigja þau. Af þessu sést, að húsaleigunni hefur ekki verið haldið niðri eins og skyldi.

Þá liggur það einnig fyrir, að þegar borið er saman annars vegar hið aukna húsnæði, sem skapazt hefur við byggingu fjölmargra nýrra húsa, og hins vegar fólksfjöldinn, þá er húsnæðið tiltölulega meira en áður var. Menn hafa látið sér detta í hug að afnema húsaleigul. þau, sem nú gilda. Ég fyrir mitt leyti hygg, að þau minnki fremur framboð á húsnæði en auki það, og eru til mörg dæmi um það, en ég vil hér aðeins nefna eitt. Maður nokkur kom heim frá útlöndum eftir 6 ára dvöl ytra. Hann vantaði íbúð, en þrátt fyrir það að lausar íbúðir voru fyrir hendi, fékk hann hvergi leigt. Menn hugsuðu sem svo: „Ef ég nú hleypi honum inn í íbúðina, losna ég ekki við hann, þótt ég kunni að vilja það.“ Það fyrirkomulag, sem nú gildir í þessu, leiðir auk þess iðulega til óþæginda og ósamkomulags, vegna þess að fólk á ekki skap saman og getur ekki í neinu samið sig hvert að öðru. Komið hefur fyrir, að orðið hefur að fá fógetavald til þess að opna klósett og annað það, sem íbúar húsa hafa átt að hafa sameiginlega. T. d. varð einu sinni að fá fógetavald til þess að ná í eina sultukrukku inni í geymslu, sem húseigandinn vildi ekki lána leigjandanum lykil að.

Ég hefði talið sjálfsagt, að gengið væri lengra en gert er með þessu frv., en ég hygg, að það sé aðeins fyrsta sporið í rétta átt. T. d. hygg ég, að rétt væri að heimila bæjar- og sveitarfélögum að ákveða, hvort húsaleigul. skuli gilda í umdæmum þeirra eða ekki. Nú er mér kunnugt um, að eftir að álit mþn. þessarar lá fyrir, þá hafði ráðuneytið mál þetta til meðferðar, og fulltrúi í ráðuneytinu stakk upp á breytingum, sem í sumu gengu lengra en frv. það, sem hér liggur fyrir, en í sumu einnig skemmra. Ég leyfi mér að vænta þess, að hæstv. ráðh. skýri þetta, og væntanlega les hann einnig úr áliti mþn. Þegar litið er á það nál., verður að hafa það í huga, að síðan það var gefið út, hafa bætzt við margar nýjar íbúðir.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar að sinni, en vil benda á það, að frv. er flutt af meiri hl. n., og ég tel rétt að vísa því aftur til n., svo að n. öll fái athugað það sameiginlega, þrátt fyrir það að það komi frá n. Sérstaklega tel ég það nauðsynlegt vegna þess, að vænta má, að fram komi nokkrar brtt. Ég vil svo mælast til þess fyrir munn n. — og ég vona fyrir munn allra þm. —, að hæstv. félmrh. geri nál. mþn. þeirrar, sem ég hef hér minnzt á, kunnugt.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Rétt áður en ég fór utan, var ég á fundi með hv. félmn. og vissi, að hún hafði þá húsaleigul. til meðferðar. Félmrn. hafði þá haft þessi sömu l. til mjög gaumgæfilegrar athugunar, en taldi sig ekki þá þegar reiðubúið til að leggja fram till. um gagngerðar breyt. á l. þessum, og ég hygg, að þegar um jafnþýðingarmikið og viðkvæmt mál er að ræða, þá verði að fara gætilega í sakirnar, ef ekki á að skapast glundroði og óánægja.

Ég skal geta þess, eins og kom fram hjá hv. frsm., að skipuð var mþn. 28. ágúst 1946 til þess að athuga húsaleigul. gaumgæfilega og kynna sér ýmislegt í sambandi við þetta mál. Í n. þessa voru skipaðir þeir Baldvin Jónsson hdl., Egill Sigurgeirsson hrl. og Gunnar Þorsteinsson hrl. N. þessi starfaði lengi og viðaði að sér miklum og merkilegum gögnum og skilaði svo af sér mikilvægu áliti, greinargerðum og fylgiskjölum. N. varð sammála um, að stefna bæri að því að afnema húsaleigul. svo fljótt sem auðið er, en klofnaði svo um, hvenær ætti að framkvæma það. Minni hl. (Gunnar Þorsteinsson) vildi, að l. yrðu afnumin 14. maí 1948, en meiri hl. (Baldvin Jónsson, Egill Sigurgeirsson) taldi það ekki tímabært. Ég er sammála hv. frsm. um það, að sjálfsagt sé að láta félmn. þessarar hv. d. nál. það, sem hér er um að ræða, í té, og ég vil strax taka það fram, að ég er honum einnig sammála um að senda frv. þetta að þessari umr. lokinni aftur til n., svo að hún fái athugað það sameiginlega. Gerðar munu ráðstafanir til, að n. fái eintak af nál., og einnig nauðsynlegt, að ráðherrarnir, fasteignan. og þm. fái þetta nál. til gaumgæfilegrar athugunar, svo að það verður að sjálfsögðu fjölritað eða prentað á næstunni. Hins vegar þótti ekki rétt að gera þetta nál. opinbert, áður en ráðuneytið og Alþ. höfðu kynnt sér það.

Ég skal nú lesa nokkurn kafla úr niðurstöðu meiri hl. mþn., en hana skipa, eins og áður er sagt, þeir Baldvin Jónsson og Egill Sigurgeirsson. Þeir segja svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er skoðun okkar, að stefna beri að því að afnema núgildandi húsaleigulöggjöf eins fljótt og kostur er á, þó að ekki verði sagt með vissu, hvernig því verði komið í kring, enda verða hlutaðeigandi aðilar að taka ákvörðun á hverjum tíma á grundvelli þeirra upplýsinga, sem fyrir liggja í húsnæðismálunum. Við viljum benda á, að húsaleigulöggjöf sú, sem gilti í fyrra stríði, var ekki afnumin fyrr en 14. maí 1927.“ Svo heldur meiri hl. áfram og segir:

„Breyting á lögum þessum gæti talizt áfangi á leið til að afnema þau. Sérstaklega viljum við benda á eftirfarandi:

1. Að bæjar- og sveitarstjórnum verði veitt heimild til þess að ákveða, hvort ákvæði laganna skuli gilda í umdæmum þeirra eða ekki.

2. Að leigusala sé heimilt að segja upp leigðu húsnæði vegna fleiri skyldmenna heldur en nú er, t. d. systkina.

3. Tími sá, er leigusali hefur eignazt hús það, er íbúðin er í, sem sagt er upp, verði færður fram, t. d. til 1. jan. 1943, 1. jan. 1944, o. s. frv., eftir því, hvað langt væri talið fært að ganga.

4. Einstök herbergi, er leigusali leigir út frá íbúð sinni, verði tekin undan ákvæðum laganna.

5. Verzlunar- og skrifstofuhúsnæði verði tekið undan ákvæðum laganna.

6. Húsaleiguvísitala verði endurskoðuð og um leið athugaðir möguleikar á því að leyfa hækkun á gamalli leigu."

Þetta er niðurstaða meiri hl. n. En í álitinu er líka tekið fram, að afnema beri l., þegar hlutverki þeirra er lokið, og að það hafi aldrei verið ætlunin, að þau giltu endalaust. Ég er alveg sammála n. í því að stefna beri að því að afnema húsaleigul. í þeirri mynd, sem þau nú eru. En hitt tel ég vafasamt, að hægt sé að gera allar þær breyt., sem n. leggur til, án þess að það skapi glundroða í húsnæðismálunum og leiði til þess að gera ástandið verra en það nú er.

Þá vil ég geta um álit minni hl. n., Gunnars Þorsteinssonar hrl. Hann leggur til að lokum í sínu áliti:

1. Að ákvæði verði sett í l., að þau skuli falla úr gildi 14. maí 1948.

2. Að allt atvinnuhúsnæði verði gefið frjálst.

3. Að einhleypingsherbergi verði gefin frjáls.

4. Að uppsagnarfrestur leigusala verði rýmkaður þannig, að í stað orðanna „brýn þörf" í 1. gr. laganna komi orðið „þörf", að uppsagnarréttur nái til fleiri vandamanna, t. d. systkina, og eignarhaldsskilyrði 9. sept. 1941 verði fært til 1. jan. 1947.

5. Að það ákvæði verði sett í lögin, að ef leigutaki ekki noti íbúðarhúsnæði til íbúðar í 3 mán., hafi hann fyrirgert leigurétti.

6. Að fyrirstríðsleiga verði hækkuð um a. m. k. 100% eða jöfnuði komið á alla húsaleigu, þannig að sama leigugjald komi fyrir sambærilegt leiguhúsnæði.

Eins og þm. hafa nú heyrt, þá er ágreiningur um það í n., hvaða ráðstafanir eigi að gera. Meiri hl. n. vill smávægilegar breyt. á l. að þessu sinni, vegna þess að hann telur ekki tímabært að afnema þau nú þegar, en hins vegar er minni hl. á annarri skoðun. Þessi mál hafa verið til athugunar í félmrn., en ekki þótti rétt, að ríkisstj. kæmi nú með till. um breyt. á l., heldur var kosið að athuga málið nánar og hafa í því sambandi samráð við fasteignaeigendafélag Reykjavíkur og húsaleigun., og fól ég skrifstofustjóra félmrn. að gera till., sem samkomulag gæti ef til vill náðst um. Þessi tilraun var gerð, en samkomulag náðist ekki. Stjórn fasteignaeigendafélagsins vildi ekki ganga skemmra en það frv. gerir ráð fyrir, sem hér liggur fyrir, en hins vegar taldi húsaleigun., að ekki væri rétt að hrófla við húsaleigul. á þessari stundu. En þrátt fyrir þessa afstöðu húsaleigun. hygg ég, að hún geri sér ljóst, að þessi l. eiga ekki að gilda um aldur og ævi, heldur falla úr gildi, áður en langt um líður. Í sambandi við þessa athugun á húsaleigul. lét félmrn. rannsaka, hvort verulegar breyt. hefðu orðið í húsnæðismálunum hér í Reykjavík síðustu ár, því að í Reykjavík hafa ákvæði húsaleigul. mest áhrif. Við þessa athugun kom í ljós, að þrátt fyrir margar og miklar byggingar í Reykjavík á síðustu árum og tiltölulega miklu meira en íbúatala bæjarins hefur aukizt, þá hefur lítið raknað úr húsnæðisvandræðunum. Þetta stafar meðal annars af því, að allmikill fjöldi fólks er hér í bænum án þess að vera skrásettur hér. Íbúatala bæjarins er því nokkuð meiri en skrásetningin segir til um. En auk þess hefur bætt afkoma almennings gert það að verkum, að fjöldi manns hefur nú miklu stærri og betri íbúðir en áður, og má segja, að það sé vel farið, a. m. k. ef allir geta haft viðunandi húsnæði. Ég vil geta þess í þessu sambandi, að við, sem höfum fylgzt með verkamannabústöðunum, höfum orðið greinilega varir við þetta, því að á árunum 1930—'39 óskuðu flestir eftir 2 herbergja íbúðum, því að þeir treystu sér ekki til að ráða við meira, en nú óska menn undantekningarlítið eftir 3 herbergja íbúðum, og margir vilja hafa þær stærri. Það er gleðiefni, ef menn geta haft rúmgóðar íbúðir, en þurfa ekki að hírast í þröngum kytrum. En niðurstaðan er sú, að þrátt fyrir aukinn húsakost hér í Reykjavík eru enn húsnæðisvandræði, bæði er fólk húsnæðislaust og verður að flýja í skjól hjá sínum nánustu og auk þess er það staðreynd, að margar fjölskyldur verða að búa í bröggum. Ég vildi aðeins láta þessar upplýsingar koma fram og endurtaka það, að ríkisstj. er ekki reiðubúin að leggja fram till. í þessu máli, en hins vegar er málið í athugun annars staðar. Mér er ánægja að láta n., sem um þetta mál fjallar, hafa allar þær upplýsingar, sem hún kynni að óska eftir og félmrn. getur í té látið. En auk þess vil ég benda n. á, að heppilegt væri að leita umsagnar bæjarráðs Reykjavíkur, því að þeir aðilar hafa mesta reynslu af kostum og göllum þessara laga.

Að lokum vil ég svo taka það fram, að ég treysti mér ekki til að mæla með því frv., sem hér liggur fyrir, af þeim ástæðum, er ég nú hef rakið.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þegar meðnm. minir í heilbr.- og félmn. ræddu um það við mig, hvort ég vildi verða meðflm. að þessu frv., var ég ekki viðbúinn að svara því og fékk frest til þess að hugleiða málið. Þegar ég hafði hugleitt málið, taldi ég mig ekki geta fylgt málinu og enn síður algeru afnámi húsaleigul., þó að ég hins vegar gangi þess ekki dulinn, að húsaleigul. missa að mörgu leyti marks frá því, sem þeim í upphafi var ætlað.

Þegar þessi l. í upphafi voru sett, þá voru þau næsta gagnleg og komu í veg fyrir óhóflega hækkun húsaleigu, og að einhverju leyti gera þau það enn. En hins vegar er upplýst, að einungis ⅔ bæjarbúa búa í sömu íbúðunum og þeir höfðu þá. Aftur á móti hafa ⅓ horfið úr því húsnæði, sem þeir þá höfðu, og má gera ráð fyrir, að þeir njóti því ekki verndar húsaleigul. En þó að þau séu ekki nema ⅔, sem njóta verndar húsaleigul., þá er samt hæpið að nema þau úr gildi á þessu stigi málsins. Að sjálfsögðu verður því ekki neitað, að húsaleigan samkv. húsaleigul. er sums staðar svo lág, að hún nægir vart fyrir viðhaldi, en í fleiri tilfellum mun þó hafa náðst samkomulag um nokkra hækkun og þannig tekið tillit til breyttra aðstæðna.

Aftur á móti hefur þetta sums staðar leitt til styrjaldar milli húseigenda og leigjenda, en slíkt er ekki almennt, og tel ég, að flm. geri of mikið úr þeirri hlið málsins. Þó að ég sjái mér ekki fært að fylgja þessu frv., þá játa ég, að það er ástæða til verulegra breytinga á þessum l., en það eru flest breytingar, sem koma ekki fram í þessu frv. Ég tel t. d. mikla ástæðu til, að lækkuð verði húsaleiga í gömlum húsum, sem nú eru leigð út með okri, en þeir, sem ekki hafa fengið nema vísitöluhækkun, sem mun vera 46 stig frá því að húsaleigul. voru sett, eiga að mínu áliti rétt á sanngjarnri hækkun. Eins og hæstv. forsrh. tók fram í ræðu sinni, þá liggja fyrir ýmis veigamikil gögn í þessu máli, og vænti ég, að þm. verði gefinn kostur á að sjá þau, en þau ekki látin vera leyndarmál nokkurra nm.

Ég er sannfærður um, að ef þessi rýmkun á húsaleigul. nær fram að ganga, þá mun mikið af því húsnæði, sem nú er leigt út á hóflegu verði, fara á svartan markað, og er það sannarlega ekki til bóta, jafnvel þó að það kvæði niður eitthvað af því ósamkomulagi, sem nú er. Af þessum orsökum er ég á móti niðurfellingu húsaleigul. og andvígur þeim breyt., sem hér er lagt til, því að ég tel, að þær bæti ekki úr þeim agnúum, sem á l. eru, en hins vegar muni þær leiða af sér mikla hættu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Lengi fram eftir var það einkamál Íslendinga að byggja yfir sig hús og eiga og leigja öðrum. Það opinbera taldi sig þá ekki þurfa að hafa aðra eða meiri íhlutun um þau mál en aðstoð bankans með veðdeild til þess að lána út á byggingarnar.

Seinna meir komst Alþ. á þá skoðun, að þetta væri svo mikið nauðsynjamál fyrir almenning í landinu, að það þyrfti að veita aðra og meiri hjálp en fram að þessu hefði verið veitt af hálfu bankans, sem lengi framan af var mjög lítil. Þá var horfið að því að semja l. um verkamannabústaði. Þær framkvæmdir hafa svo fengið vaxandi fjárhagslega aðstoð frá Alþ. allt til þessa dags. Og þessi hjálp er nú svo mikil, að árlega leggur ríkissjóður fram stórar fjárhæðir til þess að standa undir því að byggja upp í bæjum og sveitum landsins.

Það verður ekki annað séð en að þetta spor hafi markazt aðallega af því, að löggjafarvaldið hafi álitið þetta svo mikið nauðsynjamál fyrir lífsafkomu fólksins og þess vegna hafi verið teknar þessar ákvarðanir.

Það vekur því furðu, að jafnhliða og þetta hefur verið gert, skuli vera ráðizt á þá aðila jafnóhæfilega og hefur verið gert með húsaleigul., sem tekið hafa að sér það hlutverk, sem Alþ. telur nú sjálfsagt, að ríkissjóður taki nú að sér, vegna afkomu fólksins í landinu. Og þetta er því einkennilegra, þegar hægt er að sýna hvar sem er, að þetta er eina stéttin í landinu, sem ráðizt hefur verið svona harkalega á. Þessi aðferð hefur verið svo róttæk, að það hefur ekki valdið neinum ágreiningi, þótt haldið hafi verið fram öðru, að þau ákvæði stríði á móti ákvæðum stjskr. Ég held líka, að ekki verði um það deilt, að ekki verði hægt að ganga nær því að brjóta stjskr. en gert hefur verið á þennan hátt. Og það er því undarlegra sem það er viðurkennt af hv. Alþ., að nauðsynlegt sé að veita stórkostlegar fjárhæðir til þess að auka húsnæði og byggja yfir fólkið í landinu.

Þegar húsaleigul. voru samin, þóttu slíkar ráðstafanir nauðsynlegar vegna hinna erlendu manna í landinu, sem nokkur hætta þótti á, að mundu taka húsnæði frá fólkinu í landinu. Nú er það vitað, að húsaleigul. komu aldrei alveg í veg fyrir, að húsnæði væri leigt til framandi manna, sem engin skylda var til. Annars vegar tóku þeir þetta húsnæði með valdi og hins vegar með samningum. Við þetta gátu húsaleigul. ekki ráðið. Þessi höft voru sett í því trausti, að annað væri ekki látið stiga í verði, hvorki landbúnaðarafurðir né vinnulaun í landinu.

Þegar litið er á það, að allar lokur hafa verið teknar frá í launagreiðslum til manna, hvort sem það eru embættismenn eða verkamenn, og allar tekjur hækka nema hjá þeim mönnum, sem hafa verið svo óheppnir að eiga húseignir, sem þeir leigja út, og hafa kannske ekki aðrar tekjur en þær, sem húsaleigan gefur þeim, þá sjá allir, hve ósanngjarnt er að halda niðri tekjum þeirra einna af öllum landsmönnum, enda hlýtur hver maður að sjá, að hér er ekki um neitt réttlætismál að ræða.

Ég sé ekki, hvernig hægt er að verja það að ekki megi hækka húsaleigu við ákveðna menn, sem búa í gömlum húsum, þegar þeirra tekjur hafa verið hækkaðar á nákvæmlega sama hátt og hinna, sem búa í öðrum húsum. Og þegar svo er komið, að mikill meiri hluti íbúðanna hér í Reykjavík eru nýjar, byggðar fyrir margfalt kostnaðarverð, og þegar búið er svo að skipta um leigjendur, þannig að ekki er nema ⅓ gömlu leigjendanna í gömlu húsunum, þá eru þurrkaðar út þær ástæður, sem fyrir því voru að halda niðri húsaleigu.

Ég vil þá koma nokkuð að því, sem hæstv. forsrh. sagði í sinni ræðu. Hann sagði, að hvorki hann né ríkisstj. væru tilbúin að leggja til að breyta húsaleigul. Og í því sambandi minntist hæstv. ráðh. á n., sem hafði skilað áliti sínu fyrir næstum einu ári. Það mun vera mjög merkilegt álit, og vill hæstv. ráðh. senda heilbr.- og félmn. það, og er ég þakklátur honum fyrir það að vilja senda n. þetta álit, því að ég hygg, að það sé nauðsynlegt gagn varðandi málið hér á hv. Alþ. Ég vildi um leið spyrja hæstv. ráðh., hvort hann sæi sér ekki fært að senda n. þau gögn, sem komið hafa fram síðan, m. a. það allt, sem skrifstofustjóri í heilbr.- og félmrn. hefur samið um þetta, og hans till., sem hann hefur gert. Allt, sem sagt hefur verið og gert viðkomandi þessu máli, væri til upplýsinga fyrir n., og vænti ég, að hæstv. ráðh. láti n. það í té.

Hæstv. ráðh. upplýsti hér, að meiri hl. n., þeir Baldvin Jónsson og Egill Sigurgeirsson, hefði gert till. í málinu. Eftir þessar upplýsingar hæstv. ráðh. er ég alveg hissa á því, að ríkisstj. hefur ekki séð sér fært að byrja á framkvæmdum eftir till. n. Mér dettur ekki í hug að álíta, að þegar þessir þrír menn hafa lagt hér í svo mikla vinnu, að það hefði ekki verið rétt að taka þau atriði að minnsta kosti, sem n. var öll sammála um, og framkvæma þau eftir þeirra till. Og ef þau atriði hefðu verið tekin til greina, þá hefði breytzt mikið til batnaðar í þessu máli. Til dæmis leggja þeir til í þessari n., að heimilt sé sveitarstjórnum að hafa fullt ráð yfir þessum málum, þannig að þeim sé gefið það vald að ráða því, hvort haldið sé áfram að framkvæma húsaleigul. eða ekki.

Ég tel, að skylt hefði verið fyrir ráðuneytið að leggja fyrir Alþ. í frumvarpsformi þessar till., hvort sem Alþ. hefði viljað fallast á að breyta l. þessum í heimildarl. fyrir hvern stað á landinu. Ef ekkert hefði verið gert annað en þetta, þá hefðu sennilega flest sveitarfélög nema Reykjavík verið búin að afmá þetta fyrirkomulag húsaleigunnar.

Ég hef séð ummæli frá bæjarstjóranum á Seyðisfirði um þetta mál. Hann telur þessi lög vera sérstaklega bölvun fyrir þann stað, og talar hann sjálfsagt ekki út frá sjónarmiði húseigenda, heldur frá sjónarmiði bæjarins í heild, þar sem hann talar sem bæjarstjóri um málið.

Ég álít, að það hafi verið rangt af ríkisstj. að hafa ekki borið fram frv. til l. um þá breyt. á þessum l. að gefa sveitarstj. heimild til þess að fella niður þessi l.

Nú vil ég vita, hvort hæstv. ráðh. vill ekki fallast á þá till., að skipuð verði hlutlaus n. til þess að athuga þessi mál og fara með þau, því að húsaleigun. er ekki hlutlaus í málinu. Í húsaleigun. eiga húseigendur ekki neinn fulltrúa. Svo langt er gengið í þessu, að húseigendur fengu ekki neinn fulltrúa í n. (**SÁÓ:** Þeir hafa þar fulltrúa.) Fasteignaeigendafélagið hefur þar ekki neinn fulltrúa. Ef þetta væri Sjómannafélag Reykjavíkur, þá býst ég við, að hv. þm. teldi það ekki fullnægjandi, þó að einhver nm. hefði komið á sjó einhvern tíma, ef hann væri ekki kosinn af sjómannastéttinni.

Það er talað um, að segja megi upp húsnæði vegna nánustu skyldmenna. Hvers vegna er þessu haldið í sömu skorðum og áður var, alveg þvert á móti því, sem meiri hl. n. lagði til, að leyfilegt sé að segja upp herbergjum og verzlunarherbergjum, en það má heldur ekki segja þeim upp samkvæmt húsaleigul.? Nú er það þó vitað, að allan tímann hafa þeir menn, sem setið hafa í ónáð í húsum annarra manna í skjóli húsaleigul., margir hverjir leigt út frá sér fyrir margfalt hærri leigu en þeir greiða til húseigenda. Það hefur ekki verið hægt að koma lögum yfir þetta. Samt sem áður hefur ríkisstj. ekki viljað fara eftir till. mþn. um það að leyfa að segja upp húsnæði, til þess að þeir aðilar, sem óréttinum hafa verið beittir í mörg undanfarin ár, gætu eitthvað rétt sinn hag. En þótt ríkisstj. hafi ekki viljað láta neitt til sín taka í þessu viðkvæma máli, þá segir hæstv. forsrh., að það beri að stefna að því að afnema húsaleigul., en hann vill hins vegar ekki láta draga frá lokurnar nú og helzt ekki í einu lagi. En hvenær má þá vænta þess, að byrjað verði á því að draga frá fyrstu lokuna?

Það virðist bókstaflega ekki mega fara neitt eftir því, sem hér hefur verið lagt til. Það eru liðin nærri þrjú ár, síðan stríðinu lauk, án þess að nokkuð hafi verið linað á þessum l. Hvenær mega þessir aðilar vænta leiðréttingar, sem búa við þessi þrælal.? Ef það má ekki vera á þessu þingi, má þá mega vænta þess á síðari hluta ársins 1948? Ég sé enga ástæðu til þess að draga það svo lengi.

Ég tel heldur ekki neina nauðsyn að leita umsagnar bæjarráðs Reykjavíkur, sem yrði aðeins til þess að tefja málið, enda geri ég ráð fyrir, að bæjarráð hafi fengið þessar skýrslur. (**Forsrh.:** Nei.) Þá hefur hæstv. ráðh. ekki haft mikinn áhuga fyrir málinu, ef hann hefur ekki einu sinni látið þessa aðila fá að sjá þessar skýrslur, sem eru aðalgögn þessa máls. Ég get ekki skilið þetta öðruvísi en á þann hátt, að hér sé í fyrsta lagi andúð hæstv. ráðh. gegn því að hrófla nokkuð við málinu og í öðru lagi fullkomin hræðsla hjá hæstv. ráðh. um það, að hann geti ekki staðið á móti því, og þess vegna vill hann bíða. En sannleikurinn er sá, að það er svo komið í þessum málum, að ríkisstj. getur ekki lengur staðið svona aðgerðalaus.

Þetta er eitt af þeim málum í bænum, sem mest er talað um sem réttlætismál, og er afar viðkvæmt mál. Og það verður engri ríkisstj. stætt á því til lengdar að standa á móti þeirri leiðréttingu, sem sjálfsögð er. (**SÁÓ:** Á að fella hana á þessu máli?) Ríkisstj. hefur fallið á minna máli heldur en þessu, sannarlega.

Ég skal ekki ræða frekar ummæli hæstv. ráðh. á þessu stigi málsins. Ég er honum sammála, að málið fari aftur til n. Það hefur ekki verið brautrætt í n., sem ekki er von, því að minni hl. n. hefur ekki viljað ræða málið á þeim grundvelli, að hann vilji taka þátt í flutningi málsins. Ásaka ég minni hl. ekkert fyrir það, hann hefur sína afstöðu til málsins. Mér finnst eðlilegast, að málið fari nú til n., og þá sérstaklega eftir að þessi gögn koma fram. Það er ein af ástæðunum fyrir því, að málið er flutt nú, að þm. hafa aldrei fengið hin merkilegu gögn til þess að kynna sér þau. Ég get skilið það, að ekki hafi þótt heppilegt að birta þessi skjöl, en það hefði þá mátt útbýta þeim sem trúnaðarmáli til þm.

Hv. 3. landsk. taldi sig ekki geta eða vilja bera ábyrgð á því að breyta l. eða afnema þau. En er þá hv. 3. landsk. maður til þess að bera ábyrgð á því ranglæti, sem hér er framið? Það getur verið, að hann segi já við því. En sannleikurinn er sá, að það er enginn fær um að bera ábyrgð á slíku ranglæti.

Ég vil mótmæla því, sem hv. 3. landsk. þm. sagði, að enginn nm. í heilbr.- og félmn. vildi afnema l. Ég vil benda honum á, að upplýst var af frsm., að hann vildi í raun og veru láta afnema l., þó að hann til samkomulags vildi ekki fara lengra en frv. gerir ráð fyrir. Ég hef fyrir löngu viljað láta afnema l., og ég tel það alveg óverjandi að hafa þau eins og þau eru nú. Þetta er aðeins samkomulagsleið til þess að geta brúað bilið á milli þeirra, sem segja, að húsaleigul. séu nauðsynleg, til þess að visitalan stigi ekki upp úr öllu valdi, og hinna, sem telja þau aðeins til ills.

Eftir okkar till. á húsaleiga að vera undir eftirliti í landinu. En allir aðilar, sem um þessi mál hafa fjallað, eru sammála um það, að stefna beri að því að afnema l. En menn eru ekki sammála um, hvernig beri að haga þessu. Við viljum stiga sporið þannig að láta menn fá umráð yfir eignum sínum, en láta þetta samt vera undir verðlagseftirliti.

Hvað ætli hefði verið sagt, ef bannað hefði verið að hækka flutningsgjöld, t. d. hjá Eimskip með þeim skipum, sem það félag átti fyrir stríð? Hvers vegna tók ekki ríkið öll þessi hús til þess að vera eitthvað nær stjórnarskránni heldur en hún er með framkvæmd húsaleigul. og skilaði þeim svo aftur eftir stríð, eins og t. d. Bretar hafa gert? Það hefði verið nær. En í stað þess er mönnum bannað að taka aukagjald til þess að halda við húsunum. Og húsaleigan er byggð upp á því, að teknar eru skýrslur um það, hvað húseigendur sjálf-

ir hafa greitt í viðhald á þessu tímabili, en vegna þess að margir leigjendur sáu, að húseigendur gátu ekki gert við hús sín, hafa þeir orðið að gera það sjálfir. Ef húseigendur hefðu haldið við húsum sínum, eins og þeir gerðu fyrir stríð, þá væri sú vísitala nú ekki 140 stig, heldur eins og byggingarvísitalan 600 stig.

Ég held, að ekki sé hægt að benda á nein fantabrögð, sem menn hafi verið beittir, er jafnist á við þau, sem felast í húsaleigul. og eru látin koma niður á þeim mönnum, sem tekið hafa að sér að fullnægja þeim skyldum að byggja yfir fólkið í landinu.

Ég vænti nú, að þessi hv. d. sýni nú fullan skilning á þessu máli og samþykki þá minnstu kröfu, sem hægt er að bera fram, þá breyt. á l., sem felst í því frv., sem hér liggur fyrir.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Mál þetta hefur verið rætt, eins og skýrt hefur verið frá, í heilbr.- og félmn., og þess var óskað af einstökum hv. nm., að n. sem heild tæki þetta mál til flutnings. Ég svaraði því þá strax, að ég mundi ekki verða við þeim tilmælum. Ég lýsti mig andvígan frv., og ástæðurnar fyrir því eru þær, að með þessu frv., sem hér liggur fyrir, eru úr gildi felld þau ákvæði húsaleigul., sem kveða svo á, að óheimilt sé að segja upp leiguhúsnæði nema í einstökum tilfellum, eins og l. mæla fyrir um. Eftir stendur þá bann við hækkun húsaleigu. Það er fyrst og fremst það, sem eftir mundi standa af húsaleigul., ef þetta frv. yrði samþ. En eftir að búið er að afnema fyrra ákvæðið, um takmörkun uppsagnar, þá er síðara ákvæðið, um bann við hækkun húsaleigu, orðið einskis virði. Það er alveg fallið úr sínu gildi, því að það er alveg víst, að öll húsaleiga í bænum yrði seld á svörtum markaði. Við vitum, að öll húsaleiga, sem ekki takmarkast nú af þessu ákvæði, er seld á svörtum markaði. Reynslan hefur þannig sannað okkur þetta alveg tvímælalaust. Öllum leigusamningum yrði sagt upp, allt fram til þessa dags, og nærri undantekningarlaust mundi öll húsaleiga hækka í verði. Það er ekki hægt að gizka á, hvað þessi hækkun yrði mikil, en af þeirri hækkun, sem er í þeim húsum, sem vitað er nú um og þar sem hömlur uppsagnarákvæðisins koma ekki til greina, getur maður verið viss um, að þessi hækkun yrði stórkostleg.

Það eru þegar mörg tilfelli, þar sem húsnæði er selt á svörtum markaði, en ef þessi ákvæði yrðu felld úr gildi, eins og hér er lagt til, þá mundi verða hér að ræða um reglu, en ekki aðeins undantekningar. Þá mundi þetta og hafa í för með sér, að allar húseignir mundu stórhækka í verði.

Þetta frv. er borið fram af fulltrúum flokka, sem mest hafa talað um dýrtíðina og mikið um fórnir, sem þyrfti að færa af öllum borgurum þjóðfélagsins vegna dýrtíðarinnar. En hvað segir nú hæstv. ríkisstjórn, sem þykist standa í heilögu stríði gegn dýrtíðinni? Það væri nauðsynlegt fyrir hv. þdm. að fá skýrt svar við því. Hæstv. forsrh. hefur þegar talað í þessu máli, og það komu ekki skýr svör fram hjá honum. Hæstv. forsrh. sagðist vera hlynntur því, að stefnt yrði að því, að húsaleigul. yrðu afnumin. Hins vegar sagðist hann ekki vera við því búinn að samþykkja þetta frv. eins og það væri, heldur vildi hann vísa því til n. til athugunar, ef náðst gæti samkomulag um breyt. á því. Ég vil taka fram, að ég óska ekki eftir því, að málinu verði vísað til n. aftur. — Ég hef þar enga ósk fram að færa, vegna þess að ég álít, að þetta frv. eigi að fella strax nú við 1. umr. — Hæstv. ráðh. hefur þess vegna ekki gefið nein skýr svör við því, hver afstaða hans er í þessu máli, og því síður, hver afstaða ríkisstj. allrar sé í þessu efni. En það er nauðsynlegt fyrir Alþ. og þjóðina að fá að vita um það, og vil ég þar taka undir með hv. síðasta ræðumanni.

Því hefur verið haldið fram, og því var haldið fram nú af hv. frsm. þessa máls, að um 2/5 af þeim húsaleigusamningum, sem nú eru í gildi, væru frá því fyrir stríð, þó þannig að eitthvað af þessum 2/5 íbúðanna kynni að vera húsnæði, sem er í húsum, sem þeir, sem í húsunum búa, eiga sjálfir. — Hvaðan hefur hv. þm. þessa tölu? Ég hygg, að hann hafi þessa tölu frá Fasteignaeigendafélaginu og frá athugun, sem það félag hefur gert. Þessi athugun hefur verið gerð þannig, að það hefur verið gert úrtak úr fáeinum götum á þann hátt, að ekkert er að marka þessa tölu. Þess vegna geri ég ekkert með þessa tölu. En þessi tala skiptir mjög litlu í þessu sambandi, vegna þess að það eru ekki aðeins leigusamningar, sem gerðir hafa verið fyrir stríð, sem hér koma til greina, að yrði sagt upp, ef þetta frv. yrði að l., heldur yrðu það allir leigusamningar, sem gerðir hafa verið til þessa dags, og með þeim afleiðingum, að húsaleigan mundi yfirleitt alls staðar hækka. Og í flestum tilfellum mundi húsaleigan stórhækka einnig í nýjum húsum. Það er nú svo, að það er mjög algeng regla, að þegar menn fá húsnæði í nýjum húsum, þá verða menn að borga stóra upphæð, þegar menn fara í íbúðina, auk leigu. Mér skilst, að ef þetta frv. yrði að lögum, þá væri hægt að segja upp öllum leigusamningum, líka í nýjum húsum. Og ef þeim væri sagt upp, þar sem ekki er um að ræða leigusamninga til ákveðins tíma, þá þyrfti leigjandi að gera nýjan leigusamning og borga sömu upphæðina að nýju til þess að komast inn í íbúðina. T. d. ef hann hefur borgað 15 þús. kr. fyrir utan húsnæðið til þess upphaflega að komast inn í íbúðina, þá yrði hann sennilega að borga aftur þessar auka 15 þús. kr. — Ég álít, að þegar á allt er litið, þá sé það að samþykkja þetta frv. miklu verra heldur en hreint og beint afnám húsaleigul., vegna þess að hvort tveggja mundi hafa sömu áhrif í þá átt að hækka leigu eftir allt húsnæði í bænum. En það væri bara sá munur á þessu tvennu, að ef húsaleigul. væru afnumin, þá vissu menn nokkurn veginn, hver húsaleigan væri. Þá væru afnot húsnæðis seld á frjálsum markaði. En með því að samþykkja þetta frv., þá yrði þetta selt á svörtum markaði. Og með samþ. þessa frv. yrði þá viðskiptaspillingin, sem á sér nú of mjög stað í sölu á húsnæðisafnotum, gerð að reglu, þannig að þetta yrði verra en afnám húsaleigulaganna.

Hver eru rökin, sem færð eru fram fyrir þessu frv.? Hjá hv. síðasta ræðumanni voru það aðalrökin, að hann taldi l. ranglát gagnvart húseigendum. Rökin eru í fyrsta lagi, að þessi l. komi hart niður á húseigendum, og hv. þm. lagði sérstaka áherzlu á þetta atriði. En þetta höfum við alltaf vitað. Og þetta var vitað, þegar húsaleigul. voru sett, að þau kæmu hart við ákveðna menn. En

þau voru sett samt, af nauðsyn. Og spurningin er heldur ekki um það, hvort þau koma hart við einstaka menn, því að það er vitað, að þau gera það, heldur um hitt, hvort nauðsyn hefur verið fyrir hendi, sem gerði það rétlætanlegt að setja þessi l., og hvort sú nauðsyn sé enn fyrir hendi. Og ég er þeirrar skoðunar, að það sé engu minni nauðsyn á þessum l. nú heldur en var, þegar húsaleigul. voru sett. Það voru meira að segja minni hömlur á húsbyggingum, þegar l. voru sett, heldur en eru nú.

Hinn tilgangurinn með þessu frv. á svo að vera sá að gera mönnum kleift að losna við óþolandi leigjendur. Nú vita hv. flm. frv. vel, að það er hægt að losna við óþolandi leigjendur samkv. húsaleigul. Hv. flm. bera það kannske fyrir sig, að reynslan sé sú, að erfitt hafi verið að losna við þessa leigjendur. En hver er þá kominn til að segja til um það, hvort þær kærur, sem um hefur verið að ræða, hafa verið á rökum byggðar? Ef húseigendur hafa ekki getað losnað við leigjendur, verður maður að órannsökuðu máli að gera ráð fyrir, að kærur í þessu sambandi, sem fram hafa verið bornar, hafi ekki verið á rökum reistar. — Annars held ég, að þessi ástæða hv. flm. frv. sé tylliástæða. Tilgangurinn með þessu frv. er sá að gera húseigendum kleift að hækka húsaleiguna. Tilgangurinn er að afnema húsaleigul., eins og viðurkennt er. Og þau ákvæði þeirra, sem gagn er að, yrðu afnumin, ef þetta frv. væri samþ. Og afleiðing þess yrði verra ástand heldur en mundi verða, ef þau l. væru hreinlega afnumin.

Önnur röksemd hv. flm. fyrir frv. er það, að það sé ekki jafnmikið húsnæðisleysi í bænum, eða þurfi a. m. k. ekki að vera, eins og þegar húsaleigul. voru sett, því að í mörgum húsum í bænum standi íbúðir auðar. Og hv. flm. þessa frv. kenna húsaleigul. um, að svona sé. Hvað fyrri röksemdina snertir, þá tel ég hana furðulega fjarstæðu og alveg furðulegt, að slíku skuli vera haldið fram af mönnum, sem vita, hvernig ástandið er í þessum bæ, sem hafa lesið skýrslu héraðslæknisins frá 27. jan. 1947, sem þó var heldur ekki annað en byrjun á skýrslu. En samkvæmt þeirri bráðabirgðaskýrslu voru á þessum tíma 652 heilsuspillandi íbúðir, sem búið var í. En þessi athugun náði aðeins til kjallara og bragga. Og sú athugun, sem gerð var þarna, var heldur alls ekki tæmandi. Það var ekki búið að athuga allar þær upplýsingar, sem n., sem sett var af hálfu ríkisstj., hafði óskað, að aflað væri. Þetta er því alls ekki tæmandi. Og ég geri ráð fyrir því, að það sé ekki ofmælt, að heilsuspillandi íbúðir í Reykjavík, sem búið er í, séu um 1000. — Hv. flm. hefur haldið því fram, að hlutfallið á milli íbúða og fólksfjölda í Reykjavík sé hagstæðara nú en það var 1939 og að árið 1939 hafi ekki verið húsnæðisleysi. Þessar tölur um hlutfallið á milli íbúa í bænum og húsnæðismagnsins, sem mælt er í fermetrum, gefa náttúrlega alveg skakkar hugmyndir um ástandið í þessum efnum, og það, sem dregið hefur verið út af þessu hér, er alveg byggt á röngum forsendum. Í fyrsta lagi er það staðreynd, sem ég býst við, að allir séu sammála um, að fólki er nú kleift að búa í miklu stærra húsnæði en áður var. Og auk þess er fjöldi manna hér í Reykjavík, sem er ekki skráður hér á manntali, þannig að fleira fólk er í bænum en manntalsskýrslur gefa til kynna. Og annað atriði í þessu máli er, að 1939 var stórkostlegt húsnæðisleysi. Þá var búið í á annað þúsund bönnuðum íbúðum hér í bænum samkv. skýrslum. En þetta var af því, að kaupgetan var þá lítil hjá mörgu fólki, menn sem sagt höfðu ekki efni á því að búa í mannabústöðum. Það er skýringin. Þannig eru þessar tölur um hlutfallið á milli húsnæðis og íbúafjölda í bænum byggðar á alveg röngum forsendum.

Þá er það hin fullyrðingin, um auðu íbúðirnar. Hún mun líka vera höfð eftir Fasteignaeigendafélaginu. Ég veit ekki til þess, að fyrir liggi um þetta neinar skýrslur, enda hygg ég, að erfitt mundi vera að fá þær. Það er ákaflega hægt um vik að ýkja þetta stórlega. Og ég er ekki í vafa um, að þetta muni vera ýkt, þó að vitanlega séu til auðar íbúðir í bænum. En í áróðurs skyni, álít ég, að þetta hafi verið ýkt. En ráðið til þess að láta íbúðir ekki standa auðar, það er vissulega ekki það, sem felst í ákvæðum þessa frv. Ef þetta frv., sem hér liggur fyrir, yrði að l., þá yrði allt leiguhúsnæði stokkað upp að nýju og skipt um leigjendur. Og ég hygg, að upp úr því mundi ekki koma meira húsnæði til afnota í bænum, heldur sennilega fyrir færra fólk en áður, því að margir, sem eru vel efnum búnir, mundu nota tækifærið til þess að stækka við sig húsnæði, sem þeir sjálfir nota. Og ráðið við þessu er því ekki að samþykkja þetta frv., heldur að gera ráðstafanir til þess, að ákvæði húsaleigul. verði framkvæmd, sem banna, að íbúðir standi auðar. Annars virðist mér, að hér sé um greinilega hugsunarvillu að ræða, — því að hvers vegna standa íbúðir auðar? Því hefur verið haldið fram, að það sé vegna þess, að húseigendurnir væru margir svo löghlýðnir, að þeir vildu ekki selja afnot þeirra íbúða á svörtum markaði og ekki hærra en lög leyfðu. Og að þetta frv. eigi að bæta úr því, er hugsunarvilla, eins og hver maður sér. Ef sagt er, að menn vilji ekki leigja fyrir hærra verð til þess að brjóta ekki l., eins og þau eru nú, þá gildir það sama um lagabrot hvað þessu við kemur, þó að frv., sem hér liggur fyrir, yrði samþ., því að eftir l., þó að frv. þetta væri samþ., er ekki leyfilegt að hækka húsaleiguna. Að því leyti hefði samþykkt frv. ekkert gildi.

Hv. frsm. segir, að ástæðan til þess, að menn vilji ekki taka fólk í húsnæði hjá sér, sé sú, að menn geti ekki losnað við það aftur. En það er ekki þörf fyrir menn að svara þannig og því ekki ástæða til að bera þetta fram til stuðnings þessu frv. Það eru til ráð til þess að losna við leigjendur, sem teknir eru inn í húsnæði. Það er hægt að leigja mönnum til ákveðins tíma og tryggja, að þeir fari, t. d. með því að láta þá skrifa undir uppsögn fyrir fram, sem taki gildi eftir ákveðinn tíma. Og það er oft gert.

Ég tel nú næsta furðulegt, að svona frv. skuli vera komið frá n., sem kallar sig heilbrmn., á sama tíma sem vafalaust ekki færri en eitt þús. heilsuspillandi íbúðir eru notaðar í Reykjavík og fjöldi fólks býr í bröggum og grenjum, sem ekki eru mannabústaðir. Það er næsta furðulegt, að svona till. skuli koma fram frá fulltrúum flokka, sem telja sig vera í heilögu stríði gegn dýrtíðinni í landinu. Raunar mátti alltaf við því búast, að festing vísitölunnar leiddi til þess, að menn hefðu minni áhuga fyrir því að halda í skefjum hinni raunverulegu dýrtíð. Og þetta var tekið fram í umr. um dýrtíðarfrv. í vetur. Raunar má svara því, að hækkun á húsaleigunni hafði ekki áhrif á framfærsluvísitöluna, áð-

ur en dýrtíðarl. voru samþ., nema að því leyti, sem húsaleiguvísitala hagstofunnar, sem miðuð er við aukinn viðhaldskostnað á íbúðum, kemur til greina. En á því mundi vera illa stætt til frambúðar, eftir að öll húsaleiga hefði hækkað, eins og hún mundi gera, ef þetta frv. yrði að l. En þrátt fyrir allan áhuga hv. flm. þessa frv. fyrir baráttunni gegn dýrtíðinni þá eru þeir svo viðkvæmir fyrir rétti húseigenda, að þeir horfa ekki í þetta. O-jæja, þessir hv. þm. voru ekki eins viðkvæmir fyrir rétti launþega, þegar þeir greiddu atkv. með því, að ógiltir yrðu löglegir samningar allra verklýðsfélaga á landinu og þar með lækkað kaup allra launþega um 8½%, svo að viðkvæmnin fer sýnilega eftir því, hverjir í hlut eiga.

Ég vona nú, að þetta frv. verði felt. Og ég mun greiða atkv. á móti frv. þegar við 1. umr.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég tel rétt á þessu stigi málsins að láta mína afstöðu til þess koma fram, þó að minir flokksmenn hafi talað hér. Ég hef nokkur kynni af þessum málum, ekki síður en þeir húseigendur, sem hér hafa talað fyrir þessu frv. Og það tel ég enga tilviljun, að þeir, sem beita sér fyrir þeim breyt., sem stefnt er að með flutningi þessa frv., sem hér liggur fyrir, eru í hópi húseigenda. Með hliðsjón af því tel ég mig í hópi leigjenda, og mér skilst, að þeir megi gjarnan eiga hér málsvara í hv. þd., ekki síður en húseigendurnir, sem eiga sterka málsvara hér. — En það er kaldhæðni örlaganna, að fulltrúi bændanna einn, hv. 1. þm. N-M., skuli hafa gerzt flm. að þessu frv. Kannske hann hafi verið sendur af bændum austur í Norður-Múlasýslu til þess að þrengja kjör smælingjanna hér í Reykjavík? Ég tel vísast, að sízt mundi honum hafa verið falið það umboð af kjósendum hans í Norður-Múlasýslu, því að það er svo, að baráttan í þessu máli er barátta þeirra mörgu smáu og hinna miklu færri, sem taldir eru bjargálna menn hér í bænum. Yfirleitt eru leigjendur menn, sem ekki hafa haft efni eða getu til þess að byggja yfir sig hús. Það eru reyndar til menn, sem eru leigjendur og hafa notað sér réttindi, sem leigjendum eru veitt með húsaleigul., og eru leigjendur þess vegna. En yfirleitt er í þessu efni um að ræða hagsmunabaráttu milli hinna fátæku annars vegar og hinna efnuðu hins vegar hér í bænum og annarra, sem hús eiga. Og húsaleigul. voru í upphafi sett til þess að koma í veg fyrir, að hér skapaðist óhæfilega hátt verðlag á afnotum af húsnæði í landinu, og með því var reynt að hafa áhrif á verðlagið í landinu, til þess að það hækkaði ekki upp úr öllu valdi. Þetta var líka einn þátturinn í því að vernda þá fátæku í landinu gegn óhæfilegu braski í sambandi við þessi mál, sem alltaf fylgir verðþenslu á stríðstímum. Þannig varð verðþensla í húsaleigumálunum í fyrra heimsstríðinu, sem hefði endurtekið sig í sömu mynd, ef l. hefðu ekki verið sett til þess að reyna að koma í veg fyrir það. Ég er orðinn það gamall, að ég get sagt um það, hvernig ástandið var, áður en húsaleigul. voru sett í fyrra stríðinu. Og nákvæmlega það sama hefði orðið upp á teningnum, að því er snertir síðari stríðstímann, ef húsaleigul. hefðu ekki verið sett árið 1939, með þeim breyt., sem gerðar hafa verið á þeim síðan, að allir leigjendur hefðu verið óhæfilega upptrekktir í húsaleigunni.

Hv. flm. þessa frv. tala mjög um hróplegt ranglæti, sem húseigendur séu beittir með húsaleigul. Ég held, að of mikið sé gert úr því ranglæti. Sú meginregla gilti hér allt fram að 1939, að leiguupphæðin eftir húsnæði var miðuð við 10% af verði húsnæðisins og allt upp í 15%. Og ég verð að segja, að miðað við það fjármagn, sem þá lá í húsum, þá hafi þessi leiga gefið ágæta vexti af því kapítali, sem í húsunum lá. Nú hefur þetta fjármagn, sem í húsunum lá, verið þar óhreyft. Og ég hygg, að ef húseigendur, sem hafa átt fé sitt í húsunum, hefðu lagt sömu fjárupphæð í banka, þá hefðu þeir fengið minni arð af fénu heldur en með þeirri leigu, sem þeir fengu fyrir húsnæðið árið 1939, þegar byggt var á þessari meginreglu. Ég held því, að of mikið hafi verið gert úr því, að þrengdir hafi verið svo mjög kostir húseigenda í þessu efni eins og menn vilja vera láta. Ég veit, að báðir þessir menn, sem gerzt hafa hér málsvarar fyrir húseigendur, eiga hús með fyrirstríðsverði og geta reiknað út, hvað háa upphæð þeir fengju í vexti af sinni eign, ef þeir leigðu þau út. En hvað hefur svo skeð með þeirri þróun, sem orðið hefur nú með vaxandi byggingum? Það er rétt, að það er ekki hægt að draga dul á það, að sá svarti markaður, sem hér hefur skapazt viðkomandi húsaleigu, er mjög óheillavænlegur fyrir þjóðarheildina, fyrir utan skaða þeirra, sem orðið hafa að kaupa húsnæðisafnot á svörtum markaði. En ef einstaklingar hefðu notað sér þau ákvæði húsaleigul. að láta meta húsnæði, sem þeir hafa verið látnir kaupa sig inn í, þá get ég upplýst, að húseigendum er ekki leyft að taka hærri húsaleigu en sem svarar 7% af byggingarkostnaði húsanna, þ. e. þegar upphæðin kemst undir mat. Þannig hafa húsaleigul. verið notuð, en því miður ekki nóg, því að ef leigjendur hefðu farið með húsaleiguna undir mat, þá hefði húsaleigan verið í mörgum tilfellum lægri en hún er.

Á undanförnum árum hafa engin takmörk verið fyrir því, hvað húseigendur hafa leyft sér að taka í húsaleigu, sem hefur stafað af mjög mikilli eftirspurn eftir húsnæði og þá fyrst og fremst hér í Reykjavík. Kaupgeta fólksins hefur valdið því m. a., að fólk hefur látið sinn síðasta pening til þess að fá húsnæði með því óhæfilega háa verði, sem orðið hefur að borga fyrir það. Menn hafa orðið að borga 20—30 þús. kr., sem hvergi hefur komið fram og aldrei komið fram til skatts. Þetta er ekki vegna húsaleigul., það hefði verið sama ástandið, þó að húsaleigul. hefðu ekki verið til. Þetta er vegna þeirrar miklu eftirspurnar, sem hefur verið eftir húsnæði. Það er alveg rétt, sem hér hefur komið fram í umr., að í bæ, sem er jafnört vaxandi eins og Reykjavík, hlýtur alltaf að verða nokkur hluti af fólki, sem verður að lúta mjög óheilnæmu húsnæði, og það er því miður allt of stór hópur hér í þessari borg, sem lifir við slík kjör. En svo vill til, að það veit enginn, hvað sá hópur er stór. Það verður ekki séð af skýrslu mþn., hvað stór hluti af íbúðum hér er með leigukjörum, sem hafa verið ákveðin samkvæmt húsaleigul., og ekki heldur með leigukjörum frá 1939, en þetta er allverulegur hluti, og það er sá hluti fólks, sem hefur búið í þessum bæ um tugi ára. Margt af þessu fólki er efnalítið og mundi með þessari breyt. verða vísað út og mundi í mörgum tilfellum ekki geta náð í húsnæði aftur og lenti þá sennilega í því sama og

tugir og hundruð af fólki nú, að búa í hermannaskálum eða sumarbústöðum, t. d. í Kópavogshreppi, þar býr fólk við húsnæði, sem er lélegt og ekki mannabústaðir. Eitthvað svipað yrði ástandið, ef þetta frv. yrði samþ. Fólk yrði að hrökklast úr bænum í sumarbústaði og annað slíkt. (GJ: Hvaða fólk kæmi í íbúðirnar?) Það kæmi fólk utan af landi. Eftirspurnin eftir húsnæði frá fólki utan af landi er svo mikil, að húsaleigul. eru brotin. Fólk er svo tilhliðrunarsamt að hleypa fólki inn utan af landi, sem ekki á rétt á því. Það er vitað, að húsnæði er keypt hér af mönnum utan af landi, sem vilja gjarnan búa hér í sælunni, sem þeir halda, að sé í Reykjavík. Það er stór hluti af fólki, sem streymir inn í bæinn og kaupir upp húsnæði fyrir þeim, sem fyrir eru. Hér er verið að opna gáttirnar fyrir innstreymi af slíku fólki. Nú er það svo, að ef við flokkum niður þá menn, sem leigja, þá eru það aðallega þrír flokkar manna. Í fyrsta flokki eru menn, sem leigja í húsum, sem þeir búa sjálfir í, og leigja út frá sér til þess að lækka íbúðarkostnaðinn, og má vera, að það liggi fyrir skýrslur um það. Í öðrum flokki eru fráleigjendur, og hv. þm. var að minnast á, að menn leigðu fráleigjendum svo hátt, að þeir borguðu stóran hluta af leigunni. En það má benda á það, að í l. er gert ráð fyrir því, ef um fráleigjanda er að ræða, að þá skuli húseigandi vera með í ráðum um að leigja slíkum fráleigjanda. Í þriðja flokki eru svo þeir, sem hafa keypt upp húsnæði hér í bænum, ekki sízt gömul hús, til þess að ávaxta fé sitt á þann hátt að leigja, helzt með okurverði. Ég þekki ýmsa menn, suma úti á landi, sem hafa lagt sitt fjármagn í það að kaupa upp hús í Reykjavík og eru kallaðir leigustrokkar. Það er stór hluti af mönnum, sem hefur gert slíkt og lifir af því að leigja út hús, og það er velgerningur við þessa menn að fara að gefa þeim frítt um það að geta rekið út til þess að geta fengið að leigja út með tvöfaldri eða þrefaldri leigu. Það kann vel að vera, að það liggi ekki fyrir nákvæmar upplýsingar frá mþn. um það, hvað þessi flokkur manna er stór, en ef málið færi til n., þá vildi ég gjarnan, að hún athugaði þetta út af fyrir sig, hvernig húseigendahópurinn skiptist hér í bænum, því að það getur gefið upplýsingar um það, hvaða interessur eru hér á bak við. Mér er sagt, að innan húseigendafélagsins láti einmitt þessi flokkur manna nokkuð hátt, sem eiga nógu mörg hús til að leigja. Það eru ekki menn eins og hv. þm. Barð., sem hafa hæst í húseigendafélaginu, því að hann leigir víst heldur lítið af sínu húsi, þó að hann tali hátt fyrir hönd þessarar stéttar. En þetta mun vera kjarni málsins, að þeir tala hæst, sem stærsta hafa interessuna og gróðann af því að leigja. Það er svo von, að hinir komi með, sem hafa hagsmuna að gæta, því að það vilja allir fá aukið fyrir sína buddu.

Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram, að það væri betra, að l. væru hreinlega afnumin, heldur en að samþykkja þessa breyt., sem hér liggur fyrir, því að í 1. gr. l. eru fyrst og fremst þau ákvæði, að það er bannað að segja upp húsnæði, og það er ef til vill hyrningarsteinninn fyrir því, að fólk hefur getað notað sér l., nema með þeim takmörkunum, sem l. gera ráð fyrir, að hver húseigandi noti sér, ef maður hefur í frammi óhæfilega framkomu, stendur ekki í skilum o. s. frv. Að öðru leyti á ekki að vera heimilt að segja mönnum upp. Varðandi þau dæmi, sem hv. 1. þm. N-M. var að koma með, að menn lokuðu fyrir salerni, geymslu o. s. frv., þá veit ég, að það eru til þessi dæmi, en ég skal segja honum dæmi af sjálfum mér. Árið 1919 hafði ég búið hjá sama leigjanda mjög friðsamlega allt frá 1914. Ég hafði hækkað við hann húsaleiguna, eftir því sem sanngjarnt þótti, um 50%. En svo var búinn til ófriður milli heimilanna tveggja svo hatrammur, að jafnvel börnin voru ekki í friði. Hver var ástæðan? Annar maður hafði boðið honum tvöfalt verð í húsnæðið. Það er ekkert annað en græðgi í meiri peninga, sem kemur af stað svona ófriði milli heimila, sem yfirleitt hafa komið sér prýðilega saman, engin yfirvöld geta komið í veg fyrir það, mannfólkið er einu sinni svona. Þetta er bara dæmi úr minu eigin lífi. Ég varð að hrökklast út vegna þessa ófriðar. Ég varð að búa hálfan mánuð í eldhúsi hjá vinafólki mínu. Hið sama mundi verða upp á teningnum nú. Leigjendum yrði sagt upp í hundraða- og þúsundatali, og fátækar fjölskyldur hefðu engan stað til þess að flýja inn í. Það mundi sennilega verða flúið á arma bæjarstjórnarinnar til þess að fá einhver ráð fyrir það fólk, sem væri á götunni. Hvað gæti bæjarstj. gert? Hún hefur takmarkað húsnæði. Ég held, að hermannaskálarnir séu meira en uppteknir, því að mér er tjáð, að fyrir skömmu hafi um 1800 manns búið í hermannaskálum í nágrenni Reykjavíkur, sem ekki hafa neina von um að komast í mannsæmandi húsnæði. Þannig er því miður ástatt í þessari borg. Og svo á að opna allar gáttir til þess að skapa það ástand, sem er hverjum heilsýnum manni sýnilegt. Ég verð að segja það, að ég þekki báða þessa hv. þm. vel og trúi ekki, að þeir vilji, að þetta ástand skapist hér í bænum. Það skal viðurkennt af mér, að ég býst við, að Reykjavík sé sérstæð í þessum efnum. Það kann að vera, að það séu einhver vandræði í stærri kauptúnum landsins. Hins vegar neita ég því, að það sé nokkuð líkt því, sem er í Reykjavík. Því er haldið fram, að það sé betra ástand nú heldur en 1939, hlutfallið milli húsnæðis og mannfjölda sé betra nú heldur en þá. Mér þætti gaman, að þeir, sem halda þessu fram, gætu rökstutt þetta mál. Ég hef það meira á tilfinningunni heldur en ég geti þar farið með tölur, að það sé rétt, sem haldið er fram, að fólk bjó yfirleitt þrengra og í mjög slæmu húsnæði 1938—1939, en hið betra húsnæði lá þá mjög á lausum kili. Nú er ekki talað um, hvort húsnæði sé betra eða verra, það er alveg sama. Það eru náttúrlega til góðar íbúðir, sem eiga að leigjast fyrir svo ógurlega hátt verð, að enginn launamaður, þó að hann sé í hærri flokki embættismanna, ræður við þá leigu, sem krafizt er, þegar jafnvel 4 herbergja íbúðir eru komnar upp í 1500—2000 kr. á mánuði. En það liggur í augum uppi, að það geta ekki allir menn tekið svona húsnæði, og spurningin er þá, hvort þetta húsnæði þarf að vera svona dýrt. Við vitum, að í byggingarmálunum er það ástand, að húsin verða dýr. Og þá kem ég að því, að ég er enn á þeirri skoðun, að til þess að bjarga hinu efnaminna fólki í Reykjavík þá dugi ekkert annað en verkamannabústaðalöggjöfin til að bjarga því frá því að hrekjast á milli ágjarnra húseigenda. Og það ber að sjálfsögðu að leggja á það mikla áherzlu fyrir allan almenning í bænum að framkvæma þessa löggjöf

eins og þjóðfélagið frekast hefur efni á, og meðan við erum ekki komnir lengra í því að geta fullnægt húsnæðisþörfinni, þá sé ég ekki, að við getum opnað allar gáttir til þess að hrekja það fólk sitt í hverja áttina, jafnvel út á götuna, eins og það almennt er kallað. Þá hefur verið talað um, að það væri hróplegt ranglæti að láta þessa löggjöf vera enn þá í gildi, það séu nú 2½ ár síðan styrjöldinni lauk. Hér hefur verið upplýst, að gömlu húsaleigul. frá 1915—1916 hafi gilt í 9 ár eftir stríðslok, og ég hygg, að hver sanngjarn og dómbær maður verði að játa það, að ástandið er nú sízt betra heldur en það var eftir hina styrjöldina. Ég hygg, að hlutfallið milli fólksfjölda og húsnæðis nú sé ekki í samræmi við það, sem var 1939. Það var meira húsnæði 1939 þrátt fyrir allt heldur en nú, og veldur því ekki fæðingaaukningin ein, heldur þetta ógurlega aðstreymi úr öllum hlutum landsins, sem liggja fyrir opinberar skýrslur um.

Ég hef tæpt á því, að almennt sé þessi harmagrátur um rétt húseigendanna málaður of svart og því ekki eins mikil ástæða til að halda því fram sem höfuðrökum í þessu máli. Hitt er skiljanlegt, að jafnvel þeir, sem eiga hin gömlu hús og ekki eingöngu vilja leigja, heldur selja, — því að það er önnur hlið á málinu, að til þess að geta selt húsin þarf að rýma þau, — vilji fá fyrir þau þrefalt til fjórfalt verðmæti við það, sem var 1939. Hvað lengi það getur staðizt, að menn geti selt fyrir þetta háa verð, er ekki gott að segja, en heldur er peningavelta manna þverrandi en vaxandi. En þetta hefur gerzt undanfarin ár, að menn hafa keypt gömul hús fjórföldu og fimmföldu verði, og margir húseigendur hafa viljað losa húsin til þess að geta selt þau. Og ég vil segja: Er nokkur ástæða til þess að lyfta undir þetta brask, sem hér um ræðir? Við höfum nýverið verið að tala um jarðabrask og söluskatt af jörðum, og mér hefur heyrzt, að hv. 1. þm. N-M. væri litið hrifinn af því, að jarðir komizt upp í svo ógurlega hátt verð fyrir braskhneigð einstakra manna. En þetta má ske í Reykjavík, þar má ýta undir brask með öll hús. Hv. þm. ætti að vera sjálfum sér samkvæmur, þegar hann er að flytja mál fyrir sína umbjóðendur, sem eru bændur, sem búa á jörðunum, hann ætti líka að hugsa um fólkið, sem býr í gömlu húsunum hér í Reykjavík.

Því hefur verið haldið fram, og um það skal ég ekki deila, að sums staðar úti á landi væri þörfin fyrir húsaleigul. ekki eins brýn og hér. Um þetta skal ég ekki fullyrða, fyrr en fyrir liggja öruggar heimildir í því efni. Mér hefur þó verið tjáð, að í bæjum, sem komnir eru upp í 2000 íbúa, þar sé húsnæðisskortur áberandi, og þar sem húsnæðisskortur er, þar er opin leið til þess að okra. Þessi löggjöf hefur verkað eins og bremsa á þetta. Menn hafa ekki getað sett húseignir í toppverð.

Þá hefur mikið verið talað um, að húseigendur hafi orðið hart úti. En við skulum athuga, hvað t. d. löggjöfin um dýrtíðarráðstafanir leggur mönnum á herðar. Húseigendur eru ekki teknir þar, nema að því er snertir nýju húsin, ekki húseigendur gömlu húsanna. Hvað leggja l. á kaupsýslufólkið? Við heyrðum tóninn í kaupsýslumönnunum. Þeim fannst sinn stakkur nokkur þröngt skorinn, þegar um álagningu er að ræða. Við vitum, að margir launþegar hafa kveinkað sér við, að laun þeirra hafa verið stýfð. En við húseigendum er ekki hróflað, svo að ég hygg, að þetta ranglæti, sem menn eru að breiða sig út yfir hér, sé ekki eins áberandi og menn vilja vera láta, ef þetta er krufið til mergjar. Húseigendur fá það sama og þeir fengu áður. Það er ekki farið inn á þeirra svið. Það er ekki verið að þrengja þeirra kosti.

Ég ætla ekki að svara fyrir hæstv. ríkisstj. í þessu máli. En ég held, að með hvað miklu kappi sem menn sækja þetta mál og verja það, þá verði þó eitt að ráða sem höfuðsjónarmið, hvort við viljum reyna að standa við það að varna nýrri verðbólgu, sem verður afleiðingin af því að gefa laust allt varðandi húsaleigul., því að mér er fullkomlega ljóst, að um leið og húsaleigan fær að blómgast á frjálsum markaði, eins og ætlazt er til, og hver einasti maður verður að fara að kaupa sér helmingi dýrara húsnæði en áður, þá yrði afleiðingin af því aukning krafna um launahækkanir hjá öllum þorra manna. Út frá þessu sjónarmiði held ég, að það sé augljóst, að með þessu er verið að knýja fram öngþveiti í húsnæðismálunum í þessum bæ, bara með uppsagnarákvæðinu einu, því þó að flm. ætlist til, að fram fari mat á húsnæðinu, þá er vitað, að það verður farið í kringum það, alveg eins og gert er í dag. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta sé í rauninni andvana fætt mál, og ég dreg enga dul á, að ég býst ekki við, að neinar till. komi frá meiri hl. heilbrmn., sem ég geti sætt mig við, og mun ég því verða á móti málinu strax við 1. umr. En fari svo, að málið fari til n., þá ætlast ég til, að hún afli allra þeirra gagna, sem mögulegt er, í þessu máli, svo að ekki verði farið á hundavaði í þeim till., sem n. vill gera, til stórtjóns fyrir alla, sem undir l. búa í dag. Það verður að ætlast til þess af n., að hún leggi sig fram um sannan rökstuðning í málinu, ef hún vill, að á hana sé hlustað af andstæðingunum. Ég get svo látið máli mínu lokið, þar sem fundartími er þegar kominn að þrotum, en þar sem málið er ekki útrætt, fæ ég sennilega tækifæri til að opna munninn í annað sinn, ef mér finnst ástæða til.

Umr. frestað.

Á 63. og 65. fundi í Ed., 17. og 19. febr., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 20. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég geri nú frekar ráð fyrir, að langar umr. um þetta mál hafi ekki mikla þýðingu. Menn eru einkennilega mikið og hafa verið, margir hverjir, fyrir fram sannfærðir um það, að afnám húsaleigul. — eða það gagnstæða — sé hið rétta í þessu máli, og mönnum er ákaflega ógjarnt að hlusta þar á rök. Þetta var svo, þegar gömlu húsaleigul. voru afnumin eftir næstsíðustu styrjöld, og er mér það mjög minnisstætt, hvernig sú barátta var, því að ég tók verulegan þátt í henni. Menn voru yfirleitt þeirrar skoðunar, að ef húsaleigul. væru afnumin, mundi koma hér til stórkostlegasta húsnæðisleysis, og þeir, sem beittu sér fyrir þessu, voru svo eindregnir, að ég hef sjaldan talað við sannfærðari menn. Reynslan varð þó sú, að afnám þeirra l. leiddi til þess í fyrsta lagi, að ekkert skeði af þeim vandræðum, sem þeir, sem beittu sér fyrir þessu, höfðu spáð, og í annan stað rættist fram úr húsnæðis-

vandræðunum á miklu auðveldari hátt en menn höfðu gert ráð fyrir og einmitt vegna afnáms l. Skal ég aðeins koma að því í lok ræðu minnar, hvers vegna þessu er þannig háttað.

Í fyrsta lagi vil ég segja um þessi l., að þegar þau voru sett, var gert ráð fyrir því, að öllu verðlagi yrði haldið niðri í landinu og það mundi takast. Þegar húsaleigul. voru sett, var húseigendum ákveðin húsaleiga, miðað við það, að peningarnir væru þrisvar sinnum verðmeiri en þeir eru nú. M. ö. o., síðan l. voru sett, hefur sú húsaleiga, sem húseigendum er ætluð samkv. l., ekki orðið meiri en í mesta lagi ⅓ af því, sem gert var ráð fyrir við setningu l., því að það var ákveðið gert ráð fyrir því, þegar l. voru sett, að það mundi takast að halda niðri verðlagi og kaupgjaldi í landinu, og á þeim grundvelli er löggjöfin reist. Þessi grundvöllur hefur smátt og smátt horfið, þannig að það eru alls ekki til staðar þær forsendur fyrir húsaleigul. í heild, sem voru til staðar, þegar þau voru sett, og að eðlilegri venju ættu þessi l. þess vegna að hverfa úr sögunni. Nú geng ég inn á það, eins og ýmsir aðrir, að vegna þess, að sú visitala, sem reiknað er með í landinu, fer mjög eftir því, hver ráðgerð húsaleiga er, þá geng ég inn á það, að ekki sé hægt að afnema húsaleigul. með öllu, heldur beri aðeins að sýna þá tilhliðrun, sem sýnist sjálfsögð, að húseigendur fái að ráða því, hverjum þeir selja húsnæði á leigu. Það hafa verið færð svo ýtarleg rök fyrir því, að þetta sé réttlátt, að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það hér í þessari hv. d. En ég vildi þó aðeins með örfáum orðum gera að umræðuefni það, sem helzt hefur komið fram hér og annars staðar gegn þessum breyt.

Sumir þeirra, sem mæla gegn afnámi þessara ákvæða, segja sem svo, að með því að samþykkja, eins og frv. gerir ráð fyrir, að húseigendur skuli hafa heimild til að segja leigutökum upp, þá sé þeim opin leið að þvinga fram hækkaða leigu. Það er ekki til neins að ganga fram hjá því, að þetta eru langsterkustu rökin, sem teflt er fram gegn afnámi ákvæðanna, og þess vegna vil ég fara um það nokkrum orðum. Þeir segja sem svo: Afnám á þessum ákvæðum l. eða m. ö. o. heimild til handa húseigendum til að segja upp þýðir sama og afnám laganna í heild, vegna þess að húseigendum er þá í lófa lagið að þvinga fram hækkun á leigunni. — Um þetta er fyrst og fremst það að segja, að það eru ákaflega fáir leigutakar, sem búa lengur við gömlu leiguna. Ég man ekki hlutfallið nákvæmlega, sem kom fram, þegar þetta var rannsakað af þar til skipaðri n. fyrir 1—2 árum síðan, en það mun hafa komið í ljós, að mikill minni hluti þeirra manna, sem bjuggu í gömlu húsunum 1939, bjó í húsunum, þegar rannsóknin fór fram. Meiri hlutinn hafði flutt úr gömlu húsunum, og það veit hver maður, að leigan hefur við þessa flutninga óhætt að segja alveg undantekningalaust breytzt eitthvað verulega. Þetta munu menn segja, að séu rök fyrir því, að frekari breyt. mundu jafnframt breyta leigunni frá því, sem nú er, gagnvart þeim, sem eftir eru í gömlu húsunum. En þegar athugað er, hve miklar breytingar hafa orðið, síðan n. gerði þessa rannsókn, kemur í ljós, að það eru ekki nema örfáir leigutakar, sem raunverulega búa við þessa lagavernd, sem eftir er. Ég gæti nefnt alveg sæg af dæmum, t. d. er hér ríkisstofnun, sem hefur geysimargt fólk í þjónustu sinni, þar sem er einn einasti maður, sem býr við gamla húsaleigu, sem visitalan er reiknuð eftir. Þar er viss maður, sem býr við 140 kr. húsaleigu, með visitölunni, en svo er sægur, sem vinnur fyrir sama kaup og lægra kaup, en borgar upp í 1000 kr. í leigu. Sumir þessir menn hafa orðið að segja upp vinnunni, því að þeir þurfa að leita sér að betur borgaðri atvinnu vegna húsaleigunnar. Hvaða eftirsjón er þá í ákvæðum, sem eru orðin þannig, að svo að segja í hverju húsi hér í bænum, í hverri ríkisstofnun, í hverri einustu skrifstofu eru örfáir menn af hundraði, sem búa við þessa leigu, en menn, sem hafa sama kaup eða lægra kaup, borga kannske tífalda leigu? Svona hlutum er ómögulegt að halda uppi í einu þjóðfélagi. Hvaða réttlæti mundi þm. þykja í því, ef við ynnum í einhverri stofnun og hefðum t. d. 2 þús. kr. í laun — auðvitað mundum við krefjast þess, að fyrir sömu vinnu væru borguð sömu laun — og sumir þm., sem byggju við þetta, borguðu 120 kr. í húsaleigu, en allir hinir yrðu að sætta sig við að borga upp í 1000 kr.?

Ég ætla ekki að verða langorður, en aðeins nefna annað dæmi þess, hvaða vernd er í þessum l. fyrir leigutaka í þessum bæ. Ég ætla að nefna dæmi varðandi sjálft ríkið, en ríkið varð að taka nokkuð stóra hæð á leigu í þessum bæ, sem liggur alls ekki nærri miðbænum. Hvað haldið þið, að húsaleiganefnd hafi metið það? Þessi húsaleiganefnd, sem á að vera verndari fyrir borgarana, hafði metið þessa einu hæð fyrir 65 þús. kr. og að það skuli vera þannig borgað í næstu 5 ár. Ef maður rannsakar þetta mat, kemur í ljós, að það er ½ millj., sem er borguð í húsaleigu fyrir þetta hús. Þetta er öll verndin. Nú er búið að skjóta þessu máli til yfirhúsaleiganefndar. Ég gæti nefnt hundruð dæma í þessu sambandi. Það þýðir ekki að stinga kollinum ofan í sandinn og telja sér trú um, að húsaleigul. séu verndari fyrir borgarana.

Ég nefni aðeins þessi tvö dæmi til þess að tefja ekki tímann. Annað, þar sem um einstakling er að ræða, en hitt, þar sem ríkið er aðili, og sýna þessi dæmi, hversu mikil vernd þessi löggjöf er. Sannleikurinn er sá, að þegar litið er á þær skýrslur, sem fyrir liggja, þá er það auðsætt, að byggt hefur verið miklu meira en samsvarar innflutningi til bæjarins og fólksfjölgun, og þó gildir þetta miklu meir nú heldur en þegar skýrslurnar voru gerðar, því að flutningur til bæjarins hefur rénað síðan, og meira að segja hafa nokkrir flutzt burt, því að margt fólk var hér á striðsárunum sem foksandur.

Byggingar hafa aldrei verið meiri en nú, og til þess að sjá það þurfa menn ekki annað en líta hérna suður á Melana og austur í Hlíðarnar, en þar voru tún fyrir 2—3 árum, en nú eru þau þéttsetin af stórbyggingum. Samt sem áður hafa húsaleigul. ekki orðið til þess að koma í veg fyrir það, að enn eru húsnæðisvandræði, og er auðvelt að gera sér það ljóst, hvers vegna svo er og hvers vegna mjög mikið af húsnæði nýtist alls ekki. Ég vildi biðja þá, sem eru fylgjandi húsaleigul., að taka sér ferð á hendur suður í Kaplaskjól og austur í Hlíðar til þess að sjá, hversu margar íbúðir þar eru, sem standa auðar, en það stafar af því, að ekki er hagkvæmt að leigja þær, sökum þess að þessar íbúðir á að selja, og ekki er hægt að selja þær, nema þær standi auðar, og þess vegna þora menn ekki að

leigja þær. Þannig er ástandið, og húsaleigunefnd hefur alls ekki ráð yfir að koma þessu öðruvísi fyrir. Fjöldi manna býr miklu rýmra en annars vegna þess, að þeir vilja ekki hleypa leigutökum inn í íbúðir, til þess að þeir geti seinna, þegar á þarf að halda, leigt vinum sínum eða venzlamönnum, t. d. börnum sínum, sem kunna að vera fjarverandi um stundarsakir. Það er því ekkert að furða, þó að menn vilji ekki festa herbergi, sem þeir sjálfir kunna að hafa not fyrir eftir nokkra mánuði, og ég hygg, að þetta gildi jafnt, hvort sem menn eru löghlýðnir eða ólöghlýðnir. Ég er hér ekki að tala út í blálnn, því að ég hef komið í fjöldamörg hús, þar sem svona stendur á. Einnig veit ég, að oft er það svo, að ef menn gætu losnað við leigjendur úr íbúðum sínum, þá mundu þeir leigja þær fólki, sem þeir þekkja eða skyldfólki sínu, og þannig mundi í mörgum tilfellum útrýmt því ósamkomulagi, sem oft á sér stað milli leigjenda og húseigenda.

Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, að þessi lög vernda ekki nema lítið brot af leigutökum, en hins vegar algild rök, að þegar um lög eins og þessi er að ræða, þá koma þau aldrei að tilætluðum notum nema litinn tíma, en koma síðar til að verka alveg gagnstætt því, sem þau áttu að verka. Það er hægt á stríðstímum að setja slík lög, svo að gagni megi verða, en þegar ástandið færist aftur í fyrra form, þá verða þau einskis verð og næsta skaðleg.

Það mun sannast og reynast, að strax og breyt. verður gerður á þessum lögum í þá átt, sem frv. það, sem hér liggur fyrir, bendir til, þá mun rætast úr húsnæðiserfiðleikunum. Menn munu þá leigja nýjar íbúðir, þótt síðar eigi kannske að selja þær, því að öllum hlýtur að vera það ljóst, að menn gera það ekki að gamni sínu að láta nýjar, dýrar íbúðir standa auðar tímunum saman, þó að kaupandi fáist ekki strax. Munurinn verður þá sá, að menn geta sagt upp leigutökunum, þegar þeim þykir henta.

Ég þarf svo ekki að hafa miklu fleiri orð um þetta. Ég vil undirstrika það, að þær mótbárur, að leigan yrði stórhækkuð, ef l. yrðu úr gildi numin, hafa ekki við nein rök að styðjast. Ég ætla ekki að svara þessu öðru en því, að ég tel enga ástæðu til að láta það litla brot af leigutökum, sem þessi lög vernda, njóta lengur þessara sérréttinda. Í annan stað vil ég spyrja, hvaða gagn það sé leigutökum að lækka húsaleiguna um 10%.

Í þriðja lagi vil ég spyrja, hvaða trygging sé fyrir því, að haft hafi verið eftirlit með þeim, sem búa í gömlu húsunum, og hvaða trygging sé fyrir því, að leigan hafi ekki verið hækkuð þar. Það er enginn skyndidómstóll hér til þess að dæma um það.

Í fjórða lagi eru rök okkar þau, að jafnskjótt sem rætist úr húsnæðisvandræðunum, þá dregur stórkostlega úr okurleigunni eða hún hverfur. Þeir, sem þykjast nú bera málstað leigutakanna fyrir brjósti með því að vera á móti breyt. eða afnámi húsaleigul., þeir gera það aðeins fyrir örlítið brot hinna fjölmörgu manna, sem hér eiga hlut að máli.

Í fimmta lagi hygg ég, að þeir, sem eru á móti þessu, ættu að geta séð út einhverja leið til þess að fylgjast með því, að leigan sé jöfn og réttlát, og *ég fyrir mitt leyti veit, að hún mun koma miklum* mun réttlátara niður, eftir að l. hafa verið afnumin, en vitanlega þarf að setja um það föst ákvæði.

Ég flyt hér ásamt hv. þm. N-M. frv. um stóríbúðaskatt, og er því ætlað að koma að nokkru í veg fyrir, að menn hafi óhóflega stórar íbúðir, og ef það frv. verður að lögum, þá ætti það einnig að verða til þess, að meira framboð verði á húsnæði. Annars virðast mér nú fullar líkur fyrir, að menn vakni einhvern daginn við það, að Reykjavík er yfirbyggð. Ég veit með vissu, að nú er til í bænum svo mikið af ónotuðu húsnæði, að menn gera sér almennt ekki grein fyrir því. Mér virtist snjallræði, að þeir hv. þm., sem berjast á móti frv. þessu, fengju sér bíltúr, t. d. hérna vestur í Kaplaskjól. Þá mundu þeir sjá allar íbúðirnar, sem standa auðar vegna húsaleigulaganna. Það er álit mitt, að ef ráðnir væru tveir dugandi menn til þess að ferðast um bæinn og afla upplýsinga um autt húsnæði, þá mundu þeir ljúka því á ca. ½ mánuði, og ráðuneytið væri þar með búið að fá óyggjandi upplýsingar um þetta, svo að maður þyrfti ekki að vera með getgátur varðandi það. Það liggur í augum uppi, að þetta yrði ekkert vandaverk, og húsaleigunefnd ætti að geta innt það af hendi, svo mikið fé sem hún hlýtur fyrir starfsemi sína. Ég er ekki með þessu að ásaka húsaleigun. fyrir, að hún skuli ekki hafa gert þetta, því að hún hefur enga skipun fengið um það, en er aðeins að benda á það, að þetta væri ráð. Ég skal ekki að svo stöddu breyta menn með fleiri orðum, en vil að endingu enn þá segja þeim, sem þykjast vera að vernda rétt leigutakanna með því að vera á móti frv. þessu, að það er aðeins lítið brot þeirra, sem l. koma að gagni, og það á kostnað þeirrar okurleigu, sem víða á sér stað, — og sá ógnarlegi mismunur á greiðslu fyrir þessi frumskilyrði mannlegra þarfa — húsnæðið —, þar sem einn þarf að borga 100 kr., en annar 1000 kr. af nákvæmlega sömu launum og fyrir nákvæmlega það sama, er óþolandi, og þess vegna ber að stefna að því að afmá þennan mismun. Misrétti er eitt það versta af öllu óréttlæti, og þess vegna ætti mönnum að vera ljóst, að það er ekki hægt með nokkurri sanngirni að láta þessi l. gilda lengur.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Frá því að ég í upphafi þessarar umr. fór nokkrum orðum um *mál það, sem hér liggur fyrir, hafa* orðið allmiklar og harðar umr. Tel ég, að ég verði að segja nokkur orð varðandi sumt af því, sem komið hefur fram í þeim. Hv. þm. Barð. átaldi það, að ríkisstj. hefði ekki lagt fram sérstakt frv. um breyt. á húsaleigul. með tilliti til starfs og niðurstöðu mþn. þeirrar, sem skipuð var 28. ágúst árið 1946. Nú veit hv. þm. Barð. það vel, að ríkisstj. þótti ekki rétt að svo stöddu að taka sérstaklega fram till. mþn. þessarar, enda voru till. meiri hl. n. *mest ábendingar og upplýsingar, svo að tilgangurinn* hefði alls ekki náðst með því. Úr því að ráðuneytið var sammála um að gera nánari athugun á máli þessu, þá þótti því ekki tímabært að fara strax út í mikilvægar breyt., áður en málið hefði verið athugað til hlítar. Með þessu er í rauninni svarað ræðu hv. 4. landsk. um afstöðu ríkisstj. til þessa. Ég þóttist hafa skýrt þessa afstöðu stjórnarinnar þegar í upphafi þessarar umr., og einnig lýsti ég því yfir þá, að mér *fyndist að svo stöddu ekki rétt að samþykkja frv.* það, sem hér liggur fyrir. Þetta var það, sem ég vildi taka fram út af ræðum þeirra hv. 4. landsk.

og hv. þm. Barð. Ég sé ástæðu til að minnast lítils háttar á ræðu hv. þm. Str., en ég sé, að hann hefur gengið út, og vildi ég, að hann yrði látinn vita um það, en ég get drepið á það strax, að fram hefur komið hér hjá ræðumönnum, að fyrir lægju skýrslur og upplýsingar um, hve mikill hluti af leigjendum hefði flutt, frá því að húsaleigul. voru sett. Um þetta skal ég ekkert fullyrða.

Eins og áður hefur komið fram, þá lét stjórn Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur gera rannsókn á því, hvernig háttað væri húsnæði í nokkrum götum bæjarins. Í fyrsta lagi er það óvarkárlegt að ætla að reikna húsnæði í öllum bænum eftir 2—3 götum, og í öðru lagi veit ég ekki, hvort treysta má því, að þessi rannsókn sé óvéfengjanleg. Félag, sem hefur ákveðna skoðun á málinu, er ef til vill ekki rétti aðilinn til að gera slíka rannsókn. (GJ: Hvers vegna lét ríkisstj. þá ekki framkvæma þessa rannsókn?) Ríkisstj. hefur ekki getað það, en það má vera, að hún geti það síðar, þótt örðugt sé að framkvæma, svo öruggt megi teljast.

Ég veit, að hv. þm. Barð. og hv. þm. N-M. eru ákveðnir menn og athafnasamir, en vera má, að þeim, sem vilja byggja á einhverjum föstum grundvelli í þessum efnum, finnist ekki eins auðvelt að afla óyggjandi upplýsinga varðandi autt húsnæði eins og þessir hv. þm. vilja vera láta.

Hv. þm. Str. taldi einn mesta ágallann á núverandi ástandi í húsaleigumálunum vera þann, að í rauninni gilti tvöföld húsaleiga, þ. e. a. s. húsaleigan væri mjög mismunandi há. Víst er það rétt hjá hv. þm., að mismunur er mikill á leigunni. Í því sambandi má fyrst og fremst benda á það, að í nýju húsunum eru að jafnaði miklum mun meiri þægindi, og þau að ýmsu betur búin en þau gömlu, og þess vegna ekki undarlegt, þótt krafizt sé hærri leigu fyrir þau. Það er vitað, að kostnaður við húsbyggingar hefur 5—7-faldazt síðan fyrir stríð, en af því leiðir, að það er ekki hægt að láta nægja sömu leigu og í gömlum húsum. Hér skapast því misræmi, sem hlýtur að koma í ljós í mismunandi húsaleigu, eins og þm. Str. réttilega tók fram. Hitt get ég ekki fallizt á, að það eigi að jafna þetta ósamræmi með því að hækka leiguna í gömlu húsunum og láta eigendur þeirra hirða óeðlilegan gróða, og sízt af öllu teldi ég æskilegt að lögvernda slíkan gróða. Enn fremur má á það benda, að það er ekki eðlilegt, að leiga í gömlu, þægindasnauðu húsnæði sé eins há og leiga í nýtízku húsi með öllum nútíma þægindum. Annars get ég fallizt á, að það sé æskilegt að samræma betur leigu á húsnæði, en þó að það væri hægt, þá gengur þetta frv. ekki neitt í þá átt. Frv. heimilar aðeins húseigendum að segja upp leigjendum, en á misréttið mikla, sem þm. Str. var að tala um, er ekkert minnzt. Það þarf nýjar leiðir til þess að leiðrétta það. (GJ: Það er gott að fá umr. um þetta.) Ég get minnzt á það í þessu sambandi, að frv. það, sem þm. Str. flytur ásamt þm. N-M., tilheyrir á engan hátt þessu frv., þó að það hefði sýnzt eðlilegra, að þeir hefðu látið þær till. sínar, sem í því felast, fylgja þessu frv., sem annar flm. að minnsta kosti stendur að, og með því sett nokkur skilyrði fyrir afnámi l. En eins og þessu er fyrir komið, þá getur frv. um stóríbúðaskattinn engu breytt um afstöðu þm. til þessa frv., því að þeir eru á engan hátt vissir um, hver afdrif þess verða, þó að þeir samþ. þetta. (PZ: Eru þau ekki samferða í d.?) Það er að vísu rétt, þau eru hér á ferðinni á líkum tíma, en það eru nú fleiri mál alls óskyld. Og atkvgr. um annað getur engu ráðið um afgreiðslu hins.

Hv. þm. Str. talaði um misrétti í sambandi við húsaleigul., og ég skal ekki draga úr því, að þau hafa ýmsa galla, enda hef ég áður lýst þeirri skoðun minni, að það beri að afnema þau eins fljótt og unnt er. En hins vegar tel ég, að þau verndi nú meira en misréttið, sem þau skapa, og á meðan tel ég ekki rétt að afnema þau. Það er kannske að deila um keisarans skegg að deila um það, hvaða vernd húsaleigul. gefi, en hitt er víst, að það er fjöldi fólks, sem nýtur ákvæða húsaleigul., og afnám þeirra nú mundi tvímælalaust auka mikið á glundroðann í húsnæðismálunum, en það vil ég ekki styðja.

Hv. þm. Str. minntist á dæmi um það, hvað hið opinbera verður að sætta sig við háa húsaleigu hjá einstaklingum undir ýmsar skrifstofur. Í þessu tilfelli, sem þm. gat um, er um mjög háa leigu að ræða, en ég vil geta þess, að því máli hefur verið vísað til yfirhúsaleigun., og þar af leiðandi tel ég þessa leigu alls ekki ákveðna á þessu stigi. En þegar minnzt er á húsnæði fyrir opinberar skrifstofur í sambandi við þetta frv., þá er það víst, að hinu opinbera mundi víða vera sagt upp húsnæði því, er það nú hefur, ef það yrði heimilað, og þá væri ekki nema um tvennt að ræða, að leigan mundi hækka stórkostlega eða hið opinbera yrði að víkja algerlega úr húsnæðinu, en slíkt gæti skapað mikla erfiðleika.

Ég hef sagt það áður og vil endurtaka það, að ég vona, að þeir tímar nálgist, að hægt verði að afnema ákvæði húsaleigul. í flestum atriðum, en hins vegar held ég, að við Íslendingar séum ekki komnir það miklu lengra í húsnæðisvandamálunum en nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum, að okkur sé fært að afnema húsaleigul. nú. Það hafa víðar risið vandamál í sambandi við húsnæðisleysi en hér hjá okkur, en það hefur engin þjóð séð sér fært að afnema ennþá þau l., sem sett hafa verið til að bæta úr þeim vandræðum. Þessar umr. hafa ekki sannfært mig um það, að hér sé tímabært að kippa stoðunum undan burðarásnum, en það eru húsaleigul., þó að gölluð séu, en auk þess er ég viss um, að afnám þeirra mundi skerða kjör margra og auka vandræðin í þessum málum. Það, sem þarf og á að gera, er að auka húsnæði og reyna að draga úr göllum þeirra l., sem um þetta gilda, án þess að skapa um leið þjóðfélagslega áhættu. En með þessu frv. tel ég stefnt út í þá áhættu, og þar af leiðandi get ég ekki mælt með þessu frv.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég hef nú takmarkaðan tíma, enda geri ég ekki ráð fyrir, að langar umr. leiði mikið nýtt í ljós, meðan málið er ekki rannsakað nánar. En það, sem fékk mig til þess að standa upp aftur, var það, að hæstv. forsrh. kvaðst ekki geta mælt með þessu frv., af því að með samþ. þess væri stoðunum kippt undan burðarásnum og kjör almennings rýrð að miklum mun. Sleppum því. En hitt vitum við, að mikill meiri hl. alþýðunnar verður að búa við húsaleigu, sem er 5 til 10 sinnum hærri en leigan, sem Alþ. verndar.

En það var líka annað mjög athyglisvert, sem forsrh. sagði og sýnir vel, hvernig þetta mál er í raun og veru, en orð ráðh. voru þau, að það væri að deila um keisarans skegg, hverja húsaleigul. vernduðu, þ. e. a. s., við vitum ekkert, hvort það eru 10, 20, 30% af fólki, sem l. vernda. Aftur á móti vitum við, að meiri hl. alþýðunnar verður að búa við okurleigu þrátt fyrir l., en mikið húsnæði er óleigt vegna l. Fyrir 1939 voru hér engin teljandi húsnæðisvandræði, en síðan hefur verið byggt meira en fjölgað hefur í bænum, og þar af leiðandi ætti alls ekki að vera um húsnæðisvandræði að ræða, ef vilji væri fyrir hendi hjá öllum að koma í veg fyrir þau. Ég tel, að þetta frv. miði að þessu, því að með því, ef að l. yrði, mundi húsaleigan falla, okrið næstum hverfa með auknu framboði á húsnæði, og þeir, sem búa í gömlu húsunum, yrðu ekki verr úti en hinir. Það er því alls ekki rétt hjá hæstv. forsrh., að með þessu frv. sé verið að ráðast á almenning.

Við höfum nú búið við húsaleigul. í 7—8 ár, og það er enn þá haldið í þau, þó að hæstv. félmrh. lýsi því sjálfur yfir, að það sé að deila um keisarans skegg, hverja þau verndi. Það er alls ekki í öllum tilfellum rétt sú skoðun, sem svo mjög virðist vera almenn, að húseigandi sé efnaðri maður en leigutaki. Það eru til fjöldamörg dæmi um það, að leigutaki er miklu auðugri en leigusali.

Margt eldra fólk á sparifé sitt í húsum, og hjá allmörgum er húsaleigan einu tekjurnar. Þetta fólk hafa húsaleigul. leikið mjög hart, því að leigan hefur víða ekki nægt til viðhalds húsunum, hvað þá meira.

Það verður aldrei of oft endurtekið, sem forsrh. sagði, að það væri að deila um keisarans skegg, hverja húsaleigul. vernduðu. Ég þekki til í einni stofnun, þar sem vinna 10 menn, og meðaltekjur þeirra munu vera um 18—20 þús. kr. á ári. Af þessum 10 mönnum eru aðeins 2, sem búa í gamalli leigu, en 8 verða að borga allt að helming af tekjum sínum fyrir leigu á svörtum markaði. Hvernig er hægt að halda svona l. uppi? Hverja er forsrh. að vernda? Sannleikurinn er sá, að það er ekki verið að vernda neinn með húsaleigul., heldur er l. haldið uppi til þess að halda niðri vísitölunni, en það er nauðsynlegt fyrir suma af vissum ástæðum, og þetta ættu hlutaðeigendur að viðurkenna, en ekki vera að blekkja með því, að hér sé verið að vernda alþýðuna. Hitt er svo annað mál, og það ættu þessir sömu menn að athuga, að þessi aðferð er ekki til frambúðar.

Að lokum vil ég svo segja það, að ég er forsrh. alveg sammála í því, að það sé að deila um keisarans skegg, hverja húsaleigul. verndi, en hins vegar tel ég það dálítið undarlegt, að hæstv. félmrh. skuli lýsa þessu yfir hér, eftir að þessi mál eru búin að vera árum saman til athugunar í félmrn. Ég ætla nú ekki að ræða þetta frekar að sinni, þar sem ég þarf að fara á fund annars staðar, en vænti þess að fá að ræða málið frekar við 2. umr. og óska eftir, að þá verði hæstv. félmrh. búinn að afla sér betri upplýsinga um það, hverja húsaleigul. vernda.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Hv. þm. Str., sem kannske þarf að víkja af fundi og á annan fund, eins og hann sagði, hélt því fram í sinni ræðu og gerði það að aðalefni ræðu sinnar að tala um það, að ég hefði sagt það, að það væri að deila um keisarans skegg, hverja húsaleigul. vernduðu. Það var alls ekki á þá lund, sem ég mælti, heldur sagði ég, að það lægju ekki fyrir um það fullnægjandi upplýsingar eða öruggar, hve mikill hundraðshluti af íbúum Reykjavíkur byggju í húsnæði, sem þeir hefðu búið í, þegar húsaleigul. voru sett. Um þetta atriði, sagði ég, að væri að deila um keisarans skegg, vegna þess að um það lægju ekki ákveðnar upplýsingar. En hér hafa komið fram ósannindarnar fullyrðingar um það, hvað sá hundraðshluti væri stór, sem byggi í sömu íbúðum nú og þegar húsaleigul. voru sett. Ég sagði aldrei og vil ekki segja, að húsaleigul. verndi enga aðra heldur en þá, sem búið hafa í þessum húsum frá 1939 óbreytt til þessa dags. Margir þeir, sem fluttu fyrr á árum, áður en húsnæðisvandræðin voru jafntilfinnanleg, fengu húsnæði, sem alls ekki var selt á leigu með neinu okurverði.

Það hafa margir leitað til húsaleigun., þegar þeir hafa flutt, og fengið mat hennar á húsaleigu. Það hafa líka margir, sem flutt hafa inn í gamlar íbúðir, sem aðrir hafa flutt úr, fengið mat húsaleigun., og um þetta liggja mörg skjöl fyrir hjá húsaleigun. Þetta vildi ég leiðrétta hjá hv. þm. Str., þó að hann hafi gengið af fundi til þess að fara á annan fund.

En úr því að ég stóð upp, vil ég undirstrika það, að höfuðröksemd þessa hv. þm. gegn húsaleigul. og með frv. því, sem hér liggur fyrir, var sú, að með þessu frv. væri hægt að jafna kjör manna. Ég fæ ekki séð, að það orðalag bendi til annars en að hv. þm. búist við því, að þær uppsagnir, sem kynnu að fara í kjölfar þeirrar löggjafar, sem sett yrði í samræmi við frv., leiddu til þess, að sú húsaleiga, sem nú er lág, yrði hækkuð, því að ég hef litla eða enga trú á því, að sú háa húsaleiga, sem ríkir sérstaklega í Reykjavík í nýbyggðum húsum, mundi lækka við þá breytingu, sem verður með samþykkt þessa frv.

Það sama kom í ljós hjá hv. þm. Str., þegar hann sagði, að afstaða mín gegn samþ. þessa frv. kæmi af því, að ég óttaðist, að verðlagsvísitalan mundi hækka. Hann reiknaði með því, að það væri ástæðan af minni hálfu, að ég vildi ekki samþykkja frv. Af því má draga þá ályktun, að hv. þm. reiknar með því, að samþ. þessa frv. mundi leiða til þess, að ódýra húsaleigan mundi hækka stórlega og það mundi síðan leiða til hækkunar á verðlagsvísitölunni.

Ég held, að hv. þm. Str. geti ekki gert sér miklar vonir um, að það, sem leiddi af samþ. þessa frv., yrði til þess að jafna kjörin, eins og hv. þm. tók til orða, heldur mundi slíkt leiða til mikillar hækkunar, og það er tilgangur, sem ég get ekki mælt með af minni hálfu.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir, að hann hefur orðið við þeirri ósk að láta n. fá álit mþn., sem hann er nú búinn að geyma hjá sér í tvö ár. (**Forsrh.:** Ekki er það orðið nema rúmt hálft annað ár.) Nú býst ég því við, að óhætt sé að tala um innihald þeirrar skýrslu.

Ég sagði í minni fyrstu ræðu hér, að það væri í þeirri skýrslu skýrt frá því, að til væri meira húsnæði yfirleitt alls staðar í landinu miðað við fólksfjölda heldur en hefði verið, þegar l. voru sett.

Nú vil ég leyfa mér að lesa upp, hvernig ástandið er í þeim málum eftir þeirri skýrslu:

Menn á hverja íbúð árið 1940 og árið 1945:

Stykkishólmur	8.00		5.60
Borgarnes	5.57		6.60
Bíldudalur	5.40		4.84
Súgandafjörður	6.20		5.44
Bolungavík	5.54		5.37
Hólmavík	6.28		6.24
Hrísey	7.00		6.20
Húsavík	6.95		5.60
Eskifjörður	5.90		5.45
Fáskrúðsfjörður	5.55		5.34
Stokkseyri	5.20		4.80
Eyrarbakki	5.00		4.50
Keflavík	6.23		4.24
Ólafsvík	6.80		5.00
Sandur	4.30		4.20
Dalvík	5.6		4.50
Flateyri	5.4		5.00
Patreksfjörður	7.3		6.42
Sauðárkrókur	6.72		6.20
Þingeyri	4.50		3.80
Reyðarfjörður	7.80		8.00
Blönduós	5.36		5.20
Akranes	5.96		5.70
Ísafjörður	9.24		9.04
Siglufjörður	7.20		7.10
Akureyri	9.40		9.00
Vestmannaeyjar	6.40		6.00
Seyðisfjörður	5.70		5.20
Neskaupstaður	7.2		7.2
Ólafsfjörður	7.61		7.8
Hafnarfjörður	6.50		svipað.

Reykjavík er 1940 með 38917 menn í 7775 íbúðum, eða 5 í hverri íbúð. 1945 eru þar 46000 menn í 9510 íbúðum, eða 4.8 í hverri íbúð. Þannig hefur íbúðum fjölgað á þessum árum meira en nemur fjölgun íbúanna. Það liggur því alveg ljóst fyrir, sem ég hafði áður haldið fram, að íbúðirnar eru rýmri nú heldur en þegar húsaleigul. voru sett, miðað við íbúafjöldann. Mér hafði verið sagt, að ⅔ af íbúum Reykjavíkur væru í sama húsnæði, en ⅓ hefðu skipt um húsnæði, en þær tölur eru ekki í skýrslunni, heldur fengnar sem „stikkprufur," sem fasteignaeigendafélagið lét gera, í tveim götum bæjarins.

En hvað liggur fyrir opinberlega um þessi mál? Það liggur fyrir í veðmálabókum Reykjavíkur, að af þeim 7775 íbúðum, sem til voru 1940, hafi 2378 skipt um eigendur með þinglesningu, og það liggur líka fyrir, að 5 hundruð manns hafi skipt um íbúðir eftir úrskurði húsaleigun. eða fógeta. Það hafa því orðið íbúaskipti í yfir 3 þús. íbúðum síðan l. voru sett, eða um 4/11 hlutar íbúanna, sem skipt hafa um íbúðir. Það liggur enn fremur fyrir í skýrslunni, að 300 menn lifi af þeim tekjum, sem þeir fá fyrir sín hús, sem þeir leigja út, þannig að 140 hafa alls engar aðrar tekjur, en 160 hafa meira en helming sinna tekna af húsum sínum. En þessir menn eru að dunda aðeins við einhverja vinnu.

Nú er að heyra á hv. 1. landsk. þm. að hann væri að vita mig fyrir, að ég væri að blanda mér í þessar umr. Hann sagðist ekki vita, hvað ég eiginlega væri að skipta mér af málum, sem mér kæmu ekki við, þar sem þau væru ekki viðkomandi Norður-Múlasýslu. Hann sagðist ekki skilja, að bændum, sem kosnir væru á þing af mönnum á útkjálkahéruðum, kæmi við mál, sem varðaði Reykjavík. Ég vil nú biðja hv. þm., af því að hann er kallaður 1. landsk. þm., að reyna einu sinni að vera ekki stéttarþm., heldur reyna að líta á þjóðarheildina og hvað henni er fyrir bestu, en miða ekki bara við eina einustu stétt, því þó að hún sé merkilegur liður í þjóðarheildinni, þá er hún þó ekki nema einn hlekkur í henni, en það þarf að hugsa um þá alla, ef vel á að fara.

Það hefur mikið verið talað um heilsuspillandi íbúðir hér í þessum bæ, og langar mig í því sambandi að skýra frá, hvað skýrslan leiðir í ljós. Þar stendur, að 1928 hafi 33% af húsnæði í bænum verið það, sem kallað er kjallara- og súðaríbúðir, en þær eru nú komnar niður í 14.6%. Þannig er það nú, að jafnvel þó að það ástand sé enn óðruvísi en æskilegt væri í húsnæðismálum bæjarins, þá er það þó að síga í áttina til hins betra. Þessar upplýsingar voru einnig í skýrslunni, sem almenningur mátti helzt ekki sjá.

Þá vil ég spyrja, vegna þess að hv. 1. landsk. þm. hefur haldið því fram, að húsaleigul. hafi ekki skert tekjur neinna, hvort hann mundi ekki telja sínar tekjur skertar, ef hann byggi við sömu laun að krónutölu vísitöluuppbótarlaust eins og hann bjó við 1940. Mér hefur skilizt, að sjómenn landsins teldu það ekki og yfirleitt engir landsmenn. Þá hélt ég líka, að þessum 300 mönnum gengi lítið að lifa af tekjum af sínum húsum, sem ákveðnar voru 1940 eða fyrr.

Ég get hugsað það, að ef hv. þm. í stað þess að heita 1. landsk. þm. héti þm. þeirra manna, sem lifa af rentum af þeim peningum, sem þeir fá af húsum sínum, sem þeir leigja út með gamalli leigu, þá mundi hann heimta uppbót þeim til handa og hana ríflega.

Þá vil ég benda á það, sem ég hef reyndar bent á áður, að þessi breyt. á l. er frá mínu sjónarmiði fyrst og fremst flutt til þess að losa úr læðingi það húsnæði í bænum, sem nú stendur autt, og er það í raun og veru það sama, sem liggur þar á bak við, og felst í því frv., sem ég flyt um skatt á því húsnæði, sem þar er talið óhæfilega stórt, en það mundi einnig hjálpa til þess að auka húsnæðið.

Það þýðir ekki annað en að horfast í augu við þá staðreynd, að svo að segja um alla Reykjavík er — og í sumum götum mikið — húsnæði, sem ekki er leigt út, beinlínis af þeirri ástæðu, að menn vilja ekki festa það af ótta við að geta ekki losað það aftur, ef á þarf að halda. Þetta húsnæði mundi koma á markaðinn, ef þessar ráðstafanir væru gerðar, sem hér hefur verið talað um, og verða aðgengilegt fyrir þá menn, sem búa í bröggum og öðrum slæmum íbúðum. Það er að vísu afar misjafnt að búa í bragga. Ég hef komið í bragga, sem fólk fékk hjá bænum til þess að vera í í 10 ár eftir að hafa lagt í kostnað við að laga hann fyrir 12—13 þús. kr., það hafði sett í hann olíukyndingu og býr nú í honum fyrir ekki neitt næstu 10 ár. Og ég er viss um, að þó að það ætti kost á góðri íbúð í bænum, þá dytti því ekki í hug að skipta um og flytja úr þeim bragga, því að hann er sambærilegur við góða íbúð í bænum.

Ég býst við, að það séu misjafnar íbúðir í bröggum, ég hef aðeins komið í tvo, og þáð hafa verið góðar íbúðir.

Þá vil ég minna hæstv. forsrh. á það, að í þeim

uppástungutill., sem fulltrúi hans í stjórnarráðinu gerði og hann sjálfur taldi sig um skeið geta hallazt að, var gert ráð fyrir því, að leyft yrði að segja upp húsnæði í öllum húsum, sem eigendur byggju sjálfir í og leigðu út frá sér, sem vafalaust hefur verið byggt á því að koma í veg fyrir það óskaplega ósamlyndi, sem víða ríkir milli húseigenda og leigjenda og á rót sína að rekja til þess, að sambýlinu er þrengt upp á þá, og mundi hverfa með öllu, ef húseigandi væri frjáls að því að taka þá leigjendur, sem hann vildi til sín í húsið.

Ég benti á þetta í minni fyrri ræðu, þar sem ég benti á það grimmasta ósamlyndi, sem ég þekki, er leiddi til þess, að leigjandinn þurfti að útvega sér fógetaúrskurð til þess að fá sultutaukrukku úr geymslu, sem var sameiginleg báðum aðilum, en húseigandi neitaði um lykla til þess að ná henni. Þá benti ég einnig á það, sem ég þekki svartast, þar sem húseigandinn neitaði fyrir salernið, til þess að leigjandinn gæti ekki gengið þangað örna sinna. Svona dæmi mun lengi mega telja, þar sem leigjandi verður að fá fógetaúrskurð vegna sinna daglegu þarfa, sem honum hefur verið neitað um.

Það hefur vafalaust verið til þess að fyrirbyggja slík tilfelli sem ég nefndi, að fulltrúi ráðh. lagði til, að leyfð yrði uppsögn á húsnæði, þar sem eigandinn byggi sjálfur, en þær till. taldi einnig hæstv. ráðh. sjálfur um skeið til bóta, að gerðar væru. Ef horfið hefði verið að því ráði, — hvað ætli þær uppsagnir hefðu orðið viðtækar? Því miður get ég ekki svarað því nú sem stendur. Ég er líðlega hálfnaður með að fara yfir bæjarskrána, en þar getur maður séð, hve margir menn eiga fleiri en eitt hús. Ég er ekki búinn að finna nema 18 menn, sem eiga fleiri en eitt hús, en ef líða nokkur kvöld, þangað til við tölum um þetta næst, getur verið, að ég hafi fundið, hve margir þeir eru. En þessir menn verða aldrei ákaflega margir, og verður þá ekki ákaflega mikið á milli þess, sem hæstv. ráðh. var um skeið samþykkur, og þess, sem við leggjum til, að gert verði.

Þegar ég er búinn að fara yfir bæjarskrána, sem ég væntanlega verð búinn að fyrir 2. eða 3. umr. málsins, þá getum við séð, hvernig málið liggur fyrir. En ég held, að það sé ákaflega fjarri því, sem hv. 1. landsk. vildi vera láta og mér skildist líka nú hæstv. ráðh., að með þessu. að halda húsaleigul. þannig í gildi, sé verið að vernda einhverja minni máttar stétt heldur en hina, sem settir eru þar sem andstæður.

Það, sem verið er að gera, ef þessi breyt. nær fram að ganga, er fyrst og fremst það, að það er verið að losa um húsnæði í bænum, sem nú er haldið föstu vegna húsaleigul. (**Forsrh.**: Það er hreinasta blekking.), sem mundi leiða til þess, ef þetta yrði gert, að ýmsir menn, sem búa í bröggum og heilsuspillandi íbúðum, sem mun vera rúm 14%, mundu geta losnað úr þeim. Það má þess vegna alveg snúa þessu við. Það er þess vegna hv. 1. landsk. og hæstv. forsrh., sem ekki vilja losa um þetta húsnæði, þeir vilja ekki koma því á markaðinn, og þeir eru að gera leik að því að halda fólkinu í heilsuspillandi íbúðum með því að láta þessar íbúðir vera lokaðar fyrir því. Hvort það þarf fógetaúrskurð til þess — og hér er það þjóðin, sem er forsetinn — að láta þessa menn ljúka upp þessum lokuðu íbúðum, skal ég láta ósagt. Þeir skyldu þó ekki hafa verið báðir með því að vilja ekki stóríbúðaskattinn, en með því að láta l. vera í gildi eins og þau eru og þannig fá á sig stimpilinn, fyrir hvern þeir væru að vinna?

Gísli Jónsson: Ég vil fyrst og fremst þakka hæstv. fors.- og félmrh. fyrir að hafa tekið þátt í umr. hér, því að margt af því, sem komið hefur fram í hans ræðu, eru upplýsingar um málið. En þrátt fyrir andstöðu, sem hann hefur sýnt málinu, veit ég, að hann vil láta upplýsa málið. Og það, sem fram hefur komið í málinu, hefur sannfært mig enn betur um, að það beri að afnema húsaleigul. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekki alveg víst, að ríkisstj. teldi sjálfsagt að leggja fram fyrir Alþ. till. mþn. í máli, sem ríkisstj. hefur þó talið það mikils vert, að hún hefur talið þurfa að skipa mþn. í. En það er óneitanlega ákaflega einkennilegt, þegar mþn. er sett í svona alvarlegt mál eins og þetta er og n. er sammála um ákveðna hluti, að þá skuli samt sem áður viðkomandi ríkisstj. ekki vilja líta á þá hlið málsins, sem mþn. er sammála um. Og þegar athugaður er gangur þessa máls, þá er hann sá, að meiri hl. þessarar mþn. hefur fallizt á að rýmka svo mikið um ákvæði húsaleigul., að skrifstofustjóri í félmrn. hefur lagt fram till., sem ráðh. hefur ekki sent n. til athugunar, till., sem að vísu ganga á móti hans persónulegu skoðun í málinu. En þessi hæstv. ráðh. hefur beitt því valdi, sem hann hefur sem ráðh., á þann hátt að neita að láta þessi gögn koma fram. Hann hefur sent þessi gögn til húsaleigun. Og þessar till. eru lagðar fyrir fasteignaeigendafél. En þegar húsaleigun. er búin að starfa nokkurn tíma að því að koma fram vilja ráðuneytisins í þessu máli, þá eru laun nm. tvöfölduð án nokkurrar heimildar. (**Forsrh.**: Ég hef engum launakjörum breytt í n.). Og það hefur engin leið verið þrátt fyrir till. í fjvn. og þrátt fyrir það, að hæstv. félmrh. samþykkti það, það hefur þrátt fyrir þetta engin leið verið til þess að lækka þennan kostnað, kostnaðinn af því, að þeir, sem í þessari n. eru, standa með hæstv. ráðh. í þessu máli. — Í bréfi því, sem félmrn. skrifaði húsaleigun. í Reykjavík og Fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur, er spurt: „Álítið þér rétt að afnema 1. gr. núgildandi húsaleigulaga og breyta lögunum að öðru leyti í samræmi við það?" Svar húsaleigun. við þessu er: „Nefndin telur ekki tímabært að afnema 1. gr. húsaleigulaganna." Þetta er dómur þeirrar n., og engin grg. fylgdi. Það er ekki svo lítil undirstaða undir þessum hæstaréttardómi hér! — Svo kemur hér önnur spurning frá ráðuneytinu: „Álítið þér rétt að gera lögin að heimildarlögum fyrir sveitarstjórnir og festa þá húsaleiguvísitöluna í heildarvísitölunni?" — sem er till. mþn. Hvernig svarar húsaleigun.? Svona: „Nefndin telur það óheppilegt að leggja afnám húsaleigulaganna á vald einstakra bæjar- og sveitarstjórna á hverjum stað, m. a. með tilliti til 15. gr. laganna." (Þetta eru aðalrökin.) „Einkum telur nefndin óheppilegt að leggja kostnað af framkvæmd laganna á sveitarstjórnirnar, með því að það mundi gefa sveitarstjórnunum óeðlilega tilhneigingu til að afnema lögin." Það er nefnilega ekki alveg víst, að Reykjavíkurbær vildi borga húsaleigunefnd eins mikið og hún hefur fengið greitt fyrir sitt starf. **Finnur Jónsson**, fyrrv. félmrh., tvöfaldaði laun þeirra án

nokkurrar heimildar. Og einmitt vegna kostnaðarins vill húsaleigun. ekki breyta l. í þessu efni, af því að þeir eru ekki alveg vissir um, að þeim verði greidd af Reykjavíkurbæ tvöföld laun. — Hvernig er svo 15. gr. húsaleigul., sem húsaleigun. vitnar í og telur, að með tilliti til ákvæða þeirrar gr. sé óheppilegt að leggja afnám húsaleigul. á vald einstakra bæjar- og sveitarfélaga? Hún er svo, fyrri hlutinn, með leyfi hæstv. forseta: „Öll ákvæði þessara laga um íbúðarhúsnæði gilda og um leigu á húsum, bryggjum og pöllum til linuveiðabáta, sem róa úr landi.“ Þess vegna má ekki afnema húsaleigul. Það eru ákaflega mikil rök þetta í þessu máli! Það er m. ö. o.: Aðalrökin fyrir því, að ekki má leyfa sveitarfélögum að hafa heimild til þess að ráða sjálf um það, hvort afnumin skuli hjá þeim ákvæði húsaleigul., eru að dómi húsaleigun. Reykjavíkur þau, að það má ekki gera það vegna hafnarmannvirkja og báta, sem stunda linuveiðar frá ákveðnum stöðum. — Og hér er þriðja spurningin í bréfi ráðuneytisins: „Álítið þér rétt að slaka til á húsaleigulögunum og þá einkum hvað þessi atriði snertir:

a. að færa skilyrðin fyrir eignarrétti fram til 1. jan. 1946 eða 1. jan. 1947?
b. að rýmka um skyldmennaleigu (systkini)?
c. að sleppa einstaklingsherbergjum undan ákvæðum laganna?
d. að sleppa lausu atvinnuhúsnæði?“

— Hverju svarar húsaleigun. þessu? Þannig: „Nefndin telur ekki rétt að færa tímatakmarkið í 1. mgr. 1. gr. laganna fram, með því að allir þeir, er keyptu hús eftir sept. 1941, vissu eða áttu að vita um þessi ákvæði.“ — Sér er nú hver greinargerðin fyrir þessum hæstaréttardómi! ég verð bara að segja það. Þetta hefði ekki þótt ákaflega mikil grg., ef hún hefði komið frá þm. Barð. eða hv. 1. þm. N-M., að dómi hæstv. ráðh. — „b, c og d. Nefndin getur ekki fallizt á að mæla með þessum breytingum, með því að þær mundu hafa í för með sér fjölda uppsagna og útburðarmála gegn einstaklingum, fjölskyldum og fyrirtækjum, er lenda mundu í hinum megnustu vandræðum og í mörgum tilfellum verða hinu opinbera að byrði.“ En hvað er þá mætara að láta systkini viðkomandi húseigenda vera á hrakhólum þeim, sem þessi hæstiréttur er að tala um, að menn mundu verða á, ef slakað væri til á þessum l.? Það finnst þessum mönnum kannske aukaatriði í málinu. Hv. 1. landsk. þm. var að tala um, að hann yrði rekinn út eins og útigangshross. En honum er þá kannske sama um það, þó að nánustu skyldmenni húseigenda verði rekin út eins og útigangshross. — Ég skil ekki réttlætistilfinningu þeirra, sem vilja halda í þessi ákvæði. — Hæstv. félmrh. hefur marglýst því hér, að hann sé þess fýsandi, að húsaleigul. verði afnumin. Og hann hefur lýst hér yfir, að hann vildi láta vinna að því, að þetta yrði gert. Hann hefur tekið fram nál. mþn., þar sem tveir aðilar eru alveg sammála um mörg veigamikil atriði til bóta frá því ranglæti, sem nú á sér stað viðkomandi húsaleigul. og framkvæmd þeirra. Og þetta hefur þó ekki haft þau áhrif á hann, að hann vilji vinna að því markvisst, sem hann hefur lýst yfir, að hann vilji láta gera. Hann veit, að heilbr.- og félmn. hefur rætt við hann um þetta frv., áður en það var flutt. Og hann hefur lofað, að á þessu þingi skyldi verða flutt frv. um breyt. á húsaleigul. En reyndin er svo, að hann vill engar breyt. til bóta á þessum l. nú. Og það var ekki fyrr en vonlaust var um að fá nokkurt samkomulag við hann um þetta mál, að meiri hl. n. sá sig knúðan til þess að setja málið fram á þann hátt sem gert hefur verið. Svo álasar hann okkur fyrir að hafa ekki tekið upp ákvæði í frv., sem hann álítur, að hefðu verið til hins betra, svo sem ákvæði um stóríbúðaskatt. Við höfum ekki neitað samvinnu við hann. Ef hæstv. félmrh. álítur, að það mundi verða til bóta frá því ranglæti, sem nú er, að setja inn þetta ákvæði, þá erum við til viðtals um þetta. Ef hæstv. ráðh. álítur, að það mundi verða til bóta frá því ranglæti, sem nú er, að taka upp miðlun á húsnæði, þá skulum við ræða þetta mál við hann. En hann vill ekki ræða þetta mál. Hann hefur lýst yfir, að hann geti ekki verið með þessu máli í neinni mynd. Og hans flokksmenn hér í hv. d. hafa óskað þess og krafizt, að þetta frv. verði drepið strax við 1. umr. Þetta er sá fjandskapur, sem kemur fram frá hæstv. félmrh. og hans flokki gagnvart þessu máli. Nú skal ég viðurkenna, að hæstv. félmrh. óskaði ekki eftir þessu. En hv. 1. landsk. þm. óskaði mjög eindregið eftir því, að þetta viðkvæma og stóra mál fengi ekki einu sinni að athugast í n., heldur koldrepið við 1. umr. — til þess að líkindum, að ómögulegt verði að gefa út nál. né afla gagna, sem sýni, að það ástand, sem er í þessum efnum, getur ekki verið áfram í landinu. En ef hæstv. félmrh. vill bæta úr þessum málum — og ég efast ekki um, að hann vill gera það —, þá á hann að taka upp vinsamlega samvinnu við n. um það, hvernig hægt er að bæta úr í þessum efnum, því að það að segja: Ég vil gera þetta, — en gera það svo ekki, og segja: Það þarf að bæta hér úr, — en leggja svo ekkert til til úrbóta, það er ekki sá háttur, sem hæstv. ráðh. sæmir. Ég held, að það verði alveg óhjákvæmilegt fyrir hæstv. ríkisstj. að taka einhverja jákvæða afstöðu til þessa stóra máls, áður en þingi lýkur. Og ég veit ekki, hvenær hún á að taka þá afstöðu, ef ekki einmitt nú, þegar málið er komið til umr. hér í þessari hv. d.

Hæstv. félmrh. sagði, að vafasamt væri að álykta svo, að það sama gilti um allan bæinn, sem kæmi fram við athugun, sem gerð hefði verið viðkomandi einstökum götum hér í bænum um flutning manna. Þetta má vera rétt. En ég vil spyrja um það í sambandi við þetta mál, af því að hæstv. ráðh. og hans flokkur telur þetta ekki sönnun: Hvaða réttlæti var í að hafa sex-mannanefndarálitið sem grundvöll fyrir ályktunum, þegar það var gert? Á hverju var útreikningurinn þá byggður? Ég veit ekki betur en að í sambandi við það væri byggt á 15 búreikningum, sem sumir hverjir voru þannig, að það var varla hægt að lesa úr þeim. Á þessum gögnum voru byggð ein hin allra viðtækustu og áhrifamestu l., sem gerð hafa verið á þessu landi. (**Forsrh.**: Ekki til sóma.) Hæstv. ráðh. segir, að ekki hafi það verið til sóma. En annað er enn minna til sóma og það fyrir þennan hæstv. ráðh., það að hafa þá ekki látið opinbera n. rannsaka þetta atriði, sem hann telur þessa athugun á nokkrum götum hér í bænum ekki gefa nægar upplýsingar um. Ef þetta atriði út af fyrir sig er nokkurt atriði í málinu, þá hefur hæstv. ráðh. borið

skylda til og fyrir löngu síðan að láta fara fram þessa rannsókn, úr því að hann vefengir gildi þessarar athugunar. — Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Vill hann og hæstv. ríkisstj. í heild gera það að till. sinni að miðla allri húsaleigu með l.? Og ég vil mjög eindregið spyrja hæstv. ráðh., hvort hann vill breyta þessu frv. svo, að í það verði tekin ákvæði um að miðla húsaleigu. Ég er til samtals um allar till., sem miða að því að bæta úr því ranglæti, sem búið er að hafa í frammi í þessum efnum bæði af fyrrv. og núverandi hæstv. ríkisstj. nú í mörg ár. Það er þó ekki meira að miðla húsaleigu heldur en að miðla verði á allri beitusíld. Fyrir áhrif vinstri flokkanna erum við komnir inn á það að láta ríkissjóð mæta tapi hér og tapi þar. Hvers vegna má þá ekki líka koma þessu á ríkissjóðinn? Og þá hefði draumur sumra manna rætzt, þegar verðmiðlun er komin á öllu í landinu og ríkissjóður ber allan hallann, ef um halla er að ræða. Að því er stefnt.

Svo sagði hæstv. félmrh.: Þetta frv. bætir ekki úr því misrétti, sem stöðugt er talað um. — Það getur verið. En bætir hið algera afskiptaleysi og framkvæmdaleysi hæstv. ráðh. þá úr þessu misrétti? Nei, það er sett algerlega dauð hönd hér yfir þessi mál. Bætir hún úr þessu misrétti? Ég segi nei. Ef hæstv. ráðh. vill sýna snefil af réttlæti í þessu máli, þá á hann að koma á móti þeim mönnum til viðtals, sem vilja breyta um til bóta í þessum efnum. það er ekki það rétta í afstöðu til málsins að segja: Ég er með málinu, — og gera svo ekki neitt í málinu. (**SÁÓ**: Á þetta að verða byltingin?). — Það eru til fleiri byltingar en að fella sjómannasamninga. Ég kem að hv. 1. landsk. þm. seinna í sambandi við þetta mál.

Hæstv. ráðh. sagði, að meðan hann mæti vandann meira í sambandi við þessi mál heldur en óþægindi húseigendanna, þá væri hann á móti afnámi húsaleigul. Ég hef nú fengið harðan dóm frá hæstv. ráðh. um, að undirstöður undir málflutningi mínum séu ekki svo vel lagðar. En ég held, að hvorki ég né hann getum verið hæstaréttardómarar í þessu máli um það, hvort vandinn er þar meiri heldur en óþægindi eigenda húsanna. Kannske verður samkomulag um að afgreiða þetta mál með rökst. dagskrá um, að settur yrði upp dómstóll eins og húsaleigun., þar sem annar aðilinn, sem er órétti beittur í þessum efnum, hefur engan fulltrúa. Ég hygg, að engin nefnd eða nefndir hafi verið settar af því opinbera, þar sem sá aðili, sem árum saman er órétti beittur, á engan fulltrúa, nema í þessu eina máli. Í þessu má sá aðili, sem mest líður, aldrei koma að vörn í máli sínu, hvað þá meir. Og það sýna langbezt m. a. dómar, sem fallið hafa út úr svona útburðarmálum. Það hefur t. d. verið sannað, að leigjandi hefur ekki borgað leigu í 5 mánuði og brotið samninginn. Það er og sannað, að leigjandi hefur tekið óleyfilega konu til sín í húsnæðið. Þetta er líka brot. Samt sem áður er úrskurðinum ekki hrundið og viðkomandi aðila er heimilað að búa áfram í íbúðinni, þrátt fyrir það að hann hafi þverbrotið samninginn. Á hverju er þetta byggt? Á því, að það er ekki hægt að sanna, að þessi kona hafi ekki neitt greitt, og að það er ekki sannað, að húseigandi hafi mótmælt því, að húsaleigan væri greidd af leigjandanum. Svona er farið með rétt þeirra manna, sem hafa tekið að sér það hlutverk að velta mönnum tækifæri til að geta haft þak yfir höfuðið. Kannske við getum komizt að samkomulagi um það að setja n. til þess að rannsaka, hvort er mikilvægara, ranglætið, sem húseigendurnir verða fyrir, eða hins vegar þörf hinna, sem húsnæðið nota, fyrir að hafa það. Allt er betra en afskiptaleysið, sem hæstv. ráðh. hefur sagt, að hann ætlaði að hafa í þessu máli. Slík yfirlýsing hæstv. ráðh., með tilliti til annars, sem hann hefur sagt, er ekkert annað en hrein viðurkenning á vesaldómi í svona stóru máli, að þora ekki að taka afstöðu til máls, sem er jafnstórt og viðkvæmt og þetta mál er, hafa öll gögn á borðinu og segja: Ég viðurkenni, að þessi gögn eru rétt um, að það þarf að laga þetta, en ég hef ekki manndóm til þess að stiga nokkurt spor í þá átt, að þessum réttlætiskröfum verði mætt. Ég verð að segja, að réttlætistilfinning hæstv. ráðh. er hér nokkuð á reiki.

Og við skulum þá athuga afstöðu hæstv. ráðh. til dýrtíðarmálanna. Þegar rætt var um dýrtíðarmálið hér, þá komu fram mjög ákveðnar kröfur um það, að um leið og lækkuð væri vísitalan í landinu, þá væri kaupgjaldið bundið. Og sannleikurinn var, að ekkert vit var í neinu öðru. Hitt hefði ekki verið neitt annað en að slá þessu mikla máli á frest, enda er það komið á daginn, að menn hafa heimtað hækkandi laun, hvar sem þeir hafa getað komið því við. Og þessi hæstv. ráðh. vill ekki taka af launamönnum þennan rétt, sem þó eru sumir vel efnaðir menn. En hann vill ekki leyfa þeim, sem eiga húsnæði og hafa kannske ekki aðrar tekjur heldur en af því, að hafa þennan rétt að hækka sínar tekjur.

Hæstv. ráðh. segir, að hann óttist, að kjör alþýðu manna yrðu skert með því að slaka til um ákvæði húsaleigul. En ég sé ekki betur heldur en að hann sé, með því að standa á móti breyt. á húsaleigul., að skerða áfram stórkostlega rétt þeirra manna, sem kannske margir eru fátækustu þjóðfélagsþegnarnir, sem hafa tekjur af því að leigja út húsnæði. Það er upplýst, að það eru 300 húseigendur hér í þessum bæ, sem fá meira en helming af tekjum sínum sem greiðslu á húsaleigu. Hæstv. ráðh. hefur kannske ekki lesið það. (**Forsrh.**: Jú). Það er þá sannarlega hróplegt ásökunarvitni á hann, þar sem hann þó leyfir sér að tala eins og hann hefur talað hér í dag, — og í því efni er hann kannske með langmestu smælingjunum í þjóðfélaginu. Við skulum segja, að þessir húseigendur komist ekki yfir 5 þús. kr. tekjur á ári. Þá menn telur hæstv. ráðh. ekki ástæðu til að vernda. En hann telur ástæðu til að vernda þá menn, sem sitja á margföldum launum, kannske í húsum ekkna og munaðarleysingja, eins og hv. 1. landsk. þm., en honum er kannske sama um ekkjurnar og börnin. (**SÁÓ**: Ég er ófeiminn að ræða þetta mál.) Við skulum bara taka málið og ræða það niður í kjölinn. Ég er líka ófeiminn að ræða þetta mál. (**SÁÓ**: Ef hv. þm. Barð. ætlar að fara að draga mitt privatmál inn í þessar umr., þá skal ég líka fletta ofan af honum.) Það er eftir að fletta ofan af mörgu í þessu máli enn þá. [Frh.].

Forseti (BSt): Fundartíminn er þegar á enda, og vildi ég mælast til að hv. þm. fari að ljúka ræðu sinni. (**GJ**: Ég á eftir a. m. k. 1 klukkustundar ræðu.) Þá verð ég að fresta umr.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Ed., 24. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Gísli Jónsson [frh.]: Þegar þetta frv. var til umr. síðast, talaði hæstv. félmrh. á móti því. Hann sagði meðal annars, að hann óttaðist, að ef frv. þetta yrði samþykkt, mundi stór hluti alþýðu manna verða fyrir þungum búsifjum og kjör hennar með því stórlega skert. Ég benti á það með dæmum við þessar umræður, að kjör annarra væru þá ekki síður stórlega skert, ef frv. næði ekki fram að ganga. Og ég get nú ekki látið hjá líða að koma enn með skýrt dæmi þessu til sönnunar.

Hér í bæ er ekkja, sem nýlega hefur misst mann sinn. Þau áttu hús, og þar eru tvö herbergi og eldhús á hvorri hæð. Á neðri hæðinni situr maður í leigu með móður sinni, sem hefur 40 þús. kr. í árstekjur og fyrir henni einni að sjá. Þegar ekkjan missti mann sinn, varð hún að skipta búi og veðsetja eignina til þess að standa undir arfi. Þær einu tekjur, sem hún hefur, eru 85 kr. mánaðarlega fyrir íbúðina á neðri hæðinni, sem fyrir stríð var leigð á 60 krónur. Hún býr svo í sinni íbúð og greiðir viðhaldskostnað af húsinu. Sonur hennar er við nám, 17 ára gamall. Ef hún gæti nú tekið húsnæði þetta til atvinnurekstrar fyrir sjálfa sig, mundi hún geta framfleytt sér og syni sínum. En þetta er henni fyrirmunað.

Ég tel, að það hljóti að verða þyngra á metaskálunum, þegar þetta dæmi er athugað, að bjarga þessari konu og leyfa henni að neyta réttar síns til þess að geta framfleytt sér og sínum heldur en að leyfa manni með 40 þús. kr. árstekjur að ganga þannig á rétt hennar.

Þetta er eitt af mörgum dæmum, sem sýna það, að þetta er vandamál, sem leysa þarf með sanngirni og taka til alvarlegrar athugunar og úrbóta. Ég hirði svo ekki að nefna um það fleiri dæmi, hve húsaleigul. verka gagnstætt öllu réttlæti, — dæmi, sem sýna, að alþýðu manna mundi vera mest gagn gert með því að afnema þau.

Hæstv. ráðh. benti á, að lausnin væri sú að byggja fleiri hús. Ég veit nú, að honum er kunnugt um þá erfiðleika, sem á því eru nú, — m. a. fyrir aðgerðir hins stóra fjárhagsráðs og áróður þeirra þm. innan stjórnarflokkanna, sem telja, að allt sé hér komið í kalda kol, sem hefur valdið því, að ráðstafanir hafa verið gerðar, er valdið hafa stöðvun á framkvæmdum, sem annars hefði verið haldið áfram. En þótt öllu þessu væri vikið til hliðar og byrjað að byggja, skil ég ekki, hvernig það á að leysa málið, ef það er rétt hjá hv. þm. Str., að því meira sem byggt sé, því fleiri íbúðir standi auðar vegna húsaleigul. Það er þungur áfellisdómur hjá hv. þm. Str., að fjölda íbúða í bænum sé óráðstafað vegna þessara laga, og væri þarft verk fyrir húsaleigun. að rannsaka þetta. Og hví tekur ekki félmrn. sig til og fyrirskipar ýtarlega rannsókn á þessu?

Vert er að benda á það, að í því peningaflóði, sem hér hefur gengið yfir, hafa verið reistar margvíslegar stórbyggingar í úthverfum bæjarins, en verið gengið fram hjá því að byggja upp miðbæinn. Þótt þörfin sé brýn, hefur ekki verið unnt að rýma hann fyrir nýjum byggingum vegna húsaleigul. Þannig liggur dýrasti hluti bæjarins óuppbyggður og það kostar bæjarfélagið margar miljónir í götum, raflögnum o. s. frv.

Skal ég svo ekki ræða þetta frekar, en koma nokkuð að rökum hv. 4. landsk. Hann sagði, að bannið á hækkun á húsaleigu yrði einskis virði, ef frv. yrði samþykkt. Ég get ekki skilið þetta. Ef einhver leyfir sér að selja vöru hærra verði en verðlagseftirlitið heimilar, þá bakar hann sér ábyrgð. Og ég sé ekki annað en bannið við hækkun húsaleigu yrði í jafngóðu gildi, þótt lögin væru afnumin. Hann sagði, að „spillingin yrði gerð að fastri reglu.“ Það get ég ekki heldur séð, því að ef um spillingu er að ræða, má fyrst og fremst rekja hana til húsaleigul.

Ég skildi ekki heldur dæmi hans um það, að menn, sem orðið hefðu að greiða 15 þús. krónur til þess að komast inn í íbúðir, mundu verða að greiða aðrar 15 þúsundir, ef l. væru afnumin. Ég held miklu fremur, að færri þyrftu að greiða þessar 15 þúsundir, ef það er rétt, að miklu húsnæði sé haldið óleigðu vegna l., sem losna mundi, ef frv. yrði samþ. — og er það óhrakið, að húsnæði á hverja fjölskyldu í bænum er töluvert meira en það var fyrir stríð.

Ekkert spursmál taldi hann það vera, hvort l. kæmu hart niður, heldur hitt, hvort þau væru nauðsynleg. Nú er það hins vegar ekki litið spursmál, hvort þau koma hart niður á einhverjum þegnum þjóðfélagsins, — og ég þekki hv. 4. landsk. það vel af langri samvinnu hér á þingi og utan þings, að ég veit, að hann vill ekki, að ranglæti sé við haldið með lagabókstaf gegn fjölda manns.

Ég kem þá að hv. 1. landsk. Það voru tveir meginþættir í hans ræðu. Hann vildi í fyrsta lagi fá hv. þdm. til að trúa því, að frv. væri flutt í eiginhagsmunaskyni, af því að við flm. værum sjálfir húseigendur. Í öðru lagi vildi hann sanna, að hann væri heill í málinu, þar sem hann væri leigjandi og yrði vísað út á gaddinn eins og stóðhrossi, ef frv. næði fram að ganga. Ég veit nú ekki, hvort á að taka atkvæði hans í málinu alvarlega, ef það eitt ræður afstöðu hans, að hann sé hræddur um að verða rekinn eins og stóðmeri út á gaddinn. Annars get ég gert honum það til geðs og sárabóta að upplýsa það, að sjálfur er ég ekki húseigandi og hef ekki verið í mörg ár, ef það kynni nokkuð að breyta viðhorfi hans og þeirri persónulegu hagsmunaafstöðu, sem hann hefur til málsins. Ég benti honum á — og hann hoppaði upp, — hvort það væri annars nokkur sanngirni í því, að hann sæti í því húsnæði, sem hann hefur, þar sem hann er maður sæmilega fjáður, en leigir hjá ekkju, sem hefur tapað sínni fyrirvinnu. Hitt er annað mál, að ég trúi ekki þessum ummælum hv. 1. landsk., því að ég hygg, að samkomulag hans við húseigenda sé betra en hann vildi vera láta, og hann verði varla rekinn út sem stóðhryssa, svo framarlega sem viðkomandi þyrfti ekki að nota húsið til starfrækslu sér til lífsuppeldis.

Hv. 1. landsk. staðfesti það annars, að óbúandi væri við það ástand í húsnæðismálunum, sem skapaðist af slæmri sambúð húseigenda og leigjenda, og lýsti því, hvernig búið hefði verið að honum og reynt að flæma hann burt. Ég fæ því ekki skilið, hvernig hann vill láta slíkt ástand ríkja áfram á þúsundum heimila. Ég saka ekki hv. 1. landsk. um þann ófrið, er hann átti í, því að hann er ágætur

friðsemdarmaður, — en húsaleigulögin hafa samt getað komið honum úr jafnvægi, og ætti það raunar ekki að verða létt á vogarskálunum hjá honum.

Hann sagði enn, að ekkert nema verkamannabústaðalöggjöf gæti fyrirbyggt það, að alþýða manna þyrfti að hrekjast milli húsnæðisokrara og braskara.

Húseigendur hafa um mörg undanfarin ár verið undir sterkara verðlagseftirliti en aðrir þegnar þjóðfélagsins, jafnvel eina stéttin, sem fyrirmunað hefur verið að hækka sínar tekjur, og er þetta ekki til að bera saman við sparisjóðseigendur, þó að sannarlega hafi verið farið illa með þá. En sparisjóðseigendur höfðu þó það frjálsræði fram yfir húseigendur að geta tekið peninga sína út og lagt þá í eitthvað, sem arðvænlegt þótti, og spilað þannig í eins konar happdrætti. En þetta var húseigendum fyrirmunað, þeir hafa ekki getað losað sitt fé. Þeir hafa ekki getað selt hús og íbúðir sökum þess, að ekki var hægt að koma leigjendunum út, og þá vildi enginn kaupa. Þannig hafa þeir verið dæmdir til að þola hinn mesta órétt og ófrið á sínum heimilum án nokkurrar réttarbótar. Ofan á allt þetta hafa þeir fengið þá nafnbót hjá hv. 1. landsk. að vera einir af mestu okrurunum í þjóðfélaginu.

Þá minntist hv. 1. landsk. á, að þetta mál snerti dýrtíðarráðstafanirnar. Það er rétt, að það mundi verka á vísitöluna, ef engar ráðstafanir væru áður gerðar, er kæmu þar á móti. Það mundi þýða 53 stig samkvæmt leyniskýrslunni. En er það þá bara þetta eina, sem verkar á vísitöluna? Ætli hv. 1. landsk. ætti ekki að vera ljóst, að samningur sá, er hann var að reyna að troða upp á sjómenn, þó að þeir vildu ekki líta við honum, gæti haft sín áhrif til lækkunar vísitölunni t. d., ef skynsamlega væri á haldið? En það er talið sjálfsagt að berjast fyrir því að ala sjómenn og verkamenn upp í því að krefjast a. m. k. 40 þúsund króna launa, jafnvel þó að það stoppaði allt atvinnulíf í landinu. Og á sama tíma er það talið sjálfsagt að berjast gegn hækkun vísitölunnar með því að varna fátækum ekkjum þess að fá meira en 85 krónur á mánuði fyrir íbúðir, sem þær lifa af að leigja út. Það er ekki litið samræmi í þessu. Ég held, að það væri gott fyrir þá, sem þykjast vinna fyrir smælingjana hér, að athuga afstöðu sína til þessara mála í heild.

Það hafa komið fram óskir hér um, að þetta mál verði felt við þessa umræðu. Við flm. óskum hins vegar eftir, að því verði vísað til heilbr.- og félmn. Ég endurtek þá ósk, og um leið langar mig til þess að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann reyni að sjá svo um við atkvæðagreiðsluna um málið nú, að sem flestir hv. dm. geti verið viðstaddir eða þeir viti um, er atkvgr. fer fram að minnsta kosti.

Forseti (BSt): Út af ummælum hv. þm Barð. vil ég taka það fram, að þingmönnum ber skylda til að sækja þingfundi og greiða þar atkvæði, nema lögleg forföll eða fjarvistarleyfi forseta komi til. Það er því ekki samkvæmt neinni skyldu, sem þingsköpin leggja forseta á herðar, að verið er að doka við og senda menn út um allt til að ná þingmönnum saman til atkvæðagreiðslu. Samt sem áður, þar sem hér er um svo mikið kappsmál að ræða, að komið hafa fram tillögur um að fella það við 1. umr., mun ég reyna að sjá svo um, að dm. verði sem flestir viðstaddir, þegar atkvgr. fer fram. (GJ: Ég veit, að forseti sýnir fulla sanngirni.)

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég hafði hér í fyrri ræðu minni fært fram meginástæður og rök fyrir því, að ég tel óviturlegt og óverjandi að samþykkja þetta frv. Ég endurtek ekki þau rök, en hins vegar hefur engin ræða, sem síðan hefur verið flutt hér, afsannað þau rök, — ég segi hiklaust, í engu afsannað þau.

Ég mun þá fyrst víkja máli mínu til hv. frsm., 1. þm. N-M. Hann talaði að vísu ekki langt mál, en vildi þó reyna að rökstyðja ýmis atriði, sem mæla með því, að l. sé breytt. Að vísu var ræða hans hvorki löng né veigamikil, aðallega hnútur til mín skildist mér, eins og þegar hann lézt fara að draga í efa þingmannsheiti mitt, fyrsti landskjörinn. En ég ber það nú að lögum eins og hann þingmannsheitið fyrri þingmaður N-M. Það er vitanlegt, ef hann vill fara út í jöfnuð okkar á milli, að um 600 kjósendur standa bak við hann, en um 4500 bak við mig. *Ég hygg því, að ég hafi jafnan rétt til míns* þingmannsheitis og hann, og ég þykist tala hér í umboði þeirra þúsunda, sem bak við mig standa, en ég efast um, að hv. 1. þm. N-M. tali í umboði hinna 600 kjósenda sinna í þessu máli. Ég tel mig ekki tala hér sem neinn stéttarfulltrúa, eins og hann vildi orða það, ég þykist taka alhliða sjónarmið í flestum málum, hvort sem bændur eða fólk við sjávarsíðuna á í hlut, eftir því, sem ég tel rétt vera. En sum mál geta þó heitið stéttamál, en þetta mál er það ekki, húseigendur eru í öllum stéttum, og leigjendur einnig í öllum mögulegum stéttum.

En það var annað, sem hv. 1. þm. N-M. og fleiri, m. a. hv. þm. Str., sögðu, að húsaleigul. gerðu ekkert gagn. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það, en lesa, með leyfi hæstv. forseta, umsagnir nokkurra húsaleigunefnda, er þær sendu til mþn., sem hefur fjallað um þetta mál, sem svör við þeirri spurningu, hvaða áhrif nefndirnar teldi, að húsaleigulögin hafi haft.

Reykjavík segir: „Lögin hafa að verulegu leyti hindrað hækkun á húsaleigu, en einkum hafa l. haft mikil áhrif í þá átt að hindra húseigendur í því að auka við sig húsnæði, sem að sjálfsögðu hefði leitt til aukinna húsnæðisvandræða hér í bænum. Hefur n. þráfaldlega orðið þess vör í starfi sínu, að húseigendur telji í fullri alvöru, að þeir hafi „brýna þörf" fyrir aukið húsnæði, jafnvel þeir, er nú hafa miklum mun rýmra húsnæði en þeir létu sér nægja fyrir síðasta ófrið, og stafar þetta að miklu leyti af bættum fjárhag þeirra."

Þetta segir húsaleigunefndin í Reykjavík. En nú hefur verið dregið hér í vafa, að l. hefðu þýðingu fyrir aðra kaupstaði og kauptún landsins. Ég leyfi mér því að lesa umsögn húsaleigunefndarinnar í Hafnarfirði:

„Húsaleigulögin hafa komið í veg fyrir, að gömlum leigjendum hafi verið sagt upp og húsaleiga hækkað í flestum tilfellum, og hafa verkað á þessu sviði til stórbóta. Hefðu engar skorður verið reistar við þessu, hefði hér orðið hreinasta öngþveiti og vandræði. Hins vegar hafa l. ekki fyrirbyggt, að fólk flytti í bæinn, og í einstökum tilfellum hefur fólk bókstaflega verið flæmt úr íbúðum, en þegar litið er á heildina, hafa l. verkað verulega til bóta. Það væri því mjög vanhugsað og til stórrar óþurftar að afnema l."

Ísafjörður segir, — það er ekki langt: „Búumst við, að ef húsaleigul. hefðu ekki verið sett, þá hefði

fjöldi fólks verið hér bókstaflega á götunni, auk þess sem húsaleigan hefði án nokkurs vafa hækkað stórlega, og þá ekki síður í hinum lélegri húsum en skárri.“

Siglufjörður svarar aðeins með þrem orðum: „Haldið niðri húsaleigu.“

Akureyri segir: „Lögin hafa að verulegu leyti hindrað hækkun á húsaleigu og enn fremur komið í veg fyrir húsnæðisvandræði. Hins vegar valda þau miklu misræmi hvað snertir húsaleigu og hafa í sumum tilfellum haft óheppileg áhrif á viðskiptasiðferði.“

Þá koma svör frá ýmsum kauptúnum, og það er allt á sömu lund að kalla, Húsavík, Keflavík, Ólafsfjörður, Stykkishólmur, Neskaupstaður og loks Suðurfjarðahreppur í kjördæmi hv. þm. Barð., en það er eina neikvæða svarið, og er þannig: „Teljum ekki, að l. hafi haft nein áhrif hér,“ — og er það af skiljanlegum ástæðum í plássi, þar sem fólki fer fækkandi.

Þessi gögn, sem ég hef nú vitnað í, liggja fyrir n., en hv. 1. þm. N-M. varast að láta það koma fram.

Nú er það svo, að það liggja fyrir mjög greinilegar skýrslur um aukið húsnæði í Reykjavík frá 1940 til ársloka 1946, og það gefur heildaryfirlit yfir það, hve húsnæðið hefur stækkað. Það kemur í ljós af þessu, að mikill hluti bæjarbúa hefur með bættum efnahag leyft sér að búa við miklu stærra húsnæði en fyrir stríð, og einmitt þetta þýðir það, að húsnæði losnar ekki að sama skapi og byggt er handa þeim húsnæðislausu. Vandræðin eru því mikið til þau sömu hjá þeim, sem þurfa að fá leigt hjá öðrum. Það er nú svo, að síðan 1939 hefur meðalstærð íbúða aukizt úr 2,9 í 3,4 herbergi, íbúðirnar hafa stækkað um þetta, en ekki mun upplýst, hve margir eru að meðaltali í íbúð. Á þessu sést, hvort fólk býr ekki rýmra en fyrir stríð. Ég hygg, að það sé ólíkt rýmra víða, en þrengslin koma harðast niður á fátækum fjölskyldumönnum, og skal ég ekki fara út í að nefna dæmi um það, en þau skipta hundruðum og kannske þúsundum. Hins vegar liggja ekki fyrir skýrslur um það, hve mikið eldra húsnæði hefur verið farið í súginn, brunnið eða verið tekið undir atvinnurekstur, iðnað, verzlun og þess háttar. Það er þó nokkuð um það hér í Reykjavík, en mun ekki skipta miklu, og hefur verið bent á það.

Í sambandi við hinn aukna herbergjafjölda í íbúð er rétt að geta þess, að óleyfilegar kjallaraíbúðir eru teknar með inn í þennan reikning, 3-4 herbergi í íbúð, því að það er vitað mál, að innréttaðar hafa verið margar kjallaraíbúðir, þó að þær séu ekki lögum samkvæmt.

Ég held nú, að þetta hafi verið það þyngsta á metunum, er hv. 1. þm. N-M. taldi sem rök. Ég gæti tekið upp „legió“ af dæmum um samskipti leigjenda og húseigenda, annars vegar upp á ófrið, en hins vegar upp á fullan skilning þeirra í milli. En hvenær eru menn svo þroskaðir almennt, að Fróðafriður mundi koma af sjálfu sér og óhjákvæmilega milli húseigenda og leigjenda, ef l. þau, sem sett hafa verið milli þeirra, væru afnumin? Nei, þetta er ekki svo einfalt, þegar annars vegar er hin sterka hvöt, hagsmunahvötin.

Ég gat þess í minni fyrri ræðu, að hér mundu búa um 1500 manns í hermannaskálum. Nú hef ég fengið upplýst með fullum rökum, að sú tala var of lág, og það munu nú vera eitthvað yfir 2000 manns í þessum herskálum. Hv. 1. þm. N-M. vildi láta líta svo út, að skálarnir væru ekki lakari íbúðir en sumar aðrar, t. d. sumar kjallaraíbúðir, og ég skal játa, að það fer nokkuð eftir því, hvernig um þá er gengið. En þessir hermannaskálar eru allir reistir til bráðabirgða. Þegar setuliðið reisti þá, var gengið út frá 5 ára endingu þeirra, sem eru ógalvaniseraðir, en allt að 10 ára endingu þeirra skála, sem eru galvaniseraðir. Það liggur því í hlutarins eðli, að mest af þessu húsnæði er algerlega óviðunandi. Þótt sumt af því sé viðunandi til bráðabirgða, þá er það vegna þess, að menn hafa sjálfir kostað miklu til þess, en hins vegar er sú stefna uppi hjá bænum, að þessar stríðsminjar hverfi sem fyrst, og það er ekkert annað en neyðin, sem veldur því, að þessir skálar eru ennþá uppistandandi.

En nú kem ég að því, að húsaleigunefnd telur, að í öllu óviðunandi húsnæði búi jafnmikill fjöldi fólks og í herskálunum, eða um 2000 manns, þó að það heiti ekki hermannaskálar, t. d. kjallaraíbúðum, sem dæmdar hafa verið ónothæfar, sumarbústöðum, og loks kartöflu- eða garðlandaskúrum, sem vitanlega eru án allra þæginda, án vatns, rafmagns, hitunar, skolprennslis og annarra þeirra þæginda, sem bæjarfélagið hefur upp á að bjóða. Og ekki væri glæsilegt að búa í sumarbústöðunum, þessum timburhjöllum, ef það kæmi t. d. verulega harður vetur. Meginhlutinn af þessu fólki mundi að sjálfsögðu fá sér betra húsnæði, ef það væri á boðstólum á skaplegu verði, en mikill hluti af þessu fólki berst í bökkum fjárhagslega. Heill hreppur, Kópavogshreppur, hefur risið upp og er að mestu leyti byggður þessu fólki, sem býr í bráðabirgðahúsnæði, sumarbústöðum, smáhýsum og slíku.

Ég held nú, að ég hafi svarað hv. 1. þm. N-M. í höfuðatriðum, því, sem hann taldi sig flytja sem rök fyrir sínu máli.

Hv. þm. Str. (HermJ) flutti hér alllanga ræðu og vildi reyna að sanna það, að hér væri alveg nægilegt húsnæði, og jafnvel, að það stæði autt. Það væru aðeins húsaleigul., sem stæðu í vegi fyrir því, að þetta húsnæði væri notað. Ég held, að þetta hafi verið höfuðröksemd hans í öllum þeim orðaflaum, sem hann flutti hér. Hann er ekki staddur hér, en ég held, að ég verði að svara þessari einu fullyrðingu hans með einu bréfi til félmrh., sem húsaleigunefndin hefur góðfúslega látið mér í té. Þetta bréf afsannar allar fullyrðingar hv. þm. Str. um hið auða, ónotaða húsnæði hér í bænum. Með leyfi forseta:

„Samkvæmt tilmælum yðar, herra félagsmálaráðherra, vill húsaleigunefnd Reykjavíkur hér með taka fram eftirfarandi varðandi umtal um autt húsnæði hér í bænum:

Undanfarin ár hefur n. bæði vor og haust gert sérstaka gangskör að athugun á auðu húsnæði. Hefur þetta verið framkvæmt þannig, að birtar hafa verið tilkynningar í blöðum bæjarins, þar sem fram hefur verið tekið, að húsaleigunefndin muni taka autt húsnæði leigunámi til afnota fyrir húsnæðislaust innanhéraðsfólk. Jafnframt hefur fólk verið beðið að gera aðvart um autt húsnæði. Hefur n. í sambandi við þessar auglýsingar og á öðrum tímum iðulega verið tilkynnt um húsnæði, er talið hefur verið ónotað. Allar slíkar kærur hefur n. rannsakað, jafnóðum og þær hafa borizt, bæði með skoðun á húsnæðinu sjálfu og með yfirheyrslum. Einnig

fer n. oft á ári af sjálfsdáðum í eftirlitsferðir um bæinn í leit að auðu húsnæði. Við framangreindar athuganir hefur komið í ljós, að langflestar tilkynningar um autt húsnæði hafa ekki verið á rökum reistar, og hefur misskilningurinn venjulegast stafað af því, að viðgerðir, breytingar eða hreingerningar hafa staðið yfir í húsnæðinu. Á s. l. hausti til dæmis bárust n. 29 tilkynningar um autt húsnæði, en af þeim reyndust aðeins 2 hafa við rök að styðjast. Þá hefur það ekki ósjaldan komið fyrir, að fólk hefur álitið, að nýbyggingar væru auðar, en þegar að hefur verið gáð, hefur komið í ljós, að húsnæðið hefur ekki verið fullbúið til íbúðar og jafnvel stundum ekki nema „fokheit." Það húsnæði aftur á móti, er reynzt hefur standa autt, hefur n. sumpart tekið leigunámi og sumpart á annan hátt hlutazt til um, að leigt yrði þegar í stað innanhéraðsfólki.

Með hliðsjón af framanrituðu vill n. taka fram, að henni er ekki kunnugt um, að nú sé neitt autt íbúðarhúsnæði hér í bænum, og hún hefur ekki ástæðu til að ætla, að svo sé."

Ég held, að þetta bréf frá húsaleigun. taki af öll tvímæli um það, að húsnæði sé ónotað hér í bænum. Þetta er því algerlega út í hött. Menn geta rætt hér aftur á bak og áfram og staðhæft, að húsaleigul. séu ranglát og að þau séu brotin. Ég geng þess ekki dulinn, að húsaleigul. hafa verið brotin, síðan þau voru sett. En hvaða l., sem koma við almannahagsmuni í þessu landi, eru ekki brotin? Eru ekki áfengislögin brotin? Svo stórkostlega, að meiri hl. þjóðarinnar hrýs hugur við. Eru ekki landhelgisl. brotin? Kannske eingöngu af útlendingum, en líka af innlendum. Ég gæti nefnt fjölda l., sem þjóðfélaginu þykir nauðsynlegt að halda við, og nákvæmlega það sama á einnig við um húsaleigul. Við vitum, að það, sem hefur skapað það, sem við köllum brot, er hin geysimikla eftirspurn, sem er eftir húsnæði. En hvernig hægt er að fullnægja eftirspurninni, er svo mikið vandamál, að ég dreg enga dul á það, að ekki er hægt að ámæla Reykjavíkurbæ, þó að ekki sé hægt að fylla upp í þá eftirspurn, sem hér er á viðunandi húsnæði. Þó bæði bæjarstjórn Reykjavíkur, félagasamtök og einstaklingar hafi varið milljónum og tugum milljóna til þess að bæta úr þessu, þá hefur það ekki tekizt. Fjölgun bæjarbúa árlega fer að nálgast 3000 manns. Ég hef ekki leitað upplýsinga um það hjá klerkum bæjarins, hve margt af ungu fólki hefur gengið í hjónaband, en það er vitað, að margt fólk byrjar búskap og þarf húsnæði. Og í þennan bæ hafa streymt stórir hópar af fólki, sem stundum fær húsnæði og stundum ekki. Hverjir eiga þá að víkja? Þeir gömlu, sem sitja í skugganum. Svo vill enginn taka þá inn, því að það er vitað mál, að ef einhver er svo ógæfusamur að eiga mörg börn, getur hann hvergi fengið inni. Og þetta eru mennirnir, sem óliklegastir eru til þess að hafa ráð á að byggja yfir sig. Húsaleigul. vernda ekki hvað sízt fjölskyldumenn, sem verða að langmestum hluta að búa í leiguhúsnæði. Skrafi því, sem mig snertir, svara ég ekki. Það má hver sem vill halda, að ég sé að tala fyrir mig. Mér væri alveg sama, þótt húsaleigul. væru afnumin. Ég gæti komizt í hús. Það er alveg misskilningur, að ég þurfi að vernda mitt eigið hreiður í þessu efni.

Það gefst tækifæri til að tala aftur í þessu máli, þegar n. hefur kynnt sér það og athugað þær skýrslur, sem verður að byggja á, og þá kemur væntanlega eitthvað nýtt upp í málinu.

Að lokum vil ég segja þetta: Ég sé, að sá þm., sem ég vildi snúa máli mínu til, er ekki staddur hérna, og vil ég því beina orðum mínum til forseta.

Ég hef setið hér bráðum 21 þing og hef átt í orðasennu við menn úr öllum flokkum og stundum hörðum, en ég minnist þess ekki, að menn hafi verið bornir ærumeiðandi sökum, og minnist þess ekki heldur að hafa heyrt það annarra í milli. Ég hef nú orðið fyrir því af þm. að vera borinn ærumeiðandi sökum. Það eru þau rök, sem hann hafði í þessu máli. Í skjóli þinghelginnar hefur þetta verið leyft. Hann er hér ekki viðstaddur. En þegar hann má mál mitt heyra, mun ég skora á hann að endurtaka þau ummæli, sem hann hafði gegn mér, utan þinghelginnar, því að það er sá eini vettvangur, sem ég hef til þess að stefna honum fyrir lög og dóm. Ég hef líka annan rétt, og það er að fá leyfi hv. d. til þess að krefja þm. ábyrgðar. Ég veit ekki, hvort það hefur nokkru sinni áður verið leyft. Það mun hafa verið leyft einu sinni, en það leyfi var aldrei notað. Ég ætla því ekki að gera d. erfiðleika með því að fara fram á þetta. Ég mun ekki heldur leggja mér í munn slík ummæli sem aðrir þm. hafa látið sér sæma að viðhafa um mig. Þeir um það. Að öðru leyti mun ég ekki svara þessum þm. frekar í þessu máli.

Forseti (BSt): Hv. þm. Barð. (GJ) hefur fengið fjarvistarleyfi.

Út af orðum hv. 1. landsk. (SÁÓ) vil ég minna hann á og aðra hv. dm., sem viðstaddir voru umrætt tækifæri, að ég hringdi — og það allrækilega —, þegar þessi ummæli voru höfð í frammi.

Það er sýnt, að þessu máli lýkur ekki í dag, en ég vil spyrja hv. 6. landsk., hvort hann muni tala langt mál. (**Stgr A:** Nei, ræða mín verður stutt).

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Það eru nú búnar að vera langar og — með köflum — allheitar umræður um þetta mál, og eins og oft vill verða, þegar kapp kemur í mál, komið allvíða við og stundum alllangt sótt eftir rökum, ef rök skyldi kalla. Ég skal ekki lengja umr. með því að ræða um það, en aðeins segja örfá orð um það, sem ég tel mestu máli skipta um afgreiðslu þess frv., sem hér liggur fyrir.

Mér sýnist, að þegar um er að ræða að afnema húsaleigul., eða eins og hér er ætlazt til, afnema bannlið við því að mega afnema húsaleigul., sem er það sama og að afnema húsaleigul., þá sé það tvennt, sem ber að líta á.

1. Hvort og þá að hversu miklu leyti húsaleigul. hafa gefið leigjendum þá vernd, sem ætlazt er til.

2. Hvaða áhrif það mundi hafa á verð húsaleigunnar, ef þau yrðu afnumin.

Þessi atriði hefur bæði borið á góma hér, en um þau eru skiptar skoðanir. Og af þeim þm., sem eru flm. og stuðningsmenn þessa máls, hefur því mjög verið haldið fram, að árangur húsaleigul. sé svo lítill, að ekki sé ástæða til þess þess vegna, að vera að halda þessum l. við.

Hv. þm, Str. (HermJ) talaði mjög um þetta og vildi halda því fram — í öðru orðinu sagði hann, að 2—3% mundu njóta verndar húsaleigul., en í öðru orðinu 2

af 10, og sagði þá, að fyrst ekki væri vernd fyrir 8 af 10, þá væri ekki ástæða til, að hún væri fyrir 2. En ef um er að ræða 2 af 10, þá mundu það vera 20%.

Það kom fram hjá hv. 1. þm. N-M. (PZ), að það mundu vera um %, sem byggju í sama húsnæði. Það væru þá 60%, sem nytu verndar þeirrar, sem til var ætlazt. Þetta sýnir það, að þm. Str. hefur verið langt frá því að nota það, sem mætti kalla rök fyrir sínu máli, þegar hann sagði, að það væru ekki nema 2—3%, sem yrðu aðnjótandi hagsmunanna, en hv. 1. þm. N-M (PZ) segir, að samkv. skýrslum muni það vera um 60%.

Menn hafa viljað halda því fram, að jafnvel þótt skipti hafi orðið í leiguhúsnæði, sé það engin sönnun fyrir því, að leigan hafi hækkað, því að þá hafi þeir leigjendur, sem komu í þá íbúð, átt rétt á að fá húsnæðið metið af húsaleigun., ef leigan var hækkuð meira en góðu hófi gegndi, en ég hygg, að þrátt fyrir það væri það rangt af löggjafarvaldinu að kippa að sér hendinni um vernd til þeirra leigjenda, sem notið hafa þessarar verndar og njóta hennar enn.

Þá kem ég að því, sem er meginatriði þessa máls. Hvaða áhrif hefur það á verð húsaleigu, ef húsaleigul. yrðu afnumin? Því hefur verið haldið fram, að húsaleigan mundi lækka, ef þau yrðu afnumin. Ég skil ekki, hvaða líkur þeir geta talið til þess, að húsaleigan mundi lækka, ef húsaleigul. væru numin úr gildi. Það virðist alveg liggja í augum uppi, að húseigendur reikna alveg með því sjálfir, að húsaleigan mundi hækka og það verulega. Hins vegar halda þeir því fram, að eins og sé, sé talsvert af húsnæði, sem ekki er notað, vegna þess að eigendur þessa húsnæðis hafi verið að fresta því að taka það í notkun, af því að þeir geti ekki sagt því upp, en ef þetta ákvæði væri afnumið, mundi þetta húsnæði verða frjálst til leigu og eftir því, sem þeir halda fram, við lægra verði en í nýju íbúðunum. Ég skal ekki segja um það, hvort og að hve miklu leyti húsnæði er ónotað hér í Reykjavík. Hv. 1. landsk. (SÁÓ) las hér bréf frá húsaleigun., þar sem því er lýst yfir, að það eigi sér ekki stað. En jafnvel þótt svo væri, að húseigendur héldu húsnæðinu ónotuðu og vildu ekki leigja, býst ég ekki við, að það sé af þeirri ástæðu, sem flm. halda fram, heldur af því, að þeir halda þessu húsnæði á svörtum markaði og eru að vona að vegna húsnæðiseklunnar geti þeir fengið að þessu kaupanda fyrir enn hærra verð en þeir eiga kost á að fá í augnablikinu. Og ég held, að hægt sé að slá því föstu, að því meira sem húseigendur gætu losað og því meiri sem eftirspurnin er, þeim mun meira af húsnæði mundi komast á svartan markað og húsnæði almennt hækka, ekki aðeins leiga fyrir íbúðir, þar sem gömul húsaleiga gildir nú, heldur yfirleitt. Um þetta eru skiptar skoðanir. Ég get sagt þetta, og flm. geta fullyrt hitt.

En ég gæti bent á annað í þessu sambandi, sem gefur bendingu um, hvernig færi, ef þetta yrði samþ. og verð húsaleigu færi eftir eftirspurn á frjálsum markaði, og það er, ef athugað er, hverjir það eru, sem fyrst og fremst berjast fyrir að fá þessa breyt. Það er fyrst og fremst fasteignaeigendafélagið hér í Reykjavík, sem hefur barizt fyrir þessu um langa hríð, og það er fyrir áhrif þess, sem þetta frv. er flutt hér. Hvers vegna eru það húseigendur, sem hafa áhuga fyrir þessu? Ætli það sé af því, að þeir hafi áhuga fyrir, að húsaleiga lækki? Hvort ætli þeir hafi áhuga fyrir því, að húsaleiga hækki eða lækki? Mér finnst liggja í hlutarins eðli, að þeir hafi meiri áhuga fyrir, að hún hækki en að hún lækki, og áhugi þeirra stafi fyrst og fremst af því, að þeir reikna með því, að húsaleigan muni hækka, en ekki lækka. Ég býst líka við, að áhugi stuðningsmanna þessara manna sé af nokkurn veginn sömu rót runninn og að þeim sé það ljóst, að húsaleiga muni hækka, en ekki lækka, og það er það, sem mestu máli skiptir í þessu sambandi. Það er ekki hægt að áfellast þá menn, sem hér eiga hagsmuna að gæta, því að það er ekki nema mannlegt, að þeir sæki á í þessu efni.

Hins vegar liggur það í hlutarins eðli, að þeir, sem vilja spyrna fæti við því, að húsaleiga hækki, þeir verða að gera það — og það jafnvel þótt hægt sé að finna einstaka dæmi, þar sem hægt er að segja, að húseigendur hafi orðið hart úti. Þeir, sem vilja spyrna á móti, verða að vinna gegn því, að þessi l. séu tekin burtu. Meðal þeirra er ég. Þess vegna greiði ég hiklaust atkvæði gegn því frv., sem hér liggur fyrir.

Forseti (BSt): Ég hafði hugsað mér, að hægt yrði að koma hér öðru máli af í dag. Af því verður ekki, og verður því umr. um þetta mál haldið áfram.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þetta frv. fer fram á það, að niður verði felldar 1., 2., 10. og 14. gr. gildandi húsaleigul., enn fremur, að orðin „gildi uppsagnar og önnur“ í 2. málsgr. 8. gr. l. falli burt. Þarna gætir þó einhvers misskilnings og hroðvirkni af hendi hv. flm., því að í 2. málsgr. 8. gr. l. finnast þessi orð hvergi, heldur er hinn tilvitnaða setningarhluta að finna í 5. málsgr. 8. gr. Ég held því, að það væri rétt af hv. flm. að bera fram brtt. við frv. þessu til leiðréttingar.

Þegar umr. fóru hér fram um þetta mál og ég tók þátt í þeim, þá var upplýst, að heilbr.- og félmn. yrði afhent nál. mþn., sem félmrh. skipaði sumarið 1946 til þess að rannsaka áhrif húsaleigul. og gera till. um endurskoðun á þeim. Núna á seinustu dögum hef ég átt þess kost að athuga þetta nál. og hef sannfærzt um það, að þeir menn, sem þessa n. skipuðu, hafi unnið mikið verk og athugað þetta mál allgaumgæfilega, og ég hygg, að ekki verði annað sagt heldur en að þeir hafi þarna framkvæmt rannsókn á málinu nokkurn veginn hlutlaust, hvort sem það er athugað út frá sjónarmiði húseigenda eða leigjenda. N. virðist hafa framkvæmt þessa rannsókn út frá því, hverja þjóðfélagslega þýðingu þessi löggjöf hefur og hvort tímabært sé að afnema hana eða gera á henni verulegar breyt. Ég tel fulla ástæðu til þess að gefa upplýsingar um það, sem ég tel mestu máli varða í þessu ýtarlega nál. Ég þarf ekki að endurtaka það, sem hér hefur verið vikið að, eins og það, sem hv. 1. landsk. las hér upp áðan, sem er nokkuð af upplýsingum úr þessu nál., sem sé svör húsaleigunefndanna, sem þessi mþn. fékk um það, hvaða þýðingu þær teldu, að löggjöfin hefði og hefði haft. En húsaleigun. voru einnig spurðar um það, hvort þær teldu hyggilegt að afnema l. eða breyta þeim, og þá hvaða breyt. húsaleigun. teldu, að gera þyrfti. Þessi svör hafa ekki verið birt hér í d., og tel ég alveg sjálfsagt, að þau verði gerð hv. þdm. kunn. Þegar þessi spurning var lögð fyrir húsaleigun. í Reykjavík, hvort

hún teldi heppilegt að afnema húsaleigul. eða breyta þeim, þá var svarið þetta að meginefni, að hún teldi það ekki fært vegna glundroða og öngþveitis, sem af því mundi leiða. Húsaleigun. í Hafnarfirði segir: Væri mjög vanhugsað og til stórrar óþurftar að afnema l., en hins vegar mætti breyta þeim, t. d. gefa heimild til að hækka gamla grunnleigu um vissan hundraðshluta.

Ísafjörður: Nei, ekki heppilegt enn sem komið er. Mundi verða mikil hætta á uppsögnum húsnæðis og jafnvel útburði fólks. Jafnframt mætti búast við gífurlegri hækkun húsaleigunnar

Siglufjörður: Nei.

Akureyri svaraði að meginefni á þessa leið: N. telur ekki hyggilegt að afnema l. að svo komnu, þar sem hún óttast, að skyndilegt afnám þeirra mundi skapa öngþveiti í húsnæðismálum og valda gífurlegri hækkun á húsaleigu. Hins vegar telur hún hyggilegt að afnema l. smám saman, þegar úr rætist í húsnæðismálum.

Keflavík: Teljum óheppilegt að afnema l.

Stykkishólmur: Ekki rétt að afnema l., heldur breyta þeim og leyfa hækkun á gömlu húsnæði.

Aðeins ein húsaleigun. á öllu landinu svaraði þessari spurningu játandi, það er húsaleigun. í Neskaupstað.

Ég tók eftir því, þegar hv. 1. landsk. hélt sína ræðu áðan, að þá gat hann ekki um það svar, sem fyrir lægi í þessum plöggum frá fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur, en ég tel alveg sjálfsagt að ganga ekki fram hjá þessu svari, heldur taka það með og leggja ekki hvað minnst upp úr því. Svar fasteignaeigendafélags Reykjavíkur við fyrri spurningu mþn. er að meginefni þetta: „Við teljum í fyrsta lagi, að húsaleigul. séu til viðhalds hinni háu húsaleigu, sem nú er greidd í nýbyggðum húsum.“ Eftir þessu er það brennandi áhugamál fasteignaeigendafélags Reykjavíkur að fá leiðréttingu á því ástandi, að nú sé greidd of há húsaleiga í nýjum húsum í Reykjavík. Mér fer eins og Njáli forðum, að mér finnst ég þurfa að láta segja mér tvisvar eða þrisvar, að það, sem brenni heitast fyrir brjósti fasteignaeigendafélagsstjórnarinnar, sé, að húsaleigan í nýju húsunum í Reykjavík sé of há og hún vilji í nafni síns félagsskapar heimta afnám húsaleigul. fyrir þær sakir, að það þurfi að lækka leiguna í nýju húsunum. Ég held, að þessi ástæða, sem þarna er talin í fyrsta svari fasteignaeigendafélagsins, sé vel klædd í flíkur hræsninnar, og get ég ekki orða bundizt um það. Vitanlega, eins og hv. 6. landsk. gat um áðan, getur ekkert vakað annað fyrir stjórn fasteignaeigendafélags Reykjavíkur með því að gera kröfur um, að húsaleigul. séu afnumin, heldur en það að geta fengið rýmri hendur um uppsagnir húsnæðis til þess að geta notfært sér möguleika, sem við það kynnu að skapast til hækkunar á húsaleigu. Ég tek því ekki hátíðlega þennan fyrsta lið í svari fasteignaeigendafélagsins.

Í öðru lagi segist fasteignaeigendafélag Reykjavíkur vilja afnema húsaleigul. af því, að þau veki úlfúð og illindi milli leigutaka og leigusala, er leiði til útburðarmála. Það getur vel verið, að þeim góðu mönnum hrjósi hugur við þessari úlfúð út af þeim hömlum, sem húsaleigul. leggja á frelsi húseigenda til þess að setja upp eða hækka húsaleigu, en ef ákvæði húsaleigul. væru afnumin, til þess að þessi úlfúð sjatnaði, — hver væri þá tilgangurinn? Hann væri sá að gera aðstöðu húseigendanna sterkari til þess að kasta leigjendum út og gera aðstöðu leigjenda hæpnari til þess að geta verið áfram í því húsnæði, sem þeir hafa. Hv. 1. þm. N-M. og hv. þm. Barð. hafa mjög í ræðum sínum viklð að þessu ástandi, sem þeir hafa málað mjög dökkum litum og segja, að það sé mjög viðtækt og almennt ríkjandi úlfúð í þænum milli húseigenda og leigjenda. Þessi úlfúð getur ekki verið sprottin af öðru en því, að húseigendur séu ekki ánægðir með að hafa ekki frjálsar hendur um að hækka leiguna við sína leigjendur. Þeir vilja fá slíkt frjálsræði. Þeir vilja fá afnumið úr l. bannið við uppsögn húsnæðis til þess að geta hækkað leiguna í gömlu húsnæði. Ég hef hlustað á þessar átakanlegu sögur, sem hv. 1. þm. N-M. sagði hér í þessu sambandi, eins og það, að húseigandi hafi lokað fyrir salerni og að leigjandi hafi leitað lögregluaðstoðar til þess að ná í sultukrukku, — húseigandi hafði í því tilfelli lokað fyrir matargeymslu leigjanda til þess að gera honum ómögulegt að vera í íbúðinni. Hverjum á að rétta hjálparhönd samkvæmt þessu frv.? Á að rétta leigjendum hjálparhönd í því tilfelli, þegar þeir eru ofsóttir af húseigendum? Nei, það á að afnema bannið við uppsögn húsnæðis, það á að rétta húseigendum hjálparhönd til þess að þurfa ekki að beita svona ómannúðlegum aðferðum, en það á að hjálpa þeim til þess að geta kastað leigjendum fyrirhafnarlaust út á gaddinn.

Mér hefði fundizt, ef það hefði átt að leita lækninga á þessu ástandi, að þá hefði þurft að setja nýtt ákvæði í húsaleigul. til þess að styrkja aðstöðu leigjenda í slíkum tilfellum, en það liggur ekki hér fyrir. Í stað þess á, til þess að kóróna svona aðfarir húseigenda, að styrkja aðstöðu þeirra til þess að geta kastað fólkinu út á götuna með lagastyrk á bak við sig. Ég get ekki tekið undir slíka lagasetningu, og mér finnst, þegar hv. 1. þm. N-M. og hv. þm. Barð. hafa verið að draga þessi atriði hér fram, að þeir hafi gert sínum umbjóðendum — húseigendunum í Reykjavík — litinn greiða með því að draga slík atriði fram, því að það lýsir hvorki menningarástandi þeirra lofsamlega né sannfærir nokkurn mann um, að það styrki þeirra aðstöðu til þess að koma sínum vilja fram við leigjendur. Þessi tvö atriði í svari fasteignaeigendafélags Reykjavíkur sýna, að það vakir ekkert annað fyrir þeim heldur en að fá sterkari aðstöðu til að segja upp húsnæði til hækkunar á þeirri leigu, sem einstakir leigjendur eiga ennþá við að búa. En í sömu andránni sem hv. 1. þm. N-M. og hv. þm. Barð. halda því fram, að það sé orðin ákaflega þýðingarlítil löggjöf — húsnæðislöggjöfin —, hún haldi svo óvíða niðri húsaleigu, þá halda þeir því fram, að slíkt illindaástand riki á þúsundum heimila í Reykjavík út af missætti húseigenda og leigjenda. Hvernig fær þetta samrýmzt? Ekki getur þetta illindaástand ríkt á þúsundum heimila í Reykjavík nema því aðeins, að húsaleigulöggjöfin verndi enn þá þúsundir heimila gegn húsaleiguokri, því að út af því er ágreiningurinn risinn. Ef löggjöfin hins vegar verndar fáa, þá hlýtur þetta illindaástand að vera í tiltölulega fáum tilfellum.

Mér þykir leitt að hafa orðið að fletta ofan af þessu, að svar fasteignaeigendafélags Reykjavíkur er ekki af neinum heilindum fram sett. Það er

greinilegt, að það, sem þeir láta í veðri vaka, er allt annað en það, sem þeim býr í brjósti. Menn hafa hér talað um það, að það væri ákaflega augljóst mál, ýmist að húsaleigulöggjöfin væri þýðingarlaus og ranglát eða þá á hinn bóginn, að hún sé ennþá mjög gagnleg. Gunnar Þorsteinsson hrm., sem er einn þeirra, sem skipuðu mþn. í húsnæðismálum, segir hins vegar í sínu séráliti í nál., að vegna margvíslegra stórbreytinga, sem orðið hafi á þjóðfélagslegum atvinnuháttum á seinustu árum, sé oft mjög erfitt að fullyrða, hver sé hin rétta orsök eða ástæða fyrir ákveðnu ástandi í húsnæðismálunum, oft séu orsakirnar margar og samverkandi. Þetta er tvímælalaust alveg rétt hjá þessum manni, og í raun inni er það gefinn hlutur, að einmitt af því, að hér er oft erfitt að greina á milli, hverjar séu orsakir til ákveðins ástands í þessum málum, þá fara menn svo mjög í hár saman og sýnist sitt hverjum. Í þessum málum er það alveg gefinn hlutur, að húsaleigulöggjöfin nær ekki nú að fullu þeim tilgangi, sem henni er ætlað að ná, en að mörgu leyti er hún enn þá til bóta og verndar hag margra, sem full ástæða er til að vernda, ástandið er ekki það mikið breytt frá því að löggjöfin var sett.

Ég get ekki hjá því komizt, úr því að ég er að ræða þetta nál., að víkja að ýmsum ummælum þeirra Baldvins Jónssonar og Egils Sigurgeirssonar, sem sameiginlega mynda meiri hl. í mþn. í húsnæðismálum. Þegar þeir hafa lokið sinni gagngeru rannsókn í þessum málum, þá láta þeir í ljós skoðun sína á gildi húsaleigul. og vitna í fyrsta lagi til þeirra eindregnu svara, sem þeir hafi fengið frá húsaleigun. viðs vegar utan af landi. Þeir segja, að það sé sameiginlegt álit húsaleigun., að lögin hafi að verulegu leyti haldið niðri húsaleigunni. Og þeir gera þetta álit húsaleigun. að sínu áliti. Þeir, B. J. og E. S., segja, að þeir vilji ekki fallast á, að ósamræmi það, sem skapazt hefur um húsaleigu, sé húsaleigul. að kenna, en því er haldið fram í þessum umr., heldur sé aðalorsökin sú alkunna staðreynd, að ekki hefur tekizt að hafa hemil á dýrtíðinni í landinu. Í framhaldi af þessu segja þeir B. J. og E. S.: ,,Húsaleigul. hafa komið í veg fyrir það, að fólki væri sagt upp húsnæði og það borið út á götuna, en sama húsnæði síðan leigt aftur fyrir miklu hærra verð. Ef l. hefðu ekki verið til um þessi efni, má það vera ljóst, að hér hefði skapazt ástand, sem ekki verður sagt um, hvernig hefði getað endað.“ Þeir búast sem sé við, að það ástand, sem þá hefði skapazt, hefði orðið mjög ískyggilegt, og draga enga dul á, að löggjöfin hafi haft hina viðtækustu þýðingu til þess að halda niðri verði á húsaleigu. Þeir segja enn fremur: — ,,Húsaleigul. hafa verið sterkasta og haldbezta ráðstöfun hins opinbera til þess að halda niðri dýrtíð og verðbólgu. Það er álit okkar, að enn geti ekki verið um það að ræða að nema burtu allar takmarkanir um ráðstöfun húseigenda á afnotum húsnæðis.“ Og þeir rökstyðja þetta með því að segja, að enn séu fyrir hendi flestar sömu ástæður, sem leiddu til þess, að l. voru sett í upphafi. Í sambandi við þetta benda þeir á, að húsaleigul. séu enn í gildi í flestum löndum heims, — húsaleigun. allra kaupstaða nema eins hafi eindregið mælt gegn því, að húsaleigul. væru afnumin, vegna þess öngþveitis og vandræða, sem af því mundi leiða. Þeir koma inn á það í nál., hvort ekki væri ástæða til að heimila einhverja hækkun á gömlu húsaleigunni, og telja, að það væri í rauninni það, sem helzt hafi runnið stoðir réttlætis undir að gera. En þó segja þeir: ,,Ef bann við hækkun á leigu yrði úr l. numið, er það litlum vafa undirorpið, að þá mundu því litil takmörk sett, hvað menn gætu áskilið sér eða fengið greitt fyrir húsnæði á leigumarkaðnum.“ Þeir búast við, að af því mundi leiða verulega hækkun á húsaleigu. Þeir viðurkenna hins vegar, að margt mæli með því, að leyfð væri einhver hækkun á gömlu húsaleigunni, ef það væri hægt án þeirra afleiðinga, sem þeir horfa fram á, að stórhækka gömlu húsaleiguna. Enn segja þeir: ,,Það er líklegt, að flestir þeir, sem misstu sitt gamla húsnæði vegna rýmkunar á uppsagnarákvæðum l., yrðu að sæta þeirri háu leigu, sem nú tíðkast á leigumarkaðnum.“ Þetta er líka beint svar þeirra við þeirri breyt., sem hér er farið fram á.

Á öðrum stað í nál. mþn. er vikið að því, hvaða þýðingu afnám húsaleigul. mundi hafa á dýrtíðina í landinu eða vissa hækkun á húsaleigu, og ber n. þar fyrir sig útreikninga Hagstofu Íslands. N. segir: ,,Hagstofan hefur upplýst, að ef leyfð yrði hækkun gömlu húsaleigunnar um 100% og sú hækkun gengi inn í visitöluna, þá mundi það hækka hana um 28 stig. Ef leyfð yrði þreföld hækkun, mundi visitalan hækka um 56 stig, og ef hækkunin yrði fimmföld, mundi visitalan hækka um 112 stig. Ef þessir útreikningar hagstofunnar eru réttir, sem ég hef enga ástæðu til að efa, þá sjá það allir, að ekki er gott að standa með viðleitni ríkisstj. til þess að halda dýrtíðinni í skefjum og gera jafnframt slíka breyt. á húsaleigul., sem kynni að leiða til 50—100 stiga hækkunar á visitölunni. Það yrði þá að vera meira en lítil lagfæring í réttlætisátt, sem með því ynnist á hinn bóginn.

Ég býst við, að eins og nú standa sakir í þessum málum, þá sé ekki gott að finna þann aðila í þjóðfélaginu, sem geti betur um þessi mál sagt heldur en húsaleigunefndirnar viðs vegar úti um landið og mþn., sem hefur rannsakað þetta mál í heild, sem er hlutlaus aðili fyrir það opinbera. Ég legg því mikið upp úr þessu mþnál. og áliti húsaleigun., og þar dreg ég ekki undan álit stjórnar fasteignaeigendafélags Reykjavíkur, sem ég tel, að vitni þar mjög í sömu átt og taki í sama streng og húsaleigun. og mþn. sjálf, þó að svar fasteignaeigendafélagsins sé ekki af þeirri hreinskilni fram sett, sem æskilegt hefði verið. Ég hef hlýtt á allar þær umr., sem hér hafa farið fram, og ekkert í þeim hefur verið þess eðlis, að það hafi sannfært mig um, að það sé forsvaranlegt þrátt fyrir hagsmuni húseigenda að gera þá meginbreyt., sem hér er farið fram á. Að fella niður bann við uppsögn húsnæðis kemur að mínu áliti ekki til greina á þessu stigi. Frekar væri hugsanlegt að heimila uppsögn atvinnuhúsnæðis, þar á meðal verzlunarhúsnæðis, þar sem framboð á því er talsvert, þannig að ekki eru líkur til, að það fari upp úr öllu valdi, þó að það væri gefið frjálst. Það er það eina, sem ég gæti hugsað mér til tilslökunar í þessa átt. En að leyfa uppsögn á íbúðarhúsnæði mundi hafa svo ískyggilegar afleiðingar í för með sér, að ég hygg, að menn vildu trauðlega vera ábyrgir fyrir því, þegar til kastanna kæmi.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hér er sá reginmismunur milli mín og hv. 1. landsk., að meðan

hann virðist vilja fara eftir því, hvað aðrir segja honum, — húsaleigun. segir honum og hans kjósendur segja honum —, þá vil ég ævinlega fara eftir því, sem ég sjálfur tel rétt. Og það er líka sá reginmismunur milli okkar, að meðan ég vil grundvöll undir málunum og athuga hann sjálfur og mynda mér skoðun, þá vill hann taka ómelt orð annarra manna og gera að sínum. Af þessu kemur það, að þegar ég tala um mál, þá reyni ég að leiða í ljós, hvernig ástandið sé, en ekki hvernig aðrir segja, að ástandið sé. Ég hef sýnt, að húsnæði er yfirleitt rýmra en það var. Ég hef skýrt frá dæmum um ósamkomulag milli leigjenda og húseigenda og sýnt, að það er skapað af húsaleigul. En það er sagt af hv. síðasta ræðumanni, að við ætlum að leysa þetta ósamkomulag einungis með hag húseigenda fyrir augum. Þetta er ekki rétt. Það er hagur beggja að losna við að búa saman í ósamlyndi og illindum. Ég hef bent á, að samkv. rannsóknum væru 2/5 af íbúðunum í sama húsnæði og 1939, en það liggur ekki fyrir, hve margir af þeim eru leigjendur og hve margir eigendur. Ég sagði, að þessar tölur væri ekki hægt að sanna og væri hér aðeins um stikkprufu að ræða, en ég hef einnig bent á, að 4/11 íbúanna hafa skipt um húsnæði frá því árið 1940. Þessa tölu er ekki hægt að véfengja, því að hún er samkv. opinberum skýrslum. Á þessu vil ég byggja álit mitt, en ekki á því, sem Pétur og Páll segja mér. Afstaða mín markast af því, hve fáir eru í sama húsnæði og árið 1940, og af því, að ósamkomulag er milli eigenda og leigjenda. Þetta eru undirstöðuatriði, þegar menn vilja skapa sér skoðun á því, hvernig laga skuli húsnæðisvandamálin. Ég tel enn fremur mikið húsnæði ónotað í bænum vegna ákvæða l. og tel lykillinn að því húsnæði fyrst lausan, ef frv. verður samþ. Hv. 1. landsk. segir þetta ósatt og ber fyrir sig umsögn húsaleigun., en meðan hann er að lesa umsögn n., er ég að lesa Vísi, og þar eru hvorki fleiri né færri en 5 auglýsingar um laust húsnæði. Ég veit ekki, hvernig húsaleigun. kemst að sinni niðurstöðu, þegar 5 auglýsingar um laust húsnæði eru í Vísi á einum degi. Nei, það er fjöldi ónotaðra íbúða í bænum vegna l., því að menn óttast að losna aldrei við leigjendurna, ef þeim er hleypt inn í húsnæðið. Menn óttast þetta ekki að ástæðulausu, því að nýlega er fallinn hæstaréttardómur um eitt slíkt tilfelli. Jón Jóhannsson hafði lofað og skuldbundið sig með samningi til að flytja úr leigðu húsnæði 14. maí s. l. Hann gerir það ekki, og málið kemur fyrir hæstarétt, og hæstiréttur segir, að hann eigi ekki að fara, þótt hann hafi verið samningsbundinn til þess, af því að samningurinn hafi verið honum óhagstæður. Samkv. 31. gr. l. nr. 7 frá 1936 eigi hann því að vera kyrr í húsnæðinu. Það er því ekki að undra, þótt húsnæði sé haldið ónotuðu, þegar ástandið er svona, en þetta ónotaða húsnæði vil ég fá laust og samhliða vil ég útrýma illindum milli húseigenda og leigjenda. Hitt skal ég viðurkenna, að húsnæði í leiguíbúðum, sem eru undir l., mundi eitthvað hækka, en jafnframt hyrfu aukagreiðslurnar og svarti markaðurinn, sem annað húsnæði er selt á, þannig að meðalhúsaleigan í bænum mundi lækka. Þá gæti einnig orðið óhægra að framkvæma bannið við hækkun húsaleigunnar. Hitt kemur svo til mála í sambandi við þetta vandamál, það, sem hæstv. forsrh. var einu sinni á og Jónas Guðmundsson lagði til við hann, að gefa allt húsnæði frjálst í þeim húsum, þar sem eigandinn byggi líka. Það getur verið millibilsástand og kannske einnig það, sem hæstv. forsrh. var einnig á um tíma, að setja bæri inn í l. það ákvæði, að 14. maí 1949 féllu l. úr gildi. Þetta hvort tveggja verður n. að athuga. Ég lofaði forseta að vera stuttorður og skal því láta máli mínu lokið.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég gat ekki verið við allar umr., en vildi aðeins gera smávegis aths. við ræður hv. flm. við umr. í dag. Hv. síðasti ræðumaður heldur því fram, að húsnæði sé rýmra en það var. Ja, síðan hvenær? Í minni fyrri ræðu sýndi ég fram á, að það er fjarstæða, að húsnæði sé rýmra en árið 1939, og sést þetta, ef athugað er, hve margir bjuggu þá í ólöglegu húsnæði. Þá var og nokkurt framboð á húsnæði vegna þess, að margir höfðu ekki efni á að búa í mannsæmandi íbúðum. Hv. 1. þm. N-M. segist ekki byggja á umsögn annarra, en eftir því, sem mér skilst, á eigin athugun. Það mun nú vera erfitt að komast af án athugana annarra, enda er það augljóst, að það, sem hv. 1. þm. N-M. byggir fyrst og fremst á, er skýrsla fasteignaeigendafélags Reykjavíkur, og þaðan hefur hann til dæmis það, að 2/5 leigusamninganna séu síðan fyrir stríð. Þetta er aðeins úrtak, sem litið er á að byggja, enda skiptir þessi tala ekki öllu máli, því að frv. hefur ekki aðeins áhrif á það húsnæði, heldur allt húsnæði í bænum, því að ef frv. verður samþ., þá losnar allt húsnæði og verður leigt út á svörtum markaði. Hv. 1. þm. N-M. segist vilja gera þessar breyt. á húsaleigul. vegna þess ósamkomulags, sem sé algengt milli leigjenda og húseigenda. En með frv. er ósamkomulagið leyst þannig, að allur rétturinn er gefinn öðrum aðilanum, þ. e. húseigendum. Hv. þm. taldi lausnina til góðs fyrir báða aðila, því að báðum væri ósamlyndið til ama, sem hann taldi vera svo stórkostlegt í sumum tilfellum, að salernum hefði verið lokað fyrir leigjendum. Það er skárri lausnin á þessu fyrir leigjandann, ef samþykkja á l., sem leyfa húseiganda að reka hann út. Ef leigjandinn þoldi ekki ósamlyndið, þá þannaði enginn honum að fara. Þá heldur hv. þm. því fram, að mikið húsnæði sé ónotað í bænum vegna l. Þessu er mótmælt af húsaleigun., en þá kemur hv. þm. með Vísi og segir, að þar séu 5 auglýsingar um laust húsnæði. Stendur það í Vísi, að þessum íbúðum hafi verið haldið auðum? Veit ekki hv. þm., að það eru byggð ný hús og gamalt húsnæði losnar?

Þá kem ég að ræðu hv. þm. Barð. Hann minntist nokkuð á mína fyrri ræðu og vildi ekki fallast á, að verðlagseftirlit gæti ekki komið að gagni varðandi húsaleigu eins og annað, sem selt er og keypt. Með öðrum orðum, ef frv. yrði samþ., þá væri ekki ástæða til, að húsaleiga hækkaði, því að í l. er ákvæði, sem bannar að hækka leiguna, og mundi verðlagseftirlit tryggja þau lagafyrirmæli? Hv. þm. er kunnugt, að þrátt fyrir verðlagseftirlit eru ýmsar vörur seldar á svörtum markaði vegna vaxandi vöruburrðar, og gildir þetta alveg sérstaklega um húsaleigu. Allt húsnæði að heita má, sem ekki er bundið með uppsagnarákvæðum húsaleigul., er selt á svörtum markaði, og ef þau eru afnumin, mundi þetta ekki aðeins gilda um það húsnæði,

sem nú er selt á svörtum markaði, heldur allt húsnæði í bænum. Þetta þýðir, að ef frv. verður samþ., þá verður praktiskt talað allt húsnæði selt á svörtum markaði, og ræður verðlagseftirlit þar ekkert við. Þetta vita hv. flm. ofur vel, og er þetta raunar viðurkennt af flestum. Hv. þm. sagðist ekki skilja dæmið, sem ég tók um hækkun leigunnar í nýjum húsum, ef frv. yrði samþ. Það tiðkast, sem kunnugt er, að menn þurfa að borga sérstaka upphæð utan leigunnar til þess að komast inn í húsnæðið. Ef frv. yrði samþ. og húseigendur gætu losað húsnæðið, gæti húseigandinn tekið aftur t. d. 15 þús. kr., sem ég nefndi sem dæmi, af leigjandanum til þess að hann fengi að halda húsnæðinu. Ef menn hafa notað sér vandræðin einu sinni, — hvers vegna skyldu þeir þá ekki geta notað sér þau aftur, ef tækifæri byðist? Hv. þm. Barð. hélt því fram, að mikið húsnæði mundi losna, ef frv. yrði samþ. Þetta er að vissu leyti rétt, því að ef frv. verður samþ., þá losnar allt húsnæði í bænum. Öllum leigusamningum yrði sagt upp og nýtt fólk kæmi í íbúðirnar, sem leigðar yrðu miklu dýrar en áður, og þar sem ekki kæmi nýtt fólk, yrðu leigusamningarnir endurnýjaðir og leigan hækkuð. Hv. þm. Barð. taldi nauðsyn á því að laga ýmsar misfellur á framkvæmd húsaleigul. Ég vildi gjarnan eiga þátt í því, — en hvernig er það hægt? Og skilyrði fyrir minni þátttöku er vissulega það, að þær lagfæringar verði ekki til þess að eyðileggja 1., til þess, að barnafjölskyldur verði settar út á götuna, og til þess, að allt húsnæði komist á svartan markað og stórhækki í verði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Ed., 26. febr., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Ed., 27. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:5 atkv. og til heilbr.- og félmn. með 9 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 8. marz, utan dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Herra forseti. Í umr. um húsaleigu fékk ég leyfi hæstv. forseta til þess að hverfa af fundi af sérstökum ástæðum. Ég sé, að á meðan ég var fjarverandi, hefur hv. 1. landsk. haft yfir eftirfarandi ummæli, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef setið hér bráðum 21 þing og hef átt í orðasennu við menn úr öllum flokkum og stundum hörðum, en ég minnist þess ekki, að menn hafi verið bornir ærumeiðandi sökum, og minnist þess heldur ekki að hafa heyrt það annarra í milli. Ég hef nú orðið fyrir því af þm. að vera borinn ærumeiðandi sökum. Það eru rök, sem hann hafði í þessu máli. Í skjóli þinghelginnar hefur þetta verið leyft. Hann er hér ekki viðstaddur. En þegar hann má mál mitt heyra, mun ég skora á hann að endurtaka þau ummæli, sem hann hafði gegn mér, utan þinghelginnar, því að það er sá eini vettvangur, sem ég hef til þess að stefna honum fyrir lög og dóm. Ég hef líka annan rétt, og það er að fá leyfi hv. d. til þess að krefja þm. ábyrgðar. Ég veit ekki, hvort það hefur nokkru sinni áður verið leyft. Það mun hafa verið leyft einu sinni, en það leyfi var ekki notað. Ég ætla því ekki að gera d. erfiðleika með því að fara fram á þetta. Ég mun ekki heldur leggja mér í munn slík ummæli sem aðrir hv. þm. hafa látið sér sæma að viðhafa um mig. Þeir um það. Að öðru leyti mun ég ekki svara þessum þm. frekar í þessu máli.“

Það er ekki vegna þessara ummæla hv. þm., heldur vegna ummæla forseta, sem ég hreyfi þessu utan dagskrár, þar sem forseti segir:

„Út af orðum hv. 1. landsk. (SÁÓ) vil ég minna hann á og aðra hv. dm., sem viðstaddir voru umrætt tækifæri, að ég hringdi — og það allrækilega —, þegar þessi ummæli voru höfð í frammi.“

Hvað á hæstv. forseti við með þessu? Telur hann, að ég hafi í þessari ræðu minni haft ærumeiðandi ummæli í frammi? Ef svo er, óska ég að hæstv. forseti undirstriki það í ræðu, eða gefi um það yfirlýsingu af forsetastóli.

Ég hef farið yfir ræðuna. Og ég hef engin afskipti haft af því, hvernig þessi ræða væri skrifuð, og ég finn ekki það, sem þessi hv. þm. og hæstv. forseti vikja að hér að ástæðulausu.

Forseti (BSt): Ég hef satt að segja ekki svo gott minni, að ég geti nákvæmlega munað, hvernig mér hafa fallið orð fyrir mörgum dögum. En ég get gjarnan sagt hv. þm. Barð., hvað ég átti við með þessum ummælum. Ég skildi það svo, og ég held, að allir hv. þm. hafi skilið það þannig, að hv. 1. landsk. ætti við hv. þm. Barð. Ég heyri það þarna, að skrifarar hafa ekki haft þau rétt eftir mér, og ég hygg, að ég hafi komizt nokkuð á annan veg að orði en þarna er haft eftir mér. Ég sagði ekki — og mér finnst það ekki liggja í þessum orðum —, að hv. þm. Barð. hefði haft nein ærumeiðandi orð um hv. 1. landsk. En hitt er aftur jafnvíst, að hann blandaði einkamáli hans og einkalífi dálitið inn í ræðu sína og taldi, að hv. 1. landsk. hefði vissa afstöðu til málsins í eiginhagsmunaskyni. Þegar þar var komið, þá fór hv. 1. landsk. að grípa fram í, og þessir tveir hv. þm. fóru að munnhöggvast þannig orði til orðs, sem ekki á að vera á þingfundum, eins og menn vita. Þá hringdi ég og það allrækilega, eins og þarna er haft eftir mér. Það er satt, að ég hringdi allrækilega, sem ég veit, að hv. þm. Barð. mun kannast við og muna eftir. Með öðrum orðum, niðurstaðan er þetta: Ég sem forseti hringdi ekki út af ærumeiðandi orðum, sem ég teldi, að hv. þm. Barð. hefði haft um hv. 1. landsk., en ég tel, að hann hafi haft óviðeigandi orð um hann. En þeir báðir, þessir hv. þm., urðu með samtölum sínum og allháværum deilum þess valdandi, að ég hlaut að hringja og fá þær umr. þaggaðar niður.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Ég hef nú ekki athugað, hvernig þingritarar hafa náð upp minum orðum, sem ég flutti hér við þessa umr., sem hér er um að ræða. En það er á misskilningi byggt hjá þingriturum, ef þeir hafa haft fleirtölu, þegar ég nefndi þm. í þessu sambandi, því að það duldist engum, að ég átti þar við hv. þm. Barð., enda munu allir þdm. hafa fullkomlega skilið, við hvern ég átti.

Hins vegar hef ég gætt að því, að þau ummæli, sem allir, sem hér voru viðstaddir, hlustuðu á,

eru ekki tekin upp í ræðu hv. þm. Barð. af þingritarum. Það er rétt, en allir, sem hér voru viðstaddir, vissu, hvaða ummæli voru hér höfð. Og ég held, að það mundi ekki valda neinum misskilningi fyrir dómstólum, að þau ummæli væru mjög ærumeiðandi.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrst leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir, að hann hefur nú skorið úr um það, að ég hafi ekki haft í frammi hér ærumeiðandi ummæli. Öll þau ummæli, sem ég hef haft hér, eru skráð hér, og ég get ekki fundið, að í þeim ummælum sé neitt óviðeigandi. Þau eru ekki dregin út úr samhengi við það, sem á undan er gengið. Hér eru sett fram í spurnarformi nokkur atriði að gefnu tilefni frá hv. 1. landsk. Ég hafði litið svo á, að hæstv. forseti hefði hringt af því, að gripið var mjög óþinglega fram í fyrir mér, sem var að ræða málið, en ekki af því, að ég hefði haft óþingleg ummæli í frammi. Ræðan mun sýna, að hæstv. forseti hefur ekki haft ástæðu til þess að hringja í því sambandi nema vegna þess, að hv. 1. landsk. hafði algerlega óþinglega aðferð hér í frammi í hv. d.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. Þegar ég sá við þessar umr., að hv. þm. Barð. var genginn af fundi, þá beindi ég orðum mínum til hæstv. forseta, eins og vera ber eftir þingsköpum. Eftir að ég hafði flutt mína ræðu, stóð hæstv. forseti upp og sagði: „Ég gerði skyldu mína og hringdi á viðkomandi þm." (**Forseti:** Nei, þetta sagði ég ekki.) En hæstv. forseti stóð upp og taldi sig hafa gert skyldu sína í þessu efni. Að hinu get ég ekki gert eða veit ekki, hvernig á stendur, að þingskrifarar hafa ekki tekið þetta upp. Það var hávaði hér milli okkar þessara tveggja þm., og getur það verið, að þeir hafi ekki þess vegna náð þeim orðum, sem hv. þm. Barð. sagði, og séu þau ekki skráð þess vegna í þingræðu. Hins vegar vita allir, sem hér voru viðstaddir, að þau ummæli, sem hv. þm. viðhafði, voru ærumeiðandi; hann veit varla, hvað hann segir þegar hann er í þeim habit, sem hann var hér. (**Forseti:** Ég verð að líta svo á, að handrit þingskrifara séu ekki alveg öruggar heimildir, hvað sem öðru líður um þetta mál).

Á 81. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 327, 483, n. 507 og 508).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar. En á 86. fundi í Ed., 23. marz, utan dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Mér þykir leitt að sjá, að hæstv. forseti hefur ekki séð sér fært að taka á dagskrá 155. mál. Nál. var útbýtt 15. marz. Og ég hafði vænzt þess, að hann tæki málið til afgreiðslu, áður en hann slitur fundum í þessari d. Vildi ég mælast til þess, að eftir þennan fund verði haldinn nýr fundur til að taka það mál til athugunar. Bæði nál. komu 15. marz, og nú er sá 23. Ég á bágt með að skilja, að þrátt fyrir annríkið hafi ekki verið hægt að taka þetta mál á dagskrá, því að önnur, sem skemmra hafa verið á veg komin, hafa verið tekin fyrir.

Forseti (BSt): Ég verð nú að hryggja hv. þm. Barð. með því, að ég býst ekki við því, að ég sjái mér fært að taka þetta mál fyrir eins og nú er komið, þegar þinglausnir eru ákveðnar á morgun og því algerlega óhugsandi, að það gæti orðið til annars en tefja hér tíma. Ég hef tekið þetta mál nokkrum sinnum á dagskrá síðan þann dag, sem hv. þm. nefndi, þó að það hafi ekki komizt að vegna annarra mála, sem lögð hefur verið mest áherzla á — flest þeirra — af hæstv. ríkisstj., eða voru komin það langt áleiðis, að fullnaðarafgreiðsla þeirra var eygjanleg. Ég er mér þess ekki meðvitandi, að ég hafi viljað beita forsetavaldi til að tefja nokkurt mál. (GJ: Ég hef ekki heldur haldið því fram.) En ég er sannfærður um, að þetta frv. um húsaleigu hefði ekki orðið að l., þó að einhverjum tíma d. hefði verið varið til að ræða það.

---

41. Iðnskóli í sveit.

Á 61. fundi í Ed., 13. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um iðnskóla í sveit (þmfrv., A. 340).

Á 62. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 17. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. um iðnskóla í sveit var fyrst flutt á Alþ. 1945—46. Aðalflm. þess frv. var Hermann Jónasson, þm. Str. Þegar þetta frv. var til umr. í fyrra, var ég í aðalatriðum meðmæltur málinu, en taldi þó ástæðu til að umbreyta því verulega með tilliti til þeirrar skólalöggjafar, sem gekk í gildi, eftir að frv. var flutt í fyrsta sinn. Því varð að ráði milli mín og flm., að ég tæki að mér að endurskoða frv. með það fyrir augum að breyta því til fulls samræmis við skólalöggjöfina.

Meginefni frv. er það, eins og flestum þm. er kunnugt, að stofnaður verði skóli í húsasmíði, og er gert ráð fyrir, að skólinn verði tveggja ára skóli. Skulu starfa við hann skólastjóri, sem er arkitekt eða húsasmíðameistari, og tveir fastir kennarar. Að vetrinum skal unnið á vinnustofu skólans að smíði á húsgögnum og innréttingum í hús. Enn fremur fer fram bókleg kennsla í reikningi, íslenzku, fagteikningu og bókfærslu. Þá er til þess ætlazt, að skólinn geti ráðið til sín fleiri húsasmiði á sumrin til þess að kenna nemendum, ef svo mörg hús eru undir, að skólastjóri og kennarar geta ekki séð fyrir nægilegri kennslu. Starf nemenda á að vera að smíða hús í sveitum og kauptúnum með færri en 300 íbúa. Þetta er meginefni frv.

Ég tel ekki ástæðu að fjölyrða mjög um megintilgang frv., því að það er í aðalatriðum þm. kunnugt, en ég vil gera grein fyrir þeim meginbreytingum, sem á frv. hafa verið gerðar, frá því það lá hér síðast fyrir. Aðalatriðin eru þessi:

Í hinni upphaflegu mynd frv. var gert ráð fyrir því, að skólinn hefði á ári hverju allt að 50 nemendur. Þá var ætlazt til, að hann starfaði í tveimur deildum. Nú er ætlazt til, að skólinn taki á ári

hverju allt að 30 nemendur og nemendur starfi í einni deild eingöngu við húsasmíði.

Um inntökuskilyrði, sem voru í fyrra frv., vil ég segja þetta. Þá var gert ráð fyrir eins árs undirbúningsnámi í héraðsskóla eða gagnfræðaskóla og gert að skilyrði, að nemendur frá þessum skólum hefðu ekki hlotið lakari einkunn en II. eink. Nú eru inntökuskilyrðin gerð nokkru strangari og gert ráð fyrir, að inntökuskilyrði í skólann sé miðskólapróf frá héraðsskóla eða gagnfræðaskóla með I. eink. Þar sem hér er aðeins um einn skóla að ræða á landinu, sem tekur við nemendum úr héraðsskólum og gagnfræðaskólum, þá mundi verða nægilegur nemendafjöldi, sem sækti um nám í slíkum framhaldsskóla, og því ekki ástæða til að ætla þar öðrum nám en þeim, sem skara fram úr og hlotið hafa 1. eink. við héraðsskóla og gagnfræðaskóla. Einnig eru strangari ákvæði um menntun forstöðumanns og kennara en áður var í frv.

Allveruleg breyt. hefur einnig verið gerð á námsgreinum skólans frá því, sem ætlazt var til í upphaflega frv. Þannig var ætlazt til, að fræðileg kennsla færi fram í íslenzku, teikningu, bæði almennri teikningu og verkteikningu, efnisfræði, iðnsögu, eðlisfræði og auk þess íþróttum og söng. Nú er fræðilegri kennslu einbeitt að móðurmálinu, reikningi, verkteikningu og bókfærslu. Þannig hafa ýmsar námsgreinar, sem áður voru í frv., verið felldar niður í núverandi mynd frv., en reikningskennsla og bókfærsla tekin upp, sem ekki var gert ráð fyrir áður. Byggingarsvið skólans er bundið að mestu leyti við sveitir og kauptún. Þó er skólanum einnig heimilt að annast forstöðu bygginga í kaupstöðum, ef samþykki iðnráðs í héraði liggur fyrir um það.

Í frv. var upphaflega gert ráð fyrir því, að nemendur, sem skólinn útskrifaði, fengju rétt til þessu að veita forstöðu byggingu á húsum í sveitum. Mér finnst varla frambærilegt að takmarka rétt þeirra manna, sem skólinn útskrifar sem iðnaðarmenn, við sveitirnar eingöngu. Þegar þeir eru útskrifaðir úr skólanum, þá eiga þeir að hafa rétt til þess að veita byggingu húsa forstöðu, hvar sem er á landinu.

Í frv. stendur, að skólinn skuli hafa tvo fasta kennara, en gert er ráð fyrir, að honum sé heimilt að bæta við sig fleiri smiðum til þess að standa fyrir sumarstarfsemi skólans, því að það er hugsanlegt, að þessir 30 nemendur, sem starfa við skólann, starfi í 10 flokkum, og þyrfti þá auðvitað að hafa leiðbeinanda í hinu faglega starfi hjá hverjum hóp nemenda.

Þá eru nokkur orð um kjör nemenda. Það er dálitið breytt frá því, sem það var í frv. upphaflega. Nú er gert ráð fyrir, að nemendur starfi að sumrinu hjá skólanum 7 st. á dag alla virka daga við smíðar á húsum, sem skólinn hefur með höndum. Nú vinnur nemandi að ósk skólans umfram þetta, og fær hann þá greiðslu samkv. verkamannataxta fyrra árið og 15% hærra kaup hið síðara ár. Að vetrinum stundar nemandi verklega námið í vinnustofu skólans 4—5 st. á dag, en auk þess er bókleg kennsla 2—3 st. á dag. Er því skyldunám á vegum skólans að vetrinum 6—8 st. Auk þess bætist við þennan vinnutíma undirbúningur undir bóklega námið. Fyrir þetta fá nemendur frítt fæði, húsnæði, ljós, hita, þjónustu og kennslu, sem þá kemur á móti þeirri skylduvinnu, sem innt er af hendi hjá skólanum. Ef nemendur vinna 1—2 st. á dag umfram, þá fengju þeir þannig nokkurt fé milli handa til annarra hluta en framfæris, meðan á skólanáminu stæði.

Með þessu held ég, að ég hafi gert nægilega grein fyrir efni frv., eins og það er nú. Sérstaklega hef ég eytt orðum að mismun á efni frv. nú, miðað við það, sem áður var. Frv. í fyrri mynd sinni var sent til umsagnar tveimur aðilum, sem sérstaklega þótti ástæða til að leita álits hjá um þetta mál, í fyrsta lagi teiknistofu landbúnaðarins, og komu þaðan meðmæli með frv., og í annan stað var frv. í þáverandi mynd sent Landssambandi iðnaðarmanna, og barst þáverandi iðnn. svar, sem var langt og ýtarlegt. Efni þess var þetta í aðalatriðum:

Stjórn Landssambandsins hældi meginhugmynd frv., en hafði þó ýmislegt við það að athuga. Það er ein málsgr., sem ég vil sérstaklega, með leyfi hæstv. forseta, fá að tilfæra hér orðrétta. Hún er þannig:

„Stjórn sambandsins er sammála flm. frv. um það, að það er langt frá því, að ástandið í byggingarmálum sveitanna sé viðunandi, og að því valdi að miklu leyti þekkingarleysi á þessu sviði og skortur kunnáttumanna til þess að sjá um smíði sæmilegra húsa. Rétt er þó í því sambandi að benda á, að löggjafinn hefur ekki hingað til viljað ætla sveitunum kunnáttumenn á þessu sviði, og að skortur kunnáttumanna stafar af því. Ráðstafana til úrbóta í þessum efnum er því þörf, og sennilegt, að opinber skóli verði eina ráðið, er að gagni kemur, enda séu kennarar skólans fulllærðir iðnaðarmenn.“

Þarna er tekin afstaða með þessari meginhugsun í frv., að stofna þurfi skóla til þess að sjá sveitunum fyrir auknum fjölda faglærðra manna í byggingarmálunum. Landssambandið telur víst, að stofnun skóla sé eina leiðin til að bæta úr þessu, en eins og ég tók fram, þá gerði Landssambandið ýmsar aths. við frv.

Í fyrsta lagi taldi það, að verkstæði, sem rúmaði 100 manns við trésmíðar ásamt efni, kennurum og íbúðum, væri mikið bákn. Landssambandið lagði til, að ekki yrði farið svo stórt af stað, og því verði að minnka fyrirhugaða skólastofnun úr 100 nemendum í það að hafa 50—60 nemendur miðað við tveggja ára nám.

Í annarri aths. sinni tekur stjórn sambandsins fram, að skólinn eigi ekki að veita full iðnréttindi, heldur útskrifa með sérstöku burtfararprófi. Á móti þessari aths. landssambandsstjórnarinnar kom það að gera inntökuskilyrðin miklu þyngri en áður. Í frv., eins og það er nú, er enn fremur kveðið fast á um það, að forstöðumaður og fastir kennarar hafi fræðilega þekkingu. Með því móti væri skólinn færari um að útskrifa nemendur sína sem færa iðnaðarmenn. Þriðja aths. Landssambandsins fjallar um það, að í frv. mþn. í skólamálum sé gert ráð fyrir, að tveggja ára framhaldsnám og miðskólapróf þurfi til inngöngu í iðnskóla og aðra framhaldsskóla. Í þessu frv. höfum við flm. þess komið á móts við þessar kröfur og krafizt þess, að nemandi hafi lokið miðskólaprófi með I. einkunn til þess að fá inngöngu í iðnskóla.

Fjórða aths. Landssambandsins var þess efnis, að ekki væri gert ráð fyrir reikningskennslu í skól-

anum, en það væri sú fræðigrein, sem iðnaðarmenn rækju sig oftast á, að þá skorti tilfinnanlega þekkingu í. Þessi ábending Landssambandsins er viðurkennd réttmæt og hefur verið tekin til greina í frv., eins og það nú liggur fyrir. Ýmsum námsgreinum hefur verið sleppt, sem Landssambandinu fannst litla þýðingu hafa í frv., og reikningi og bókfærslu bætt inn í það í staðinn. Það var af misgáningi, að reikningskennsla var ekki ákveðin upphaflega frv., en það er auðvitað sjálfsagt, að reikningur sé kenndur, svo og bókfærsla. Að vísu mætti segja, að ekki væri eins mikil nauðsyn að setja þetta inn í frv. nú hvað við kemur reikningskennslunni, þar eð nemendur verða að hafa lokið miðskólaprófi við gagnfræða- eða héraðsskóla.

Lokaaths. Landssambandsins var sú, að skólanum væri ætlað að grípa yfir allt of margar iðngreinar, og gæti verið hæpið fyrir ríkisvaldið að bera ábyrgð á hálfkunnáttu, sem af því gæti leitt. Þessi ábending Landssambandsins er einnig tekin til greina, og er skólanum nú ætlað að einbeita sér að húsasmíðakennslu, eins og ég hef fyrr vikið að. Í upphaflega frv. var gert ráð fyrir, að nemendur gætu valið um húsasmíðanám eða húsgagna- og búsáhaldasmíði. Einnig var gert ráð fyrir, að nemendur lærðu að leggja einfaldar raflagnir í hús ásamt vatns- og hitalögnum. Svo var og gert ráð fyrir, að nemar lærðu málningu og veggfóðrun. En nú er ekki farið inn á þetta í þessu frv., því að ekki þótti rétt að fara inn á allt of margar iðngreinar, enda er það vart mögulegt að nema að nokkru gagni á tveimur árum margar fjölbreyttar iðngreinar, og er slíkt mjög skiljanlegt.

Nú má búast við því, að menn kynnu að spyrja: „Er ekki nóg af lærðum og vel færum iðnaðarmönnum í landinu til þess að bæta úr byggingaskortinum í kauptúnum og sveitum?“ Ég svara því ákveðið, að það er áþreifanlegur skortur á sérfróðum mönnum í byggingarmálum í kauptúnum og sveitum. Þessi skortur er svo mikill m. a. vegna þess, að allur þorri lagtækra manna úr sveitum og sjávarþorpum hefur verið ráðinn til Reykjavíkur til þess að taka að sér alls konar iðnaðarvinnu, bæði við byggingariðnaðinn, trésmíðaverkstæði og vélsmiðjur. Þessir menn, sem komið hafa til Reykjavíkur úr sveitum og þorpum landsins, hafa haft nóg að gera sem alls konar gervismiðir. Vegna þessa er ástandið svo slæmt úti um sveitirnar, að flestir þeir menn, sem lagtækir eru, hafa flutzt í burtu ásamt þeim faglærðu mönnum, sem þar hafa dvalizt. Sveitirnar eru nú mun fátækari en áður af verkkunnandi mönnum. En þrátt fyrir það að fagmennirnir hafi flutzt úr sveitunum í kaupstaðina, þá eru kaupstaðirnir ekki aflögufærir með menn til að veita forstöðu byggingum í sveit. Sveitir og sjávarþorp eru því í miklum vanda stödd að reisa byggingar yfir menn og búfé. Þess vegna er nauðsynlegt að leita annarra ráða, sem verða mættu til úrbóta, og við flm. þessa frv. leggjum til, að tala hina faglærðu manna verði aukin með því að koma af stað slíku skólahaldi sem lagt er til í þessu frv. Til þess að sýna byggingarþörfina má geta þess, að ennþá er ⅓ hluti íbúðarhúsa í sveitum og sjávarþorpum torfhús. Flest þeirra eru orðin gömul, og þau munu ekki endast lengi ennþá. ⅓ hluti íbúðarhúsanna eru timburhús, sem kallar mjög að að endurbyggja. Láta mun nærri, að endurbyggja þurfi um 50% íbúðarhúsa í sveitum á mjög skömmum tíma. Árið 1931 eru torfbæirnir taldir 2253 að tölu, eða 38,5% af öllum íbúðarhúsum. Torfbæir eru nú, samkv. skýrslum frá 1940. 1398 og bæir úr ýmsu efni 658, eða samtals 2056. Þetta er nokkuð í áttina, miðað við það, sem var árið 1910. Nú mun láta nærri, að 6 þús. býli séu á landinu, og samkvæmt niðurstöðu skipulagsnefndar atvinnumála árið 1944 um íbúðarhúsnæði í sveitum og kauptúnum eru nær 3 þús. fjölskyldur, sem verða að sætta sig við ófullnægjandi húsnæði, og nefndin telur, að endurbyggja þurfi allt að helming íbúðarhúsa í kauptúnum og sveitum. Hér við bætist svo, að ástand húsnæðis fyrir búpening er litlu betra, og geta menn gert sér í hugarlund, hver hætta það er fyrir landbúnaðinn, ef illa er séð fyrir húsnæði búpeningsins.

Mikið verkefni liggur fyrir í sveitum landsins að endurbyggja allt að helming íbúðarhúsanna og meginhluta peningshúsanna. Þetta getur vart orðið, nema aukin verði allverulega tala sérfróðra manna til þess að standa fyrir þessum framkvæmdum. Ég skal játa, að einn skáli, sem tekur 30 nemendur og útskrifar 60 menn annað hvert ár, mun hvergi fullnægja þörfinni. Hins vegar munu 30 nemendur gera mikið gagn við húsbyggingar til sveita, auk þess sem fagmenn mundu veita forstöðu byggingarframkvæmdum. Er ár líða, mun svo hópurinn stöðugt stækka, sem leggur fram hjálparhönd við að byggja upp, og fyrr en varir mun skólinn hafa útskrifað mjög álitlegan hóp sérfróðra manna, sem mun endurbyggja sveitirnar og þorpin í landinu.

Ég fer svo ekki fleiri orðum um frv. Ég hef rætt hér allýtarlega breytingar þær, sem gerðar hafa verið á frv. frá hinni upphaflegu mynd þess. Ég vænti þess, að hv. þdm., sem fá frv. þetta nú í þriðja sinn til afgreiðslu, taki því vinsamlega og geti tekið afstöðu til frv. með það fyrir augum, að það muni leiða það af sér, að flýtt verði fyrir því, að fólk það, sem nú býr í ósæmandi húsnæði í sjávarþorpum og sveitum landsins, fái betra og heilnæmara húsnæði.

Það er svo till. mín, að málinu verið vísað til hv. iðnn., frekar en landbn., þótt málið sé hvort tveggja iðnaðar- og landbúnaðarmál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

42. Stóríbúðaskattur.

Á 62. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um stóríbúðaskatt (þmfrv., A. 348).

Á 63. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Í gær voru húsaleigulögin rædd hér í þessari hv. þd. Voru þau rædd allýtarlega og sitthvað sagt um gildi og framkvæmd þeirra. En í umr. þessum kom það m. a. fram, að margir töldu, að húsnæði væri enn af mjög skornum skammti, og álíta, að ef breyt. verði gerð á húsaleigul., mundi það fólk, sem sagt yrði upp húsnæði, verða húsnæðislaust. Nú sem stendur virðist varla vera nóg húsnæði í Rvík, en það stafar af því, að fjöldi fólks býr miklu rýmra en það áður gerði. Algengt er, að ein fjölskylda hafi til umráða 6—12 herbergi, og er í þeim fjölskyldum oft sárafátt fólk, — allt niður í tvennt í 12 herbergja íbúð. Við flm. þessa frv. teljum því þörf, þar sem sumir búa við mjög rúmgott húsnæði, en aðra vantar það, að reynt verði að bæta hér úr að nokkru. Við teljum ekki óeðlilegt, að þeir, sem búa í miklum húsakynnum, verði látnir greiða skatt til hins opinbera. Í húsaleigul. eru að vísu ákvæði um það, að húsaleiganefnd sé heimilt að taka húsnæði og ráðstafa því, en húsaleigun. hefur ekki sýnt í framkvæmdum sínum neitt í þá átt. Ég hef ekki heldur trú á því, að hún geri neitt í þá átt. Þess vegna viljum við flm. þessa frv. leyfa þeim mönnum, sem búa í stóríbúðum, að halda áfram að vera flott, en láta þá greiða nokkurn lúxusskatt til ríkisins eða leigja út hluta af húsnæði sínu. Hvað stórt húsnæði eigi að vera skattfrjálst, er auðvitað nokkurt álitamál. Við flm. þessa frv. vildum ekki fara hart að mönnum, en viljum leyfa mönnum að halda áfram að búa nokkuð flott, en ákvæði 2. gr. frv. ákveður, hve stórt húsnæði skuli vera skattfrjálst í hverri íbúð. Í 4. gr. frv. er svo fram tekið, að af hverjum fermetra í gólffleti íbúðar, sem er fram yfir það, sem 2. gr. tiltekur, skuli sá, er íbúðina hefur til afnota, greiða kr. 200.00 á ári. Þá er lagt til, að skattanefndir leggi skattinn á og að frv. þetta, ef að lögum verður, komi til framkvæmda alls staðar þar, sem húsaleigul. koma til framkvæmda. Nokkuð er þetta þó umdeilanlegt, því að nokkuð er misjafnt ástandið í húsnæðismálunum í sveitunum og við sjóinn. Svo er einnig háttað, að víða fer húsnæðisþörfin eftir árstíðum, og má hér minna á það, að yfir síldveiðitímann er húsnæði víða þéttskipað, en losnar svo um það að síldveiðum loknum. Í frv. er þetta tekið til greina, ef húseigandi þarf að hafa fleira fólk í íbúð sinni yfir vissan tíma á árinu vegna þess, að atvinnuháttum er svo varið, og fjallar 3. gr. frv. um þetta.

Þá er svo lagt til í frv., að skattanefndir reikni út stóríbúðaskattinn og að þær fái upplýsingar um stærð húsa hjá lóðaskrárriturum í Rvík, en hjá byggingarnefndum og byggingarfulltrúum annars staðar á landinu. Þá skal manntalsskrifstofan í Rvík og þeir, sem framkvæma manntal annars staðar, gefa skattanefndum upp fjölda heimilisfastra manna í hverri íbúð í umdæminu. Ef sá, sem húsnæði hefur, gefur ekki þær upplýsingar, sem krafizt er í frv., fyrir tilskilinn tíma, er heimilt að beita allt að 100 kr. dagsektum.

Þá er lagt til í frv., að mönnum sé gert kleift að kæra álagningu stóríbúðaskatts til skattanefnda.

Nú eru ráðherrastólarnir tómir hér í hv. Ed., og þýðir þess vegna vist ekki að benda á, að í öðrum l., sem Alþ. hefur samþ., er mönnum meinað að leita réttar síns, — meinað að kæra, því að ekki er gert ráð fyrir, að slíkt sé hægt. Í l. um eignakönnun og eignaraukaskattinn er hvergi gert ráð fyrir kærufresti, en slíkt þarf að vera í þeim l. eins og í l. um tekju- og eignarskatt. Við setningu l. þarf að gæta þess, að opin leið sé til þess að leita réttar manna, ef vitlaust er á þá lagt, en slík ákvæði vantar í þessi tvenn l., sem ég nefndi.

Ég þarf svo vart að tala frekar fyrir þessu frv. Tilgangur þess er að losa um húsnæði, sem notað er í óhófi. — Ég vænti svo þess, að þessu máli verði vísað til hv. heilbr.- og félmn. þessarar hv. d., fái þar fljóta afgreiðslu og gangi hratt í gegnum þingið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Till. um að vísa frv. til fjhn. felld með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, SÁÓ, BBen.

nei: BrB, EE, GJ, PZ, StgrA, ÁS, ÞÞ.

7 þm. (BK, GÍG, HermJ, JJós, LJóh, PM, BSt) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og félmn. með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið frama.

---

43. Skipaafgreiðsla í Vestmannaeyjum.

Á 47. fundi í Sþ., 25. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um einkaleyfi fyrir bæjarstjórn Vestmannaeyja til skipaafgreiðslu í Vestmannaeyjum (þmfrv., A 382).

Á 72. og 74. fundi í Ed., 2. og 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 5. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt samkv. ósk bæjarstjórnarinnar í Vestmannaeyjum. Samþ. var með miklum meiri hluta í bæjarstjórninni að senda ósk til Alþingis um það, að það afgreiddi lög um þetta efni, og voru menn úr öllum flokkum sammála um það. Þetta gerðist árið 1945, eins og sjá má á þskj. 382. Síðan hafa farið fram athuganir á framkvæmd málsins, og nú hefur bæjarstjórnin óskað, að það yrði flutt hér á Alþingi. Ég hygg, að ég þurfi ekki að fara um þetta mörgum orðum, því að í grg., sem er stutt, en einföld, felast flest þau rök, sem fram hafa komið í málinu. Það er lagt til, að bæjarfélagið nýti þennan tekjustofn í stað einstaklinga, og virðist það í fyllsta máta eðlilegt, því að það er með Vestmannaeyjar eins og önnur smá bæjarfélög, að þeim veitist erfitt að afla sér nægilegra tekna til nauðsynlegra framkvæmda og útgjalda, og fjárskortur hefur löngum verið tilfinnanlegur þar sem víða annars staðar. — Hið fátæka bæjarfélag hefur ráðizt í mjög fjárfrekar framkvæmdir. Það hefur keypt tvo togara, lagt í rafveitu, gagnfræðaskólabyggingu o. s. frv., og enn er að-

kallandi þörf fyrir fleiri framkvæmdir, þó að þetta sé í raun og veru ærið. Það er því nauðsynlegt að nýta alla tekjustofna sem bezt og þá einnig þennan, sem hér er um að ræða.

Ég leyfi mér því að vænta þess, að Alþ. ljái máli þessu stuðning sinn, og legg til, að því verði að umr. lokinni vísað til hv. allshn. og hraðað þar sem mest, til þess að það geti fengið fulla afgreiðslu á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

44. Menningarsjóður.

Á 58. fundi í Sþ., 20. marz, var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/1928, um Menningarsjóð, og l. nr. 70/1936, um breyt. á þeim l.** (þmfrv., A. 577).

Á 84. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Menntmn. þessarar d. flytur þetta frv. að beiðni hæstv. menntmrh. Hún vildi ekki skorast undan því, þó að hún hefði litla trú á, að frv., sem ekki er alveg lífsnauðsyn að koma gegnum þingið, næði fram að ganga, þegar það er fyrst borið fram nú. Frv. er ósköp einfalt í sjálfu sér, og þarf ég því ekki margt um það að segja. Ég hafði búizt við, að hæstv. menntmrh. gerði grein fyrir frv. sjálfur, því að n. hefur tekið það til flutnings án allrar ábyrgðar, eins og getið er um í upphafi grg. Ég er því ekki annað að gera en að mæla með, að frv. verði vísað til 2. umr. Til n. mundi tæplega vera þörf að vísa því, þar sem það er flutt af n. En þó að ég geri þessa till., þá get ég engu lofað um, að tími vinnist til að afgr. frv., ef þinglausnir fara fram eins og ætlað er.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr., en vil aðeins lýsa yfir, að mér þykir ákaflega einkennilegt, að svona mál skuli koma fram svona á síðustu stund. Hv. þm. hafa ekki enn getað sett sig inn í það. Hér er um fjárgreiðslu úr ríkissjóði að ræða, því að ríkissjóður fær vitanlega því minna í sinn hlut, því meira sem tekið er til annarra aðila. Hefði því eins mátt setja þetta í fjárl. Ég vil einnig benda á, að það eru mjög skiptar skoðanir, hvort beri að auka fjárveitingar til menntamálaráðs, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir hafa legið nú upp á síðkastið, hvernig þessu fé hefur verið varið. Ég vil ekki halda hér uppi málþófi, en tel mjög óheppilegt, að þetta skuli koma fram á síðasta augnabliki.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil ákveðið óska þess, að frv. verði vísað til n. og hún athugi málið. Því er lýst yfir af hv. frsm., að það sé flutt af n. eftir beiðni hæstv. ráðh., án þess að n. hafi athugað það. Ég geri því ákveðið þá till., að málinu verði vísað til n. og hún taki það til athugunar.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Það má náttúrlega vísa málinu til n. fyrir mér, en þá er eðlilegast, að það fari til annarrar n. en þeirrar, sem flytur það. En það liggur í hlutarins eðli, að þótt nm. áskilji sér að hafa óbundnar hendur við atkvgr., þegar þeir flytja málið fyrir hæstv. ráðh., þá muni þeir, ef þeir annars ætla að láta málið ná fram að ganga, taka það til athugunar milli umr. Og þetta frv. verður ekki tekið á dagskrá til 2. umr., fyrr en nm. hafa um það fjallað á ný og tekið afstöðu til þess. En ef hv. þm. vilja vísa frv. til annarrar n., þá er sjálfsagt að bera slíka till. upp.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð út af því, sem hv. 1. þm. N-M. sagði, þó að það sé óþarft, eftir að hv. form. hefur sagt hér nokkur orð. Ég vil þó taka fram, að það þarf ekki að vísa málinu til n. vegna minnar afstöðu. Ég er málinu andvígur. Þetta er eitt af þeim menningarmálum, sem brennivínssölunni er ætlað að standa undir. Ég er andvígur slíkri aðferð. Það virðist vera stefnuatriði hverrar ríkisstj. eftir aðra að festa áfengistekjur sem mest við framkvæmd menningarmála og gera brennivínið að undirstöðu undir framkvæmd slíkra mála, að því er virðist til að hindra sem mest, að niður verði felld sala þessarar vöru.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég get gjarnan tekið mína till. aftur, eftir að hv. form. hefur lýst yfir, að n. skuli taka málið til athugunar og að málið komi ekki á dagskrá, fyrr en nál. liggur fyrir. (**BSt:** Ég lofaði því ekki, heldur að málið skyldi verða athugað.) Í sambandi við þetta vil ég benda á, að ég tel mjög óheppilegt og illa viðeigandi, að alls staðar skuli vera endurskoðendur í öllum þessum deildum ríkissjóðs. Það er mikið, að ekki skuli vera endurskoðendur í hverri stjórnardeild út af fyrir sig. Hví ekki að láta endurskoðendur ríkisins endurskoða alla þessa reikninga? Ég veit ekki, hvað þeir eru margir, sem endurskoða alla þessa reikninga, en það mætti segja mér, að þeir skiptu tugum. Ég tel sjálfsagt, að frv. sé athugað vel í n., áður en það kemur til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 9:5 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.